



Hlutir úr fortíð

Eigur fólks og safnkostur frá 19. öld

Anna Heiða Baldursdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2022



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í sagnfræði

Reykjavík, 20. desember, 2022

Sverrir Jakobsson
deildarforseti

Doktorsnefnd:
Sigurður Gylfi Magnússon, leiðbeinandi
Anna Lísía Rúnarsdóttir
Már Jónsson
Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Hlutir úr fortíð. Eigur fólks og safnkostur frá 19. öld

© Anna Heiða Baldursdóttir
Reykjavík 2022

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9700-5-3

ORCID <https://orcid.org/0000-0002-8137-5706>

Ágrip

Viðfangsefni doktorsritgerðarinnar er að draga fram heimildasöfn (e. *archives*) og greina þá efnismenningu (e. *material culture*) sem þau búa yfir, eða með öðrum orðum að kanna samband manna og hluta. Rannsóknaraðferðin krefst þess að víða sé leitað fanga eins og á sviði sagnfræði, fornleifafræði, safnafræði, þjóð- og þjóðháttufræði og menningarfræði. Við úrvinnslu flókinna og stórra heimildagrunna er sérstaklega stuðst við aðferð einsögunnar (e. *microhistory*) eða einvæðingu sögunnar (e. *singularization of history*), sögu hluta (e. *history of things*) og gagnrýnnar menningararfsfræða (e. *critical heritage studies*). Markmið rannsóknarinnar er að draga fram hversdagslíf alþýðunnar á 19. öld með rannsókn á efnismenningu tveggja ólíkra heimildasafna. Hugmyndin var að nálgast heimildirnar með eiginleika þeirra í huga til að fá sem fyllstu mynd af fortíðinni og dýpka skilning á þeim álitamálum sem upp koma við notkun ólíkra heimilda. Í fyrsta lagi er um að ræða dánarbúsuppskriftir sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands og eru rúmlega 33.000 talsins. En það eru gögn sem innihalda upptalningu og virðingu á eignum látinna einstaklinga ef þau skildu eftir sig ólögráða erfingja, skulduðu öðrum eða ef deilur um skiptingu dánarbúsins ríktu meðal erfingja. Í öðru lagi var safnkostur Þjóðminjasafns Íslands frá sama tíma tekinn fyrir eins og hann birtist í *Sarpi*, stafrænum gagnagrunni sem safnið notar til að skrá muni og halda utan um safnkostinn.

Umfjöllun ritgerðarinnar er fjórþætt. Í inngangskafli er fjallað um helstu hugtök og kenningar sem notaðar eru í doktorsrannsókninni og hvernig þær mótuðu aðferðafræði verksins. Þar er einnig fjallað um heimildirnar sem notaðar eru þar sem eiginleikum, kostum og göllum er velt upp á gagnrýnninn hátt. Nokkur hugtök eru rædd sérstaklega eins og *efnismenning*, *efnisheimur*, *menningararfur*, *nýja efnishyggjan* (e. *new materialism*), *skráning*, *heimildasöfn* og *varðveisla* og tengingar þeirra við efnið og umræða um þau í öðrum fræðigreinum. Hér kemur fram þverfræðileg nálgun verkefnisins sem og aðferðafræði rannsóknarinnar. Hún byggir á heimildasöfnunum þar sem stórir gagnagrunnar eru teknir fyrir og efni þeirra bútað smátt og smátt niður eftir tímabili, stöðu fólks, aldri, meðaltalsvirði dánarbúanna, landfræðilegri dreifingu og að lokum hlutirnir sjálfir skoðaðir – eigurnar og safngripirnir.

Annar hluti ritgerðarinnar, sem er fyrirferðarmesta efni rannsóknarinnar, eru dánarbúsuppskriftir 104 einstaklinga frá 19. öld sem eru skoðaðar og spurt: hvaða eigur átti fólk með við andlát sitt og hvað geta þær sagt okkur um hversdagslíf eigenda sinna? Til að nálgast umfangsmiklar heimildir (33.000 einstaklingar) er viðfangsefnið afmarkað í nokkrum þrepum. Fyrsta

skrefið er tímabilið – 19. öld. Annað skrefið er að kalla fram fólk sem endurspeglar þorra almennings á þessum tíma eftir stöðu þess. Þetta voru þrjú hópar: bændur, ekkjur og vinnuhjú. Innan þessara hópa er þriðja skrefið tekið, sem er að nota aldurshópa sem sýndi fólkið í byrjun, miðju og við lok lífsferil þeirra. Með þessari afmörkun var ég enn með þúsundir manns í höndunum svo að fjórða leiðin byggði á því að koma böndum á fjölda þeirra sem teknir voru fyrir. Þar var farin sú leið að nýta meðaltal verðmæta eigna. Lokaskrefið er svo að handvelja „meðaljónana“ með því að dreifa þeim yfir alla 19. öldina og landið til þess að fá sem gleggsta mynd af efnisveruleika tímabilsins. Í doktorsrannsókninni koma fyrir 37 vinnuhjú, 34 bændur og 33 ekkjur sem fjallað er um út frá eigum þeirra eða eftir gripaflokkum dánarbúsuppskriftanna. Sú flokkun var gerð af virðingarmönnum dánarbúanna við úttekt dánarbúsins þar sem eignum var skipt í til dæmis fatnað, búsgögn, reiðtygi og svo framvegis.

Heimildirnar sjálfar – dánarbúsuppskriftirnar – eru einnig greindar og eiginleikar þeirra dregnir fram til að fá sem fyllsta mynd af fortíðinni. Hvaða hagsmunir liggja þeim að baki? Dánarbúsuppskriftirnar gáfu innsýn í líf þeirra einstaklinga sem þar komu fyrir enda var þar að finna alls konar hluti, allt frá slitnum sokkum yfir í verðmætar mjólkurkúr. Sú efnismenning sem fram kom endurspeglar stöðu, aldur, áhuga og sérhæfingu, kyn og daglegt líf fólksins og tilraunir þess til að bæta líf sitt. Á sama hátt gáfu dánarbúsuppskriftirnar sjálfar vísbendingar um fólkið og viðhorf embættismanna til þess.

Í þriðja hluta ritgerðarinnar er fjallað um safnkost Þjóðminjasafnsins sem er skráður inn í *Sarp*, og talinn vera frá tímabilinu 1740–1900. Það er, þeir gripir sem líklegast hafa verið notaðir á sama tíma og þeir einstaklingar sem komu fyrir í dánarbúsuppskriftunum voru uppi. Skoðað er hvaða munir hafa varðveist og af hvaða tagi eru þeir? Safnkostur tímabilsins var greindur út frá þeirri skráningu sem hann fékk í *Sarpi* og þannig er reynt að rýna í hvers konar gripir þetta eru og hvaðan þeir koma. Úr þeim upplýsingum sem mátti draga úr skráningu þeirra var ljóst að þar voru á ferðinni munir sem varpa upp fremur fegraðri mynd af fortíðinni. Söfnunin ber þess merki að þjóðernisleg áhrif á seinni hluta 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. hafi markað safnkost tímabilsins svo um munar. Þetta kemur fram í munum sem bera listræn og fagurfræðileg gildi og flokkast oft til alþýðulistar eins og útskurður í horn, tré og járn. Hlutur yfirstéttarinnar var einnig stór í safnkosti tímabilsins bæði sem gefenda og eigenda gripanna.

Í lok ritgerðar er gerður samanburður á þeirri efnismenningu sem er að finna í eigu einstaklinganna og þeirrar sem birtist í skráningu og varðveislu Þjóðminjasafnsins. Þetta er gert á þann hátt að eigum einstaklinganna er skipt í gripaflokka sem virðingarmenn dánarbúanna notuðu

til að gera upp búið. Á sama hátt er safnkosti tímabilsins skipt upp, en með því gefst tækifæri til að draga fram líkindin og það sem er ólíkt með þeim. Eru sambærilegir gripir í báðum heimildasöfnum eða vantaði einhverja sérstaka gripaflokka? Tilgangurinn með þessari greiningu er að takast á við þann vanda sem fylgir því að fjalla um fortíðina ásamt því að varpa fram ályktunum um á hvaða fræðilegu stoðum hinn svokallaði menningararfur stendur á.

Rannsóknin leiðir í ljós hið síbreytilega samband manna og hluta – efnismenningu fortíðar og þeirri sem varðveitt er í samtímanum. Frá því að vera hlutur í dánarbúsuppskrift sem kom við sögu á hverjum degi í lífi fólks á einn eða annan hátt yfir í að vera safngripur sem er í vernduðu umhverfi varðveisluhúsnæðis og rætt er um sem menningararf Íslendinga bæði í almennri umræðu og á vettvangi safna. Samanburðurinn á dánarbúsuppskriftum og safnkosti Þjóðminjasafns Íslands sýnir stigveldi gripa, íslenska list og handverk, hið hversdagslega og einstaklingsbundna. Allt eru þetta þættir sem koma fram á mismunandi hátt í heimildarsöfnunum og veita óvænta og nýja innsýn í tímabil 19. aldar.

Einn af áherslupáttum verkefnisins er að færa fram á sjónarsviðið mikilvægi efnismenningar sem og að beita nýjum aðferðum til þess að nálgast viðfangsefnið. Forðast var að dvelja við hlutina í heimildunum eina og sér heldur leitast við að færa þunga greiningarinnar yfir á eiginleika sjálfra heimildanna og hvað þær hafa um fortíðina að segja. Vísindalegt gildi rannsóknarinnar er því ekki aðeins fólgið í notkun á nýjum heimildum heldur er aðferðin nýstárleg að því leyti að hún miðar að því að greina hlutina út frá mörgum sjónarhornum. Fram að þessu hefur sagnfræðin nálgast viðfangsefni sitt út frá afstöðu mannanna og lítið skeytt um efnisheiminn sem hefur veigamikil áhrif á daglega framgöngu fólks. Nýlunda verkefnisins er því fólgin í því að efnismenning eða hlutir eru notuð sem mikilvægt greiningartæki á fortíðina.

Abstract

The object of the thesis is to bring archives to light and to analyse the *material culture* they embody – in other words to explore the relationship between people and things. The research method requires a broad-based approach, embracing such fields as history, archaeology, museum studies, folkloristics and ethnology, and culture studies. In working with large and complex collections of sources, the methods of *microhistory* or *singularization of history*, the *history of things* and *critical heritage studies* are applied. The objective of the study is to illuminate the daily life of the people of Iceland in the 19th century through study of material culture as preserved in two different archives. The principle was to approach the sources with their attributes in mind, in order gain the fullest possible picture of the past and to deepen understanding of moot points that may arise when different sources are used. The first archive explored consists of probate inventories, preserved by the National Archives of Iceland, which number about 33,000. These are documents that contain inventories and valuations of the estates of deceased individuals, carried out if they left heirs of minor age or died in debt, or in cases where the division of assets among heirs was disputed. The other archive is the collection of the National Museum of Iceland for the same period, which is examined via catalogue entries on *Sarpur*, an online digital database cataloguing Icelandic museums' collections.

The content of the thesis is made up of four parts. The introduction discusses the principal concepts and theories applied in the doctoral study, and how these influenced the research methodology. The sources used in the study are also addressed, with a critical discussion of their qualities, strengths and weaknesses. There is specific discussion of several concepts, such as *material culture*, *materiality*, *cultural heritage*, *new materialism*, *cataloguing*, *archives* and *preservation*, together with their relevance to the project and discussion of them in other scholarly disciplines. This explains the cross-disciplinary approach of the project and the methodology of the study. It is grounded in the archives: large databases are examined and their content is gradually divided up by period, social status, age, average value of probate inventories, geographical distribution, and finally the things themselves – the possessions and the museum pieces.

The second part of the thesis, the bulk of the study material, comprises an examination of probate inventories of 104 individuals who lived in the 19th century. The questions are asked: what possessions did people own when they died, and what can those possessions tell us about the daily lives of their owners? In order to approach the extensive sources (on 33,000 individuals), the

content was narrowed down in a number of stages. The first stage was the period: the 19th century. The second stage was to identify by social status individuals who were representative of the Icelandic population at the time. These comprised three social groups: farmers, widows and farm workers. Within these categories the third stage was applied: to pick age groups that were examples of people in early or middle life or in old age. After this process of selection, I was still left with thousands of people; the fourth stage consisted of winnowing out the cases to be included. Here the average value of the probate inventory was used. The final stage was to hand-pick “typical” individuals representing all periods of the 19th century and regions of the country, in order to gain the clearest possible impression of the materiality of the time. The doctoral study thus examined 37 farm workers, 34 farmers and 33 widows, who are discussed on the basis of their possessions, or categories of possessions, in the probate inventories. This categorisation of assets was carried out by the valuers of the estate, who classed the assets in such categories as *clothing, domestic equipment, riding gear, etc.*

The sources themselves – probate inventories – are also analysed, and their attributes are discussed, in order to gain the fullest possible image of the past. What interests lie behind them? The probate inventories provided insight into the lives of the individuals concerned, listing possessions from worn-out socks to valuable dairy cows. The material culture documented in them reflects the social status, age, interests and skills, gender and daily life of the people concerned, and their efforts to improve their lives. At the same time the probate inventories themselves provided clues to the individuals and how they were viewed by officials.

The third part of the thesis is concerned with objects in the collection of the National Museum of Iceland, catalogued on the *Sarpur* database, and believed to date from the period 1740–1900. In other words, these are objects which appear to have been in use during the lifetimes of the people whose possessions are documented in the probate inventories. An examination is made of the objects preserved in the museum collection, and their nature. The museum pieces of the period were analysed, based on the catalogue entries on *Sarpur*, seeking to identify the kinds of objects and where they were from. The information derived from the catalogue entries led to the conclusion that these objects give a far more idealised image of the past than is seen in the probate inventories. The way in which the items were collected indicates that nationalist fervour in the later 19th century and the early 20th has clearly made its mark upon the collection for that period. This is seen in objects of artistic/aesthetic value, often classified as folk art, such as carvings in horn or wood and ironwork.

The social élite is also disproportionately represented in the collection for that period, both as owners and donors of objects.

The thesis concludes with a comparison of the material culture found in the individuals' possession according to the probate inventories, and that which is preserved and catalogued by the National Museum of Iceland. The comparison was made by dividing the individuals' possessions into the categories of assets used by the valuers of states for probate. The museum pieces of the period are classified in the same way, providing the opportunity to discern similarities and dissimilarities. Do comparable objects feature in both archives, or are some categories lacking? The objective of this analysis is to address the problems that arise with discussing the past, while also drawing inferences regarding the scholarly basis of "cultural heritage."

The study revealed the mutable relationship between people and things – the material culture of the past, and that which is preserved in the present: from being an object in a probate inventory that featured in people's everyday life in one way or another, to being a museum piece in the secure setting of a museum facility, cited as part of Iceland's heritage, both in general discourse and in the museum environment. The comparison of probate inventories and the National Museum of Iceland collection demonstrates a hierarchy of objects, Icelandic art and crafts, the commonplace and the personal. These are all factors which emerge in different ways in archives and provide a new and unexpected perspective on the 19th century.

One of the priorities of the project is to highlight the importance of material culture, and to apply new methods in approaching the subject. The principle was to avoid devoting excessive attention to individual objects in the sources, focussing instead on the qualities of the sources themselves and what they can tell us about the past. The scholarly value of the study thus lies not only in the use of new sources: the method is innovative in that it sets out to analyse objects from various perspectives. Hitherto history has approached its subjects in terms of people, paying little attention to materiality, which has a major influence on people's daily lives. The novelty of this project thus consists in using material culture or things as an important analytical tool about the past.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	I
ABSTRACT	IV
SKRÁ YFIR TÖFLUR OG SÚLURIT	1
FORMÁLI	1
I. INNGANGUR.....	3
MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR	7
STAÐA ÞEKKINGAR	11
<i>Ísland á 19. öld – samfélag og menning</i>	11
<i>Efnismenning og efnisheimur</i>	15
<i>Dánarbúsuppskriftir</i>	20
<i>Einvæðingin – Smáir og hversdagslegir hlutir</i>	24
<i>Menningararfur</i>	27
<i>Varðveisla – söfnun, aðfangabækur og Sarpur</i>	31
AÐFERÐAFRÆÐI	36
<i>Efnismenning í fortíð – Dánarbúsuppskriftir</i>	38
<i>Efnismenning í samtímanum – Sarpur (aðfangabækur)</i>	40
II. DÁNARBÚSUPPSKRIFTIR	43
VINNUHJÚ	44
<i>Dánarbúsuppskriftir vinnuhjúa</i>	46
Bækur	50
Fatnaður	56
Rúmfatnaður	62
Hirslur	66
Búsgögn	70
Verkfæri	74
Reiðtygi	77
Annað	81
Laus viður/Fasteign	87
Búfénaður	89
EFNISMENNING VINNUHJÚA	93
BÆNDUR	94
<i>Dánarbúsuppskriftir bændna</i>	96
Bækur	101
Fatnaður	105
Rúmfatnaður	109
Hirslur	113
Búsgögn	117
Verkfæri	121
Reiðtygi	126
Annað	130
Laus viður/fasteign	135
Búfénaður	141
EFNISMENNING BÆNDA	146
EKKJUR.....	148
<i>Dánarbúsuppskriftir ekkna</i>	150
Bækur	155
Fatnaður	159
Rúmfatnaður	168
Hirslur	173
Búsgögn	177
Verkfæri	182

Reiðtygi	188
Annað	192
Laus viður/Fasteign	198
Búfánaður	203
EFNISMENNING EKKNA	207
EFNISMENNING DÁNARBÚSUPPSKRIFTA.....	208
III. VARÐVEISLA OG MENNINGARARFUR	215
SAFNKOSTUR FRÁ 19. ÖLD Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS	217
<i>Bækur</i>	233
<i>Fatnaður</i>	237
<i>Rúmfatnaður</i>	244
<i>Hirslur</i>	249
<i>Búsgögn</i>	256
<i>Verkfæri</i>	264
<i>Reiðtygi</i>	270
<i>Annað</i>	276
<i>Laus viður/fasteign</i>	282
EFNISMENNING MUNASAFNSINS.....	290
IV. EIGUR FÓLKS OG SAFNGRIPIR	293
<i>Söfnin – dánarbúsuppskriftir og safnkostur tímabilsins</i>	294
V. NIÐURSTÖÐUR – FORTÍÐIN Í HEIMILDUNUM	302
SUMMARY	311
HEIMILDASKRÁ	319
ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR	319
PRENTAÐAR HEIMILDIR	326
VEFHEIMILDIR.....	353
VIÐTÖL VIÐ HÖFUND	356

Skrá yfir töflur og súlurit

Tafla 1. Uppsetning á nálgun til afmörkunar í rannsókninni.	40
Tafla 2. Fjöldi vinnuhjúa eftir aldri, kyni og verðmæti eigna.	46
Tafla 3. Vinnuhjú eftir sýslum.	47
Tafla 4. Vinnuhjú og eignadálkar í dánarbúsuppskriftum þeirra.	48
Tafla 5. Vinnuhjú: Fjöldi hluta eftir gripaflokkum.	49
Tafla 6. Vinnuhjú: Algengar bækur.	50
Tafla 7. Vinnuhjú: Algengur fatnaður.	57
Tafla 8. Vinnuhjú: Algengur rúmfatnaður.	62
Tafla 9. Vinnuhjú: Algengar hirslur.	66
Tafla 10. Vinnuhjú: Algeng búsgögn.	70
Tafla 11. Vinnuhjú: Algeng verkfæri.	74
Tafla 12. Vinnuhjú: Algeng reiðtygi.	77
Tafla 13. Vinnuhjú: Algengt annað.	81
Tafla 14. Vinnuhjú: Algengur laus viður og fasteignir.	87
Tafla 15. Vinnuhjú: Algengur búfénaður.	89
Tafla 16. Fjöldi bænda eftir aldri, kyni og verðmæta eigna.	96
Tafla 17. Bændur eftir sýslum.	98
Tafla 18. Bændur og eignadálkar í dánarbúsuppskriftum þeirra.	99
Tafla 19. Bændur: Fjöldi hluta eftir gripaflokkum.	100
Tafla 20. Bændur: Algengar bækur.	101
Tafla 21. Bændur: Algengur fatnaður.	105
Tafla 22. Bændur: Algengur rúmfatnaður.	109
Tafla 23. Bændur: Algengar hirslur.	114
Tafla 24. Bændur: Algeng búsgögn.	117
Tafla 25. Bændur: Algeng verkfæri.	121
Tafla 26. Bændur: Algeng reiðtygi.	127
Tafla 27. Bændur: Algengt annað.	131
Tafla 28. Bændur: Algengur laus viður og fasteignir.	136
Tafla 29. Bændur: Algengur búfénaður.	141
Tafla 30. Fjöldi ekkna eftir aldri og verðmæti eigna.	151
Tafla 31. Ekkjur eftir sýslum.	153
Tafla 32. Ekkjur og eignadálkar í dánarbúsuppskriftum þeirra.	154
Tafla 33. Ekkjur: Fjöldi hluta eftir gripaflokkum.	154
Tafla 34. Ekkjur: Algengar bækur.	156

Tafla 35. Ekkjur: Algengur fatnaður.....	159
Tafla 36. Ekkjur: Algengur rúmfatnaður.	168
Tafla 37. Ekkjur: Algengar hirslur.....	173
Tafla 38. Ekkjur: Algeng búsgögn.....	177
Tafla 39. Ekkjur: Algeng verkfæri.....	182
Tafla 40. Ekkjur: Algeng reiðtygi.	189
Tafla 41. Ekkjur: Algengt annað.....	193
Tafla 42. Ekkjur: Algengur laus viður og fasteignir.	199
Tafla 43. Ekkjur: Algengur búfénaður.	203
Tafla 44. Algengustu gerðir muna í safnkosti tímabilsins.	220
Tafla 45. Safnkostur tímabilsins: Fjöldi gripa eftir komuári.....	222
Tafla 46. Algengar gerðir muna í safnkosti tímabilsins fyrir og eftir miðja 20. öld.	224
Tafla 47. Algengir gefendur og fjöldi muna frá þeim.....	225
Tafla 48. Fjöldi muna eftir sýslum.....	226
Tafla 49. Fjöldi safngripa eftir efnivið þeirra.	227
Tafla 50. Fjöldi muna eftir skráningaraðilum.....	229
Tafla 51. Safnkostur tímabilsins: Algengar bækur.....	233
Tafla 52. Safnkostur tímabilsins: Algengur fatnaður.	237
Tafla 53. Fatnaður eftir skráningaraðilum.	239
Tafla 54. Fjöldi fatnaðar eftir gefendum.....	241
Tafla 55. Efni fatnaðar í safnkosti tímabilsins.....	243
Tafla 56. Safnkostur tímabilsins: Algengur rúmfatnaður.....	244
Tafla 57. Safnkostur tímabilsins: Algengar hirslur.	249
Tafla 58. Efni hirslna í safnkosti tímabilsins.....	250
Tafla 59. Hirslur eftir skráningaraðilum.....	254
Tafla 60. Safnkostur tímabilsins: Algeng búsgögn.....	256
Tafla 61. Efni búsgagna í safnkosti tímabilsins.	257
Tafla 62. Safnkostur tímabilsins: Algeng verkfæri.	265
Tafla 63. Safnkostur tímabilsins: Algeng reiðtygi.	271
Tafla 64. Efni reiðtygja í safnkosti tímabilsins.	274
Tafla 65. Safnkostur tímabilsins: Algengt annað.	276
Tafla 66. Annað eftir sýslum.....	279
Tafla 67. Safnkostur tímabilsins: Algengur laus viður.....	282
Tafla 68. Algengir hlutir úr dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.	295
Tafla 69. Algengur fatnaður í dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.....	296

Tafla 70. Algeng reiðtygi í dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.....	296
---	-----

Súlorit

Súlorit 1. Fjöldi safngripa frá 19. öld eftir söfnunartímabili.	223
Súlorit 2. Fjöldi bóka og ritfanga eftir söfnunartímabilum.....	236
Súlorit 3. Fjöldi fatnaðar til Þjóðminjasafnsins eftir söfnunartímabili.....	240
Súlorit 4. Fjöldi hirslna eftir söfnunartímabilum.	253
Súlorit 5. Fjöldi búsgagna eftir söfnunartímabilum.....	260
Súlorit 6. Fjöldi verkfæra eftir söfnunartímabilum.....	267
Súlorit 7. Fjöldi reiðtygja eftir söfnunartímabilum.	273
Súlorit 8. Fjöldi "annarra" gripa eftir söfnunartímabilum.	281
Súlorit 9. Fjöldi lausra viðar eftir söfnunartímabilum.	285
Súlorit 10. Hlutfall gripaflokka á milli heimildasafnanna.....	294

Formáli

Ritgerð þessi er lögð fram til doktorsprófs við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði í Háskóla Íslands. Rannsóknin fór fram á árunum 2018–2022 undir leiðsögn Sigurðar Gylfa Magnússonar, prófessors í menningarsögu við sömu deild. Í doktorsnefnd sátu dr. Anna Lía Rúnarsdóttir, verkefnastjóri við Háskóla Íslands, Már Jónsson prófessor í sagnfræði og Sigurjón Baldur Hafsteinsson prófessor í safnafræði. Þeim eru hér með færðar innilegar þakkir fyrir samstarfið sem var afar gott og lærdómsríkt. Sérstakar þakkir fara til Sigurðar Gylfa sem upphaflega kynnti mig fyrir þeim heimildum sem hafa átt hug minn allan síðustu ár ásamt því að vera óþreytandi í að styðja og hvetja mig áfram á þessum vettvangi sem á öðrum.

Frá 1. apríl 2018 til loka október 2021 naut rannsóknin stuðnings sem hluti af öndvegisverkefninu *Heimsins hnoss. Söfn efnismenningar, menningararfur og merking*, sem styrkt var af RANNÍS. Ennfremur hlotnaðist mér viðbótarstyrkur frá rannsóknarreikningi Sigurðar Gylfa yfir fjóra mánuði á lokasprettinum. Í öndvegisverkefninu komu saman fornleifa-, mann-, sagn- og safnafræðingar undir stjórn Sigurðar Gylfa. Markmiðið var að rannsaka fyrirbærið „safn“ og hvernig það hefur verið notað í vísindum með sérstakri áherslu á efnismenningu, merkingu og menningararf. Rannsókn mín var hluti af þeim þræði öndvegisverkefnisins sem heyrði undir Má Jónsson og sneri að sagnfræði og frumheimildum. Fyrsta árið hafði ég og aðrir úr öndvegisverkefninu aðstöðu í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Ári síðar fluttum við í Nýja Garð þar sem við dvöldum til síðasta árs þó vissulega hafi dregið verulega úr samverunni þegar „kófið“ byrjaði. Það hafði einnig áhrif á ráðstefnuhald en fram til ársins 2020 hafði ég tekið þátt í ráðstefnum erlendis og hérlendis.

Í Finnlandi var ráðstefna á vegum öndvegisverkefnisins *HEX – History of Experience* í Tampere árið 2019 sem nokkrir „Hnossar“ sóttu og fluttu erindi. Einnig vorum við með málstofu á ráðstefnu *TAG – Theoretical Archaeology Group*, í Syracuse, Bandaríkjunum, sama ár. Nokkrar lokaðar og opnar málstofur voru haldnar hérlendis fyrstu tvö ár verkefnisins af *Heimsins hnoss* og bar þar hæst málstofuna *Hlutir á reki – söfn efnismenningar*, vorið 2019. Í þessum málstofum tóku „Hnossar“ þátt ásamt erlendum fræðimönnum eins og Bjørnar Olsen, Ewa Domanska, Karen Harvey, Jane Bennett, Mary C. Beaudry og Sandra Dudley, allt fólk sem hefur haft mikil áhrif á mitt verkefni ásamt öllum þeim sem að öndvegisverkefninu komu. Hér var því um að ræða nokkurs konar „akademíu innan akademíunnar“ og reynsla sem ég mun ávallt búa að. Í þessari akademíu má einnig nefna Finn Jónasson og dr. Sólveigu Ólafsdóttur sem einnig hófu sitt doktorsnám undir leiðsögn Sigurðar Gylfa á svipuðum tíma og ég. Við vorum dugleg að halda saman í gegnum sameiginlega aðstöðu okkar,

reglulega fundi með leiðbeinanda okkar, óformleg spjöll eða ferðir, sem var afar mikilvægt í því krefjandi ferli sem doktorsnám er, að ógleymdum þeim vinskáp sem var okkar á milli. Samstarf mitt við „Hnossara“ og tengda aðila auðgaði doktorsrannsókn mína og efldi mig mikið – takk fyrir gefandi og ánægjulega tíma, megi þeir vera enn meiri í komandi framtíð!

Einnig vil ég þakka öllum þeim lásu yfir alls konar drög fyrir hjálpina eins og vinkonu minni henni Maríu Jóhannudóttur og dr. Kristjáni Mímissyni fornleifafræðingi. Ennfremur Þorleifi Hauksyni fyrir prófarkalesturinn og Önnu Yates fyrir enska þýðingu. Þær Freyja Hlíðkvist Sesselju- og Ómarsdóttir og Lilja Árnadóttir veittu ómetanleg aðstoð í greiningu minni á safnkosti Þjóðminjasafnsins. Ragnhildur Helga Jónsdóttir, forstöðukona Landbúnaðarsafns Íslands og samstarfskona mín, stóð einnig við bakið á mér og sýndi verkefni mínu þolinmæði og skilning. Foreldrum mínum, Baldri Árna Björnssyni og Jónínu Guðrúnu Heiðarsdóttur, ber einnig að þakka fyrir að hlaupa undir bagga með mér á öllum sviðum lífsins á meðan á þessu stóð og rúmlega það. Það er síðan við hæfi að tileinka tveimur „krummum“ ritgerð sem fjallar um hluti og hvernig þeir safnast saman á mismunandi hátt, ömmu minni heitinni, Önnu Guðmundsdóttur, og dóttur minni, Guðrúnu Árnýju Símonardóttur, sem safnaði og safna að sér öllu milli himins og jarðar.

I. Inngangur

Hinn 6. nóvember árið 1809 var sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, Páll Guðmundsson, ásamt virðingarmönnum sínum þeim, Finni Guðmundssyni og Sigurði Hallssyni, staddur á Fossvöllum í Jökulsárhlíð til að virða eigur bóndakonunnar Guðrúnar Jónsdóttur (1758–1809). Virði búsins var vel yfir meðallagi, eða um 1177 ríkisdalir (rd.), og var alls 271 færsla skráð yfir þá hluti sem tilheyrðu fjölskyldunni að Fossvöllum.¹ Mestu verðmætin voru fólgin í fasteignum og búfenaði en aðrar veraldlegar eigur voru sumar hverjar dýrmætar eins og tvær krossofnar ábreiður sem lýst var sem nýjum og þær metnar á 5 rd. hvor.² Ekki er að sjá á skjölunum að uppboð hafi farið fram og líklegast þykir að maður hennar, Rustikus Björnsson (1753–1817), hafi eftir greiðslu opinberra skulda setið í óskiptu búi. Í dánarbúsuppskrift hans frá árinu 1817 eru að minnsta kosti sömu fasteignir og voru metnar við andlát Guðrúnar en krossofnu ábreiðurnar voru þó ekki lengur meðal eigna Rustikusar af lýsingum virðingarmanna að dæma.³

Það var svo 120 árum síðar að haldin var heimilisiðnaðarsýning fyrir Múlasýslur á Eiðum. Krossofin ábreiða var til sýnis úr eigu (Stefaníu) Þórunnar Rustikusardóttur (1890–1941), langalangömmubarns Guðrúnar og Rustikusar. Vakti ábreiðan það mikla athygli að hún var send ásamt öðrum á Landssýningu fyrir hönd sýslunnar og segir Sigrún P. Blöndal, fyrsta forstöðukona Húsmæðraskólans á Hallormsstað, að handverk þeirra hafi dregið fólk að þeirri deild sýningarinnar þar sem þær voru til sýnis – svo fallett var verkið.⁴ Þar var um að ræða þrjár ábreiður sem sennilega voru ofnar á sama heimilinu, að mati Sigrúnar. Hún tekur þó fram að það sé alls kostar óvíst og allt eins líklegt að þær hafi verið eftir mismunandi einstaklinga.⁵ Ein af ábreiðunum sem talin var frá Fossvöllum vakti sérstaka athygli Þjóðminjasafnsins sem keypti hana árið 1935 og er hana nú að finna á grunnsýningu safnsins til marks um íslenskan listvefnað og handverk fyrri tíma.

Ætla má að ábreiðurnar séu þær sömu og finna mátti í dánarbúsuppskrift Guðrúnar Jónsdóttur. Ef sú er raunin er um afar áhugaverðan hlut að ræða sem sýnir hvernig efnismenning muna breyttist með notkun/viðhorfi manna í tímans rás – frá ábreiðu úr fortíð yfir í menningararf

¹ Meðaltal verðmæta eigna bænda á þessum tíma var um 718 rd.

² Þí. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED1/2,1,1: 23. Fylgiskjöl, dánarbú 1809.

³ Þí. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED1/2,2,1: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1817.

⁴ Sigrún P. Blöndal var forstöðukona Húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrstu árin, 1930–1944.

⁵ Sigrún P. Blöndal, „Austfirskar krossvefnaðarábreiður,“ 20–21.

samtímans. Ábreiður Guðrúnar vitna um þann efnisveruleika sem hún lifði við – handverk hennar, umhverfi heimilis, smekk, efnahagslegt og tilfinningalegt gildi gripsins fyrir húsfréyjuna (og fjölskyldu hennar). Rúmum 200 árum síðar eru þær enn til og á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins er ábreiðan sýnd meðal vandaðs handverks – táknmynd um textíl og vefnaðarstíl fyrri tíma, handverkshefðir, tísku og menningararf Íslendinga. Um hana segir á sýningunni: „Rúmábreiða, krossofin frá um 1800, gerð af Guðrúnu Jónsdóttur er bjó á Fossvöllum í Jökulsárhlíð, f. um 1768.“⁶ Hlutverk og aðstæður ábreiðunnar eru öll önnur á 21. öldinni í Þjóðminjasafni en þegar virðingarmennirnir stóðu í baðstofunni á Fossvöllum í byrjun 19. aldar. Hér er hún varðveitt í verndandi og opinberu umhverfi til frásagnar um hið liðna í stað þess að prýða veggi/rúmstæði heimilis eða til varnar kulda líkt og upprunalegt gildi hennar var. Hvað er hér á seyði?

Ábreiðan er brú á milli tveggja ólíkra heimildasafna (e. *archives*). Þau endurspeglar síbreytilega efnismenningu (e. *material culture*) sem ræðst af margþættum áhrifum sem meðal annars koma frá muninum sjálfum og eigendum hans. Utanaðkomandi aðstæður hafa einnig áhrif, eins og áhugi almennings á handverkinu, þjóðernisleg umræða fram eftir allri 20. öld, afstaða opinberra aðila, fræðimanna, áhugafólks og annarra.⁷ Í dánarbúsuppskriftinni þjónar hún hagsmunum dánarbússins og þess opinbera að innheimta skuldir sínar en einnig að gætt sé að hlut erfingjanna.

Afkomendur Guðrúnar héldu upp á ábreiðurnar. Í umfjöllun Sigrúnar Blöndal frá árinu 1932 segir sagan að Guðrún hafi ofið ábreiður fyrir dætur sínar.⁸ Sjá má að ein af þeim var í dánarbúi Guðrúnar Rustikusardóttur (1802–1843), sem var ein af dætrum hennar. Þar kemur eftirfarandi fram: „ábreiða gömul, krosssaumuð á 1 rd. 32 sk.“⁹ Þannig hafa þær gengið mann fram af manni í notkun eða til fegrunar á heimilum þar til umræðan fer að verða þess valdandi að farið er að líta á þær sem menningarverðmæti sem eigi fremur heima á safni en í heimahúsum.

Áðurnefnd grein Sigrúnar er gott dæmi um hvernig umræðan skilgreinir fagra hluti sem menningararf – eitthvað sem er að glatast úr daglegu lífi og þarf að varðveita og miðla til komandi kynslóða.¹⁰ Höfundur tekur meðal annars dæmi um ábreiðu sem Herborg Rustikusdóttir (dóttir

⁶ *Þjms*. Sarpur. 11856.

⁷ Sjá umræður um myndun menningararfs í: Harrison, *Heritage. Critical Approaches*; Smith, *Uses of Heritage*; Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum,“ 313–328.

⁸ Sigrún P. Blöndal, „Austfirskar krossvefnaðarábreiður,“ 20.

⁹ *Þf*. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,3,3: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

¹⁰ Um svipaða orðræðu hvað varðar menningararf er að finna í: Smith, *Uses of Heritage*; Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur,“ 313–328.

Guðrúnar eldri) átti en afkomendur hennar notuðu hana meðal annars í rúmbotni undir undirsæng. Um síðir hvarf hún.¹¹ Í umfjöllun Sigrúnar um austfirskar krossvefnaðarábreiður má sjá ákall hennar um að varðveita handverkshefðina (ábreiðurnar) og vitneskjuna um gerð þeirra sökum þess að kunnátta til krossvefnaðar var hverfandi. Það hún lesendur um að vera vakandi fyrir „íslenskum listvefnaði“ og óskaði eftir upplýsingum um slík verðmæti.¹² Ákall Sigrúnar bar árangur að einhverju leyti og ljóst er að áhugi vaknaði á mununum. Þjóðminjasafnið keypti til að mynda þær ábreiður sem hún tók til umfjöllunar í greininni.¹³ Benda verður á að skrif Sigrúnar voru hluti af vitundarvakningu í samfélaginu á þessum tíma. Ljóst er að þær sýningar sem voru um allt land árið 1929 og síðar Landssýningin (árið 1930) hafa beint sjónum landsmanna að handverkinu (sem og öðrum gripum) og þaðan kviknar þörf (áhugi) fyrir að varðveita það.

Í þessu ferli endurspeglast síbreytilegt samband manna og hluta – eða efnismenning. Hér í þessu tilfalli tók hún breytingum – viðhorf og notkun fólks á ábreiðunum og hlutirnir sjálfir þróuðust frá venjulegu teppi og mæðraarfi yfir í safngrip og menningararf. Mannfræðingurinn Daniel Miller hefur rætt hve mikilvægt þetta samband er fyrir rannsóknir fræðimanna á fortíðinni. Hann segir meðal annars að:

... objects are important not because they are evident and physically constrain or enable, but often precisely because we do not „see“ them. The less we are aware of them, the more powerfully they can determine our expectations by setting the scene and ensuring normative behavior, without being open to challenge. They determine what takes place to the extent that we are unconscious of their capacity to do so.¹⁴

Fólk er svo mjög tengt (e. *involved*) hlutum, og þeir mannfólkinu, að við erum hætt að taka eftir hlutverki þeirra gripa sem hafa áhrif á daglegt líf, en myndum svo sannarlega fárast yfir ef þeirra nyti ekki við. Helsta viðfangsefni þessarar rannsóknar er að skoða síbreytilegt samband manna og hluta með því að tefla saman ólíkum heimildum um efnismenningu frá 19. öld. Á þann hátt er efnisveruleiki (e. *materiality*) frá fyrri tíð rannsakaður ásamt því að skoðað er hvernig hann hefur verið varðveittur í nútímanum. Meginhugmyndin er að rannsaka hvernig efnismenning Íslendinga var á 19. öld og hvernig hún hefur varðveist til dagsins í dag. Það má því segja að ritgerðin sé tvíþætt:

¹¹ Sigrún P. Blöndal, „Austfirskar krossvefnaðarábreiður,“ 22.

¹² Sigrún P. Blöndal, „Austfirskar krossvefnaðarábreiður,“ 23–26.

¹³ Þjms. Sarpur. 11856, 11344 og 11057.

¹⁴ Miller, ritstj., *Materiality*, 5.

a) efnismenning eins og hún birtist í dánarbúsuppskriftum 19. aldar; b) efnismenning í safnkosti Þjóðminjasafns Íslands, eins og hún birtist í rafrænu gagnasafni íslenskra safna sem nefnist *Sarpur*.¹⁵

¹⁵ Árið 2020 var opnaður gagnagrunnur dánarbúsuppskrifta, uppboðs- og skiptabóka á heimasíðu Þjóðskjalasafnsins. Að honum vann Már Jónsson, sagnfræðingur í nokkur ár í samstarfi við safnið og ruddi þar með brautina að aðgangi að dýrmætum heimildum um daglegt líf fólks á 18. og 19. öld. www.danarbu.skjalasafn.is.

Markmið og rannsóknarspurningar

Sagnfræðingar hafa lengst af lagt áherslu á að nota heimildir í formi texta, bæði opinberar og persónulegar. Ef litið er til rannsókna sem hafa fjallað um Ísland á 19. öld hafa sagnfræðingar fært sér í nyt fjölbreyttar textaheimildir. Þeir sem rannsakað hafa stjórnsmál og þjóðernishyggju hafa nýtt sér meðal annars blaða- og tímaritsgreinar, opinber og persónuleg bréfaskipti, *Alþingisbækur* og rökræður um landsmál í samfélaginu. Af þeim hafa menn dregið ályktanir um til að mynda stjórnsmálaskoðanir, sjálfstæðisbaráttuna, hugmyndir manna um frelsi og önnur baráttumál eða viðhorf hópa og einstaklinga, svo eitthvað sé nefnt.¹⁶ Í umfjöllun um verslun, neyslu og þróun atvinnugreina hafa verslunarskýrslur, inn- og útflutningsskýrslur, mannfjöldaskýrslur og skýrslur um landshagi á Íslandi reynst nytsamlegar. Með þeim hafa sagnfræðingar varpað ljósi á neyslumeningu, búsetuþróun og breytingar á atvinnumálum.¹⁷

Aðrar heimildir eins og manntöl, sóknarmannatöl, kirkju- og dómabækur, sátta- og gerðabækur hafa síðan komið við sögu í margvíslegum rannsóknum. Þar mætti helst nefna umfjallanir um einstaklinga og/eða hópa, réttindi og stöðu fólks, fjölskyldugerð og félagslegan hreyfanleika.¹⁸ Við má bæta persónulegum heimildum sem notið hafa vinsælda síðustu áratugi eins og bréf, dagbækur, ævisögur og önnur handrit sem veita vitneskju um persónulegt líf fólks. Út frá

¹⁶ Sjá meðal annars: Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar frá upphafi til vorra daga*; Gunnar Karlsson, „Íslensk þjóðernisvitund á óþjóðlegum öldum,“ 141–178; Gunnar Karlsson, „Icelandic Nationalism and the Inspiration of History,“ 77–89; Páll Björnsson, *Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar*.

¹⁷ Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, ritstj., *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*; Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslupjóðfélagið til?,“ 69–79; Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þingeyinga og Jón á Gautlöndum*; Halldór Bjarnason, „Utanríkisverslun Íslands á seinni hluta 19. aldar. Fáein atriði um fjármagn, verslun og hagþróun,“ 203–209; Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmening. Pöntunarvara árið 1784,“ 70–111; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*.

¹⁸ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930. Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-Economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words. A Social History of Iceland*; Sólveig Ólafsdóttir, *Vald og vanmáttur. Eitt hundruð og ein/saga á jaðri samfélagsins 1770–1936*; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk? Andóf og vald á Íslandi á tímum vistarbands*.

þeim hafa fræðimenn gert sér mat úr meðal annars menntun, tilfinningum, hversdagslífi alþýðunnar og sögu kvenna.¹⁹

Síðustu áratugi hefur sú þróun átt sér stað að fræðimenn hafa snúið sér í auknum mæli að gripum eða efnismenningu sem grundvelli rannsókna sinna.²⁰ Lítið hefur þó verið um slíkt í íslenskri sagnfræði enn sem komið er. Titill bókarinnar *Wasteland with Words* eftir Sigurð Gylfa Magnússon sagnfræðing er lýsandi fyrir íslenskar sagnfræðirannsóknir í gegnum tíðina – að því leyti að þær eru *víðátta orða*. Verkið er nokkurs konar yfirlitsrit yfir Íslandssöguna á 18., 19. og 20. öld en jafnframt menningarsaga þar sem aðferðum einsögunnar er beitt.²¹ Heimildirnar eru langoftast í formi texta og efnismenning hefur legið óbætt hjá garði í flestum þeirra rita sem hér hefur verið vísað til. Hún hefur hins vegar verið verðugt viðfangsefni bæði í fornleifafræði og safnafræði. Það er því eitt helsta markmið þessarar doktorsrannsóknar að nýta hluti (e. *things*) til að draga fram ákveðna og „lifandi“ mynd af íslensku samfélagi frá 19. öld í þeim tilgangi að öðlast nýja innsýn í fortíðina og auðga skilning á daglegu lífi einstaklinga.

Ávinningurinn af því að nota efnismenningu sem heimildir er talsverður. Þannig geta eigur fólks gefið til kynna hver þar var á ferð; þær sýna starf, áhugamál, fagurfræði sem og félagslega, menningarlega og efnahagslega stöðu þess. Ætlunin hér er að nýta gripina til frásagnar um hversdagslíf almennings á 19. öld og sýna mikilvægi efnismenningar þegar hlutverk fólks í samfélaginu er skoðað. Í hinni fræðilegu umræðu er rætt um sögu hluta (e. *history of things*) sem bæði er sögð í stórsögu- og einsögulegu ljósi (e. *macro- and microhistory*).²² Í þessu verkefni verður báðum aðferðum beitt. Margir hlutir (efnisflokkar) og einstaklingar verða notaðir til að sýna fram á hversdagslíf fólks í sveitasamfélagi 19. aldar. Smáar einingar eru til skoðunar þar sem

¹⁹ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson, *Frá degi til dags. Dagbækur, almanök og veðurbækur 1720–1920*; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Nineteenth Century*; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*.

²⁰ Sjá meðal annars: Gerritsen og Riello, ritstj., *Writing Material Culture History*; Harvey, ritstj., *History and Material Culture: A Student's Guide to Approaching Alternative Sources*; Schouwenburg, „Back to the Future? History, Material Culture and New Materialism,” 59–72.

²¹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*.

²² Attfield, *Wild Things. The Material Culture of Everyday Life*; Hamling og Richardson, ritstj., *Everyday Objects. Medieval and Early modern Material Culture and its Meanings*; Olsen, *In Defense of Things. Archaeology and the Ontology of Objects*; Lemonnier, *Mundane Objects. Materiality and Non-verbal Communication*.

rannsóknarsviðið er þrengt og hugað að einstökum þáttum hversdagsleikans í formi gripa og einstaklinga.

Dánarbúsuppskriftir eru ein af tveimur stoðum doktorsverkefnisins. Tilgangurinn með notkun þeirra er að snerta á tvenns konar álitamálum: Í fyrsta lagi eru það spurningar sem varða hlutina sem fólkið skildi eftir sig við andlát; hvaða eigur átti fólk og hvaða veruleika sýna þær? Samræmist sú túlkun þeirri umfjöllun sem tímabilið hefur fengið í umfjöllun fræðimanna? Í öðru lagi, hvernig urðu uppskriftirnar – heimildin sjálf – til og hvernig var staðið að varðveislu þeirra? Yfir hvaða kostum búa þær sem heimildir og hverjir eru gallarnir? Eins og gefur að skilja eru skjölin munir sem voru skapaðir á ákveðnum tíma, af hendi viðeigandi aðila með tilheyrandi hlutum, vegna mismunandi ástæðna og/eða aðstæðna. Samband hluta og manna verður í forgrunni bæði í fortíð og nútíð – eða ferlið frá notkun í daglegu lífi yfir í varðveittan menningararf á safni.

Önnur stoð rannsóknarinnar er safnkostur Þjóðminjasafnsins eins og hann birtist inni á *Sarpi*.²³ Í gegnum hann er hægt að sjá hluta þess sem varðveitt er frá 19. öld á safninu og verður spurt í því sambandi: hvaða munir frá tímabilinu eru til og hvernig er skráningu þeirra háttað? Hvaða gripir eru algengastir og af hvaða tagi eru þeir? Er hægt að greina í skráningu safnsins hvort hlutum fólks sem var efnahagslega betur sett var safnað í meira magni en þeirra sem minna máttu sín? Skráning safnsins í *Sarp* er góð heimild um hvað hefur varðveist og hvers konar efnismenningu er að finna í safnkostinum. Þar er til dæmis hægt að sjá notendur muna, í sumum tilfellum sögu safngripa og jafnvel áhuga starfsmanna/safnsins á vissum gerðum gripa. Með skráningunni er hægt að sjá fræðilegar stoðir menningararfsins sem safngripirnir byggjast á.

Markmiðið er að greina hvers konar efnismenningu er að finna innan veggja safnsins, og að lokum bera hana saman við þá efnismenningu sem birtist í dánarbúsuppskriftunum. Í því sambandi er fengist við spurningar á borð við: Eru algengustu gripir heimildaflokkanna þeir sömu í uppskriftunum og á safninu eða er munur þar á? Hvaða greinarmunur er á heimildasöfnunum tveimur og hvernig kemur hann fram? Tilgangur þess að skoða eigur einstaklinganna og safngripina hlið við hlið er sá að bera kennsl á þær eyður sem eru í báðum gögnunum. Með samanburðinum er því leitast við að sýna hvernig efnismenning tveggja ólíkra heimilda kemur fram og hvaða þýðingu það hefur fyrir umfjöllun um fortíðina. Í þessum skilningi er hér um grundvallarspurningar að ræða

²³ Þess ber að geta að Þjóðminjasafn Íslands er samstarfsaðili þessarar rannsóknar í gegnum öndvegisverkefnið Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking (e. *My Favourite Things: Material Culture Archives, Cultural Heritage and Meaning*) sem Sigurður Gylfi Magnússon stjórnar.

sem snerta skilning okkar og þekkingu á fortíðinni eins og hún hefur birst í umræðu um liðna tíð í fræðum og á söfnum.

Rannsókninni er ætlað að nota efnismenningu til frásagnar um liðna tíð og draga fram á sjónarsviðið lítið notaðar heimildir í sagnfræði. Ekki er aðeins um að ræða greiningu á eigum fólks og safngripum heldur er einnig rýnt í heimildirnar sjálfar sem hluti og spurt: Hvaða hagsmunir liggja þeim að baki og hverjir eru eiginleikar þeirra? Eins og áður var minnst á hefur íslensk sagnfræði fram að þessu nálgast viðfangsefni sín út frá sjónarhóli fólks eða leikenda á sviði sögunnar og lítið skeytt um efnisheiminn (e. *materiality*) sem þó hefur veigamikil áhrif á daglega framgöngu fólks. Nálgun verkefnisins er því fólgin í því að efnismenning og gripir eru notuð sem greiningartæki á fortíðina.

Staða þekkingar

Verkefnið er tilraun til greina fortíðina með verkfærum sem tilheyra ekki aðeins sagnfræðinni heldur einnig öðrum greinum hug- og félagsvísinda með það í huga að komast nær hversdagslífi almennings á 19. öld með könnun á efni sem greinir betur en flestar aðrar þekktar heimildir frá veraldlegum gæðum fólks. Þær fræðigreinar sem rannsóknin leitar fanga til fyrir utan sagnfræði eru einkum fornleifafræði (e. *archaeology*), safnafræði (e. *museum studies*) og menningarfræði (e. *culture studies*). Óhætt er að segja að fræðigreinar sem hér verður stuðst við leggi mismikla áherslu á greiningu á efnisheimi fyrri tíðar. Því verður staða þekkingar reifuð í þeim efnisflokkum sem rannsóknin snertir og varðandi þá stefnu sem verkefnið tekur út frá þeim hugtökum og kenningum sem notaðar verða.

Ísland á 19. öld – samfélag og menning

Í umfjöllun fræðimanna um Ísland á 19. öld má einkum greina tvenns konar kenningar um þróun tímabilsins.²⁴ Annars vegar er það skóli nývæðingar (e. *modernization*) sem heldur því fram að samfélag 19. aldar hafi gengið í gegnum miklar breytingar á flestum sviðum þjóðlífsins. Þetta hafi verið tími framfara og breytinga í íslensku samfélagi. Öldin hafi byrjað hægt en í lok hennar hafi orðið sprengja umskipta sem endurspeglar í ákveðnu ferli sem er kennt við nútímann. Oft er rætt um viðsnúning í hagkerfinu með því að vísa í meiri eign almennings í peningum og breytta verslunarhætti. Sauðasala til Bretlands hafi orðið til þess að hlutdeild bænda og búlausra væri ekki aðeins fólgin í búfénaði heldur hafi lausafé þeirra aukist sérstaklega eftir árið 1865 með útflutningi gripanna. Með meiri fjármuni milli handanna hafi Íslendingar í auknum mæli flutt meira inn af munaðarvöru eins og sykri, tóbaki og áfengi. Samfélagsgerðin átti einnig að hafa breyst á örstuttum tíma þegar fólksflutningar úr sveit í þéttbýli hófust sem og upphaf Vesturheimsferða. Með því hafi ítök landbúnaðarins dvínað og borgarastéttin myndast sem markaði upphaf neyslupjóðfélagsins.²⁵

²⁴ Sjá meðal annars umfjallanir fræðimanna í þessum tveimur ritum; Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, ritstj., *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990. Ritgerðir*; Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, ritstj., *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*.

²⁵ Sjá dæmi um yfirlitsrit í viðauka í bókinni *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*: Sigurður Gylfi Magnússon, „Yfirlit yfir yfirlitsrit í íslenskri sagnfræði 1980–2005,“ 249–260. Sjá einnig: Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar*;

Hins vegar eru fræðimenn sem hafa lagt áherslu á samfellu (e. *continuity*) þjóðfélagsþróunar eða það sem nefnt hefur verið sértæk nývæðing (e. *selective modernization*).²⁶ Rannsóknir sagnfræðinga og fornleifafræðinga á einstökum þáttum mannlífsins hafa sýnt fram á að ekki sé hægt að benda á neina sérstaka kúvendingu í lok aldarinnar. Öll virkni og uppbygging samfélagsins hafi haldist óbreytt þrátt fyrir breytingar á ákveðnum sviðum þess. Má þar benda á stærstu atvinnugreinina, landbúnað, sem þróaðist afar hægt til samanburðar við framþróun erlendis í greininni ásamt því að hún hélt sér lengi vel fram á 20. öld sem aðalatvinna Íslendinga.²⁷

Sigurður Gylfi Magnússon hefur til að mynda fært rök fyrir því að þá þróun sem hafi orðið á tímabilinu megi helst kenna við sértæka nútímavæðingu. Það er að þjóðfélagið hafi breyst á ákveðnum sviðum sem fylgdu nútímavæðingu 19. og 20. aldar um heim allan án þess að gömlum gildum hafi verið kastað á glæ.²⁸ Hönnun eða smíði torfbæja er þar gott dæmi. Anna Lís Rúnarsdóttir mannfræðingur telur að eftir því sem leið á öldina og fram á þá 20. hafi efnismenning torfbæja breyst eftir því sem hentaði best hverju sinni. Verslunarfrelsið árið 1855 hafi til að mynda aukið aðgengi manna að innfluttu gleri og timbri sem varð til þess að frekar voru notaðir glergluggar og þil í hús.²⁹ Samfélagið hafi því valið að taka til handargagns nýjungar smátt og smátt í stað einhverrar ákveðinnar umbyltingar.³⁰ Í þessari rannsókn var tekið mið af þessum kenningum og við yfirferð heimildanna mátti sjá að margt benti til sértækrar nútímavæðingar. Þar sem breytingar gerðust hægt og á löngum tíma mun rannsóknin líta til þeirrar kenningar frekar en hugmynda um hreina nývæðingu.

Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 9–58; Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslubjóðfélagið til?,“ 69–79; Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, ritstj., *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930*; Sumarliði Ísleifsson, ritstj., *Líftaug landsins: Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2010*; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*, 45–50 og 57–60.

²⁶ Sjá meðal annars: Anna Lís Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja, híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning,“ 70–111; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi,“ 137–177; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

²⁷ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir en bæjarleið*; Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugarfarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 238–257; Þórunn Erla Valdimarsdóttir, *Sveitin við sundin. Búskapur í Reykjavík 1870–1950*.

²⁸ Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 238–257.

²⁹ Anna Lís Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*, 13.

³⁰ Hjörleifur Stefánsson, *Hvílíkt torf – tóm steypa! Úr torfhúsum í steypuhús*.

Í upphafi 19. aldar sóttu íslenskir menntamenn í Kaupmannahöfn sér innblástur frá upplýsingarstefnunni og rómantikinni. Um og upp úr miðri öldinni breiddu þeir boðskapinn út með tímaritaútgáfu sem jókst mjög fram á 20. öld. Rómantísk ljóð um ágæti lands og þjóðar gáfu tóninn en einnig reifuðu menn hugmyndir um framfarir á sviði stjórn mála og atvinnulífs. Tímaritin *Fjölnir* og *Ný félagsrit* eru dæmi um slík rit enda voru þar menn á borð við Jónas Hallgrímsson, Tómas Sæmundsson og Jón Sigurðsson sem stóðu í fararbroddi. Þar kappkostuðu þeir að dreifa hugmyndum sínum um stjórn mála, framfarir á sviði landbúnaðar, verslunarfrelsi og önnur álitamál er sneru að íslensku þjóðinni á þeim tíma.³¹

Tímaritaútgáfan ruddi þjóðernisstefnunni braut sem og öðrum málum eins og áherslu á bættu menntun, jafnrétti kynjanna, fjölbreyttari atvinnutækifæri og annað í þeim dúr.³² Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur segir að menntamennirnir hafi sótt hugmyndir sínar til Evrópu en samt sem áður hafi þær verið ívið íhaldssamari en hugmyndir kollega þeirra á meginlandinu. Einstaklingsfrelsi hafi til að mynda ekki átt að ná yfir alla þegna landsins líkt og til dæmis sjálfstæðishugmyndir Jón Sigurðssonar sem miðuðu ekki að lýðveldi heldur að Íslandi yrði fullveldi undir dönskum konungi.³³

Hugmynd Íslendinga um að íslenskur landbúnaður væri göfgandi var lengi vel mjög útbreidd skoðun, að minnsta kosti ef miðað er við það sem kom fram í skrifum manna á 19. öld. Þetta viðhorf hóf bændur upp til skýja og umfjallanir um sveitir landsins greindu til dæmis frá eljusemi vinnuhjúa sem höfðu hag húsbónda/bænda fyrir brjósti og höfðu afþakkað hærri laun þegar þröngt var í búi. Það þótti sjálfsagt að vera iðinn við sveitastörfin og draumur margra var að fá jörð til búskapar, hvort sem væri til leigu eða eignar. Landbúnaður var helsta framleiðsluatvinnugrein á Íslandi á 19. öld. Greinin var drifin áfram af smáum framleiðslueiningum sem oft sáu aðeins um að framfleyta hverju og einu búi fyrir sig með litlum sem engum hagnaði. Litið var á aðrar atvinnugreinar eins og sjávarútveg og iðnað sem aukabúgrein en þær fóru svo ört vaxandi um aldamótin 1900.³⁴

³¹ Sjá meðal annars: Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 27–57; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*; Páll Björnsson, *Jón forseti allur?*; Sveinn Yngvi Egilsson, „Leiðin til nútímans,“ 433–525.

³² Sjá meðal annars: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*; Ingi Sigurðsson, „Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á alþýðu,“ 217–246.

³³ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, 72–76.

³⁴ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 27–57; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

Þegar líða tók á öldina fjölgaði Íslendingum meira en áður og varð vinnumennska hlutskipti æ fleiri ævilangt. Eftir árið 1864 leiddi fólksfjölgun og lægra afurðarverð til efnahagslegra þrenginga.³⁵ Sauðasalan til Bretlands ári síðar og fram eftir öldinni hægði þó á niðursveiflunni en þrátt fyrir það fór fólk í auknum mæli að leita atvinnutækifæra við sjávarsíðuna og til Norður-Ameríku. Talið er að allt að fimmtungur landsmanna, eða á bilinu 14–16 þúsund manns, hafi flust búferlum til Vesturheims.³⁶

Með afnámi einokunarverslunar árið 1787 tóku verslunarhættir miklum breytingum. Verð lækkaði ásamt því að fleiri kaupmenn komu til landsins og nokkrir íslenskir kaupmenn hófu rekstur, þó í litlum mæli framan af 19. öldinni. Kaupmennirnir þurftu þó að starfa með rótgrónum dönskum verslunum en árið 1855 var kaupmennska gerð frjáls hér á landi.³⁷ Þær breytingar leiddu til þess að íslenskum kaupmönnum og kaupstöðum fjölgaði og innflutningur landsmanna á til dæmis kaffi, sykri og mjöli jókst til muna. Íslendingar hófu einnig að flytja út nýjar vörur eins og skinn, lax, sauði og hesta á fæti, ull og ullartengdar afurðir og svo mætti lengi áfram telja á meðan vinsældir skreiðarinnar sem útflutningsvöru dvínuðu.³⁸ Sveinbjörn Blöndal sagn- og hagfræðingur segir að eignir og laun Íslendinga hafi verið mikið til fólgin í búpeningi á þessum tíma. En með sölu sauða til Bretlands eftir árið 1865 fékkst greitt í peningum, sem varð til þess að menn höfðu meira á milli handanna, sérstaklega á árabílinu 1884–1890 þegar mesta veltan var. Á svipuðum tíma voru pöntunarfélög og kaupfélög stofnuð og betra verð fékkst fyrir afurðir og innkaup.³⁹

Heimilislíf fólks og einkahagir breyttist með auknum kaupum á vörum sem áður höfðu verið tengdar við óparfa eða munað af einhverju tagi. Þetta átti bæði við matvæli og gripi sem gegndu

³⁵ Sjá meðal annars: Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 39–45; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–45; Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition. Labour and Socio-economic Change before 1940*.

³⁶ Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir en bæjarleið*, 35 og 51–52. Sjá einnig: Helgi Skúli Kjartansson, Steinþór Heiðarsson og Gunnar Karlsson, *Framtíð handan hafis: Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*, 57–60.

³⁷ Sjá meðal annars: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland: Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*; Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, ritstj., *Hagskinna*, 397.

³⁸ Sjá meðal annars: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*; Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, ritstj., *Hagskinna*, 397 og 478–481.

³⁹ Sjá meðal annars: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*; Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þingeyinga og Jón á Gautlöndum*; Halldór Bjarnason, „Utanríkisverslun Íslands á seinni hluta 19. aldar,“ 203–209; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands. Hefðbundin kvikfjárrækt*, III: 63–67; Friðrik G. Olgeirsson, „Breytingar á atvinnulífi og búsetu við Eyjafjörð 1850–1910,“ 18–20; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*, 45–50 og 57–60.

ekki hagnýtum tilgangi, eins og skrautmuni, möndlur, krydd, kökur, silfurborðbúnað, gullþræði og annað í þeim dúr.⁴⁰ Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur ræðir um aukna ásókn Íslendinga í munaðarvöru í grein sinni „Munaðarvara og matarmenning“. Þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að erlend matvara og munaðarvara hafi ratað fyrir inn á íslensk heimili og í ríkari mæli en áður hefur verið talið. Það er að breytta neysluhegðun megi frekar rekja til 18. aldar en til þeirrar 19. eins og þeir sem aðhyllast kenningar nývæðingarinnar halda oft fram.⁴¹

Hugmyndir einstaklinga um lífið og tilveruna, þar á meðal eigin hlutverk í samfélaginu tóku einnig breytingum. Þetta birtist í viðhorfum til þjóðfélagsins og umheimsins, hugmyndum manna um samtakamátt, félagsstofnanir og menningarlíf en allt voru þetta efnispættir sem blómstruðu á þessum tíma og fram á 20. öld.⁴² Hins vegar verður að benda á að breytingarnar gerðust hægt miðað við víða annars staðar í Evrópu, líkt og íhaldssemi sveitasamfélagsins var lýsandi dæmi um. Hugmyndaheimur fólks um sjálf sig og umhverfið tóku þó breytingum, hægum en þó stöðugum út allt tímabilið þrátt fyrir að hversdagsleiki fólks snerist að mestu um að komast af í landbúnaðarsamfélagi þess tíma.⁴³

Þær aðstæður sem hér hafa verið raktar verða hafðar til hliðsjónar í þessari rannsókn, fyrst og fremst til að gera sér grein fyrir þeim kringumstæðum sem fólk bjó við á þessum tíma og sjá hvort efnismenning dragi fram aðra mynd af samfélaginu. Gerð þjóðfélagsins ásamt fólkinu og efnisheiminum hafa skapað raunveruleika Íslendinga á 19. öld. Með því að nota efnismenningu meðfram þeirri umfjöllun sem tímabilið hefur fengið fæst betri mynd af fortíðinni og veitir nýtt sjónarhorn. En hvað er efnismenning og hvaða máli skiptir hún í tilliti til rannsókna á fortíðinni?

Efnismenning og efnisheimur

Efni er það sem hægt er að snerta, horfa á, klæðast og borða. Umhverfi og notkun efnisins mynda svo það sem nefnt er *efnismenning*. Hún er ekki aðeins byggð upp á hinu áþreifanlega heldur tekur

⁴⁰ Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslubjóðfélagið til?“, 76–78.

⁴¹ Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning“, 70–111. Sjá einnig: Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslubjóðfélagið til?“, 76–78; Lýður Björnsson, „Hvað er það sem óhófinu ofbýður?“, 88–101.

⁴² Ingi Sigurðsson, „Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á alþýðu“, 217–246

⁴³ Ingi Sigurðsson, „Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á alþýðu“, 217–246. Sjá einnig: Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory*; Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, 9–58; Guðmundur Hálfðanarson, „Taktmörkun giftinga eða einstaklingsfrelsi. Íhaldssemi og frjálsslyndi á fyrstu árum hins endurreista alþingis“, 457–468; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 87–164.

hún einnig til sambandsins á milli manna og hluta. Í umfjöllun fræðimanna er hugtakið mikið notað innan hugvísinda og menningarfræða til að skoða viðfangsefnið í bæði fortíð og nútíð, staðbundið og alþjóðlega eða sem einhvers konar miðlun eða milligöngu á milli þessara póla.⁴⁴

Innan fornleifafræðarinnar hefur efnismenning alltaf verið í brennidepli en þar má greina tvær nálganir á viðfangsefni greinarinnar. Í fyrsta lagi er það verufræði hluta (e. *ontology of things*) en þar er áherslan á að hlutir eru ekki aðeins til vegna manna heldur hafi sjálfstætt gildi. Túlkun hluta krefji þar af leiðandi ekki tengsla við einstaklinga í rannsóknum fornleifafræðinga.⁴⁵ Í öðru lagi er það táknfræði hluta (e. *semiotics of objects*) þar sem hlutir eru tákni, háð túlkunum notenda og gerenda sinna. Gripir hafi enga þýðingu án samhengis sem einstaklingar og samfélög leggja í þá hverju sinni.⁴⁶

Aðferðir við notkun efnismenningar í fræðaheiminum hafa þó eins og gefur að skilja tekið breytingum. Á níunda áratug 20. aldar var hún til að mynda nýtt til að sýna að félagslegi heimurinn (e. *social world*) væri byggður á efnisheiminum (e. *materiality*) og öfugt. Það er að þessir tveir heimar stæðu í hringferli þar sem þeir hefðu áhrif hvor á annan og hvorugur gæti staðið einn og sér.⁴⁷ Vinsældir eða áhrif textahvarfanna (e. *linguistic turn*) um 1990 leiddi til þess að fræðimenn fóru þá leið að líta á hluti sem mörg tákni sem sköpuðu ákveðið samhengi sem fornleifafræðingar eða sagnfræðingar túlkuðu líkt og um tungumál væri að ræða. Þar af leiðandi var litið svo á að hlutir hefðu ekki áhrif á umhverfi sitt heldur væri maðurinn í aðalhlutverki.⁴⁸

Á tíunda áratugnum gáfust sumir fræðimenn upp á þeim vinkli sem menningarhvorfin (e. *cultural turn*) og textahvorfin settu þeim. Í stað ríkjandi notkunar menningar sem greiningartækis á sviðum eins og textagagnrýni og afstæðishyggju, fóru menn að skoða hluti sem félagslegar breytur sem hefðu áhrif án þess að menn eða menning kæmu þar að.⁴⁹ Bjørnar Olsen fornleifafræðingur

⁴⁴ Sjá meðal annars: Gerritsen og Riello, ritstj., *Writing Material Culture History*, 1–13; Miller og Tilley, „Editorial,“ 5–14; Tilley, ritstj., *Reading Material Culture. Structuralism, Hermeneutics and Post-Structuralism*; Schouwenburg, „Back to the Future?,“ 59–72.

⁴⁵ Sjá meðal annars: Bennett, *Vibrant Matters. A Political Ecology of Things*; Olsen, *In Defense of Things*.

⁴⁶ Sjá meðal annars: Preucel, *Archaeological Semiotics*; Cipolla, „Being and Becoming Stone: Material Semiotics in Colonial New England,“ 1–10.

⁴⁷ Schouwenburg, „Back to the Future?,“ 59–62.

⁴⁸ Sjá meðal annars: Miller og Tilley, „Editorial,“ 5–14; Schouwenburg, „Back to the Future?,“ 59–72; Gerritsen og Riello, ritstj., *Writing Material Culture History*, 1–13.

⁴⁹ Sjá meðal annars: Appadurai, ritstj., *The Social Life of Things. Commodities in Cultural Perspective*; Bennett og Joyce, ritstj., *Material Powers. Cultural Studies, History and the Material Turn*; Miller, *Material Culture and Mass Consumption*; Tilley, ritstj., *Reading Material Culture*.

hefur verið talsmaður þess að hafa efnisheiminn sem heimild í forgrunn rannsókna en ekki ræða um þá í framhjálaupi eða sem stuðning við aðrar heimildir:

Despite the grounding and inescapable materiality of the human condition, things seem to have been subjected to a kind of collective amnesia in social and cultural studies, leaving us with a paradoxically persistent image of societies operating without the mediation of objects.⁵⁰

Í bók Olsens, *In Defense of Things*, kallar hann eftir nýrri nálgun á efnisheiminn. Áhrif póstmóðernismans með textahvörfunum hafi orðið til þess að menn hafi gleymt hinu áþreifanlega – sem einmitt efnismenning fjallar um. Mótmælir hann þeim kenningum að félagsleg og menningarleg mörk verði til án hluta. Að gripir verði einungis til vegna viðhorfa eða skynjunar viðkomandi samfélaga en ekki vegna þeirra sjálfa. Mat hans er þar af leiðandi að endurhugsa verði hugmyndir um eiginleika hluta, í fortíð og nútíð. Tilvera efnisheimsins kalli á það að taka gripi með í reikninginn þegar reynt er að skilja heiminn sem bæði menn og hlutir lifa saman í. Samband þeirra á milli sé náíð og á hverjum degi komi gripir við sögu í lífi fólks og öfugt.⁵¹

Af þessu má sjá að síðustu tvo áratugi hafa fræðimenn í auknum mæli litið til efnismenningar í rannsóknum sínum á fortíðinni og endurhugsað samband hluta og manna. Sumir myndu jafnvel segja að í gangi séu „efnisleg hvörf“ (e. *material turn*). Í umfjöllun um fyrirbærið færir Hans Schouwenburg sagnfræðingur rök fyrir því að í raun hafi orðið tvenn efnisleg hvörf á þessum tíma innan sagnfræðinnar. Fyrst hafi sagnfræðingar farið að nota efnismenningu sem heimildir en innan þess ramma sem menningarhvörfin höfðu sett greininni. Því hafi aðeins verið um að ræða nýjar heimildir en ekki endilega nýja nálgun á söguna – þó vissulega hafi ný innsýn fylgt þeim upplýsingum sem finna mátti í hlutum.⁵² Áhrif frá feminískum fræðimönnum á borð við Karen Barad og Donnu Haraway leiddi svo til nýrrar efnishyggu (e. *new materialism*).⁵³ En þar er tvíhyggjuni sem fylgdi menningarhvörfunum kastað fyrir róða. Í stað þess að hugsa „karl og kona“ eða „menning og náttúra“ ætti frekar að segja „já og“ við aðrar fræðigreinar, nálganir og hugmyndir. Því er um að

⁵⁰ Olsen, *In Defense of Things*, 2.

⁵¹ Olsen, *In Defense of Things*.

⁵² Schouwenburg, „Back to the Future?“, 59–72.

⁵³ Sjá meðal annars: Barad, „Posthumanist Performativity: Toward an Understanding of How Matter Comes to Matter,“ 801–831; Haraway, *When Species Meet*.

ræða nýja nálgun þar sem efnið býr yfir valdi í rannsóknum fræðimanna sem nýta sér greiningartæki hins þverfaglega til að auka við þekkingu á viðfangsefninu.⁵⁴

Sitt sýnist hverjum hvernig eigi að nálgast efnismenningu og ljóst að flókið er að skrifa sögu eða reynslu einstaklinga út frá þeim sjónarhóli. Fræðimenn fara mismunandi leiðir í rannsóknum sínum á viðfangsefninu og nota margar aðferðir og heimildir til umfjöllunar. Gavin Lucas fornleifafræðingur hefur til að mynda fjallað um útbreiðslu leirmuna (e. *pottery*) á Íslandi á tímabilinu 1850–1950. Þar dregur hann fram ákveðnar breytingar á lífi fólks af öllum stéttum út frá eign þeirra á slíkum munum. Niðurstöðurnar sýndu fram á aukna tíðni og magn slíkra áhalda er leið á tímabilið, en samkvæmt Lucas kemur slíkt fram bæði í fornleifarannsóknum og dánarbúsuppskriftum. Í rannsókn hans sýndi þróun efnismenningar fram á breytingar í samfélaginu svo sem aukna kaffidrykkju og breytta neyslu matar, ásamt því að gefa betri mynd af veraldlegum eigum fólks á tímabilinu.⁵⁵

Í bók þjóðfræðinganna Jonas Frykmans og Orvars Löfgrens, *Culture Builders*, fjalla þeir um þjóðfélagsbreytingar sem hafi breytt meðal annars efnismenningu sem hafi síðan skapað og mótað sænska velferðarríkið eins og það þekktist í dag. Með innreið borgaralegra hefða og menningar hafi samfélagið breyst mjög á 19. öld. Niðurstaða þeirra er að þegar hugmyndaheimur manna hafi tekið nýja stefnu hafi efnismenningin fylgt á eftir og leitt til þess að talsverð umskipti hafi orðið á samfélaginu í heild sinni. Auknar kröfur um hreinlæti hafi til að mynda krafist ákveðinna hluta í meira magni eða jafnvel nýrra gripa sem voru til dæmis sápa, balar, sópar, sturtur, tuskur, handklæði og annað slíkt.⁵⁶

Umfjöllun Ágústu Edwald Maxwell fornleifafræðings um þróun og samsetningu búshalda á Íslandi frá 19. öld í gegnum gripasöfn úr fornleifauppgröftum og dánarbúsuppskriftir, er á öndverðum meiði. Þar ræðir hún hvernig hlutir eru háðir hvor öðrum eða krefjast annarra hluta til að gegna tilgangi sínum. Þannig er kaffibolli ekki notaður til kaffidrykkju nema á heimilinu hafi verið áhöld til að hella upp á eins og kaffikvörn eða pottur. Þetta kallar hún neyslunet eða búnt (e. *consumption bundles*) hluta sem höfðu mikil áhrif á daglegt líf fólks. Þar nefnir hún sérstaklega til sögunnar aukið vinnuálag kvenna þegar kaffineysla jókst því þá þurfti að: rista kaffibaunir, mala þær, sjóða vatn, hella upp á kaffi, framreiða, neyta og ganga frá sem tók sinn tíma á 19. öld. Á þennan hátt hafi efnismenning breytt lifnaðarháttum fólks en einnig urðu „snjóboltaáhrif“ með

⁵⁴ Schouwenburg, „Back to the Future?“, 59–72.

⁵⁵ Lucas, „The Widespread Adoption of Pottery in Iceland 1850–1950,” 62–68.

⁵⁶ Frykman og Löfgren, *Culture Builders. A Historical Anthropology of Middle Class Life*.

neyslubúntum. Einn nýr hlutur eins og kaffikvörn þarfnaðist annarra áhalda til að hún gæti nýst til þess að laga kaffið. Vegna þessa hafi innreið nýrra og öðruvísi gripa hafist inn á heimili eins og bollastell, sykurdör, kaffikönnur, kaffibollar eða skálar úr keramik.⁵⁷

Gavin Lucas hefur fjallað um vandkvæðin við að skrifa um fortíðina sem fornleifafræðingur. Þar ræðir hann til að mynda hvernig samhengi hlutanna er síbreytilegt. Fyrst eru hlutir búnir til í ákveðnum aðstæðum, síðar eru þeir í notkun hjá eigendum sínum sem svo hætta notkun sinni á þeim vegna margvíslegra ástæðna. Hlutir verða úreltir, tynast, eyðileggjast, eigandi flytur eða deyr og svo mætti lengi áfram telja. Fornleifauppgröftur er síðan framkvæmdur árum, áratugum eða öldum seinna og þar fá gripirnir annað hlutverk, verða að fornleifum. Í lok uppgrafar eru þeir síðan fluttir í þar til gerðar stofnanir til varðveislu og rannsókna þar sem nýr veruleiki skapast. Rannsakendur hafa síðan sín áhrif á samhengi þeirra með reynslu sinni og staðsetningu í tíma og rúmi. Síðar koma fræðimenn niðurstöðum sínum í orð sem að lokum eru túlkuð af lesendum eða áhorfendum.⁵⁸

Í þessari doktorsrannsókn er tekið mið af þeirri umfjöllun sem hér hefur verið rakin og segja má að hún leiti fanga víða en sé þó fyrst og fremst undir áhrifum nýju efnishyggjunnar. Litið er á efni sem félagslegar breytur líkt og Björnar Olsen nálgast sín viðfangsefni. Hlutir eru í forgrunni sem heimildir um liðna tíð og er þá ekki aðeins um að ræða þær eigur og gripi sem listaðir eru í uppskriftunum og *Sarpi* heldur einnig heimildina sjálfa. Þar sem um ræðir efnismenningu í fortíð og nútíð verður tekið tillit til skrifa Gavin Lucas um hið síbreytilega samhengi sem hlutir fá. Í rannsókninni verður fengist við það hvernig hversdagslegir hlutir sem gegna hagnýtum tilgangi hjá eiganda sínum verða að varðveittum safngripum í eigu Þjóðminjasafnsins, þá sem ákveðnar vörður um liðna tíð. Á milli þessara tveggja póla má svo oft rekja flókið ferðalag einstakra gripa um hendur hinna og þessara sem hafa nýtt sér þá á ólíkum tímum.

Þessi nálgun er þó vandkvæðum háð að því leytnu til að niðurstöður hennar eru að lokum túlkaðar í orð. Nýlegri gagnrýni hefur nefnilega vaxið ásmegin síðustu misseri sem hefur beinst að textahyggju fræðaheimsins. Þegar verið er að skoða efnismenningu eru tilraunir fræðimanna dæmdar til að mistakast, því á endanum þá er úrvinnslan alltaf bundin í tungumálinu sem á ákveðinn hátt er heftandi fyrir viðfangsefnið. Þóra Pétursdóttir fornleifafræðingur hefur skoðað „óstýrilátan“

⁵⁷ Ágústa Edwald Maxwell, „Household Material Culture in 19th Century Iceland: Contextualising Change in the Archaeological Record,“ 1–14; Ágústa Edwald Maxwell og Gavin Lucas, „The Archaeology of Z: Household Economies in Nineteenth-Century Iceland,“ 238–249.

⁵⁸ Lucas, *Writing the Past. Knowledge and Literary Production in Archaeology*.

menningararf (e. *unruly heritage*) í sínum rannsóknum. Hún hefur til dæmis rannsakað yfirgefnar síldarverksmiðjur á Ströndum og nú síðast reka (e. *drift matter*) sem skolar á fjörur hér á landi og í Noregi. Þar hefur hún rekið sig á að erfitt reynist að koma niður lýsingum á þeim efnisheimi sem fyrirfinnst á ströndinni. Að vera í raunverulegum „samskiptum“ við gripi verður aldrei fullkomlega miðlað í texta án þess að eitthvert smáatriði eða merking glatist eða breytist.⁵⁹ Sambærilegt væri ef söfn hefðu enga muni á sýningum sínum heldur aðeins texta eða stafræna miðlun. Að umgangast hluti skapar áhrifamikil hughrif sem vekur meiri athygli safngesta og sem leiðir til aukins áhuga á starfseminni bæði í aðsókn og þátttöku sýningargesta í miðlun safnsins.

Nú má spyrja: Er nokkur leið að nota efnisheim í rannsóknum? Er notkunin dæmd til að mistakast þar sem úrvinnslan er yfirleitt í formi texta? Svarið er eflaust já, en það verður þó að benda á að efnismenning er hluti af fólki og samfélögum og ef hennar nýtur ekki við í rannsóknum á hinu mannlega er þeim einnig ábótavant. Það er því nauðsynlegt að fara í saumana á uppruna heimildanna og gera grein fyrir eiginleikum þeirra. Skoða notendur hlutanna, samfélag þeirra og hið síbreytilega samhengi sem efnisheimurinn er í hverju sinni.

Dánarbúsuppskriftir

Dánarbúsuppskriftir sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands eru skrár sem sýslumenn, hreppstjórar og virðingarmenn gerðu yfir þá lausamuni sem eftir urðu við andlát einstaklinga. Már Jónsson sagnfræðingur hefur rannsakað heimildirnar og áætlað að skjölin geymi upplýsingar um eigur hátt í 33 þúsund Íslendinga á tímabilinu 1741–1900 og fóru flest skiptin fram á árunum 1831–1870. Þessi fjöldi dánarbúa má ætla að endurspegli um þriðjung þjóðarinnar á 19. öld. Heimildirnar gefa því þverskurð þjóðarinnar enda er í skjölunum að finna fólk af öllum stigum samfélagsins – fátæka sem og stórefnaða.⁶⁰

Að fyrirmynd norskra erfðalaga voru hér á landi reglur sem festar voru í sessi í lok 18. aldar sem kváðu á um að skylda væri að skrifa upp dánarbú hins látna þegar erfingjar voru ólögráða eða

⁵⁹ Sjá meðal annars: Olsen og Þóra Pétursdóttir, „Unruly Heritage: Tracing Legacies in the Anthropocene,” 38–45; Þóra Pétursdóttir, „Concrete Matters: Ruins of Modernity and the Things Called Heritage,” 31–53; Þóra Pétursdóttir og Björn Olsen, „Theory Adrift: The Matter of Archaeological Theorizing,” 1–21.

⁶⁰ Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900. Lagalegar forsendur og varðveisla,” 95–100. Í þessari grein eru bráðabirgðatölur frá Má en í dánarbúsgagnagrunni Þjóðskjalasafn Íslands sem hann vann að má sjá þann fjölda sem nýjustu tölur gefa til kynna. Þaðan eru þær upplýsingar dregnar um fjöldann í heimildunum sem fjallað er um í þessari rannsókn, sjá www.danarbu.skjalasafn.is.

bjuggu í annarri sýslu. Ennfremur gat verið að erfingjar væru ekki afkomendur hins látna eða þá að deilur kæmu upp vegna skipta á dánarbúi milli erfingja.⁶¹ Vanalega mættu hreppstjórar ásamt öðrum virðingarmönnum – oftast vel metnir bændur – á heimili eða vist viðkomandi og lögðu verðmat á eigur einstaklinga sem fallið höfðu frá. Formið sem dánarbúsuppskriftirnar eru í höfðu oftast sama snið. Fyrst var sagt frá hvaða matsmenn komu til virðingar, af hverju, hvenær og hvar, síðan fylgdi listi yfir eigur dánarbúsins. Oft voru uppskriftirnar flokkaðar á eftirfarandi hátt: bækur, fatnað, sængurföt, búsgögn, hirslur, verkfæri, búfénað og fasteign/lausan við. Hver hlutur var metinn að verðgildi og verðmæti allra hluta tekið saman í lokin, ásamt þeim skuldum sem hvíldu á búinu, ef þeim var til að dreifa.⁶² Í dánarbúi Guðrúnar Jónsdóttur, sem nefnt var hér í byrjun ritgerðar, má sjá 271 færslu yfir eigur hennar. Þar á meðal voru „2 tindiskar flatir á 64 sk.“, „kistill stór með óníttri skrá á 48 sk.“ og „svæfill gamall á 68 sk.“ Í lok virðingar er heildarupphæð eignanna, 1177 rd. og 42 sk. Loks fylgir svo samantekt á skuldum búsins, sem voru 25 rd. og 20 sk., ásamt uppllistun á arfhlut erfingja af þeirri upphæð sem eftir stóð þegar skuldir voru dregnar frá.⁶³

Hafa ber í huga að uppskriftirnar eru ekki fullkominn listi yfir eigur fólks. Fyrir það fyrsta voru engar samræmdar verklagsreglur yfir framkvæmd virðingarmanna svo sýslumenn gerðu það sem þeim þótti hentugt hverju sinni. Ennfremur gátu erfingjar stundum komist að samkomulagi við yfirvöld um að halda tilteknum hlutum utan við skipti. Þetta var óformlegt og fór eftir aðstæðum hverju sinni.⁶⁴ Þetta hefur leitt til þess að dæmi eru um að gloppur eru í upptalningu virðingarmanna bæði á hlutum sem og heilu gripaflokkunum. Ennfremur gátu aðstandendur freistast til að stinga munum undan eða að hluta úr dánarbúinu hafði verið skipt milli eftirlifenda áður en til virðingar kom. Vísbendingar um slíkt má finna í dánarbúsuppskriftunum þar sem gat komið til deilumála um hvort allt væri til staðar í virðingu embættismanna. Í dánarbúi Árna Sigurðssonar á Snæfellsnesi frá árinu 1876 má sjá af bréfaskiptum sem voru með uppskriftinni að Tómas Eggertsson sýslumaður sakaði Helga, hreppstjóra og son Árna, um að koma eigum föður síns undan.⁶⁵ Ekki er ljóst um málalok en hvað fatnað varðar var tekið fram Helgi hefði ráðstafað honum og erfitt að rekja

⁶¹ *Lovsamling for Island*, V: 664–665; *Lovsamling for Island*, VII: 641. Sjá nánari umfjöllun um þróun þessara reglugerða í: Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1749–1900,“ 87–95.

⁶² Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1749–1900,“ 87–94.

⁶³ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED1/2,1,1: 23. Fylgiskjöl, dánarbú 1809.

⁶⁴ Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1741–1900,“ 96 og 100–101.

⁶⁵ Dánarbúið var metið bæði í ríkisdöllum og krónum og sést þar að krónur voru um tvöföld upphæð af ríkisdöllum, sem passar við hugmyndir manna um gildi krónu og ríkisdals. Sjá meðal annars: *Vef*. Gísli Gunnarsson, „Hvers virði var gamli ríkisdalurinn í íslenskum krónum? – Var munur á íslenskum og dönskum ríkisdal?“.

fatnaðinn til baka.⁶⁶ Þetta dæmi sýnir að erfingjar hafa stundum komið eigum hins látna fyrir áður en til virðingar kom, sérstaklega þeirra sem voru af betri efnum.

Misræmi er einnig að finna í lýsingu virðingarmanna, sem má rekja til áhuga eða verðmæta viðkomandi gripa en þeir gátu verið misítarlegir í skráningu sinni. Til að mynda er hægt að merkja mun á milli virðingamanna þegar uppskriftir einstaklinga eru bornar saman. Sumir höfðu ef til vill meiri áhuga á kvenfatnaði og lýstu honum ítarlega á meðan aðrir virðingarmenn gáfu aðeins upp grunnatriðin. Búfénaði gat líka verið lýst á mismunandi hátt, sumir töldu aðeins fram aldur viðkomandi dýra á meðan aðrir lýstu lit, aldri, skapgerð eða jafnvel ástandi skepnanna.⁶⁷ Það fer því ekkert á milli mála að heimildina verður að taka með fyrirvara og gera ráð fyrir að hver uppskrift sé ekki endilega tæmandi.

Heimildirnar gefa þó sterka vísbendingu um efnahags- og menningarlega skiptingu í samfélaginu enda um að ræða mikinn fjölda einstaklinga sem lifðu og hrærðust í íslensku samfélagi 19. aldar. Annmarkar þessara skjala eru svipaðir og annarra heimilda sem sagnfræðingar og aðrir nota við sínar rannsóknir. Svokallaðar skyndimyndir (e. *snapshot*) eða vísbendingar um fortíðina – margar litlar og oft sundurlausar upplýsingar – geta engu að síður gert fræðimönnum kleift að draga ályktanir um liðna tíð. Þær sýna einstaklingana eða samfélögin á ákveðnum tímapunkti undir mismunandi formerkjum hagsmunaaðila – embættismenn, skuldara, erfingja og aðra aðstandendur að skiptunum.

Fræðileg notkun dánarbúsuppskriftanna hér á landi hefur verið takmörkuð en Már Jónsson hefur þó gefið út mikið af efni byggt á skjölunum ásamt því að hafa komið á laggirnar gagnagrunni yfir heimildirnar með fulltingi Þjóðskjalasafns Íslands.⁶⁸ Hefur hann til dæmis gefið út bækurnar *Hvítur jökull og snauðir menn* og *Sterbúsins fjármunir framtöldust þessir*, sem eiga það sammerkt að sýna eitur fólks og annan fróðleik um lífshlaup þess, draga fram einstök dánarbú í allri sinni dýrð og sýna ýmist ríkidæmi fólks eða fátæktina sem þar blasti við.⁶⁹ Doktorsrannsókn Christine Folke Ax byggðist á dánarbúsuppskriftum 105 einstaklinga á Seltjarnarnesi til að skoða menningarmun í bændasamfélagi 18. aldar. Niðurstaðan var sú að munurinn hafi verið meiri en aðrir sagnfræðingar höfðu áður talið með tilliti til heimilda eins og dómabóka, skiptagjörða og manntala. Heimildirnar

⁶⁶ Þí. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

⁶⁷ Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1741–1900,“ 95–102.

⁶⁸ Vef. „Dánarbú – 18. og 19. öld.“ Sjá einnig: Már Jónsson, „Securing Inheritance. Probate Proceedings in the Nordic Countries 1600–1800,“ 7–30; Már Jónsson. *Þessi sárfátæka sveit. Lausafjäreign í Grindavík og Krísuvík árin 1773–1824.*

⁶⁹ *Hvítur jökull og snauðir menn; Sterbúsins fjármunir framtöldust þessir.*

hafi sýnt meiri fjölbreytileika í samfélaginu og því ekki eins mikla einsleitni og stórsögulegar rannsóknir varpa gjarnan fram.⁷⁰

Erlendir fræðimenn hafa margir hverjir verið iðnir að nota dánarbúsuppskriftir um efnisheiminn á ýmsan hátt. Gildir þá einu hvort um er að ræða einn ákveðinn hlut, flokk hluta, einstaklinga eða þróun samfélagsins. Mary C. Beaudry fornleifafræðingur hefur rannsakað reynslu kvenna í gegnum handavinnuverkfæri þeirra sem skráð voru í dánarbú eða hafa fundist í fornleifauppgröftum. Hennar mat er að þessir smáu hlutir hafi haft mikil áhrif á kyngervi, sjálfsmynd og félagslega stöðu notenda sinna. Með aðferðinni segist hún vera að nota hið smáa til að skrifa um „hið stóra“.⁷¹ Svipaða nálgun hefur Giorgio Riello sagnfræðingur notað í rannsóknum sínum á hvaða áhrif fatnaður fólks gat haft á hversdagslegt líf þess. Í bókinni *Everyday Objects*, hvetur hann fræðimenn sem skoða fortíðina að nota fjölbreytta flóru heimilda. Eitt par af skóm á safni er ekki samnefni yfir að allir hafi notað slíkan búnað á sínum tíma. Þar komi inn heimildir eins og dánarbúsuppskriftir sem geti sýnt þann efnisheim sem áður var og styrki annað hvort ríkjandi söguskoðun eða dragi fram annmarka hennar. Margar skyndimyndir geta því sýnt hversdagslíf fólks á margvíslegan hátt og þar af leiðandi aukið við skilning á fortíðinni.⁷²

Á nálægum slóðum er þessi doktorsrannsókn en í fyrsta lagi var rýnt í eiginleika heimildanna sem sýndi fram á ákveðna ókosti við notkun þeirra. Samanber það ósamræmi sem getur komið upp á milli virðingamanna vegna skorts á verklagsreglum. Þær eyður sem geta komið upp vegna þessa eru þó einnig áhugaverður vinkill á efnismenningu fyrri tíma. Rannsakandi fær meira rými til túlkunar og getur leitað fanga í aðrar heimildir eins og verslunarskjöl, manntöl, blaðskrif einstaklinga frá 19. öld eða varðveitta gripi. Með því að skoða efnisheim dánarbúanna gefst færi á að hafa hversdagslega reynslu einstaklinga meira til frásagnar um samfélagið en aðrar heimildir hafa áður greint frá. Gripirnir sýna hversdagslíf fólksins, vissulega á ákveðnum tímamarki í lífi þeirra. Með því að hafa í huga uppruna og eiginleika uppskriftanna ásamt þeim hagsmunum sem þar lágu að baki er hægt að draga ályktanir um hvað allir þeir stóru og smáu hlutir þýddu sem einstaklingar skildu eftir sig, hvaða heild þeir sköpuðu og hvernig samverkan (e. *interactions*) var á milli gripanna og fólksins. Með öðrum orðum hvaða efnismenningu er þarna að finna?

⁷⁰ Ax, „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar,“ 63–90. Hér má einnig nefna meistarrannsókn Helgu Hlínar Bjarnadóttur sem skoðaði munaðarvörur í dánarbúsuppskriftum: *Lbs.–Hbs.* Helga Hlín Bjarnadóttir, „Þarflegir hlutir og þarfilitir.“

⁷¹ Beaudry, *Findings. The Material Culture of Needlework and Sewing.*

⁷² Riello, „The Material Culture of Walking: Spaces of Methodologies in the Long Eighteenth Century,“ 41–56.

Einvæðingin – Smáir og hversdagslegir hlutir

Hefðbundin sagnaritun fram eftir allri 20. öldinni var oft lituð af stórsögu (e. *grand narrative*) þar sem lítið pláss var fyrir hversdagslíf fólks og einstaka drætti þess. Með tilkomu félagssögunnar á áttunda áratugnum varð aukinn áhugi á því að tengja reynslu venjulegs fólks við stórar formgerðarbreytingar. Þetta var oft gert með því að nálgast viðfangsefnin í gegnum hópa eins og kyn, stéttir, þjóðir eða þjóðarbrot. Á níunda og tíunda áratugnum lá aðferðin undir þó nokkurri gagnrýni að hún fáist aðeins við „meðaltalsmanninn“ þar sem hið sérstæða eða einstaka væri utanveltu ásamt því að sagnaritun þeirra væri oft í stórsögulegum stíl.⁷³

Viðbrögðin við þessum áherslum sagnaritunar ásamt öðrum hræringum eins og menningarhvörfunum urðu þau að sagnfræðingar hófu að skoða hið smáa (e. *singularities*) fremur en hið stóra. Sigurður Gylfi Magnússon kynnti fyrstur hér á landi hina svonefndu einsögu (e. *microhistory*) til leiks sem lagði áherslu á að skoða hið smáa í samfélaginu, einstaklinga, lítil samfélög eða einstök atvik úr sögunni. Síðar meir tók hann til að gagnrýna áherslur einsögufræðinga á að tengja rannsóknareiningar sínar við stærri heildir (e. *contextualization*) og kom þá fram með nýtt rannsóknarmódel sem hann nefndi einvæðingu sögunnar (e. *singularization of history*). Í þessari ritgerð verða báðar þessar aðferðafræðilegu nálganir nýttar, þó þannig að einvæðingarferlið verður tekið inn á nýtt stig eins og rætt verður um síðar.⁷⁴

Í rannsóknum einsögufræðinga hefur aðferðin leitt í ljós meiri fjölbreytni í til að mynda íslensku samfélagi fyrr á öldum sem oft var talið einsleitt. Ákveðnir hópar fólks eins og konur, fátækir bændur og fólk á jaðri samfélagsins („óvenjulegt“ fólk) hafa verið skoðaðir sérstaklega. Heimildir á borð við dagbækur og sendibréf hafa einnig fengið meiri sess í umfjöllun fræðimanna sem aðhyllast þessa hugmyndafræði. Eins og áður sagði hefur Sigurður Gylfi nýtt sér þessa aðferðafræði í rannsóknum sínum og eftir hann liggur töluvert efni þar sem fjallað er um hið smáa í ýmis konar myndum. Nefna má bókina *Menntun, ást og sorg* sem fjallar um menntun og tilfinningar einstaklinga

⁷³ Iggers, *Sagnfræði á 20. öld. Frá vísindalegri hlutlægni til póstmóðernískrar gagnrýni*; Hilma Gunnarsdóttir, „Íslenska söguendurskoðunin: Aðferðir og hugmyndir í sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar,“ 23–149; Ludtke, ritstj., *The History of Everyday Life. Reconstructing Historical Experiences and Ways of Life*.

⁷⁴ Sjá meðal annars: Sigurður Gylfi Magnússon og István M. Szijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice*; Sigurður Gylfi Magnússon, „The Singularization of History: Social history and Microhistory Within the Postmodern State of Knowledge,“ 701–735.

í íslensku sveitasamfélagi 19. aldar út frá sjálfsbókmenntum (e. *egodocuments*), eins og dagbókum og bréfum.

Í bókinni tekur hann fyrir hvernig stórsagan hafi fjallað um tímabilið eða þau ytri skilyrði sem hafi ráðið miklu, sérstaklega hvað varðar menntun og líferni manna.⁷⁵ Út frá þessum almennu skilyrðum dregur hann fram dæmi tveggja bræðra og ber það saman við formgerð samfélagsins. Bræðurnir, Halldór og Níels Jónssynir frá Tindi á Ströndum, höfðu skilið eftir sig mikið magn af persónulegum heimildum. Til dæmis skildi sá fyrrnefndi eftir sig 3000 handritaðar síður í dagbók sinni. Sigurður Gylfi ályktar út frá gögnum bræðranna að almenn sagnaritun segi ekki alla söguna og þar skorti mannlega þáttinn sem einsagan geti betur gefið til kynna en aðrar aðferðir innan sagnfræðinnar bjóða upp á. Hann kemst til dæmis að þeirri niðurstöðu að hátt hlutfall læsis hér á landi á tímabilinu megi rekja til stöðugs ótta við dauðann. Fólk hafi flúið hversdagsleikann með því að sækja í heim ímyndaðra sagna til eigin huggunar.⁷⁶ Einnig kemur fram í rannsókn hans að bræðurnir náðu að skapa sér ákveðna sérstöðu í sveitasamfélaginu sem vistaði þá, einkum Halldór sem var þekktur vegghleðslumaður og eftirsóttur sem slíkur. Þannig urðu til ákveðin skilyrði fyrir hinn svonefnda frumiðnað (e. *proto-industry*) sem var nauðsynleg forsenda fyrir þær breytingar sem samfélagið íslenska gekk í gengum þegar það iðnvæddist á 20. öld. Íslenskir sagnfræðingar höfðu með öðrum heimildum litið framhjá þessari starfsemi sem birtist greinilega í dagbókarskrifum þeirra bræðra. Með þessu móti náði Sigurður Gylfi að draga fram mikilvægt einkenni sveitasamfélagsins sem stórsaga yfirlitsritanna hafði litið framhjá.⁷⁷

Segja má að einkenni einsögunnar sé að frásögnin og sjónarhornið sé á ákveðna einstaklinga eða heimildir. Þannig er áherslan á vinnukonuna Guðrúnu Ketilsdóttur í rannsókn Guðnýjar Hallgrímsdóttur sagnfræðings ágætt dæmi um slíka nálgun. Höfundur lýsir henni sem atkvæðamikilli konu í þröngum aðstæðum kvenna í samfélagi þess tíma út frá samtímaheimildum frá 18. öld. En birtingarmynd Guðrúnar í eftirheimildum var sú að hún hefði verið skritin og málglöð, kerlingarflón, sem að mati Guðnýjar sýnir viðhorf fræðasamfélagsins á fyrri hluta 20. aldar til kvenna og þeirra sem minna máttu sín. Höfundur notar stutt sjálfsævisöguhandrit eftir Guðrúnu sjálfa til að ná betur yfir ævi hennar ásamt því að styðjast við aðrar heimildir eins og kirkjubækur og dánarbúsuppskrift. Með

⁷⁵ Eins og til dæmis þá þætti sem höfðu áhrif á ungbarnadauða: heilsugæslu, lífslíkur, sjúkdóma, barnauppleidi og hreinlæti: Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

⁷⁶ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 165–264.

⁷⁷ Sigurður Gylfi Magnússon, „„Jeg er 479 dögum yngri en Nillí“. Dagbækur og daglegt líf Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf,“ 334–339. Sjá einnig: Hrefna Róbertsdóttir, „Frumiðnaður á 17. og 18. öld,“ 345–353.

Þessu dregur hún fram líf og atbeina (e. *agency*) vinnukonu á þessum tíma ásamt því að gagnrýna hvernig viðhorf eða meðhöndlun heimilda um konur hafi verið hér á landi. Algengt var (og er) að litið sé niður á heimildir sem þeim eru tengdar og þau dæmd annars flokks. Áður fyrr voru heimildir sem komu frá konum skráðar undir gögn sem tengdust feðrum þeirra, eiginmönnum eða sonum, sem veldur því að þær tynast í handritadeildum safna.⁷⁸ Ritaðar heimildir eru þó ekki aðeins einu vísbendingarnar sem finna má um einstaklinga heldur er efnisheimurinn einnig notaður til vitnis um einstaklinga eða fortíðina.

Í doktorsrannsókn Kristjáns Mímissonar fornleifafræðings gerir hann að umtalsefni „smáa og venjulega“ gripi (e. *small and ordinary things*) sem fundust í fornleifauppgreftri að Búðárbakka í Árnassýslu.⁷⁹ Hann nýtir þá gripi til að lýsa „ævi“ ábúanda út frá mjög fábreyttu efni sem fannst á staðnum, einkum nokkurs fjölda steinsleggja. Þannig skoðar hann þau gagnkvæmu áhrif sem voru á milli notanda og allra þeirra smáu gripa sem fundust og rýnir í leiðinni í ævisögu fornleifanna.⁸⁰ Með því að skoða hið smáa og hversdagslega fáum við annað sjónarhorn á söguna sem endurspeglar betur mismunandi reynslu fólks í fortíðinni.

Ljóst er að doktorsrannsóknin hér er staðsett innan sviðs einsögunnar á þann hátt að verið er að draga fram efnisheim úr afmörkuðum heimildasöfnum – í dánarbúsuppskriftir og safnkost – til frásagnar um liðna tíð. Hvað segja hlutirnir um eigendur sína og stöðu þeirra? Hvaða gripir eru síðar varðveittir á Þjóðminjasafni? Tilgangurinn með þessari greiningu er að sjá hið mannlega í gegnum nýtt sjónarhorn – hlutina – en margir hafa sagt að við séum mannleg af því að við notum hluti.⁸¹ Eins og komið verður inn á hér á eftir þá hóf ég rannsóknina með stórt mengi einstaklinga í huga sem ég smættaði svo niður eftir ákveðnum viðmiðum. Að lokum stóðu eftir 104 einstaklingar sem eru uppistaðan í greiningu minni. Í anda einsögunnar einbeitti ég mér að þessu fólki og veraldlegum eigum þess. Hver fékk þannig ákveðna greiningu í anda einvæðingar sögunnar sem einskorðar sig við viðfangsefnið sjálft og umhverfi þess án þess að tengja það við stærri heildir eins og Sigurður

⁷⁸ Guðný Hallgrímsdóttir, *Tale of a Fool? A Microhistorical Study of an 18th Century Peasant Woman*; Guðný Hallgrímsdóttir, *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu*.

⁷⁹ Kristján Mímisson, *A Life in Stones. The Material Biography of a 17th Century Peasant from the Southern Highlands of Iceland*.

⁸⁰ Sjá meðal annars: Kristján Mímisson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Singularizing the Past: The History and Archaeology of the Small and Ordinary,“ 131–156.

⁸¹ Sjá meðal annars: Olsen, „Material Culture after Text: Re-Membering Things,“ 87–104; Lucas, *Understanding the Archaeological Record*.

Gylfi hefur skýrt virkni fyrirbærisins.⁸² Ég hef hins vegar snúið upp á þessa nálgun með því að taka þennan tiltekna hóp og bera hann saman með aðferðum sem verða skýrðar hér á eftir. Ég lít svo á að ég hafi þannig nálgast einvæðingu sögunnar með öðrum hætti en Sigurður Gylfi hefur lagt til og feta þar svipaða slóð og Sólveig Ólafsdóttir gerir í sinni doktorsritgerð, *Vald og vanmáttur*.⁸³

Í vissum skilningi er rannsóknin þannig í anda klassískra félagssögurannsókna sem taka fyrir hópa í samfélaginu og skoða stöðu þeirra og virkni frá ýmsum hliðum. Það sem er frábugðið í minni greiningu er að „hópurinn“ sem kom til skoðunar eru einstaklingar sem tilheyra ákveðnum atvinnustéttum sem gátu átt lítið sameiginlegt. Með öðrum orðum, hér er því byggt á hugmyndafræði einvæðingar sögunnar en farið í nýjar áttir með því að snúa greiningunni yfir á marga einstaklinga og gripi sem tilheyrðu þeim.

Menningararfur

Hugtakið menningararfur (e. *heritage*) er margslungið hugtak. Í daglegu tali og fræðilegri umfjöllun er það oft tengt við söfn, fornminjar, hefðir og siði sem varðveitt eru í einhverju formi og miðlað á margvíslegan hátt. Síðustu áratugi hefur ákveðin þróun átt sér stað, svokölluð „menningararfræðing“ sem leitt hefur til þess að meira og fjölbreyttara „úrval“ er af menningararfi. Menningararfur getur verið áþreifanlegur (e. *tangible*), óáþreifanlegur (e. *intangible*), opinber (e. *official*) og óopinber (e. *unofficial*). Oft á tíðum er hann eitthvað sem skilar sér í gegnum kynslóðir og er sameinandi fyrir hópa líkt og staðir sem tengja saman nútíð og fortíð. Hlutur eða siður sem þjónar þeim tilgangi að vera tákni um sameiginlega fortíð, fyrir hópa eða þjóðir til að skilja tilveru sína og tengja við uppruna sinn.⁸⁴

Rodney Harrison menningarfræðingur hefur sagt menningararf vera tungumál sem notað sé í samtímanum til að lýsa mikilsmetnum hlutum frá fortíðinni.⁸⁵ Merking hluta breytist yfir í að vera eitthvað sem mikilvægt sé að varðveita og miðla í einhverju formi. Eitt sinn notaði fólk aska til að borða mat sinn úr og geyma matvæli í. Með breyttum matarvenjum og samfélagsbreytingum fór fólk að nota diska í stað þeirra. Þetta voru þó ekki endalokin fyrir matarílátið sem fékk nýtt gildi eftir því sem leið á 20. öldina og stendur nú í flestum söfnum í kringum landið sem tákni um fyrri tíð.

⁸² Sigurður Gylfi Magnússon, „The Singularization of History,“ 701–735.

⁸³ Sólveig Ólafsdóttir, *Vald og vanmáttur*, 19 og 212–213.

⁸⁴ Sjá meðal annars: Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, „Gagnrýnin menningararfræði. Rannsóknarsvið í mótun,“ 9–18; Harrison, *Heritage*, 5–7.

⁸⁵ Vef. Harrison, „Dr. Rodney Harrison’s showreel (3/16)“.

Samfélagið fór að tala um og meta aska á nýjan og breyttan hátt – hlutverk gripsins tók umskiptum. Þeir eru áþreifanleg tenging við fortíðina sem miðlað er sem opinberum menningararfi á fjölmörgum sýningum um sögu landsins. En eins og gefur að skilja er áþreifanlegur menningararfur oftast efnislegir hlutir eins og fornminjar, torfbærir eða eitthvað sem hægt er að snerta. Hins vegar er óáþreifanlegur arfur eitthvað sem ekki er hægt að handfjatla, eins og dansar, söngvar og hefðir.

Opinber menningararfur er sá sem hampað er á tyllidögum, eitthvað sem stjórnvöld hafa lagt blessun sína yfir og haft er til sýnis á stofnunum eins og söfnum. Líkt og Þjóðbúningurinn sem sérstakt *Þjóðbúningaráð* miðlar fróðleik og upplýsingum um, bæði „réttri“ gerð hans og þróun.⁸⁶ Ennfremur er til menningararfur sem er óopinber sem þýðir að ekki hafa verið sett nein lög um viðkomandi fyrirbæri og því ekki komið fyrir innan stofnunar. Dæmi um slíkt væri til að mynda þorramatur og þorrablót sem margir myndu nefna sem íslenskan menningararf. Hins vegar eru engar reglur eða sérstök stofnun sem sér til þess að varðveita eða miðla „hinum eina sanna“ þorramat eða hafa umsjón með þorrablótum.⁸⁷

Menningararfur er því ekki eitthvað sem verður til við ákveðinn aldur heldur fyrirbæri sem tengist meira samtímanum og byggist á ákveðinni orðræðu og valdi yfir söguskoðun. Bókin *Uses of Heritage*, eftir fornleifafræðinginn Laurajane Smith, hefur haft áhrif á mótun gagnrýnna menningararfsfræða (e. *critical heritage studies*). Þar ræðir hún hvernig menningararfur hefur verið notaður í gegnum tíðina og hvernig textahvörfin hafa haft áhrif á hvernig hugtakið sjálft hefur breyst. Hún segir „engan hlut vera menningararf“ heldur sé ráðandi orðræða sem leitast við að stýra, með tilteknum athöfnum, stofnunum, lögum og reglum, hvernig hugsað er, talað eða skrifað er um það sem er staðhæft að sé menningararfur.⁸⁸

Hlutir fá ólíka athygli eða umfjöllun á hverjum tíma og eru að lokum fjarlægðir úr sínu venjubundna umhverfi og settir undir hatt menningararfs þar sem þeir verða framandlegir. Smith segir að ákveðnir hópar, sérfræðinga eða stjórnvöld geti verið þeir aðilar sem ráða því hvernig þessi breytta orðræða þróast. Oft steðji eyðilegging að fyrirbærinu, og því sé nauðsynlegt að varðveita það og miðla því til komandi kynslóða. Lykilhugtökin eru því „eyðilegging“, „varðveisla“ og „miðlun“, sem að mati Smith og annarra spilar stórt hlutverk í þeirri skapandi orðræðu sem menningararfurinn er.

⁸⁶ Vef. „Þjóðbúningaráð“.

⁸⁷ Kristinn Schram, „Obscurity as Heritage. The Þorrablót revisited,“ 134–140.

⁸⁸ Smith, *Uses of Heritage*, 11–43.

Eitt besta dæmið um þessa skapandi orðræðu er umfjöllun Valdimar Tr. Hafsteins Þjóðfræðings um húsabrunann í Lækjargötu árið 2007. Tvö hús sem áður höfðu hýst Nike verslun, kebab stað og skemmtistaðinn Pravda brunnu til kaldra kola í beinni útsendingu fjölmiðla. Eftir því sem eyðileggingin kom betur í ljós fóru fjölmiðlamenn og viðmælendur þeirra að velta fyrir sér hvort þarna væri dýrmætur menningararfur að glatast. Næstu daga og vikur eftir brunann snerist umræðan um hvernig mætti gera húsin upp til að varðveita þær menningarminjar sem þarna hefðu eyðilagst. Með eldsvoðanum hafði eitthvað glatast, ef til vill eitthvað sem fólk vissi ekki alveg hvað var en fór að finna fyrir ákveðinni þörf til að varðveita og miðla. Endurbýggja í svipaðri mynd til að tryggja það að komandi kynslóðir gætu séð (eða jafnvel „notið“) bygginganna líkt og þær voru.⁸⁹ Fortíðin hefur því lítið að segja um hvað verður að menningararfi heldur er það samtíminn sem skilgreinir hann.

Aukinn áhugi samtímans á menningararfinum hefur leitt til þess sem nefnt hefur verið „menningararfsvæðing“. Þar er vísað til þess að fjölbreyttari fyrirbæri eru skilgreind sem menningararfur oft vegna tilrauna til að markaðssetja einhver fyrirbæri sem eiga sér sögu. Ekki aðeins eru fornminjar og safngripir menningarminjar heldur einnig siðir og hefðir. Þetta sést einna best á stofnun lista Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) yfir óáþreifanlegan menningararf og þeirri aukningu sem hefur orðið á nýskráningu á listanum.⁹⁰ Skýringuna á þessari stöðu má ef til vill rekja til þess að menningararfsframléiðsla í heiminum er orðin að atvinnugrein sem tengist bæði menntun og ferðamennsku. Fornleifafræðingurinn Lynn Meskell hefur sagt menningararfinn vera drifinn af pólitískum og efnahagslegum öflum. Pólitísk öfl megi finna innan UNESCO sem fer með mikil völd yfir því hvað telst til heimsminja. Þar hafa mikil áhrif samstarf og samskipti þjóða innan stofnunarinnar sem hefur úrslitaatkvæðið í hvernig staðir og hlutir hljóta sinn sess á heimsminjaskrá UNESCO. Hin hliðin snýr að efnahagslegum ávinningi sem knýr starfsemi til dæmis ferðaþjónustustaða áfram. En þá ræður markaðssetning viðkomandi staða því hvað það er sem ferðamenn fá áhuga á að sækja heim. Ef stofnunin/staðurinn er vinsæll hjá ferðamönnum fá þeir ákveðna viðurkenningu á „sínunum“ menningararfi í gegnum hærri tekjur og framlög sem bitnar á þeim sem fá ekki eins mikla aðsókn.⁹¹

⁸⁹ Sjá meðal annars: Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur í öðru veldi. Skipan menningararfsins,“ 19–39.

⁹⁰ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur,“ 314–316. Sjá einnig heimasíðu UNESCO þar sem sjá má listana yfir áþreifanlegan og óáþreifanlegan menningararf; whc.unesco.org.

⁹¹ Sjá meðal annars: Meskell, *Nature of Heritage. The New South Africa*; Meskell, „States of Conservation: Protection, Politics, and Pacting within UNESCO’s World Heritage Committee,“ 217–243; Meskell, *A Future in Ruins. UNESCO, World Heritage, and the Dream of Peace*.

Af þessu má ráða að menningararfur er ekki aðeins efnislegur eins og byggingar og safngripir eru heldur frekar eitthvað annað og „flóknara“. Fornleifafræðingarnir Håkan Karlsson og Anders Gustafsson eru annarrar skoðunar og segja að efnislegir hlutir skapi menningararf en ekki orðræða. Sanngildi (e. *authenticity*) hluta sé byggður á hvort þeir séu upprunalegir, sannir og áreiðanlegir vitnisburðir um fortíðina. Þeir verði því að vera sannfærandi; aldur þeirra, efni, lögun, upprunalegt samhengi og notkun skipti allt máli í því sambandi.⁹² Þetta viðhorf gefur í skyn að gripurinn sjálfur búi yfir einhvers konar eðli og verðmætum sem geri okkur kleift að líta á hann sem menningararf.

Karlsson og Gustafsson eru þó meðvitaðir um staði og hluti sem eru markaðsettir eða „seldir“ sem menningararfur þó sanngildi þeirra sé álitid takmarkað. En þá koma inn önnur efnisleg áhrif sem gera gestum eða ferðamönnum grein fyrir að þeir séu að skoða eitthvað óvenjulegt – eða verðmætt. Sviðsetning (e. *staging*) minja spilar töluvert hlutverk í miðlun. Textaskilti, glerskápar, girðingar, húsnæði og fleira er dæmi um hluti sem sviðsetja eitthvað ákveðið sem menningararf. Rannsókn þeirra félaga á áletrunum og teikningum á steina sem hafa verið skráðir á heimsminjaskrá UNESCO leiddi í ljós að fyrir væri töluvert af öðrum efnislegum áhrifum sem gæfu til kynna „hvers konar“ staðir þetta væru. Girðingar voru notaðar til að stjórna umgangi gesta svo steinarnir hlytu ekki skaða af átroðningi og textaskilti voru notuð til fróðleiks um grjótið. Gestum var því ekki gert kleift að draga eigin ályktanir af eiginleikum steinanna heldur var sviðsetningin þegar búin að skapa samhengið – eða menningararf.⁹³

Menningararfur er því ákveðin blanda af efnislegum hlutum og viðhorfum samtímans til þess hvað telst til menningarminja og hvað ekki. Hér í þessari rannsókn er opinber og áþreifanlegur menningararfur til umræðu, það er að segja það munasafn sem varðveitt er frá 19. öld í Þjóðminjasafni Íslands. Skoðað verður sérstaklega hvers konar hlutir það eru sem koma til varðveislu og farið í hvers konar þróun það er sem veldur því að hversdagslegur hlutur verður að safngrip. Hvaða gripum er safnað og þeir þannig taldir til menningararfs þjóðarinnar? Hvers konar mynd gefa menningarminjarnar af samfélagi 19. aldar þá með hliðsjón af dánarbúsuppskriftunum? Þá gefst kostur á að rannsaka hvers konar gripir varðveitast auk þess að hægt er að spá í hvaða gripir eða gripaflokkar hafa aldrei ratað inn á söfnin.

⁹² Karlsson og Gustafsson, „Authenticity and the Construction of Existential Identity,“ 633–653.

⁹³ Karlsson og Gustafsson, „Authenticity and the Construction of Existential Identity,“ 633–653.

Varðveisla – söfnun, aðfangabækur og Sarpur

Varðveisla gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa menningararf því hættan er sú að það sem er ekki til eigi til að gleymast eða falla í skuggann af því sem er til staðar. Eitthvað raunverulegt þarf að vera til svo hægt sé að sýna tengingu á milli nútíðar og fortíðar, sameiginlega sögu eða reynslu hópa eða samfélaga.⁹⁴ Varðveisluaðilar stjórna miklu um hvers konar safnkostur það er sem er hampað sem menningararfi í krafti þeirra afla sem rædd voru í fyrri kafla. En það gera þeir með söfnunarstefnum sem eru í raun samtali á milli til dæmis starfsfólks safnsins, annarra safna, stjórnvalda, almennings, fræðimanna og hagsmunaaðila. Í þeim sést hverju á að safna, hver áhersla hvers og eins safns er ásamt því hvaða söfnunaráherslur hafa verið í gegnum tíðina. Þannig hefur söfnunarstefna Þjóðminjasafnsins tekið breytingum frá stofnun þess þar sem forngripum var fyrst og fremst safnað, en í dag er söfnun þess víðtækari og snýr meðal annars að samtímagripum og tækniminjum.⁹⁵

Nú síðustu ár hefur stofnunum fjölgað sem sinna varðveislu á einhvern hátt. Í skýrslunni *Söfn og ferðapjónusta*, er rætt um mikla aukningu gesta og safna. Þar er ennfremur ályktað að vöxtur beggja sé ákveðið hringferli; ferðamönnum fjölgar og þar af leiðandi söfnum. Mesta fjölgunin hafi verið árin 2002–2003 en frá árinu 2008 hefur þeim hægt og bítandi fjölgað í takt við vaxandi ásókn erlendra ferðamanna til landsins.⁹⁶ Niðurstaða og efni skýrslunnar gefur því til að kynna að efnahagsleg og pólitísk öfl skapi menningararf líkt og Lynn Meskell heldur fram.⁹⁷ Eftirspurn eftir að skoða menningu landsins jókst og þar með framboðið. Stjórnvöld hófu líka að sýna vaxandi áhuga á menningarferðamennsku líkt og skýrsla um menningarmál og ferðapjónustu sem kom út árið 2003

⁹⁴ Sigurjón Baldur Hafstein, ritstj., *Byggðasöfn á Íslandi*.

⁹⁵ Í siðareglum ICOM (Alþjóðaráð safna) er skylda fyrir söfn að „samþykkja og birta skjalfesta stefnu um aðföng, varðveislu og notkun safneignar“. *Siðareglur ICOM. Fyrir söfn*, 10. Sjá einnig: Inni á heimasíðu Þjóðminjasafn Íslands má sjá undir „Skýrslur“ söfnunarstefnur frá árinu 2010. Umfjöllun um breytingar á söfnunarstefnu í gegnum tíðina í: Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, vii–xxx; Árni Björnsson, ritstj. *Gersemur og þarfaping. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*, 7–10; Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir, ritstj., *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*, 9–11; Vef. „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins,“ 435–458; *Óútg.* Anna Lís Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar? Söfnun Matthíasar Þórðarsonar 1908–1947“.

⁹⁶ Anna Guðrún Ragnarsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Elísabet Pétursdóttir, Gunnar Haraldsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, *Söfn og ferðapjónusta. Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands*, 24–27.

⁹⁷ Meskell, *Nature of Heritage*; Meskell, *A Future in Ruins*.

og stofnun ráðuneytis ferðamála er dæmi um.⁹⁸ Vilji stjórnvalda var einnig að festa menningarferðamennsku í sessi með til að mynda alþjóðlegum samningum. Dæmi um slíkt er samningur UNESCO um menningarerfðir sem Ísland gerðist aðili að árið 2003. Samkvæmt honum skuldbinda fjölmörg lönd sig til að varðveita og miðla menningararfi. Þar er til dæmis komið inn á skyldur samningsaðila til að varðveita menningarerfðir með öllum tiltækum ráðum, með því meðal annars að fjölga varðveislustofnunum og mynda heildarstefnu í þeim málum.⁹⁹ Þær stofnanir sem sinna slíkri varðveislu eru til dæmis skjalasöfn, muna- og bókasöfn, þjóðbúningaráð og aðrir aðilar.

Varðveisla er þó ekki aðeins að geyma hluti heldur er skráning gripanna álitin nauðsynlegur hluti af henni. Með henni fylgir þekkingin á því hvað er að finna á viðkomandi safni. Skráning þessi fer fram í aðfangabækur safnanna og er æði misjafnt hvernig staðið er að slíkum verkum. Á Þjóðminjasafni Íslands er skráð í aðfangabækur við komu hlutanna þar sem helstu upplýsingar eru teknar niður um viðkomandi gripi: aldur, efni og gerð þeirra, eigendur, gefendur, og í einhverjum tilfellum er saga þeirra skráð. Nú til dags er unnið með skráningu aðfangabóka í raunheimum og rafrænt inn á innri vef gagnagrunnsins *Sarps*. Starfsmenn safna færa þar inn myndir og upplýsingar í skriflegu formi, úr aðfangabókum, til staðfestingar á varðveislunni.

Með þessari aðferð má segja að með skráningunni sé búinn til vitnisburður eða sönnun á mikilvægi munarins og nýju samhengi hans. Umhverfi safngripa er orðið stofnanavætt og með því að komast á lista safnsins eða verða hluti af safnkostinum hefur hluturinn fengið nýja merkingu – sem menningararfur, líkt og Laurajane Smith bendir á í umræðu sinni um myndun menningararfs.¹⁰⁰ Þegar gripur kemur inn til safnsins og er færður inn í aðfangabók fellur hann undir lög sem eru notuð til að skilgreina hann og vernda.¹⁰¹ *Sarpur* var notaður í þessari rannsókn við val og greiningu á safnkosti Þjóðminjasafnsins. Því líkt og dánarbúsuppskriftir gefur gagnagrunnurinn yfirlit yfir hluti sem hægt er að meta, hvers konar efnismenningu er að finna inni á safninu. Eins og rakið var hér að framan eru vissulega aðrir möguleikar í stöðunni þegar meta á gripi sem tilheyra Þjóðminjasafninu, en *Sarpur* er þó, vegna umfangs verksins, að mínum dómi eina raunhæfa tækið fyrir slíkt mat.

Þó má benda á að gripurinn hefur einnig yfir að ráða ákveðnum „eiginleikum“ sem gerir hann „öðruvísi“ eins og Håkan Karlsson og Anders Gustafsson hafa bent á.¹⁰² Hið nýja efnislega umhverfi

⁹⁸ Tómas Ingi Olrich, *Menningartengd ferðapjónusta*.

⁹⁹ Vef. Menntamálaráðuneytið, „Samningur um varðveislu menningarerfða. París, 29. september–17. október 2003“.

¹⁰⁰ Smith, *Uses of Heritage*, 11–43.

¹⁰¹ *Siðareglur ICOM*, 10–13.

¹⁰² Karlsson og Gustafsson, „Authenticity and the Construction of Existential Identity,“ 633–653.

hans skilgreinir hann einnig og aðgreinir frá öðrum gripum utan safnsins. Líkast til endar munurinn í kassa eða hillu í munasafni Þjóðminjasafns Íslands, hann fær skrifað safnnúmer á sig eða merkimiði settur á hann og upplýsingar eru skráðar í aðfangabók: Allt saman efnislegar aðstæður sem gefa til kynna að þarna sé á ferðinni menningararfur – eða í hið minnsta eitthvað sem felur í sér ákveðin verðmæti fyrir stofnunina sem þjónustar samfélagið.

Í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins frá árinu 2017 segir um kjarnastarfsemi þess að lögð sé áhersla á fimm stoðir safnstarfs: miðlun, rannsóknir, varðveislu, söfnun og skráningu.¹⁰³ Það er því ekki aðeins nóg að varðveita menningarminjar heldur þarf aðgengi annarra að vera gott að þeim og þar er undirstaðan góð skráning safnkostsins. Á vef Þjóðminjasafnsins segir meðal annars um skráningu að hún sé einn af hornsteinum safnsstarfsins. Frá upphafi hafi henni verið vel sinnt þar sem lýsing gripa hafi verið færð inn í svokallaða aðfangabók safnsins. Lengi vel hafi hverjum og einum mun verið lýst, greint frá gefendum og komudagsetningu í aðfangabók en síðar hafi skráningarformið færst yfir í spjaldskrá og upp úr 1990 voru gerðar úrbætur á rafrænu skráningarkerfi. Markmiðið var að samhæfa atriði sem voru sameiginleg milli munaflokka innan Þjóðminjasafnsins. Á tíunda áratug 20. aldar var þessi samræming þróuð og stóð safnið fyrir því að búa til skráningarkerfi sem fékk nafnið *Sarpur*. Um og upp úr aldamótunum 2000 tóku síðan flest minjasöfn landsins þetta sama kerfi upp ásamt nokkrum sérsöfnum.¹⁰⁴

Sarpur er gagnlegt tól safnamanna til að skrá aðföng inn á samræmdan hátt sem bætir safnastarf í landinu með vandaðri, samhæfðum vinnubrögðum við skráningu og aukinni þekkingu á safnakostinum. Til að byrja með var þetta skráningarkerfi aðeins aðgengilegt starfsmönnum aðildarsafna en árið 2013 var stórt skref stigið til að auka aðgengi að safnkosti safnanna þegar ytri vefur *Sarps* var opnaður fyrir almenning.¹⁰⁵ Þess ber að geta að vefurinn hefur unnið til Íslensku safnaverðlaunanna þar sem segir meðal annars í umsögn valnefndar um gagnasafnið:

Ytri vefurinn er gátt inn í skráningarkerfi safnanna þar sem upplýsingar um safnkost þeirra er að finna. Fjárjóður sá, sem söfnin varðveita, er einstaklega fjölbreyttur; þar má finna margskonar brúkhloti, ljósmyndir, myndlistarverk af ýmsu tagi, lýsingu á þjóðháttum fyrr og nú ásamt upplýsingum um hús og margt fleira. Ytri vefur *Sarps* er bylting í aðgengi

¹⁰³ Anna Lísá Rúnarsdóttir, ritstj., *Ársskýrsla Þjóðminjasafns Íslands 2017*, 12.

¹⁰⁴ Vef. „Skráning“.

¹⁰⁵ Sjá meðal annars: Vef. „Um Sarp“; Vef. „Skráning“.

almennings að upplýsingum um menningararfinn og skapar tækifæri fyrir alla sem áhuga hafa á safnkosti íslenskra safna til að finna upplýsingar, skoða, bera saman og deila.¹⁰⁶

Með gagnasafninu varð til yfirsýn yfir safnkostinn sem til er í landinu en einnig tækifæri til að „stoppa í götin“ og búa til nýjar áherslur í söfnun safna á þeim aðföngum sem minna eða ekkert var varðveitt af.¹⁰⁷ Viðfangsefni þessarar rannsóknar er einmitt varðveisla og skráning sem skoðuð verður í gegnum rafræna skráningu Þjóðminjasafns Íslands. En þar verður kannað hvers konar „varðveislu“ eða menningarf er verið að tryggja til frambúðar innan stofnunarinnar sem ber mikilvæga samfélagslega ábyrgð sem eitt af höfuðsöfnum landsins.¹⁰⁸

Í *Sarpi* (og aðfangabókum) er þó ekki aðeins hægt að sjá hvaða muni safnið á heldur má einnig skoða lýsingar á eiginleikum og gerð þeirra líkt og dánarbúsuppskriftanna. Í þessum heimildum sjást mismunandi skráningar á sömu tegund af gripum eftir því hvenær þeir eru teknir inn eða hver það var sem skráði. Draga má þá ályktun að áhugi skráningaraðila hafi ekki verið sá sami í gegnum tíðina ásamt því að söfnunarstefnur taka breytingum með tímanum. Slíka þróun má greina í aðfangabókum Þjóðminjasafnsins eins og þær birtast í *Sarpi* út frá söfnunaráherslum, verklagsreglum og starfsmönnum. Áhugi og þekking skráningaraðila hefur einnig áhrif á hvaða upplýsingar það eru sem koma fram um safngripi í aðfangabókum. Dæmi eru um ítarlega skráningu á vissum munum á meðan sumir fá aðeins grunnskráningu. Í *Sarpi* má til að mynda finna silfursykurkar (Þjms. 2008-10-1) þar sem upplýsingarnar eru frekar nákvæmar. Þar fylgir ítarleg lýsing, saga þess, hverjir voru notendur og eigendur, og fleira í þeim dúr. Slíkt er þó ekki alltaf raunin.¹⁰⁹ Hrífa (Þjms. 6187) er sem dæmi einungis með upplýsingar um stærð, efni og smíð hennar.¹¹⁰

Í gegnum þá gripi sem samtímanum berast frá fortíðinni með varðveislu má greina hvers konar munir það eru sem verða að menningararfi. Skráning safnkostsins sýnir fjölbreytta gripi sem var safnað frá einum tíma til annars eftir mismunandi leiðum – gjöf, kaup eða áhuga safnsins/starfsmanna. Það má segja að svipað ferli hafi átt sér stað þegar hlutirnir söfnuðust á hendur eigenda sinna eins og sjá má í dánarbúsuppskriftunum. Þær boðleiðir eru ræddar og hver munurinn sé á hlut í dánarbúi og þeim sem er geymdur á safninu. Spurt er hvernig koma hlutir inn

¹⁰⁶ Vef. „Safnaverðlaunin – Íslensku safnaverðlaunin“.

¹⁰⁷ Lilja Árnadóttir (þáverandi sviðstjóri munasafn Þjóðminjasafns Íslands), viðtal við höfund, 4. apríl 2016.

¹⁰⁸ *Safnastefna á sviði menningarminja*, 10–14.

¹⁰⁹ Þjms. Sarpur. 2008–10–1.

¹¹⁰ Þjms. Sarpur. 6187.

til varðveislu og hverjir stjórna því ferli? Hvaða efnismenning er varðveitt í safninu, og svipar henni til þeirrar sem fyrirfinnst í dánarbúunum?

Aðferðafræði

Í sagnfræðirannsóknnum í gegnum árin hefur áhersla verið á að nota heimildir í formi texta, bæði opinberar og persónulegar. Doktorsrannsókn þessi notar hins vegar efnismenningu til frásagnar um liðna tíð bæði í fortíð og samtíma. Spurningin er hvernig er hægt að nota efnisheiminn sem heimild. Litið verður til nýju efnishyggjunnar, verufræði hluta og sögu hluta undir áhrifum meðal annars Björnars Olsen, Ágústu Edwald Maxwell, Kristjáns Mímissonar, Þóru Pétursdóttur og annarra. Það er að skoða hvern hlut hlutarins vegna en ekki hafa þá sem neðanmálsgrein til að styðja við aðrar heimildir. Þetta felur einnig í sér að skilja eiginleika þeirra og hið síbreytilega samhengi sem Gavin Lucas hefur til að mynda bent á þegar fræðimenn fjalla um fortíðina.

Í upphafi doktorsrannsóknarinnar var hugmyndin að nýta rafræna leitarvél í gagnagrunni dánarbúsuppskrifta sem Már Jónsson og Þjóðskjalasafn Ísland hófu vinnu við árið 2018. Sá gagnagrunnur var þó ekki opnaður fyrr en tveimur árum síðar. Það gerði að verkum að ekki var hægt að nýta hann í upphafi rannsóknarinnar. Síðar kom hann þó að góðum notum við til dæmis samantekt á tölfræðilegum upplýsingum um fjölda einstaklinga, kyn og aldur. Þetta var leyst á þann hátt að Már lét mig góðfúslega fá frumgögn gagnagrunnsins í hendurnar í formi excel-skjals. Út frá þeim gögnum sem hann hafði aflað til ársins 2018 og innihélt tæp 23 þúsund einstaklinga, vann ég mína greiningu. Þar komu fram upplýsingar um fólkið eins og til dæmis búsetu, fæðingar- og dánardag, aldur og stöðu viðkomandi.

Það var þó ekki nóg að draga einstaklinga úr gögnum Más heldur þurfti einnig að átta sig betur á eiginleikum dánarbúsuppskriftanna sjálfra. Sú frumvinna var yfirferð á um það bil 1200 dánarbúum frá þremur sýslum: Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu um miðja 19. öld. Ætlunin var að sjá hverju mætti eiga von á og var því ekki rýnt nákvæmlega í hvað fólkið átti heldur heildarmyndin skoðuð. Helst var um að ræða upptalda gripi, bæði sjaldgæfa og hversdagslega, misræmi á milli sýslna og virðingarmanna kom fram ásamt þeim eyðum sem eru í gögnunum – eins og fram kemur hér áður. Tilgangurinn með yfirferðinni var að átta sig betur á eiginleikum heimildanna, uppruna, kostum og göllum við notkun þeirra og öðru sem kom í ljós við greiningu. Með þessu varð nálgunin og afmörkun viðfangsefnisins mun markvissari.

Að þessu loknu var farin sú leið að velja einstaklinga úr heimildunum eftir stétt, aldri og efnahag. Til greina komu vinnuhjú, bændur og ekkjur, allt hópar sem voru stór hluti af samfélaginu á 19. öld. Út frá þeim voru frekari afmarkanir gerðar sem mótuðu aðferð rannsóknarinnar og fjallað verður um í næsta kafla. Greining á dánarbúsuppskriftunum var umfangsmikil. Hún varð þó til þess

að talsverð þekking á heimildunum og einstaklingunum skapaðist og leiddi til þess að hægt var að draga fram nálgun á safnkost Þjóðminjasafnsins.

Eftir að hafa verið komin mjög vel á veg með úrvinnslu dánarbúsuppskriftanna hóf ég athugun á skráningu muna innan Þjóðminjasafnsins. Með aðstoð Önnu Lísu Rúnarsdóttur, sem var um árabíl sviðsstjóri rannsókna og varðveislu á safninu, vann ég að því að skoða umfang og eiginleika safnkostsins inni í *Sarpi*. Í þessari yfirferð var tilgangurinn að sjá hvernig söfnin kölluðust á og hvar misræmi var á milli þeirra.¹¹¹ Notaði ég bæði leitarvél innri vefs *Sarps* og forritið Excel til að búa til rannsóknarmengi hluta sem þar voru skráðir. Í þessari vinnu varð ég að afmarka gripasafnið eftir þeim aldri sem kallaðist á við rannsóknartímabilið, 19. öldina og dánarbúsuppskriftirnar. Á meðan á þessu stóð komu í ljós ákveðin einkenni á skráningarhætti gripanna í *Sarp*, en notast er við ákveðið skráningarform/lykjanir til að skilgreina safnkostinn. Munir eru skráðir með til að mynda númeri, aldri, gefanda, efnivið hlutar, skráningaraðila, lýsingu og máli gripa og enn fleiri lykjanir sem hægt væri að nota til að nálgast viðfangsefnið.

Auðvelt var að gleyma sér við það að skoða safnkostinn út frá öllum þeim möguleikum sem notaðir eru við skráningu gripanna. Því ákvað ég að nota dánarbúsuppskriftirnar sem leiðarkort í aðferð minni til að hindra að verkefnið myndi fara út um víðan völl. Það mengi sem ég fékk eftir afmörkun eftir aldri munanna flokkaði ég þá líkt og virðingarmenn gerðu við eigur hins látna.¹¹² Notkun safnanna tveggja, dánarbúsuppskriftanna og Þjóðminjasafns (í gegnum *Sarp*), varð til þess að þau fóru að kallast á í aðferð minni og höfðu að lokum mjög mótandi áhrif á framgang rannsóknarinnar. Annars vegar varð vinnan við dánarbúsuppskriftirnar til þess að ákveðið leiðarstef skapaðist. Til dæmis voru flokkarnir innan þeirra notaðir við úrvinnslu á safnkostinum og í greiningu á efnismenningu einstaklinganna. Hins vegar varð aðferðin við úrvinnslu á munasafni Þjóðminjasafnsins til þess að hægt var að vinna skilvirkara að því að draga viðamiklar upplýsingar úr dánarbúsuppskriftunum saman í afmarkað form. Efnismenning er því í forgrunni verkefnisins og benda má á að samspil hluta og manna átti sér stað allan tímann sem að lokum skilaði sér í þeirri útkomu sem doktorsritgerð þessi felur í sér.

Ritgerðinni er skipt upp í þrjá hluta. Fyrst er fjallað um efnismenningu dánarbúsuppskriftanna og í öðrum hluta er safnkostur Þjóðminjasafnsins greindur í gegnum *Sarp*. Að lokum er gerður

¹¹¹ Það er skráningin inn á *Sarpi* og dánarbúsuppskriftirnar.

¹¹² Gripaflokkarnir voru til dæmis bækur, rúmfatnaður, fatnaður, verkfæri og hirslur. Sjá umfjöllun hér fyrr um dánarbúsuppskriftir.

samanburður á þessum tveimur söfnum/heimildum með tilliti til menningararfsumræðunnar sem hér er rakin í kafla um stöðu þekkingar.

Efnismenning í fortíð – Dánarbúsuppskriftir

Í fyrsta kaflanum er sjónarhorninu beint að dánarbúsuppskriftum sem skoðaðar voru út frá ýmsum afmörkunum sem réðust af þeim upplýsingum sem fylgja heimildunum. Þær forsendur sem eru til hliðsjónar við valið á úrtaki eru nokkrar. Í fyrsta lagi voru þær sem sneru að sagnfræðilegri umfjöllun um tímabilið sem rakin var í kaflanum „Ísland á 19. öld – samfélag og menning“ hér áður. Sú umfjöllun leiddi til þess að skoðaðar voru þær stéttir sem störfuðu innan landbúnaðar: vinnuhjú, bændur og ekkjur – kannað hvað eigur þeirra gáfu til kynna um einstaklingana og stöðu þeirra innan samfélagsins. Farin er sú leið að fjalla um hópana í þessari sömu uppröðun þar sem hugsað var út frá lífsferli fólks á 19. öld. Það er að þegar viðkomandi var ekki lengur barn tók við vinnumennska, svo húsbóndastarfið og óhjákvæmilega ekkils/ekkjuhlutverk fyrr eða síðar.¹¹³

Skoðun á eigum bændanna var fyrst og fremst til að kanna hvaða eignir megin þorri almennings átti á þessum tíma. Í gagnagrunni dánarbúa eru 15.235 skráð sem bændur eða bóndakonur á 19. öld af 30.694 einstaklingum svo ljóst er að um fyrirferðarmikinn hóp var að ræða.¹¹⁴ Ekkjurnar eru hópur sem er áhugaverður með tilliti til ákveðinna takmarkana á stöðu þeirra sem „bænda“. Hlutur kvenna í sögunni hefur einnig farið halloka í sagnfræðiumfjöllun ásamt því að þær voru ríflega þriðjungur þeirra sem skildu eftir sig dánarbúsuppskrift.¹¹⁵ Með því að hafa ekkjurnar með í rannsókninni var leitast við að jafna kynjahlutföll. En fyrst og fremst fannst mér forvitnilegt að athuga hvort þær ættu sömu verðmæti og bændur eða hvort staða þeirra væri önnur þrátt fyrir að þær stæðu fyrir búi eftir andlát eiginmanns. Vinnumennska var sú staða sem var hluti af lífsferli einstaklinga á þessum tíma og má leiða að því líkum að meirihluti landsmanna hafi verið

¹¹³ Sjá meðal annars: Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–45; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 59–118 og 138–171.

¹¹⁴ Vef. „Dánarbú – 18. og 19. öld.“ Stuðst var við leitarskilyrðin „1800–1900“ sem sýndi heildarfjölda einstaklinga. Síðar var bætt við í stöðu fólks „bóndi“ (9798 manns) og „bóndakona“ (5437 konur). Taka skal fram að staða fólks er ekki alltaf nákvæm enda ekki í öllum tilfellum þar sem fyrir lágu áreiðanlegar upplýsingar um viðkomandi.

¹¹⁵ Af þeim 30.694 sem upp koma á dánarbúsuppskriftum þegar hakað er við tímabilið 1800–1900 eru konur 11.586 talsins: Vef. „Dánarbú – 18. og 19. öld.“ Sjá einnig: Már Jónsson, „Skiptabæktur og dánarbú 1740–1901,“ 96.

hjú á einhverjum tímapunkti í lífi sínu. Sumir jafnvel ævilangt og þá sérstaklega konur.¹¹⁶ Hjúin voru skráð 3309 talsins í gagnagrunninum og standa fyrir jaðarhópa í rannsókninni ásamt ekkjunum – enda ekki einstaklingar sem lifðu við fullgildan þegnrett á 19. öld.

Þegar þessir þrír hópar voru dregnir saman úr þeim gögnum sem unnið var með í þessari rannsókn voru einstaklingarnir hátt í 14 þúsund talsins.¹¹⁷ Farin var sú leið að nota aldurshópa til nánari afmörkunar sem endurspegluðu nær allt æviskeiðið, skoða þau sem voru að hefja starfsferil sinn, þau sem hefðu átt að vera búin að koma sér vel fyrir í lífinu og að lokum þau sem höfðu átt langt æviskeið. Þar af leiðandi voru notuð þrjú aldursbil í hverjum stöðuhópi fyrir sig: 20–25 ára, 45–50 ára og 70–75 ára. Þá stóðu eftir 2788 einstaklingar, þar af voru 2298 bændur, 401 vinnuhjú og 89 ekkjur. Fjöldinn var enn of mikill fyrir þetta verkefni. Þá kom að frekari afmörkun sem var útreikningur á meðaltali heildarverðmæta dánarbúanna.

Fyrir hvern aldur (20, 21, 22, 23, 24, 25, 45, 46, 47 ára og svo framvegis) var reiknað út meðaltal virði eigna einstaklinganna sem voru í hverjum aldurshópi. Út frá meðalverðmætum fékkst minna úrtak einstaklinga eða „meðaljónarnir“ sem komu til greina. Tökum einn hópinn til frekari útskýringar, en sama aðferð var notuð við hvern aldur og stöðu. Þeir bændur sem létust 46 ára gamlir voru 233 talsins. Meðalverðmæti dánarbúa þeirra var um 414 rd. samkvæmt þeim gögnum sem voru notuð.¹¹⁸ Út frá meðaltalinu var hægt að afmarka hópinn enn frekar með því að nota þá sem voru í kringum meðaltalið.¹¹⁹ Í hópi 46 ára bænda stóðu þá eftir 35 sem var viðráðanlegri fjöldi. Af þeim 35 voru sjö sem aðeins skildu eftir sig skiptabók eða uppboðsgögn svo þeir komu ekki til greina enda aðeins dánarbúsuppskriftir sem hér voru notaðar. Að lokum voru 2 einstaklingar af þeim 35 (í raun 28) valdir út frá þeim sjónarmiðum að dreifa úrtakinu yfir 19. öldina og landfræðilega (það er að fá aðila úr hverri sýslu). Þetta gerði að verkum að úr hverju aldursbili var lagt upp með að yrðu 10–12 manns, sem skiptust í níu hópa og yrði því 90–108 einstaklingar í heildina.

¹¹⁶ Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 10–12; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 39–45; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–45; Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition*.

¹¹⁷ Upplýsingarnar hér eru þau gögn sem Már Jónsson hafði aflað til ársins 2018 og voru notuð fyrir úrtak doktorsrannsóknarinnar. Í þeim voru alls 22.716 einstaklingar þar af; bændur 11.964, vinnuhjú 1961 og ekkjur 981.

¹¹⁸ Miðgildi eigna þeirra var hins vegar 250 rd. og gott að hafa í huga í framhaldinu að miðgildi verðmæta eigna allra hópanna er yfirleitt lægra en meðaltalið. Sjá í umfjöllun um hópana í komandi köflum.

¹¹⁹ Það bil sem notað var í rannsókninni hljóp á plús/mínus 100 rd. Þannig að ef talan var 414 rd. eins og tilfelli 46 ára bónda, var verðbilið 314–514 rd. notað til að auka möguleika á dreifingu í tíma og landfræðilega.

Tafla 1. Uppsetning á nálgun til afmörkunar í rannsókninni.

Aldur / Staða	Vinnuhjú	Ekkjur	Bændur
20–25 ára	10–12 manns	10–12 konur	10–12 manns
45–50 ára	10–12 manns	10–12 konur	10–12 manns
70–75 ára	10–12 manns	10–12 konur	10–12 manns
	Alls: 30–36	Alls: 30–36	Alls: 30–36
Í heildina			90–108

Þessi aðferð var fyrst og fremst notuð til að kalla fram hæfilegt úrtak fyrir rannsóknina út frá hugmyndum um lífsferil fólks. Í stað þess að einskorða sig við einn einstakling og umhverfi hans/hennar þá tek ég hér fyrir rétt um hundrað einstaklinga og fæ þannig tækifæri til að bera aðstæður þeirra og eignir saman. Með því að rýna í efnisheiminn er möguleiki á að sjá reynslu einstaklinga, hvernig þau drógu fram lífið með þeim hlutum sem þau notuðu daglega sem og á tyllidögum. Hvers konar eigur eða efnismenningu er að finna í dánarbúunum? Ennfremur verður reynt að varpa ljósi á þá þýðingu sem þetta safn af hlutum gat verið fyrir viðkomandi? Hvaða samverkun var á milli fólksins og gripanna? Með þessu er hægt að sýna fram á mismunandi reynslu einstaklinga, sem dregur úr einsleitri umfjöllun um fortíðina. Kvíunum sem hér eru notaðar er einmitt ætlað að gefa fjölbreytta sýn á samfélag sem var margbrotið á sinn hátt, þótt vissulega væri efnahagslífið fábrotið.¹²⁰

Efnismenning í samtímanum – Sarpur (aðfangabækur)

Í öðrum hluta verkefnisins er um að ræða greiningu á efnismenningu í safnkosti Þjóðminjasafns Íslands frá 19. öld. Birtingarmyndir hans eru margar svo sem grunnsýning, aðfangabækur, rafræn skráning (*Sarpur*), umfjöllun um gripi og sérsýningar. Aðfangabækur eru þær skrár sem starfsmenn safnsins skrá inn gripi við afhendingu þeirra. Sú skráning fer iðulega fram handvirkt og er síðar slegin inn í *Sarp*, ásamt öðrum upplýsingum ef þær liggja fyrir.¹²¹ Í þessari rannsókn var gagnagrunnurinn

¹²⁰ Sjá umfjöllun um tímabilið í helstu yfirlitsritum um sögu landsins. Yfirlit um þau er að finna í: Sigurður Gylfi Magnússon, „Yfirlit yfir yfirlitsrit í íslenskri sagnfræði 1980–2005,“ 249–260. Dæmi um slík eru til dæmis: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, ritstj., *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930*; Gunnar Karlsson, *Iceland's 1100 years: The History of a Marginal Society*, 195–286; Sumarliði Ísleifsson, ritstj., *Liftaug landsins*.

¹²¹ Þess má geta að skráningu muna lýkur aldrei og er opið ferli þar sem hægt er að bæta við nýjum upplýsingum eða fróðleik.

Sarpur notaður sem tól til að greina skráningu safnkostsins. En það gefur auga leið að ómögulegt hefði verið að leita í handskrifuðum skráum miðað við umfang safnsins sem hefur starfað frá árinu 1863.

Ef leitað er eftir gripum frá 19. öld og seinni hluta þeirrar 18. á ytri vef *Sarps* koma fram 6157 aðföng.¹²² Á innri vef hans koma hins vegar fram 2852 munir. Þetta misræmi má rekja til þeirra vandkvæða sem fylgja notkun leitarvélanna ásamt þeirri staðreynd að gagnagrunnurinn er fyrst og fremst hugsaður sem skráningarverkfæri en ekki til greiningar. Helstu ókostirnir eru þær takmarkanir sem leitarvélina hefur á bæði innri og ytri vef. Sá innri er fyrir starfsmenn safnsins en þar eru að vísu betri leitarmöguleikar en á þeim ytri sem gerður er fyrir almenning. Þar var unnt að leita eftir aldri gripanna og draga upplýsingarnar á form sem hægt var að nýta í rannsókninni. Betur er fjallað um vandkvæðin við að nota leitarvél *Sarps* á bæði innri og ytri vef í umfjöllun um safnkost 19. aldar síðar í ritgerðinni.

Ýmsir kostir komu upp í nánari afmörkun safnkostsins og þá helst hvernig ætti að afmarka tímabil og aldur gripanna. Í tilfelli dánarbúsuppskriftanna var 19. öldin undir og fyrsta hugsun var að nota sömu formerki. Þá komu upp álitamál sem tengdust einstaklingunum sem skoðaðir voru í fyrri hluta rannsóknarinnar. Nokkrir af þeim höfðu lifað á 18. öldinni og þar af leiðandi notað hluti sem voru frá þeim tíma. Ennfremur kom til greina að reyna að ná sem mestu úr leitarniðurstöðum innri vefs *Sarps* og voru nokkrir möguleikar skoðaðir. Ýmis mengi voru könnuð eins og munir yngri en 1750 en þeir voru of margir eða 20.043 talsins. Aldursbilið 1750–1920 var einnig athugað en það mengi innihélt 3189 safngripi. Að endingu var ákveðið að láta fæðingarár (æviskeið) einstaklinganna í dánarbúsuppskriftunum marka neðri mörk tímabilsins.

Þar af leiðandi var fæðingarár þess sem var fæddur fyrst af þeim 104 einstaklingum sem voru í úrtakinu notað sem neðri mörkin. Þetta var Sigurður Oddsson sem fæddist árið 1741. Það ártal var notað sem lægra viðmiðið í afmörkun á aldursbili safngripanna en þó fært ári fyrr sem var hentugra fyrir leitarvélina í *Sarpi* – það er árið 1740. Efri mörkin voru miðuð við aldamótin 1900 sem féll vel að yngsta dánarbúinu frá árinu 1898. Með þetta tímabil var síðan leitað eftir gripum úr safnkosti Þjóðminjasafnsins á innri vef *Sarps*. Þar komu fram 2852 munir og út frá því mengi var síðan farið í að greina hvers konar efnisheim væri þar að finna.

Í *Sarpi* eru ýmsar lyknanir eða skráningarform sem voru notuð við greininguna. Það var því ekki aðeins um að ræða samantekt á hvaða gripir þetta voru heldur var einnig farið í saumana á hvernig þeir komu til safnsins með því að nota þá vitneskju sem til staðar er. Hvenær komu munirnir

¹²² Notast var við leitarskýrðin, „Þjóðminjasafn“, „Munir“ og „1740-1900“ inn á sarpur.is.

í vörslu Þjóðminjasafnsins? Hverjir skráðu þá inn? Hvaðan komu þeir og úr hvaða efni eru þeir? Með því að nota þessar heimildir er því kominn grundvöllur til að skoða hvaða hlutir eru varðveittir sem vörður um fortíðina og hvað sú efnismenning segir okkur um sýn okkar á fortíðina.

Þar sem markmiðið var að gera samanburð á efnismenningu úr fortíð og nútíð var safnkosturinn flokkaður í þá gripaflokka sem virðingarmenn höfðu notað í virðingu sinni í dánarbúsuppskriftunum: bækur, fatnað, rúmfatnað, hirslur, búsgögn, reiðtygi, verkfæri, við og annað. Gripakvíarnar voru rýndar með sömu sjónarmiðum og hér hefur verið lýst en einnig notaðar sem samanburðartól við það sem fyrirfinnst í dánarbúsuppskriftunum. Hvaða flokkar eru algengastir í söfnun stofnunarinnar og hverjir verða útundan? Hvernig er hlutfallið miðað við dánarbúin? Ennfremur var leitað útskýringa á þeim mun sem kemur fram og einnig þeim líkindum sem fyrirfinnast. Með þessari umfjöllun um efnismenningu í samtíma og fortíð er hugmyndin að skapa innlegg í umræðuna um hvers konar fyrirbæri menningararfur er. Með þessu móti var hægt að efna til samtals milli heimildaflokkanna tveggja sem mynda undirstöðu þessarar rannsóknar.

II. Dánarbúsuppskriftir

Sú þekking sem flestir sagnfræðingar hafa dregið sér úr sögunni er mestmegnis sögð í gegnum heimildir sem eru í formi texta. Opinberar heimildir eins og manntöl, kirkjubækur, sóknarmannatöl, dómabækur og manntalsþing innihalda oft góðar upplýsingar til að staðsetja fólk í tíma og stað – ef þá slík vitneskja er til staðar um viðkomandi. Þær segja okkur þó aðeins hálfra söguna, taka aðallega mið af hagsmunum hins opinbera varðandi þegna sína. Persónulegar heimildir eins og dagbækur og sendibréf eru svo gögn sem lýsa hugsunum einstaklinga, viðhorfum þeirra til annarra og samfélagsins í heild. Þær koma að góðum notum og þar hafa raddir alþýðunnar helst komið fram eins og sjá má í sagnfræðirannsóknum til dæmis Davíðs Ólafssonar, Guðnýjar Hallgrímsdóttur og Sigurðar Gylfa Magnússonar.¹²³

Dánarbúsuppskriftir eru vissulega opinberar textaheimildir en innihald þeirra lýsir persónulegum eigum fólksins, sem gefur færi á nýju sjónarhorni á daglega reynslu tugþúsunda einstaklinga sem lifðu og hrærðust í íslensku sveitasamfélagi. Sviðsetning hluta í til að mynda skáldsögu gefur þeirri frásögn sem þar er að finna dýpri og meiri merkingu. Hvar væri til dæmis góð spennusaga án margslunginna lýsinga á draugalegum húsum, morðvopnum og öðrum aðstæðum sem sögupersónurnar lenda í? Það sama mætti heimfæra yfir á efnisheiminn til frásagnar um hið liðna. Með eigum fólksins er komið á sambandi við fortíðina bæði vegna aðkomu notenda gripanna og okkar sem túlkum heimildirnar. Sú nýja innsýn sem hlutirnir færa okkur gefur betri skilning á reynslu einstaklinga og þeim hversdagsleika sem þeir lifðu við.

¹²³ Sjá til dæmis: Guðný Hallgrímsdóttir, *Tale of a Fool?*; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir en bæjarleið*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur: Minni, minningar og saga*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumur*; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory*.

Vinnuhjú

Að vera vinnuhjú var hluti af lífsferli fólks lengst af á 19. öld – reynsla sem bjó þau undir að verða fullgildir samfélagsþegnar í bændastétt.¹²⁴ Fram undir lok aldarinnar þurfti allt jarðnæðislaust fólk að vera í vinnumennsku eða vistráðið og taka á sig aðrar kvaðir sem tengdust stöðu þeirra. Þetta kallaðist vistarband sem í raun hafði fylgt þjóðinni lengi vel. Helst ber að nefna Píningsdóm frá árinu 1490 þar sem kveðið var á um að ef fólk átti ekki lágmarksstærð búa (þrjú kúgildi) var því skylt að gerast vinnufólk.¹²⁵ Á 18. og 19. öld kváðu reglurnar á um að ef karl eða kona réðu ekki yfir búi skyldu þau ráða sig í vist, oftast ár í senn. Á meðan á vinnumennsku stóð þurfti viðkomandi að fá leyfi yfirvalda og húsbónda fyrir að giftast, eignast börn, fara frá býli bóndans eða fara úr sýslunni. Bændur höfðu einnig hirtingarvald yfir hjúum sínum ásamt því að allur arður af vinnu þeirra rann beint til húsbændanna, eins og til dæmis tekjur af fiskveiðum. Heimilin þurftu þó einnig að gegna ákveðnum skyldum gagnvart vinnufólki sínu og urðu meðal annars að útvega þeim fæði, klæði og skjól ásamt því að greiða umsamin laun.¹²⁶ Mörg dæmi eru samt til um að húsbændur voru kærðir til hreppstjóra vegna vanefnda, bæði af fórnarlömbunum sjálfum og yfirvöldum sem fengu veður af slæmri meðferð.¹²⁷ Löggjöfin var einna ströngust á árunum 1783–1863 en eftir það byrjaði að slakna á vistarskyldunni. Árið 1863 var hjúum til að mynda gert kleift að kaupa sig úr vist og eftir árið 1866 var bændum bannað að beita hjú sín líkamlegum refsingum fyrir agabrot.¹²⁸

Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur segir um vistarbandið að það hafi sett fólki „þröngar skorður varðandi atvinnuvegi og lífsafkomu“ ásamt því að hefta það í daglegu lífi.¹²⁹ Þessar ströngu opinberu reglugerðir, samfélagsgerðin ásamt jarðnæðisleysi (sérstaklega á seinni hluta 19. aldar) voru meðal annars þess valdandi að stórt hlutfall vinnuhjúa var hér á landi miðað við annars staðar í Evrópu. Í *Hagskinnu* má sjá að stéttin var fjórðungur (23–27%) landsmanna í gegnum öldina (þó

¹²⁴ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 27–33; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 32–52; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 9–23.

¹²⁵ Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 9–23; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 81–84; Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*.

¹²⁶ Sjá meðal annars: *Lovsamling for Island*, IV: 683–686; *Lovsamling for Island*, II: 600–605; *Lovsamling for Island*, XVIII: 544–557; Guðmundur Hálfðanarson, „Takmörkun giftinga eða einstaklingsfrelsi,“ 457–468; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 15–22; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 81–155; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–87.

¹²⁷ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 81–155; Sjá einnig Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 15–22.

¹²⁸ *Lovsamling for Island*, VIII: 549; *Lovsamling for Island*, XVIII: 544–557; *Lovsamling for Island*, XIX: 383–405.

¹²⁹ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 4.

skortir tölur fyrir árin 1802 til 1839).¹³⁰ Til samanburðar var vinnufólk 11,9% af heildarmannfjölda Noregs árið 1801 og 74 árum síðar var hlutfallið komið niður í 8,8% meðan hér á landi voru 23% vinnuhjú í byrjun aldarinnar og árið 1870 voru þau komin upp í 25,2%.¹³¹ Það má bæta því við að algengara var að fólk í vinnumennsku erlendis væri aðeins í henni á unga aldri en eignaðist síðar jarðnæði og/eða gekk í hjónaband enda voru kostirnir víða meiri þar vegna stöðugs vaxtar þéttbýlis á 19. öld. Á Íslandi var hins vegar raunin sú að fólk gat verið á öllum aldri sem hjú – sumir misstu bú sín og var dreift á milli bæja en aðrir gátu í lengst í stöðunni fram eftir aldri, sérstaklega konur.¹³²

Á tímabilinu 1800–1900 eru skráð 3309 vinnuhjú í dánarbúsgagnagrunni, þar af eru 1282 vinnukonur. Allur hópurinn var á aldrinum 15–89 ára þegar þau létust.¹³³ Út frá þeim gögnum sem notuð voru hér má sjá að verðmæti dánarbúa þeirra er að meðaltali 119 rd., sem er mun minna en það sem meðalbóndi átti á þessum tíma, sem var um 718 rd.¹³⁴ Þess má geta að árslaun vinnuhjúa voru um 60–120 álnir (eða 1 kúgildi), vinnukonur fengu minna og oft aðeins fæði og klæði. Verðgildi álna í ríkisdöllum eða krónum er nokkuð á reiki en í byrjun 19. aldar má benda á að 120 álnir voru að verðmæti 5 rd. og 60 skildingar (sk.) svo árslaun vinnuhjúa gátu verið á bilinu 2,8 rd. (60 álnir) til 5,6 rd. (120 álnir). Til samanburðar var meðaljörð 20 hundruð (20 x 120 álnir) eða ríflega 100 rd. svo ljóst er að það gat verið þrautinni þyngri að komast yfir slík verðmæti.¹³⁵

Veruleika þessarar stéttar er þó ekki aðeins að finna í opinberum reglugerðum eða tölulegum upplýsingum. Í dánarbúum þessa hóps endurspeglast hversdagsleiki fátæks fólks í gegnum eigur þeirra, út frá efnislegum gæðum sem þau náðu að safna í gegnum ævina og gefa færi á að skilgreina mismunandi reynslu og sjálfsmynd fólksins. En hvað áttu vinnuhjú og hvaða ályktanir má draga af eigum þeirra?

¹³⁰ *Hagskinna*, 211.

¹³¹ Dyrvik, ritstj., *Norsk økonomisk historie 1500–1970*, I: 192–193; *Hagskinna*, 211.

¹³² Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 10–12; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 27–33.

¹³³ Sjá inn á www.danarbu.skjalasafn.is.

¹³⁴ Til samanburðar má benda á að miðgildið er lægra. Hjá bændum er það 315 rd. en hjá vinnuhjúum 57 rd. Með miðgildi fæst sú upphæð sem er á milli þeirra sem eru afar lágar og háar. Þannig fæst mynd af dæmigerðari tölu í gagnasafninu.

¹³⁵ *Hagskinna*, 604–608 og 925. Sjá frekari umræðu um laun vinnuhjúa í: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–87.

Dánarbúsuppskriftir vinnuhjúa

Afmörkun rannsóknarinnar var meðal annars fólgin í aldri. Í aldurshópunum þremur (20–25, 45–50 og 70–75 ára) voru 401 vinnuhjú í þeim gögnum sem greiningin náði til. Hér í töflunni fyrir neðan má sjá hvað margir voru í úrtakinu á hvaða aldri og í hvaða aldurshópi ásamt meðaltali og miðgildi eigna.

Tafla 2. Fjöldi vinnuhjúa eftir aldri, kyni og verðmæti eigna.

Aldur	Karlar	Konur	Meðaltal (rd.)	Miðgildi (rd.)
20	16	5	98	45
21	19	5	63	27
22	22	7	48	36
23	27	13	65	49
24	35	13	111	44
25	33	18	69	46
Samtals	152	61	77 rd.	42 rd.
45	15	9	126	57
46	8	9	41	24
47	14	13	81	47
48	16	11	71	47
49	26	11	100	62
50	16	7	79	37
Samtals	94	60	86 rd.	53 rd.
70	3	4	46	35
71	5	2	82	85
72	3	4	35	36
73	2	4	54	59
74	4	1	183	81
75	1	1	41	26
Samtals	18	16	68 rd.	34 rd.
Alls	264	137	79 rd.	47 rd.

Af töflunni má sjá hve margir ungir vinnumenn eru í samanburði við vinnukonurnar sem eru mun færri, eða 61 talsins en mennirnir 152. Yngsti hópurinn er jafnframt sá stærsti, sem bendir til þess

að það hafi verið hluti af (fyrirmyndar) lífsferlinum á þessum aldri að byrja sem hjú til að afla sér reynslu. Eftir því sem aldurinn færist yfir sést að hjúum fækkar töluvert enda hefur líkamlegt atgervi fólks á áttæðisaldri verið takmarkað fyrir þau erfiðu störf sem stéttin þurfti að sinna. Sjá má fjölgun kvenna í stöðu hjúa eftir því sem þær urðu eldri og eru rosken vinnukonurnar helmingur þeirra sem eru í elsta hópnum. Það rennir stoðum undir þá skoðun að konur hafi frekar þurft að sætta sig við hlutskiptið að vera hjú ævilangt en raunin verið önnur hjá körlunum.¹³⁶

Úr þessu úrtaki var síðan notast við meðaltal eignanna en nákvæmt meðaltal eignanna var ekki alltaf möguleiki og því voru sett mörkin plús/mínus hundrað ríkisdalir. Nefna má að í hópi þeirra sem létust 74 ára var aðeins ein varðveitt dánarbúsúpskrift á meðan hin þrjú skildu aðeins eftir sig skiptabók eða uppboðsgögn sem ekki komu til skoðunar. Reynt var að dreifa lokaúrtakinu yfir ár og sýslur – en eins og gefur að skilja var það ekki alltaf hægt. Vinnuhjúin 37 koma frá öllum landshlutum en ekkert þeirra er frá Eyjafjarðar- né Snæfellnessýslu vegna þess að enginn einstaklingur þaðan skildi eftir sig eignir í námundan við meðaltöl í þeim aldurshópum sem hér voru skoðaðir. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig þau skiptust á sýslurnar:

Tafla 3. Vinnuhjú eftir sýslum.

Sýsla	Fjöldi hjúa
Ísafjarðarsýsla	6
Þingeyjarsýsla	4
Suður-Múlasýsla	3
Skagafjarðarsýsla	3
Dalasýsla	3
Skaftafellssýsla	3
Norður-Múlasýsla	3
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	2
Árnessýsla	2
Rangárvallasýsla	2
Barðastrandasýsla	2
Reykjavík	1
Strandasýsla	1
Gullbringusýsla	1

¹³⁶ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 10–12.

Húnavatnssýsla	1
Samtals	37

Hvað varðar dreifingu þeirra í tíma er um 27 ár á 19. öld að ræða. Flest eru dánarbúin frá þeim tíma þegar varðveislan er sem best, það er að segja á tímabilinu 1831–1870.¹³⁷ Frá fyrsta fjórðungi aldarinnar voru fjögur bú, á tímabilinu 1826–1850 voru þau flest, eða 18 talsins. Frá þriðja fjórðungi voru 11 samtals og aðeins tvö frá 1875 til aldamótanna 1900. Elsta dánarbúið er frá árinu 1810 en það yngsta frá árinu 1895. Reynt var að stilla kynjahlutfallinu nokkuð jafnt og eru 15 vinnukonur og 22 vinnumenn í lokaúrtakinu.

Erfitt er að henda reiður á nákvæmum fjölda gripa í eigum vinnuhjúa enda er algengt að nokkrir munir komi saman í hverri færslu. Uppbygging dánarbúsuppskriftanna veldur þessu en virðingarmenn telja fram í uppgefna (eða óuppgefna) gripaflokka og nota til þess dálka þar sem munir eru skrifaðir upp. Oftast er aðeins um einn hlut að ræða í hverjum dálki en algengt er að til dæmis nokkrir munir eru taldir upp í einum dálki og heildarverð þeirra í færslu fyrir aftan. Það var því farin sú leið að reikna fjölda dálkanna eða færslanna og meðaltal þeirra til að glöggva sig betur á heildinni. Með þessu er ekki hægt að fá nákvæman fjölda allra þeirra gripa sem hjúin áttu heldur frekar hlutföllin í hverjum gripaflokki og á milli þeirra. Í heildina er að finna 1564 dálka og voru því að meðaltali 45 dálkar í dánarbúsuppskrift hjúa:

Tafla 4. Vinnuhjú og eignadálkar í dánarbúsuppskriftum þeirra.

Aldur	Fjöldi vinnuhjúa	Fjöldi eignadálka	Meðaltal fjölda eignadálka
20–25 ára	13	479	40
45–50 ára	12	537	49
70–75 ára	12	548	42
Samtals	37	1564	45

Eins og sjá má í þessari töflu eykst fjöldi gripa eftir því sem hjúin eru eldri en mest eiga þau sem eru miðaldra en á þeim aldri er fólk komið með víðtækari tengsl, bæði félagslega og efnislega. Það er fólk sem átti stærri fjölskyldu en þau sem yngri voru, fleiri lífdaga til að safna að sér alls konar hlutum og sum hver ef til vill nýbúin að missa bú sitt og hafa neyðst til þess að gerast vinnuhjú. Hér má til dæmis nefna Guðmund Guðmundsson, sem lést 49 ára á Holtastöðum, Húnavatnssýslu árið 1825,

¹³⁷ Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900. Lagalegar forsendur og varðveisla,“ 97.

en í dánarbúi hans kemur fram að ekkja hans sé á öðrum stað og dóttirin á þeim þriðja. Eigur ekkjunnar og dótturinnar komu einnig fram við virðingu búsins.¹³⁸ Síðan fækkar eignunum hjá þeim elstu enda má ætla að þau hafi verið meira upp á húsbændur sína komin en aðrir aldurshópar vegna minni líkamlegrar getu þeirra til starfa. Húsbændur þeirra hafi því mögulega útvegað þeim allra helstu nauðsynjar og fólkið sjálft ekki haft burði til að halda utan um gripí sína sem þau höfðu eignast á langri ævi.

Fjöldi muna er öllu hærri en dálkarnir eða 2473 talsins, sem gerir að meðaltali 67 hluti í eigu einstaklinganna. Í töflunni að neðan má sjá hvernig eigur vinnuhjúanna dreifðust yfir gripaflokkana:

Tafla 5. Vinnuhjú: Fjöldi hluta eftir gripaflokkum.

Gripaflokkur	Fjöldi
Fatnaður	1331
Búsgögn	187
Annað	168
Hirslur	157
Búfénaður	137
Bækur	126
Rúmfatnaður	122
Verkfæri	121
Reiðtygi	106
Laus viður/fasteign	18
Alls	2473

Það fyrsta sem má álykta út frá eignum vinnuhjúanna er hve stór þáttur fatnaður hefur verið í lífi þeirra. Næstu flokkar eru í svipuðu magni fyrir utan *laus viður/fasteign* en þar eru afskaplega fáir hlutir skrifaðir upp. Þetta má rekja til þeirrar stöðu sem hjúin voru í, búlaus í vinnumennsku. Af hlutföllunum að dæma mætti segja að ákveðinnar einsleitni gæti, einkum ef litið er til sterkrar stöðu fatnaðar en sú er þó ekki raunin ef rýnt er í hvers konar eigur hjúin skildu eftir sig. Hér á eftir verður eignum þessara 37 vinnuhjúanna gerð betri skil eftir gripaflokkum dánarbúanna og gerð munanna.

¹³⁸ Þí. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

Bækur

Bókæign virðist hafa verið fremur algeng á 19. öld og áttu vinnuhjú bækur af einhverju tagi, sé litið til dánarbúsuppskriftanna. Þetta kemur heim og saman við umfjöllun fræðimanna um háa lestrartíðni hér á landi sem og vinsældir lesturs almennt meðal almennings.¹³⁹ Vinnuhjú voru þó í annarri stöðu heldur en heimilisfólk á þann hátt að þau voru á ákveðnu millistigi milli þess að vera börn og fullgildir þjóðfélagsþegnar. Auk þess sem þau áttu ekki fast heimili og voru í raun upp á aðra komin var staða þeirra óvenjuleg. Ganga má út frá því að langflest hjúanna hafi fengið einhverja kunnáttu í lestri og reikningi fyrir fermingu þar sem þau hafa átt að getað stautað sig áfram í guðsorði eftir handleiðslu presta og heimilisfólks sem börn.¹⁴⁰

Bókæign þeirra bendir einnig til þess, en 26 þeirra áttu bækur og oftast tvær til þrjár í senn – alls komu fyrir 126 hlutir hér í þessum flokki í 114 gripadálkum. Fram komu 41 trúarlegir titlar, níu veraldlegir og sex annars konar efni tengt lestri og skriftum. Af öllum vinnuhjúunum sem hér eru til rannsóknar áttu tíu þeirra ekki neinar eigur í þessum flokki og athyglisvert er að eldri hópurinn sker sig úr að því leyti að mörg þeirra eiga ekki bækur, eða sjö þeirra. Yngstu hjúin áttu flestar færslur yfir bækurnar, eða 51 ásamt því að veraldlegir titlar eru líklegastir til að vera í þeirra eigu, eða tíu talsins. Miðhópurinn skildi eftir sig 33 dálka og elstu hjúin voru með 30 færslur. Í eftirfarandi töflu sést hve vinsælt trúarlegt efni var:

Tafla 6. Vinnuhjú: Algengar bækur.

Bækur	Fjöldi
Kver	9
Messusöngsbók	7
Nýja testamentið	6
Passíusálmar	6
Fæðingarsálmar	5
Sálmabók	5
Fæðingarsálmar	5

¹³⁹ Sjá meðal annars: Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmennig,“ 195–214; Loftur Guttormsson, „Læsi,“ 117–144; Helgi Þorláksson, „Fræðimenn og fróðleiksfús alþýða,“ 40–43; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory*; Sveinn Yngvi Egilsson, „Leiðin til nútímans,“ 499–500.

¹⁴⁰ Sjá meðal annars: Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmennig,“ 195–214; Loftur Guttormsson, „Læsi,“ 117–144; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 76–164; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory*.

Biblía	4
Stúrshugverkjur	4
Pappírsörk	4
Vídalínspostilla	3
Misseraskiptaoffer	3
Vinaspegill	3
Ljóð	3
Skrifpúlt	3
Signet	3
Hallgrímssálmar	3

Eins og sjá má af þessu var mikið um trúarleg rit í umferð og þau yfirgnæfa þá veraldlegu titla sem finna má. Algengast var að vinnuhjú ættu sálma af einhverju tagi eins og til dæmis *Hallgrímssálma* eða *Fæðingarsálma*, en sálmar af ýmsum toga eru 25 talsins af þeim 57 titlum sem koma fyrir hjá hjúunum. Næstir koma 15 einstaklingar sem eiga margs konar hugverkjur eins og til dæmis *Stúrms-*, *Gerharðs-* og *Fæðingarhugverkjur*, níu eiga svo hver af ýmsu tagi svo sem *Þorlákskver*, *Vinnukver* og *Hallgrímiskver*. Aðrir titlar eru *Messusöngsbók*, *Nýja testamentið*, *Vídalínspostilla*, *Misseraskiptaoffer*, *Bænir*, *Biblía* og *Grallari* ásamt fleiri bókum. Af veraldlegum ritum var algengast að fólk ætti vísur, rímur eða ljóð eins og *Andrarímur* eða *Vísnaþók*. *Vinaspegil* sem var ljóðaflokkur eftir Guðmund Bergþórsson eiga fjögur hjúanna og jafnframt er að finna Íslendingasögur til dæmis *Njálu* og *Hávarðar sögu Ísfirðings*.¹⁴¹

Töluvert hefur verið skrifað um bókamenningu Íslendinga og þar hefur til að mynda verið rætt um að með húslestrinum hafi trúarleg rit verið notuð til að festa húsbóndavaldið í sessi innan veggja heimilisins jafnt sem utan þeirra. Húsbóndi eða húsfreyja hafi séð um upplesturinn og valið lesefni sem oftast hafi verið af trúarlegum meiði eins og *Vídalínspostilla* sem er talin vera ein af þeim bókum sem náði hvað mestri útbreiðslu á 19. öld en hér var sá titill í þremur dánarbúum. Boðskapur hennar og annarra svipaðra bóka hafi til að mynda gert hlutverkaskiptingu skýra með tilliti til kynjanna og heimilisfólks. Hjón áttu að vinna saman og styðja hvort annað en karlmaðurinn var æðri

¹⁴¹ Sjá meðal annars: ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,2: 74. Fylgiskjöl, dánarbú 1860; ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/9,4: 28 Fylgiskjöl og dánarbú 1842.

konu sinni í sambandinu. Vinnuhjú voru síðan oft talin með börnum heimilisins í virðingarstiganum þar sem húsbændur stóðu efstir og ómagar neðstir.¹⁴²

Sé miðað við hve algengt það var fyrir hjú að eiga trúarlegar bækur má ætla að þau hafi verið mjög undir áhrifum af þeim boðskap sem ritin boðuðu. Valdajafnvægið innan heimilis var því fremur ójafnt þar sem húsbóndinn trónaði efst og hjúin sátu neðarlega eða neðst og kvöldlesturinn staðfesti þá skipun. Vilhelm Vilhelmsson ræðir til dæmis í rannsókn sinni á hlýðni vinnuhjúa hvernig baðstofulífið, húslesturinn og yfirráð húsbóndans yfir ljósatímanum á kvöldin hafi gert öllum ljóst hver færi með valdið. Siðferðilegur boðskapur, skipan svefnstaða og ljósnotkun hafi verið hluti af alls konar venjum sem tilheyrðu hverju heimili ásamt því að einkennast af menningarbundnu kerfi tákna.¹⁴³ Út frá þessu mætti færa rök fyrir því að hátt stig læsis Íslendinga hafi viðhaldið íhaldssemi bændasamfélagsins lengur en þekktist annars staðar í nágrennalöndum. Framboð lesefnis hér á landi hafi miðað að því að festa landbúnað í sessi sem helsta atvinnuveg landsins þar sem hlýðni hins ódýra vinnuafls gat skipt sköpum fyrir svo mannfreka grein sem hann var á þeim tíma.

Þar sem húsráðendur hafa ráðið yfir lesefni heimilisins er því athyglisvert hve almenn bókaeign er hjá vinnuhjúunum þar sem mætti álykta að hún væri óþarfi. Þessa ályktun má draga vegna þess að vinnuhjúin gátu hlustað á lestur bóndans eða fengið að lesa í ritum á heimilunum þar sem þau voru ráðin í vist. Þrátt fyrir þetta völdu hjúin að eignast bækur og það sem þeim tilheyrði. Til greina kemur að slíkt hafi jafnvel verið talið til virðingar eða merki þess að viðkomandi sé dugandi og hlýðinn einstaklingur. Þannig hafi bækur í einkaeigu getað sýnt lífsviðhorf fólks, hvort sem bókaeignin var byggð á raunverulegum áhuga eða tilhneigingu til að ganga í augun á samferðamönnum. Tilfellið er að veraldleg gæði höfðu ekki bara notagildi í daglegu amstri fólks heldur báru þau táknræna merkingu í vitund fólks. Þetta munum við sjá betur í umfjöllun um húsmuni og föt. Bækur voru vissulega hluti af þeim táknræna heimi sem fólk skildi og gerði tilraun til að móta eftir sínu höfði.¹⁴⁴

¹⁴² Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, 55–61; Þórunn Erla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 108–111; Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla. Húspostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*, xivi; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir,“ 171–177 og 302–306.

¹⁴³ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 102–105. Sjá einnig: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ljós, lestur og félagslegt taumhald,“ 62–66; Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives. Privacy, Intimacy, and Culture in Icelandic 19th-Century Rural Homes,“ 109–124.

¹⁴⁴ Sjá umfjöllun um táknræna merkingu hluta í meðal annars: Bertram, *The Viking Immigrants. Icelandic North Americans*, 135–160. Þar fjallar höfundur um merkingu vinartertunnar í Kanada meðal Íslendinga. Sjá einnig: Lemonnier, *Mundane Objects*.

Fróðleiksfýsn hjúa er þó vissulega til staðar eins og dæmin sýna en nokkur þeirra áttu töluvert af bókum og öðru sem tengdist lestri og skrift eins og signet, skrifpúlt, blýantspenna, blýmót og pappír. Guðmundur Guðmundsson, er lést 21 árs á Kirkjubóli í Barðastrandasýslu árið 1895, átti til að mynda 12 bækur og eitt skrifpúlt. Þar á meðal *Ljóðmæli Steingríms Thorsteinssonar* sem metin var á 3 kr., sem verður að teljast nokkuð ríflegt miðað við virði annarra bóka í eigu hans en þær voru metnar á bilinu 10–50 aurar.¹⁴⁵ Stefán Hinriksson, er dó 47 ára í Geitagerði í Norður–Múlasýslu árið 1847, átti 14 trúarleg rit og ein *Stephans ljóðmæli*, tvær af bókunum eru 1 rd. virði á meðan aðrar voru metnar á 6–88 sk.¹⁴⁶ Ísak Þorsteinsson, sem lést 74 ára á Skörðum í Þingeyjarsýslu 1851, átti 12 bækur, allar af trúarlegum meiði og allar undir ríkisdal að virði (16–74 sk.).¹⁴⁷ Ljóst er því að eign þeirra hvað varðar bækur var mjög breytileg milli einstaklinga.

Þau vinnuhjú sem hér voru skoðuð gefa til kynna að bókaeign meðal þeirra rýrnar eftir því sem aldurinn færir yfir. Ungu hjúin áttu tæpan helming af færslunum, eða 51 af 114, og eru margvíslegir titlar þar á meðal eins og *Nýársgjöf*, *Ævisögur sýslumanna Péturs Þorsteinssonar og Jóns Jónssonar*, *Njála*, *Hávarðarsaga Ísfirðings* og *Andra rímur*. Jafnframt eru allar þær fjórar *Bíblíur* sem er að finna hjá vinnuhjúum í eigu þeirra sem eru á þrítugsaldri. Beinast liggur við að tengja þessa fjölbreytni við aldur eða lífsferil þeirra – þau eru ung og að ryðja sér til rúms í samfélaginu. Möguleikar þeirra voru hvað mestir á að geta orðið sér út um bú og maka miðað við eldri hópana, sérstaklega vegna líkamlegrar getu þeirra og lengri tíma til að safna fyrir jörð eða útvega sér jarðnæði til leigu. Ef til vill mætti segja að meiri lífsþróttur sé meðal þeirra yngri en slíkar vangaveltur eru getgátur enda áttu einstaklingar mismunandi reynslu að baki, hvar sem þeir voru staddir á lífsveginum. Ungt fólk hefur getað átt slæma fortíð á meðan gamalmenni hafi átt ágætt lífshlaup með minniháttar áföllum.

Þörf þeirra fyrir að afla sér þekkingar bæði á veraldlegum og trúarlegum efnum felst að vissu leyti í aldri þeirra enda ungt fólk á uppleið þar sem þeim var nauðsyn á að kynnast reynslu annarra í daglegum störfum sínum en einnig í gegnum bóklega þekkingu. Þessi hópur varð að tileinka sér góða siði og leita fyrirmynda í sögupersónum og guðsorði. Sigurður Gylfi Magnússon hefur til að mynda fjallað um hvernig tilfinningalíf fólks tengist þeirri miklu lestrarkunnáttu sem var hér á landi miðað við víða annars staðar í Evrópu. Fólk flúði erfiðleika hversdagsleikans með því að hverfa inn í heim

¹⁴⁵ Þí. Sýsl. Barðastrandarsýsla. ED2/6,6: 228. Fylgiskjöl, dánarbú 1895.

¹⁴⁶ Þí. Sýsl. Norður–Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

¹⁴⁷ Þí. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

andlegs efnis og sagna.¹⁴⁸ Sé lítið til þess að það dregur úr bókaeign eldri hjúa má því ætla að ungu vinnuhjúin hafi meðal annars verið að leita sér að fyrirmyndum, bæði til huggunar og eflingar í lesefni sínu.

Sá raunveruleiki sem hjúin bjuggu við dagsdaglega endurspeglast í því hvers konar bækur þau áttu og hvernig þær dreifðust misjafnlega yfir aldurs skeiðin. Þau sem yngri voru áttu meira eftir ólært á meðan þau sem eldri voru höfðu ef til vill átt svipuð rit á sínum yngri árum. *Markabók* í eigu Benedikts Þorgeirssonar, sem lést 23 ára í Búðardal í Dalasýslu árið 1860, er ágætt dæmi um slíka hagnýta bók sem hægt var að brúka við landbúnaðarstörf. Þó ber að benda á að þessi titill er mjög fágætur og í raun eina markabókin sem fannst hér í þessari rannsókn. Verðmæti hennar var einnig mjög lítið en í tilfalli Benedikts er hún talin upp með „skrifbók og spegli“ allt á 6 sk.¹⁴⁹ Í skrifbók Benedikts hefur hann síðan jafnvel ritað glósur úr daglegu lífi, minnispunkta eða lærdóm. Að búa sig undir búskap, dagleg störf sín eða tileinka sér markaskrána til að læra að þekkja fémörk í sundur – skapað sér einhverja sérkunnáttu og styrkt þannig samfélagslega stöðu sína.

Líkurnar á að bújörð félli yngra fólkinu í skaut voru þokkalegar stóran hluta af 19. öldinni og því margt sem þurfti að tileinka sér áður en tekið var við búi. Dánarbú Halldórs Hermannssonar, sem lést tvítugur á Firði í Suður-Múlasýslu árið 1836, er gott dæmi um eigur ungs manns sem var við það að taka við búi foreldra sinna á sama stað. Engar skuldir voru á búinu en erfingjar voru ekkja hans, Sigprúður Guttormsdóttir, og árs gömul stúlka þeirra, Helga. Í uppskriftinni kemur fram að þau hafi verið hjón og ung vinnuhjú og ekki sé því lifandi peningur né skuldir.¹⁵⁰ Samkvæmt *Íslendingabók* drukknaði Halldór nýkvæntur svo líklegt þykir að þar sem Halldór var elstur af systkinum sínum og giftur þá hafi staðið til að hann hafi átt að taka við búinu.¹⁵¹

Í eigu Halldórs voru fimm mjög verðmætar bækur sem metnar eru á yfir ríkisdal í virði og upp í þrjá – sem var sjaldgæft verð fyrir bók. Miðað við verðmatið má ætla að þær hafi verið fremur nýlegar þó þeim sé ekki lýst sem slíkum. Hann skildi meðal annars eftir sig *Jónspostillu* (3 rd.), *Biblíu* „af þeirri engelsku útgáfu“ (1 rd.), *Vísnaþók* og *Íslendingasögur* (1 rd.). Ef til vill hafði hann rétt fyrir

¹⁴⁸ Sjá meðal annars: Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 165–264; Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld,“ 57–72.

¹⁴⁹ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,2: 74. Fylgiskjöl, dánarbú 1860

¹⁵⁰ ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/4,3: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1836; ÞÍ. Rtk. Eyjafjarðarsýsla–Múlasýslur. AA/6,1,1: 97. Manntalið 1835.

¹⁵¹ Vef. Íslendingabók.

andlátíð safnað bókum til að geta sjálfur lesið upp fyrir heimilisfólk sitt ásamt því að tileinka sér góða siði í gegnum til dæmis *Jónspostillu* eða litið upp til hetjanna í Íslendingasögunum sem hann átti.¹⁵²

Ekki er sýnilegur munur á milli kynjanna hvað varðar vinsældir ákveðinna bóka. Það er þó ólíklegra að kvenfólkið eigi veraldlega titla eða mjög mikið af bókum. Þorbjörg Sigmundsdóttir, sem lést sjötug á Svarfhóli í Mýrasýslu árið 1841, er sú vinnukona sem lét eftir sig flestar bækurnar eða tíu og allar af trúarlegum meiði. „Gamlan“ *Grallara*, *Sigurljóð* og *Vikubænar* átti hún meðal annars og allar metnar á bilinu 6–24 sk., nema ritið *Mynstershugleiðingar* sem var 2 rd. virði.¹⁵³ Auðbjörg Ísleifsdóttir, sem lést 50 ára á Arnarnesi í Ísafjarðarsýslu árið 1861, skildi eftir sig sex trúarlegar bækur, metnar á 16–48 sk. sem var algengt virði bóka í dánarbúsuppskriftunum.¹⁵⁴

Þær konur sem skildu eftir sig bækur áttu allar trúarleg rit svo Þorbjörg og Auðbjörg voru ekkert einsdæmi hvað varðar að eiga engar veraldlegar bækur. Fimm vinnukonur áttu engin rit en karlmennirnir áttu almennt einhverjar bækur. Algengast var að eiga eina til þrjár skræður eins og *Bænakver*, *Díaríum* eða sálma af ýmsu tagi. Af því að dæma má segja sem svo að það hafi verið meiri samfélagsleg viðurkenning á lestri karla en kvenna á þessum tíma. Þó ber að hafa í huga að hlutfall kvenna meðal vinnuhjúa eykst eftir því sem líður á æviskeiðið og algengara var að eldri hjú áttu ekki bók eða aðra muni sem tengdust lestri.¹⁵⁵

Hvort þessi staðreynd tengist aldrinum eða kyninu er erfitt að segja en sagnfræðingurinn Erla Hulda Halldórsdóttir hefur bent á að það hafi ekki verið félagslega ásættanlegt fyrir konur að sýna öðru áhuga en heimilishaldi og barnauppleði. Hlutverk þeirra hafi snúist um skylduræknu húsmóðirina sem var meðal annars iðin, guðhrædd, ástrík, nýtin og blíðlynd.¹⁵⁶ Því mætti einnig útskýra skortinn á veraldlegu titlunum í gegnum þær fyrirmyndir sem æskilegt þótti fyrir konur að sækja sér í heilögu guðsorði. Hegðun margra kvennanna í Íslendingasögunum hafi ekki þótt til eftirbreytni fyrir hlýðnu, guðhræddu húsmóðurina (vinnukonuna).

Af þessu má ráða að meðal vinnuhjúa hafi trúarleg áhrif verið mikil en sjá má tilraunir þeirra til að verða sér út um annan fróðleik í veraldlegum ritum. Siðferðilegar fyrirmyndir voru þeim

¹⁵² ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/4,3: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1836

¹⁵³ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/2,4: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1841.

¹⁵⁴ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,13: 256. Fylgiskjöl, dánarbú 1861.

¹⁵⁵ Sjá töflu 2. („Fjöldi vinnuhjúa eftir aldri, kyni og verðmæta eigna“).

¹⁵⁶ Sjá meðal annars: Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld,“ 62; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Illt er að vera fæddur kona“. Um sjálfsmyndir kvenna í sveitasamfélagi 19. aldar,“ 33–40; Guðrún Ingólfssdóttir, *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar. Bókmenning íslenskra kvenna frá miðöldum fram á 18. öld.*

nauðsynlegar í þröngri stöðu, í erfiðisvinnu og undir valdi húsbænda sinna. Löngun ungu hjúanna til frama endurspeglast í bókunum þar sem þau eldri hafa ef til vill sætt sig við stöðu sína eða höfðu nýverið gefið upp búskap sinn vegna aldurs. Hér eru ekki heldur nein merki um veraldlega byltingu í ritaeign í lok aldarinnar og fá hjú eiga aðra muni tengda lestri. Aðeins ungir vinnumenn eiga til dæmis skrifpúlt eins og hann Jens Níelsson, 24 ára á Kirkjubæ í Norður–Múlasýslu sem dó árið 1831, en hann á einnig mest af öðru því sem tengdist bókum eins og fjórar arkir af pappír, silfur signet og blýantspenna.¹⁵⁷ En þó trúarleg slagsíða sé meðal hjúa eru titlarnir samt sem áður fjölbreyttir, sem gefur til kynna mismunandi smekk eða lífsviðhorf einstaklinganna ásamt því að sýna vinsældir mismunandi rita.

Fatnaður

Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, áhugamaður um bættu búskaparhætti, skrifaði á ofanverðri 18. öld ritið *Arnbjörg æruprýdd dáindiskvinna á Vestfjörðum Íslands* – sem fjallaði meðal annars um hvernig góð húsmóðir ætti að haga sér. Þar var tæpt á því hvaða fatnað þær ættu að sjá hjúum sínum fyrir:

Klæðnað sinn, bónda og barna vandar hún og ver þar helst til sínum eigin hannyrðum. Fatnað heimilisfólks og hjúa hefur hún eftir hvers standi. Ei þykir henni hjú sín hafa nógan klæðnað nema hvert þeirra eigi allan fatnað fornan, tvenn ígangsklæði hversdags til skipta, einn helgidagaklæðnað og einn hátíðaklæðnað.¹⁵⁸

Ef marka má þessi skrif Björns áttu vinnuhjú ekki að eiga nema gamlar spjarir, tvenn hversdagsklæði, einn helgidagaklæðnað og annan hátíðabúning. Þó var það svo að fatnaður var stærsti hluti af eignum vinnufólks og jafnvel gátu verðmætustu hlutir þeirra verið einstakar flíkur. Blár klæðisniðurhlutur í eigu Þorbjargar Jónsdóttur, sem lést 72 ára að Laugardalshólum í Árnessýslu árið 1826, var hennar dýrasti gripur, metinn á 5 rd.¹⁵⁹ Í fórum hjúanna var að finna fjöldann allan af fötum. Fjölbreytnin er mikil og spannar allt frá því að vera verðlaus föt – dýr föt, mikið af fatnaði – lítið af fatnaði, fábrotnar flíkur og margbrotnar.

¹⁵⁷ ÞÍ. Sýsl. Norður–Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831.

¹⁵⁸ Björn Halldórsson, *Arnbjörg æruprýdd dáindiskvinna á Vestfjörðum Íslands, afmálar skikkan og háttsemi góðrar húsmóður í hússtjórn, barnaupveldi og allri innanbæjarbúsýslu*, 467.

¹⁵⁹ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/1,2: 84. Fylgiskjöl, dánarbú 1826.

Í rannsókn á eigum fátækra hjúa á 19. öld má sjá hve ítarleg skráning er á flíkum flestra, sem gefur til kynna tilraunir hins opinbera við að fá sem mest út úr eigum hjúanna til að geta innheimt þær skuldir sem þau skildu eftir sig. Önnur ástæða gæti einnig verið fyrir svo fjölbreyttum fatnaði vinnuhjúanna. Til greina kemur að sum þeirra hafi verið að drýgja tekjurnar með því að selja fatnað sem þau sjálf gerðu. Dæmi eru um efni til fatagerðar sem listað er upp í dánarbúum vinnuhjúa eins og silkipráð, vaðmál og léreft en fjallað verður betur um slíkt hér síðar undir flokknum *Annað*. Slíkur efniviður og eins tól til handavinnu gefa að minnsta kosti vísbendingu um kunnáttu til fatagerðar og þar af leiðandi möguleikann á því að geta selt eitthvað af klæðunum.

Að meðaltali áttu vinnuhjúin um 36 flíkur en í heild voru flíkur 1331.¹⁶⁰ Í meðfylgjandi töflu má sjá tuttugu algengustu fötin en listinn inniheldur 84 tegundir klæða:

Tafla 7. Vinnuhjú: Algengur fatnaður.

Fatnaður	Fjöldi
Sokkar	158
Klútur	116
Skyrta	93
Buxur	74
Vettlingar	67
Vesti	62
Treyja	58
Peysa	50
Nærbuxur	45
Leistar	40
Íleppar	40
Hnappur/hnappar	35 (85)
Húfa	35
Pils	32
Hattur	31
Forklæði	28

¹⁶⁰ Dálkar sem innihéldu fatnað voru 917 svo algengt var að í einum dálki kæmu fleiri en ein spjör fram, t.d. ein peysa og tveir sokkar. Að meðaltali mátti finna 26 fatadálka í dánarbúsuppskriftum hjúanna.

Svunta	24
Hempa	22
Kragi	21
Upphlutur	20

Sokkar, klútar og skyrtur eru algengustu flíkurnar. Það sem er hins vegar áhugavert er hve mikið er af sokkum hjá vinnuhjúum og mætti segja að hver smávægilegur hlutur hafi verið talinn upp í virðingu á eignum vinnufólks. Hér er einnig sá möguleiki fyrir hendi að sokkarnir hafi verið söluvarningur í höndum sumra af hjúunum, sem og aðrar flíkur.

Í gegnum aldirnar voru tilskipanir við lýði um klæðnað fólks en hann tengdist fjárhag viðkomandi. Í meistararannsókn Helgu Hlínar Bjarnadóttur sagnfræðings sem fjallar um neyslu Húnvetninga í lok 18. aldar var sérstaklega litið til silkis og silfurs í dánarbúum á árunum 1770–1787. Þar skoðar hún meðal annars hvernig Landsagatilskipanir náðu yfir klæðaburð fólks. Að baki þeim lágu bæði efnahags- og félagslegar ástæður. Fátæklingar sem lifðu um efni fram gátu ekki borgað sína skatta og skuldir ásamt því að stuðla að óæskilegum félagslegum hreyfanleika sem gat leitt af sér óstöðugleika í samfélaginu.¹⁶¹ Í byrjun 17. aldar er til dæmis „[d]ómur um ólöglegan klæðaburð“ settur að Helgastöðum í Reykjadal þar sem meðal annars er útlistað hvað það er sem telst til ólöglegs fatnaðar fyrir þá lægst settu:

...silfurhneppar og silkihnepptrar treyjur, bílagðar buxur samslags, silkistrympur, hundraðshatta eður meir, hundraðs stígvél og níutíu fiska minnst, dals eður tveggja dala kraga.¹⁶²

Eins og sjá má í rannsókn Helgu lifa þessar hugmyndir allt fram eftir 18. öldinni þó tilskipanir hafi ekki verið settar sérstaklega um lúxusvarning í lok hennar. Þá kvörtuðu embættismenn og betri bændur yfir hve mikið framboð af munaðarvörum var í verslunum sem að þeirra mati leiddi til þess að almúgafólk freistaðist frekar til þess að festa kaup á slíku og þar af leiðandi að eyða um efni fram.¹⁶³ Með uppboðum dánarbúa hefur einnig framboð af fínni klæðnaði aukist svo að betri

¹⁶¹ *Lbs.–Hbs.* Helga Hlín Bjarnadóttir, „Þarflegir hlutir og þarfilitir,“ 28: Sjá einnig svipaða umræðu í: Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and Society*, 117.

¹⁶² *Alþingisbækur Íslands V*, 167 (Dómur um ólöglegan klæðaburð. Helgastaðir í Reykjadal, 2. september 1627).

¹⁶³ *Lbs.–Hbs.* Helga Hlín Bjarnadóttir, „Þarflegir hlutir og þarfilitir,“ 34–38. Sjá einnig: Lýður Björnsson, „Hvað er það sem óhófinu ofbýður?,“ 88–101.

fatnaður dreifðist á fleiri hendur. Samt sem áður voru umkvartanir yfir „óráðsú“ þeirra fátæku áberandi fram eftir 19. öldinni þó engar tilskipanir hafi verið um blátt bann við fínum klæðnaði alþýðufólks. Fatnaður þeirra sem hér komu við sögu voru að stærstum hluta hversdagsföt en þó áttu flest þeirra betri föt og sum hver mjög verðmæt klæði.

Áhyggjur embættismanna af „eyðslusemi“ fátækra voru því ekki úr lausu lofti gripnar og er til að mynda silfur og silki í þó nokkru magni að finna hjá þessum hóp, eða í 21 dánarbúum af 37, sem bendir til þess að slíkar gersemar hafi verið algengari en ætla mætti. Engan mun er að finna á tíðni þessara munaðarvara í samanburði dánarbúa um lok 19. aldar og í byrjun hennar. Silfurhnappar og pör voru oftast í eigu þeirra sem miðaldra voru og einnig kvennanna, eða átta þeirra, en aðeins tveir karlar áttu slíka muni. Rannveig Þorsteinsdóttir, sem lést 45 ára gömul að Brekku í Gullbringusýslu árið 1810, átti til að mynda fjórar flíkur með silfri ásamt einum silfursvuntuhnappi. Hún átti enn fremur töluvert af verðmætum fatnaði í þokkabót eins og „blátt upphlutfat með silfur millum á 5 rd. og 3 m.“, „blár klæðisniðurhlutur nýlegur 3 rd.“ og „2 klútar silkidregnir 2 rd.“¹⁶⁴

Í umfjöllun minni um fátæk vinnuhjú í bókinni *Þættir af sérkennilegu fólki* er rætt um að finni fatnaður hjá vinnukonum hafi verið leið þeirra til að vinna sig upp úr félagslegri stöðu sinni.¹⁶⁵ Þeirra ráð var að giftast vel enda gátu þær ekki staðið í forsvari fyrir bú á sama hátt og eiginmenn þeirra né gegnt opinberum störfum.¹⁶⁶ Til að sporna við því hlutskipti að vera vinnukonur allt sitt líf hafi þær reynt að vekja athygli á sér í gegnum fallegan klæðnað.¹⁶⁷ Það sést á fjölda þeirra sem eldri eru í skjölunum. Ef litið er til aldurshópanna sést hvernig hlutföll kynjanna breytast, það er að í yngsta hópnum eru 28,6% hjúanna konur en í þeim elsta eru þær 47% þeirra. Möguleikar þeirra voru færri en karlanna – oftast var þeirra eini kostur að giftast bónda eða bóndaefni og þá gat verið kostur að sýna betri hliðarnar í tilhugalífinu.

Freistandi er að segja að konur hafi einfaldlega verið glysgjarnari en karlarnir þegar kom að fatnaði en raunveruleikinn var margbrotinn og taka þarf tillit til annarra þátta eins og mismunandi efnahag hvers heimilis. Í rannsókn fornleifafræðingsins Michèle Hayeur Smith á textílefum á

¹⁶⁴ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810. Athuga skal að m. stendur fyrir mörk.

¹⁶⁵ Anna Heiða Baldursdóttir, „Eigur fátækasta hluta vinnuhjúa til frásagnar. Efnismenning í dánarbúsuppskriftum á 19. öld,“ 53–70.

¹⁶⁶ Sjá meðal annars: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 99–179; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum. Um ástina og hjónabandið í erlendum sagnfræðirannsóknnum og íslensku samfélagi 1780–1900,“ 40–52; Guðný Hallgrímsdóttir, *Tale of a Fool?*.

¹⁶⁷ Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 10–12; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 105–106 og 141–142.

Gilsbakka í Borgarfirði og Skálholti komu bersýnilega í ljós betri efni til fatagerðar í Skálholti en á prestssetrinu í Borgarfirði. Það er mat hennar að ástæðan fyrir þessu hafi meðal annars verið betri efnahagur en einnig hafi fyrimenn Skálholts verið að sýna stöðu sína í samfélaginu með táknrænum hætti með betri fatnaði, bæði heimilis- og þjónustufólks.¹⁶⁸ Sumir staðir hafi einfaldlega séð vinnuhjúum sínum fyrir betri efnum eins og silki til að sníða sér fínna klæðnað en stallsystkini þeirra annars staðar áttu. Áðurnefnd Rannveig er dæmi um hjú sem var í vist á yfirstéttarheimili en hún dó í vist hjá yfirdómaranum Ísleifi Einarssyni á Brekku. Hann hafði áhuga á fínnum klæðnaði eða var í hið minnsta meðvitaður um hvernig hægt væri að nota föt sem stöðutákn. Ísleifur sótti til að mynda fund árið 1826 með konu sinni, Sigríði Gísladóttur Thorarensen, ásamt öðrum fyrimönnum landsins. Þar var rætt um að eyða dönskum áhrifum á klæðnað íslenskra kvenna. Niðurstaðan var sú að erlend hönnun skyldi ekki notuð og faldinum yrði sleppt eða gerðar breytingar á höfuðbúnaði. Þessar hugmyndir notfærði Sigurður Guðmundsson sér þegar hann tók síðar að fjalla um og hanna þjóðbúninginn.¹⁶⁹

Rannveig var því í betri aðstöðu að nálgast efni af góðum gæðum en margar stallsystur hennar eins og Ingunn Sæmundsdóttir, sem lést 49 ára að Giljum í Borgarfirði árið 1848. Hún skildi eftir sig nokkurt magn af fötum en ekki eins ríkuleg hvað varðar verðgildi – þó vissulega sé að finna tvö spariklæði í hennar fórum. „Blár klæðisupplutur með rósabekkjum og hvítum tvinnum utan með og vírboðar að framan í 12 silfur millum vega 2 lóð á 2 rd.“ og annan „fornan“ með knipplingum og 10 silfur millum á 2 rd.¹⁷⁰ Sú eign rímar ef til vill við lýsingar Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal á klæðnaði vinnuhjúa, hvað varðar tvenn mismunandi betri klæði.¹⁷¹

Karlmennirnir áttu þó ekki aðeins hversdagsfatnað heldur brugðu þeir einnig fyrir sig betri fætinum og þurftu þá að koma vel fyrir. Guðmundur Guðmundsson á Kirkjubóli átti mörg verðmæt föt eins og „nýr gráleitur jakki á 7 kr.“ og „smárúðótt fatjakki og buxur á 12 kr.“¹⁷² Trúlega er um að ræða köflótt jakkaföt og þau einu sem komu fyrir hér í þessari rannsókn. Ennfremur átti hann

¹⁶⁸ Smith, „Some in Rags and Some in Jags and Some in Silken Gowns.“ *Textiles from Iceland's Early Modern Period*, 524.

¹⁶⁹ Sjá meðal annars: ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810; Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs. Skautbúningurinn, konurnar, landið og þjóðin,“ 76–78.

¹⁷⁰ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/33b: 192. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

¹⁷¹ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, 467.

¹⁷² Athuga að þessi verðmæti eru í krónum en talið er að ríkisdalir hafi verið hálfvirði krónunnar, 12 krónur hafi því verið ca. 6 ríkisdalir. Vef. Gísli Gunnarsson, „Hvers virði var gamli ríkisdalurinn í íslenskum krónum? – Var munur á íslenskum og dönskum ríkisdal?“.

fjölbreytt föt eins og „færeyska peysu“, „tvistskyrta rúðótt“ og röndóttar buxur og vettlinga.¹⁷³ Annar ungur maður, Jens Níelsson á Kirkjubæ, skildi eftir sig þó nokkuð af betri fötum sem metin voru á yfir ríkisdal í virði eins og „treyja af klæði blá með lérefts fóðri, 5 rd. og 32 sk.“ og „treyja af vaðmáls blá, 5 rd.“¹⁷⁴ Fötin hans eru allnokkur og vekur eftirtekt að mörg af þeim eru brún og blá. En blár var mjög vinsæll litur hjá öllum vinnuhjúum og kemur fram í 242 flíkum. Athyglisvert er að verðmætustu fötin í eigu vinnuhjúanna eru í eigu tveggja vinnumanna, þeirra Ísaks Þorsteinssonar á Skörðum og Jónasar Þorkelssonar, sem lést 23 ára á Tungu í Stíflu í Skagafirði árið 1856. Þeir áttu svipaða flík; í dánarbúi Ísaks var „blá kafeya nýleg, 7 rd.“ og hjá Jónasi „blá kafeya ný, 8 rd.“¹⁷⁵ „Kafeya“ (d. *kavaj*) eða kavía – slagkápa – var nær skósíð yfirhöfn með ermum og stórum kraga (slagi), eins konar reiðfrakki, og stendur í orðabók að hún hafi verið ferðaflík karla um 1850.¹⁷⁶

Hjá flestum eru verðmæt föt talin upp fyrst og síðan byrjar upptalning á því sem minna þótti til koma þó vissulega gætu svo allt í einu við lok virðingar komið til gripir sem virðingarmönnum hafði ef til vill yfirsést þegar fötin voru tekin fyrir. Þessi háttur gæti bent til þess að meðan á virðingu stóð hafi ávallt verið reynt að fá sem fyrst upp í skuld eða arf. Því mætti ætla að til að fylgja ákveðnum viðmiðum um gripakvía komi fyrst fram munir í flokkum sem báru með sér mest verðmæti. Hjá hjúum var það helst klæðnaður. Ekki var beinlínis ætlast til þess að fólk í þeirri stöðu ætti til dæmis verkfæri og búsgögn enda í lögum að húsbændur ættu að útvega slíkt.

Í dánarbúsuppskrift Stefáns Hinrikssonar, sem lést árið 1847 á Geitagerði, hefur ritari dánarbúsins flokkað fötin í tvo flokka: „sparifatnað“ og „hversdagsklæðnað“. Ennfremur er virðingin mjög ítarleg og margar flíkur upptaldar og er til að mynda hvert einasta sokkapar með sérstakan dálk og verðmat í stað þess að virða til dæmis þrjú sokkapör með tilteknu verðgildi. Þessi háttur rennur stoðum undir það að virðingarmenn hafi fyrst litið til dýrari fatnaðar og síðan fært sig niður. Vegna þessa er Stefán sá sem á flestar færslurnar yfir klæðnað, eða 53, en til samanburðar má benda á að finna má að jafnaði 26 dálka í hverju búi. Eins og gefur að skilja er hversdagsfatnaðurinn í meira magni og verðminni en þó kemur á óvart hve margar spariflíkur Stefán átti þar sem blá vaðmálstreyja er dýrust, á 3 rd. Vesti, skyrtur, buxur, treyjur, kasketi og dönsk húfa eru ennfremur taldar upp, flest úr vaðmáli og blátt að lit.¹⁷⁷

¹⁷³ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandarsýsla. ED2/6,6: 228. Fylgiskjöl, dánarbú 1895.

¹⁷⁴ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831.

¹⁷⁵ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851; ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/16,17: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

¹⁷⁶ *Íslensk orðabók*.

¹⁷⁷ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart hve mikið af fatnaði vinnuhjúin áttu út frá sjónarhorni hagnýtingar. Föt spila stórt hlutverk í daglegu lífi einstaklinga – til að hylja nekt sína, halda á sér hita, verja sig gegn ýmsu hnjaski sem fylgdi starfi þeirra og öðru sem þeim gat komið að gagni. Við heyverkun notuðu eflaust margir vettlinga til að verja hendur gegn siggi og tréflísum sem hlotist gátu af orfi, hrífum og ljám, á veiðum vörðu skinnstakkar gegn bleytunni og svuntur kvennanna vörðu hversdagsföt þeirra fyrir óhreinindum sem til féllu við til dæmis matargerð.

Fatnaðurinn er því góður gluggi í hversdagslíf þeirra og gefur innsýn í daglegt strit og þrána eftir betri tímum þar sem staða þeirra myndi vænkast. Hann stuðlaði að því að léttu daglegt líf þeirra og ennfremur að marka þeim betri stað í samfélaginu, hvort sem um var að ræða einstaklinginn sjálfan eða virðuleika heimilanna sem þau voru í vist hjá. Samspil manna og klæðnaðar átti sér stað á hverjum degi og spilaði þar af leiðandi stórt hlutverk í hversdagslífi þeirra og jafnframt á tyllidögum þegar betri flíkurnar voru dregnar fram.

Rúmfatnaður

Húsbændur áttu að útvega vinnuhjúum sínum fæði og klæði og má ætla að þar sé einnig um að ræða rúmfatnað. Eins og sjá má af umfjöllun um fatnað þeirra er ljóst að hjúin hafa sjálf átt þó nokkrar flíkur enda fylgdu því meðal annars þægindi að eiga klæðnað sem passaði þeim í stað þess að vera upp á húsbændur sína komin. Það mætti því ætla að það hafi verið óþarfi að eiga rúmföt þar sem líklegt þykir að slíkur búnaður hafi fylgt þeim rúmum sem voru til staðar á hverju heimili fyrir sig. Samt sem áður er rösklega helmingur af þeim 37 vinnuhjúum, eða 18 þeirra, sem völdu að eiga slík verðmæti og oft voru þetta mjög dýrar eigur. Þess má geta að nokkrar sængur eru verðmætustu hlutirnir sem skrifaðar voru upp hjá þessum hópi. Hér er um að ræða fábrotinn flokk hvað varðar gerð og magn í samanburði við hinar kvíarnar. Að neðan er tæmandi listi yfir rúmfatnað vinnuhjúanna:

Tafla 8. Vinnuhjú: Algengur rúmfatnaður.

Rúmfatnaður	Fjöldi
Rekkjuvoð	27
Koddi	25
Brekán	19
Sæng	15
Ver	11
Sessa	3

Teppi	3
Svæfill	3
Lak	3
Ábreiða	2
Rúmskinn	2
Sauðskinn	2
Sængurdýna	2
Sængurdúkur	1
Yfirsæng	1
Hreindýrsfeldur	1
Undirsæng	1
Rúmfatnaður	1
Alls	123

Vinnuhjú skildu eftir sig 122 gripi sem teljast til þessa flokks sem telur rúma þrjá slíka hluti á mann. Í hópi 20–25 ára eru 19 færslur af sængurfötum, hjá miðhópnum eru þar 49 talsins og í þeim elsta 39. Ekki er að sjá að rúmfatnaður aukist í eigu þeirra á ofanverðri öldinni heldur má sjá slíka muni í byrjun aldar, fyrir miðju hennar og seinni hluta.

Það fyrsta sem vekur athygli hér er hve mikið af munum elsta fólkið á, eða sjö af þeim 13 sem voru á aldrinum 70–75 ára. Færa mætti rök fyrir því að fyrir þeim einstaklingum hafi rúmföt verið nauðsynlegri eign en þeim sem yngri voru því algengara var fyrir eldri hjú að ílengjast á síðari árum í einni vist. Því hafi verið tilhneiging til þess að skapa sér persónulegt rými innan veggja heimilisins enda var svefnstaður heimilisfólks oft fjölmennur staður og lítið um einkalíf.¹⁷⁸ Fólk gat komið og farið á meðan eldri hjúin héldu sínum stað. Það hefur gert þeim auðveldara eða meira freistandi að búa til sín eigin sængurföt eða verða sér úti um slíkt til að marka sitt svæði þar sem ekki þurfti að standa í vistarflutningum á hverju ári. Dæmi eru um hið minnsta þrjú vinnuhjú hér sem höfðu átt sömu vist í lengri tíma.

Bjarni Nikulásson, sem dó 71 árs að Arnarnesi í Ísafjarðarsýslu árið 1863, hafði samkvæmt manntalinu verið þar í vist í hið minnsta 28 ár og skildi eftir sig nokkur dýr rúmföt. Ísak Þorsteinsson

¹⁷⁸ Um einkalíf innan heimila og húsakost sjá til dæmis; Anna Lís Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*, 39–43; Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives,“ 109–124; Hörður Ágústsson, *Íslensk byggingararfleifð*, til dæmis 43–46.

var á Skörðum frá árinu 1835 til 1851 þegar hann lést 75 ára gamall og lét eftir sig ágætis sængurföt. Jafnaldra hans, Sólveig Pétursdóttir, sem dó að Þiljuvöllum í Suður-Múlasýslu árið 1852 var til að mynda 12 ár í sömu vist og skildi eftir sig sjö léleg sængurföt.¹⁷⁹ Jafnframt má velta því upp að margt eldra fólk gerðist vinnufólk hjá börnum sínum þegar þau tóku við búinu svo segja má að þau hafi verið hluti af fjölskyldu staðarins í einhverjum tilfellum þrátt fyrir að vera skráð „hjú“.

Vinnuhjú voru strangt til tekið án raunverulegs heimilis og var búseta þeirra bundin við þann stað þar sem þau fengu vist árlega. Viðhorf þeirra til heimilisins má því ætla að hafi verið annað en eigenda eða ábúenda búsins – fyrir þeim var þetta vinnustaður, nokkurs konar millibilsástand. Þar af leiðandi hefur það þótt persónulegra að ferja með sér rúmföt milli staða, með þeim hafi þau markað sér „sitt eigið heimili“ inni í torfbæjum 19. aldar sem buðu upp á lítið næði. Í skýrslu Önnu Lísu Rúnarsdóttur um efnismenningu torfbæja frá miðri 19. öld ræðir hún meðal annars um breytilega svefnaðstöðu bæjanna sem undir voru í rannsókn hennar. Algengasta formið hafi verið baðstofa þar sem allir sváfu, mötuðust og unnu í, en með til dæmis auknum innflutningi hafi fjölbreytni húsgagna aukist og við aldamótin 1900 var meiri tilhneiging til þess að hafa svefnstaði í einkarýmum. Ekki væri aðeins um að ræða herbergi fyrir húsbændur heldur hafi uppröðunin náð til kynslóða, kynja og stöðu heimilisfólks. Dæmi um þetta hafi verið vinnumenn sem sváfu í sér skálum, eldra fólk í afstúkuðu herbergi eða karlmenn öðrum megin og konur hinum megin í baðstofunni.¹⁸⁰

Svefnaðstaða einstaklinga réðst því eftir stöðu viðkomandi, stétt, kyni og aldri. Með aldrinum fengu hjúin jafnvel betri rúm til að liggja í eða stöðugra rými inn á heimilunum til að sofa í. Þar af leiðandi hafi efnismenningin „krafist“ þess að þau hefðu einhver rúmföt til umráða. Í rannsóknum Ágústu Edwald Maxwell á búsáhöldum Íslendinga á 19. öld kom sambærileg tilhneiging fram. Ef heimilismenn drukku kaffi krafðist sá siður ávallt grundvallar áhalda til að mala baunir og hella upp á kaffið, eins og kaffikvörn og pott. Nauðsyn var að hafa einhvert ílát til að drekka úr en flest búsáhöld voru úr við á 19. öld sem þoldi illa heitan vökva. Bollar og glös urðu því í meira mæli úr leir og postulín eftir því sem leið á öldina. Síðan hófu menn að taka kaffið með sykri eða mjólk sem leiddi af sér sykurtangir, sykurker, teskeiðar, mjólkurkönnur og svo mætti lengi telja.¹⁸¹ Svipað og

¹⁷⁹ Samkvæmt manntölum fyrir dauðdaga þeirra þriggja voru þau á sömu bæjunum samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is. ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,18: 179. Fylgiskjöl, dánarbú 1863; ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851; ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/11,3: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

¹⁸⁰ Anna Lísa Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*, 39–43; Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives,“ 111–123; Hörður Ágústsson, *Íslensk byggingararfleifð*, 43–46; Hörður Ágústsson, „Íslenski torfbærinn,“ 227–344.

¹⁸¹ Ágústa Edwald Maxwell, „Household Material Culture in 19th Century Iceland,“ 1–14; Ágústa Edwald Maxwell og Gavin Lucas, „The Archaeology of Z,“ 238–249.

kaffidrykkja Íslendinga (og annarra) breyttist með fjölbreyttari áhöldum til kaffineyslunnar ýtti annar svefnstaður vinnuhjúanna undir eign á rúmfatnaði. Hér verður þó einnig að hafa í huga reynslu einstaklinganna. Yngstu hjúin voru rétt farin af stað í lífshlaupi sínu og þar af leiðandi hafði þeim ekki gefist tími til að verða sér úti um rúmföt. Þau hafa ýmist þurft að búa til, kaupa tilbúið eða jafnvel erfa eftir náinn einstakling eitthvað af þessum munum. Á meðan höfðu þau sem eldri voru og höfðu lifað lengur náð að safna að sér í gegnum lífsferilinn fleiri sængurfötum eftir mismunandi boðleiðum.

Mikil verðmæti lágu í rúmfatnaði, sérstaklega í fiðri, en hér eru nefndar fjórar fiðursængur, fimm koddar og ein rekkjuvoð. Þess ber að geta að dýrasti hlutur í eigu hjúanna er einmitt fiðursæng í eigu Stefán Hinrikssonar í Geitagerði sem átti „nýleg fiðursæng fullkominn, 15 rd.“ en aðrar sambærilegar sængur voru á bilinu 2–8 rd.¹⁸² Bjarni Nikulásson í Arnarnesi, átti næstdýrustu sængina, eða 13 rd., og átti hann tvö stykki að verðmæti 26 rd. samtals. Það kemur ekki fram hvort sængurnar hans séu með fiðri en það hlýtur að teljast fremur líklegt miðað við önnur dánarbú og verðmæti þessara gripa. Rúmföt Bjarna eru einnig öll yfir ríkisdal í virði, það er tvær sængur, koddi, brekán og rekkjuvoð.¹⁸³ Kristjana Grímsdóttir, sem dó 25 ára gömul á Aðalbóli í Norður-Múlasýslu árið 1844, skildi ekki mikið eftir sig en þó „sæng og rekkjuvoð“ á 12 rd. Til samanburðar var dánarbú hennar í heild metið á 88 rd. og 20 sk.¹⁸⁴ Ingigerður Halldórsdóttir, sem lést í Innri-Fagradal í Dalasýslu árið 1853, þá 47 ára gömul, átti fjögur rúmföt þar af „boldángssæng vegur 35 lo. á 7 rd.“ En samanlagt voru rúmfötin nærri fimmtungur eigna hennar eða 14 rd.¹⁸⁵ Af þessu má sjá að mikil verðmæti voru fólgin í rúmfatnaði enda þurfti ekki að eiga mikið af honum til að komast upp í einhverjar fjárhæðir. Þess má geta að sængurnar sem voru teknar sem dæmi samsvöruðu þreföldum til ríflega fimmföldum árslaunum vinnuhjúa ef reiknað er með að þau hafi verið með hámarkslaun sem samsvaraði um 5 rd. og 6 sk.¹⁸⁶

Það er vissulega áhugavert að svona verðmæti hafi verið í eigu vinnuhjúa. Af þeim rúmfatnaði sem hér hefur verið nefndur var þó ekki aðeins um að ræða verðmætar sængur heldur var meirihluti rúmfatafærslna á nokkuð „eðlilegu“ verðbili, á milli 1–5 rd., sem eru vissulega mikil verðmæti í samhengi við aðrar eigur. Sigurður Þorleifsson, er lést 75 ára að Traðarhól í Skagafirði árið 1846, átti til að mynda „brekán heillegt á 1 rd. og 32 sk.“, „vaðmáls rekkjuvoðir gamlar á 64 sk.“ og „dúnsæng

¹⁸² ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

¹⁸³ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,18: 179. Fylgiskjöl, dánarbú 1863; ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

¹⁸⁴ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

¹⁸⁵ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,10: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1853.

¹⁸⁶ Sjá í meðal annars: *Hagskinna*, 604–608 og 925; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48.

af einskiptuprjóni á 4 rd.¹⁸⁷ Stefán Stefánsson, sem drukknaði 20 ára gamall frá Slýjum í Skaftafellssýslu árið 1834, skildi eftir sig ullarbrékán á einn ríkisdal og „2 rekkjuvoða garmar á 10 sk.“¹⁸⁸ Vel klædda vinnukonan sem áður var getið, Rannveig frá Brekku, átti síðan aðeins einn kotta „með einskiptu veri og fiður í á 2 rd.“¹⁸⁹ Fjárhæðir eru því misjafnar, enda gæði og magn ekki eins hjá hverjum og einum en samt sem áður er hægt að segja að þessi litli gripaflokkur geymi töluverð verðmæti miðað við til dæmis búsgögn sem vikið verður að seinna.

Hið háa verðgildi rúmfatnaðar og hversdagslegt notagildi hans endurspeglar hve lítill gripaflokkurinn er hjá vinnuhjúunum þó rúmur helmingur þeirra eigi í hið minnsta rekkjuvoð, kotta eða brékán. Finna mátti dýr sængurföt í öllum aldurshópum og enginn sjáanlegur munur sást á milli kynjanna, en níu vinnumenn skildu eftir sig slíka gripi og níu vinnukonur. Magnið hins vegar er meira hjá þeim eldri en þeim yngri og þar spilar lífuð reynsla inn í. Rúmfatnaður gat boðið upp á ákveðna aðferð til að marka sér sérstöðu meðal vinnuhjúa og jafnvel móta sitt svæði inni á þeim heimilum þar sem þau réðu sig í vist.

Hirslur

Að eiga hirslur var nauðsynlegt í bændasamfélagi 19. aldar þar sem sá möguleiki var alltaf fyrir hendi að vinnuhjú þyrftu að flytjast vistarflutningum á hverju ári. Fábrotin efnismenning samfélagsins kallaði á að hlutir gegndu margskonar hlutverki til að auka notagildi þeirra. Húsgögn eins og skápar, hillur og kommóður voru ekki á allra færi og því kom sér vel að eiga ferðakistu eða koffort sem gegndu hlutverki geymslu fyrir lausar eigur. Í þessum flokki áttu öll hjú sem hér eru til rannsóknar eitthvað og eru langalgengustu gripirnir kistur sem voru stundum „danskar“, „íslenskar“, læstar, ólæstar eða jafnvel málaðar í rauðum eða grænum lit. Hér er sá háttur hafður á að steypa öllum ílátum sem notuð voru undir smádót í þennan flokk þó að virðingarmenn hafi stundum flokkað gripi sem hér lenda í *annað*. Flestir litu þó á ílátin sem „hirslur“. Í heildina er um að ræða 130 eignadálka hér í þessum gripaflokki og áætlað magn þeirra má sjá í töflunni samkvæmt tíðni orða sem eru tengd þessum flokki:

Tafla 9. Vinnuhjú: Algengar hirslur.

Hirslur	Fjöldi
Kista	49

¹⁸⁷ Þí. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/11,18: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

¹⁸⁸ Þí. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/3,1: 5. Fylgiskjöl, dánarbú 1834.

¹⁸⁹ Þí. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810.

Stokkur	21
Kistill	20
Askja	18
Poki	14
Koffort	10
Skjóða	9
Vasi	6
Skápur	4
Veski	2
Kassi	2
Skrína	2
Alls	157

Oftast áttu hjúin þrjár til fjórar hirslur og gátu þær verið æði misjafnar að kosti og gerð. Athygli vekur að flestar hirslurnar, eða 13 talsins, átti Ísak Þorsteinsson á Skörðum sem þó hafði verið ansi lengi í vist á þeim bæ. Lýsingar gefa þó til kynna að þær hafi fremur verið notaðar sem geymslur undir smámuni eins og „kassi með rusli ...“ og „skápur með ýmislegu rusli á 1 rd.“. Hann átti þó lélega gamla kistu sem hægt var að læsa sem hann hefur getað geymt stærri muni í eins og búsgögnin sín.¹⁹⁰ Eftirsóknarvert var að hafa læstar hirslur og eru þær verðmeiri en sambærileg ílát eins og sjá má í lýsingum af þremur koffortum í eigu Árna Árnasonar, sem drukknaði 21 árs gamall árið 1854, að Seljalandi í Ísafjarðarsýslu. Í dánarbúi hans er „1 koffort læst en lykillaust með smíðatólarusli á 1 rd. og 80 sk.“ og annað „1 koffort gamalt á 24 sk.“¹⁹¹ Litlir kistlar eru að mestu undir ríkisdal í virði ef þeir eru ólæstir en fara oftast yfir þá upphæð ef hægt var að læsa þeim svo gera má ráð fyrir að fólk hafi metið þann eiginleika meira.

Algengt verð á kistum, koffortum og kistlum var einn til þrjú ríkisdalir. Litlar skjóður, stokkar eða pokar voru öll undir þeirri upphæð og aðeins nokkurra skildinga virði. Hjá vinnukonunum var algengt að handavinnudót væri í litlum stokkum eða kistlum enda handhægt að hafa allt smádót á einum stað. Oft er þó vísað til þess sem „rusl“. Í dánarbúi Sigríðar Vigfúsdóttur í Galmansvík í Borgarfjarðarsýslu, sem lést 46 ára gömul árið 1860, eru til dæmis færslurnar „skjóða með vasa og bótarusli á 8 sk.“ og „lítill kistill utan um no. 17 á 2 mörk“. Í dálki númer 17 var einmitt að finna

¹⁹⁰ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

¹⁹¹ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,10: 234. Fylgiskjöl, dánarbú 1854.

nokkra muni tengda handavinnu eins og nálhús og vírborða.¹⁹² Steinunn Jónsdóttir á Steindyrum í Þingeyjarsýslu, sem dó 73 að aldri árið 1841, skildi eftir sig „líti[nn] stokk[] með ýmislegu á 3 sk.“ og Sólveig Pétursdóttir á Þiljuvöllum átti þrjónastokk með tveimur þrjónum á 12 sk.¹⁹³

Eins margar og færslurnar eru þá er útlitun misjöfn. Sumum gripunum er lýst vel en öðrum illa. Þó má sjá að stundum er rætt um „íslenskar“ og „danskar“ kistur og sjá má að þær erlendu voru verðmætari líkt og rauðmálaða danska kistan hans Jens Níelssonar á Kirkjubæ er dæmi um en hún var metin á 8 rbd. er jafnframt sú dýrmætasta sem hér má finna.¹⁹⁴ Þær Kristjana Grímsdóttir á Aðalbóli og Steinunn Ívarsdóttir, sem dó 45 ára að Unaðsdal í Ísafjarðarsýslu árið 1885, áttu einnig danskar kistur að virði 4 rbd. og 8,1 kr.¹⁹⁵ Í búi Steinunnar er önnur kista einnig talin upp „íslensk“ að gerð og er hún aðeins metin á 2,45 kr.¹⁹⁶ Ekki verður sagt með vissu hver munurinn var á milli þeirra en ljóst er að uppruni gat haft áhrif á virðingu þeirra. Aðrir eiginleikar eins og útskurður virðist ekki hafa hækkað verðið, sé litið til þeirra hirslna sem voru útskornar í lýsingum virðingarmanna. Steinunn Jónsdóttir á Steindyrum og Ingunn Sæmundsdóttir á Giljum voru þær einu sem áttu slíka muni sem vitað er um þar sem slíku handbragði er ekki lýst hjá öðrum.¹⁹⁷

Líkt og með rúmfatnaðinn þá eiga þau sem eru eldri fleiri hirslur en yngsti hópurinn. Elsti hópurinn átti 50, miðhópurinn 45 og þau yngstu 35 færslur af ílátum. Ekki er mjög mikill munur á verðmætum eftir aldri en þó eru ögn fleiri kistur dýrari í fórum þeirra yngri og miðaldra en þeirra sem elst voru. Skýringuna á því má ef til vill rekja til þess að þær voru úr sér gengnar eftir áralanga notkun enda var þeim oftast lýst sem „gömlum“ eða „fúnum“ í dánarbúsuppskriftunum. Annað sem þarf að taka fram er að fleiri smærri hirslur voru í eigu elsta hópsins sem voru ekki mikils virði.

Ef staldrað er við þá staðreynd að kisturnar og kistlarnir voru hrörlegri í eigu elsta hópsins má álykta sem svo að þær hafi fylgt viðkomandi lengi. Að því leytinu hafi eign á slíkum grip verið persónulegri en til dæmis að eiga vettling eða sokk sem hafði takmarkaða lífævi sökum daglegrar og

¹⁹² ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/35: 91. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

¹⁹³ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/6,3: 40. Fylgiskjöl, dánarbú 1841; ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/11,3: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

¹⁹⁴ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831. Rétt er að benda á að rbd. stendur fyrir ríkisbankadal en stundum er hann notaður í dánarbúsuppskriftunum en oftast kom ríkisdalur fyrir. Sjá um þessi hugtök í sögulegu hugtakasafni Þjóðskjalasafns Íslands: Vef. „Orðabelgur. Sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns Íslands“.

¹⁹⁵ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1885.

¹⁹⁶ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

¹⁹⁷ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/6,3: 40. Fylgiskjöl, dánarbú 1841; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/33b: 192. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

slítandi notkunar. Hirslur voru þó ekki aðeins persónulegar að því leyttinu að fólk gat átt þær lengi heldur var hér um að ræða geymslur undir lausar eigur einstaklinga. Stefán Hinriksson að Geitagerði átti meðal annars lítinn tréstock „með nokkrum hnöppum á 16 sk.“ og Einar Einarsson, sem dó 25 ára á Birnustöðum í Ísafjarðarsýslu árið 1868, átti þoka með ull í.¹⁹⁸ Skagfirðingurinn Jónas Þorkelsson á Tungu í Stíflu átti nýlega „fatakistu á 3 rd.“ og tvo stokka „með rusli á 8 sk.“¹⁹⁹ Hér eru óupptaldar allar þær minni hirslur sem geymdu til að mynda bréf og snyrtidót sem hefur verið enn persónulegra fyrir eigendur. Stefán Hinriksson átti meðal annars „skinnveski með kamb og hárgreiðu á 10 sk.“ og Árni Árnason á Seljalandi átti bréfaveski sem hann hefur geymt í sendibréf frá fjölskyldu og kunningjafólki sínu svo hann gæti lesið þau reglulega yfir.²⁰⁰

Geymsluhlutverk kistla og kofforta réð jafnvel stundum hvernig eigurnar væru uppskrifaðar. Í dánarbúsuppskrift Bjarna Bjarnasonar, sem dó 24 ára gamall á Kirkjubóli í Ísafjarðarsýslu árið 1852, má sjá að máluð kista er skrifuð upp í dálki tvö af þeim 73 hlutum sem virtir voru. Á eftir fylgja 16 föt og eitt langspil, svo kemur önnur kista og eftir henni eru listaðir 22 munir – föt, búsgögn, peningar og bækur. Í dálki númer 43 er svo að finna gamla litla kistu og í færslu númer 63 er skápur. Það mætti ætla að þeir hlutir sem eru á milli þessara hirslna hafi verið geymdir í hverri og einni því síðustu tíu eigur Bjarna eru skuldir hjá öðrum og fjórir smáhlutir.²⁰¹ Þessi háttur virðingarmannanna gefur til kynna að þeir hafi farið skipulega í gegnum hirslur Bjarna þar sem ýmislegt var að finna eins og föt, rúmföt, búsgögn, verkfæri og annað. Þeir flokkuðu ekki í gripaflokkana eins og algengt var heldur fóru í kistur hans líkt og þeir hefðu rakið eigur bænda eftir staðsetningu í byggingum sem á jörðinni voru.

Hirslueign hjúanna gat því verið ráðandi í hvernig eigur þeirra komu fyrir í dánarbúum og gefur innsýn í hvernig stöðu vinnuhjúin voru innan veggja heimilis húsbænda og hvernig hlutir gátu/geta haft áhrif á menn. Í stað herbergja og bygginga var aleiga þeirra í kistum, kistlum, koffortum, pokum og stokkum. Það var því gagnlegt að eiga slíkar geymslur, bæði til flutninga og íveru. Sú staðreynd að öll hjú höfðu til umræða einhvers konar hirslu sýnir að eign þeirra var almenn enda þeim nauðsynlegt hnoss til að ferja og varðveita aleigu sína í sem var stór og smá – og allt þar á milli.

¹⁹⁸ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,27: 105. Fylgiskjöl, dánarbú 1868.

¹⁹⁹ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/16,17: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

²⁰⁰ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,10: 234. Fylgiskjöl, dánarbú 1854.

²⁰¹ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,2: 105. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

Búsgögn

Þegar gripaflokkunum fjölgar má sjá að eignar verða sundurleitari og ekki mikið af hinu sama er í eigu allra einstaklinganna. Hlutirnir fara að safnast saman á óvæntan hátt og verða ef til vill til marks um sjálfsmyndarsköpun eða einstaklingsbundið framtak viðkomandi einstaklings í lifanda lífi. Átta þeirra sem hér eru til skoðunar áttu 13 potta, 14 vinnuhjú áttu þá 18 aska sem koma fyrir en síðan er að finna 16 spæni hjá 12 einstaklingum. Öll hjúin áttu til að mynda hirslu af einhverri gerð og 32 þeirra áttu sokka. Hvað varðar búsgögn eiga sjö þeirra ekkert af slíkum munum og magnið er ef til vill mikið miðað við að hér er um að ræða hluti sem að ætla mætti að væri hægt að finna í eldhúsum húsbænda þeirra. Af þeim 187 gripum sem flokkuð hafa verið sem búsgögn er að finna 41 gerð af hlutum. Í eftirfarandi töflu er að finna 21 gerð af búsgögnum sem voru algengust:

Tafla 10. Vinnuhjú: Algeng búsgögn.

Búsgögn	Fjöldi
Askur	18
Flaska	17
Spónn	16
Pottur	13
Tunna	10
Fata	10
Trog	10
Dallur	8
Hnífur	8
Diskur	7
Sjálfskeiðungur	6
Glas	6
Skeið	4
Brúsi	4
Drýglar	4
Kolla	4
Staup	3
Kanna	3

Skál	3
Peli	3

Búsgögnin gátu verið talin upp í sama dálki með öðrum hlutum eins og verkfærum eða allt sett í eina færslu. Því er einkennandi fyrir þennan gripaflokk að það virðist sem svo að það dragi úr yfirsýn í virðingunni og flokkunin í gripakvíar verði óljósari. Þetta má rekja til þess að eigur vinnuhjúanna hafa jafnvel verið staðsettar á rúmi, í kistum og kistlum eða utandyra (búpeningur). Jafnvel mætti ímynda sér að virðingarmenn hafi fyrst tekið fyrir það sem kom þeim strax fyrir sjónir eða það sem var talið vera mestu verðmætin í. En einnig þá gripi sem þótti liggja í augum uppi að hjúin ættu (búpening, bækur, fatnað og hirslur). Í þessu tilliti má benda á að yfirskrift gripaflokka dettur oft út eftir „hirslur“ og jafnvel oft aðeins tiltekið „annað“. Hugsanleg sviðsmynd er því að embættismenn hafi komið að rúmi þeirra, séð hluta af eignum eins og föt, bækur á hillu/rúmstokk, uppbúið/óumbúið rúm með jafnvel rekkjuvoð eða koddar og síðan hafi staðið hirslur eins og kistur undir eða við rúmið. Síðar hafi innihald ílátanna verið skoðað og þá tínast hinir hlutirnir inn. Oft undir einum flokki sem þeir nefna „í aðskiljanlegu“ eða „ýmislegt“, en þeir tilgreina ekki flokkana „búsgögn“ eða „verkfæri“ líkt og hátturinn hefði verið í virðingu hjá húsbændum þeirra. Því væri hægt að líta svo á að þessir munir séu sérstæðari en aðrir að því leytnu að það er ekki beinlínis viðurkennt meðal samfélagsins að vinnufólk eigi annað en það nauðsynlegasta þó vissulega hafi ekki verið nein bönn við slíku.

Í umfjöllun Gavin Lucas um innreið og dreifingu leirmuna á Íslandi frá miðri 19. öld til ársins 1950 ræðir hann meðal annars hve persónuleg eign það gat verið að eiga borðbúnað. Fólk hafi jafnvel gengið með aska á sér eða vasahníf og ennfremur hafi fólk verið duglegt að reyna að laga brotna leirmuni í stað þess að losa sig við þá. Ef til vill hafi einnig verið efnahagslegar ástæður fyrir slíkri hagsýni. Dýrt gat verið að kaupa þennan búnað og ekki þótti ástæða að henda því sem var til staðar ef hægt var að gera við.²⁰² Búsgögn vinnuhjúanna styðja slíkar ályktanir enda eiga mörg þeirra aska, spóna og sjö þeirra eiga sjálfskeiðung sem var vasahnífur.²⁰³ Þetta notuðu þau til að matast þegar þau sátu í rúmum sínum eða jafnvel úti við í heyverkun þar sem engan tíma mátti missa. Þægilegra var að borða úr skál eða aski úr kjöltu sinni og nota spón til að borða grautinn upp úr þeim og eins hefur það komið sér vel að eiga hníf til að skera kjöt eða þurran fisk.²⁰⁴

²⁰² Lucas, „The Widespread Adoption of Pottery in Iceland 1850–1950,“ 65–67.

²⁰³ Sjálfskeiðungar koma fimm sinnum fyrir í dánarbúsuppskriftunum og vasahnífur tvisvar. Þar af leiðandi sjö sambærilegir hnífar.

²⁰⁴ Sjá meðal annars: Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, 34–55; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*, 21.

Rannveig Þorsteinsdóttir á Brekku átti til að mynda ask, spón og tvo „sjálfskeiðunga“. Ekki eru mikil verðmæti í þessum hlutum og var askurinn hennar á 16 sk. Hinir gripirnir eru taldir upp með öðru en ljóst er að þeir eru aðeins nokkurra skildinga virði sé litið til samtals tölu þeirra allra sem ekki var hátt. Spónninn er meðal annars talinn upp með fjórum snúðum, tveimur snældum og einum skóbursta og allt saman á sléttan ríkisdal.²⁰⁵ Þetta er ekkert einsdæmi en búsgögn eru almennt fremur verðlítill sé litið til þeirra eigna sem áður hefur verið fjallað um. Stórir pottar skera sig þó úr gripafloknum að því leytnu að sumir þeirra eru yfir ríkisdal í virði og eiginleikum þeirra er lýst eftir stærð og stundum ástandi. Sigurður Bótólfsson lést 21 árs frá Gröf í Skaftafellssýslu árið 1819 og honum tilheyrði „járnpottur tekur 52 merkur á 2 rd. 88 sk.“, sem eru 13 kg.²⁰⁶ Guðmundur Guðmundsson á Holtastöðum átti 40 marka pott eða „brunninn og [XX] 2ia fjórðunga pottur á 1 rd.“²⁰⁷ Það búsgagn sem var dýrast hér voru silfurskeiðar í eigu Kristjönu Grímsdóttur á Aðalbóli en hún átti „silfurskeið og teskeið á 3 rd. 48 sk.“²⁰⁸ Skeiðar hennar eru jafnframt eina silfrið sem er að finna hjá þessum hóp fyrir utan það sem var í fatnaði.

Að meðaltali átti hver og einn fimm muni sem teljast til búsgagna en þó standa tveir vinnumenn upp úr með magn: Bjarni Bjarnason á Kirkjubóli og Guðmundur á Holtastöðum. Guðmundur átti 20 gripi eins og spón, hníf, tvo aska, fötu, strokk, mjólkurtrog og þrjár kollur, allt á bilinu 16 sk. og upp í 2 rd. sem var virðismat gamals tunnúsárs. Hér verður þó að taka fram að staða Guðmundar hafði tekið breytingum aðeins ári fyrir andlát hans þar sem hann þurfti að bregða búi og fjölskyldu hans var sundrað á bæi í kring. Þar af leiðandi hafa hann og kona hans (þar sem eigur hennar komu einnig til virðingar) ennþá átt sitthvað frá búskapartíð sinni.²⁰⁹ Bjarni var ungur vinnumaður sem trúlega hafði ekki tekið við búi, en skildi samt sem áður eftir sig 13 búsgögn, þar á meðal sax, tvö bollapör, tinstaup, tvær flöskur og sjálfskeiðung, verðbilið 4 sk. upp í einn ríkisdal og 48 sk. sem var kaffikvörn úr steini.²¹⁰ Fjöldi eigna hans er sú mesta í hans aldurshópi en þau yngstu áttu minnst af búsgögnum, eða 35 gripi.

Enginn teljandi munur er á milli kynja hvað varðar eign hér nema þá helst þeir Bjarni og Guðmundur sem bæta hlut karlmanna þar sem fimm af þeim sjö sem ekki áttu eldhústól voru vinnumenn. Sambærileg búsgögn eru yfir alla öldina eins og askur, dallur og hnífur en hins vegar eru

²⁰⁵ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810.

²⁰⁶ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/2,1: 359. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

²⁰⁷ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,28: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

²⁰⁸ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

²⁰⁹ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

²¹⁰ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,2: 88. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

þeir fáu gripir sem eru tengdir við breytta borðsiði eins og diskur, bollar, kaffitól og búnaður úr tini og leir til að mynda aðeins í dánarbúum eftir 1840. Þó er eitt dánarbú frá árinu 1831, eftir Jens Níelsson á Kirkjubæ, sem átti einnig eina leirmuninn af vinnuhjúunum: „3 glös og brúsi lítill úr leir, 88 sk.“.²¹¹ Notkun þess konar borðbúnaðar á sér stað fyrr en áður hefur verið talið en oft hefur verið látið að því liggja að umskiptin í notkun þeirra verði um árið 1855 þegar verslun var gerð frjáls. Með auknum innflutningi hafi fólk byrjað að nota diska, glös eða kaffibolla þar sem þau höfðu áður haft takmarkað aðgengi að slíkum „munaðarvörum“ í gegnum danska verslun.²¹²

Það hvernig búsgögnin dreifast og safnast á hendur vinnuhjúanna á sér nokkrar ástæður og eflaust fleiri en þær sem getið verður hér. Fyrir það fyrsta er engin „regla“ hvað þau áttu þó vissulega sé tilhneiging til að eiga eitthvert matarílát og áhald til að matast. Hér kemur það aftur fram að þau sem voru eldri áttu meira magn en yngsti hópurinn. Sum vinnuhjúanna 45 ára og eldri höfðu staðið fyrir búi og búsgögnin þaðan jafnvel fylgt þeim í vinnumenskuna á meðan yngstu hjúin höfðu ekki enn náð að stofna sitt eigið heimili. Ennfremur má velja því upp að elstu hjúin sem vitað er að hafi verið lengi á sama bæ, eins og Ísak Þorsteinsson á Skörðum og Sólveig Pétursdóttir á Piljuvöllum, hafi öðlast ákveðna stöðu innan heimilisins, þar sem þau hafa „markað“ sér sitt svæði í gegnum lengri tíma en ársvist í senn. Bjarni Nikulásson í Arnarnesi, sem var 28 ár í sömu vist átti þó ekkert búsgagn ef marka má dánarbúsuppskriftina.²¹³ Mismunandi háttur hefur verið á hverju heimili og hjá hverjum einstaklingi. Ef til vill var Bjarni það tengdur heimilisfólkinu að hann þurfti ekki sérstakan borðbúnað á meðan búsgögn annarra hjúa hafa skilgreint þau frá öðru heimilisfólki.

Búsgögnin sýna fram á tengsl einstaklinganna við hluti, rétt eins og Gavin Lucas hefur rætt um.²¹⁴ Mögulega hefur fylgt því öryggi að eiga sinn eigin ask og spón innan heimilisins ásamt því að það virðist vera ákveðin tilhneiging að eftir því sem fólk eldist hefur það viðað að sér stærra og flóknari neti efnislegra gripa. Fólk hefur erfð eftir ættingja, keypt á uppboði, áskotnast hluti úr búskapartíð, stolið eða fengið að gjöf stóra sem smáa muni sem viðkomandi tengdist jafnvel tilfinningaböndum. Hversdagsleikinn er líka umvafinn búsgögnum enda komu vinnukonur við sögu matargerðar dagsdaglega og vitanlega nærðust allir á einn eða annan hátt.

²¹¹ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831.

²¹² Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslupjóðfélagið til?“, 76–78; Lucas, „The Widespread Adoption of Pottery in Iceland 1850–1950“, 65–67; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*, 331.

²¹³ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,18: 179. Fylgiskjöl, dánarbú 1863.

²¹⁴ Lucas, „The Widespread Adoption of Pottery in Iceland 1850–1950“, 65–67.

Verkfæri

Þau tól sem vinnuhjúin skildu eftir sig eru að megninu til tengd handavinnu og smíðum en minna búskaparstörfum og veiðum. Flokkurinn inniheldur 121 grip í 74 færslum sem sýnir hve mörg amboð voru oft sett saman í dálk. Eigur vinnuhjúa státa af 41 gerð tóla og að meðaltali áttu þau rúm þrjú áhöld hvert, aðeins sjö þeirra áttu engin. Í eftirfarandi töflu má sjá gerðir og magn þeirra verkfæra sem einstaklingarnir áttu en hér eru flest þeirra tengd ullarvinnslu. Mikið magn af rokkum, snældum og skærum gefa slíkt til kynna. Þau áhöld voru heldur ekki fyrirferðarmikil í flutningum og því auðveldara að ferja þau á milli vista, annað en til dæmis þunga steðja eða stór fiskinet:

Tafla 11. Vinnuhjú: Algeng verkfæri.

Verkfæri	Fjöldi
Rokkur	14
Hnífur	11
Snælda	10
Skæri	8
Hefill	7
Sög	7
Nálhús	7
Snúður	5
Exi	4
Prjónar	4
Reipi	3
Ullarkambar	2
Saumabolti	2
Orf	2
Varreka	2
Net	2
Steðji	2
Brýni	2
Nafar	2
Vog	2
Smíðatól	2
Hrífuhöfuð	2

Verðmæti hvers og eins verkfæris er ekki hátt og er „1 rokkur gamall og gallaður á 3 rd.“ sá verðmætasti. Hann var að finna í dánarbúi Rannveigar Þorsteinsdóttur á Brekku sem jafnframt er sú vinnukona sem á flest verkfærin af kynsysturum sínum eða 13 talsins – öll tengd handavinnu. Handavinnutól hennar voru tvö skæri, fjórir snúðar, tvær snældur, bandprjónar og þrjú nálhús. Með þeim hefur Rannveig eflaust geta útbúið þann fína klæðnað sem hún skildi einnig eftir sig og fjallað var um áður.²¹⁵

Í þessum flokki kemur í fyrsta skipti fram mjög skýr kynjaskipting á þeim gripum sem hér falla til. Vinnukonurnar eiga allar nema tvær verkfæri í einhverri mynd en fimm karlmanna eiga ekkert. Ísak Þorsteinsson á Skörðum sker sig úr á mjög áberandi hátt hvað varðar fjölda verkfæra og á hann 23 stykki, flest tengd smíðum, og má því ætla að hann hafi verið smiður meðfram vist sinni.²¹⁶ Vinnumennirnir eiga afar fá handavinnutól en Gunnar Eiríksson, sem dó 22 ára gamall á Skriðu í Suður-Múlasýslu árið 1850, átti einn snúð auk sporjárns og hnífs.²¹⁷ Allir rokkarnir nema tveir eru í eigu kvenna en Ísak átti „rokkskrifli“ og Guðmundur Guðmundsson á Holtastöðum átti rokk sem þó má reikna með að hafi verið í eigu konu hans sem var á öðrum bæ.²¹⁸ Dæmið snýst svo við þegar litið er til smíðatóla en þá á engin kona slík amboð. Verkaskiptingu kynjanna má glögglega sjá af þessu þó ekki sé útilokað að karlmenn hafi samt sem áður að einhverju leyti komið að ullarvinnslu eða hannyrðum. Vinnukonur hafi síðan einnig komið við sögu í heyverkun og mjöltum þó ekki skilji þær eftir því um lík áhöld.

Smíðaverkfærin eru þó ekki mjög mörg og eru flest í eigu Ísaks á Skörðum sem á 23 af þeim og jafnframt langflestu amboðin. Tvær grindarsagir, dengsluhamar gamall, rennijárn, hjólasveif og þrjár gerðir af heflum er að finna í dánarbúi hans og nokkuð ljóst að Ísak hefur unnið við smíðar.²¹⁹ Hár aldur hans og fjöldi verkfæradálka (11) eru áhugaverð að því leytnu að ef hann hefði ekki verið meðal öldunganna þá hefðu þau aðeins skilið eftir sig 13 færslur af amboðum en til samanburðar eru 29 og 21 eignardálkar í hinum hópnum. Það var því ekki algengt að vera kominn vel á aldur og eiga mikið af smíðatólum. Því af þeim 13 einstaklingum í elsta hópnum eiga fjögur þeirra ekki neitt verkfæri og flestir aðeins eitt. Ísak var vinnumaður allt sitt líf en af eigum hans að dæma hafði hann

²¹⁵ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810.

²¹⁶ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851

²¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/10,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1850.

²¹⁸ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851; ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

²¹⁹ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

náð að sérhæfa sig á sviði trésmíða. Mikill fjöldi hirslna hans miðað við önnur hjú gæti jafnvel skýrst af því að eitthvað af þeim hafi verið söluvarningur.

Aðrir vinnumenn sem höfðu í fórum sínum smíðatól eru allir í yngsta hópnunum. Þeir Árni Árnason á Seljalandi, Jón Ólafsson sem lést 22 ára gamall á Gaulverjabæ í Árnessýslu árið 1843 og Jens Níelsson á Kirkjubæ eiga fjögur til sex smíðaáhöld hver. Það má gera sér í hugarlund að þeir hafi ætlað að sérhæfa sig líkt og Ísak gerði – þó vissulega hver með sínu lagi. Hinn ungi Jón Ólafsson átti „smíðatól á 12 sk.“, tvo hefla, skaröxi og strengsögina sem var verðmætust, á 80 sk., en Jens Níelsson átti lítinn fellingarhefil, skaröxi, brýni og nafar.²²⁰ Heflar og hnífar standa upp úr hvað varðar magn en þeir hafa komið sér vel til að hefla niður rekavið eða tré og síðar til að skera út með. Tilraunir þessara ungu manna eru ekki einsdæmi hvað varðar sérhæfingu en það gat verið gott að standa upp úr stórum hópi vinnuhjúa með hæfileika á þessu sviði. Aðrir gátu verið fengnir til verka eins og slátrunar, vegghleðslu, spunamennsku, fatagerðar eða bókbands.²²¹

Í umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar á sérhæfingu á 19. öld í gegnum dagbókarskrif Halldórs Jónssonar er því lýst að þar í sveit hafi menn farið á milli bæja til sérhæfðra verka. Í dagbókum sínum segir Halldór frá því að þegar hann var í lausamennsku hafi hann þótt vera lunkinn við vegghleðslu og var því fenginn í slíka vinnu víða. Ennfremur var faðir hans oft kallaður til að fara á aðra bæi til að aðstoða við slátrun þrátt fyrir að standa sjálfur fyrir búi. Þannig gat fólk nælt sér í aukatekjur og þar af leiðandi gengið betur að koma undir sig fótunum svo ljóst er að það gat komið að góðum notum að hafa sérhæfða hæfileika til að auka tekjur sínar og búa sér til tengslanet jafnt innan sveitar sem utan.²²²

Vinnukonurnar hafa haft hannyrðir sér til framdráttar enda nauðsynlegt að eiga klæðnað eftir veðri og vindum eða betri fatnað ef efni voru til staðar. Þær sem skildu eftir sig verkfæri áttu allar áhöld til slíkra verka en aðeins ein þeirra á annars konar amboð. Sigríður Vigfúsdóttir í Galmansvík skildi eftir sig einn móhrauk sem var metinn á einn ríkisdal.²²³ Það hve algeng handavinnutól voru kemur ekki á óvart þar sem þau voru oftast smá og þar af leiðandi auðveld í flutningum. Rokkar voru samt sem áður ekki smáir eins og nálhús, þrjónar og skæri en þeir eru þrátt fyrir það algengasta amboðið. Þeir voru jafnframt til á bæjum svo mögulega hafa rokkar verið

²²⁰ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,2: 231. Fylgiskjöl, dánarbú 1843; ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831.

²²¹ Sjá meðal annars: Hrefna Róbertsdóttir, „Frumiðnaður á 17. og 18. öld,“ 345–353; Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli,“ 334–339; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?,“ 137–177.

²²² Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli,“ 334–339.

²²³ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- Mýrasýsla. ED2/35: 91. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

persónuleg eign þar sem það var hvorki hægðarleikur að ferja gripinn á milli staða né bar vinnukonum skylda að eiga þannig muni.

Verkfærið rokkur var persónubundið og hentaði hverjum og einum misjafnlega, sumar konur hafa jafnvel breytt eiginleikum þeirra eins og uppröðun hnokka á rokkvængjunum. Stilling á átaki eða hraða hjólsins var síðan eftir lagi hvers og eins. Ennfremur gátu konurnar notað mismunandi aðferðir til spunans eins og breytileg hráefni, tog, þel eða seglgarn.²²⁴ Þeir rokkar sem koma við sögu í dánarbúsuppskriftunum hjá vinnukonunum eru því trúlega það áhald sem var sniðið að viðkomandi en einnig hefur þótt eftirsóknarvert að fá inn aukarokk til að auka afköst heimilisins.

Þeir munir sem komu fyrir hér í þessum flokki gefa vitnisburð um meðal annars verkaskiptingu milli kynjanna frá þessum tíma, sérsvið viðkomandi einstaklings og ennfremur hve persónulegt það var að eiga verkfæri af ýmsu tagi. Með sérhæfingu gátu þau betur komið sér á framfæri í samfélaginu til að bæta hag sinn – aðgreining þriggja ungu vinnumannanna er vísbending um þess konar tilraunir. Það hve afgerandi var fyrir vinnukonur að eiga áhöld til hannyrða sýnir verksvið þeirra inni á bæjunum en ennfremur frekari jaðarsetningu þar sem þetta eru oftast gripir sem eru ódýrir. Samband hjúanna við verkfæri sitt kemur einnig fram, því þau völdu sér að eignast slíka muni og sérsniðu þau jafnvel eftir sinni hentisemi eða líkamlegum burðum.

Reiðtygi

Sé litið til þeirrar staðreyndar að vinnuhjú gátu skipt um vist einu sinni á ári er óvænt að ekki eigi öll í hið minnsta eitt beisli, en 18 þeirra eiga einhver reiðtygi. Aðeins er um að ræða 104 gripi sem fram komu í 41 eignadálkum:

Tafla 12. Vinnuhjú: Algeng reiðtygi.

Reiðtygi	Fjöldi
Gjörð	17
Beisli	15
Ístöð	12
Sessa	8
Hnakkur	8
Þófi	4

²²⁴ Sjá spurningaskrá Þjóðminjasafn Íslands nr. 14 og 15. *Ull og tóvinna*. Þar er hægt að lesa mörg mismunandi svör um rokka. Þjms. 14. Ull og tóvinna II; Þjms. 15. Ull og tóvinna III. Sjá einnig: Elsa E. Guðjónsson, „Um rokka einkum með tilliti til skotrokka,“ 11–52.

Skeifur	4
Söðull	4
Hringjur	4
Áklæði	3
Yfirdekk	3
Reipi	3
Pískur	2
Klúka	2
Dýna	2
Reiði	2
Þófól	2
Karlmansreiðtygi	2

Að meðaltali áttu vinnuhjúin tvö til þrjú reiðtygi og oftast gjörð eða beisli eins og sést í töflunni. Hvað varðar gjarðirnar er hægt að reikna með að um tvær tegundir sé að ræða í dánarbúsuppskriftunum. Hægt var að nota gjörð á ýmsan hátt eins og til dæmis með hnakk, sessu eða jafnvel ístöðum. Ef um var að ræða gjörð sem fylgdi hnakk eru meiri líkur á því að hún hafi verið „einföld“ og styttri, það er hringjurnar hafa verið báðum megin til að festa sitt hvorum megin í móttökin í hnakknum eða söðlinum. Gjörð gat líka náð alla leið utan um hestinn á þann veg að sessa eða gæra var sett á bak hestsins og gjörðin náði yfir hana til að festa á bakinu. Slík gjörð var kölluð yfirgjörð en líklegt þykir að þar sem er rætt um gjörð með „ístöð eða sessu“ sé á ferðinni yfirgjörð en ekki sú sem var einföld og fylgdi hnakk eða söðli. Svipaða virkni hafði þófól eða þófi sem var mun ódýrari reiðtygi en önnur.²²⁵

Virði hnakka með öllum aukahlutum var fremur mikið. Í dánarbúsuppskrift Jens Níelssonar á Kirkjubæ má sjá „klúka með yfirdekki, sessu, ístöðum, yfirgjörð, písk og beisli á 9 rbd.“ og aðra nýja með ístöðum á öðrum bæ að virði 8 rd. sem eru samanlagt 17 rd.²²⁶ Stefán Hinriksson í Geitargerði átti karlmannshnakk með ístöðum, gjörð, beisli og písk („allt nýlegt“) á 14 rd. og 32 sk.²²⁷ Gunnar Eiríksson á Skriðu skildi eftir sig hnakk með ístöðum, gjörð og beisli, allt á 5 rd.²²⁸ Söðlar voru einnig

²²⁵ Sjá frekari umfjöllun um gerðir reiðtygja í: Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldaðir*.

²²⁶ Þí. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831.

²²⁷ Þí. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

²²⁸ Þí. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/10,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1850.

dýrmætir eins og söðull Kristjönu Grímsdóttur á Aðalbóli sem kom með „trosnuðu áklæði og gjörð á 12 rd.“²²⁹ Verðmætasta eign Jórunnar Helgadóttur, sem lést 48 ára gömul í Hruna í Skaftafellssýslu árið 1836, var nýtt söðulvirki með sessum, þófa, áklæði og gjörðum metið á 4 rd.²³⁰ Vegna þess hve dýrt var að eiga slíkt heildarsafn af reiðtygjum má gera sér í hugarlund að hér sé á ferðinni efnismenning sem fer að krefjast fleiri gripa.²³¹ Ef til vill byrjuðu flestir að komast yfir beisli sem var oftast nokkurra skildinga virði og fór mjög eftir gæðum og eiginleikum. Þetta gátu verið beisli með járnstangir, koparmél eða ólar úr leðri eða reipum. Þrjú beisli ná ríkisdal í virði hjá þessum hóp. Kjálkabeisli með „dönskum ólum“ í eigu Jón Ólafssonar í Gaulverjabæ, „koparbeisli“ í dánarbúi Árna Árnasonar á Seljalandi og það þriðja sem var 2 rd. virði „ólarbeisli með koparstöngum“ í eigu Ingunnar Sæmundsdóttur á Giljum.²³² Síðan hafi ódýrari kostur eins og þófaól eða yfirgjörð verið jafnvel keypt á uppboði eða komið til þeirra sem laun, gjöf eða arfur. Ingigerður Halldórsdóttir í Innri-Fagradal átti til að mynda aðeins ein ístöð sem talin voru upp með snældu og dós og verðmæti allra aðeins 12 sk. svo það er ljóst að hægt var að safna smáum munum í eina stóra heild – albúin reiðtygi.²³³

Í umfjöllun um vinnuhjú sem áttu efnahagslega minnst í samanburði við önnur hjú mátti sjá að þófólar voru áberandi reiðtygi hjá þeim hópi. En það var einfaldara og ódýrara reiðtygi, gert úr þæfðri ull og skinni sem bundið var undir kvið hestsins með gjörð/ól og oft ístöð fest við.²³⁴ Hér í þessu úrtaki eiga átta vinnumenn hnakk og þrjár konur söðul eða söðulmynd en aðeins fjögur hjú eiga þófa eða þófaól. Því má jafnvel velja því fyrir sér að hér sé um ákveðin skil að ræða á milli þeirra fátækari innan stéttarinnar og þeirra sem voru í kringum meðaltal efnislegra gæða. Tilhneigingin er þó hin sama, að eigurnar bera eindregin merki í átt að ákveðnu markmiði – að koma sér upp eignum sem einkenndi daglegt líf þeirra. Þeir einstaklingar sem höfðu minna milli handanna hafi einfaldlega verið óheppnari með kaup, áföll (efnahagsleg og náttúruleg), vist, félagslegt umhverfi eða

²²⁹ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

²³⁰ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/3,1: 149. Fylgiskjöl, dánarbú 1836.

²³¹ Svipaða þróun um muni má sjá í: Ágústa Edwald Maxwell, „Household Material Culture in 19th Century Iceland,” 1–14; Ágústa Edwald Maxwell og Gavin Lucas, „The Archaeology of Z,” 238–249; Tarlow, *The Archaeology of Improvement in Britain, 1750–1850*.

²³² ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,2: 231. Fylgiskjöl, dánarbú 1843; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,10: 234. Fylgiskjöl, dánarbú 1854; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/33b: 192. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

²³³ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,10: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1853.

²³⁴ Anna Heiða Baldursdóttir, „Eigur fátækasta hluta vinnuhjúa til frásagnar,” 67.

stuðningsnet. Þar af leiðandi gekk þeim verr að við að sér efnislegum hlutum eins og safn reiðtygja gat verið.

Hvað varðar skiptingu á magni reiðvera hafa hlutföllin snúist við – hér eiga þau yngstu mest eða 47 talsins, miðaldra hjú áttu 36 og þau elstu aðeins 21 stykki. Nokkrar ástæður geta legið að baki þessara afgerandi hlutfalla. Minni hreyfanleiki elstu vinnuhjúanna kemur hér til greina eins og áður hefur verið reifað. Sú orsök sem er þó líkleg og í rauninni sú augljósasta er einfaldlega tengd aldri eða réttara sagt misjöfnu ásigkomulagi einstaklinga líkamlega. Fólk í blóma lífsins átti oftast ekki í neinum vandræðum með að sitja hest. Skrokkurinn hjá rúmlega sjötugum einstaklingi sem hefur unnið erfiðisvinnu allt sitt líf býður einfaldlega ekki upp á að þeytast um á hrossum þó vissulega hafi þau gert það til að flytja eða fara lengri leiðir til kirkju. Þau sem yngri voru höfðu einnig meiri not fyrir hesta og þar af leiðandi reiðtygi, enda gat verið að þau þyrftu að fara milli bæja á hestum með til að mynda afurðir, smala sauðfé eða ferðast milli vista. Færri reiðtygi þeirra eldri gæti því einnig gefið til kynna verkaskiptingu á milli kynslóða þar sem ungt fólk var líklegra til að vinna líkamlega erfiða vinnu og fara sendiferðir fyrir heimilið.

Notkun reiðtygja var á 19. öld tengd ferðamáta fólks en engir vegir eða vagnar voru á landinu á þessum tíma svo fólk kom sér á milli staða annað hvort á tveimur jafnfljótum eða á hestum. Nokkuð augljóst er hvert hlutverk beisla, hnakka eða þófóla var í lífi fólks – þetta voru gripir sem komu þeim á milli staða á hraðari máta en ef gengið var. Það er því ekki að undra að rúmur helmingur hjúanna eigi einhvern reiðskap – það sem er hins vegar athyglisvert eru þau sem ekki áttu slíkan munað. Átta vinnukonur áttu engin reiðtygi og hinar sem höfðu slíkt til umráða áttu ekki mörg. Ingunn Sæmundsdóttir á Giljum er þó undantekning en hún átti veglega muni eins og sálúnsofið áklæði á 2 rd., písk á 8 sk., skinnsöðul með vaðmálslæðum á 2 rd. og 80 sk og nýjan söðulþófa á 1 rd. og 48 sk.²³⁵ Skortur á reiðtygjum getur gefið til kynna að vinnukonur hafi verið einangraðri en vinnumenn. Nefnir Vilhelm Vilhelmsson í umfjöllun sinni um vinnuhjú að sú staða hafi verið líkleg. Þær hafi til dæmis ekki farið í verbúðir líkt og karlarnir.²³⁶ Vanefni þeirra til ferðalaga og verkaskipting hefur því haft áhrif á tækifæri þeirra til félagslegra tengsla.

Gripaflokkurinn er ekki ýkja stór enda hópnum ekki nauðsynlegt að eiga mikið af hnökkum eða beislum enda hefur dugað þeim einfalt reiðver til að fara á hestbak. Húsbændur gátu einnig útvegað hjúum sínum reiðver ef þurfti líkt og verkfæri eða fatnað, sem var skylda þeirra. Hnökkum

²³⁵ Þí. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/33b: 192. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

²³⁶ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 105–106. Rétt er að halda því til haga að í umfjöllun Vilhelms bendir hann á að grasatínsluferðir kvenna upp á heiðar hafi ef til vill haft svipaða þýðingu fyrir þær og verferðir karla.

og söðlum var stundum lýst með „öllu tilheyrandi“ og má álykta sem svo að einstaklingar gátu safnað nokkrum smáum hlutum eins og ístöðum og gjörð til að ná í slíka heild. Fullbúin reiðtygi voru verulega verðmæt og gátu samsvarað árslaunum notenda sinna.²³⁷ Nytsemi þeirra er óumdeilanleg en hins vegar komu þau ekki við sögu á hverjum degi í lífi allra einstaklinga. Veður gat til að mynda hamlað ferðum fólks, einstaklingar áttu ekki hest eða dagsverkin kröfðust þess ekki af viðkomandi að fara á hestbak. Það að eiga reiðskap gerði notendum þeirra ferðalagið auðveldara, fljótlegra og þægilegra – má ímynda sér að betra hafi verið að sitja á fóðruðum hnakki eða gæruskinni heldur en berbakt eða fótgangandi. Félagslegi þátturinn var einnig til staðar þar sem reiðmennska ýtti undir að einstaklingar hafi eytt tíma til gamans eða erinda saman á hestbaki eða í heimsóknum. Notkun þeirra var þó skilyrt af því að eiga hest eða hafa aðgang að einum slíkum sem ekki nærri öll vinnuhjúin hér í þessari rannsókn höfðu, eins og um verður rætt síðar.

Annað

Gripaflokkur þessi er víðtækur og er um að ræða 66 gerðir af munum sem eru alls 168 talsins. Hér er mestmegnis um að ræða laun hjúanna sem aðrir skulduðu þeim eða efni til fatagerðar eins og ull, vaðmál og léreft. Munir tengdir snyrtingu eins og spegill, hárgreiða, bursti og skegghnífur eru einnig algengir. Athyglisvert er að ekki er mikill munur á fjölda eigna eftir aldurshópum. Á þann hátt eru 41 færslur hjá þeim yngstu, 32 hjá þeim sem miðaldra voru og 37 dálkar í elsta hópnum. Hér má sjá þá muni sem oftast komu fyrir í þessum gripaflokki:

Tafla 13. Vinnuhjú: Algengt annað.

Annað	Fjöldi
Skuld (peningar)	12
Ríkisdalir	10
Ull	9
Spegill	9
Vaðmál (efni)	8
Spesía	8
Kaup	7
Stafur	6

²³⁷ Um laun vinnuhjúa má sjá í: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48; *Hagskinna*, 604–608 og 925; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–87.

"Í peningum"	6
Bætur (fataefni)	5
Pjöttur (fataefni)	4
Léreft	4
Hárgreiða	3
Handskrift	3
Reipi	3
Tóbaksjárn	3
Skegghnífur	3
Lambskinn	3
Salt	3

Aðeins átta vinnuhjú áttu enga gripi sem hér komu fyrir og þar af voru fjögur þeirra í yngsta aldurshópnum. Hinn ungi Bjarni Bjarnason á Kirkjubóli átti þó níu ýmislega muni eins og langspil, spegil, fiður og útistandandi skuldir hjá þremur mönnum.²³⁸ Langspilið er jafnframt eina hljóðfærið hér og ekki ýkja dýrt eða 40 sk. Þetta gæti því verið vísbending um að fleiri hljóðfæri hafi verið til en ekki komið til virðingar vegna óverulegrar upphæðar og þá ekki tekið því að meta það nema í dánarbúum vinnuhjúa. Umfjöllun um tónlistarlíf Íslendinga í gegnum aldirnar og sjálfsævisögur frá 19. öld gefa til kynna að hér hafi verið þó nokkuð um hljóðfæri. Þau hafi verið notuð í undirspil fyrir söng bæði inni á bæjum og á opinberari stöðum eins og á dansleikjum. Langspil var útbreiddasta hljóðfærið í byrjun 19. aldar og blásturshljóðfæri eins og flautur voru notuð af fólki af öllum stigum samfélagsins. Eftir miðja öldina koma síðan harmóníur, píanó, orgel og harmóníkur sem urðu mjög vinsælar á mannamótum.²³⁹

Að meðaltali áttu vinnuhjúin fjóra til fimm hluti úr þessum gripaflokki en flesta munina átti Stefán Hinriksson í Geitagerði eða 12 talsins. Sjá má af eigum hans að hann hefur tekið í nefið þar sem hann átti tóbaksfjöl og -járn ásamt látúnsbúnu tóbakshorni til að geyma neftóbakið í. Að auki hefur hann að öllum líkindum hirt um hreinlæti en skegghníf átti hann ásamt kambi og hárgreiðu. Síðan gefa þrír stafir úr eik og askvið til kynna að hann hafi ef til vill verið haltur eða átt erfitt með

²³⁸ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,2: 105. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

²³⁹ Sjá meðal annars: Bjarni Þorsteinsson, *Þjóðlegt sönglíf á Íslandi að fornu og nýju*; Njáll Sigurðsson, „Um íslenska langspilið,“ 18–21; Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*; Rósa Þorsteinsdóttir, „Holur kassi og grófur strengur. Heimildir um alþýðuhljóðfæri á ýmsum tímum fram til ársins 1900,“ 108–141.

gang. Rétt er þó að benda á að stundum voru/eru göngustafir notaðir til göngu eins og á heiðar, fjöll og í snjóþungu færi. Þá er líklegra að hann hafi notað þá til aðstoðar við að flytja afurðir eða vörur þar sem hann skildi einnig eftir sig mannbrodda og skíðagrind. Ef til vill hefur hann í þungri færð sett á sig mannbroddana, dregið skíðagrindina á eftir sér með reipum (bundið um mittið) og notað stafina sér til stuðnings þegar hann hefur verið sendur í kaupstað með varning og/eða til að sækja birgðir. Þessir munir Stefáns voru þó ekki mjög dýrir, allt nema ein færslan er 4–24 skildinga virði. Sömu sögu er að segja af öðrum hlutum hér í þessari kví gripa – það er að þeir eru ekkert sérstaklega dýrir nema þó þegar þau eiga peninga eins og til dæmis Stefán sem átti 14 rd. „í peningum“.²⁴⁰

Helstu verðmæti þeirra hjúa sem hér komu fyrir liggja í skuld annarra til þeirra eða í kaupum þeirra (ógreidd eða í peningum). Sumir áttu jafnvel ólíka gjaldmiðla sem eru tilgreindir eins og hjá Bjarna Bjarnasyni á Kirkjubóli og Jens Níelssyni á Kirkjubæ, en þeir áttu báðir danskar spesíur í sínum fórum, Bjarni „2 spesíur á 4 rd.“ og Jens átti spesíur hjá sér og tveimur öðrum stöðum að virði 10 rd.²⁴¹ Þorsteinn Árnason, sem dó 73 ára á Staðarfelli í Dalasýslu árið 1843, átti „hjá Matthíasi í Kistutungu 7 rixort heilegur á 2 rd. og 76 sk.“ auk 11 ríkisdala og 56 sk. í lausu.²⁴² Peningaeign hjúanna er að mörgu leyti athyglisverð því umfjöllun um tímabilið hefur ekki gert ráð fyrir að peningar hafi verið mikið í umferð meðal Íslendinga.²⁴³ En eins og dæmin sýna eiga hér átta einstaklingar peninga í einhverri mynd yfir alla 19. öldina.

„Handskriftir“ voru hæsta upphæðin í peningum hér í þessari rannsókn en um ræðir skuldabréf sem viðkomandi kaupandi hafði undirskrifað og dagsett. Tvær slíkar voru í eigu Sigurðar Oddssonar, sem lést 71 árs árið 1812, á Ossabæ í Rangárvallasýslu. „Handskrift af 29 apríl þessa árs með hendi og nafni prestsins séra Th. Magnússonar á Breiðabólstað á 24 rd.“ og „Handskrift frá Ólafi Arnbjörnssyni á Kolslæk af 17 október 1810 upp á 12 rd.“ sem gerir í heild 36 rd. en dánarbú Sigurðar var metið á 118 rd.²⁴⁴ Virði þeirra eru jafnframt vel yfir mögulegum árslaunum Sigurðar svo jafnvel var um að ræða nokkurra ára kaup sem hann hafði ekki innheimt – eða innheimt og ekki haft erindi sem erfiði.

²⁴⁰ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

²⁴¹ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,2: 105. Fylgiskjöl, dánarbú 1852; ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,1: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1831.

²⁴² ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

²⁴³ Sjá meðal annars: Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 32; Lýður Björnsson, *Saga verslunar á Íslandi*, 32; Halldór Bjarnason, „Utanríkisverslun Íslands á seinni hluta 19. aldar,“ 203–209; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*, 45–50 og 57–60.

²⁴⁴ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,51: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1812.

Fjármunaeign sýnir einnig þann mun sem var á milli kynjanna en aðeins þrjár konur eiga pening eða „innistandandi“ fjárupphæð frá öðrum. Kristjana Grímsdóttir á Aðalbóli á verulega háa upphæð af peningum eða 30 rbd., Rannveig Þorsteinsdóttir á Brekku átti kistil með peningum og handskrift frá Guðrúnu Jónsdóttur frá Brekku í Húnavatnssýslu að verðmæti 13 rd. og sú þriðja, Auðbjörg Ísleifsdóttir á Arnarnesi, átti inni „hjá Jóni á Birnustöðum 8 rd.“²⁴⁵ Í umfjöllun um fatnað vinnuhjúa var því haldið fram að finni klæðnaður hafi verið ein af leiðum vinnukvenna úr stöðu sinni. Takmörkuð fjárráð þeirra styðja slíkt og endurspeglar veika stöðu kvenna í samfélaginu. Konurnar eiga hér mun minna af útistandandi skuldum eða kaupi frá öðrum heldur en vinnumennirnir. Þar af leiðandi eru umsvif og tengslanet þeirra ekki eins mikil og karlmanna. Fjárupphæðirnar sem vinnumennirnir eiga inni hjá hinum og þessum bændum gefa til kynna að þeir hafi átt auðveldara með að selja vinnu sína eins og smíðar og þannig getað drýgt tekjur sínar. Þeir hafi þar af leiðandi haft fleiri tækifæri til að bæta hag sinn og stöðu en þær konur sem hér er að finna enda stóðu þær skör lægra en karlmenn á 19. öld – og vinnukonur enn neðar.²⁴⁶

Hér hefur verið gengið út frá því að árslaun vinnuhjúa hafi verið á bilinu 2,8 til 5,6 rd.²⁴⁷ Hjá Jóni Ólafssyni á Gaulverjabæ árið 1843 má finna „tveggja ára kaup innistandandi hjá Jóni Ólafssyni á Loftsstöðum á 16 rd.“, sem gefur til kynna að í þeirri vist hafi Jón (vinnumaður) verið með 8 rd. á ári.²⁴⁸ Sú upphæð er þó nokkuð hærri en sú sem hefur verið lagt upp með en annað dæmi sýnir aftur á móti fram á lægra kaup þrátt fyrir að dánarbúin séu bæði frá árinu 1843. Í dánarbúsuppskrift Þórodds Þórarinssonar, sem lést 46 ára í Kollabæ, Rangárvallasýslu, sést kaup „fyrra árs 40 al á 4 rd.“ sem er helmingi minna en Jón fékk.²⁴⁹ Ef til vill var munur á milli sýslna, en Jón var í nágrannasýslu Þórodds; Árnessýslu. Aldur gæti líka spilað inn í – yngri vinnumenn hafi fengið meira en Jón var einmitt aðeins 22 ára þegar hann lést. Líklegasta skýringin er þó trúlega fólgin í því að „launasamningar“ milli vista voru mismunandi og höfðu húsbændur misskipt ráð til útborgunar á launum til hjúa sinna.²⁵⁰

²⁴⁵ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1844; ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,13: 256. Fylgiskjöl, dánarbú 1861.

²⁴⁶ Sjá um viðhorf til kvenna í: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 67–98 og 180–338; Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*.

²⁴⁷ Sjá meðal annars: *Hagskinna*, 604–608 og 925; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48.

²⁴⁸ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,2: 231. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

²⁴⁹ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,13: 105. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

²⁵⁰ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48.

Fjárráð einstaklinga gat haft áhrif á hve mikið af efnislegum hlutum fólk skildi eftir sig því lágt kaup hafði heftandi áhrif á hvernig hjúin ráðstöfuðu tekjum sínum en aftur móti verður að hafa í huga að hagkerfið virkaði á annan hátt en í dag. Vöruskipti voru fremur stunduð en kaup og sala með peninga, verðeiningarnar lágu í búfé, eins og ærgildi og kúgildi. Ástæðan fyrir því að þau sem hér eru talin voru vinnuhjú var einmitt sú að þau gátu ekki sýnt fram á að eiga jarðnæði eða áttu ekki ákveðna bústærð (þrjú kúgildi eða 18 ær í ull og lembdar). Í þjóðfélagssumræðu 19. aldar sem finna má í tímaritum er einmitt brýnt fyrir þessum hóp sem hér um ræðir að fara vel með kaup sitt ásamt því að þau eru hvött til að styðja húsbændur sína í gegnum súrt og sætt.²⁵¹ Vera dugleg og drífandi í vinnu og jafnframt vera tilbúin til þess að taka á sig launalækkun þegar illa áraði. Þeim einstaklingum yrði launað síðar meir með jarðnæði eða búi – þó raunin hafi sýnt fram á slíkt gat verið þrautinni þyngri að komast yfir.

Í sambærilegum siðferðisáminningum heldri manna í samfélaginu á þessum tíma var þeim oft tíðrætt um að óráðsía í fjármálum myndi keyra samfélagið um koll þar sem fátæklingum myndi fjölga á framfæri sveitanna. Fólk (sérstaklega vinnufólk) átti því ekki að eyða eigum sínum í óþarfa eins og tóbak, silfur og silki.²⁵² Í yfirferð á fatnaði hjúa mátti þó sjá töluvert af silfri og silki í flíkum þeirra, silfurmillur og silkiklútar voru vinsælir og átti meirihlutinn slíkan munað. Aftur á móti var tóbak ekki eins útbreitt meðal hópsins en sjö þeirra sem hér voru skoðuð áttu slíkan „óþarfa“.

Tveir ungir vinnumenn hafa reykt pípu, þeir Gunnar Eiríksson á Skriðu og Guðmundur Guðmundsson á Kirkjubóli – vert er að taka fram að dánarbú þeirra eru frá sitthvorum enda aldarinnar; frá árunum 1810 og 1895.²⁵³ Sólveig Pétursdóttir á Piljuvöllum er eini kvenmaðurinn sem átti áhöld til þess að taka í nefið, tóbaksjárn, fjöl og tóbaksbæk en þeir Stefán Hinriksson í Geitagerði og Sigurður Þorleifsson í Traðarhól viðhöfðu einnig sama ósiðinn og Sólveig.²⁵⁴ Munntóbak notuðu þeir Þorsteinn Árnason á Staðarfelli og Guðmundur Ásgrímsson sem lést 70 ára á Enni í

²⁵¹ Sjá meðal annars: Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 87–120; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–105; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 63–80.

²⁵² *Lbs.–Hbs.* Helga Hlín Bjarnadóttir, Þarflegir hlutir og þarfilitir, 34–38.

²⁵³ *Þí. Sýsl.* Suður-Múlasýsla. ED2/10,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1850; *Þí. Sýsl.* Barðastrandarsýsla. ED2/6,6: 228. Fylgiskjöl, dánarbú 1895.

²⁵⁴ *Þí. Sýsl.* Suður-Múlasýsla. ED2/11,3: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1852; *Þí. Sýsl.* Norður-Múlasýsla. ED2/3,6: 8. Fylgiskjöl, dánarbú 1847; *Þí. Sýsl.* Skagafjarðarsýsla. ED2/11,18: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

Skagafjarðarsýslu árið 1842. Þorsteinn átti látúnsbúna munntóbaksdós en Guðmundur „2tt af munntóbaki á 1 rd. og 32 sk.“²⁵⁵

Eigur vinnuhjúanna gefa þó ekki til kynna mikla „óráðsíu“ og er til dæmis algengast hér að eftir þau liggi efni til handavinnu en níu þeirra skildu eftir sig ull í pokum, skjóðum eða vigtaða ull, bæði mislita og hvíta. Þess konar eigur átti Jónas Jónsson, sem dó 50 ára gamall á Stað í Strandasýslu árið 1840. Hann lét eftir sig „2tt af ullarrusli á 32 sk.“ og einnig Sólveig Pétursdóttir á Piljuvöllum „12 pund af mislitri ull á 2 rd.“²⁵⁶ Í vaðmáli voru fólgin verðmæti og áttu sjö vinnuhjú slíkt, þar á meðal Auðbjörg Ísleifsdóttir á Arnarnesi sem átti „6 al. af vaðmáli á 2 rd.“ og Jónas Þorkelsson á Tungu sem skildi eftir sig „9 al. svart vaðmál á 2 rd. og 64 sk.“²⁵⁷ Léreftsefni áttu svo þrjú hjú og tveir áttu fiður en „3 ½ fjórðunga fiður“ í eigu Bjarna Bjarnasonar á Kirkjubóli er það verðmætasta hér í þessum flokki fyrir utan peningaeign.²⁵⁸ Í heildina áttu 19 vinnuhjú eitthvers konar sauma- og þrjónaefni í mismiklum mæli þó. Þetta gefur til kynna þá sjálfbærni sem vinnuhjúin þurftu að skapa sér, bæði til að gera sér föt en einnig til að selja öðrum eða hafa í vöruskiptum. Sum þeirra hafa einnig þegið þessi efni sem kaup fyrir vist eða hliðargrein sína.

Gripaflokkurinn inniheldur mikið af hlutum sem falla utan við hinar hefðbundnu kvíar sem gefur ýmislegt til kynna í sambandi við líf einstaklinganna. Eigurnar litast þó af ákveðinni hagnýtni eins og göngustafir og mannbroddar – og ekki er að sjá að þau hafi slegið um sig líkt og þjóðfélagsumræðan kvartaði yfir á þessum tíma. Afurðir eins og ull, salt og smjör komu að góðum notum í vöruskiptum eða voru kaup þeirra í stað myntar. Daglegar athafnir hafa áhrif á munasafnið eins og tóbaksnotkun og líkamleg umhirða þeirra 16 einstaklinga sem áttu muni því tengda. Sápumoli Sigríðar Tómasdóttur, sem dó 72 ára gömul í Árnesi, Þingeyjarsýslu árið 1841, skegghnífur Árna Árnasonar á Seljalandi og gleraugu Ísaks Þorsteinssonar á Skörðum eru til vitnis um því um líkt.²⁵⁹ Fjármunaeign vinnuhjúanna gefur síðan innsýn í hvernig laun þeirra gátu verið en hins vegar var einnig algengt að þau fengju í kaup búfenað sem nánar verður rætt hér á eftir. Það má því jafnvel

²⁵⁵ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1843; ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/9,4: 28 Fylgiskjöl og dánarbú 1842.

²⁵⁶ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/1a: 224. Fylgiskjöl, dánarbú 1840; ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/11,3: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

²⁵⁷ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,13: 256. Fylgiskjöl, dánarbú 1861; ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/16,17: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

²⁵⁸ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,2: 105. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

²⁵⁹ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/6,4: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1841; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/2,10: 234. Fylgiskjöl, dánarbú 1854; ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

segja að misjöfn tækifæri þeirra megi að einhverjum hluta finna innan þessa gripaflokks. Hér var um að ræða muni sem töldust ekki í hinar fastmótuðu kvíar embættismanna sem hafa fremur þótt vera uppistaða eigna einstaklinga. Eigurnar hér bera með sér hvernig viðkomandi háttaði sínu líferni til að komast af og haga daglegu lífi sínu. Afurðir og peningaeign gat haft gífurleg áhrif á hvernig þeim reiddi af enda lifðu þau á brothættum tíma hvað varðaði efnahagsleg kjör þar sem náttúruöfl höfðu mikil áhrif á hvernig áraði.

Laus viður/Fasteign

Gripaflokkur þessi er ákaflega fábrotinn enda stóðu hjú ekki fyrir búi. Þau sem áttu eitthvað hér voru í öllum aldurshópum og voru sex talsins. Mest er um að ræða fjalir en eins og sést hér fyrir neðan er aðeins um að ræða 18 hluti af sex gerðum:

Tafla 14. Vinnuhjú: Algengur laus viður og fasteignir.

Laus viður/fasteign	Fjöldi
Fjalir	6
Pallfjalir	5
Jarðarpartur	2
Rúmstokkur	2
Stóll	2
Kommóða	1
Alls	18

Tveir vinnumenn áttu hlut í jörðum en báðar eignirnar voru undir virði meðaljarðar á þessum tíma.²⁶⁰ Sigurður Bótólfsson í Gröf átti „eitt hundrað í jörðinni (öll jörðin 10 með 2 kúg.) Fjósum í Mýrdal á 30 rd.“²⁶¹ Viðbætur við dánarbúsuppskriftina sýna þó að hann átti aðeins 1/5 af jörðinni þar sem henni var svo skipt á milli systkina hans – en þau voru fimm. Mögulega hefur Sigurður átt að taka við búinu eftir vist sína en vegna skyndilegs fráfalls hans var jörðin bútuð niður milli systkina hans svo eftir stóðu 6 rd. í hans jarðarhlut í Fjósum. Sigurður Oddsson í Ossabæ virðist síðan hafa lánað syni húsbónda síns, Ingvari, fyrir kaupum á Steinmóðarbæ en litið er á að hann eigi 70 rd. í þeirri jörð. Ekki kemur fram hvað sú jörð var metin á í heild og aðeins skrifað „fengið húsbónda syninum mr.

²⁶⁰ Verðmæti meðaljarða var ríflega 100 rd. eða 20 hundruð. *Hagskinna*, 925.

²⁶¹ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/2,1: 359. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

Ingvari næstliðið vor þá sem keypti Steinmóðarbæ á 70 rd.²⁶² Sigurður var 71 árs við andlát sitt svo líklega hefur frekar verið um að ræða lán hans til Ingvars fremur en að Sigurður hafi í raun átt jörðina.

Laus viður er hjá bæði Guðmundi Guðmundssyni á Holtastöðum og Sigríði Vigfúsdóttur í Galmansvík. Guðmundur átti mestmegnis af því sem kemur fyrir hér í þessum gripaflokk; „5 gamlar og fánýtar pallfjalir á 50 sk.“, „... þrjár fjalir smáar á 1 rd. og 8 sk.“ og „...rúmstokkur með bríkum og fánítum fjöllum í kring“ en sængurfötin voru talin upp með rúmstokknum.²⁶³ Það gefur okkur að hann átti níu af 11 fjöllum sem uppskrifaðar voru en Sigríður átti svo afganginn „rúmstokk og 2 fjalir á 1 rd.“²⁶⁴ Mjög sjaldgæft var að eiga rúmstokk þegar viðkomandi var vinnuhjú svo það var óvenjulegt að þau skildu eftir sig slíkan hlut. Þau höfðu bæði mjög stuttu fyrir andlátið þurft að bregða búi og gerast vinnuhjú, Guðmundur norður í Húnavatnssýslu og Sigríður suður í Borgarfirði þar sem aðrir fjölskyldumeðlimir fóru einnig til annarra bæja í kring. Þó fékk yngsta barn Sigríðar, Lárus Bjarnason, að fylgja henni.²⁶⁵ Því er líklegt að þau hafi tekið einhverja innanstokksmuni sem þau töldu líklegt að þau kæmu í verð til að framfleyta sér eða jafnvel til að borga af skuldum. Rúmstokkar og fjalir voru nauðsynlegir gripir enda hagnýtir til að gera rúm og til annarra smíða. Ennfremur gat rúmstokkur verið mjög persónuleg eign, jafnvel merkt viðkomandi og þannig skapað fólki svæði innan baðstofunnar líkt og Lilja Árnadóttir, fyrrum sviðsstjóri á Þjóðminjasafni, bendir á í umfjöllun sinni um rúmfjalir.²⁶⁶

Einu húsgögnin sem hér var að finna fyrir utan litlu skápana sem flokkaðir voru sem „hirslur“ voru í eigu Rannveigar Þorsteinsdóttur á Brekku og Ísaks Þorsteinssonar á Skörðum. „Stólgarmur setulaus á 16 sk.“ átti Rannveig en Ísak átti kómmóðu „læst en gömul á 6 rd.“ sem var töluverður peningur fyrir slíkt húsgagn.²⁶⁷ Vegna lengdar vistar Ísaks er ef til vill ekki ýkja undarlegt að hann eigi svo fyrirferðarmikið húsgagn þar sem hann hefur þurft geymslu undir eigur sínar. Jafnvel má ætla að hann hafi sjálfur smíðað hana, sé litið til þeirra smíðaverkfæra sem hann átti. Þó ber að varast að draga slíkar ályktanir en sá möguleiki var fyrir hendi að einstaklingar hafi smíðað sér sjálfir hluti eins og húsgögn, hirslur og búsgögn.

²⁶² ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,51: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1812.

²⁶³ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

²⁶⁴ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/35: 91. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

²⁶⁵ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/35: 91. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

²⁶⁶ Lilja Árnadóttir, „Útskurður. Skorið í tré, horn og bein,“ 297–298.

²⁶⁷ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/7,2: 11. Fylgiskjöl dánarbú 1810; ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

Sú fábrotna og litla eign sem vinnuhjú skilja eftir sig hér er til marks um stöðu þeirra. Meirihluti hjúanna áttu ekkert sem féll til í þessum gripaflokki og gefur sú staðreynd til kynna að hér væru á ferðinni einstaklingar sem voru ekki fullgildir meðlimir samfélagsins. Þau uppfylltu ekki fyrirfram ákveðna hlutdeild og voru þar af leiðandi verr sett. Skortur þeirra hér setti þá í stöðuna sem þeir voru í, það er jarðnæðislaus og því skyldug til að ráða sig í vist. Tækifærin voru þó fyrir hendi eins og í tilfelli Sigurðar Bótólfssonar í Gröf sem hefði jafnvel gerst bóndi hefði hann ekki druknað svo ungur – en ekki voru þau mörg eins og sést hér af þeim 37 vinnuhjúum sem til skoðunar komu. Hér áttu aðeins sex einstaklingar eitthvað en afar lítið, sem sýnir fram á það að vinnuhjú voru ekki steipt í sama mót. Efnismenning vinnufólksins var ekki einsleit og gefa fjölbreyttar eigur þeirra það til kynna ásamt eigendunum sjálfum.

Búfénaður

Sauðfé var í miklum meirihluta en alls var um að ræða rúmlega 137 hausa en óvíst er hve lömbin voru mörg þar sem stundum var aðeins var skrifað „æf með lömbum“. Það er því ekki vitað hvort kindurnar voru óbornar eða gengu með lömbum – og þá hve mörgum. Meirihluti vinnuhjúa, eða 23 þeirra, áttu skepnur í einhverju magni og að meðaltali þrjár til fjórar. Yngsti hópurinn á langflestu færslurnar yfir búfénað eða 30 þar á eftir er miðhópurinn með 17 og þau elstu aðeins 14:

Tafla 15. Vinnuhjú: Algengur búfénaður.

Búfénaður	Fjöldi
Æf	69
Sauður	23
Kind	15
Gemlingur	10
Hestur	8
Lamb	5
Hryssa	4
Kálfur	1
Foli	1
Færleikur	1
Alls	137

Þó vinnuhjú hafi verið jarðnæðislaus var það þannig að þau fengu oft á, gemling eða sauð sem kaup. Þær skepnur gátu hjúin síðar notað í vöruskiptum – annað hvort í verslun eða við aðra einstaklinga.²⁶⁸ Hesta hafa þau síðan átt til flutninga, sendiferða og ferðalaga – svo ekki sé minnst á að hross gátu oft verið mjög persónuleg eign. Þau vinnuhjú sem áttu hesta voru tvær konur og sjö karlmenn. Jórunn Helgadóttir sem lést 48 ára gömul í Hruna í Skaftafellssýslu árið 1836 og Sigurður Bótólfsson í Gröf áttu tvo hesta hvor.²⁶⁹ Flest hrossin átti Húnvetningurinn Guðmundur Guðmundsson á Holtastöðum, alls fjögur: „Rauður hestur 13 vetra gamall 9 rd.“, „Grá merhryssa 14 eða 15v 6 rd. 64 sk.“, „Grár færleikur 16 v 6 rd.“, „Rauður hestur 15 v 9 rd.“²⁷⁰ Töluverð verðmæti voru í hrossa eign hans enda var hver klár eða hryssa yfirleitt metin yfir 4 rd.

Verð á hestum virðist hafa farið eftir aldri, eiginleikum og lit, þó erfitt sé að ráða í hvað ræður hverju sinni og líklega svæðisbundið hvert viðmiðið var. Yngri fákur (og þá líklega ótamdir) voru lægri í verði og hæst metnu hestarnir eru á 10 rd. og þá í kringum 5–10 vetra. „Grár hestur“ í eigu Jónasar Þorkelssonar á Tungu í Stíflu sker sig úr hvað varðar verð en sá klár er metinn á 18 rd. sem er verulega yfir gangverði hesta svo reikna má með að sá hafi verið á besta aldri og gæddur öllum þeim kostum sem fólk sóttist eftir á þessum tíma.²⁷¹

Einnig kemur til greina að fákarnir hafi verið kaup til hjúa ef laun þeirra hafi verið það há en vinsælla hefur verið að nota sauðfé til útborgunar á launum þar sem það var fóðurléttara og hver kind á lægra verði en hross. Búfénað áttu fimm vinnukonur, þær Sigríður Tómasdóttir á Árnesi, Þorbjörg Sigmundsdóttir á Svarfhóli, Jórunn Helgadóttir í Hruna, Ingunn Sæmundsdóttir á Giljum og Auðbjörg Ísleifsdóttir á Arnarnesi sem var jafnframt sú sem átti flestar skepnur. Hún átti sauðfé að verðmæti 56 rd. (heildarverðmæti dánarbúsins voru 119 rd. og 80 sk.), tíu ær og sex sauði á mismunandi aldri (eldri sauðir voru hærri í verði en yngri).²⁷² Stefán Stefánsson á Slýjum átti einnig 16 hausa:

Ljós hestur illg[engur] 8 vetra	10 rd.	
6 ær ...	10 rd.	
1 sauður 3 vetra	1 rd.	64 sk.
3 sauðir 2 vetra ...	3 rd.	48 sk.

²⁶⁸ Sjá meðal annars: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–87.

²⁶⁹ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/2,3. Fylgiskjöl, dánarbú 1836; ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/2,1: 359. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

²⁷⁰ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

²⁷¹ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/16,17: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

²⁷² ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,13: 256. Fylgiskjöl, dánarbú 1861.

Heildarverðmæti búfánaðar Stefáns var þó ekki eins hátt og hjá Auðbjörgu, eða rúmir 29 rd. Hver ær var um ríkisdal hærrí í verði hjá Auðbjörgu en hjá Stefáni, sem gæti gefið til kynna að gangverð hafi hækkað á þeim rúmum þrjátíu árum sem voru á milli andláts þeirra. Stefán dó árið 1834 en Auðbjörg árið 1861. Síðan spilar inn í mismunandi verðmæti eftir landssvæðum, aldur kindanna og hvort þær hafi verið lembdar, geldar eða í ull – en algengt virði á einni ær voru 2–4 rd. Sauðasalan til Bretlands hófst einnig um 1865 svo slíkur útflutningur gæti hafa hækkað verð á sauðfé.²⁷⁴

Mikil auðæfi er að finna í þessum flokki enda um að ræða eftirsóknarverða eigu í landbúnaðarsamfélagi þar sem búfánaður var notaður sem gjaldmiðill í viðskiptum.²⁷⁵ Reikna má með að mikill hluti þess sauðfjár sem hér kom fyrir hafa verið „eiginfé“ einstaklinganna – kaup þeirra í gegnum árin eða fyrirhuguð laun að vist lokinni. Hjá Ísaki Þorsteinssyni á Skörðum er til dæmis ein færslan á þennan veg: „1 sauður veturgamall í fardögum 2 rd. 42 sk.“. Því má ætla að sauðurinn hafi verið hans á fardögum næstkomandi eða frá síðustu vistaskiptum/tímabili árið áður en Ísak dó í lok apríl, árið 1851.²⁷⁶ En fardagar voru á fimmtudegi í sjöundu viku sumars, frá 31. maí til 6. júní og lauk á sunnudegi.²⁷⁷

Búfánaðurinn er einnig til vitnis um hvernig hagkerfi 19. aldar virkaði þar sem skepnur voru mikils metnar eignir og nauðsynlegar til framfæris og afkomu. Kynjamunurinn kemur einnig fram hér en vinnukonur voru ólíklegri til að eiga skepnur en karlmennirnir. Þar af leiðandi má leiða að því líkum að þær hafi lifað við verri efnahagsleg kjör og ýtir undir þá staðreynd að þær hafi oftast aðeins fengið fæði og klæði í laun fyrir vinnumennsku sína.²⁷⁸ Það að vinnuhjú áttu aðeins hesta og sauðfé en engar kýr né nautgripi sýnir enn eina eyðuna í efnismenningu þeirra í samanburði við bændur og ekkjur. Af því mætti einnig álykta sem svo að skepnuhald hjúanna einskorðaðist við kaup og kjör

²⁷³ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/3,1: 5. Fylgiskjöl, dánarbú 1834.

²⁷⁴ Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*, 57–60.

²⁷⁵ Sjá meðal annars: Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 32; Lýður Björnsson, *Saga verslunar á Íslandi*; Halldór Bjarnason, „Utanríkisverslun Íslands á seinni hluta 19. aldar,“ 203–209; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, 147–158.

²⁷⁶ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,51: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1812.

²⁷⁷ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

²⁷⁸ Árni Björnsson, *Saga daganna*, 137–143.

²⁷⁹ *Hagskinna*, 604–608 og 925. Sjá frekari umræðu um laun vinnuhjúa í: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–87.

þeirra, það er að sauðfé hafi verið gjaldmiðill þeirra ásamt hestum. Notkun búfénaðarins var þó mjög hagnýt en matur gat fengist af sauðkindinni og hægt var að vinna ull eða skinn af henni til að nýta í föt. Hestar sinntu hlutverki samgöngumáta en einnig til að létta við sendiferðir eða flutninga. Sé litið til sambands manna og hesta í gegnum tíðina má ætla að ögn persónulegra hafi verið að eiga einn hest eða meri heldur en einn gemling sem var frekar hugsaður sem framleiðslueining heldur en „þarfur þjónn“ mannsins þó sauðféð hafi sannarlega framfleytt viðkomandi á marga vegu.²⁷⁹

²⁷⁹ Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 229–235.

Efnismenning vinnuhjúa

Fjölbreyttar eigur vinnuhjúa sýna daglegt strit þeirra, þrána eftir betri stöðu, sérhæfingu eða áhugamál þeirra og efnisleg kjör. Notkun lesefnis til hlýðni og fyrirmynda í samræmi við stöðu viðkomandi. Betri klæðnað til að standa upp úr í stórum hópi. Smíða-og handavinnuverkfæri til að drýgja tekjurnar og sinna áhugamáli sínu. Rúmföt og búsgögn til að marka sér persónulegt svæði innan veggja heimilisins. Virkni samfélagsins eins og mikilvægi þess að eiga hirslur til flutninga og geymslu og verðmæti búfénaðar sem gjaldmiðils í íhaldssömu landbúnaðarsamfélagi 19. aldar.

Háttur virðingarmanna við virðingu dánarbúa vinnuhjúa má ætla að hafi verið nákvæmur þar sem þeir hafa reynt að tína allt til svo verðmæti eignanna myndu ná upp í kostnað á virðingu, skuldir og hlut erfingja. Besta dæmið um þetta er vinnumaðurinn Halldór Hermannsson á Firði sem drukknaði ungur, nýgiftur og var við það að taka við búinu. Í dánarbúsuppskrift hans er tekið fram að hjónin ungu voru vinnuhjú en skuldlaus og þar sést hvernig meðhöndlun virðingarmannanna var frábrugðin. Þeir töldu ekki hvern einasta mun upp, enda engar skuldir ásamt því að dauðsfallið var óvænt og á ákveðnum tímamótum í lífi þeirra – að verða bændur en samt ennþá vinnufólk. Í fyrsta lagi eru gripirnir afskaplega fáir eða 26 talsins og aðeins er um að ræða bækur, fatnað, hirslur og kálf. Þó nokkur verðmæti eru í hverjum og einum grip, til að mynda eru tvær kistur í eigu þeirra, sitthvor á 6 rbd. og síðan eru föt þeirra í betra lagi miðað við annan fatnað hjá öðrum.²⁸⁰ Ganga má út frá því að verðmætustu eigur þeirra hafi verið metnar og ekki tekið því að skrifa upp hvern sokk og brók eins og raunin var hjá flestum þeirra einstaklinga sem hér voru skoðuð.

Efnismenning dánarbúsuppskriftanna gefur því innsýn inn í hvernig samfélagið virkaði og hvernig einstaklingurinn gat hagað sér innan þess. Einsleitni er ekki að finna í öllum þeim 2473 hlutum sem hjúin skildu eftir sig á 19. öld, þvert á móti réði fjölbreytileikinn ríkjum í efnislegum heimi þessara 37 vinnuhjúa. Hvernig þau báru sig í daglegu lífi með þeim efnislegum gripum/tólum sem þau höfðu til umráða og höfðu safnað saman í gegnum æviskeið sitt sem var ýmist stutt, í meðallagi eða langt.

²⁸⁰ Þí. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/4,3: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1836.

Bændur

Að verða bóndi á Íslandi á 19. öld var ákveðinn áfangi fyrir viðkomandi. Það var mikilvægasti áfanginn á lífsferlinum, eitthvað sem nánast allir stefndu að. Tilfellið var þó að margir náðu aldrei því marki og þeim fór fjölgandi eftir því sem á öldina leið.²⁸¹ Sveitasamfélag 19. aldar bauð ekki upp á mikið „úrval“ starfa á lífsleiðinni og því var draumur flestra að gerast bóndi/húsfreyja. Samtímaumræður og atvinnuframboð beindust að því að hvetja fólk til að gerast bændur þar sem það var hið göfuga starf og gerði fólk að fullgildum þegnum þjóðfélagsins samkvæmt umræðum þessa tíma í til að mynda tímaritum og bókmenntum. Vinnuhjúastaðan var hugsuð sem stökkpallur. Á margan hátt var sá hluti lífsferilsins undirbúningur fyrir ákveðið verklag við búskapinn og siðferðileg kennsla einstaklinga, til undirbúnings á hinu stóra tækifæri að eignast jörð, konu/mann, bústofn og börn. Að yrkja jörðina og lifa á henni öllum til farsældar, það var markmið flestra.²⁸²

Draumsýn þessari var vel haldið að Íslendingum jafnvel langt fram eftir 20. öld og var landbúnaður stærsta starfsgrein landsins lengi vel. Árið 1801 störfuðu til að mynda 82% þjóðarinnar við landbúnað, um miðja öldina var sama hlutfall og í lok hennar voru það 64% landsmanna sem höfðu lífsviðurværi sitt þaðan.²⁸³ Sökum þess hve umfangsmikill þessi atvinnuvegur var snerist hversdagslífið að mestu leyti um búskap. Þar af leiðandi er mikilvægt að skoða þennan hóp sérstaklega til að öðlast betri skilning á samfélagi fyrri alda. Ljóst er að bændur voru fyrirferðarmikill hópur en hvað þýddi það að vera bóndi á Íslandi á 19. öld?

Í skilningi samfélagsins á þessum tíma var einstaklingur fullráða ef hann var bóndi/bóndakona. Opinberlega þýddi það að fólk átti ákveðna eign eins og búfjárstofn og/eða jarðareign, með öðrum orðum, gat framfært sér og sínum. Bændur gátu ákveðið að giftast, eignast börn, ráða búferlaflutningum sínum, sem til dæmis vinnuhjúum og þurfamönnum stóð ekki til boða. Þetta þýðir þó ekki að þau hafi verið upp til hópa forrættindastétt þrátt fyrir að þau hafi haft vissa samfélagslega yfirburði. Bændur voru ekki einsleit fylking og nutu ekki innbyrðis sömu fríðinda eða réttinda. Ef litið er til kosningaréttar Íslendinga sem kom til sögunnar árið 1844, þegar kosið var til Alþingis, þá gátu á bilinu 2–3% landsmanna kosið. Karlmennt sem voru eldri en 25 ára og áttu fasteign

²⁸¹ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 60–62.

²⁸² Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Um fjölskyldurannsóknir og íslensku fjölskylduna 1801–1930,“ 7–43; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 27–57; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

²⁸³ *Hagskinna*, 211.

eða jörð 10 hundruð að dýrleika, hús að verðmæti 1000 ríkisdali í kaupstað eða þeir sem áttu lífstíðarábúð á jörð að verðmæti 20 hundruð dýrleika.²⁸⁴ Ef litið er til meðaltals verðmæta dánarbúa bænda á 19. öld, sem voru 718 rd., sést að ansi fáir þeirra fengu að nýta kosningarétt sinn þó síðar hafi réttur þeirra aukist.²⁸⁵ Ennfremur skal því haldið til haga að konur sem voru bændur höfðu ekki kosningarétt og fengu ekki fyrr en í byrjun 20. aldar þó með ákveðnum undantekningum sem raktar eru á öðrum stað hér í þessari rannsókn.²⁸⁶ Sú staðreynd sýnir að hátt í helmingur bændastéttarinnar gat ekki kosið því oftast var um að ræða gift fólk í búskap – karl og konu.

Hvað varðar landsmálin höfðu því ekki allir bændur rödd en segja má að innan hreppanna hafi þeir haft ívið meiri áhrif enda stærsti hluti íbúanna. Meirihluti þeirra voru leiguliðar sem þýddi að fæstir þeirra sem voru í búskap áttu jarðirnar sem þeir lifðu á. Þeir gátu þó verslað með afurðir búa sinna en slíkt varð ekki raunin fyrr en í lok 18. aldar. Fyrir þann tíma var slíkt í höndum embættismanna og landeigenda. Við þetta breyttist fyrst og fremst tvennt: Sauðfjárbúskapur jókst (fjölbreyttar afurðir) og kjör bænda bötnuðu hratt sem sjá má í til að mynda sauðasölunni sem hófst árið 1865 og síðar eflingu félagsmála þeirra í lok aldarinnar þegar pöntunar- og kaupfélög voru stofnuð, um og upp úr 1880.²⁸⁷

Varast skal þó að fjalla um tímabilið sem samfellda þróun velmegunar þar sem það var þunn lína sem skildi á milli velsældar og fátæktar. Á 19. öld var samfélagið viðkvæmt fyrir áföllum enda mikil fátækt hér á landi og atvinnuvegir frumstæðir. Landbúnaðurinn samanstóð af smáum býlum með litla framleiðslugetu þar sem náttúruöflin voru miklir áhrifavaldar í rekstrinum. Samanber kuldaskiðið á seinni hluta aldarinnar sem orsakaði afkomubrest sem hafði víðtækar afleiðingar fyrir bæði menn og skepnur. Kuldinn og jarðnæðisskortur vegna fólksfjölgunar varð síðan til þess að margir sáu sig knúna til að flytjast til Norður-Ameríku.²⁸⁸ Már Jónsson hefur meðal annars fjallað um

²⁸⁴ *Lovsamling for Island*, XII: 499–500. Sjá svo umfjöllun í til dæmis: Gunnar Karlsson, „Alþingiskosningar 1844. Fyrsta skref Íslendinga á braut lýðræðis,” 36.

²⁸⁵ Rétt er að halda til haga að miðgildi eigna bænda á 19. öld eru aðeins 315 rd.

²⁸⁶ Sjá meðal annars: Gunnar Karlsson, „Alþingiskosningar 1844,” 23–50; Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*.

²⁸⁷ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir en bæjarleið*, 35 og 51–52; Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þingeyinga og Jón á Gautlöndum*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*.

²⁸⁸ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir en bæjarleið*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Um fjölskyldurannsóknir og íslensku fjölskylduna 1801–1930,” 7–43; Guðmundur Jónsson, „Sambúð landsdrottna og leiguliða. Yfirvöld skrifa um leiguabúð

fjölskyldur á Breiðafjarðareyjum sem höfðu búið við góð kjör en á harðindaárunum 1882–1886 tók við annað og verra. Skuldarnar sexfölduðust á þessum tíma og við andlát bóndans Péturs Steinssonar í Skáleyjum, sem lést árið 1886, má sjá á dánarbúi hans að búið var gjaldþrota. Fjölskylda hans fluttist síðar til Vesturheims, búið að gefast upp á erfiðri búskapartíð og veðurfari.²⁸⁹

Af þessu má ráða að bændur 19. aldar gengu í gegnum hæðir og lægðir. Sumir voru farsælir, aðrir bjuggu við bág kjör alla tíð á meðan enn fleiri voru til skiptis bændur eða vinnuhjú (og/eða jafnvel ekkjur). Hér á eftir verður fjallað um bændur sem skildu eftir sig meðalverðmæti eigna í sínum aldurshópum. Hvernig reiddi þeim einstaklingum af efnislega og hvernig tókust þau á við daglegt líf með þeim eigum sem þau skildu eftir við andlát sitt?

Dánarbúsuppskriftir bændna

Í þeim gögnum sem unnið var með frá Má Jónssyni voru skráðir 11.964 bændur af 22.716 einstaklingum.²⁹⁰ Sú leið sem farin var til að velja úrtak úr þessu mengi var að byrjað var á að afmarka hóp bænda með þremur aldurshópum: 20–25, 45–50 og 70–75 ára. Þá voru eftir 2298 manns. Sá fjöldi skiptist niður á eftirfarandi hátt eftir aldri, meðaltali og miðgildi verðmæta dánarbúanna:

Tafla 16. Fjöldi bænda eftir aldri, kyni og verðmæta eigna.

Aldur	Karlar	Konur	Meðaltal eigna (í rd.)	Miðgildi
20	1	4	298	372
21	4	7	275	137
22	9	9	279	146
23	11	18	249	181
24	13	22	317	157
25	23	26	486	215
Samtals	61	86	352 rd.	181 rd.

1829–35,“ 63–106; Helgi Skúli Kjartansson, Steinþór Heiðarsson og Gunnar Karlsson, *Framtíð handan hafs*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32.

²⁸⁹ Már Jónsson, „Skrifað úr Skáleyjum 1882–1886. Tuttugu bréf frá foreldrum til einkasonar,“ 120–152.

²⁹⁰ Rétt er að benda á að þetta skjal er hluti af dánarbúsgagnagrunni Þjóðskjalasafns Íslands, <https://danarbu.skjalasafn.is/>. Eins og glöggir sjá eru færri einstaklingar þar en árið 2022 þegar um 33.000 einstaklingar voru komnir í gagnagrunninum eins og hann kemur fyrir sjónir fólks í dag. Greining gagna fór fram fyrir árið 2020 og því var stuðst við gögn frá 2018 í þessari doktorsrannsókn.

45	137	91	364	228
46	145	88	414	250
47	113	73	469	240
48	127	83	411	229
49	155	76	416	262
50	152	113	490	259
Samtals	829	524	428 rd.	245 rd.
70	107	44	556	256
71	112	47	499	224
72	107	37	523	300
73	81	40	489	249
74	91	32	516	277
75	62	38	495	205
Samtals	560	238	515 rd.	250
Alls	1450	848	453 rd.	241 rd.

Hér er athyglisvert að kynjahlutfallið í yngsta hópnum er öfugt við það sem sést almennt í dánarbúsuppskriftunum – það er hve stór hluti konurnar eru. Bóndakonurnar eru 58% en þau hlutföll snúast við á miðjum aldri og er þá hlutfall þeirra orðið 38% og aðeins 29% í elsta flokknum. Ástæðurnar fyrir þessu eru meðal annars þær að konur sem dóu á unga aldri eru líklegri til að hafa látist af barnsförum. Rétt er að benda á að ekki eru dánarorsakir allra kvennanna þekktar en ýmislegt gefur til kynna að þannig hafi andlát þeirra borið að sé litið til hve fáar vinnukonur skildu eftir sig dánarbúsuppskrift.²⁹¹ Enda voru þær ólíklegri til að eignast börn á meðan þær voru í vinnumennsku þar sem það var opinberlega bannað.²⁹² Hvað varðar elsta hópinn var ólíklegra að þar væru konur skráðar sem bændur. Þetta stafar af hærri lífsaldri kvenna sem þýddi að þær lifðu oft bónda sinn og við þau tímamót voru þær ekki lengur skráðar bændur. Giftingarlíkur þeirra voru minni en þeirra

²⁹¹ Sjá kaflann *Dánarbúsuppskriftir vinnuhjúa* (tafla nr. 2).

²⁹² Sjá meðal annars: *Lovsamling for Island*, IV: 683–686; *Lovsamling for Island*, II: 600–605; *Lovsamling for Island*, XVIII: 544–557.

sem yngri voru og líklegri var að þær gerðust vinnukonur, ekkjur eða jafnvel ómagar – bóndatitlunum héldu þær sem giftust aftur.²⁹³

Stærsti hluti bænda eru þeir sem voru miðaldra en slíkt verður að teljast eðlilegt sé litið til lífsferils einstaklinga á þessum tíma þar sem ætlast var til að unga fólkið undirbyggi sig fyrir búskapinn í vinnumennsku áður en þau tóku við búí. Aftur er færri fólk í elsta hópnum vegna hærri aldurs (minni lífslíkur) og einnig var það svo að oft bjó elsta fólkið heima hjá börnum sínum sem höfðu tekið við búinu. Þar af leiðandi gátu þau verið skráð sem gamalmenni, hjú, ekkja/ekkill eða jafnvel ómagar – og í sumum tilfellum ennþá bændur.²⁹⁴

Úrtakið sem var 2298 manns var notað til að kalla fram viðráðanlegan fjölda (30–36 manns). Með því að raða heimildunum í röð eftir verðmætum dánarbúa einstaklinganna var hægt að skoða þá sem voru í miðjunni hvað varðar verðmæti eftir aldri. Þau sem áttu meira eða minna en 100 rd. frá meðaltali hvers aldursflokks fyrir sig komu til greina. Einnig þurfti að nota landfræðileg viðmið (dreifa þeim nokkuð jafnt yfir landið), tíma (yfir alla öldina) og kyn. Þar af leiðandi var fólk sem lenti í miðhópnum handvalið út frá ofangreindum viðmiðum. Að lokum voru 34 bændur í úrtakinu, 17 konur og 17 karlmenn. Þau dreifðust yfir nánast alla öldina þar sem elsta dánarbúið er frá árinu 1804 en það yngsta frá árinu 1898. Flest eru frá fjórða og fimmta áratug aldarinnar. Taflan hér á eftir sýnir hvernig bændurnir dreifast yfir landið eftir sýslum:

Tafla 17. Bændur eftir sýslum.

Sýslur	Fjöldi bænda
Rangárvallasýsla	5
Skagafjarðarsýsla	3
Barðastrandasýsla	3
Ísafjarðarsýsla	3
Þingeyjarsýsla	2
Skaftafellssýsla	2
Eyjafjarðarsýsla	2

²⁹³ Sjá meðal annars um frjósemi, meðalaldur, giftingaraldur og hagi ekkna í: *Hagskinna*, 178–179, 182–183, 188–189; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Um fjölskyldurannsóknir og íslensku fjölskylduna 1801–1930,“ 20–42; Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,“ 435–458; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum,“ 40–52.

²⁹⁴ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Um fjölskyldurannsóknir og íslensku fjölskylduna 1801–1930,“ 7–43; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32.

Gullbringusýsla	2
Snæfellsnessýsla	2
Árnessýsla	2
Norður-Múlasýsla	2
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	2
Dalasýsla	1
Vestmannaeyjar	1
Húnavatnssýsla	1
Strandasýsla	1
Samtals	34

Eins og sjá má skiptist þetta nokkuð jafnt yfir norður og suðurhelming landsins en þó er enginn frá Reykjavík né Suður-Múlasýslu. Ástæðurnar fyrir því má rekja til þeirra forsendna sem stuðst var við fyrir val á hópnum eins og meðaltal, kynjaskiptingu og dreifingu í tíma. Því valdi ég til dæmis frekar dánarbú frá öllum áratugum aldarinnar í stað þess að einblína of mikið á sýslurnar.²⁹⁵ En þar gátu nágrannasýslur vegið upp landfræðilega skiptingu.

Út frá stéttarstöðu bænda má gera ráð fyrir að þeir eigi töluvert meira magn og verðmæti en vinnuhjúin. Gripataflan hér fyrir neðan gefur innsýn í hvernig hlutföllin voru á milli gripaflokka í dánarbúum bænda. Af sömu ástæðum og raktar voru í kaflanum um vinnuhjú verður að taka fram að hér er ekki um nákvæman fjölda gripa að ræða heldur aðeins um að ræða fjölda dálka í hverju dánarbúi þar sem nokkrir hlutir gátu verið taldir upp í einu.

Tafla 18. Bændur og eignadálkar í dánarbúsuppskriftum þeirra.

Aldur	Fjöldi bænda	Fjöldi eignadálka	Meðaltal fjölda eignadálka
20–25 ára	11	991	90
45–50 ára	12	1385	115
70–75 ára	11	1302	118
Samtals	34	3678	108

²⁹⁵ Rétt er að taka fram að það eru dánarbú frá öllum áratugum aldarinnar nema níunda áratugnum.

Hér kemur glögg í ljós munurinn á milli bænda og vinnuhjúa. Hjúin áttu að meðaltali hluti sem voru í 40–48 eignardálkum sem gefur að húsbændur þeirra eiga rúmlega tvöfalt meira eða um 90–118 talsins. Ennfremur má sjá hvernig efnisleg eign eykst eftir því sem árunum fjölgar og færa mætti rök fyrir því að yngsti hópurinn sé viðkvæmastur fyrir skakkaföllum þar sem þau eiga minnst. Þau sem elst voru áttu mest en slíkt var ekki upp á teningnum hjá vinnuhjúunum. Hjá þeim var það miðhópurinn sem átti flesta hlutina.

Hvað varðar magn hluta má sjá fleiri gripi hjá bændum í samanburði við hjúin. Alls skildu bændurnir eftir sig 7496 hluti og má sjá hvernig hlutfallið var á milli gripaflokka hér að neðan:

Tafla 19. Bændur: Fjöldi hluta eftir gripaflokkum.

Gripaflokkar	Fjöldi hluta
Búsgögn	1396
Búfénaður	1379
Verkfæri	1174
Fatnaður	968
Reiðtygi	731
Laus viður/fasteign	543
Bækur	380
Annað	340
Rúmfatnaður	320
Hirslur	264
Alls	7495

Stærstu gripaflokkarnir sýna glögg rekstur heimilisins þar sem landbúnaðarstörf eru fyrirferðarmest: búsgögn til matargerðar og neyslu, búfénaður sem afurðir og verkfæri til að sinna þeim verkum sem til féllu á búinu. Persónuleg eign er minni og er fatnaður aðeins fjórða stærsta gripakvíin en var sú langtum stærsta hjá vinnuhjúunum. Í næstu köflum verður farið í hvers konar eigur þetta voru og rýnt betur í stöðu einstaklinganna út frá þeim hlutum sem þeir skildu eftir við andlát sitt. Hvað áttu bændur og hvernig drógu einstaklingarnir fram daglegt líf með þeirri efnismenningu sem þar var að finna?

Bækur

Almenn bókaeign í dánarbúsuppskriftunum er til vitnis um almenna lestrarkunnáttu á 19. öld eins og margir fræðimenn hafa fjallað um.²⁹⁶ Aðeins eru það tvær bóndakonur sem ekki áttu bækur hér af 34 manna úrtaki. Það eru þær Guðrún Ásmundsdóttir, sem lést 20 ára gömul á Stóra-Bakka í Norður-Múlasýslu árið 1845, og nafna hennar Jónsdóttir, sem dó 74 ára í Flagbjarnarholti, Rangárvallasýslu árið 1822.²⁹⁷ Bændur skildu eftir sig í heildina 380 bækur eða annað tengt lestri og skrifum. Miðaldra bændur áttu flest tengt lestri eða 174 færslur talsins, þau yngstu 111 og þau elstu 93 talsins. Því mætti leiða að því líkum að á miðjum aldri hafi einstaklingar verið búnir að festa sig í sessi, í bæði samfélagi og heimilishaldi sínu. Aldursins vegna má gera ráð fyrir að einhverjir af elsta hópnum hafi glímt við hrakandi sjón og þar af leiðandi verið líklegri til að hafa gefið bækur sínar eða selt af hagkvæmnisástæðum. Slíkt gæti útskýrt færri bækur í þeirra eigu í einhverjum tilfellum.

Bókatitlarnir sem bændurnir skildu eftir sig voru af tvenns konar meiði; 47 veraldlegir og 53 trúarlegir. Þó þar með líti út fyrir að veraldlegt lesefni hafi verið á pari við það andlega verður að benda á að þetta sýni aðeins fjölbreytni lesefnis bænda. Þegar magnið er skoðað hafa trúarlegar bækur umtalsverða yfirburði eða 315 á móti 62.²⁹⁸ Taflan hér fyrir neðan sýni einmitt að algengustu bækurnar eru allar trúarlegar en flestir þeirra einstaklinga sem eru skoðaðir áttu slíkt lesefni:

Tafla 20. Bændur: Algengar bækur.

Bækur	Fjöldi
Vídalínspostilla/predikanir	28
Sálmabækur	25
Grallari	19
Bænakver	16
Messusöngsbók	14
Stúrmshugvekjur	13

²⁹⁶ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Barefoot Historians. Education in Iceland in the Modern Period,” 175–209; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory*; Helgi Þorláksson, „Fræðimenn og fróðleiksfús alþýða,” 40–43; Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmennning,” 208–210; Loftur Guttormsson, „Læsi,” 117–144; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 170–179

²⁹⁷ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/3,4: 2. Fylgiskjöl, dánarbú 1845; ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,18: 163. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

²⁹⁸ Sjá umfjöllun um bækur vinnuhjúna hér á undan.

Sjöorðabók	12
Flokkabók	12
Biblía	11
Þórðarbætur	10
Passíusálmar	10
Föstupredikanir	10
Lærdómskver	9
Nýja testamentið	8
Fæðingarhugvekjur	8
Upprisuhugvekjur	7
Gerharðs hugvekjur	7
Miðvikudagspredikanir	6
Hallgrímssálmar	6
Píslarþankar	6
Bjarnabætur	6
Fæðingarsálmar	6
Hugvekjusálmar	6

Það vekur þó eftirtekt að í þessum gripaflokki er nánast alfarið um að ræða bækur/rit og aðeins er að finna tvennt annað. Fyrsta dæmið er „öll innbindingarverkfæri og bókarullur á 1 rbd. og 3 mörk“ í fórum Arnfinns Jónssonar, sem dó 48 ára gamall í Gröf, Barðastrandasýslu árið 1860.²⁹⁹ Síðan er um að ræða skrifpúlt, „...innan í málað með 1 stórru skúffu undir og 2 læsingum á 4 rbd.“ í eigu Ísaks Ólafsson á Ketilsstöðum, Gullbringusýslu sem lést fimmtugur árið 1814.³⁰⁰ Þess ber að geta að vinnuhjú áttu til að mynda þrjú skrifpúlt, blýantspenna og blýmót.³⁰¹ Sé litið til þess að bændurnir áttu töluvert meira en hjú þeirra er forvitnilegt að þeir/þær áttu ekki meira af „aukahlutum“ til lestrar og skriftar eins og raun ber vitni.

²⁹⁹ Þí. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

³⁰⁰ Þí. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/8,2: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1814.

³⁰¹ Sjá í umfjöllun um bókaeign vinnuhjúa hér á undan.

Ástæðurnar fyrir almennri bókaeign hafa verið ýmsar og segja sumir að lestur hafi verið leið alþýðunnar til að mennta sig.³⁰² Ef til vill leit Arnfinnur Jónsson á bækur og bókbandsverkfæri sín á þann veg, en hann á flestar bækurnar eða 27 talsins. Ekki aðeins skildi hann eftir sig margar bækur heldur einnig verðmætar eins og „Biblía prentuð 1741 í góðu bandi á 2 rbd. 2 m.“ og „P.Pjeturssonar predikanir á 2 rbd og 3 m.“ Veraldlegir titlar voru nokkrir eins og *Keisarasögur* og *Reikningsbók*. Innbindingarverkfæri Arnfinns gefa einnig til kynna að hann hafi verið bókbindari og sinnt slíku meðfram bústörfum.³⁰³ Annar karlmaður, Jón Bjarnason, sem lést 49 ára gamall í Álftagerði, Skagafirði árið 1816, átti næstflestu bækurnar eða 25 talsins. Hann var sá sem átti flesta veraldlega titla eða tólf talsins. Þarna voru á ferðinni til dæmis tvenn „Tíðindi“, *Vígastaðasaga* og *Sögubættir*. Verðmat bóka hans var ekkert svo hátt og eru verðmætustu ritin „Mag. S. Biblía á 1 rd. 48 sk.“ og „Vidalíns postilla gömul á 1 rd. 32 sk“. Aðrar voru metnar á minna og sú verðminnsta var „rotin skrudda á 4 sk.“³⁰⁴

Guðlaug Ásgrímsdóttir, sem dó 47 ára að Ánastöðum í Eyjafirði árið 1828, átti flestar bækurnar af konunum eða 23 talsins. Allar nema þrjár trúarlegar og sumar allverðmætar eða á bilinu 10 sk. og upp í 2 rd. og 48 sk.³⁰⁵ Algengt virði bóka var frá 16 sk. og upp í 1 rd. hjá hópnum og oft einhver ein bók hjá þeim sem var yfir ríkisdal að virði. Í nánast öllum tilfellum þegar um ræddi dýra bók voru þær trúarlegar, oftast *Vidalínspostilla* eða *Biblía*. Dýrasta bókin var samt sem áður veraldleg og metin á 4 rbd., „Jónsbók ný vel umgeingin“, í eigu Margrétar Bjarnadóttur, sem lést 25 ára í Þverdal, Ísafjarðarsýslu árið 1836.³⁰⁶ Bóndakonurnar áttu eitthvað af veraldlegum titlum eins og *Jurtagarðsbókina*, *Tristans rímur* og *Landnámu*. Flestar eiga þó aðeins andlegt lesefni en það var einnig raunin hjá mörgum körlum og því enginn sjáanlegur munur.

Einnig er hægt að tala um bækur sem einar af þessum gripum sem fólk sóttist eftir að eignast til þess að auka virðingu sína í samfélaginu.³⁰⁷ Sjálfsmyndarsköpun einstaklinga fór vissulega fram með lestri og menntun og því hefur efni bókanna haft áhrif á hegðun notanda sinna. Siðferðilegur lærdómur fékkst af þeim fyrirmyndum sem var að finna í sögunum ásamt því að margar bækurnar

³⁰² Sjá til dæmis: Davíð Ólafsson, „Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar. Rannsóknir á handritamenningu síðari alda,“ 61–97; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Minor Knowledge and Microhistory*; Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Barefoot Historians,“ 175–209; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 87–164.

³⁰³ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

³⁰⁴ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

³⁰⁵ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

³⁰⁶ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/1,5: 40. Fylgiskjöl, dánarbú 1836.

³⁰⁷ Sjá meðal annars: Guðrún Ingólfsdóttir, *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar*.

eins og hin vinsæla *Vidalínspostilla* hamraði á „æskilegum“ hlutverkum til að mynda húsbænda, kvenna, hjúa og barna. Karlmennirnir skyldu vera dugandi bændur, konurnar elskandi húsmæður og aðrir þeim til stuðnings – og allir skyldu trúá á hið heilaga.³⁰⁸ Þetta sýnir sig í því að af þeim 34 bændum áttu 23 þeirra *Vidalínspostillu* eða predikanir, sem boðuðu þessa skipan heimilis. Boðskapur lesefnis Íslendinga á 19. öld og há lestrartíðni treysti ítök landbúnaðar með því að minna fólk stöðugt á stöðu þess.

En vinsældir bókana réðu ekki einungis því hve há lestrartíðnin var heldur samband manna og hluta. Íverustaðir fólks á þessum tíma voru oftast torfbærir þar sem baðstofan var aðalrýmið. Hún var jafnframt stærsta herbergi bæjanna og þar var sofið, unnið og borðað af ákveðnum ástæðum eins og upphitun rýmisins (af fólki).³⁰⁹ Þar var yfirleitt að finna rúm sem lágu meðfram veggjunum síðan gátu verið rúmsstokkar (skreyttir og óskreyttir) eða jafnvel hillur, rokkar, kambar, rúmfatnaður, hirslur undir og við rúmin, ljósberar, unnin og óunnin ull, fatnaður, bækur og jafnvel gluggi. Löngun manna til að lesa var þó ekki aðeins tilkomin vegna uppstillingar hluta í baðstofunni eða eðlis rýmisins. Þörf manna til menntunar og afþreyingar til að flýja harðan raunveruleika sem margir bjuggu við á 19. öld hafði einnig sín áhrif. Barnadauði var mikill á þessum tíma sem og algeng ótímabær dauðsföll, sem hafði áhrif á andlega líðan fólks.³¹⁰ Til að dreifa huganum frá sorg eða striti hversdagsins leitaði fólk í heim andlegrar upplifunar og huggunar. Baðstofan og tilfinningarnar (hlutirnir og mennirnir) hafa því leitt eitt af öðru og skapað þær kjöraðstæður sem há lestrartíðni þarfnaðist. Allir meðlimir heimilisins í sama rými og þörf þeirra til að heyra eitthvað til upplyftingar og fræðslu í lok dags. Opinberar aðgerðir til að mennta alþýðuna voru því ekki þær sem stuðluðu að lestri Íslendinga heldur var það þessi dýnamík sem var á milli manna og hluta – efnismenningin.

Það má því jafnvel segja að það hafi verið nauðsynlegt eða í hið minnsta ekki sakað fyrir bændur að velja lesefni inn á heimili sitt sem hentaði þeim. Með kvöldlestrinum treystu þeir stöðu sína sem húsbændur og sköpuðu fráhrarf frá erfiðleikum sem gátu fylgt daglegu lífi fólks á 19. öld. Hagsmunir bænda voru því í húfi þegar kom að því að nota bækur sem höfðuðu til þeirra sjónarmiða til lífsins. Lesefni heimilisins gat því gefið til kynna hvers konar viðhorf húsbændur höfðu til samfélags

³⁰⁸ *Vidalínspostilla. Húspostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*

³⁰⁹ Sjá meðal annars: Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmennin“, 195–214; Anna Lís Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*, 11–18; Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives,“ 111–123.

³¹⁰ Sjá meðal annars: Loftur Guttormsson, „Barnaeldi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750–1860,“ 137–170; Gísli Gunnarsson, *Sex ratio, the Infant Mortality and Adjoining Social Response in Pre-Transitional Iceland*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 165–264; Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the Child. Regional, Cultural and Social Aspects of the Infant Mortality Decline in Iceland, 1770–1920*.

og heimilis, sem á þessum tíma var bæði á einkasviðinu sem og á hinu opinbera.³¹¹ Bókageign bænda gat því endurspeglad áhugamál/sérsvið viðkomandi eins og bókbindingu Arnfinns Jónssonar í Gröf, en einnig stöðu heimilisins opinberlega enda voru búin smáar framleiðslueiningar, eða með öðrum orðum lítill vinnustaður. Með lesefninu var verkaskiptingu og virðingu gerð skil innan „vinnustaðarins“ þar sem öllum átti að vera ljóst hvert hlutverk þeirra var. Það mætti jafnvel segja sem svo að um hafi verið að ræða ákveðna gerð af reglum heimilis og vinnustaðar til að skerpa á mörkum á milli einkalífs og hins opinbera.

Fatnaður

Klæði bænda var tæpur fimmtungur af eignum þeirra ef litið er til fjölda eignardálka í dánarbúsuppskriftum þeirra. Í heildina voru dálkarnir 3678 talsins á meðan þeir sem innihéldu fatnað voru 618. Taflan hér fyrir neðan sýnir algengasta fatnað bændanna en það má benda á að þar koma fyrir 72 tegundir af klæðnaði. Að meðaltali voru 18 dálkar í dánarbúsuppskrift en hvað magn varðar voru það 28 spjarir á mann. Þess má geta að magn fatnaðar er töluvert hærra ef hver hnappur og milla, sem var málmfesting notuð til að reima saman barma á upphluti, eru tekin með í reikninginn. Í töflunni má sjá að hnappar koma 47 sinnum fyrir en ef þeir eru allir taldir eftir tilgreindum fjölda í lýsingum virðingarmanna er um að ræða 200 stykki. Þetta skýrist af því að stundum er aðeins rætt um til dæmis peysu með hnöppum eða upphlut með 10 silfurhnöppum. Þá var hægt að telja hnappana ef fjöldinn var tiltekinn, þess vegna er hafður sá háttur að hafa þetta magn tvískipt til glöggvunar. Því ekki er í öllum tilfellum tekið fram magn. Það sama á við um millurnar:

Tafla 21. Bændur: Algengur fatnaður.

Fatnaður	Fjöldi
Klútur	116
Sokkar	71
Skyrta	62
Peysa	49
Treyja	48
Hnappur	47 (200)

³¹¹ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ljós, lestur og félagslegt taumhald,“ 62–66; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 27–57; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 102–105.

Pils	41
Leistar	37
Vesti	32
Vettlingar	32
Upphlutur	30
Buxur	30
Hattur	25
Millur	24 (88)
Nærbuxur	23
Kragi	22
Forklæði	19
Hempa	19
Bolur	18
Húfa	16
Svunta	16

Algengustu flíkur bænda voru klútar, sokkar og skyrtur. Meirihluti einstaklinganna hér áttu millur og/eða hnappa, eða 22 þeirra, og ellefu áttu silfurpör í einhverju magni.³¹² Magn þeirra hnappa og milla sem fram koma í fatnaði bænda geta gefið til kynna að klæðnaður þeirra hafi verið skrautlegur ef miðað er við fatnað hjúanna sem áður var fjallað um. Þá gæti verið að lýsingin á fatnaði bændanna hafi verið ítarlegri. Jafnvel haldast þessir tveir möguleikar í hendur, það er að ef föt húsbændanna voru íburðarmeiri þá sjálfkrafa hafi virðingarmenn lýst þeim á nákvæmari hátt til að sýna verðmæti þeirra betur. Verð klæðnaðarins bendir til betri efna og var verðbil fatnaðarins frá 6 sk. og upp í 9 rd. Þar sem nokkuð af flíkunum gátu verið nokkurra ríkisdala virði. Fremur áberandi er hve verðmæt klæði yngsta hópsins eru miðað við þau sem eldri voru og eiga þau jafnframt flestar færslurnar eða 240 talsins.

Metúsalem Árnason á Borgum í Norður-Múlasýslu, sem lést 22 ára árið 1855, átti ríkulegan fatnað við andlát sitt. Klæðistreyja af honum „lítið borin“ var metin á 8 rd., klæðisvesti og vaðmálsbuxur voru hvort á 2 rd. Klæðnaður ekkju hans er einnig talinn fram eins og „nýr kvennkjól á 5 rd.“ og „grænn vaðmálskvennkjól slitinn á 3 rd.“ Fyrir utan hve verðmætur fatnaðurinn var er

³¹² Algengast var að eiga silfurhnapp eða millu, en skartið gat einnig verið úr kopar eða beini.

einnig eitthvað um verðminni fatnað eins og „léreftsskyrta brúkuð á 48 sk.“ og „[nærbuxur] gamlar á 24 sk.“ Metúsalem á jafnframt eina skófaternaðinn sem er tiltekinn hjá bændum; „vatnsstígvél (forsóluð) á 3 rd.“, en afar sjaldgæft er að finna skó, og hvað þá stígvél í dánarbúsuppskriftum frá þessum tíma.³¹³

Skagfirðingurinn Guðlaug Þórarinsdóttir, sem dó 25 ára á Lambanesi, Reykjum árið 1816, átti 31 spjarir mjög ríflegar. „Grænt klæðispils á 8 rd.“, „dto [klæðispils] blátt fornt á 6 rd.“ og „sortuð kvennhempa með saumi á 4 rd. og 80 sk.“. Eitthvað var virt af ekkli hennar eins og „blár klæðisbolur karlmanns á 2 rd. og 64 sk.“ og „fornar einskiptu buxur á 64 sk.“.³¹⁴ Hér sést glöggt hve verðmætur kvenmannsklæðnaður gat verið og fötin af ekkklunum eða bændunum sjálfum verða að hálfgerðu „uppfyllingarefni“. Eitthvað sem var ætlast til að væri til staðar við virðingu ef viðkomandi skildi eftir sig maka en ekki gert það ítarlega að hver spjör væri talin fram. Afar hæpið verður að teljast að einstaklingur hafi átt aðeins einn ígangsfatnað. Hvað þá fólk í stöðu bænda sem var álitlegri en vinnuhjúanna. Embættismenn og virðingarmenn gerðu þar af leiðandi ráð fyrir að í öðrum gripaflokkum væri að finna meiri auðæfi sem myndu duga fyrir skuldum eða útfararkostnaði. Mannlegi þátturinn gæti einnig spilað inn í að við uppboð yrði ekkill ekki strípaður af fatnaði sínum heldur aðeins betri flíkurnar virtar og boðnar upp. Þá hefði sá sem var eftirlifandi fengið að halda sínum helsta hversdagsfatnaði og þyrfti þar af leiðandi ekki að koma sér aftur upp nothæfum flíkum.

Þau sem elst voru áttu svo fæstu fötin sé litið til eignadálkanna, eða 170 í heild. Það er einnig algengara að þau eigi verðminni fatnað. Eiríkur Þorsteinsson, sem dó 72 ára á Heiði í Þingeyjarsýslu árið 1844, átti sem dæmi aðeins 13 spjarir metnar á verðbilinu 6 sk.–2 rbd.³¹⁵ Það er þó ekki svo að aldursforsetarnir eigi öll fá föt og skildi Kristín Guðnadóttir í Skálakoti í Rangárvallasýslu, sem lést 73 að aldri árið 1839, eftir sig 25 flíkur. Þau voru þó ekki mjög verðmæt en aðeins fimm þeirra náðu yfir ríkisbankadal í verði og þar er dýrast „grænt klæðisfat með saum á 2 rbd.“³¹⁶

Þó leynast verðmæt föt inni á milli hjá elstu bændunum. Til að mynda dýrasta flíkin, „græn samfella með silfurhnappi á 9 rbd.“ sem var í eigu Guðmundar Þorvarðarsonar, sem dó 71 árs í Sólheimagerði, Skagafirði, árið 1829. Þess ber að geta að flest fötin sem talin voru upp hjá honum voru af ekkju hans og dóttur og voru karlmansfötin aðeins níu stykki af þeim 26 sem virt voru. Öll

³¹³ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855.

³¹⁴ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,17: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

³¹⁵ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/7,6: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

³¹⁶ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,3: 66. Fylgiskjöl, dánarbú 1839.

frekar verðlítil nema þessi dýrmæta samfella.³¹⁷ Árni Sigurðsson, sem lést 75 ára gamall í hákarlaugu frá Gufuskálum í Snæfellssýslu, árið 1876, átti svo „stór[a] treyj[u] blá[a] úr grófu klæði“ sem metin var á 7 rd. Hann var jafnframt sá einstaklingur sem átti fæst föt eða aðeins fimm og fjögur þeirra eru metin yfir 3 rd. Þetta er fremur óvenjulegt en dánarbúsuppskrift Árna er öll harla óvenjuleg.

Miklar deilur urðu um virðingu muna hans sem og ásakanir í garð sonar Árna, Helga, sem var hreppstjóri og ráðstafaði eigum föður síns fyrir virðingu. Tómas Eggertsson sýslumaður fór hörðum orðum um athæfið og eru þó nokkur bréfaskipti sem enduðu með tveimur uppskriftum, sú fyrsta sýndi búið standa í tæpum 400 rd. en önnur sem sýnir virði búans í öðrum gjaldmiðli, 700 kr. samtals.³¹⁸ Ekki er ljóst um málalok en hvað fatnað varðar var tekið fram að Helgi hefði komið honum undan.³¹⁹ Þetta sýnir að erfingjar hafa stundum komið eigum foreldra sinna fyrir áður en til virðingar kom, sérstaklega þeirra sem voru í betri efnun, og getur því útskýrt færri föt og bækur þessa hóps.

Miðaldra bændurnir áttu 208 færslur yfir föt og verðmætin voru á því róli sem verðbilið var hér innan þessa gripaflokks. Hér er að finna flestu fötin en þau átti Guðlaug Ásgrímsdóttir frá Ánastöðum en hún skildi eftir sig 38 spjarir á bilinu 7 sk.–4 rd. og 72 sk. Fatnaður hennar er stór hluti af þeim klæðum sem eru upptalin en sex eru af ekkli (eða syni) hennar. Silki og léreftsklútar voru tíu talsins og allir skreyttir með silkitvinna eða bekkjum og rósum. Verðmætustu föt hennar voru tveir bláir „kvenfrakkar“, annar á 3 rd. og 72 sk. og hinn á 4 rd. og 72 sk.³²⁰

Hagnýtar ástæður lágu að baki klæðnaði bænda en einnig fagurfræðilegar. Sem dæmi má nefna að blár var fremur vinsæll litur á klæðnaði bænda eða hjá 29 þeirra. Það sem þó skilur að eru verðmætin. Ef litið er til skrifna Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal um æskilegan fatnað má sjá að klæði húsbónda áttu að vera úr betri efnun en hjúa. Sé litið til lýsinga og upphæðar á karlmannsfatnaði í dánarbúsuppskriftum bænda má verða vart við slíka tilhneigingu. Til að mynda má þar finna silfur eða skraut í ríkara mæli en hjá undirsátum þeirra. Húsmæður hafi því vandað til verks þegar kom að því að vinna föt fyrir sig og bónda sinn.³²¹ Fötin voru ef til vill ekki í eins miklu magni og þau sem hjúin skildu eftir sig en gera má ráð fyrir að þau hafi samt sem áður verið fleiri.

³¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/4,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1829.

³¹⁸ Dánarbúið var metið bæði í ríkisdöllum og krónum og sést þar að krónur voru um tvöföld upphæð af ríkisdöllum sem passar við hugmyndir manna um gildi krónu og ríkisdals. Sjá meðal annars: Vef. Gísli Gunnarsson, „Hvers virði var gamli ríkisdalurinn í íslenskum krónum?“

³¹⁹ ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

³²⁰ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

³²¹ Björn Halldórsson, *Arnbjörg æruprýdd dáindiskvinna á Vestfjörðum Íslands*, 467.

Stundum voru aðeins þau dýrustu tekin fram og svo samtíningur af þeim verri líkt og hjá Árna Sigurðssyni á Gufuskálum.³²²

Það sem má draga saman úr fatnaði bænda er hve margbrotin eign þeirra var. Hér komu fyrir fáar flíkur, ríkulegur fatnaður og fjölbreyttur, efnislega vegleg föt og ódýr. Ljóst er að unga fólkið gekk í verðmætari fötum en þau sem eldri voru, sem rekja má til þess að þau hafi nýlega búið sér til föt eða keypt nýleg efni. Það sama var upp á teningnum hjá hjúunum enda sá aldur þar sem nauðsynlegt var að vekja athygli á sér í tilhugalífínu og marka sér sess meðal sveitunga sinna. Fatnaður gat þar gefið ákveðin merki um íburð og stöðu – makt og veldi – og þá helst sá sem notaður var á tyllidögum eða mannamótum, eins og veglegir frakkar, klæðistreyjur og pils, silfurpör og upphlutir gátu verið á þessum tíma. Fallegt og vandað handverk gat einnig borið vott um fyrirmyndar heimilishald og þar var rúmfatnaður heldur ekki undanskilinn.

Rúmfatnaður

Gripaflokkur þessi er ekki ýkja stór eða í hið minnsta ekki um margt að ræða í hverju búi. Hér í töflunni fyrir neðan má sjá tæmandi lista yfir þær 18 tegundir rúmfatnaðar sem taldar voru fram í dánarbúsuppskriftum bænda sem voru í úrtaki rannsóknarinnar. Í heildina skildu þeir eftir sig 320 hluti sem voru notaðir á rúm þeirra (sem og sjálf rúmin). Sjá má af þremur algengustu mununum að það sama mátti finna í fótum vinnuhjúa, þó koddur væri næstalgengastur í eigu þeirra:

Tafla 22. Bændur: Algengur rúmfatnaður.

Rúmföt	Fjöldi
Rekkjuvoðir	93
Brekán	57
Koddi	46
Sæng	30
Rúm	20
Sauðskinn/gæruskinn	19
Fiður	9
Ver	8
Sængurdýna	7
Rúmskinn	7

³²² Þí. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

Svæfill	5
Dýna	5
Ábreiða	4
Undirsæng	4
Rúmvoð	3
Yfirsængurdýna	1
Rúmteppi	1
Selskinn	1

Ekki munar miklu á heildarfjölda hluta og dálka, en færslurnar voru 305 talsins. Þar áttu þau sem voru miðaldra mest eða 129, svo þau elstu með 104 og minnst átti yngsti hópurinn eða 72. Það sama var að sjá í eigu hjúanna þó minna hafi munað á milli eldri hópanna. Fjölbreytni rúmfatnaðar er jafnframt meiri hjá bændum og eru til að mynda rúm og gæruskinn algeng í eigu þeirra en ekki hjá undirsátum heimilisins. Slíkt endurspeglar líka þann stöðumun sem var á heimilisfólkinu enda tilheyrði búið bændunum. Hjú ferðuðust heldur ekki með rúm milli staða heldur voru þau í raun „innréttuð“ í baðstofuna og eign húsráðanda.³²³

Það er ekki ýkja skrítið að sjá rúm eða rúmfatnað hér en það sem ef til vill stingur í stúf er að þar er einungis um að ræða 20 rúm í eigu níu einstaklinga. Þannig að þau eru ekki talin upp hjá meirihlutanum þó gera megi ráð fyrir að slíkt hafi verið til staðar á heimilinu. Ástæðurnar fyrir þessu voru trúlega þær að ekki var auðvelt að selja rúm (á uppboði) úr húsi á þessum tíma sem og að bændur voru í langflestum tilfellum leiguliðar á bæjunum svo þeir áttu í rauninni ekki húsið né fasta fylgihluti.³²⁴ Þó má finna rúm sem voru „laus“, jafnvel hálfgerðir beddar. Þóra Gunnarsdóttir, sem dó 71 árs á Öxl í Húnavatnssýslu árið 1814, skildi til að mynda eftir sig eitt „lausarúm lélegt á 1 rd.“ sem gera má ráð fyrir að hafi verið færanlegt.³²⁵ Í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands má finna nokkrar lýsingar á því hvernig lausarúm voru til komin. Lýsingarnar af þeim eru á þann veg að þeim

³²³ Um hönnun eða byggingu torfbæja sjá í: Anna Lía Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*, 51–52; Halldóra Arnardóttir, „Innanstokksmunir. Samspil húsbúnaðar og híbýla,“ 124–126; Hjörleifur Stefánsson, *Hvílíkt torf – tóm steypa!*; Hörður Ágústsson, „Íslenski torfbærinn,“ 227–344.

³²⁴ Sjá umfjöllun um leiguabúð og eignarhald jarða í: *Hagskinna*, 262–264; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Guðmundur Jónsson, „Sambúð landsdrottna og leiguliða,“ 63–106; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32.

³²⁵ Þí. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/2,8: 15. Fylgiskjöl, dánarbú 1814.

hafi verið hægt að stafla eða taka saman þegar þau voru ekki í notkun. Þau voru jafnframt stundum kölluð gestarúm enda oft hugsuð sem slík. Þó ber að benda á að svörin eru frá fólki sem var fætt eftir árið 1894 svo útskýringarnar eru vissulega meira bundnar við byrjun 20. aldar.³²⁶

Stundum voru rúm metin með rúmfatnaði en hér í þessu úrtaki var eitt slíkt dæmi að finna: „Rúm með sængurdýnu á 4 rd.“ og „rúm lakara sængurlín á 1 rd. og 48 sk.“ í eigu Signýjar Guðmundsdóttur sem lést árið 1837 aðeins 23 ára gömul á Heggstöðum í Borgarfirði.³²⁷ Óljóst er hvort um sé að ræða sjálft rúmið eða sængurfatnað hvers rúms. Oftast er þeim þó lýst einum sér og átti Jón Vilhjálmsson í Stóru-Mörk, Rangárvallasýslu sem dó 46 að aldri árið 1804 til dæmis fjögur slík sem var útlistað gróflega. Tveim þeirra var lýst á eftirfarandi hátt: „rúm sunnanvert með stökk og trjám á 10 mörk“ og „ditto [rúm] í skála með stökkbekkjum og trjám á 30 m.“³²⁸

Af fjölda rúmfatnaðar að dæma átti hver bóndi rétt um níu talsins að meðaltali. Slíkt er talsvert meira en hjú áttu enda má benda á að meðalstærð heimila á þessum tíma voru sex til sjö einstaklingar á meðan vinnufólk var yfirleitt einstæðingar.³²⁹ Uppbúið rúm fyrir þann fjölda hefði því verið eitthvað á þessa leið; sex til sjö koddar, sama af sæng eða brekáni, rekkjuvoðum eða gærum og jafnvel dýna. Bóndinn hefði því átt að eiga rúmlega 24 hluti sem taldist til sængurfatnaðar. Enginn átti svo mikið nema þá helst Arnfinnur Jónsson í Gröf sem átti 23 hluti af rúmfatnaði.³³⁰ Hægt er að greina hjá honum að um sé að ræða sett fyrir fimm einstaklinga. Hann skildi eftir sig fimm rekkjuvoðir, sængur, koddar og brekán. Þar á meðal „boldángssæng með hvítu veri á 3 rbd.“, „tvennir skinnkoddar og einn skinnkoddi með nýju veri á 3 rbd.“ og „nýlegt litarbrékán 3r. lakara ditto 2r. á 5 rbd.“³³¹ Kristín Guðmundsdóttir, sem lést í Drangavík, Strandasýslu, 70 ára gömul árið 1866, átti minna en Arnfinnur eða 13 hluti. Af rúmfatnaði hennar má sjá að þar voru munir sem hefðu í hið minnsta dugað þremur einstaklingum – þrjú sett af rúmfatnaði ef svo má segja. Meðal annars skildi

³²⁶ Sjá meðal annars svör við spurningaskrá Þjóðminjasafns Íslands um rúm og sængurfatnað: *Þjms. Þjóðhættir*. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4453; *Þjms. Þjóðhættir*. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4441.

³²⁷ *ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla*. ED2/21,2: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

³²⁸ *ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla*. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³²⁹ *Hagskinna*, 140. Sjá einnig umfjöllun um fjölskyldustærð í: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 65–74 og 125–131. Samkvæmt Gísla Ágústi er þó munur á heimilum við sjávarsíðuna og þeirra í landbúnaðarhéruðum í uppsveitum landsins. Í heimili við sjávarsíðuna voru allt að helmingi færri búsettir.

³³⁰ *ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla*. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

³³¹ *ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla*. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

hún eftir sig „sæng með rauðröndóttu veri 23tt á 6 rd.“, „2 rekkjuvoðir gamlar á 1 rd.“ og „brekán á 2 rd.“³³²

Ljóst er að ekki var allur rúmfatnaður í hverju tilviki talinn fram og áttu til dæmis þrjár bændur ekkert af slíku samkvæmt virðingu. Slíkt gæti einnig bent til að eitthvað af rúmfatnaði væri persónulegra en annað líkt og í tilfelli vinnuhjúanna. Í sumum dánarbúum er til að mynda tekið fram að ákveðnir munir væru ekkjumannsins eða ekkjunnar eða þá að ekki hafi rúmfatnaður þeirra verið talinn fram. Í dánarbúi Guðlaugar Ásgrímsdóttur á Ánastöðum er „(ekkjumannsins rúm) tvíveruð sæng ytra af íslensku boldangi gamalt fiður á 2 rd.“ að finna meðal eigna hennar.³³³ Hjá Árna Sigurðssyni á Gufuskálum er svo hjónarúm sem sagt er að komi ekki til „nafns verð“.³³⁴ Hvort þetta stafi af því að virðingarmenn hafi ekki viljað ganga of hart fram við eftirlifandi maka eða þá að rúmfatnaður hafi verið persónulegri er ekki gott að segja. Hvort tveggja kemur til greina. Fólk þurfti vissulega klæðnað og eitthvað til að orna sér við og þar var fatnaður líklegastur til að falla undir hið litla „persónulega“ rými sem fólk naut í baðstofunni.

Rúmfatnaður bænda var alls konar, það er að segja bæði fjöldi og verðmæti. Jónas Sigfússon, sem lést 48 ára gamall á Ljótstöðum, Þingeyjarsýslu árið 1848, átti til að mynda aðeins „alfært rúm gamalt á 12 rbd. og dtt dtt slitið á 3 rbd.“ „Rúmfatnaður“ hans var því á 15 rbd. sem var þokkalegt verð. En þar sem aðeins er rætt um „rúm“ er ekki vitað hvort sæng eða koddur hafi verið inni í virðingu á „alfæru“ rúmi. Dæmin eru vissulega til staðar sem sýna að þau voru metin á þennan hátt, það er rúm auk línsins. Það sem helst styður það að sængurfötin eru talin með er hátt verð og gripaflokkaskipting virðingarmannsins. Í dánarbúsuppskrift Jónasar tekur virðingarmaður fram flokkana og undir *rúmfatnaði* er að finna þessi tvö gömlu og slitnu „alfæru rúm“.³³⁵ Bændur gátu líka átt mörg ódýr rúmföt eins og Guðrún Jónsdóttir í Flagbjarnarholti. Hún skildi eftir sig 18 muni þar sem verðmætasti rúmfatnaðurinn var „rúm með fiðurbeði og brekání“ á 3 rbd. Sé litið til þess að þetta voru í raun þrjár hlutir í þeim gripaflokki þar sem einstaka munir gátu verið fremur dýrir má því segja að virðið hafi því verið fremur lágt enda var annar rúmfatnaður aðeins á og undir ríkisdalnum í verði.³³⁶ Sængur voru stundum verðmætasti gripur einstaklings á þessum tíma og var slíkt tilfellið hjá Metúsalem Árnasyni á Borgum sem átti „fiðursæng með boldángsveri á 10 rd.“, auk

³³² ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,8: 50. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

³³³ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

³³⁴ ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

³³⁵ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

³³⁶ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,18: 163. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

Þess „æðardúnssæng á 9 rd.“³³⁷ Ekki voru allir svo heppnir að fá fyllingu úr æðardúni og algengast var að nota fiður af svartfugli eins og „poki með fílafiðri...“ er til marks um í eigu Jón Þorsteinssonar í Vatnsskarðshólum, Skaftafellssýslu, sem lést aðeins 23 ára gamall árið 1834.³³⁸

Svefnrýmin voru því ansi fjölbreytt þó að sömu hlutina hafi verið að finna í þeim. Ásigkomulag þeirra var misjafnt, gerð þeirra mismunandi sem og fjöldi og verðmæti. Fyrst og fremst var rúmfatnaður til að halda fólki hlýju í sagga torfbæjanna og þar spilaði ullin stórt hlutverk og voru brekán og rekkjuvoðir úr vaðmáli sem annað hvort voru heimagerð eða aðkeypt. Til að einangra botn rúmsins voru notaðar gærur eða rúmskinn, rekkjuvoð, undirsæng eða dýna. Heimilismeðlimir hjúfruðu sig svo undir brekáni, ábreiðu eða sæng sem fyllt var með fiðri eða ull. Koddar voru fylltir með til að mynda ull, fiðri, mosa eða hálmi/grasi og svæflar voru minni gerðin af koddum sem oft voru aðeins notaðir undir vangann. Ekki má gleyma því að rúmfatnaður hefur verið áberandi í baðstofunni þar sem rúmin hafa blasað við gestum og ábúendum. Fólk sat jafnframt á rúmum sínum við vinnu sína svo mikilvægt var að búa um eða breiða yfir rúmin til að verja svefnplássið fyrir óþarfa óhreinindum eða jafnvel bleytu. Fallegt ofið rúmteppi hefur því bæði verið hagnýtt sem og auðgað yfirbragð baðstofunnar.³³⁹ Aðrir sýnilegir hlutir innan baðstofunnar voru svo hirslurnar sem innihéldu bæði smáar og stórar eigur einstaklinganna.

Hirslur

Hagnýtni hirslna á 19. öld var ótvírætt og margþætt líkt og rakið var í umfjöllun um hirslur vinnuhjúa. Einstaklingar notuðu þær til flutninga, geymslu og til húsgagns.³⁴⁰ Í tilfelli vinnuhjúa voru þessar taldar í þennan gripaflokk en hér hjá bændunum verða þessar taldar inn í flokkinn „annað“. Tvær ástæður eru fyrir þessu: Í fyrsta lagi er það að virðingarmenn hafa frekar sett þá í aðra flokka eins og verkfæri, búsgögn og annað í tilviki bændna. Í öðru lagi virðist „hlutverk“ eða notkun þeirra vera önnur hjá bændum en vinnuhjúum. Þeim var ekki aðeins lýst með orðinu „poki“ og settir undir flokkinn hirslur, heldur sagðir vera malarpoki, ullarpoki, reipapoki, rúgpoki eða fiðurpoki:

³³⁷ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855.

³³⁸ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/3,1: 222. Fylgiskjöl, dánarbú 1834.

³³⁹ Sjá meðal annars: Jónas Jónasson, *Íslenzkir Þjóðhættir*, 9–12; *Þjms. Þjóðhættir*. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4441; *Þjms*. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4879.

³⁴⁰ Sjá töflu 9. („Vinnuhjú: Algengar hirslur“) yfir algengar hirslur vinnuhjúa hér á undan.

Tafla 23. Bændur: Algengar hirslur.

Hirslur	Fjöldi
Kista	125
Stokkur	39
Kistill	33
Skrína	14
Veski	12
Skápur	11
Koffort	9
Kassi	9
Askja	5
Taska	2
Prjónastokkur	2
Skatthol	1
Kotri	1
Slagrúm	1

Í heild voru 264 hirslur og að meðaltali átti hver bóndi tæpar 8 hirslur og allir áttu kistur. Ennfremur voru kistur algengastar til að vera metnar verðmætasti hluturinn í þessum flokki eða í tilfalli 32 bænda. Dýrasta kistan var í eigu Rósu Gunnlaugsdóttur, sem lést 21 árs í Flögu, Eyjafjarðarsýslu, árið 1826. „Grænmáluð kista á 8 rbd. og 48 sk.“ Ekki var tekið fram hvort hægt var að læsa henni en það var kostur að geta læst hirslum sínum miðað við aukið verð þeirra í samanburði við þær sem lýst var með lélegri skrá eða ólæstum.³⁴¹ Í lýsingu á hirslum Guðmundar Guðmundssonar í Gautsdal, Barðastrandasýslu, sem dó 75 ára að aldri árið 1851, kemur fyrir „lítill kistill garmur þó læstur á 80 sk.“³⁴² Af þessu má dæma að þrátt fyrir að kistillinn hafi verið garmur þá hafi það þó verið honum til framdráttar að vera læstur.

Þau sem elst voru áttu flestar hirslur, eða 98 af 241 dálkum sem komu fyrir í dánarbúum bænda. Í sama hóp er að finna öll þau 12 veski sem komu fyrir í dánarbúsuppskriftunum. Öll í eigu Guðrúnar Jónsdóttur í Flagbjarnarholti en í uppskriftinni stendur „12 veski af hesta og sauðskinni á

³⁴¹ Þí. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1826.

³⁴² Þí. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/1,2: 49. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

1 rbd.“³⁴³ Það má því gera sér í hugarlund að veskin hafi verið hugsuð til vöruskipta/sölu sem útskýrir fjöldann. Því er um töluvert magn af hirslum að ræða hjá Guðrúnu eða samtals 24 og langflestar miðað við aðra.³⁴⁴ Næstur til að eiga eitthvert magn hirslna er Jón Vilhjálmsson í Stóru-Mörk sem skildi eftir sig 13 talsins og þar á meðal „kista með lömum og skrúfskrá á 3 rd.“ og „6 ruslastokka með grind utan um á 70 sk.“³⁴⁵

Verð á kistum hjá bændum er ögn hærra en hjá vinnuhjúum en oftast voru þær á 2–4 rd. Elsti hópurinn á áberandi verðminni hirslur og þar eru aðeins tveir (af 11) sem eiga kistu sem nær yfir 3 rd. Yngsta fólkið á aftur á móti fremur verðmætar hirslur og skildu átta þeirra (af 11) eftir sig kistur sem voru yfir 3 rd. Hugsanleg skýring á þessu er aldur og notkun hirslanna. Í byrjun búskapartíðar (vinnumennsku) á unga aldri hefur fólk jafnvel smíðað sér ílát eins og kistla, kistur og þrjónastokka sem hafa fylgt þeim út lífið og gæti þar af leiðandi útskýrt útjaskaðar eigur eldra fólksins. Þar af leiðandi fékkst minna verð fyrir hvern hlut af því tagi. Aftur á móti áttu þau sem eldri voru fleiri eigur enda hefur þeim auðnast á lengra lífskeiði að safna að sér gripum úr öllum áttum.

Vinnukonur voru líklegri til að eiga litla stokka og kistla undir handavinnuverkfæri sín en hér virðist enginn munur vera á milli kynjanna þegar kemur að slíkum ílátum. Ekki aðeins var um að ræða kistla undir þrjóna og slíkt heldur einnig undir „járnarusl“, blý eða glös. Jón Bjarnason í Álftagerði átti þrjá stokka í smiðju sinni „með rusli“, allir metnir á 1 rd.³⁴⁶ Nafni hans Vilhjálmsson í Stóru-Mörk átti einnig stokka undir rusl en einnig annan með „11 eirskildingum“ og „stokk með 3 glösum“.³⁴⁷ Aðeins voru tveir þrjónastokkar teknir fram, hjá Norðlendingunum Þóru Gunnarsdóttur á Öxl og Eiríki Þorsteinssyni á Heiði. Ekki mikil verðmæti í þeim – 8 og 12 sk.³⁴⁸ Öðrum stokkum var ekki lýst sem geymslum undir handavinnuverkfæri en ekki er útilokað að þeir hafi verið notaðir sem slíkir. Það sama á við um kistla og skrínur en oftast er ekki lýsing á innihaldi þeirra sem þó var algengara hjá vinnuhjúum.

Hirslur voru ekki aðeins til geymslu og flutninga heldur hafa þær einnig verið í einhverjum tilfellum „stofustáss“. Þær hafa staðið í baðstofu við rúmin eða undir þeim, jafnvel litlir kistlar verið yfir og ofan á rúmi sem geymdu mögulega bréf eða peninga. Í dánarbúsuppskriftunum má sjá að

³⁴³ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,18: 163. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

³⁴⁴ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,18: 163. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

³⁴⁵ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³⁴⁶ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

³⁴⁷ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³⁴⁸ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/2,8: 15. Fylgiskjöl, dánarbú 1814; ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/7,6: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

nokkrir einstaklingar hafa málað og/eða keypt sér málaðar hirslur eða skreytt þær sjálfir. Jónas Sigfússon á Ljótstöðum átti til dæmis „grænmál[aða] kist[u] [danska] á 5 rbd.“ og aðra eins, nema íslenska, sem var 3 rbd. og 48 sk. virði.³⁴⁹ Ísak Ólafsson á Ketilsstöðum átti nokkuð veglegar hirslur eins og „1 dto [kista] dönsk af greni máluð með ártalinu 1765 vel læst með lömum en ekki járnbundin á 3 rbd. og 48 sk“ og „1 slagrúm af greni með skrálæstri skúffu málað á 2 rbd. og 48 sk.“³⁵⁰ Verðmæta kistan hennar Rósu Gunnlaugsdóttur í Flögu var jafnframt grænmáluð og aðrar hirslur einnig hjá bændunum svo álykta mætti að sá litur hafi verið við lýði í híbýlum Íslendinga á 19. öld. Þó er ein rauðmáluð kista í eigu Metúsalems Árnasonar á Borgum en aðrir litir eru ekki nefndir í þessu úrtaki bænda.³⁵¹ Ekki er að sjá að algengt hafi verið að hirslurnar væru útskornar sé litið til lýsinga virðingarmanna og aðeins tvö dæmi um slíkt. „Skorinn kistill ... á 14 sk.“ í eigu Kristínar Guðmundsdóttur í Drangavík og „treflakistill útskorin með látúns lömum á 24 sk.“ hjá Þóru Gunnarsdóttur í Öxl.³⁵²

Hirslur voru þó ekki aðeins kistur og stokkar heldur einnig húsgögn. Hér komu fram 11 skápar sem oftast voru málaðir og eitt „gamalt skatthol á 6 rbd.“ í dánarbúi Þórdísar Björnsdóttur, sem dó 24 ára í Veteifsholti, Rangárvallasýslu árið 1846.³⁵³ Skáparnir eru metnir í byrjun, miðju og lok aldarinnar svo ekki er að sjá einhverja almenna umbyltingu í húsgögnum eftir miðbik tímabilsins. Líklegt er að skáparnir hafi verið litlir. Stundum er talað um litla kistla eða stokka sem skápa svo ekki liggur sama merkingin á bak við „skáp“ og í daglegu tali nú. Telja verður líklegra að mublurnar hafi verið í minni kantinum enda þurfti að vera hægt að flytja þær auðveldlega þegar eigurnar voru boðnar upp sem og þegar fólk flutti milli staða.³⁵⁴ Verðmæti skápanna í dánarbúsuppskriftunum gefur einnig slíkt til kynna. Allir nema tveir eru metnir undir ríkisdal og aðeins er skápur Guðlaugar Ásgrímsdóttur á Ánastöðum lýst sem „stórum“.³⁵⁵ Síðan má spyrja sig að því hvort þeir stóru skápar

³⁴⁹ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

³⁵⁰ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/8,2: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1814.

³⁵¹ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855.

³⁵² ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860; og ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/2,8: 15. Fylgiskjöl, dánarbú 1814.

³⁵³ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,36: 282. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

³⁵⁴ Sjá umfjöllun um stærð og innanstokksmuni baðstofunnar í: Anna Lísá Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*; Halldóra Arnardóttir, „Innanstokksmunir,“ 120–129; Haraldur Helgason, „Bæjarhús á síðari öldum. Byggingararfur í húsasafni Þjóðminjasafnsins,“ 140–149. Um flutninga á milli býla: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 74–83 og 135–136.

³⁵⁵ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

og hillur sem gætu hafa verið til staðar á heimilinu hafi nokkuð komið til virðingar. Virðingarmenn (og aðrir) hafi litið svo á að slík húsgögn tilheyrðu húsinu en ekki bóndanum – líkt og innréttingar í nútíma húsum.

Hér má því sjá að hirslur voru fyrst og fremst geymsluhúsgögn. Þróunin frá miðöldum var á þann veg að skápar, hillur, kómmóður og skatthol voru að ryðja sér til rúms á 18.–20. öld og leystu kisturnar og stokkana af sínu hlutverki.³⁵⁶ Dánarbúsuppskriftirnar gefa til kynna hæga þróun í þessum málum og að bændur hafi lengi vel og mikið til stuðst við færanlegar hirslur sem hægt var að nota á margan hátt. Þær voru notaðar til geymslu á smáu og stóru, sem stofustáss, til flutninga og jafnvel sem borð eða bekki. Þó ekki sé um að ræða mjög mikið magn var góð kista kostagripur og eitt af því sem fólk varð sér úti um mjög snemma á lífsferlinum. Þær hafa svo mjög líklega fylgt mörgum út lífið og með stærri búslóð var nauðsynlegt að eiga hirslur undir það sem tándist inn til fólks með einum eða öðrum hætti.

Búsgögn

Á tímum einfaldra búskaparháttanna var mikið litið til hagnýtni enda fór öll vinnsla fram á heimilum fólks á þessum tíma. Búsgögn voru mikið notuð þegar kom að því að vinna úr þeim afurðum sem féllu til. Fjöldi og hlutfall búsgagna af þeim eigum sem komu fyrir í dánarbúsuppskriftunum endurspeglar þennan veruleika. Eignardálkar fyrir þessa hluti voru alls 615 (af 3678) en taka skal fram að í þessari gripakví var mun algengara að virðingarmenn spöruðu plássið og blekið og teldu marga hluti saman í einni færslu eins og sjö aska eða fimm ker. Oft er flokkað saman eftir ásigkomulagi eins og hjá Þórdísi Björnsdóttur í Vetleifsholti sem átti „2 kerhöld betri á 80 sk.“ og „2 dto[keröld] lakari á 64 sk.“³⁵⁷ Ástæðan fyrir þessu er líkast til sú að helstu búsgögnin eins og trog, askar, tunnur og fötur voru oft í einhverju magni á hverjum bæ.

Alls voru talin 1399 búsgögn og er þá meðaltalið um 41 hlutur á mann sem gerir þennan flokk stærstan í eigu bænda. Taflan hér fyrir neðan sýnir hið mikla magn sem kom fram í búum bænda ásamt því að nú er mjög mikill munur á fjölda og gerð gripa á milli bænda og hjúa:

Tafla 24. Bændur: Algeng búsgögn.

Búsgögn	Fjöldi
Trog	285

³⁵⁶ Arnheiður Sigurðardóttir, *Híbýlahættir á miðöldum*, 127–133.

³⁵⁷ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,36: 282. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

Askur	130
Tunna	119
Fata	116
Pottur	92
Kerald	75
Skjóla	42
Ausa	33
Skál	33
Kolla	32
Kútur	29
Strokkur	28
Dallur	24
Flaska	20
Diskur	19
Ker	19
Kaggi	18
Spónn	18
Bollapör	14
Askja	13
Malkvörn	13

Mikla fjölbreytni er að finna í búsgögnum bænda og voru taldar 70 gerðir af slíkum hlutum. Hér voru tól til framleiðslu og eldunar matvæla og áhöld til að framreiða þau. Af algengustu búsgögnum bænda má því sjá að hér eru mikilvægir hlutir sem komu daglega við sögu á hverju búi, hvort sem um var að ræða rekstur búans eða neyslu heimilisins.

Búsgögnin eru ekki ýkja verðmæt og oftast er hver gripur undir ríkisdal í verði. Stærri hlutir eins og pottar, keröld og ker voru þó oft um 1–3 rd. og jafnvel yfir það. Smærri gripir voru ekki svo dýrir nema um hafi verið að ræða silfurskeiðar sem voru jafnframt dýrustu munirnir í þessum flokki. Guðmundur Guðmundsson í Gautsdal skildi aðeins eftir sig fjögur búsgögn en þar á meðal voru „2 silfurskeiðar hver fyrir sig eitt er 3 lóð hnappskeið henni fylgir lítil kragapör á 9 rbd.“³⁵⁸ Álíka

³⁵⁸ Þí. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/1,2: 49. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

verðmæti var ekki annars staðar að finna og næstverðmætustu gripirnir eru metnir á 6 rd. eins og kerald í eigu Jónasar Sigfússonar á Ljótstöðum og pottur hjá Jóni Vilhjálmsyni í Stóru-Mörk.³⁵⁹

Gífurlegt magn troga er hér að finna, eða 285 stykki. „Vinsældirnar“ mætti trúlega rekja til þess hve nytsamleg þau voru. Þau voru notuð undir allt mögulegt og voru til dæmis brúkuð til að skilja mjólk en 88 troganna voru tilgreind undir mjólk. Mjólkurtrög voru úr völdum viði, oft rauðaviði, til að hafa þau vel þétt svo hægt væri að skilja rjómann frá undanrenninni. Þegar mjólkin hafði skilið sig eftir nokkra daga tók húsfreyja eða vinnukona trogið og hellti úr því en hélt með hendinni fyrir gatið sem var á hliðinni niður undir botni til að halda eftir rjómanum.³⁶⁰ Matur var einnig borinn fram í þeim eða geymdur. Þóra Gunnarsdóttir í Öxl átti sem dæmi „trog 4 matkétts gömul á 1 rd. og 32 sk.“ og „dto [kjöt trog] lek gömul á 48 sk.“³⁶¹ Þau voru þó ekki aðeins notuð undir mat heldur einnig sorp. Kristín Guðnadóttir í Skálakoti átti „2vö öskutrog á 8 sk.“ og Guðlaug Ásgrímsdóttir á Ánastöðum skildi eftir sig „sorp-trog skrifli 2 á 22 sk.“³⁶²

Svipaðar ástæður liggja svo að baki fjölda keralda, tunna, fata og potta. Matur var verkaður og geymdur í þeim.³⁶³ Eins og „kjöttunna“ Jónasar Sigfússonar á Ljótstöðum og „korntunna“ Guðrúnar Pétursdóttur, sem dó 70 ára á Leysingjastöðum, Dalasýslu, árið 1832.³⁶⁴ Önnur ílát voru „lísis kerhald með 3 gjörðum á 10 sk.“ í eigu Jóns Vilhjálmssonar í Stóru-Mörk.³⁶⁵ Þetta voru því búsgögn sem voru notuð mikið á hverjum degi líkt og þær 15 mjólkurfötur og 13 vatnsfötur sem voru tilgreindar nákvæmlega eftir hlutverkum. Mjólkina þurfti jú að ferja eftir mjaltir inn í bæ/eldhús og vatnið úr bæjarlæknum.

Tunnur var að finna í öllum dánarbúum nema hjá Metúsalem Árnasyni á Borgum. En hann skildi einungis eftir sig fjögur búsgögn sem var heldur minna en aðrir áttu.³⁶⁶ Trog voru líka eðli málsins samkvæmt mörg á hverjum bæ og voru talin upp hjá öllum nema tveim, þeim Ragnhildi

³⁵⁹ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848; ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³⁶⁰ Sjá meðal annars: Hallgerður Gísladóttir, *Eldamenska í íslenskum torfbæjum*, 18–21; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*; Þjms 6. Að koma mjólk í mat. 371; Þjms. 6. Að koma mjólk í mat. 426; Þjms. 6. Að koma mjólk í mat. 4095.

³⁶¹ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/2,8: 15. Fylgiskjöl, dánarbú 1814.

³⁶² ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,3: 66. Fylgiskjöl, dánarbú 1839; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

³⁶³ Sjá meðal annars: Hallgerður Gísladóttir, *Eldamenska í íslenskum torfbæjum*; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*.

³⁶⁴ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848; ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/6,5: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1832.

³⁶⁵ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³⁶⁶ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855.

Jónsdóttur, sem dó fimmtug í Draumbæ, Vestmannaeyjum árið 1850, og Guðmundi Guðmundssyni í Gautsdal en bæði eiga fremur fábreytt búsgögn miðað við aðra.³⁶⁷ Askar sem notaðir voru til neyslu matar og geymslu voru skráðir hjá öllum nema níu af þeim bændum sem komu hér fyrir.

Eign bænda á smærri búsgögnum eru á ákveðinn hátt ekki eins ítarlega skráð og þau stærri. Tunnur eru ágætt dæmi um vel skráða hluti. Gera má ráð fyrir að á hverju heimili hafi svo hversdagslegir hlutir eins og askur, ausa, þvara, spónn, hnífur og fleira verið til staðar. Þeir eru þó að einhverju leyti skráðir en sjá má að þeir eru ekki ýkja algengir né verðmætir og varla yfir 48 sk. virði. Það sama mætti segja um skálar og bolla. Virðingarmenn hafi því líklega tekið það fyrirferðarmesta í eldhúsinu til virðingar en oft sleppt verðlausum smámunum sem er þó líklegt að hafi verið til á heimilinu. Ástæðurnar fyrir þessu voru ef til vill þær að embættismenn hafi viljað draga við sig í vinnu eða spara pappír/blek.

Skipting búsgagnanna er með svipuðum hætti og annarra gripaflokka bænda, það er að þau sem elst eru eiga flest og þau yngstu minnst. Öldruðu bændurnir voru skráðir með 231 dálk að jafnaði en þau sem voru í blóma lífsins aðeins 158 dálka. Ekki er að sjá mun á fjölda búsgagna á milli kynja. Ekki er heldur hægt að greina að einhverja ákveðna hluti eins og silfurskeiðar eða kaffiáhöld sé fremur að finna í dánarbúum seinna á öldinni. Silfurskeiðar var að finna í fórum 11 bænda og 13 áttu hluti tengda kaffi. Þessa muni er að finna í dánarbúsuppskriftum frá árinu 1804 til ársins 1898 svo ekki er að marka neina umvendingu á tímabilinu. Frekar að hér sé um að ræða hæga þróun efnismenningar í gripum tengdum matargerð og neyslu.

Jón Bjarnason á Álftagerði á flest búsgögnin, 71 talsins, og eru þau metin á frá 12 sk. og upp í 4 rd.³⁶⁸ Þeir sem áttu fæst búsgögnin voru Metúsalem Árnason á Borgum og Guðmundur í Gautsdal eða aðeins fjóra muni. Dánarbúsuppskrift Guðmundar er að vísu óvenjuleg að því leyttinu að ekki er um mikið magn af hlutum að ræða. Umtalsverðar fjárhæðir er þó að finna í silfurpeningum og jörð hans, sem gæti útskýrt hálfgerð sýnishorn á öðrum eigum hans.³⁶⁹ Ætla má að enn meira hefði verið virt ef ekki hefði verið fyrir peningana og fasteignina sem voru nógu verðmætar eignir sem þurfti til að ná upp í skuld og greiða út arf í tilfelli Guðmundar.

Búsgögn komu við sögu á hverjum degi í lífi fólks. Gagnsemi þeirra var jafnframt ótvíræð, það er hlutverk þeirra við að framleiða og framreiða mat fyrir heimilisfólk. Þar af leiðandi má ganga út

³⁶⁷ ÞÍ. Sýsl. Vestmannaeyjar. ED2/1,19: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1850; ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/1,2: 49. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

³⁶⁸ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

³⁶⁹ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/1,2: 49. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

frá því að slíkir hlutir hafi ávallt verið í ákveðnu magni á hverju heimili. Sannarlega áttu ekki allir tíu keröld, átta potta og 15 trog en í grunninn má ætla að eitthvað af þessum fyrirferðarmiklu hlutum hafi verið skyldueign á þessum tíma. Veruleikinn var sá að sjá þurfti um matseld, úrvinnslu afurða, þvotta og þrif inni á hverju heimili. Fólk þurfti ekki aðeins að sjá um fjölskyldu sína heldur var blátt áfram skylda húsbænda að sjá vinnufólki sínu fyrir fæði (og klæðum). Að frátaldri þeirri staðreynd að það þurfti að nærast var framleiðsla búsins einnig háð búsgögnum. Þurrkun fisks til sölu fór til að mynda fram með þeim gripum sem eldhúsið og búið innihéldu.³⁷⁰ Umfang þessa flokks kemur því ekki á óvart enda snertu þessir hlutir líf fólks á margvíslegan hátt.

Verkfæri

Gífurlega fjölbreytni er að finna í verkfæraeign bænda og voru taldar fram 92 gerðir af amboðum. Magnið er jafnframt eftir því og komu fram 1174 tól í 555 verkfæradálkum. Átti því hver bóndi að meðaltali 34 verkfæri og í töflunni hér fyrir neðan má sjá 21 algengustu amboðin. Mesta magnið er falið í tólum sem tengd voru landbúnaði, þá heyverkun og umhirðu búfánaðar. Aðeins var um að ræða sex önnur verkfæri af þeim 21 algengustu; veiðarfæri, fjögur smíðatól og rokkar:

Tafla 25. Bændur: Algeng verkfæri.

Verkfæri	Fjöldi
Hrífa	101
Reipi	73
Orf	65
Meis	60
Reka	59
Hefill	50
Hrip	48
Laupur	39
Ljáspíkur	37
Nafur	37
Sög	35
Hamar	30

³⁷⁰ Sjá meðal annars: Hallgerður Gísladóttir, *Eldamenska í íslenskum torfbæjum*; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*.

Rokkur	27
Færi	25
Lóð	25
Páll	24
Exi	23
Hrífuskaftr	23
Steðji	22
Klára	21
Töng	21

Hrífa og orf voru með algengustu verkfærunum en heymeisar og laupar, sem voru notuð undir fóður skepna, voru einnig fremur mörg. Í sjálfu sér er það ekki ýkja skrítið því á bæjum voru til nokkur slík ílát til að fóðra skepnurnar. Þetta voru einhvers konar rimlakassar sem heyinu var troðið í og gátu þeir verið af mismunandi stærðum og gerðum.³⁷¹ Jón Vilhjálmsson í Stóru-Mörk átti til að mynda „3 kýrhríp væn á 30 sk.“, „stórt á 10 sk“ og „4 dto [hríp] minni hvort 8 s á 16 sk.“³⁷² Þuríður Jónsdóttir, sem lést 72 ára í Krýsuvík, Gullbringusýslu, skildi eftir sig „12 kýr laupar smáir og stórir á 1 rd.“ þegar hún lést 72 ára að aldri árið 1822.³⁷³ Ástæðurnar fyrir þessum fjölda eru faldar í því að nokkrar kýr eða hestar voru fóðruð inni á veturna (eða við bæi) og var bæði snyrtilegra og þægilegra að gefa í slíka stampa sem ýmist voru kallaðir heymeisar, kýrsáir eða laupar. Minni sóun var á heyi þegar gefið var í grindurnar eða kassana enda mátti elta ákveðna skammtastærð: minni heymeis fyrir ungvíðin og stærri laup fyrir mjólkandi kýr. Skepnurnar slæddu jafnframt ekki heyinu niður í básinn og undir sig, sem gerði það að verkum að minna fóður fór til spillis í undirburð. Ennfremur voru kassarnir notaðir til að bera fóðrið úr sátu og til skepnu svo hagkvæmni þessara hluta var því þó nokkur og áttu 19 bændur slíka gripi.³⁷⁴

Að afla fóðurs má segja að hafi verið mikilvægasta verk bænda á þessum tíma. Ef heyfengur var lítill eða lélegur gat það komið niður á búskapnum enda launa skepnurnar fóðrunina. Þegar lítið

³⁷¹ Sjá lýsingar á heymælum kúa í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins um umhirðu nautpenings: *Þjms.* 2. Nautpeningur. 120; *Þjms.* 2. Nautpeningur. 147.

³⁷² *Þf.* Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³⁷³ *Þf.* Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/16,1: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

³⁷⁴ Sjá meðal annars: Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir heyskaparhættir*; *Þjms.* 2. Nautpeningur. 120; *Þjms.* 2. Nautpeningur. 149.

og lélegt fóður fékkst féllu afurðirnar í gildi sem hafði vitaskuld áhrif á bændur og búalið. Með góðu eða miklu fóðri jókst svo aftur afrakstur skepnanna og þar með einnig eigendanna. Af náttúrulegum ástæðum stóð heyskapartíð yfir hásumarið frá lok júní til byrjun september.³⁷⁵ Slæmt árferði hafði mikil áhrif og leiddi oft til efnahagslegra lægða, líkt og umfjöllun Mús Jónssonar um fjölskyldurnar í Breiðafirði bendir til.³⁷⁶ Því var nauðsynlegt að eiga góð verkfæri til að verka heyið á sem bestan hátt á þessum tíma. Dánarbúsuppskriftirnar sýna þetta glögg og eiga 27 bændur hrífur í einhverju magni, 26 þeirra áttu orf og 22 ljái.

Heyverkun var mjög frumstæð á þessum tíma og hélst lengi vel á svipaðan hátt fram á 20. öldina. Þetta var erfiðisvinna þar sem margir komu að dag sem nótt til að ná heyinu saman fyrir úrkomu eða hvassviðri. Byrjað var að brýna ljái sem oftast voru úr erlendu stáli með hverfisteini eða dengsluhamri.³⁷⁷ Nokkrir bændur áttu slíka gripi líkt og Eiríkur Þorsteinsson á Heiði sem átti „hverfistein á 8 sk.“ og Guðrún Jónsdóttir í Flagbjarnarholti skildi eftir sig „dengsluhamar á 16 sk.“³⁷⁸ Ljáirnir voru svo festir á orf með reipi úr hrosshári eða leðri. Orfin voru gerð úr við og oft stóð handfang úr skaftinu sjálfu. Með tilkomu handfangsins gátu menn beitt sér betur við sláttinn og jukust þar með afköstin. Oftast voru það karlmenn sem slógu og kvenfólkið sem rakaði grasið saman með hrifunum í sátur sem síðan voru bornar heim, yfirleitt á hestum eða af fólki.³⁷⁹ Í dánarbúi Þórdísar Björnsdóttur í Vetleifsholti mátti sjá verkfæri þar sem allt að sjö manns gátu unnið við jarðrækt í einu. Átti hún meðal annars „3 orf 4 hrífur á 1 rbd.“ og „1 skóflu og 2 rekur á 80 sk.“³⁸⁰ Ekki var því aðeins um að ræða amboð til að nota í heyskap heldur einnig pála, skóflur, rekur og spaða til að róta í kálgörðunum heima við sem og til að rækta betur upp túnbletti.

Til uppræktunar jarðvegs og hirðingar skepnanna voru notaðir mykjukláfar eða hrip. Það voru svipaðir rimlakassar og meisarnir nema að hægt var að opna botninn á þeim. Taðinu frá skepnunum var safnað í þessa kassa, þeir festir svo á klyfbera sem hestur reiddi á þann stað þar sem mykjunni var síðan sáldrað yfir eða hún borin á tún. Tilgangurinn var að nota úrganginn til áburðar svo öflugra

³⁷⁵ Sjá umfjöllun um fóðrun skepna, jarðrækt og heyskaparhætti: Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir heyskaparhættir*, 31–42 og 54; Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir sláttuhættir*, 222–228; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 9–18 og 123–142; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands. Jarðrækt og aðrar búgreinar*, IV: 21–45.

³⁷⁶ Már Jónsson, „Skrifað úr Skáleyjum 1882–1886. Tuttugu bréf frá foreldrum til einkasonar,“ 120–152.

³⁷⁷ Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir heyskaparhættir*, 42–44; Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir sláttuhættir*,

³⁷⁸ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/7,6: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1844; ÞÍ. Sýsl. ED2/2,18: 163. Rangárvallasýsla. Fylgiskjöl, dánarbú, 1822.

³⁷⁹ Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir heyskaparhættir*, 42–44.

³⁸⁰ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,36: 282. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

og meira hey fengist.³⁸¹ Rósa Gunnlaugsdóttir í Flögu átti til að mynda taðkláfa og var virði þeirra 2 rbd. og 48 sk.³⁸² Ekki var um mjög verðmæta hluti að ræða og aðeins nokkurra skilinga virði og eru til dæmis „einir kláfar vænir 2ir kláfar garmar“ aðeins á 30 sk. í eigu Guðmundar Egilssonar á Þorgautsstöðum, Mýrasýslu sem lést 45 ára, árið 1845.³⁸³ Hjólbörur voru einnig notaðar til þessara verka en nokkrar slíkar eru tilteknaðar í dánarbúsuppskriftunum eða 12 talsins í eigu 11 einstaklinga.

Jarðrækt var þó ekki eina iðja bænda á þessum tíma. Þau þurftu að framleiða sjálf söluvarning sem og hluti sem búið skorti. Smíðar af öllu tagi fóru fram trúlega meirihluta árs. Á tímum þar sem nauðsynlegt var að vera sjálfum sér nógur komu menn sér upp tólum til smíða sem og smiðju til járnsníða. Líkt og með sérsviðssköpun vinnuhjúa tóku vissir bændur að sér að fara á milli bæja og jafnvel smíða eða selja varning eins og skeifur á bæi í kringum sig ef slíkt lá vel fyrir viðkomandi.³⁸⁴ Af verkfæraeign í dánarbúsuppskriftunum má sjá að fólk vann mikið með hluti á milli handanna. Segja má að skipta megi verkfærunum í fimm flokka: tól sem sneru að jarðrækt og umhirðu skepna, amboð til járnsníða, trésmíðaverkfæri, handverkstól og veiðarfæri.

Ef um smiðjuverkfæri var að ræða voru nokkur grunntól sem menn áttu, til dæmis smiðjubelg, blístru, töng, steðja og hamar eða sleggju. Stundum voru verkfærin jafnvel talin öll saman undir einni færslu líkt og í tilfelli Jóns Bjarnasonar í Álftagerði. Þar er fært inn „smiðja með belg steðja töng hamri löð samhöggi á 8 rd.“, sem er frekar hátt verð fyrir amboð en vissulega eru mörg saman metin. Steðjar gátu þó einnig verið dýrasta tól bónda, eins og steðji Jóns Þorsteinssonar á Vatnsskarðshólum sem metinn var á 4 rd.³⁸⁵ Helst smíðuðu menn með þessum amboðum skeifur undir hesta, nagla, önnur verkfæri eða járn í húsagerð. Sumir voru jafnvel mjög færir í þessari gerð handverks og gerðu skartgripa eða annað úr járn, silfri og kopar.³⁸⁶

Á hverju búi þurfti að útbúa efnivið í húsagerð, húsgögn eða blátt áfram að dytta að kofum sem og öðrum munum á heimilinu. Þar af leiðandi áttu allir þeir bændur hér í þessu úrtaki einhver verkfæri tengd trésmíði. Oftast var aðeins um að ræða nafra (bor), sagir og hamra. Aðeins komu naglar fram í einu dánarbúi en nokkuð ljóst er að slíkt þarfapening var til í töluvert meira magni en er

³⁸¹ Sjá meðal annars: *Þjms.* 3 Haugburður; vallaarvinna og hirðing eldiviðar. 374; *Þjms.* 3 Haugburður; vallaarvinna og hirðing eldiviðar. 175.

³⁸² *Þf.* Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1826.

³⁸³ *Þf.* Sýsl. Borgarfjarðar-og Mýrasýsla. ED2/3,2: 110. Fylgiskjöl, dánarbú 1845.

³⁸⁴ Sjá meðal annars: Hrefna Róbertsdóttir, „Frúmiðnaður á 17. og 18. öld,“ 345–353; Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“,“ 334–339; Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldaradur*, 191.

³⁸⁵ *Þf.* Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/3,1: 222. Fylgiskjöl, dánarbú 1834.

³⁸⁶ Sjá meðal annars: Sumarliði R. Ísleifsson, *Eldur í afli. Málmíðnaður á Íslandi á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar*, 15–44.

að finna hér þar sem þeir voru notaðir til að halda saman öðrum hlutum.³⁸⁷ Nokkrar gerðir af verkfærunum voru til eins og hjá Jóni Vilhjálmsyni í Stóru-Mörk en trúlega hefur hann jafnvel gefið sig út fyrir trésmíðar því hann átti flest verkfærin eða 33 talsins. Meðal amboða hans voru til dæmis „danskur kvarði“, naglbítur, stingsög, langhefill, skaröx og klaufhamar.³⁸⁸ Kristín Guðmundsdóttir í Drangavík skildi jafnframt eftir sig 33 tól, þar á meðal rennibekk, fléttusög, þrjá hefla, reislur og fjögur brýni.³⁸⁹

Veiðarfæri voru þó nokkur en í samanburði við smíðatólin eru þau fremur fá. Algengast var að fólk ætti það sem var aðeins lýst sem „færi“ en óljóst er hvað það þýðir nákvæmlega. Hvort það hafi verið ákveðin gerð veiðistanga eða nets er ekki vitað. Þó tengist þetta veiðum, trúlega frekar á fiski en ekkert sem kemur í veg fyrir að hægt sé að túlka úr þessu færi til fuglaveiða. Aðeins var um að ræða fjórar tegundir amboða: veiðarfæri, fiskinet, önglar og nót. Árni Sigurðsson á Gufuskálum átti „hér um bil veiðarfæri í bát á 10 rd.“ sem er jafnframt dýrasta verkfærið metið hér í þessum flokki.³⁹⁰ Það má því gera ráð fyrir að „færi“ hafi verið nokkrir hlutir sem taldir voru til sem tól sem notuð voru við fiskveiðar og eitt samheiti notað yfir þau.³⁹¹

Hvað varðar handavinnutólin var ekki mikið af smámunum eins og þrjónum, nálum og kömbum. Hins vegar voru rokkar algengir (27 talsins í eigu 24 bænda) og 13 bændur áttu vefstóla eða vefstaði sem jafnframt voru í flestum tilfellum verðmætustu verkfæri bænda. Jónas Sigfússon á Ljósstöðum átti „vefstól með tilheyrandi á 10 rbd.“ sem var jafnverðmætur og veiðarfæri Árna Sigurðssonar.³⁹² Dánarbúsuppskriftir bænda gefa þó skakka mynd af eign á handavinnutólum. Í fórum vinnukvenna var oft um ræða smáu amboðin en enga vefstóla. Hér virðist sem svo að mest sé um að ræða stóru hlutina sem báru eitthvert verð en hlaupið yfir þrjóna og nálar sökum þess hve lítills virði þau voru. Kambar sem notaðir voru til að kemba ull áður en hún var spunnin voru ekki í miklu magni eða aðeins í eigu tíu bænda. Þó má gera ráð fyrir að þeir hafi verið til staðar á þeim bæjum þar sem rokkar voru notaðir. Sú dánarbúsuppskrift sem gefur nákvæmari mynd af þessu

³⁸⁷ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

³⁸⁸ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

³⁸⁹ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,8: 50. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

³⁹⁰ ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

³⁹¹ Sjá umfjöllun um fiskveiðar og veiðarfæri í meðal annars: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir*, III: 335–340 og 399–441; Sumarliði R. Ísleifsson, *Eldur í afli*, 30–32.

³⁹² ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876; ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

tólum er eftir Jónas Sigfússon á Ljótstöðum. Þar eru talin fram fyrir utan vefstólinn verðmæta: rokkur, tveir ullarlaupar, tvö sokkatré og handkambar sem og tvær snældur og prjónar.³⁹³

Þessi samsetning gefur innsýn í hvernig ullarvinnsla fór fram. Fyrst var ullin þvegin (trúlega úr þeim böllum sem voru listaðir upp í búsgögnum). Síðan var hún kembd í þel og tog og svo spunnin saman á rokk þar sem henni var brugðið upp á snældur. Að lokum var prjónað úr henni eða ofið vaðmál jafnvel. Bæði fatnaður og rúmföt voru gerð úr ull og eiginleikar hennar voru óumdeilanlegir til þéttingar sem og til að halda á fólki hita.³⁹⁴

Verkfæraeign bænda var því fjölbreytt og samkvæmt dánarbúsuppskriftum skildu þeir eftir sig frá tveimur tólum upp í 33 talsins. Verðmæti þeirra var líka alls konar, flest undir ríkisdal í virði en þau sem báru eitthvert virði gátu verið mjög dýr, líkt og vefstóllinn og veiðarfærin. Burtséð frá verði þá voru amboðin þarfaping á hverju heimili enda héldu þau fólki að verki í daglegu lífi með neyslu og framleiðslu. Vinnsla á ull fór fram í gegnum handavinnuverkfærin sem oftast voru í verkahring kvenna þó hér megi ekki sjá neina kynjaskiptingu. Enda stóðu hjónin bæði fyrir búi og kom það sem heild til virðingar samkvæmt lögum. Til húsagerðar var viði safnað og úr honum unninn efniviður í meðal annars hús, hirslur, búsgögn eða verkfæri. Smiðjuáhöld gerðu mönnum kleift að auka fjölbreytni efnis heimilisins. Þau komu að góðum notum við að til dæmis brýna ljái þegar þeir voru orðnir lélegir eða smíða skeifur svo hestar ættu auðveldara með ferðalög. Hagnýtni veiðarfæra liggur í augum uppi til að afla matar og söluvarnings. En þekkt var að menn skiptu við verslun með framleiðsluvarning eins og fisk, rjúpur, prjónles eða saltaðar gærur til kaupa á öðrum hráefnum.³⁹⁵ Öll þau tól sem hér var að finna gegndu því þeim tilgangi að bændur gætu staðið fyrir daglegum rekstri á búum sínum sem og að skapa þær eigur sem fólkið skildi eftir sig. Engin eða fá amboð hefðu jafnvel sýnt einstakling verr staddan á þessum tíma þar sem venjan var að hlutir væru heimagerðir.

Reiðtygi

Gripaflokkur þessi snýr að öllum þeim hlutum sem tengjast hestum. Í dánarbúsuppskriftunum má sjá að nokkrir gripir voru stundum flokkaðir meðal *verkfæra* eða sem *annað*. Hér var tekinn sá póll í hæðina að láta allt það sem sneri að hestamennsku lenda innan „reiðtygja“ eða „reiðskaps“ eins og sumir virðingarmenn notuðu yfir þessa muni. Reipi, klyfberar og skeifur (járn undir hesta) voru

³⁹³ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

³⁹⁴ Sjá meðal annars: Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, 102–114; *Þjms*. 13. Tóvinna og ull. 1066; *Þjms*. 13. Tóvinna og ull. 1241.

³⁹⁵ Sjá meðal annars: *Hagskinna*, 476–480; Þorlákur Axel Jónsson, „Bændaverslun um miðja 19. öld,“ 29–32.

líklegust til að falla í aðra flokka en þar sem við á eru þau sett í þessa kví. Þess ber að geta að reipi er einnig að finna í flokknum *verkfæri*, en þau sem hér koma fyrir eru þau sem voru sérstaklega tekin fram með reiðtygjum eða sérstaklega kennd við hross. Fjöldi þeirra er líka gífurlegur og algengt var að fólk ætti mörg slík til að nota á fleiri en eitt hross. Einar Eggertsson, sem lést 47 ára á Syðri-Brúnavöllum, Árnessýslu, árið 1856, átti til dæmis „á 20 hesta bandreipi misjöfn hvor á 48 sk.“³⁹⁶ Það var því viðbúið að slík áhöld væru langtum algengust hér, eða 255 talsins. Í heildina voru 731 reiðtygi í 201 eignadálkum hjá þessum bændum:

Tafla 26. Bændur: Algeng reiðtygi.

Reiðtygi	Fjöldi
Reipi á hesta	255
Klyfberi	123
Beisli	60
Gjörð	50
Þófi	28
Reiðingur	27
Ístöð	23
Járn undir hesta (skeifur)	21
Hnakkur	19
Hnappheldur	17
Skeifur	16
Sessa	15
Söðull	13
Áklæði	9
Reiði	8
Virki	6
Dýna	6
Reiðtygi	5
Hringjur á gjörð	5
Flatblöð	4
Taumur	4

³⁹⁶ Þí. Sýsl. Árnessýsla. ED2/5,2: 198. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

Eins og sjá má í þessari töflu eru klyfberar og reipi verulega algeng í eigu bænda og áttu allir bændur nema sex slík þarfaping. Þar af áttu tvö þeirra engin reiðtygi, Ísfirðingarnir Margrét Bjarnadóttir á Þverdal og Sigurður Jónsson á Hesteyri sem dó 73 að aldri árið 1866.³⁹⁷ Oft áttu bændur reipi á tvo til 20 hesta enda voru þau notuð til að binda varning, taðkláfa eða sátur á klyfberann sem hesturinn bar. Notagildi reipa var líka meira hvað varðar hesta. Þau voru meðal annars notuð sem taumar en aðeins voru fjórir slíkir skrifaðir upp hér hjá þessum hópi, sem gefur til kynna að kaðlar hafi verið nýttir sem þannig reiðtygi. Ennfremur voru þau notuð til að mýla hrossin, það er að binda um höfuð hestsins svo úr yrði stallmúll. Festa þurfti hross á ferðalögum við til dæmis steina/girðingar eða hús og hafa því kaðlarnir verið notaðir í slíkt, sem og til að binda kýr eða jafnvel sauðfé. Að reiða varning til og frá kaupstað, sátur frá engjum, taðkláfa til að bera á tún eða búslóð á milli bæja hefur síðan krafist þess að slíkt væri notað (sem og klyfberar).

Færa mætti rök fyrir því að tveir gripir hér væru grundvallarreiðtygi – reipi og beisli. Fjöldi þeirra er því ekki óvæntur. Byrjunarstig í tamningu hesta er einmitt þegar þau verða „bandvön“. Þýðing þess er að hesturinn teymist á múl, einstaklingur getur teymt hestinn og stjórnað honum í hendi. Næsta stig væri að setja beisli upp í hrossið og síðar sitja hestinn og stjórna honum í gegnum munnvik hans með ábendingum á baki.³⁹⁸ Þar eru hnakkar, þófar og söðlar í raun óþarfir þar sem algengara var að fólk fór á berbakt en í hnakk. Þó þurftu hestarnir að vera vanir að hlutir væru settir og festir á bak þeirra (og kvið), sem gat verið skapi þeirra erfitt. Það er því líklegt að þau hross sem þöldu hnakka ásamt ábendingum knapa væru reiðhestar eða ferðahestar en ef það fór illa í skepnuna var viðkomandi gripur því „aðeins“ klyfjahestur.³⁹⁹

Algengustu reiðtygin voru ekki ýkja verðmæt, reipi og klyfberar voru aðeins einhverra skildinga virði (á bilinu 6–50 sk.). Bandbeisli voru á svipuðu róli og þó gátu sum beisli náð yfir ríkisdal í virðingu. Eins og „1 beisli með koparstöngum á 1 rd. og 8 m.“ í dánarbúi Kristínar Guðmundsdóttur í Drangavík og „kvennbeisli á 3 rd. og 48 sk.“ í eigu Metúsalems Árnasonar á Borgum.⁴⁰⁰ Stundum voru þau þó talin upp með hnakk eða söðli svo trúlega voru slík reiðtygi í einkaeigu húsbónda eða

³⁹⁷ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/1,5: 40. Fylgiskjöl, dánarbú 1836; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,23: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

³⁹⁸ Þetta ferli hef ég alist upp við og starfa enn með í umgengni við hross. Tamningaraðferðir hafa vissulega þróast en í stórum dráttum er þetta sama ferlið.

³⁹⁹ Sjá um notkun hesta á öldum fyrr í: Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 229–236.

⁴⁰⁰ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,8: 50. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855.

húsfreyju. Þófar, gjarðir og ístöð voru einnig algeng og líkast til notuð bæði af húsbændum og öðrum heimilismeðlimum. En slíkur búnaður var algengastur fram á miðja öldina þegar söðlasmíði varð að sérstakri iðngrein og jók framboðið af hnökkum (og söðlum).⁴⁰¹

Hnakkar og söðlar voru langdýrustu gripirnir hér (sem og í samanburði við aðra einstaka hluti í dánarbúsuppskriftum) og voru slíkir munir verðmætasta reiðtygið hjá 24 af 34 bændum, þeir ódýrustu á 3 rd. en oftast um 6–10 rd. Í lýsingu á söðlum eða hnökkum er stundum talað um „kvenmannsreiðtygi“ og „karlmannsreiðtygi“. Út frá öðrum útlistningum má ganga út frá því að um sé að ræða nokkur reiðver saman þar sem virðingarmenn töldu oft hnakka/söðla með ístöðum, gjörð, áklæði og beisli. Stundum var þessu lýst sem heild, reiðtygi sem voru „alfær“ eða „tilheyrandi“ með hnakk og söðli. Rósa Gunnlaugsdóttir í Flögu átti sem dæmi „alfær karlmannsreiðtygi á 6 rbd.“ og gífurlega verðmæt „alfær kvenmannsreiðtygi á 19 rbd.“⁴⁰² Lýsingarnar eru því misgóðar en miðað við upptalningu og verðmæti má gera sér í hugarlund fjölda þeirra reiðvera sem áttu að hafa tilheyrt hnakki og söðli. Söðull í eigu Guðmundar Egilssonar á Þorgautsstöðum er til dæmis verðmætur og lýsingin er góð: „Söðull látúnsbúinn með þófa tveimur koparhringjugjörðum látúnsbúnum spaðareiða áklæði og sessu og koparstangarbeisli á 10 rd.“⁴⁰³ „Kvennsöðull gamall á 9 rd.“ í dánarbúi Metúsalems Árnasonar á Borgum er afar takmörkuð lýsing en verðið er hátt þrátt fyrir aldur gripsins.⁴⁰⁴

Sé litið til annarra sambærilegra hluta sem eru lægri í verði má ætla að söðullinn sé samt sambærilegt sett líkt og söðull Guðmundar (ekku hans). Margrét Jónsdóttir, sem lést á Breiðabólstað, Skaftafellssýslu, 22 ára gömul árið 1849, átti söðul „með þófa og 3 gjörðum“ á aðeins 1 rbd. og 2 sk.⁴⁰⁵ Reiðver Margrétar voru því ekki fullkomin heild og þar af leiðandi ódýrari en fullbúin reiðtygi kvenna. Sömu dæmi má finna um hnakka. Einar Jónsson, sem lést 45 ára að aldri á Selfossi, Árnessýslu árið 1841, skildi eftir sig hnakk „með þófa og ístöðum koparbúnu beisli 2 gjörðum yfirklaði og sessu á 4 rd. og 32 sk“ en í til dæmis dánarbúi Jóns Vilhjálmssonar í Stóru-Mörk var „hnakkur gamall á 40 sk.“⁴⁰⁶

⁴⁰¹ Sjá meðal annars: Þórður Tómasson, *Íslensk reiðtygi*, 92–97; *Vef*. „Gömul reiðver.“

⁴⁰² ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1826.

⁴⁰³ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 110. Fylgiskjöl, dánarbú 1845.

⁴⁰⁴ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855.

⁴⁰⁵ ÞÍ. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/4,1: 101. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

⁴⁰⁶ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,1: 114. Fylgiskjöl, dánarbú 1841; ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

Einn hlutur hér er grundvöllur að nútíma hestamennsku en það eru skeifur. Þær eru í þó nokkrum mæli og væru í raun næst algengasta reiðtygið í magni ef öll hugtök yfir þær væru lögð saman eða þess sem nam á 41 hest eða 164 skeifur talsins.⁴⁰⁷ Hlutverk þeirra er að verja hófana fyrir að tæstast upp á grýttu undirlendi sem og að koma í veg fyrir að hestar renni til í hálku. Ójárnaðir hestar urðu sárfættir mjög fljótt svo ferðalögin hefðu tekið lengri tíma og ending skepnanna orðið verri. Bændur smíðuðu yfirleitt sjálfir skeifur undir þá úr járni og gerðu bæði sumarskeifur (flatjárn) og vetrarskeifur (skaflajárn).⁴⁰⁸ Einar Eggertsson á Syðri-Brúnavöllum átti sem dæmi „gömul flatjárn undir 5 hesta á 1 rd. og 32 sk.“ sem eru 20 stykki af sumarskeifum.⁴⁰⁹ Þessi þarfapungur var aðeins að finna í ellefu dánarbúsuppskriftum enda ekki metin á háu verði þótt notagildi þeirra hafi verið töluvert.

Reiðtygi bænda voru því bæði til ferða og vinnu. Búnaður til útreiða eins og beisli og þófar fóru þar fremst í flokki og reiðver til flutninga og búverka eins og klyfberi og reipi langalgengust. Mikið var af þófum enda þurfti að vera hægt að „hendast“ á bak til að meðal annars smala en það krafðist ekki að hesturinn væri fullbúinn reiðtygjum. Að einhverju leyti má skoða hnakk og söðul húsbónda og húsfreyju sem ákveðið stöðutákn heimilisins enda gífurleg verðmæti í slíku.⁴¹⁰ Verðminni reiðtygi hafi svo tilheyrt undirsátum og búverkum sem var stór hluti af hversdagslífi einstaklinga á 19. öld.

Annað

Gripaflokkur þessi nær yfir allt annað sem féll ekki í fyrirfram mótaða gripaflokka sem virðingarmenn þessa tíma notuðu. Það fyrsta sem hér er sláandi er hve lítill flokkurinn er miðað við hve mikið af hlutum hefðu getað verið hér settir inn til virðingar. Þá er aðallega átt við gripi tengda umhirðu einstaklinga og „óþarfa“ muni eins og málverk eða skartgripi. Algengustu munirnir eru tengdir daglegu lífi og mætti jafnvel flokka marga þeirra undir verkfæri í einhverjum tilfellum. Afurðir eru líka stór hluti sem og hagnýtir hlutir eins og lampar, bátar og tjöld. Hér komu fram 95 gerðir hluta og langflestir þeirra einstakir. Í heildina eru 339 hlutir í 226 eignadálkum. Mest eiga þau sem

⁴⁰⁷ Hugtök yfir skeifur notuð í dánarbúsuppskriftunum voru: skeifur, skeifujárn, járn undir hesta, flatblöð, flatjárn, vetrarjárn, skaflajárn.

⁴⁰⁸ Sjá meðal annars: Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldirnar*, 185–199; Sumarliði R. Ísleifsson, *Eldur í afli*, 31–32.

⁴⁰⁹ Þí. Sýsl. Árnessýsla. ED2/5,2: 198. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

⁴¹⁰ Þórður Tómasson, „Þjóðhaginn frá Hnausum,“ 14.

miðaldra eru eða 101 færslu, þar á eftir koma öldungarnir með 91 talsins en langminnst átti yngsti hópurinn eða aðeins 34 af „öðru“. Nokkrar ástæður liggja að baki þessu og segja má að skuldastaða og lífaldur séu helstu áhrifavaldarnir. Yngra fólk var oftast í lægri skuld við sveit en eldri einstaklingar.⁴¹¹ Stutt ævi þeirra hefur einnig spilað inn í minni skuldasöfnun sem og skemmri tími til að verða sér út um fjölbreyttar eigur. Færri tækifæri voru fyrir yngra fólk til að komast yfir hluti þar sem það var enn að reyna að koma undir sig fótunum.

Tafla 27. Bændur: Algengt annað.

Annað	Fjöldi
Poki	32
Sekkur	28
Lampi	25
Skuld	25
Bátur	17
Járn	11
Kýrskinn	9
Klafpoki	8
Lambaskinn	8
Tjald	7
Fiskar	7
Segl á báti	7
Malpoki	6
Stigi	6
Gæruskinn	6
Setustóll	5
Sílar	5
Rúgpoki	4
Borð	4
Stafur	4
Rusl	4
Sauðskinn	4

⁴¹¹ Yngsti hópurinn í þessari rannsókn var með lægri skuldir en þau eldri.

Í bændasamfélagi 19. aldar voru vöruskipti mikilvægur viðskiptamáti. Bændur notuðu afurðir sínar til að leggja inn í verslun til að kaupa til dæmis korn, salt, kaffi eða efni til fatagerðar. Þessir viðskiptahættir knúðu samfélagið áfram á þessum tíma og þar af leiðandi eru afurðir eins og gæruskinn, ull, fiskar og selskinn fyrirferðarmikil.⁴¹² Ekki er aðeins um að ræða hluti til sölu heldur einnig varning eins og poka af rúgi eða méli, járn og silfur. Jón Bjarnason í Álftagerði átti meðal annars „18 merkur af leðri á 2 rd.“, „7tt af brotatini og blýi á 1 rd. og 32 sk.“ og „8tt af járn á 1 rd. og 32 sk.“⁴¹³ Þuríður Jónsdóttir í Krýsuvík skildi eftir sig veruleg verðmæti í afurðum eins og „10 skippund af hörðum fiski nýjum á 100 rd.“, „1tt þorskhöfuð á 9 rd. og 32 sk.“ og „12 kútar þorskalýsis á 12 rd.“⁴¹⁴

Oft héldust í hendur verðmætar sjávarafurðir og eign bænda í bát eða hlut í slíkum. Hjá Þuríði í Krýsuvík var töluvert af gæðum úr sjó en auk þess skildi hún eftir sig þrjá báta; tvo sexæringa og einn bát sem rúmaði fjóra menn.⁴¹⁵ Þess konar eign var mjög verðmæt og var virði báta á bilinu 4–30 rd. Þrettán bændur áttu slíka gripi eða hluti í bátum og oftast rúmuðu þeir fjóra eða sex menn.⁴¹⁶ Þessi eign sýnir meðal annars hverjir það voru sem fóru eða sendu menn í verbúðir og voru jafnvel með meiri ráð en aðrir vegna þessarar aukagreinar búsin. Landfræðileg lega bæjanna/sýslanna hefur hér áhrif og þeir bæir sem lágu að sjó eða áttu að sjó voru þeir sem voru líklegri til að eiga báta eða hlut í þeim. Bæir hér í þessari rannsókn sem liggja í uppsveitum, meðal annars í Árnes-, Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, eiga engin veiðarfæri. Hér er því um að ræða landfræðilegan mun sem hefur áhrif á efnismenningu sökum umhverfis viðkomandi einstaklinga.

Það sem einnig vekur athygli er að munir tengdir sjávarsókn eru flokkaðir í þessa gripakví. Hlutir sem hefðu með góðu móti verið settir í sérstaka kví lenda hér með almennu efni, rétt eins í tilfelli Sigurðar Jónssonar á Hesteyri og Sigríðar Steinþórsdóttur sem dó 46 ára gömul á Gröf, Snæfellssýslu árið 1837. Hjá þeim hafa virðingarmenn sett flokkinn „skip og veiðarfæri“ en aðrir skipað þessum mjög svo verðmætu hlutum meðal annars sem átti eftir að virða.⁴¹⁷ Slík uppröðun

⁴¹² Sjá meðal annars: Þorlákur Axel Jónsson, „Bændaverslun um miðja 19. öld,“ 29–32; *Hagskinna*, 476–480.

⁴¹³ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

⁴¹⁴ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/16,1: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

⁴¹⁵ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/16,1: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

⁴¹⁶ Sjá umfjöllun um stærðir og gerðir báta í: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir*, II: 103–112.

⁴¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,23: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/6,5: 26. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

eða flokkun gefur vísbendingar um hvernig samfélagið leit á sjávarveiðar. Fyrir þeim var fiskurinn aukabúgrein en ekki sérstök grein eða atvinnuvegur ef svo má segja á þessum tíma. Fyrst og fremst var búið landbúnaðarframleiðslueining en veiðarnar aukabúgrein sem voru vissulega gjöful hlunnindi.⁴¹⁸

Persónulegir munir eru ekki algengir hér og er fjarvera þeirra hér í raun hrópandi, sé litið til þeirra gripa sem vinnuhjúin áttu fyrir sig. Aðeins er um að ræða fimm dánarbúsuppskriftir eftir karlmenn sem innihalda þrenns konar gerðir af persónubundnum hlutum. Þessir munir voru tengdir skeggumhirðu eins og „rakhnífur og spegill á 32 sk.“ í eigu Eiríks Þorsteinssonar á Heiði gefur til kynna.⁴¹⁹ Arnfinnur Jónsson í Gröf átti spegil, „barbís“ og bursta allt á 30 sk., Jón Vilhjálmsson í Stóru-Mörk átti skegghníf og einn spegil skildi Jón Bjarnason í Álftagerði eftir sig.⁴²⁰

Til afþreyingar var eitt skáktafl að finna og mögulega tvö langspil í eigu Jón Bjarnasonar í Álftagerði. Ekki er þó víst að um sé að ræða hljóðfæri þar sem í dánarbúsuppskriftinni stendur „2 langspils aðrir 2 stokkar með rusli á 1 rd.“ innan um verkfæri í smiðju Jóns. Það verður því að teljast líklegt að um sé að ræða einhvers konar verkfæri fremur en hljóðfæri. Þó gæti verið að þau hafi verið í viðgerð úti í smiðju og þar af leiðandi lent á þessum stað í upptalningu virðingarmanna.⁴²¹ Að lokum voru hlutir sem voru notaðir fyrir tóbaksneyslu hjá fjórum mönnum. Þar á meðal „tönn silfurbúinn á 2 rd. og 20 sk“ í eigu Sigurðar Jónssonar á Hesteyri og „tóbakshorn bunkur á 10 sk.“ ásamt „4tt af tóbaki á 2 rbd.“ hjá Eiríki Þorsteinssyni á Heiði.⁴²²

Sama og ekkert var af fínni hlutum eins og skartgripum eða stofustássi, aðeins tvær stundaklukkan hjá Kristínu Guðmundsdóttur í Drangavík og Guðlaugu Ásgrímsdóttur á Anastöðum. Verðmæti þeirra var þó nokkuð eða 5 og 8 rd.⁴²³ Frekar var um að ræða hagnýta hluti eins og afurðir en einnig gripi sem til dæmis létu mönnum ferðalög. Skíði, sleðar, göngustafir, þrúgur og tjöld voru þar á meðal. Tjöld komu fyrir hjá sjö bændum og hefur komið sér vel þegar ferðast var eða legið úti upp á fjöllum við smalamennsku eða veiðar í vötnum og ám. „Tjald yfir 4 menn með súlum á 2 rd.“

⁴¹⁸ Sjá um nytjar sjávar: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir*, I–IV.

⁴¹⁹ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/7,6: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

⁴²⁰ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860; ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804; ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

⁴²¹ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,18: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

⁴²² ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,23: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/7,6: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

⁴²³ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

var dýrasti hlutur Guðmundar Egilssonar á Þorgautstöðum hér í þessum flokk en virði tjaldanna var á bilinu 50 sk. og upp í 2 rd. og 48 sk.⁴²⁴

Mestu verðmætin í þessum flokki voru fólgin í skuldum, peningum eða heyi. Hjá þremur bændum var hey dýrasta eign þeirra í þessum flokki, dýrleiki frá 3 rd. upp í 20. Ekki þarf að útlista mikilvægi heyfengs fyrir búfénaðinn og því var mjög eftirsóknarvert að vera vel birgður af slíku. Reiðufé var mesta verðmætið hjá fimm bændum og jafnframt er hér að finna hæstu upphæðina yfir öll dánarbúin hjá Guðmundi Guðmundssyni í Gautsdal sem átti „í silfurpeningum“ 246 rbd. sem var ríflega helmingur af virði dánarbús hans sem metið var á 445 rbd. og 57 sk.⁴²⁵ Ekki var aðeins um að ræða silfurpeninga hjá bændunum heldur var að finna nokkrar tegundir gjaldmiðla. Dánarbúsuppskrift Ísaks Ólafssyni á Ketilstöðum er athyglisverð hvað peningaeign varðar en hann á fimm tegundir af peningum:

Í dönskum Bco seðlum	156 rd.
12 heilar krónur á 68	8 rd. 48 sk.
10 hálfar dto á 34	3 rd. 52 sk.
Í 10 og 8 skildings stykkjum	12 rd.
Í tóskildingum	10 rd. ⁴²⁶

Þetta gefur innsýn í hvers virði hver gjaldmiðill var á þessum tíma, sem og vísbendingar um lausa peninga í umferð. Önnur „tegundin“ af fé voru útistandandi skuldir hjá hinum og þessum aðilum og var töluvert um slíkt eða 25 talsins hjá sjö bændum. Taldir voru upp níu menn sem skulduðu Einari Jónssyni á Selfossi við andlát hans, frekar hófstílltar upphæðir og hæst „hjá Prófasti sr. F. Árnasyni á 6 rd.“⁴²⁷ Menn gátu einnig átt innlegg í verslunum eins og Árni Sigurðsson á Gufuskálum lét eftir sig „samkvæmt reikning Árna til af Helga úttekið í Ólafsvík á 134 rd. og 66 sk.“⁴²⁸ Rétt er að benda á að ekki var alltaf um svona háar upphæðir að ræða og algengast var að eiga nokkra ríkisdali inni eins og í tilfalli Ragnhildar Jónsdóttur í Draumbæ. Hún átti til dæmis útistandandi hjá „Godthaab 1 rd. og 57 sk.“ og „Júlíus Haab 12 rd. 39 sk.“⁴²⁹

⁴²⁴ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 110. Fylgiskjöl, dánarbú 1845.

⁴²⁵ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/1,2: 49. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

⁴²⁶ ÞÍ. Sýsl. Gullbringusýsla. ED2/8,2: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1814.

⁴²⁷ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,1: 114. Fylgiskjöl, dánarbú 1841.

⁴²⁸ ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

⁴²⁹ ÞÍ. Sýsl. Vestmannaeyjar. ED2/1,19: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1850.

Aðrar eigur bænda í dánarbúsuppskriftunum gefa innsýn í hagkerfi þess tíma sem knúið var af vöru- og vinnuskiptum. Bændur unnu hver fyrir hvorn annan eða sendu hjú sín til verksins.⁴³⁰ Þær sýna jafnframt ákveðin viðhorf til þróunar efnismenningar þessa tíma. Heiti flokksins er þar fyrsta vísbendingin – „annað“. Hlutir sem hægt væri að skipa í aðra gripaflokka eins og veiðarfæri sem í stöku tilfellum töldust til sérstakrar kvíar eða hefði verið hægt að flokka undir *verkfæri*. Snyrtivörur eins og rakhnífur og sápumolar myndu í dag fá sérstakan gripaflokk og lampar eða kolur jafnvel fallið undir *búsgögn*. Á ákveðnum tímamarki hafa þeir fastmótuðu gripaflokkar dugað fyrir virðingarmenn. Fólk átti lítið af öðru en því sem það þurfti nauðsynlega til búskapar. Síðan breyttust tímar. Sjósókn jókst, afurðasala bænda færðist þeim á hendur við breytingar á lögum um leiguliða sem og að neysla jókst með batnandi efnahagshorfum og breyttum samfélagslegum gildum.⁴³¹ Nýir hlutir eða endurbættir litu dagsins ljós og framboð þeirra jókst og þar af leiðandi verð. Hlutir eins og lampar, stólar, borð og byssur urðu mönnum aðgengilegri og komu inn á heimili almennings í meiri mæli en áður. Skortur persónulegra muna er þó áberandi og skýtur skökku við að bændur (út frá heimildunum) hafi neytt minna tóbaks eða hirt minna um hreinlæti heldur en undirsátar þeirra.

Laus viður/fasteign

Um er að ræða mismunandi „hluti“ hér; lausan við og fasteignir. Laus viður var ekki aðeins tilfallandi spýtur á búinu heldur gat verið til dæmis borð, stóll eða baðstofuloft. Í nokkrum tilfellum er baðstofunni lýst sem lausum við og/eða fasteign. Þar sést glögglega að það sem var innan hennar var talið vera laus viður sem tilheyrði fasteigninni (húsið sjálft). Hjá Þórdísi Björnsdóttur í Vetleifsholti er einn dálkur svohljóðandi: „Sængurhús í baðstofunni 3 ½ al. langt með 2 rúmum 4 rúðuglugga borði og stóll hurð og læsingu á 9 rbd.“⁴³² Íverustað Guðlaugar Ásgrímsdóttur á Anastöðum er svo lýst á eftirfarandi hátt: „(í trjávið) Stofa með lofti á bitum 2 stafagólf stytt ekki þiljuð að innan mikið farin að bila á 16 rd.“ Virðingarmaður sem mat eignir Guðlaugar lét ekki staðar numið heldur lýsti lausum við hennar ítarlega í 18 dálkum sem var með því mesta hér.⁴³³ En að meðaltali voru tæpir sjö dálkar í dánarbúsuppskriftum af tilfallandi við og fasteignum. Í heildina voru

⁴³⁰ Sjá meðal annars: Hrefna Róbertsdóttir, „Frumiðnaður á 17. og 18. öld,“ 345–353; Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“, 334–339; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?,“ 137–177.

⁴³¹ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 9–58; Árni Daníel Júlíusson og Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga*, II.

⁴³² Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,36: 282. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁴³³ Þí. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

227 dálkar með 543 hlutum talsins af 56 gerðum. Mestmegnis fjalir enda gátu nokkrar legið til gagns á hverju búi:

Tafla 28. Bændur: Algengur laus viður og fasteignir.

Laus viður/fasteignir	Fjöldi
Fjalir	92
Pallfjalir	64
Rúmstokkur	28
Hesthús	28
Hurð	26
Fjárhús	26
Þil	23
Spýta	20
Skúffur	19
Jarðir	18
Staurar	16
Fjalaskífur	16
Skemma	15
Loft	14
Lambhús	13
Tré	10
Smiðjuhús/smiðja	7
Viður	7
Borð (spýtur)	7

Rétt er að taka fram áður en lengra er haldið að þau húsgögn sem hér koma til sögu eru þau sem voru talin upp þegar baðstofu eða innanstokksmunum á öðru rými var lýst. Þau húsgögn sem var að finna í öðrum gripaflokkum voru þau sem voru virt sér og voru þar af leiðandi ekki í upptalningu á því sem tilheyrði fasteigninni. Dæmi um þess konar muni voru stólar, borð eða rúmstokkar. Í dánarbúsuppskrift Sigríðar Steinþórsdóttur í Gröf er til að mynda „baðstofuloft í 4 stafgólfum með 5 slám rúmstokkum samt þili fyrir lofti og hurð á járnum og skrá á 6 rd. og 64 sk.“⁴³⁴ Arnfinnur

⁴³⁴ ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/6,5: 26. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

Jónsson í Gröf átti svo „rúmstokkar og þiljur í baðstofunni á 3 rbd. og 40 sk.“ og „þiljuhús á baðstofulofti með rúmi, borði, glugga, hurð á járnum og skrá á 7 rbd.“⁴³⁵

Þessar lýsingar eru mjög dýrmætar þegar litið er til þess hvernig hús voru á þessum tíma. Sumar hverjar gefa greinargóða lýsingu á hvernig var umhorfs í bæjum einstaklinga en vissulega eru aðrar sem gefa minni sjónræna útskýringu heldur aðeins yfirlit yfir innanstokksmuni. Engar sambærilegar lýsingar voru af búri eða eldhúsi bæja og því ljóst að baðstofan hefur þótt vera það rými sem best félli til að vera virt, enda var hægt að rífa úr henni eins og hillur, hurð, járn, skrá, þiljur eða rúmstokka. Uppsetning búra og eldhúsa samanstóð mestmegnis af búsgögnunum og hirslum sem áður var fjallað um. Hillur og eldstæði voru jafnvel það eina sem þar rúmaðist að auki. Nokkrar fjalir eða hillur úr búri koma fyrir hér ásamt „þilmynd fyrir búri með hurð og lélegum járnum á 80 sk.“ hjá Sigríði Steinþórsdóttur í Gröf.⁴³⁶

Örlítil innsýn fæst í stærð húsa þar sem slíkar lýsingar koma fyrir þar má sjá að flestar baðstofurnar voru um tvö til þrjú „stafgólf“ eða ca. 4–6 metrar.⁴³⁷ Í Flagbjarnarholti hjá Guðrúnu Jónsdóttur var „hús í baðstofu 3 stafgólf að hurð með þili lítilfjörlegu síðan hurð læst á 4 rbd. og 32 sk.“⁴³⁸ Önnur hús voru einnig virt og stærð sumra þeirra tekin fram, eins og hjá Einari Jónssyni á Selfossi en hjá honum stóð meðal annars: „Smiðjuhús 2ur og hálfu stafgólfi með þili hurð og læsingu á 4 rd. og 64 sk.“⁴³⁹ Umfangi þeirra var ekki aðeins lýst í stafgólfi heldur einnig eftir fjölda dýra sem þau gátu borið. Stærstu fjárhúsin (út frá lýsingu dánarbúsuppskriftanna) voru á Leysingjastöðum sem voru í eigu Guðrúnar Pétursdóttur. Þar voru virt „fjárhús yfir 36 kindur rosagnar á 4 rbd.“ og „annað fjárhús yfir 20 kindur rosagnar á 2 rbd.“⁴⁴⁰ En þær stærðir sem voru gefnar upp á húsum yfir sauðfé voru frá 16 og upp í 36 hausa hér hjá þessum bændahópi. Oftast er þó ekki að finna fjölda dýra sem útihúsin tóku en þær stærðir og verðmæti gefa ef til vill einhver merki. Í 25 dánarbúum voru skepnuhús virt og voru hesthús, fjárhús eða lambhús og hrútakofi þar á meðal. Hesthúsin voru stundum gefin upp með fjölda eins og hjá Einari Jónssyni á Selfossi sem átti „hesthús fyrir 5 hesta

⁴³⁵ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/2,1: 241. Fylgiskjöl, dánarbú 1860.

⁴³⁶ ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/6,5: 26. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

⁴³⁷ Stafgólf er mælieining á stærð húsa. Hún er bilið á milli tveggja stoða ca. 1,5–3 metrar.

⁴³⁸ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,18: 163. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

⁴³⁹ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,1: 114. Fylgiskjöl, dánarbú 1841.

⁴⁴⁰ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/6,5: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1832.

með hurð og stalli á 1 rd. og 80 sk.⁴⁴¹ Guðrún á Leysingjastöðum hafði yfir að ráða þremur hesthúsum: eitt fyrir tvo hesta og tvö fyrir þrjá hesta.⁴⁴²

Fornleifafræðingar hafa skoðað útihús fyrri tíma út frá uppgreftri. Í umfjöllun Birnu Lárusdóttur um fjós, fjárhús og hesthús í bókinni *Mannvist* má sjá að lengi vel treystu bændur á útigang skepna. Nokkur rök liggja að baki því eins og lítil stærð húsanna, sjaldgæft að hlöður hafi verið við þau og sveiflukenndur fjöldi sauðfjár í gegnum tímanna. Þegar illa áraði stráféllu kindurnar en fjölgaði í góðri tíð. Þetta átti ekki við um kúr þar sem fjöldi þeirra var stöðugri og minni. Þegar nær dregur okkur í tíma má sjá merki um að hýsing búfánaðar verður algengari og notkun sauðataðs til upphitunar eykst.⁴⁴³ Samkvæmt Birnu var landshlutamunur á útliti og gerð fjárhúsa. Sameiginlegt einkenni þeirra var þó að þau voru aflöng og mjó. Rúst á Reynivallaseli í Kjós frá 19. öld var til að mynda 10 x 1 metra stórt að innanmáli.⁴⁴⁴ Til að setja þessa stærð í samhengi má benda á nútíma reglugerðir um sauðfjárhald. Þar skal reikna með að hver kind fái 0,7 m² í kró.⁴⁴⁵ Rústin hefur því í hið minnsta rúmað 10 kindur en rétt er að halda því til að haga að sauðfé hefur stækkað síðan og því hefur húsið rúmað fleiri hausa á sínum tíma.⁴⁴⁶ Það gæti því hugsast að í svo stóru húsi hafi rúmast 16–20 kindur sem var algeng stærð á þeim fjárhúsum sem var lýst hjá bændunum.

Útihúsin voru því jafnvel ekki ýkja stór á samtíma mælikvarða og greinilega var hafður sá háttur að byggja fleiri en eitt hús yfir búfánað. Þannig gátu lömb verið í einu, fullorðnar ær í öðru og hestar í einu til fjórum húsum, miðað við dánarbúsuppskriftirnar. Ástæðurnar fyrir þessu hafa verið nokkrar og fyrst kemur í huga heyfengur og upphitun. Á þessum tíma var heyfengur töluvert minni og viðkvæmari til öflunar en í dag vegna takmarkaðra úrræða til heyverkunar. Skepnur hafa því þurft að ganga úti meira en búfánaður gerir nú á 21. öldinni. Heygjöf var jafnvel aðeins yfir köldustu mánuðina (desember–mars). Að halda hita í húsum var auðveldara eftir því sem þau voru minni enda voru dýrin eini hitagjafinn þar sem einangrun var misjöfn.⁴⁴⁷ Önnur ástæða getur einnig verið sú að auðveldara var að taka niður minni hús eða breyta þeim við hver ábúendaskipti. Þannig hefur

⁴⁴¹ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/3,1: 114. Fylgiskjöl, dánarbú 1841.

⁴⁴² ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/6,5: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1832.

⁴⁴³ Birna Lárusdóttir, *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*, 99–129.

⁴⁴⁴ Birna Lárusdóttir, *Mannvist*, 111–119.

⁴⁴⁵ *Stjórnartíðindi 2014 B* (l.nr. 1066/2014).

⁴⁴⁶ Um ræktun og vöxt sauðfjár: Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 9–18; Ragnhildur Sigurðardóttir, ritstj. *Sauðfjárrækt á Íslandi*.

⁴⁴⁷ Sjá meðal annars: Birna Lárusdóttir, *Mannvist*, 111–119; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 11–17, 41–58, 121–142 og 227–238; *Þjms*. 33. Sauðfé. Fjárhús; hirðing og fóðrun. Geitfé. 5789.

einnig verið einfaldara að bjóða húsin upp á uppboði. Oftast voru þau úr grjóti en innréttuð með til dæmis „4 básar í fjósinu á 3 rbd.“ hjá Þórdísi Björnsdóttur í Vetleifsholti.⁴⁴⁸ Jötur, hurðar, garðar eða stallar var einnig að finna eins og hjá Einari Eggertssyni á Brúnavöllum þar sem voru „lambhús með hurð og jötum á 2 rd. og 48 sk.“⁴⁴⁹

Það sem þó er fyrirferðarmest í þessum flokki er viður í alls konar gerðum. Fjalir, pallfjalir, spýtnaborð, staurar og svo framvegis eru í töluverðu magni og er undirstaðan hér. Hver spýta var ef til vill ekki ýkja dýr í verði í heildarsamhenginu en notagildi hennar mikið. Með öllum þeim smíðaverkfærum sem bændur áttu var hægt að nota viðinn til að smíða hús, hirslur eða búsgögn, innréttu heimilið með hillum, rúmstokkum eða borðum eða útihúsin með básum, stöllum og jötum. Rekaviður veitti mikil hlunnindi fyrir fólk sem bjó nálægt sjávarsíðu eins og Jón Vilhjálmsson í Stóru-Mörk varð aðnjótandi. Skemmuhús í hans eigu var að „mest[um] parti af rekavið“. Verðið var 15 rd. svo um hefur verið að ræða veglega fasteign í samanburði við útihúsin sem voru flest á milli 1–7 rd. Í eigu Jóns var einnig að finna „flettingur af bjálka 6 al. langt“. Því má draga þá ályktun að hann hafi verkað viðinn frá grunni.⁴⁵⁰ Sá háttur var algengur enda innflutt timbur dýrt og mikil búbót að geta nálgast ókeypis trjávið. Menn hafa byrjað á að koma bjálkunum heim með dráttarklárum sínum, hefлаð drumbana að utan og sagað niður í þar til gerðar stærðir, þar á eftir lagað eftir þörfum og smíðað svo með timbrinu húsgögn eða innréttingar. Annar bóndi við sjávarsíðuna, Árni Sigurðsson á Gufuskálum, átti eftir að vinna úr fremur veglegum bjálkum eða „ómislegur viður fluttur sjóveg á 10 rd.“ þegar hann lést.⁴⁵¹

Staðsetning jarða var því einnig stór partur af því að afla trjáviðar en einnig hafa menn höggvið tré sér til afnota þar sem því var að skipta. Í þessum hópi eru bæir bæði í uppsveitum sem og við sjávarsíðuna (og þar á milli). Ekki sést hvað varðar fjölda muna hvort bærinn stóð við sjó eða í dal. Ef fjalir eru skoðaðar sérstaklega sést að þær var fremur að finna í einhverju magni hjá þeim sem voru nær sjó. Þegar litið er til áhuga eða nákvæmni í þessum gripaflokki, sker ein sýsla sig úr, Rangárvallasýsla. Þar voru menn líklegri en aðrir að eiga einhvern fjölda af hlutum hér í þessari kví. Af þeim fimm bændum sem þaðan voru áttu fjórir þeirra yfir tíu hluti hér. Það má líta til Kristínar Guðnadóttur í Skálakoti, en hún átti flesta gripi innan gripaflokksins af öllum eða 26 talsins. Skildi hún eftir sig hvorki meira né minna en 12 hús, 13 færslur yfir lausan við og jörðina Skálakot. Meðal

⁴⁴⁸ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,36: 282. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁴⁴⁹ Þí. Sýsl. Árnessýsla. ED2/5,2: 198. Fylgiskjöl, dánarbú 1856.

⁴⁵⁰ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

⁴⁵¹ Þí. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

þeirra voru „2 grenistaurar...“, „2 fjalir í búrinu“, „plankastykki...“ og „2 rúmstokkar með botntrjám“. Viðurinn var yfirleitt metinn undir ríkisdal, húsin voru á bilinu 32 sk. og upp í 7 rd. að dýrleika. Jörð Kristínar var þriðja dýrasta eignin hér í þessum flokki; „Í jörðinni Skálakoti með 1 kúgildi og 60 ál landskuld alt svo árlegur gylt 80 ál á 200 rbd.“⁴⁵²

Verðmætasta (staka) jörðin var í eigu Guðmundar Þorvarðssonar í Sólheimagerði en það var þó ekki bærinn sem hann er skrifaður á heldur jörðin Keldur, 20 hnd., sem var metin á 320 rbd. Sú eign meira en tvöfaldaði virði eigna hans sem endaði í rúmum 571 rbd.⁴⁵³ Alls áttu 13 bændur einhverjar jarðir eða hluta úr þeim, flestir áttu eina en tveir þeirra áttu fleiri. Sigríður Ísleifsdóttir í Háfshjáleigu, Rangárvallasýslu, sem lést 21 árs gömul árið 1839, átti „Miðhjáleiga í Hafshv. 4tt 16 al á 99 rbd. 19 sk.“ og „eyðijörðin[a] Eskiholt á 3 rbd. 48 sk.“⁴⁵⁴ Mest átti Sigurður Jónsson á Hesteyri eða jarðir fyrir 344 rd. til samans:

5tt í jörðinni Hesteyri hvurt hundrað á 48 rd. til samans	240 rd.
1 tt í jörðinni Tangavelli	48 rd.
1tt í jörðinni Steinólfstöðum	42 rd.
½tt í jörðinni Norðaneyri	14 rd. ⁴⁵⁵

Verðmætin sem fólgin voru í því að eiga jarðnæði voru mikil og langtum verðmætasta eign fólks. Aðrar fasteignir eins og skemmur, hlöður og skepnuhús gátu borið þó nokkra upphæð í virðingu. Hlaða Guðfreðs Guðmundsonar, sem dó 24 ára á Tungu, Barðastrandasýslu árið 1898, var til að mynda metin á 55 kr. og skemma í hans eigu var á 20 kr.⁴⁵⁶ Allt það timbur og innanstokksmunir rýma sem komu fram í dánarbúsuppskriftunum gefur vísbendingar um byggingarstíl, stærð og gerð húsanna. Þar að auki sýnir það hve timbur var dýrmætt byggingarefni fyrir allt mögulegt. Bændur þurftu að vera hagsýnir og tilfallandi rekaviður eða timbur var gulls ígildi á tímum þar sem fólk þurfti að vera sjálfum sér nóg.

⁴⁵² ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,3: 66. Fylgiskjöl, dánarbú 1839.

⁴⁵³ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/4,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1829.

⁴⁵⁴ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,2: 31. Fylgiskjöl, dánarbú 1839.

⁴⁵⁵ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,23: 6. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁴⁵⁶ ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/6,6: 131. Fylgiskjöl, dánarbú 1898.

Búfénaður

Það skýtur vissulega skökku við að flokka búfénað sem „hluti“, enda lifandi dýr. Þó verður að hafa í huga þær aðstæður sem fólk bjó við á 19. öld. Líf einstaklinga snerist um skepnur – þær voru gjaldmiðill og lifibrauð langflestra Íslendinga á þessum tíma.⁴⁵⁷ Í dánarbússkjölunum er til dæmis oft talað um þær sem „lifandi pening“ eða „lifandi gripi“. Það má einnig segja að aðrar eigur fólks séu byggðar á búfénaði. Flestir hlutir í eigu bændanna (og annarra) voru bæði úr afurðum dýra og áhöld notuð til að verka afurðir eða til skepnumhirðu. *Fatnaður* og *rúmföt* voru unnin úr ull og skinni, *búsgögn* verkuðu matarafurðir (mjólk og kjöt), *verkfæri* nýttust til að hirða um skepnur og handavinnutól til fatagerðar, *reiðtygi* til hestamennsku, *annað* var oft afurðir og útihúsin var að finna í *fasteignum*. Húsdýr voru því undirstaða samfélagsins og efnismenningar þess.

Það voru 24 hugtök notuð yfir fjórar tegundir dýra í dánarbúsuppskriftunum – kýr, hestar, sauðfé og geitur. Taflan hér fyrir neðan er tæmandi listi yfir búfénað og sjá má að virðingarmenn notuðu færleik og kapal yfir merar. Munur var á kyni dýranna sem og aldri þeirra og eru ungvíði sérstaklega tiltekin og er til dæmis orðið hestur aldrei notað yfir folöld eða tryppi.⁴⁵⁸ Alls voru notaðir 381 dálkar undir þær 1379 skepnur sem 34 bændur skildu eftir sig:

Tafla 29. Bændur: Algengur búfénaður.

Búfénaður	Fjöldi
Ær/kind	691
Sauðir	191
Gemlingar	122
Lömb	111
Hestar	72
Kýr	61
Merar	25
Kvíga	23
Foli	17
Færleikur	16
Kapall	8

⁴⁵⁷ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland*; Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslubjóðfélagið til?“, 69–79; *Hagskinna*, 211; Sigurður Gylfi Magnússon, „„Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“,“ 309–347; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32.

⁴⁵⁸ Rætt er um tryppi þegar um er að ræða unga og ótamda hesta, oftast á bilinu 1–4 vetra.

Kálfur	8
Hrútur	6
Geitur	4
Mertryppi	4
Kiðlingar	3
Tryppi	3
Hesttryppi	3
Vetrungur (naut)	2
Naut	2
Tappi (naut)	2
Folald	2
Boli (naut)	2
Gimbur	1

Að meðaltali áttu bændur rúmlega 40 dýr. Allir áttu þeir sauðfé en fjöldi þeirra gnæfir yfir allar skepnur hér eins og kemur fram í töflunni þar sem þau eru í efstu fjórum sætunum. Aðeins voru þrír bændur, þau Metúsalem Árnason á Borgum, Guðmundur Guðmundsson í Gautsdal og Ragnhildur Jónsdóttir í Draumbæ, sem áttu engar kýr eða kvígur. Jafnmörg áttu enga hesta, þau Metúsalem, Signý Guðmundsdóttir á Heggstöðum og Margrét Bjarnadóttir í Þverdal.⁴⁵⁹

Mikill fjöldi sauðfjár kemur ekki á óvart af ýmsum ástæðum. Fóðurþörf þess er töluvert minni en stórgripanna. Afurðir því tengdar voru fjölbreyttar og sáu um að fæða og klæða heimilisfólk sem og að vera mikilvægur gjaldmiðill. Vinnuhjú fengu til að mynda oft gemling eða sauð sem laun fyrir vist sína. Afurðir eins og skinn, prjónles og kjöt féllu svo til af þeim.⁴⁶⁰ Sauðasalan sem hófst um 1864 gerði síðan mönnum kleift að selja skepnur á fæti og gæti útskýrt að einhverju leyti mikið magn af sauðum í dánarbúsuppskriftunum.⁴⁶¹ Sauðaeign var þó almenn yfir alla öldina en þó má sjá að í

⁴⁵⁹ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/5,37: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1855; ÞÍ. Sýsl. Barðastrandasýsla. ED2/1,2: 49. Fylgiskjöl, dánarbú 1851; ÞÍ. Sýsl. Vestmannaeyjar. ED2/1,19: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1850; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/21,2: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1837; ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/1,5: 40. Fylgiskjöl, dánarbú 1836.

⁴⁶⁰ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á Íslandi*, 33–42. Sjá um nýtingu og umhirðu sauðfjár á 19. öld: Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 9–17; Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*; *Þjms*. 33. Sauðfé. Fjárhús; hirðing og fóðrun. Geitfé. 5789.

⁴⁶¹ Sauðir eru hrútar sem eru geldir. Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*.

dánarbúum eftir árið 1860 tvöfaldast verð þeirra í rúma 4–8 rd. – fjöldinn var þó svipaður.⁴⁶² Jón Jónsson, sem lést 49 ára að aldri á Fjallaskaga, Ísafjarðarsýslu árið 1869, átti til dæmis níu sauði. Af þeim níu voru fimm þeirra metnir á 6 rd. og 48 sk. hvor og fjórir hver á 5 rd.⁴⁶³ Vegna þess hve harðgerð íslenska sauðkindin er var auðveldara að halda þær heldur en stórgripi. Þær gátu gengið úti jafnvel allt árið ef vel viðraði en þó þurfti að hýsa þær (sem var gert sé litið til útihúsanna) yfir hörðustu mánuðina.⁴⁶⁴

Mun fleiri kýr eru hér meðal eigna bænda heldur en naut. Skýringin á því gæti legið í því að þetta eru mjög fódurfrek dýr til að þau þrífist og voru þau til dæmis rekin upp til afrétta eins og segir í *Landbúnaðarsögu Íslands*.⁴⁶⁵ Það hefur því verið frekar nostrað við mjólkurkýr þar sem þær gegndu því hlutverki að útvega bændum mjólkurafurðir og kjöt (afkvæmin). Allflestir áttu tvær kýr eins og Signý Guðmundsdóttir á Heggstöðum sem átti „hvítrofnótt[a] kýr snemmbær á 16 rd.“ og „hvíthirnd[a] kýr tímalaus á 15 rd.“⁴⁶⁶ En einhvern veginn þurftu kvígur að festa fang og var víða þekkt að naut voru lánuð milli bæja til ræktunar. Ungnaut verða kynþroska undir lok fyrsta árs svo einnig hefur verið hægt að nota árgamla kálfa til verksins.⁴⁶⁷ Síðan mátti slátra þeim og hefja ferlið aftur þegar nýir nautskálfar komu í heiminn. Þannig hefur sparast fóður og komist hjá erfiðleikum sem fylgja því að meðhöndla fullvaxta tudda sem geta verið viðskotallir og krefjast töluverðs fóðurs ef vel á að vera.⁴⁶⁸

Mikilvægi afurða sauðfjár og kúa er óumdeilanlegt fyrir bændasamfélag 19. aldar. Þó er eitt dýr sem ekki var notað í fæðu en var samt sem áður verðmætt í virðingu embættismanna. Hestar voru ekki brúkaðir til átu og ef svo var þótti það vera „fátækramatur“. Þetta viðhorf er komið út frá kristinni trú en í Biblíunni segir að fólk ætti aðeins að leggja sér til munns kjöt af klaufdýrum. Í dag

⁴⁶² Fimm dánarbú eru eftir 1860 og þar af eru fjögur þeirra sem innihalda verðmæta sauði og hrúta. Sjá meðal annars: ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,8: 50. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; og ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,36: 321. Fylgiskjöl, dánarbú 1869.

⁴⁶³ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,36: 321. Fylgiskjöl, dánarbú 1869.

⁴⁶⁴ Sjá meðal annars í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins um fóðrun og hirðingu skepna: Þjms. 33. Sauðfé. Fjárhús; hirðing og fóðrun. Geitfé. 5789. Sjá einnig: Birna Lárusdóttir, *Mannvist*, 111–119; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 11 – 17, 41–58, 121–142 og 227–238.

⁴⁶⁵ Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 128–139.

⁴⁶⁶ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/21,2: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

⁴⁶⁷ *Lbs.–Hbs.* Jóna Björg Hlökkversdóttir, „Mat á frjósemiseiginleikum nauta“.

⁴⁶⁸ Um nautahald má sjá umfjöllun í: Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 128–139.

er jafnvel enn lítið niður á hrossakjötsát. Notkun hesta til atvinnu og samgangna hefur einnig spilað sinn þátt í friðhelgi þeirra en verðmæti þeirra var fólgið í brúkun þeirra til bæði vinnu og ferða.⁴⁶⁹

Þeir eiginleikar sem má ímynda sér að hafi þótt æskilegir í fari hrossa á þessum tíma eru um margt ólíkir þeim sem sóst er eftir í nútíma hrossarækt. Í dag eru gæðingar ræktaðir til að ganga hreint á öllum fimm gangtegundum sem íslenska hestakynið býr yfir. Ennfremur er æskilegt að reiðhestur hafi gott skap, sé viljugur en samstarfsþýður, sé með fótalyftu og beri sig reisnarlega í höfuðburði – allt eiginleikar til keppni í hestaþróttum.⁴⁷⁰ Á 19. öld hafa þeir keppniskostir ekki verið efst í huga manna heldur fremur sóst eftir hesti sem væri mjúkgengur, hvort sem um hreint tölt væri að ræða eða lull (taktlaus mjúkur gangur sem líkist tölti). Þetta hefur verið stór kostur fyrir ferðir og má sjá að sumum gripanna er lýst sem „góðgengum“. Eins og í dánarbúi Guðmundar Egilsson á Þorgautsstöðum sem átti jarpa „meri góðgeng 6 vetra 9 rd.“⁴⁷¹

Aðrir kostir þeirra voru jafnframt að þeir hefðu gott skap til að þýðast menn og búa yfir þeirri yfirvegum sem krafist var af þeim í flutningum þegar bundið var á hestinn. Ennfremur hefur þótt gott að eiga duglegan fák fyrir löng ferðalög eða til að forðast keldur.⁴⁷² Ekki er mikið um afgerandi lýsingar á þeim hestum sem voru hentugir fyrir klyfjar og til dráttar á varningi. Aðeins eitt dæmi: „gráskjóttur púlshestur 7 vetra á 14 rbd. og 48 sk.“ var í eigu Rósu Gunnlaugsdóttur í Flögu.⁴⁷³ Púlshestur er annað orð yfir dráttarklár eða erfiðishest samkvæmt íslenskri orðabók.⁴⁷⁴ Önnur lýsingarorð eins og „haltur“, „bilaður“ og „ramhölt“ sem voru notuð yfir hesta í dánarbúsuppskriftunum hafa líkast til ekki þótt þeim til framdráttar. Rauðstjörnóttum tvítugum klár í eigu Jón Vilhjálmsónar í Stóru-Mörk er til að mynda lýst sem „biluðum“ og verðið eftir því, aðeins 2 rd.⁴⁷⁵

Athygli vekur hér að engir hundar eru skráðir né kettir þó vitanlega hafa slík dýr verið til á bæjum. Afar fáar geitur koma hér fyrir og aðeins í eigu Jónasar Sigfússonar á Ljótstöðum sem átti

⁴⁶⁹ Sjá meðal annars: Vef. Hrafnkell Lárusson. „Af hverju var bannað að borða hrossakjöt hér áður fyrr?“; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 229–235; Valgerður Stefánsdóttir, „Hrossarækt og hrossakjötsát að fornu og nýju,“ 97–99.

⁴⁷⁰ Lýsing á eiginleikum nútímahestsins er fengin úr reynslu höfundar í hestamennsku og fólki úr þeirri atvinnugrein.

⁴⁷¹ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar-og Mýrasýsla. ED2/3,2: 110. Fylgiskjöl, dánarbú 1845.

⁴⁷² Í umfjöllun Jónasar Jónssonar um íslenska hestinn segir hann að skjótleiki hafi verið mikils metinn í hestum, eða það sem í dag mætti kalla „reiðhestahæfileikar.“ Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 229–232.

⁴⁷³ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1826.

⁴⁷⁴ *Íslensk orðabók*.

⁴⁷⁵ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/1,30: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1804.

fjórar geitur og Signý Guðmundsdóttir átti „3 lamb geitur 6 rd. og 72 sk.“⁴⁷⁶ Sé litið til talna um geitur á Íslandi á þessum tíma eru engar tölur frá byrjun 19. aldar en eftir árið 1853 koma þær inn í skýrslur. Þar má sjá að stofninn var lítill og því ekki að undra að sjaldgæft sé að rekast á þær hér í dánarbúsuppskriftunum.⁴⁷⁷ Engin svín eru heldur nefnd en talið er að svínahald hafi horfið um miðja 18. öld á Íslandi og frásögur um dýrin hér á landi voru bundnar við stöku bæi á seinni hluta 19. aldar.⁴⁷⁸

Lifandi gripir sýna hve mikil verðmæti lágu í því að halda bú. Enginn gripur var undir ríkisdal í verði og gat stöku kýr verið yfir 30 rd. að verðmæti. „Kýr svarthjálmtótt hornótt 5 v[etra]. 40 rd.“ í eigu Guðlaugar Þórarinsdóttur á Lambanesi Reykjum var langtum verðmætasta skepnan hér.⁴⁷⁹ Hún er einnig líkleg til að hafa framfleytt fjölskyldunni með miklu magni afurða yfir æviskeið sitt sem spannt í það minnsta fimm ár. Sauðfé í miklu magni var jafnframt gulls ígildi enda afurðir af þeim bæði söluvænar og hagnýtar til heimilishalds. Eiríkur Þorsteinsson á Heiði, sem átti mestan búfénað hér, 111 gripi og þar á meðal 42 ær, 34 lömb og 30 sauði, hefur haft úr miklu að móða hvað varðar afurðarvinnslu.⁴⁸⁰ En til að búskapurinn gengi krafðist skepnuhald hluta eins og verkfæra, reiðtygja eða búsgagna til að gera mönnum kleift að halda lifandi fénað. Með samspili áhalda, manna og dýra myndaðist sérstök efnismenning sem við höfum séð hér í þessum gripaflokkum dánarbúsuppskriftanna í eigu bænda á 19. öld.

⁴⁷⁶ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,8: 29. Fylgiskjöl, dánarbú 1848; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/21,2: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

⁴⁷⁷ *Hagskinna*, 277–278.

⁴⁷⁸ Sjá um svínarækt: Friðrik G. Olgeirsson, *Saga svínaræktar á Íslandi. Frá landnámi til okkar daga*; Páll A. Pálsson, „Svín og svínahald á Íslandi,“ 26–29.

⁴⁷⁹ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/3,17: 12. Fylgiskjöl, dánarbú 1816.

⁴⁸⁰ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/7,6: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1844.

Efnismenning bænda

Daglegt líf manna réðst af búfénaði. Á veturna þurfti að passa upp á að fóðra skepnurnar á köldustu dögum og vinna úr haustullinni fatnað og annað þrjónles. Vorverkin snerust svo um sauðburð og að stinga út úr útihúsum og bera tað á velli með klyfjahesta sér til aðstoðar. Sumrin voru hábjargræðistíminn, afla þurfti fóðurs með heyskap og aukabúgrein sumra var að róa til sjávar á fiskveiðar. Haustið var annasamur tími í sveitum þar sem smala þurfti fé saman til slátrunar og ganga frá heyfeng. Afurðavinnsla fylgdi á öllum tímum ársins, knúin af ákveðinni hringrás búskapar þess tíma. Hér var ekki um að ræða neina „átta til fjögur vinnu“ heldur gat dagurinn orðið langur og strangur.⁴⁸¹ Taktur samfélagsins var annar en í samtíma okkar og endurspeglast vel í hve efnismenning dánarbúsuppskriftanna er í raun landbúnaðarmiðuð.

Af eignum bændanna 34 má sjá hve miklu munaði á milli þeirra og hjúa. Magn hluta er umtalsvert meira og mikil verðmæti fólgin í eign á búfénaði og fasteignum. Ljóst er að einstaklingarnir stóðu í rekstri í daglegu lífi – hver eftir sínu nefi. Heimildirnar gefa glögg til kynna að uppsetning þeirra beindist að eignum bænda. Allir þeir gripaflokkar sem notaðir voru áttu við hvern einasta og segja má að ef viðkomandi átti gripi í hverri kví megi ganga út frá því að þar hafi verið á ferðinni bóndi. Heimilið á 19. öld ber þess einnig merki að hafa verið á bæði einka- og opinberu sviði – þar sem framleiðsla og einkalíf sameinuðust.⁴⁸² Lesefnið til að viðhalda húsbóndavaldi og verklagsreglum, búsgögn til framleiðslu og neyslu afurða, verkfæri til að sinna þeim verkum sem til féllu. Annað voru hagnýtir hlutir eins og afurðir, verslunarinneign eða tekjur. Laus viður og fasteignir endurspegluði betri stöðu einstaklinganna enda talsverð verðmæti sem þar voru á ferðinni – hvort heldur efnahagsleg eða hagnýt.

Efnismenning bænda kemur að mörgu leyti ekki á óvart sé litið til umfjöllunar um tímabilið. Það sem hún þó varpar betur ljósi á er hversdagslífið – aðstæður hvers og eins. Þær voru meðal annars harður raunveruleiki árstíðabundinna verka sem framkvæmd voru með þeim tólum sem búið hafði yfir að ráða. En einnig kemur fram persónulegur áhugi eða sérsvið manna eins og sjá má í ítarlegum lýsingum virðingarmanna á íburðarmiklum fatnaði, sérhæfingu fólks í gegnum verkfæri, aðferðir til framleiðslu svo sem matargerð ásamt mismunandi umsvifum búa. Hlutirnir sköpuðu

⁴⁸¹ Sjá um þetta vinnuferli í meðal annars: Guðmundur L. Friðfinnsson, *Þjóðlíf og þjóðhættir*; Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, 1–130; Sigurður Gylfi Magnússon, „„Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“,“ 324–329; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, 137–177.

⁴⁸² Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives,“ 109–124.

umhverfið ásamt notendum sínum, sem á þessum tíma var bændasamfélag þar sem hægfara þróun átti sér stað á öllum sviðum þjóðfélagsins. Um það eru eigur bænda til frásagnar.

Ekkjur

Hlutverk kvenna hefur breyst í tímans rás. Þeirra valdsvið á 19. öld var að mestu innan veggja heimilisins og var hið opinbera alfarið á hönd karlmannna. Þeir stóðu fyrir búinu og ráðstöfuðu eignum þess sem og því sem tilheyrði eiginkonum þeirra. Ef eiginmenn féllu frá sköpuðust ákveðnar aðstæður þar sem konur gátu öðlast réttindi sem aðrar kynsystur þeirra nutu ekki. Við ekkjuskap varð viðkomandi kleift að fara með fjárráð búsins í ákveðinn tíma þar til þær gengu aftur í hjónaband eða létu búið af hendi.⁴⁸³ Þessi staða kvenna varð síðar ein af þeim röksemdum sem notaðar voru til að knýja fram kosningarétt kvenna á seinni hluta 19. aldar. Sumir menn (þar á meðal þingmenn) héldu því fram að ekkjum sem stæðu fyrir búi ætti að vera unnt að hlutast til um opinber mál þar sem þær greiddu skatt af eignum sínum líkt og aðrir bændur gerðu. Árið 1882 fór svo að ekkjur og konur sem voru sjálfráða (25 ára og eldri) fengu kosningarétt til sveitastjórna.⁴⁸⁴ Frekari framvinda réttindabaráttu kvenna átti sér svo ekki stað fyrr en eftir aldamótin 1900 og verður ekki rakin hér.⁴⁸⁵

Konur voru því ekki áberandi opinberlega á 19. öld enda var þeim innrætt að vera undirgefnar bónda sínum en vera dugandi húsmæður innan heimilisins.⁴⁸⁶ Þar gafst lítill tími til að reifa kvenfrelshugmyndir enda skipti öllu máli að halda hjólum búsins gangandi því þaðan kom afkoman. Í grein Erlu Huldu Halldórsdóttur sagnfræðings „Að vera sjálfstæð“ ræðir hún um viðhorf kvenna til kvenfrelsis á þessum tíma í gegnum skrif þeirra. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að á fyrri hluta aldarinnar megi sjá í skrifum kvenna tilfinnanlega skort á sjálfstrausti til að trana sér fram fyrir karlmenn í opinberri umræðu. Viðhorfsbreytingar sem fylgdu erlendum áhrifum sem og innlendum jók frjálslegri umræðu eftir miðbik aldarinnar sem endurspeglast meðal annars í breytingum á erfðarétti (1850), auknu sjálfræði kvenna (1861) sem og kosningarétti þeirra (1882). Konur vildu taka þátt í mótun nýs samfélags sem á þessum tíma glitti í. Þar vildu konur með nokkuð þjóðernislegu

⁴⁸³ Sjá meðal annars: Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestekknna,“ 89–111; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum,“ 40–52; Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,“ 435–458.

⁴⁸⁴ Sjá meðal annars: *Stjórnartíðindi* 1882 A, 70 (l.nr. 10); Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð,“ 82–83.

⁴⁸⁵ Um réttindabaráttu kvenna á 20. öld hefur mikið verið skrifað um og má vísa í nýútkomið verk eftir nokkra sagnfræðinga: Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa*.

⁴⁸⁶ Sjá dæmi um viðhorf til kvenna á þessum tíma: Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*.

í vafi standa vörð um æsku landsins og önnur þjóðleg gildi eins og tungumálið.⁴⁸⁷

Út frá þessum hugmyndum má draga fram mýtuna um fyrirmyndar húsmóðurina sem samkvæmt Sigurði Gylfa Magnússyni átti lítið skylt við venjulegar konur. Í amstri hversdagsins í landbúnaðarstörfum hafi kyn ekki verið fyrirstaða í að ganga í þau verk sem þurfti að glíma við á hverju heimili. Sveitakonur hafi því ávallt gegnt ákveðnum skyldum sem karlmenn gerðu svo sem að versla með afurðir búsinns, smala, mjólka eða hirða um skepnurnar. Mörk kynjahlutverka hafi verið óskýrari í sveitum en í þéttbýli þar sem fleiri hendur gátu skipt sköpum við framleiðslu búsinns.⁴⁸⁸ Skýr verkaskipting kynjanna í hversdagslífinu tók ekki á sig mjög skýra mynd hjá alþýðu landsins en hún var hins vegar greinilegri hjá yfirstéttinni sem Erla Hulda er fyrst og fremst að fjalla um í sinni greiningu.

Í þessu ljósi er forvitnilegt að skoða hópinn ekkjur: hver var hinn stéttalegi munur sem birtist í lífi þeirra þegar félagsstaða þeirra breyttist við fráfall maka? Ekkjur voru jú konur sem í orði nutu meiri réttinda en kynsystur þeirra en voru á sama augnabliki í brothætttri stöðu – að vera ekkja var því sérstök stéttarstaða. Því til stuðnings má benda á að karlmenn voru sjaldan titlaðir ekkjar heldur héldu „bændatitlinum“ frekar við fráfall eiginkvenna sinna.⁴⁸⁹ Kostir velflestra ekkna voru þröngir: þær urðu ávallt að gera upp við sig hvort þær ættu að giftast aftur eða gefa upp bú sitt og verða hjú. Niðurstaðan var því oft sú að það væri konum fyrir bestu að giftast sem fyrst til að missa ekki heimili sitt og halda í börn sín ef þeirra naut við.

Í umfjöllun Krístrúnar Höllu Helgadóttur sagnfræðings um hagi ekkna presta segir meðal annars að fáar konur hafi treyst sér til að halda áfram búskap vegna ótta við að missa tökin á efnahagslegri stjórn búsinns.⁴⁹⁰ Krístrún Halla rekur mismunandi aðstæður prestsekkjunnar Sigríðar Pálsdóttur (1809–1871) við fráfall tveggja eiginmanna hennar. Við andlát fyrri eiginmanns hennar, Sr. Þorsteins Helgasonar (1806–1839), sat hún í óskiptu búi og segir frá því að hún hafi baslað í sex ár þar til hún giftist Sr. Sigurði Thorarensen (1789–1865). Í bréfaskiptum við bróður sinn, Pál stúdent, lýsir Sigríður allt að því bjargarleysi á stundum þar sem hún óttast um efnahagslega framtíð sinna og dætranna þriggja. Hennar bjargræði var að giftast aftur og eftir arfskipti á dánarbúi Sigurðar gat Sigríður svo sest í helgan stein hjá elstu dóttur sinni. Þó ber að benda á að ekkjur presta nutu meiri

⁴⁸⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð,“ 82–83.

⁴⁸⁸ Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?,“ 137–177.

⁴⁸⁹ Í dánarbúsgagnagrunni Þjóðskjalasafns Íslands má sjá að þar eru aðeins 479 karlmenn skráðir sem ekkjar en 1682 konur titlaðar ekkjur á 18. og 19. öld.

⁴⁹⁰ Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestsekkna,“ 109–111.

verndar í lögum en aðrar og til að mynda áttu þær að fá jarðnæði til úthlutunar frá kirkjunni. Frásagan af erfiðleikum Sigríðar Pálsdóttur sýnir þó að því var ekki alltaf framfylgt og jafnvel reynt að komast hjá þessum stuðningi við konurnar.⁴⁹¹ Af þessu að dæma má ætla að aðrar ekkjur sem ekki voru prestsfrúr og nutu engrar sérstakrar ívilnunar við fráfall bænda sinna hafi átt við enn meiri erfiðleika að stríða við þessi stakkaskipti í lífinu.

Erfiðasta staðan var hjá eldri ekkjum sem höfðu í engin hús að vanda ef börn þeirra gátu ekki tekið við þeim. En með hækkingu aldri minnkuðu giftingarlíkur þeirra talsvert og sem dæmi voru konur yfir fimmtugu sem giftust á árunum 1871–1900 undir 1% af þeim sem gengu í hjúskap á þeim tíma.⁴⁹² Helsta úrræði ungra ekkna með börn á 19. öld var því að finna annan eiginmann og segja má að þær hafi verið fremur eftirsóknarverður hjúskaparkostur. Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur segir meðal annars að í fyrsta lagi hafi þær búið yfir aðgangi að jörð og bústofni sem var minnkandi framboð af eftir því sem á öldina leið. Í öðru lagi skorti þær það öryggi sem því fylgdi að hafa karlmann yfir heimilinu því ekki þótti æskilegt að konur sætu lengi í óskiptu búi. Viðhorf til einstæðra kvenna var þeim ekki í vil, sem auk þess hugarfar kvennanna sjálfra var mótað til að vera undirgefnar höfuði heimilisins, eiginmanninum og bóndanum.⁴⁹³

Líkt og vinnumennskan sem var talin tímabundin átti það sama við um stöðu kvenna í ekkjudómi. Um var að ræða millibilsástand þar til konur giftust aftur, gerðust vinnukonur eða jafnvel þurfalingar eða voru svo heppnar að geta sest í helgan stein á heimilum barna sinna. En hvernig reiddi þeim af eftir fráfall bónda síns? Nutu þær sömu efnislegu gæða og þeir bændur sem áður var fjallað um eða voru eigur þeirra meira í líkingu við þá jaðarsetningu sem vinnuhjúin lifðu við? Með því að rýna betur í veraldlegur eigur þeirra er möguleiki á að fá betra sjónarhorn inn í þennan viðkvæma hóp samfélagsins. Til umfjöllunar í þessum kafla eru því konur sem voru tímabundið skör hærra en annað kvenfólk í samfélaginu en í sömu mund mun lægra settar en karlmenn í sömu stöðu.

Dánarbúsuppskriftir ekkna

Í dánarbúsgagnagrunni Þjóðskjalasafns má finna 1168 ekkjur sem skildu eftir sig

⁴⁹¹ Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestekknna,“ 92–111.

⁴⁹² Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,“ 435–458.

⁴⁹³ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum,“ 82. Um hugarfar og viðhorf til kvenna sjá: Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð,“ 82–83; Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestekknna,“ 89–111.

dánarbúsuppskrift.⁴⁹⁴ Þetta litla hlutfall (3,8%) er fyrsta vísbending um hversu sjaldgæft það var að konur væru „aðeins“ ekkjur við andlát sitt. Til samanburðar var hlutfall skráðra ekkna árið 1801 10,1% af mannfjöldanum, um miðja öldina 7,4% og um aldamótin 1900 um 9%.⁴⁹⁵ Í þessum hópi kom líka upp vandamál hvað varðar aldursafmörkun úrtaksins fyrir rannsóknina. Aðeins var um eina ekkju að ræða í yngsta hópnunum (20–25 ára), svo farin var sú leið að færa markið á yngstu ekkjunum upp í 25–35 ára. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig fjöldi ekkna dreifðist yfir aldurshópana sem eru undir:

Tafla 30. Fjöldi ekkna eftir aldri og verðmæti eigna.

Aldur	Ekkjur	Meðaltal (rd.)	Miðgildi (rd.)
25–30	6	430	143
31	5	232	99
32	3	221	65
33	2	220	220
34	3	347	190
35	6	768	628
Samtals	25	419 rd.	205 rd.
45	16	400	254
46	19	372	282
47	18	639	275
48	17	588	191
49	15	343	171
50	13	903	216
Samtals	98	529 rd.	232 rd.
70	46	560	195
71	43	432	126
72	41	739	229

⁴⁹⁴ Í leit er hakað við tímabilið 1800–1900 og í stöðu valið ekkjur. Ennfremur er aðeins hakað við dánarbú en ekki skiptagögn eða uppboð. Vef. „Dánarbú 18. og 19. öld“.

⁴⁹⁵ Hagskinna, 130.

73	32	447	114
74	42	730	288
75	39	766	215
Samtals	243	615 rd.	194 rd.
Alls	366	578 rd.	206 rd.

Hér má glöggt sjá á fjölda ekkna að sú þjóðfélagsstaða var ekki viðurkennd staða hjá konum á barneignaraldri og var hlutskipti þeirra oftast að verða vinnukonur eða giftast aftur. Með hækkandi aldri minnkuðu líkurnar á hjúskap líkt og Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur benda á í umfjöllun sinni um ekkjur um aldamótin 1900.⁴⁹⁶ Taflan styður þá niðurstöðu en tölurverðu munar á fjölda kvenna eftir aldurshópum og eru þær elstu langtum fleiri en þær yngstu.

Svipuð þróun verðmæta dánarbúanna er hjá bændum þar sem með hækkandi aldri fylgdu hærri verðmæti eigna á meðan eignir vinnuhjúa voru nokkuð jafnar á öllum aldri.⁴⁹⁷ Ástæðan fyrir þessu er ekki alveg ljós en velta má því fyrir sér hvort þær sem eldri voru hafi oftast fengið að sitja í óskiptu búi en þær sem voru yngri, jafnvel vegna þeirra ástæðna að ólíklegra þótti að eldri konur myndu gifta sig aftur og hafi því í lengst í stöðu sinni sem ekkjur og rekið sjálfar búið.⁴⁹⁸ Einnig má gera ráð fyrir að þær sem yngri voru hafi verið ekkjur í skemmri tíma en þær sem eldri voru, sé lítið til minnkandi líkna á giftingu eftir því sem aldurinn færðist yfir.

Þær 366 ekkjur sem féllu undir aldursviðmiðin voru skoðaðar út frá meðaltali verðmæta dánarbúa þeirra eftir aldri. Þegar reynt var að dreifa ekkjunum yfir alla 19. öldina og landfræðilega komu hins vegar upp nokkur vandkvæði við að halda sig við viðmið meðalbúsins. Það var fyrst og fremst vegna þess hve fáar ekkjurnar voru í úrtakinu en einnig vegna þess að það lítur út fyrir að embættismenn hafi oft aðeins skrifað upphæð búsins án frekari málalenginga. Þeir hafi annað hvort blátt áfram sleppt því að lista upp eigurnar eða þá að upptalningin hafi glatast úr skjölunum. Með tilliti til markmiða rannsóknarinnar þótti mikilvægara að dreifa hópnum yfir tíma og landið, þannig að þær sem að lokum komu fram hér í þessu úrtaki gátu átt fremur lítið sem og ríkulegar eignir yfir

⁴⁹⁶ Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,” 435–458.

⁴⁹⁷ Sjá töflurnar í umfjöllun um dánarbúsuppskriftir hjúa og bænda hér fyrr í ritgerðinni, töflur nr. 2 og 16.

⁴⁹⁸ Ýmist ráku ekkjurnar sjálfar búið eða gátu fengið til dæmis syni (eða tengdasyni) sína til að reka það fyrir sig. Það voru betri efnahagslegar horfur ef karlmaður gat staðið fyrir búi ásamt öðrum.

meðaltali síns aldurs.⁴⁹⁹ Lokahópurinn taldi 33 ekkjur og voru þær allar handvaldar út frá ofangreindum viðmiðum. Þær skiptust yfir landið á eftirfarandi hátt:

Tafla 31. Ekkjur eftir sýslum.

Sýsla	Fjöldi ekkna
Rangárvallasýsla	4
Suður-Múlasýsla	3
Skagafjarðarsýsla	3
Þingeyjarsýsla	3
Eyjafjarðarsýsla	3
Dalasýsla	3
Skaftafellssýsla	2
Árnessýsla	2
Norður-Múlasýsla	2
Reykjavík	2
Strandasýsla	1
Húnavatnssýsla	1
Vestmannaeyjar	1
Mýrasýsla	1
Ísafjarðarsýsla	1
Snæfellsnessýsla	1
Alls	33

Flestar eru ekkjurnar frá Rangárvallasýslu en einnig dreifast þær um allt landið þó engin komi frá Barðastranda-, Borgarfjarðar- né Hnappadalssýslu. Sé landinu skipt eftir endilöngu eru fleiri norðan megin, eða 21 talsins.

Þar sem ekkjurnar voru fáar í heildina voru möguleikarnir að raða þeim betur yfir öldina heldur færri heldur en í tilfelli bændanna. Hér eru til dæmis aðeins tvö dánarbú frá síðasta fjórðungi aldarinnar, árin 1884 og 1897. Elsta dánarbúið er frá árinu 1811 og eru sex dánarbú frá fyrsta fjórðungi tímabilsins. Flest eru þau frá öðrum fjórðungi eða 16 talsins og þar af sjö á árunum 1848–1849. Þrátt fyrir smæðina tókst að velja dánarbú frá öllum áratugum aldarinnar nema þeim fyrsta.

⁴⁹⁹ Það skal taka fram að meðaltal eigna var alltaf til hliðsjónar þrátt fyrir þessi vandkvæði.

Hvað varðar fjölda eigna voru teknar saman tvær mismunandi tölur um þær. Það er fjöldi dálka í dánarbúsuppskriftunum og síðar magn hluta út frá lýsingum virðingarmanna. Til samans gefa tölurnar ákveðnar upplýsingar um dreifingu og hlutfall hlutanna og gripaflokkanna. Hér fyrir neðan má sjá hvernig eignafærslurnar komu fyrir hjá ekkjum.

Tafla 32. Ekkjur og eignadálkar í dánarbúsuppskriftum þeirra.

Aldur	Fjöldi ekkna	Fjöldi eignadálka	Meðaltal
25–35 ára	8	751	94
45–50 ára	12	1019	85
70–75 ára	13	827	64
Alls	33	2597	79

Áhugaverðan mun er strax að sjá á eignafærslum ekknanna ef horft er til bænda og vinnuhjúa. Þær eiga talsvert minna en bændur en samt meira en hjúin og í rauninni var fjöldi eigna þeirra mitt á milli hinna hópanna. Í dánarbúsuppskriftum vinnuhjúa var að finna að meðaltali 40–48 dálka í upptalningu virðingarmanna en hjá bændum voru þeir 90–118. Sambærilegt meðaltal er á eignadálkum hjá yngstu bændunum og ekkjunum, en þegar aldurinn færir yfir sést að þær dragast aftur úr og færslum í dánarbúum þeirra fækkar. Ennfremur má sjá að í dánarbúsuppskriftum yngstu ekknanna var að meðaltali að finna flestu eignadálkana, hjá vinnuhjúum voru það þau sem voru miðaldra en hjá bændunum var það elsti hópurinn. Rétt er að benda sérstaklega á að í yngsta aldurshópnum hjá ekkjum eru óvenju fáir einstaklingar eða aðeins átta í stað 10–12. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst hve hópurinn var lítill í heimildunum og hve erfitt var að koma þeim undir afmarkanir rannsóknarinnar – meðaltal eigna, dreifing í tíma og landfræðilega.

Svipuð staða er hvað varðar stöðu eigna ekknanna í samanburði við hina hópana. Það er að magn hlutanna er mitt á milli bænda og hjúa. Alls voru taldir 5319 hlutir sem tilheyrðu þeim 33 konum sem voru skoðaðir hér í þessari rannsókn. Þeir dreifðust á eftirfarandi hátt yfir gripaflokkana:

Tafla 33. Ekkjur: Fjöldi hluta eftir gripaflokkum.

Gripaflokkar	Fjöldi gripa
Fatnaður	1064
Búsgögn	922
Verkfæri	684
Búfénaður	585
Annað	491

Reiðtygi	414
Laus viður/fasteignir	413
Rúmfatnaður	337
Hirslur	218
Bækur	191
Alls	5319

Hlutfall gripaflokkanna hjá ekkjunum er ólíkt hinum hópunum fyrir utan tvær stærstu kvíarnar sem voru einnig þær sömu hjá vinnuhjúum. Verkfæri og búfénaður voru stór hlutdeild hjá bændum og fylgja þær eigur næst á eftir fatnaði og búsgögnum. Umfang þeirra er ekki eins mikið og í tilfelli bænda og gæti verið fyrsta vísbending um lélegri efnahagslegar horfur kvennanna. Gripir tengdir lestri og skriftum – bækur – eru áberandi fáir hjá ekkjum miðað við hina hópana. Þýðing þess gæti verið fólgin í kynjahlutverkum 19. aldar þar sem æskilegra var að karlmenn menntuðu sig – þar af leiðandi fleiri bækur.⁵⁰⁰ Önnur skýring á bókaleysinu gæti legið í aldurssamsetningu kvennanna en þær sem voru eldri voru fleiri. Þeirra líkamlega atgervi – döpur sjón – gat hindrað þær í lestri og þar af leiðandi óparfi að búa yfir slíkri eign.

Hér á eftir verður fjallað um hvað það er sem liggur að baki þessum tölulegu upplýsingum. Dánarbúsflokkarnir verða teknir hver fyrir sig og velt upp hvaða eigur ekkjurnar eiga og að einhverju leyti verður gerður samanburður við bæði bændur og vinnuhjú. Hvernig drógu ekkjur fram lífið í hversdagslegri tilveru sinni með þær eigur sem voru til umráða rétt áður en þær féllu frá og hvað segja heimildirnar sem og hlutir þeirra okkur um þennan viðkvæma hóp kvenna?

Bækur

Engin menntun var í boði fyrir konur lengi vel og voru réttindi kvenna til þess takmörkuð allt fram á 20. öld. Það er því athyglisvert að þrátt fyrir það skildu ekkjur eftir sig einhverjar bækur. Sú staðreynd segir ýmislegt um viðhorf kvenna til bókmennta sem og viðhorf til kvenna sem vildu læra meira.⁵⁰¹

⁵⁰⁰ Sjá meðal annars um viðhorf kvenna til lesturs og menntunar: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 67–98 og 180–338; Guðrún Ingólfssdóttir, *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kerlingar*; Guðný Hallgrímsdóttir, *A Tale of a Fool?*; Lýður Björnsson, „Við vefstól og rokk,“ 183–219.

⁵⁰¹ Sjá meðal annars um viðhorf kvenna til lesturs og menntunar: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 67–98 og 180–338; Guðrún Ingólfssdóttir, *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kerlingar*; Guðný Hallgrímsdóttir, *A Tale of a Fool?*; Lýður Björnsson, „Við vefstól og rokk,“ 183–219.

Ekkjurnar 33 létu eftir sig 191 bækur eða að meðaltali ca. sex bækur á hverja. Til samanburðar voru 11 í eigu 34 bænda og þrjár hjá þeim 37 hjúum sem komu fram í rannsókninni. Allar ekkjurnar áttu aðeins bækur og ekkert tengt skriftum nema ein: Helga Guðmundsdóttir sem dó 31 árs gömul á Óslandi í Skagafirði árið 1848 skildi eftir sig „...signet og papp[a]“ skrifað með öðru í færslu og var allt saman á 12 sk.⁵⁰² Algengustu bækurnar sem fundust í þeirra eignum voru eftirfarandi:

Tafla 34. Ekkjur: Algengar bækur.

Bækur	Fjöldi
Vídalínspostilla	12
Passíusálmar	9
Stúrmshugvekjur	9
Flokkabók	8
Messusöngsbók	8
Grallari	7
Þórðarbænir	5
Sjörðabók	5
Bænakver	5
Hugvekjusálmar	5
Fæðingarhugvekjur	5
Bók	5
Upprisuhugvekja	4
Píslarþankar	4
Þorlákskver	4
Sálmabók	4
Biblía	3
Misseraskifta	3
Graduale	3

Trúarlegt efni er mun meira en það veraldlega og er það nánast 72% af þeim titlum sem komu fyrir hjá ekkjunum. Vídalínspostilla er í mestum metum hér og er hún jafnframt dýrasta bók 12 kvenna. Virði bóka er á svipuðu reiki og hjá hinum hópunum en verðmætasta bókin var *Vídalínspostilla* „pr.

⁵⁰² Þí. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/13,4: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

1838“ metin á 2 rd. og 48 sk. Hún var í eigu Ingibjargar Lýðsdóttur sem dó 31 árs í Bakkaseli, Strandasýslu árið 1862.⁵⁰³

Sex ekkjur eiga engar bækur og eru þær nær jafnt í öllum aldurshópum svo hér er ekki tilfellið að elsti hópurinn eigi minna af bókum heldur þvert á móti. Hjá þeim yngstu voru 38 færslur af bókum, 53 hjá miðhópnum og 48 í elsta hópnum (alls 139). Ingibjörg Lýðsdóttir átti ekki aðeins verðmætustu bókina heldur einnig mest af þeim eða 12 talsins. Þar á meðal mátti finna „Minstershugleiðingar á 1 rbd.“, „Bænir Ólafs Indriðasonar á 4 sk.“ og „Reimars rímur á 10 sk.“⁵⁰⁴ Ólöf Arngrímsdóttir, sem dó 75 ára í Kollugerði í Húnavatnssýslu árið 1822, var eina ekkjan sem átti fleiri en eitt veraldlegt rit. Af þeim tíu bókum sem hún átti voru þrjár slíkir titlar í eigu hennar; „Snækóngrímur og fleira á 8 sk.“, „Skrifaðar rímnaskræður á 6 sk.“ og „Dægrastytting á 16 sk.“ Ólöf hefur því jafnvel verið hrifin af rímum og kvæðum en einnig átti hún „kvæðakver séra Jóns Magnússonar“.⁵⁰⁵

Kveðskapur var lengi eitt helsta afþreyingarefni Íslendinga og eru hér hjá ekkjunum sjö bækur eða rit sem innihalda slíkt efni. Þess ber að geta að veraldlegir titlar voru 18 talsins svo hér er um að ræða góðan hluta af því lesefni. Hægt er þó að gera ráð fyrir að þær hafi oft frekar gengið manna á milli munnlega fremur en skrifaðar niður. Frásagnaform rímna og kvæða var ætlað til skemmtunar og einnig fróðleiks sem auðveldaði mönnum að leggja boðskapinn á minnið.⁵⁰⁶ Af þeim kveðskap sem var að finna í dánarbúsuppskriftunum er ljóst að menn hafa viljað varðveita eða koma þessum kveðskap niður til stafs og má finna hann í einhverju magni hjá öllum hópnum þremur. Athyglisvert er ennfremur að þetta virðist vera efni sem höfðaði mjög til alþýðunnar á þessum tíma eins og *Tristansrímur*, *Rímur af Reimari og Fal enum sterka* og *Snækóngrímur*. Alþýðlegri kveðskapur hafi því átt meira upp á borð heldur en þau kvæði sem meðal annars Jónas Hallgrímsson orti á þessum tíma. Fræg er grein Jónasar um „ósóma“ íslenska rímnafmsins þar sem hann fór hörðum orðum um *Tristansrímur* eftir skáldið Sigurð Breiðfjörð.⁵⁰⁷ Sigurður var þó vinsæll fyrir kveðskap sinn og fékk að mati margra þessa hörðu gagnrýni Jónasar í hausinn eftir að hann samdi níðvísu um Fjölni og Fjölnismenn eftir meintri pöntun.⁵⁰⁸

⁵⁰³ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,5: 5. Fylgiskjöl, dánarbú 1862.

⁵⁰⁴ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,5: 5. Fylgiskjöl, dánarbú 1862.

⁵⁰⁵ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,8. Fylgiskjöl, dánarbú 1822.

⁵⁰⁶ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson, „Textinn á tíma fjöldaframléiðslu sinnar,“ 61–97; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 265–286; Ögmundur Helgason, „Lausavísur,“ 356–371.

⁵⁰⁷ Jónas Hallgrímsson, „Um Rímur af Tístrani og Indíönu,“ 18–29.

⁵⁰⁸ Sjá meðal annars: *Lbs.–Hbs.* Arndís Hulda Auðunsdóttir, „Lítill sköpun þroska nær,“ 131–147; *Vef.* „Sigurður

Annað rímnasafn er einnig athyglisvert að því leyttinu að höfundur þess var kona en ekki var algengt að útgefið efni væri eftir konur á þessum tíma – og í raun eina bókin sem vitað er að höfundur sé kona hér í þessari rannsókn: *Snækóngrímur* sem voru í fórum Ólafar Arngrímsdóttur og voru skrifaðar af Steinunni Finnsdóttur (1640 til ca. 1710) sem var ein af afar fáum konum meðal rímnaskálda. Um hana og aðrar skáldkonur, hefur bókmennafræðingurinn Helga Kress skrifað. Hún segir um Steinunni að rímurnar „spretti beint úr kvenhlutverkinu, barnauppeldinu og heimilisstörfum“.⁵⁰⁹ Hún hafi beint kvæðum sínum fyrst og fremst til kvenna og barna og mælir Steinunn blátt áfram með að karlmenn hlusti ekki á *Hyndlurímur* eftir sig og í *Snækóngrímum* afsakar hún skáldskap sinn með því að þetta sé aðeins gert henni sjálfri til skemmtunar.⁵¹⁰

Af þessu viðhorfi skáldsins og lesenda þess má því ætla að þarna sé um að ræða afþreyingarefni sem eigi að höfða meira til kvenna og barna, stytta þeim stundirnar og hverfa í heim ævintýra frá daglegu amstri. Þannig gátu konur á þessum tíma „flúið frá“ raunveruleikanum sem gat leikið þær ansi grátt eins og takmarkaðri stöðu þeirra í samfélaginu sem og þeim háa ungbarnadauða sem hér var á 19. öld.⁵¹¹ Sé litið til eðlis lesefnis ekkanna má sjá að andleg upplyfting þeirra var að mestu fólgin í trúarlegum ritum. Þannig hafa *Vídalínspostilla*, *bænakverin* og *Stúrmshugvekjur* meðal annars veitt þeim andlega styrkingu á erfiðum tímum en einnig innrætt þeim hlutverk sitt innan samfélagsins. Í umfjöllun um lesefni bænda hér á undan mátti sjá hvernig slík rit voru notuð til að styrkja húsbóndavaldið og gera öllum ljóst hver verkaskiptingin væri innan heimilisins. Konur sem voru ekkjur, húsmæður eða vinnukonur tóku þann boðskap til sín í gegnum það lesefni sem var til á heimilinu sem þær sjálfar höfðu aflað. Ekkjur sem voru í forsvari fyrir búi hafa því frekar valið guðsorðið sér til stuðnings en Íslendingasögur og ævintýri. „Æskilegu“ kvenfyrirmyndirnar var fremur að finna þar heldur en í karllægum frásögum af bardögum og hefndum. Konur áttu að vera prúðar, hlýðnar og vel tilhafðar – skraut búsins ef svo mætti að orði komast.⁵¹²

Breiðfjörð“.

⁵⁰⁹ Helga Kress, „En eg er hér ef einhver til mín spyrði,“ 9–31 (hér 12).

⁵¹⁰ Helga Kress, „En eg er hér ef einhver til mín spyrði,“ 11–13.

⁵¹¹ Sjá meðal annars umfjöllun um barnadauða: Loftur Guttormsson, „Barnaeldi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750–1860,“ 137–170; Gísli Gunnarsson, *Sex ratio, the Infant Mortality and Adjoining Social Response in Pre-Transitional Iceland*; Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the Child*. Um tengsl lesturs og tilfinninga; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

⁵¹² Sjá meðal annars viðhorf til kvenna: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 67–98 og 180–338; Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; og Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*.

Fatnaður

Í þessum flokki hefði mátt gera ráð fyrir að væri einungis um að ræða kvenfatnað þar sem eiginmennirnir voru látnir áður en ekkjurnar féllu frá. Þó verður að benda aftur á að húsbændur áttu að verða vinnuhjúum sínum út um klæði og hefur það einnig átt við ekkjur. Afkomendur kvennanna gátu líka átt heimilisfesti hjá mæðrum sínum og þar af leiðandi hafi fót þeirra stundum komið til álita í virðingu embættismannanna. Í einu dánarbúi ekknanna eru engin fót virt, hjá Helgu Vigfúsdóttur, sem dó 45 ára á Breiðsstöðum í Skagafjarðarsýslu árið 1849.⁵¹³ Í heildina var fatnaður talinn fram í 623 dálkum og í þeim voru 1064 flíkur sem gerir þennan gripaflokk þann stærsta í eigu ekknanna.

Tafla 35. Ekkjur: Algengur fatnaður.

Fatnaður	Fjöldi
Klútur	117
Pils	83
Skyrta	64
Sokkar	57
Svunta	55
Millur	49
Upphlutur	44
Peysa	40
Vettlingar	40
Forklæði	40
Treyja	39
Hnappur	27
Kjöll	25
Húfa	23
Hálfsokkar	19
Íleppar	19
Hempa	16
Nærpils	16
Upphlutfat	15

⁵¹³ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/13,19: 10. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

Kvenmannsklæði margfaldast hér miðað við hina hópana og má sjá að flíkur eins og pils, kjóla, tröf og upphluti verða algengari. Ástæðan fyrir því er að að mestu fólgin í að ekkjur voru einstæðar og í langflestum tilfellum komu aðeins fram flíkur af þeim en ekki öðru heimilisfólki. Fatnaður fyrir bæði kynin er sá sem er algengastur í öllum þremur hópunum eins og vettlingar, sokkar, íleppar, hnappar, klútar og húfur. Notagildi þessara smámuna er býsna mikið; sokkar og húfur hafa varið fyrir kulda og hnappar notaðir til að halda flíkum saman. En það má bæta því við að þessar spjarir hafa einnig verið notaðar til að fegra klæðaburðinn. Klútar eru þar gott dæmi því þeir voru ekki aðeins til að skýla hálssvæðinu heldur gátu þeir verið notaðir til að skreytingar – til að setja punktinn yfir „i-ið“. Í umfjöllun Þjóðbúningaráðs Íslands um klæðaburð og notkun klúta, sjala eða þríhyrna segir að klútar karlmannna hafi oftast verið einslitir og dökkir en kvenklútarnir gátu verið litríkir og munstraðir.⁵¹⁴ Því mætti gera sér í hugarlund að þessar spjarir hafi einmitt verið notaðar til að auka íburð klæða með því að leyfa litum og efni að fegra heildarmyndina.

Klútar ekknanna styðja slíka skýringu og er þeim oft lýst sem litríkum og/eða með munstri eða útsaumi. Ljótunn Einarsdóttir, sem dó 71 árs að Hóli í Eyjafjarðarsýslu árið 1818, átti til dæmis dökkan silkklút „með rauðum tvinnum á 1 rbd. og 48 sk.“ og bláan lérefts klút á ríkisdal.⁵¹⁵ Klútasafn Ólafar Helgadóttur, sem lést 47 ára á Staðarfalli í Dalasýslu árið 1843, var fremur veglegt þó ekki hafi allir 12 klútar hennar verið dýrir. Hún átti meðal annars silkklút „með rauðum bekkjum og teinum á 80 sk.“, „2 léreftsklútar með rauðum og ljósbláum bekkjum á 56 sk.“ og „2 blóðrósóttir cartúns klútar á 50 sk.“⁵¹⁶ Á svipaðan hátt gátu hnappar, millur og víravirki skreytt upphluti og treyjur fagurlega og konur sett sitt sérkenni á fatnaðinn eða tekið upp eftir öðrum konum og/eða tískustraumum.

Að meðaltali átti hver ekkja ca. 32 flíkur en bændur 28. Þetta er athyglisvert að því leytnu að við virðingu dánarbús bænda hefði fatnaður hjóna (og barna) átt að vera tilgreindur í uppskriftinni. Ekkjurnar hefðu þar af leiðandi átt að eiga færri föt þar sem maki þeirra var þegar fallinn frá við virðingu eigna þeirra og því af minna að taka hjá þeim en hjónum. Einhvern karlmannsfatnað er þó að finna hjá ekkjunum, sem getur meðal annars stafað af því að þeim var skylt að klæða vinnuhjú sín og/eða að þær hafi fengið að sitja í óskiptu búi eftir andlát eiginmanns. Það þýðir í stuttu máli að embættismenn hafi ekki komið og virt og boðið upp eitur búsin þegar eiginmaðurinn féll frá. Því má reikna með að í þeim tilfellum hafi ekki staðið deilur um búið, engar skuldir né ómyndugir erfingjar verið og því hafi ekki verið skylda að virða dánarbú mannsins.

⁵¹⁴ Vef. „Klútar“.

⁵¹⁵ Þí. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/4,1: 18,3. Fylgiskjöl, dánarbú 1818.

⁵¹⁶ Þí. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

Í fimm dánarbúum var að finna karlmannsfatnað sérstaklega tilgreindan, ýmist af sonum kvennanna, látnum maka eða annan karlmannsfatnað. Hjá Helgu Guðmundsdóttur á Óslandi voru til að mynda „bláir karlmanns vettlingar og hattur á 8 sk.“ og „karlmannshattur á 48 sk.“⁵¹⁷ Valgerður Guðmundsdóttir, sem lést 70 ára á Geirmundarstöðum í Dalasýslu árið 1811, var sú sem átti mest af fatnaði sem kom fram í 48 dálkum.⁵¹⁸ Í dánarbúsuppskrift hennar lítur út fyrir að hún hafi setið í óskiptu búi eftir fráfall maka og hafi gefið fjórum af sex börnum sínum fatnað af sér og föður þeirra eins og sést í sjálfu skjalinu. Í virðingunni er klæðnaður talinn fram sérstaklega af Valgerði og fjórum börnum hennar, Jóni, Sólveigu, Þorbjörgu og Jóhönnu Jónsbörnum. Ekki eru föt tilgreind af öllum systkinunum en önnur tvö í viðbót, þau Guðrún og Skafti Jónsbörn, voru einnig erfingjar.⁵¹⁹

Hér lítur út fyrir að Valgerður hafi þá þegar verið farin að skipta eiginum á milli barna sinna. Ein athugasemd virðingarmanna ýtir undir slíkt og er einn dálkurinn svohljóðandi: „grænt klæðispils m. strigalykkju Jóhanna segir Sigríði Tómasdóttur hafa gefið sjér“. Í þokkabót hefur uppskrifari yfirstrikað færsluna og felld hana úr virðingunni og þar með tekið mótmæli Jóhönnu til greina.⁵²⁰ Því má ímynda sér að reynt hafi verið að tiltaka ítarlega alla þá muni sem Valgerður var búin að gefa uppkomnum börnum sínum til að arfhlutur systkininna yrðu jafnir ásamt því að tryggja uppborgun skulda búsins. Þetta var ekki alltaf raunin og gátu embættismenn átt í erfiðleikum með að fá fólk til að vísa rétt á eigin hins látna.⁵²¹

Fatnaður af fullorðnu fólki hefur verið í brennidepli hér enda voru nánast engin barnaföt tiltekin í virðingu á eigin einstaklinganna. Aðeins eitt dæmi er um „unglingspils“ hjá vinnumanninum, Guðmundi Guðmundssyni á Holtastöðum.⁵²² Hjá ekkjunum er einnig aðeins ein flík sem benda má á að hafi tilheyrt barni. Kristín Gísladóttir, sem dó 70 ára í Lúnansholti í Rangárvallasýslu árið 1858, skildi eftir sig barnshúfu sem talin er upp með trafi og „2 léreftsríju[m]“, allt á 24 sk.⁵²³ Óljóst er hvort húfan hafi tilheyrt Kristínu sjálfri frá barnæsku hennar eða hvort hún hafi tilheyrt barnabarni hennar, Ingibjörgu Jónsdóttur. Hún var 7 ára við andlát ömmu sinnar og bjó

⁵¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/13,4: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁵¹⁸ Meðaltal fjölda dálka var 18.

⁵¹⁹ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/8,2: 142. Fylgiskjöl, dánarbú 1811.

⁵²⁰ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/8,2: 142. Fylgiskjöl, dánarbú 1811. Skáletrun er mín.

⁵²¹ Í umfjöllun um dánarbú bænda má sjá að miklar deilur voru um eigin Árna Sigurðarsonar á Gufuskálum. Þar sem sonur hans var sakaður um að stinga undan munum fyrir virðingu. ÞÍ. Sýsl. Snæfellssýsla. ED2/11,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1876.

⁵²² ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

⁵²³ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/7,44: 287. Fylgiskjöl, dánarbú 1858.

á sama stað. Af þeim fáu barnafötum sem hér komu fram má því gera ráð fyrir að það hafi verið óskrifuð regla meðal virðingarmanna að taka slíkt ekki fyrir þegar eigur voru metnar og boðnar upp. Hvort þetta fyrirkomulag hafi verið vegna mannúðarsjónarmiða, lítilla verðmæta barnafata eða að eigur ungra barna hafi staðið fyrir utan opinber mál skal látið liggja milli hluta.

Verðmæti fatnaðar virðist vera nokkuð jafnt hjá ekkjunum og sé horft til dýrustu flíka hverrar og einnar þeirra er nokkuð algengt að sú spjör hafi kostað í kringum 4 rd. Pils voru dýrasta flík 12 ekkna eins og „grænt klæðispils á 6 rd. og 48 sk.“ í eigu Ljótunnar Einarsdóttur á Hóli.⁵²⁴ Verðgildi klæða ekkna er ögn hærra en hjá hinum hópunum og munar þar mestu um að elstu ekkjurnar dragast ekki aftur úr í fatnaði líkt og tilfellið var hjá bændum og vinnuhjúum. Elsti hópurinn á heilt yfir verðmæta hluti og eignin er jöfn yfir þær allar 13. Ástæðan fyrir því gæti verið að ef konur á þessum aldri gátu verið ekkjur hafi þær átt þéttara stuðningsnet en aðrar konur á þessum aldri. Þær hafi jafnvel getað setið í óskiptu búi, stýrðu af börnum sínum og búið hjá þeim í stað þess að þurfa að vinna fyrir vist sinni. Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir hafa bent á að þannig fyrirkomulag gat skipt sköpum fyrir eldri konur sem höfðu færri úrræði til upphalds en yngri kynsystur þeirra.⁵²⁵

Dýrasta flíkin í öllum þeim dánarbúsuppskriftum sem komu fyrir í þessari rannsókn var svartur silkikjöll, metinn á 12 rbd., í eigu Catrine Svane, sem dó 32 ára í Reykjavík árið 1811. Fatnaðurinn hennar var verulega veglegur og voru heildarverðmæti hans 80 rbd. sem er það langmesta sem hér kom fyrir.⁵²⁶ Þess ber að geta að hún var ekkja kaupmannsins Peter Ludvig Svane (f. 1773) svo aðgangur hennar hefur verið nokkuð góður að innfluttum og dýrum efnum eins og silki.⁵²⁷ Veglegur fatnaður hennar ber þess merki að hér hafi verið ferðinni ein af heldri konum samfélagsins í góðri efnahagslegri stöðu þrátt fyrir ekkjuskapinn. Þessu til stuðnings má sjá að á uppboði á eignum Catrine mættu öll helstu fyrirmenni Reykjavíkur, eins og amtmaðurinn Johan Carl Thuerecht von Castenschiold, kaupmennirnir Hans Peter Biering og Lauritz (Lárus) M. Knudsen.⁵²⁸ Klæði hennar voru að mestu fólgin í tíu kjólum sem voru flestir litríkir og nokkrum lýst sem grændoppóttum, fjólubláddoppóttum og blágráddoppóttum. Engir upphlutir, pils eða tröf voru í hennar eigu og því má segja að hún hafi ekki klæðst almennum „íslenskum“ klæðnaði. Allar flíkurnar

⁵²⁴ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/4,1: 18,3. Fylgiskjöl, dánarbú 1818.

⁵²⁵ Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,“ 435–458.

⁵²⁶ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

⁵²⁷ Vef. Víglundur Þór Þorsteinsson, „Peter Ludvig Svane“.

⁵²⁸ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

bera þess einnig merki að vera ekki úr innlendum efnum og má velta því fyrir sér hvort þessi klæðaburður hafi verið sá sem menn fóru síðar að mæla gegn að íslenskar konur klæddust. Sigurður Guðmundsson, málari og forstöðumaður Forngripasafns Íslands (síðar Þjóðminjasafn Íslands) notaði slíkar hugmyndir sér til innblásturs þegar hann hannaði meðal annars skautbúninginn um 1860. Forðaðist hann erlend áhrif í hönnuninni og einfaldaði höfuðbúnaðinn (faldinn) sem þótti að mati margra (menntaðra karlanna) sérkennilegur.⁵²⁹

Dánarbú Catrine Svane var algjör undantekning meðal þessara dánarbúsuppskrifta hvað varðar efni og gerð fatnaðar. Bæði átti hún mjög dýrar flíkur og einnig var klæðnaðurinn allt annar en sá sem talinn var upp hjá íslenskum konum á þessum tíma. Í nútímaumfjöllun um klæðaburð kvenna er oft rætt um þrenns konar fatnað á 19. öld: faldbúninga, peysuföt og skautbúninga. Fatnaður í dánarbúsuppskriftunum styður að einhverju leyti við slíkt en oft er ekki skýrt hvað hefur verið notað saman og hvað ekki. Til glöggvunar má lýsa eiginleikum þessara þriggja gerða klæða betur.

Faldbúningurinn er talinn hafa verið almennur í byrjun 19. aldar en lagst af þegar annar klæðnaður eins og peysuföt, skautbúningur eða aðrar nútímalegri gerðir ruddu sér til rúms. Í grunninn samanstóð hann af nokkrum þilsum þar sem það ysta var oft sparipils og þá skreytt með útsaumi eða munstri. Til að verja þilsið fyrir óhreinindum var svunta sett utan um mjaðmir og fyrir framan þil. Efri hluti búningsins var upphlutur sem var ermalaus, fleginn bolur með breiðum hlýrum yfir axlir og reimaður saman að framan. Hann var yfirleitt úr ullarefni eða flaueli og gátu skreytingar á boðungum verið gerðar með útsaumi, millum og víravirki. Nærskyrturnar eða treyja voru svo innan undir upphlutnum en þegar konur sinntu líkamlegri vinnu gátu þær farið úr treyju og yfirþilsi til að hlífa þeim við skemmdum/óhreinindum eða til að kæla sig. Á höfðinu var svo um að ræða fald sem var einkenni búningsins á öldinni áður. Fyrst var krókafaldur sem síðar þróaðist í spaðafald og svo í skotthúfu. Um faldbúninga á 19. öld segir að ekki hafi verið litið á þá sem sérstakan búning heldur fremur sem nærklæði eða vinnuföt.⁵³⁰ Sú fullyrðing er í raun í skjön á fræðilega umfjöllun sem vanalega tengir klæðnað kvenna við sjálfstæðisbaráttuna, hugmyndir um þjóðerni eða stöðutákn

⁵²⁹ Sjá meðal annars: Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 76–89; *Lbs.–Hbs.* Guðrún Hildur Rosenkjær, „Blómstrandi móðir“ – arfleifð Guðrúnar Skúladóttur. Menningarleg verðmæti í búningum og handverki á 18. og 19. öld,“ 26–42.

⁵³⁰ Sjá meðal annars: *Lbs.–Hbs.* Guðrún Hildur Rosenkjær, „Blómstrandi móðir – arfleifð Guðrúnar Skúladóttur,“ 55–58; *Vef.* „Búningar á 19. öld“; *Vef.* „19. aldar faldbúningur“.

einstaklinga.⁵³¹ Fyrir notendur var einfaldlega um fatnað að ræða sem skýldi þeim fyrir náttúrulegum aðstæðum og gerði sumum þeirra kleift að líta betur út – ef efni voru fyrir því.

Klæði ekkanna sýna svipaðan fatastíl og hér var lýst en þær áttu mikið af þilsum, upphlutum, skyrtum og svuntum. Ekki er gott að segja til um hvers konar falda konurnar áttu en í ellefu dánarbúsuppskriftum er að finna falda og tröf (léreftsklúta) sem notuð voru til að mynda krókfald. Af því má ætla að höfuðbúnaðurinn hafi verið í notkun fram eftir öldinni en mögulega í stöðugri þróun sé litið til lýsinga á mismunandi gerða falda.⁵³² Þórunn Sigurðardóttir í Höll, Mýrasýslu sem dó árið 1846, 35 ára gömul, átti sem dæmi tvo falda sem metnir voru á 12 sk. einnig átti hún traf á 5 sk.⁵³³ Höfuðfatið var því ekki ýkja verðmætt og því mætti jafnvel leiða að því líkum að þau hafi jafnvel verið algengari en sést í dánarbúsuppskriftunum en ekki komið fram sökum óverulegra verðmæta.

Samkvæmt lýsingum Þjóðbúningaráðs Íslands á þróun kvenfatnaðar á þessum tíma leystu peysufötin faldbúninginn af sem sparifatnað. Þannig fóru konur meira að nota skotthúfur í stað falda en slíkur höfuðbúnaður kom þó aðeins glögg fram í 14 dánarbúum. Af því má ráða að í dánarbúsuppskriftunum eru ekki eins skýr umskipti á milli notkunar falds og skotthúfu þar sem faldur var í fórum ellefu kvenna. Það þykir því líklegt að þessar breytingar á höfuðbúnaði kvenna hafi verið hægfara og jafnvel mismunandi eftir landshlutum eða stöðu einstaklinga. Ögn meira verð fékkst fyrir húfur en falda en þó munar ekki miklu og var algengt verð falda 4–8 sk. en húfur gátu verið allt að 16 sk. virði. Þórunn Erlendsdóttir, sem dó 50 ára í Kelduneskot í Þingeyjarsýslu árið 1821, átti sem dæmi; „ný húfa blá með grænum silfurskúf 40 sk. dto [húfa] forn 12 sk.“⁵³⁴ Hér má benda á að ekki er öllum húfum lýst vel og oft aðeins um að ræða lýsinguna: „húfa“ sem var nokkuð algengt fat og var til að mynda talið upp hjá 23 ekkjum af 33. Ef til vill var eitthvað af þeim með skúfi en ekki lýst á þann veg. Aðalhluti peysufata var svipaður faldbúningnum nema að því leyti að einfaldar þrjónapeysur komu í stað skreyttu vaðmálstreyjanna og upphlutnum oft sleppt. Síðar um öldina voru peysurnar saumaðar úr klæði í stað þess að vera þrjónaðar úr fínu ullarbandi og þæfðar.⁵³⁵

Skautbúningurinn var hannaður af Sigurði Guðmundssyni á árunum 1858–1860 og eru flestir

⁵³¹ Sjá slíka umfjöllun í: Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 73–116; Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar. Sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði á Íslandi 1860–1960*.

⁵³² Sjá lýsingar á földum inn á vef Þjóðbúningaráðs. Vef. „Faldur“.

⁵³³ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁵³⁴ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/2,4: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1821.

⁵³⁵ Vef. „19. aldar peysuföt“.

sammála um að hann hafi orðið sparibúningur í lok 19. aldar.⁵³⁶ Hann var gerður úr svörtu klæði þar sem treyjan var aðskorin og krækt neðst og efst í hálsmálinu, opin yfir barm og náði niður í mitti. Um hálsmálið, á boðungunum og framan á ermum var hvít blúnda og breiðir flauelsborðar með gulleða silfurbaldýruðum blómsveigum. Innan undir klæddust konur peysubrjósti sem var hvítt, oft skreytt blúndu eða útsaumi. Að neðan var sítt pils og neðan í því var útsaumaður breiður blómabekkur og svartur flauelskantur neðst. Á höfði var hvítur faldur og yfir faldblæja, neðst utan um faldinn var oft gyllt koffur sem var líkt og kóróna á höfði kvenna.⁵³⁷ Engin svunta var hér felld yfir og stundum var talað um pilsíð sem samfellu en það orð var einnig notað yfir pils 19. aldar faldsbúnings þar sem svuntan var felld inn í pilsíð og samskeyti brydduð frá streng að faldi. Treyja skautbúningsins minnir óneitanlega á blöndu af peysufötum og upphlutnum en af betri efnum og gerð.⁵³⁸

Þær ekkjur sem hér í þessari rannsókn dóu eftir árið 1860 virðast ekki hafa skilið eftir sig skautbúning og í rauninni er aðeins um að ræða eina flík sem gæti hafa verið hluti af honum. Hvort það þýði að búningurinn hafi ekki verið eins vinsæll og menn ætla gæti verið ein af ástæðunum. Líklegasta skýringin er þó sennilega sú að skautbúningurinn kemur seint fram á öldinni og varðveisla á dánarbúsuppskriftum fer mjög þverrandi á síðasta fjórðungi hennar. Halldóra Jónsdóttir, sem lést 34 ára gömul á Helgastöðum í Reykjavík árið 1870, er sú eina sem mögulega gæti hafa búið yfir slíkum klæðum.

Í annars mjög fábrotnum eigum hennar er að finna „skauttreyju“ sem ásamt öðrum flíkum var metin á 24 sk. svo ekki hefur treyjan verið upp á marga fiska. Að öðru leyti eru föt hennar fá og ódýr en vegna búsetu hennar verður að teljast líklegt að hún hafi átt einhvers konar vísi að skautbúningi.⁵³⁹ Halldóra hafði búið í Reykjavík í hið minnsta frá árinu 1860 þar sem hún var skráð til heimilis með manni sínum í Garðhúsi samkvæmt manntalinu það ár.⁵⁴⁰ Þannig má gera ráð fyrir

⁵³⁶ Sjá um hönnun skautbúnings, notkun og vinsældir hans í meðal annars: Margrét Gunnarsdóttir, „Baráttan með búninginn.“ Um skautbúning Sigurðar málara,“ 12–16; Guðrún Hildur Rosenkjær, „Skautbúningur. Faldbúningur hinn nýi,“ 4–5.

⁵³⁷ Um hönnun skautbúnings sjá: Guðrún Hildur Rosenkjær, „Skautbúningur,“ 4–5; Margrét Gunnarsdóttir, „Baráttan með búninginn,“ 12–16; Vef. „Skautbúningur“.

⁵³⁸ Til frekari upplýsinga af þessum búningum má finna gífurlegan mikinn fróðleik inn á vefsíðu Þjóðbúningaráðs Íslands. Þar má einnig leita eftir efnisorðum á einstaka flíkum og fylgihlutum og eru þessar upplýsingar til grundvallar á lýsingum á búningunum hér. Myndirnar þar inni eru sérstaklega lýsandi.

⁵³⁹ Þí. Sýsl. Reykjavík. ED1/6,1: 135. Fylgiskjöl, dánarbú 1870.

⁵⁴⁰ Þí. Rtk. Árnessýsla–Borgarfjarðarsýsla. AC/2,1,1: 107. Manntalið 1860.

að hún hafi séð til eða frétt af skipulagðri notkun skautbúninga í Reykjavík sem fór fram fyrir tilstilli Sigurðar Guðmundssonar málara. En að áeggjan hans klæddust nokkrar konur búningnum við helgihöld og á tyllidögum í Reykjavík þegar hann lauk við hönnun hans upp úr 1860. Þannig hafi vinsældir búningsins spröttið og íslenskar konur hafi farið að klæðast slíkum búningi.⁵⁴¹

Sé litið til fatnaðar í dánarbúsuppskriftunum má þó ekki sjá þessa „öru“ útbreiðslu skautbúningsins en benda skal á að aðeins voru sjö dánarbú hér eftir árið 1860.⁵⁴² Frekar má sjá peysuföt eða faldbúninga notaða bæði sem spariklæðnað og til daglegrar brúkunar. Fyrri umfjallanir um kvenfatnað hafa oft snúist um hann sem stöðutákn í þjóðernishugmyndum Íslendinga sem hefur verið á kostnað á raunverulegrar þýðingar klæða fyrir fólk.⁵⁴³ Það verður að teljast líklegt út frá hagnýtum sjónarmiðum að fyrirferðarmiklar flíkur eins og skautbúningurinn eða faldbúningurinn í fullum skrúða hafi ekki verið notaðar í hversdagslegu amstri. Fatnaðurinn var/er óþægilegur til líkamlegrar vinnu en einnig þurfti að fara vel með verðmætari efni enda þau ekki á hverju strái á þessum tíma. Til daglegra verka virðist upphlutur, pils, treyjur og peysur vera almenn eign en það mætti velta því fyrir sér hvort konur hafi saumað eða gert föt sín á þann hátt að þau hafi getað gegnt nokkrum hlutverkum. Hér er átt við að hægt hafi verið að nota eina flík á mismunandi hátt allt eftir aðstæðum. Þannig hafi þær getað farið úr sparipils sem hefur verið yfir nokkrum undirpils og fínri treyjum þegar þær hafa þurft að sinna búskyldum sínum. Þannig hafi þær ekki þurft að skipta margoft um föt „frá grunni“ heldur klætt sig í nokkrum lögum: forklæði til einangrunar, undirfatnaður eins og pils, bolur eða upphlutur, þar yfir pils og treyja eða peysa af verri gerðinni eða betri – allt eftir veðri, vinnu eða afþreyingu.

Í flestum tilfellum áttu ekkjurnar ein til tvenn klæði sem voru betri en önnur föt eins og hjá Hólmfríði Jónsdóttur, sem andaðist 48 ára á Arnarhóli, Snæfellsnessýslu árið 1838. Hún átti tvenn betri klæði; „blá klæðisföt vel enn genginn á 6 rbd.“, „grænt klæðispils og blá klæðissvunta á 4 rbd.“ og „klæðisupphlutur með tinsilfur millum á 2 rbd.“. Annar fatnaður var metinn á bilinu 4 sk. og upp í tæplega 2 rbd. sem sýnir „verri“ gerðina af fataskáp Hólmfríðar – sem þó var ekki slæmur í samanburði við aðrar. Ennfremur sést að betri föt hennar hafa líklega verið í líkingu við faldbúning þar sem upphluturinn var með fínnum tinsilfurmillum ásamt því að hún skildi einnig eftir sig kvenkraga

⁵⁴¹ Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 85–87.

⁵⁴² Sjá meðal annars: Guðrún Hildur Rosenkjær, „Skautbúningur,“ 4–5; Karl Aspelund, Breytileg merking menningararfs,“ 85–89; Margrét Gunnarsdóttir, „Baráttan með búninginn,“ 12–16.

⁵⁴³ Sjá meðal annars: Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 73–116; Karl Aspelund, „Pekki ég nú börn mín aftur...“ Menningarsköpun hástétta með kvenklæðnaði og mótun íslenskrar þjóðarímyndar á 19. öld,“ 340–349; Margrét Gunnarsdóttir, „Baráttan með búninginn,“ 12–16; Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*.

og fald ásamt tveimur hvítum tröfum. Þannig hafi hún klæðst upphlut, treyju, pilsu, svuntu og að lokum vafið tröfunum eftir kúnstarinnar reglum upp í krókafald á höfði sér á tyllidögum. Við dagleg störf hefur hún svo sleppt dýrum flíkum og notað þau sem innan undir voru – þau sem máttu frekar við hnjaski. Eins og „blátt pils með koti á 24 sk., „nærpils fornt og kot fornt lélegt á 12 sk.“ og „blá peysa borin á 24 sk.“ sem einnig voru notuð af Hólmsfríði.⁵⁴⁴

Þó ber ekki svo að skilja að konur hafi gengið illa um hversdagsfatnað sinn þar sem það var vinnusparnaður fyrir þær að ganga vel um fatnað almennt. Þrif á fötum voru erfiðisverk ásamt því að það var tímafrekt að sauma eða prjóna föt sín (og annarra) sjálf. Fylgihlutir gátu því verið notaðir þeim til varnar eins og stytubönd sem notuð voru til að toga pilsuð upp til að hindra að það blotnaði eða óhreinnaðist í jörðinni.⁵⁴⁵ Sjö ekkjur skildu slíkt band eftir sig og átti til dæmis Matthildur Þorgrímsdóttir, sem lést 72 ára í Blikalóni, Þingeyjarsýslu árið 1825, eitt „spjaldofið stytuband á 24 sk.“ sem hefur komið sér vel við útistörf eða ferðalög.⁵⁴⁶ Eins vörðu þær fjölmörgu svuntur sem hér komu fyrir pilsin fyrir óhreinindum við eldamennsku og þrif. „Blár svuntugarmur á 32 sk.“ Ólafar Helgadóttur á Staðarfelli hefur því gegnt þörfu hlutverki við að verja niðurhluti hennar.⁵⁴⁷ Þessar tvær flíkur eru einnig dæmi um margþættan tilgang fatnaðar en þær hafa einnig verið notaðar til að skreyta eða vera prýði í klæðaburði viðkomandi. Þannig hefur fallega ofið band verið prýði og litríkar svuntur úr vönduðu efni bætt um betur við „heildarmyndina“.

Af þeim 89 gerðum af klæðum sem finna mátti í dánarbúsuppskriftum ekkanna má ýmislegt leggja út. Sjá má að í grunninn áttu þær oftast svipaðar flíkur eins og hversdagsklæðnað sem var yfirleitt: upphlutur, skyrtu, peysa, pils og svunta. Sparifatnaður kvennanna var oftast í líkingu við faldbúninginn en þó má benda á að kjólar voru betri klæði tíu ekkna. Í grunninn var fatnaður nokkuð einsleitur og samanstóð oft af því sama en þó var ekki algild regla að íslenskar konur hafi gengið aðeins í peysufötum, faldbúningum og skautbúningum. Klæðaburður kvenna var eftir efnahag, aðgengi að efnum, kunnáttu til handavinnu, smekk þeirra og ekki síst notagildi flíkkanna. Kostur var ef flíkin gegndi breytilegum tilgangi og hentaði íslensku veðurfari. Faldur Sigurðar Guðmundssonar náði ekki yfir eyrun og má því gera ráð fyrir að hann hafi hentað illa í köldum hvassviðrum, annað en eldri faldar sem vafðir voru um höfuð og eyru.

Það magn fatnaðar sem hér kom fram bendir til þess að virðingarmenn hafi verið nákvæmari

⁵⁴⁴ ÞÍ. Sýsl. Snæfells- og Hnappadalssýsla. ED2/6,5: 44. Fylgiskjöl, dánarbú 1838.

⁵⁴⁵ Vef. „Stytuband“.

⁵⁴⁶ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/5,1. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

⁵⁴⁷ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

við að meta eitur ekkna en bænda. Ekkjur voru færri í úrtakinu hér en bændur en einnig voru þær einstæðar og þar af leiðandi var fatnaður maka ekki til staðar. Nákvæmni virðingarmanna gæti verið útskýrð á þann hátt að heildareitur ekknanna hafi verið minni en jafnvel skuldir eða arfhlutir kröfðust. Það hafi kallað á ítarlegri skoðun eigna. Annað sem gæti skýrt nákvæmni virðingarmanna er áhugi þeirra á kvenfatnaði yfir höfuð. Í gegnum tíðina virðist sem svo að karlkynið hafi oft talið það skyldu sína að hlutast til um klæðaburð kvenna.⁵⁴⁸ Í reynsluheimi karlmanna á þessum tíma hefur kvenfatnaður jafnvel þótt framandi í þeim skilningi að þeir klæddust honum ekki og hafi því frekar viljað gera þeim betur skil. Þeim hafi þótt minna til hluta koma sem þeir notuðu dagsdaglega – karlmannsfatnað. Í samfélagsumræðu (sem karlmenn stjórnðu) á 19. öld var mikil áhersla á að konur ættu að vera vel til hafðar. Þær væru meðal annars ásýnd eða spegill heimilisins – ef þær litu illa út átti það sama við um heimilið.⁵⁴⁹ Virðingarmenn hafa ekki farið varhluta af þeirri umræðu en ætla má að fleiri þættir hafi einnig spilað inn í hvernig framganga þeirra var við embættisstörf. Líklegast þykir að áhugi, viðhorf til kvenna og stöðu þeirra hafi allt í senn haft áhrif. Það er því ljóst að þetta var ekki klippt og skorið. Í hið minnsta var fatnaður handverk kvenna og hann var metinn að verðleikum sínum, fyrir vandaða gripi fékkst betra verð og svo öfugt.

Rúmfatnaður

Algengasti rúmfatnaður ekkna voru rekkjuvoð, brekán, koggi og sæng. Alls komu fyrir 337 munir sem voru notaðir til svefns og hvílu, sem þýðir að hver ekkja skildi að meðaltali eftir sig tíu hluti í þessum gripaflokki. Það er ögn meira en bændur áttu, sem var um níu rúmföt en hjúin aðeins þrjú. Athyglisvert er að sjá að eignafærslurnar eru mun færri, eða um 212 talsins og flestar þeirra hjá elstu ekkjunum, eða 78 dálkar:

Tafla 36. Ekkjur: Algengur rúmfatnaður.

Rúmfatnaður	Fjöldi
Rekkjuvoðir	74
Brekán	54
Koggi	54

⁵⁴⁸ Sjá meðal annars: Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 73–116; Tucker og Svanhildur Bogadóttir, „Gender, Memory and History. In One Culture and Across Others,“ 288 – 310; Ólafur Rastrick, „Í húð og hár,“ 117–142; Þorgerður Þorvaldsdóttir, „Af fegurðardísunum, ástandskonum og fjallkonum,“ 493–506.

⁵⁴⁹ Sjá meðal annars viðhorf til kvenna: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 67–98 og 180–338; Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*.

Sæng	36
Sængurver	15
Rúmskinn	11
Rúm	11
Koddaver	10
Gæruskinn	9
Ábreiða	8
Yfirsæng	6
Teppi	5
Sessa	5
Undirsæng	4
Flíkur	4
Skinn	4
Rúmgætur	4
Sængurdýna	3

Af rúmfatnaði ekkanna má helst ráða hve fjölbreyttur flokkurinn er með tilliti til hinna tveggja hópanna. Hér eru hlutir eins og hægindi, beddi, flet og barnsvagga, sem er ekki að finna annars staðar. Ástæðurnar fyrir þessu gæti verið ítarlegra vinnulag virðingarmanna eða tilviljun hvað varðar úrtak ekkna í rannsókninni.

Vekja má athygli á tveimur gripum í eigu kvennanna sem eru óvenjulegir fyrir nokkrar sakir. Í fyrsta lagi eru það sessur sem voru í fimm dánarbúsuppskriftum hér en engar hjá bændum og þrjár talsins hjá vinnuhjúum. Þetta er athyglisvert að því leyti að ætla mætti að slíkur munur ætti einnig að finnast hjá bændum þar sem sessur hafi verið bæði til skrauts og til aukinna þæginda fyrir svefn og vinnu. „Fiðursessa á 64 sk.“ í eigu Kristínar Gísladóttur í Lúnansholti hefur verið notuð til að auðga baðstofubraginn en einnig hefur verið mjúkt að halla sér að henni.⁵⁵⁰ Sessur hafa einnig komið sér vel til að bæta vinnustellingar við handavinnu og til að bólstra stóla eða bak þeirra. Hér má einnig varpa fram þeim möguleika að sessur hafi verið einar af þeim hlutum sem fremur tilheyra konum. Þær sessur sem komu fram hér í þessari rannsókn tilheyrðu allar konum – ekkjum og vinnukonum.

⁵⁵⁰ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/7,44: 287. Fylgiskjöl, dánarbú 1858.

Hlutverk þeirra er ekki alveg á hreinu en trúlega voru þær notaðar bæði til þægindaauka og þrýði ásamt því að vera fremur kvenleg eign.

Í öðru lagi er um að ræða hlut sem var afar sjaldgæfur og er aðeins um tvö eintök að ræða í þeim rúmlega hundrað dánarbúsuppskriftum sem hér voru greindar. Hjá tveimur ungum ekkjum er barnsvagga tiltekin. Hjá Helgu Guðmundsdóttur í Óslandi er að finna „barnsvagga og lítill koddi“ sem ætla má að hafi fylgt vöggunni og ekki var verðið hátt fyrir bæði, aðeins 12 sk.⁵⁵¹ Önnur vagga eða „barnsrugga“ er í dánarbúsuppskrift Sigurlaugar Ólafsdóttur, sem lést 35 ára á Ketilsstöðum í Dalasýslu, árið 1866.⁵⁵² Af þeim dánarbúsuppskriftum sem hafa verið skoðaðar má ætla að vöggur hafi ekki verið algengar á 19. öld. Ef til vill hafi foreldrar kosið að hafa þau uppi í rúmi til að þau myndu njóta hitans af móður sinni (og öðrum). Þó má benda á að hlutir tengdir ungabörnum eða börnum almennt eru sama sem engir í dánarbúsuppskriftunum.

Sú eyða er forvitnileg að því leytnu að þetta eru allt hlutir sem hefðu átt að vera til á heimilum þar sem barna naut við (sem var nánast hvert heimili). Það verður því að teljast líklegt að vöggur hafi verið til á bæjum þar sem ungabörn voru. Þær komu að góðu gagni enda notaðar til að „vagga börnum í svefn“ sem og til að leggja þau frá sér meðan mæðurnar lágu sængurleguna eða sinntu öðrum verkum. Sé litið til orðanotkunar í íslensku máli koma vöggur oft fyrir og eru málshættir sem og orðatiltæki sem innihalda orðið *vagga* algeng.⁵⁵³ Slíkt gefur til kynna að þær hafi verið nokkuð útbreiddar eða í hið minnsta notaðar töluvert.

Þegar meðalstærð heimila er skoðuð sést að sængurfatnaður hefur ekki allur verið talinn fram með tilliti til þess fjölda sem talinn er að hafi búið undir sama þaki. Það sama átti við um rúmfatnað bænda en hér gæti raunin verið að „meðalþú“ dánarbúsuppskriftanna séu minni en þau meðalþú sem rætt er um út frá opinberum lýðfræðilegum tölum. Samkvæmt opinberum gögnum sem meðal annars Gísli Ágúst Gunnlaugsson rannsakaði voru að meðaltali fimm til sjö einstaklingar saman á heimili á 19. öld. Þar voru á ferðinni fyrst og fremst hjón, börn, hjú, skyldmenni eða aðrir. Rannsókn hans leiddi einnig í ljós töluverðan mun á heimilisstærð eftir landfræðilegri legu bæjanna. Þau bú sem voru við sjávarsíðuna og reiddu sig á afkomu tengda sjósókn voru minni en þau sem voru staðsett í innsveitum landsins og drógu lífsviðurværi sitt af landbúnaði.⁵⁵⁴

⁵⁵¹ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/13,4: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁵⁵² ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁵⁵³ Sjá til dæmis Ritmálasafn orðabókar Háskólans og *Mergur málsins*.

⁵⁵⁴ Í rannsókn Gísla Ágúst má sjá að í byrjun 19. aldar voru bæir við sjávarsíðuna með 5,48 einstaklinga í heimili en í innsveitum voru það 7,05. Um miðja öldina stækkar bilið eða frá 5 til 7,9. Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 65–74 og 125–131; *Hagskinna*, 140.

Í heimilishaldi ekkna má því draga einn einstakling frá þessu meðaltali – eiginmanninn – þrátt fyrir það vantar enn upp á þar til gerðan fjölda rúmfatnaðar. Þórunn Sigurðardóttir á Höll skildi þó eftir sig meðal annars tvær sængur, fimm rekkjuvoðir, fjögur brekán og fimm kotta, sem ber þess merki að þar hafi fjórir til sjö einstaklingar getað sofið.⁵⁵⁵ Sigríður Vigfúsdóttir, sem lést 73 ára á Hvoli í Árnessýslu árið 1884, hefur einnig átt lín fyrir allt að sex manns og jafnvel átta. Í hennar eigu er að finna tvær sængur sem sitthvor er metin á 8 kr. ásamt sex rekkjuvoðum, tveimur brekánum og kotta.⁵⁵⁶ Oftast er þó um að ræða búnað fyrir tvo til fjóra og jafnvel niður í aðeins einn einstakling, líklegast ekkjuna sjálfa.

Aðeins eitt „alfært“ rúm er að finna í hópi ekknanna en þó eru nokkur rúm virt stök. „Alfært rúm nýlegt á 6 rbd.“ var í eigu Ingibjargar Einarsdóttur á Hermundarfelli í Þingeyjarsýslu sem lést 25 ára, árið 1848. Auk rúmsins átti hún „boldángssængur ver nýtt á 4 rbd.“ og nýja danska ábreiðu á 1 rbd. og 48 sk.⁵⁵⁷ Í dánarbúsuppskrift Ólafar Hákonardóttur, sem lést 74 ára í Rot efri í Rangárvallasýslu árið 1819, má finna fremur nákvæma lýsingu af svefnaðstöðu heimilisins. Meðal eignanna var eftirfarandi rúmfatnaður:

Utasta rúm í baðstofu	32 sk.
3 dto [rúm] innar	1 rbd. 48 sk.
1 brekán og 2 rekkjuvoðir í innsta rúmi	2 rbd.
Dto þar næst í rúmi norðan megin 2 rekkjuvoðir og 1 brekán	2 rbd.
Dto 3ja í suður rúmi 2 rekkjuvoðir og 1 brekán	1 rbd.
7 gæruskinn	28 sk.
Koddi	48 sk. ⁵⁵⁸

Hér sést að í baðstofunni hafa verið fjögur rúm og sængurfatnaður talinn fram í þremur rúmum. Því má ímynda sér að í fjórða rúminu hafi verið rúmfatnaður sem einhver utanaðkomandi (hjú til dæmis) átti og notaði. Í manntalinu árið 1816 má sjá að fimm einstaklingar bjuggu í Rot efri. Þar er Ólöf búsett sem húsmóðir og ekkja, ásamt þremur vinnuhjúum og einum sex ára niðursetningi.⁵⁵⁹ Því væri hugsanlegt fyrirkomulag þannig að vinnumennirnir tveir hafi sofið öðrum megin í baðstofunni

⁵⁵⁵ Þí. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁵⁵⁶ Þí. Sýsl. Árnessýsla. ED2/10,1: 516. Fylgiskjöl, dánarbú 1884.

⁵⁵⁷ Þí. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 37. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁵⁵⁸ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,10: 330. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

⁵⁵⁹ Vef. „Manntalið 1816“. Undir Rangárvallasýsla og Efri-Rot.

og hinum megin hafi Ólöf og vinnukonan ásamt litla drengnum verið. Slíkt skipulag þekktist í íslenskum baðstofum eins og Anna Lís Rúnarsdóttir lýsir í skýrslu sinni um efnismenningu í íslenskum torfbæjum. Þar ræðir hún meðal annars hvernig svefnrýmin gátu verið skipt upp eða stúkuð af eftir aldri, kyni og stöðu.⁵⁶⁰ Ólöf hefur þó einnig getað tekið gesti í gistingu eða sofið sér, því jafnframt átti hún „rúmstæði, brekán, af baðstofu á 2 rbd.“⁵⁶¹

Ekki voru ýkja mikil verðmæti í rúmfatnaði Ólafar en þau gátu verið umtalsverð hjá ekkjunum í þessum gripaflokki. Catrine Svane í Reykjavík átti sem dæmi ekki mörg sængurföt en þeim mun dýrari. Mestu verðmæti í sængurfatnaði er hér að finna: „topsæng með omsæng og teppe á 24 rbd.“ ásamt tveimur öðrum dúnyfylltum „overdyne“, sitthvor á 16 rbd.⁵⁶² Mikil verðmæti voru fólgin í sængum og er slíkur hlutur oftast dýrasta eign ekknanna (16 talsins) í þessum gripaflokki og verð þeirra oftast um 6 rd. Dýnur og sængur Catrine voru því talsvert veglegar miðað við annan rúmfatnað í fórum ekknanna (sem og annarra). Það er því eins með fatnað Catrine að efnisleg gæði hennar hafa verið verulega frábrugðin því sem fyrirfannst á íslenskum heimilum.

Fjöldi eigna ekknanna hefur hingað til verið mitt á milli bænda og vinnuhjúa en hér er breyting á. Í þessum gripaflokki mátti sjá að rúmfatnaður ekkna var fremur líkur að fjölda og gæðum því sem sjá mátti í eigu bænda. Sængurfatnaður var þriðji minnsti gripaflokkurinn hjá ekkjum svo ekki er um mjög stóran flokk að ræða. Þetta voru þó mikilvægar eigur sem héldu hita í fólki sem til dæmis lá á sjúkrabeði eða þegar allir lögðust í rekkju til svefns. Einangrunarhlutverk rúmklæða er óumdeilanlegt og mestmegnis er um að ræða fatnað úr ull sem oft var fylltur með enn meiri ull eða jafnvel fiðri ef því var að skipta. Sængurnar og koddarnir voru oft klædd með boldángsverum, sem var sterkt þéttofið léreft sem hefur verið mýkra viðkomu en ullin (sem þó var nóg af).⁵⁶³ Þannig gátu sængur eða brekán (ábreiður) verið fagurlega skreyttar, með munstri eða jafnvel salúnsofnar. Katrín Bjarnadóttur, sem dó 45 ára á Höfðaströnd, Ísafjarðarsýsla árið 1864, átti til að mynda bæði blá- og rauðröndótt sængur- og koddaverasett.⁵⁶⁴

⁵⁶⁰ Anna Lís Rúnarsdóttir, „Á tímum torfbæja,“ 39–41. Sjá einnig um torfbæinn: Hörður Ágústsson. „Íslenski torfbærinn,“ 227–344; Hjörleifur Stefánsson, *Hvílíkt torf – tóm steypa!*.

⁵⁶¹ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,10: 330. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

⁵⁶² ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

⁵⁶³ Sjá meðal annars: Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, 9–12; Þjms. Þjóðhættir. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4453; Þjms. Þjóðhættir. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4441.

⁵⁶⁴ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,19: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1864.

Þessi smáatriði hafa sett sinn svip á híbýli ekknanna enda var baðstofan helsti íverustaður bæjanna. Það hefur því þótt prýði að góðu og vönduðu handverki þegar kom að rúmfatnaði á þessum tíma. Verðmæti hans voru því bæði falin í fagurfræðilegum sjónarmiðum, efnisvali til prýði og hagnýtra eiginleika sem og persónulegu gildi hans fyrir notendur. En öðrum munum var flaggað í baðstofum Íslendinga eins og hirslum sem meðal annars hafa geymt þann rúmfatnað sem var ekki í notkun.

Hirslur

Í öllum þremur hópunum eru fimm hirslur áberandi: kista, kistill, stokkur, skrína og askja. Hið mikla magn sýnir hve drjúgt notagildi þessara muna var, það er bæði til flutninga og geymslu inni á heimilum. Hjá ekkjunum komu fram 17 gerðir af hirslum, sem er meira en hjá hinum tveimur hópunum.⁵⁶⁵ Hlutir eins og taska og karfa voru meðal íláta sem ekki var að sjá annars staðar en þó verður að taka fram að körfur voru einnig stundum flokkaðar sem búsgögn.

Af þeim 218 ílátum sem þær skildu eftir sig eru kistur (eins og hjá öðrum) langalgengastar og eiga allar nema tvær slíkt þarfaping. Að meðaltali átti hver ekkja tæpar sjö hirslur. Í aðeins einni dánarbúsuppskrift er engar hirslur að finna, hjá Kristínu Sveinsdóttur, sem dó 71 árs á Egilsstöðum, Norður-Múlasýslu árið 1837. Rétt er að benda á að hún bjó í skjóli sonar síns og rak ekki bú, sem hefur minnkað þörf hennar á gamals aldri að þurfa að ferðast á milli bæja.⁵⁶⁶ Hún hefur því verið alfarið á framfæri sonar síns og skildi fábrotið dánarbú eftir sig. Hér að neðan má sjá tæmandi lista yfir fjölda þeirra hirslna sem voru í eigu ekknanna:

Tafla 37. Ekkjur: Algengar hirslur.

Hirslur	Fjöldi
Kista	72
Kistill	31
Stokkur	28
Skrína	16
Askja	14
Kassi	14
Vasi	9

⁵⁶⁵ Hjá vinnuhjúum voru 12 gerðir hirslna og hjá bændum 14 talsins.

⁵⁶⁶ Þí. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

Skápur	7
Lár	6
Skjóða	5
Koffort	5
Prjónastokkur	3
Taska	2
Laupur	2
Karfa	2
Sár	1
Kommóða	1

Hirslurnar komu fram í 169 eignadálkum þar sem yngsti hópurinn var með flestar færslurnar eða 59 talsins, þær miðaldra 58 dálka og þær elstu voru með 52. Sigurlaug Ólafsdóttir á Ketilsstöðum skildi mest eftir sig í þessum gripaflokki en í hennar eigu voru 17 hirslur eins og „skjóða með bringufiðri...“, „kassi læstur“ og „skrína með rusli“. Dýrasta hirsla hennar var „kista íslensk no. 1 á 4 rd.“, sem var algengt virði á dýrustu hirslum ekkanna. Þær voru yfirleitt á bilinu 2–4 rd.⁵⁶⁷ Enn og aftur stendur gripur í eigu Catrine Svane í Reykjavík upp úr hvað varðar gæði og verð en í hennar eigu var að finna „1 stor egedragkiste á 16 rbd.“, sem þýða má sem eikardragkistu eða kommóðu. Ljóst er að hvort sem um ræðir kommóðu eða dragkistu er verðið verulega langt yfir almennu verði hirslna og benda má á að aðrar hirslur Catrine eru einnig ríflegar.⁵⁶⁸

Óþarfi er að rekja aftur hversdagslegt gildi hirslna sem snerist að miklu leyti um að flytja búslóðir, geyma þær eða vera húsgagn innan veggja heimilisins. Af hirslum ekkanna má sjá að þær voru ekki ýkja frábrugðnar því sem áður hefur verið fjallað um í hinum hópunum. Hér er því tækifæri til að draga fram einstakan hlut og varpa ljósi á notkun og þýðingu hans fyrir notendur þeirra. Því hér kemur fram sérstaklega einn gripur sem er að finna í dánarbúum sjö ekkna. Verðið er ekki ýkja hátt eða á bilinu 3 sk. og upp í ríkisdal. Um er að ræða vasa eða kvenvasa eins og þeim er stundum lýst í dánarbúsuppskriftunum. „Laus kvenvasi 3 sk.“ er á meðal hirslna Þórunnar Erlendsdóttur í Kelduneskoti sem hefur verið notaður líkt og taska eða veski á 19. öld (og fyrr).⁵⁶⁹ Athyglisvert er að

⁵⁶⁷ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁵⁶⁸ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

⁵⁶⁹ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/2,4: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1821.

engir vasar eru tilteknir hjá bændahópnum en sex talsins hjá vinnukonum og allir í eigu kvenna. Það mætti því leiða að því líkum að þetta sé sérstök eign kvenna og ekkert endilega talin með í dánarbúum bændakvenna þar sem bú þeirra hafa búið yfir fleiri efnislegum gæðum til virðingar.

Vasi var hálfgerð skjóða eða poki sem var af ýmsum stærðum og gerðum. Ýmist var hann bundinn um mitti kvenna með bandi þar sem hann hékk niður eftir lærinu, annað hvort undir svuntunni eða einu pilsinu, eða utan yfir þeim. Konur notuðu þá til að geyma smáhluti í á meðan þær ferðuðust, sinntu erindum eða heima við. Þórunn Sigurðardóttir í Höll átti til að mynda vasa „með skærum, hníf o.fl.“, tveir vasar Kristínar Gísladóttur á Lúnansholti innihéldu „smá dót“ og vasi Guðrúnar Hermannsdóttur, sem lést úr vatnssýki 27 ára í Skarðdal, Eyjafjarðarsýslu árið 1847, var „með spæni og skjærum“.⁵⁷⁰ Í dánarbúsuppskriftunum er gerðum vasanna ekki lýst, en aðeins eru tveir vasar framsettir sem „bláir kvennvasar“ hjá Þórunni Sigurðardóttur.⁵⁷¹ Líklegt er þó að þeir hafi verið úr sambærilegum efnum og pils eða svuntur kvennanna svo þeir myndu falla betur að klæðnaði þeirra. Þó eru það getgátur og ótal möguleikar fyrir hendi úr hverju þeir hafa verið. Léreft kemur til greina sem og ull þar sem það efni var algengasta fataefni hér á landi, sé litið til klæðnaðar yfirhöfuð í dánarbúsuppskriftunum. Endurnýjun efna eða nýting þeirra hefur einnig áhrif en hægt er að gera sér í hugarlund að vasar hafi verið saumaðir úr afgangsefni eftir saumaskap eða prjónles flíka.

Konur hafi þar af leiðandi haft tækifæri á að skreyta þá með til að mynda útsaumi og jafnvel merkt sér þá eins og sjá má í gagnasafninu *Sarpi* ef leitað er eftir orðinu *vasi*.⁵⁷² Í bók sagnfræðinganna Barbara Burman og Ariane Fennetaux, *The Pocket*, er umfjöllunarefnið vasar kvenna á tímabilinu 1660–1900. Þar fara þær yfir sögu vasa með tilliti til meðal annars notkunar þeirra, efnis og gerðar ásamt því að segja frá hvernig hluti konur gátu geymt í þeim. Það sem er þó athyglisverðast í umfjölluninni eru rök þeirra um hvernig þessi litli poki gat verið tilraun kvenna til að skapa sér einkarými. Með því að geyma persónulega hluti í vösum og hvernig þeir voru hluti af klæðaburði má sjá að með þessu hafi notendur þeirra skapað sitt eigið persónulega svæði. Það átti enginn utanaðkomandi erindi í vasa sem var falinn innan klæða eða stillt undir kotta viðkomandi eiganda. Konur gátu þannig falið hluti sem þær áttu eða vildu verja frá öðrum með því að geyma þá í vösum sínum. Burman og Fennetaux taka meðal annars dæmi af vösum sem voru tvískiptir. Öðrum

⁵⁷⁰ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846; ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/7,44: 287. Fylgiskjöl, dánarbú 1858; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. B/41,3: 32. Bréf 1847.

⁵⁷¹ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846

⁵⁷² Ef farið er inn á gagnasafn *Sarps* og leitað af „vasi“ koma nokkrir mismunandi vasar upp. Allt frá því að vera skreyttir með útsaumi eða vera einfaldir taupokar.

megin voru hlutir geymdir til að nota til vöruskipta eða verslunar og hinum megin einkaeigur eins og handavinnutól, skartgripir eða nesti.⁵⁷³ Þannig hafa ekkjurnar getað geymt ýmis konar smáhluti í vösum sínum eins og handavinnutól eða jafnvel mikilvæg skjöl og peninga.

Þeir vasar sem komu fyrir í dánarbúsuppskriftum ekknanna hafa flest allir verið frekar fábrottnir miðað við verð þeirra. Einn þeirra sker sig þó úr; „kvennvasi“ Hólmfríðar Jónsdóttur frá Arnarhóli sem metinn var á ríkisdal.⁵⁷⁴ Allir hinir voru metnir undir 10 sk. í verði svo ljóst er að hennar vasi var tífalt verðmætari og þar af leiðandi hlýtur sá að hafa verið ríkulegri í gerð eða efnum. Það sama á við um aðrar hirslur en verðmæti þeirra var falið í eiginleikum og smíð þeirra. Ef stokkur eða kista var læst kom það til hækkunar á verði, einnig ef þær voru skreyttar á einhvern hátt. Helga Eymundsdóttir, sem dó 48 ára á Eiði í Þingeyjarsýslu árið 1849, átti sem dæmi „danska kistu málaða á 7 rd.“ sem var ríflegt verð fyrir hirslu. Til samanburðar átti hún einnig „ómál[aða] kist[u] íslensk[a] á 2 rbd. og 48 sk.“⁵⁷⁵ Af þessu má sjá að útlitið gat skipt máli og hafa málaðar kistur eða koffort þótt stofustáss vegna eiginleika sinna sem meðal annars voru fólgnir í að fegra heimilið. Ennfremur má ætla að það sem innflutt var hafi verið hærra í verði en það sem var heimagert því það gat verið allur gangur á því hvort handtökin voru vönduð eður ei.

Hirslur voru (og eru) fyrst og fremst til að geyma aðra hluti í. Sá eiginleiki gaf notendum þeirra færi á að verja aðrar eigur fyrir hnjaski og/eða öðrum aðilum. Með því má segja að hirslurnar hafi verið notaðar til að skapa persónulegt rými innan veggja heimilisins með mismunandi gerðum þeirra. Þær eigur sem eigandinn taldi að þyldu ekki hið almenna rými sem baðstofa 19. aldar torfbæjanna var hafa verið geymdar í kistum, kistlum, vösum eða stokkum sem hægt var að læsa eða setja undir rúm eða kotta. En rétt er að benda á að það sem ekkjur hafa viljað skýla fyrir utanaðkomandi hefur ekki verið í öllum tilfalli fjársjóður heldur jafnvel oftast frekar persónulegir munir. Hlutir sem stóðu þeim nærri af einhverjum ástæðum. Hér er hægt að benda á erfðagripir sem höfðu tilfinningalegt gildi eða viðkvæma muni sem þóttu vera feimnismál eins og tíðaklæði eða getnaðarvarnir ef þær þekktust.⁵⁷⁶ Hirslur voru því afar hagnýtar eigur á 19. öld og sköpuðu eigendum sínum rými fyrir einkamál sín í sameiginlegu svæði heimilismanna í baðstofunni.

⁵⁷³ Burman og Fennetaux, *The Pocket*.

⁵⁷⁴ ÞÍ. Sýsl. Snæfells- og Hnappadalssýsla. ED2/6,5: 44. Fylgiskjöl, dánarbú 1838.

⁵⁷⁵ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 20. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

⁵⁷⁶ Sjá umfjöllun um takmarkanir á barneignum í meðal annars: Kristín Ástgeirsdóttir, „Fyrst og fremst einkamál kvenna“. Fræðsla um takmarkanir barneigna á Íslandi 1880–1960,“ 50–66.

Búsgögn

Á liðnum öldum hefur verið álitíð að þau störf sem snúa að eldamennsku og þrifum hafi tilheyrt verksviði kvenna og í seinni tíð jafnvel rætt um það hlutverk í niðrandi merkingu. Frasar á borð við að konur „eigi heima í eldhúsinu“ eða „á bak við eldavélina“ fara þar framarlega í að gera lítið úr þessu verksviði heimilisins (sem og konum). Raunveruleiki 19. aldar var annar og á þeim tíma þóttu þessi störf vera ein af mikilvægustu verkum búnsins enda var framleiðsla þess byggð á afurðarvinnslu og matargerð. Húsmæðrum og öðrum sem komu að þessum störfum var því sýnd mikil ábyrgð þegar kom að því að meðhöndla matvælaafurðir búnsins. Hagnýting, sparsemi og þekking á matargerð var því vafalaust stór kostur í fari kvenna.⁵⁷⁷ Huga þurfti að því að láta matinn duga út árið fyrir meðlimi heimilisins, þekkja þurfti geymsluaðferðir matvæla eins og súrsun og söltun sem og að koma tilfallandi afurðum í verð. Vandasamt hlutverk sem líklegast hefur farið húsmæðrum misvel úr hendi.

Í gripaflokknum komu alls 922 hlutir fram í 435 færslum. Flestir eignadálkarnir voru í eigu þeirra sem miðaldra voru eða 181 talsins, þær yngstu voru skráðar með 147 og minnst áttu þær sem elstar voru eða 107 dálka. Hér í töflunni fyrir neðan má sjá hvernig magn algengustu búsgagna skiptist niður en alls var 86 gerðum af þeim lýst hjá ekkjunum:

Tafla 38. Ekkjur: Algeng búsgögn.

Búsgögn	Fjöldi
Trog	127
Fata	75
Pottur	62
Tunna	58
Askur	52
Kerald	36
Kolla	30
Skál	26
Skjóla	24
Spónn	20
Diskur	20
Kaggi	20
Strokkur	19

⁵⁷⁷ Sjá dæmi um viðhorf til kvenna á þessum tíma: Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*.

Kútur	18
Hyrna/hyrningar	17
Kvartil	17
Bollapör	17
Ketill	17
Sár	16

Að meðaltali voru rúmir 13 eignadálkar hjá hverri ekkju en sé litið til magnsins voru tæp 28 búsgögn í hverju búi. Ingibjörg Jónsdóttir, sem dó 75 ára í Syðrivík, Norður-Múlasýslu árið 1852, var eina ekkjan sem skildi ekki eftir sig búsgögn en eigur hennar voru verulega fábrotnar. Sjá má í dánarbúsuppskrift hennar að hún hefur búið hjá syni sínum, Jóhannesi Einarssyni, sem líklegast hefur haft móður sína á framfæri sínu.⁵⁷⁸ Sú tilgáta gæti útskýrt að einhverju leyti fáar eigur hennar þar sem hún var ekki í forsvari fyrir búið.

Í þessum gripaflokki verða meiri skil á milli þeirra 33 ekkna sem hér komu fyrir hvað varðar aðstæður þeirra. Það virðist sem svo að greina megji þrjá hópa eða stöðu meðal þessara kvenna. Í fyrsta lagi eru það ekkjurnar sem stóðu fyrir búi sínu og áttu hluti sem voru sambærilegir þeim sem sjá mátti í fórum bændanna. Í öðru lagi eru það þær sem ráku ekki bú sitt heldur voru á framfæri barna sinna en eigur þeirra voru svipaðar þeim efnum sem vinnuhjú bjuggu við – minni og færri. Að lokum eru það þær sem reiddu sig á innkomu frá öðrum atvinnuvegi en landbúnaði sem voru afskaplega fáar og aðeins ein hér. Sú ekkja sem átti mest af búsgögnum var Sigurlaug Ólafsdóttir á Ketilsstöðum en í dánarbúsuppskrift hennar komu fyrir 53 dálkar sem innihéldu 95 búsgögn. Meðal eigna hennar var „járnketill á 34 sk.“, „lagartunna með drukk á 1 rd. og 64 sk.“, „4 bollapör á 24 sk.“ og „tréskál, skyrgrind og strokkur á 32 sk. Verð þeirra er ekki ýkja mikið, eða á bilinu 6 sk. og upp í rúmlega 2 rd. í virði. Þó koma betri munir til virðingar eins og „silfurskeið og teskeið á 2 rd.“ og „hálfvættar panna á 2 rd. og 48 sk.“ sem jafnframt er dýrasta búsgagn Sigurlaugar.⁵⁷⁹

Í dánarbúi Katrínar Bjarnadóttur á Höfðaströnd frá árinu 1864 vekur uppsetning uppskriftarinnar hvað varðar gripaflokkinn athygli að því leytinu að þau búsgögn sem tilheyrðu eldamennsku voru talin upp saman. Það er að segja að í dálkum nr. 68–82 koma fyrir hlutir tengdir eldamennsku eins og sárir, keröld, pottur, ketill og trog. Næstu fimm færslurnar innihalda svo verkfæri en í næstu níu dálkunum kemur fyrir borðbúnaður, þar á meðal silfurskeiðar tvær, silfur-

⁵⁷⁸ Þí. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/4,11: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

⁵⁷⁹ Þí. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

og glerstaup, 2 leirdiskar og 2 bollapör en þessir munir hafa verið borðbúnaður búsins.⁵⁸⁰ Það má því ætla að þessi búsgögn hafi ekki verið í sama rými, eða að mati virðingarmanna hafi þótt nauðsyn að aðgreina þau út frá notkun þeirra.

Hugsanleg sviðsmynd væri sú að virðingarmenn hafi byrjað í búi eða eldhúsi bæjarins og þaðan farið yfir í stofu (baðstofu eða annað rými). Þar hafi blasað við þeim nokkur handavinnuverkfæri ásamt þeim borðbúnaði sem var af lýsingum að dæma brothættari og verðmætari en önnur búsgögn. Einnig gæti borðbúnaðurinn hafa verið geymdur í einhverri hirslu til að verja fyrir hnjaski enda var efni hlutanna viðkvæmara fyrir skakkaföllum – leir, silfur og gler. Þessi uppsetning skrifara er þó ekki óalgeng í dánarbúsuppskriftunum eða virðingu. Það er að öll búsgögnin eru ekki talin upp í einu en það sem er frábrugðið í búi Katrínar er hve glögg þessi skipting er á milli borðbúnaðar og eldhústóla. Í öðrum búum er kannski um að ræða einn og einn hlut sem kemur í lok uppskriftar eða inn á milli annara muna.

Dýrustu búsgögnin voru yfirleitt metin á milli 1–3 rd. og í flestum tilfellum voru það pottar (hjá níu ekkjum). Kaupmannsekkjan Catrine Svane í Reykjavík á verulega verðmæt búsgögn og öll yfir ríkisdal í verði en yfirleitt var það ekki raunin hjá stallsystrum hennar. Hún ber höfuð og herðar yfir aðra hvað varðar verðmæti og af þeim 13 færslum sem tilheyrðu gripaflokk þessum var heildarverð rúmlegir 101 rbd. Í eigu Catrine voru til dæmis þrjú kampavínsglös á 48 sk., silfurausa á 17 rbd. og 32 sk., silfurdiskur sem vóg 7 ½ lóð á 10 rbd. og sex matarskrínur („spiseskrine“) á hvorki meira né minna en 28 rbd. Rétt er að benda á að búsgögn Catrine eru öll úr silfri, gleri, kristal og kopar en slíkur efniviður var ekki algengur hjá öðrum ekkjum.⁵⁸¹ Oftast var um að ræða hluti úr viði, jární eða leir, sem útskýrir að hluta þann mikla mun á verðmætum sem var á dánarbúi Catrine í samanburði við aðrar.

Í töflunni hér að ofan má sjá algengustu búsgögnin og í samanburði við hina hópana eru hlutirnir hér sambærilegir við það sem bændur skildu eftir sig. Vissulega áttu bændur mun meira magn af þessum gripum, eða ca. 41 á hvern á meðan ekkjur áttu tæp 28 búsgögn. Ekki eru augljósar ástæður fyrir þessu en rétt er að benda á þær tvær helstu. Í fyrsta lagi eru ekkjur hér á meðal sem hafa verið á framfæri barna sinna og voru líklegri til að eiga færri hluti en aðrar í öllum gripaflokkum – jafnvel enga. Í öðru lagi má vænta þess að þegar eiginmaður þeirra féll frá hafi búið mögulega farið í gegnum uppboð eða skiptingu eigna á milli erfingja hans. Þar af leiðandi hafi minna magn af hlutum

⁵⁸⁰ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,19: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1864.

⁵⁸¹ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

verið í umsjá ekknanna eða með öðrum orðum, umsvif búsins minnkuðu. Þessi dvínandi efnahagur var áhyggjuefni fyrir yfirvöld því ef ekkjan gat ekki staðið fyrir búi sínu var meiri hætta á að hún og börn hennar enduðu „á hreppnum“. Það var því þrýstingur frá samfélaginu á að ekkjur kæmu sér aftur á framfæri annarra með því að giftast aftur, gerast hjú eða búa hjá börnum eða ættingjum sínum.⁵⁸² Þetta var því ekki staða sem þótti æskileg, að konur væru lengi í ekkjustandi til að koma í veg fyrir aukin útgjöld yfirvalda, auk þess sem að kyn þeirra var þeim ekki til framdráttar á opinberu sviði.

Í þessum gripaflokki er ekki að sjá að séu munir sem voru einkennandi fyrir ekkjurnar eins og vasarnir. Frekar er um að ræða búsgögn sem voru í minna magni en hjá bændum en ber þess merki hve stór hluti matargerð og afurðavinnsla var á heimilum þeirra: trog fyrir alls konar iðju eins og mjólkurvinnslu, framreiðslu kjöts eða til að geyma rusl í, ker, sáir, keröld og tunnur fyrir skyrgerð eða söltun og súrsun kjötmetis. Þuríður Eyjólfsdóttir, sem dó 49 ára á Valstrýtu í Rangárvallasýslu árið 1846, var til dæmis í skyrgerð eins og sjá má af búsgögnum hennar. „Kaggi með skyri“ ásamt þremur öðrum sýna slíkt en slíkur hlutur var í líkingu við tunnur með gati neðarlega til að hleypa mysu út meðan gert var upp – skyr búið til.⁵⁸³ Mysan sem féll til af skyrinu var síðan notuð til að sýra kjötafurðir eins og til dæmis slátur, lundabagga og bringukolla. Þannig var henni safnað í ílát eins og dall eða tunnu og kjötmetið látið liggja í til að lengja geymslutíma þeirra. Þannig hefur Valgerður Guðmundsdóttir á Geirmundarstöðum getað notað eitthvað af þremur tunnusáum, fjórum döllum og skyrgrind sem voru í hennar eigu til beggja verka.⁵⁸⁴ Fyrst hefur hún komið upphleyptri mjólkinni fyrir í einum tunnusánum, síðan sett hann ofan á skyrgrindina sem legið hefur ofan á dalli til að sía skyrið. Þannig gat hún tappað mysunni af í dallinn og látið kjöt liggja þar í eða notað mysuna til drykkjar, blandaða vatni.⁵⁸⁵

Pottar voru notaðir til að elda mat, sjóða og þrifa hluti eða jafnvel litunar á fatnaði. En til jurtalitunar þarf efnið að liggja í potti eða sambærilegu íláti yfir hita ásamt þar til gerðum grösum, jurtum eða plöntum til að kalla fram ákjósanlegan lit.⁵⁸⁶ Hlutir til að matast voru jafnframt sambærilegir þeim sem voru í fórum bænda eins og askar, skálar og kollur. Spónn virðist þó vera algengari hjá ekkjunum. Annað sem mætti nefna varðandi smærri búsgögn sem eru í meira magni

⁵⁸² Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum,“ 82; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð,“ 82–83; Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestekkna,“ 89–111.

⁵⁸³ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,35: 273. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁵⁸⁴ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/8,2: 142. Fylgiskjöl, dánarbú 1811.

⁵⁸⁵ Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslenskum torfbæjum*, 19–20.

⁵⁸⁶ Hjördís Kristjánsdóttir, „Jurtalitun,“ 3–5; Guðmundur Finnbogason, „Litun,“ 110–120.

hjá ekkjunum er að sumar þeirra stóðu ekki í forsvari fyrir búum sínum. Eigum þeirra svipar því meira til vinnuhjúa að því leytinu að minna er af búsgögnum í fórum þeirra. Tvær eldri ekkjur sem hér hafa verið nefndar í því tilliti voru þær Ingibjörg Jónsdóttir í Syðrivík og Kristín Sveinsdóttir á Egilsstöðum.⁵⁸⁷ Sú þriðja, Ljótunn Einarsdóttir á Hóli, átti sem dæmi aðeins eitt búsgagn: „50 marka pottur gamall 3 rbd.“⁵⁸⁸

Eigur ekkna í búsgögnum endurspeglar hversdagslífið í bændasamfélagi Íslands. Mikilvægi þessara hluta er ótvírætt þar sem þeir gerðu notendum sínum kleift að meðhöndla matvæli til einkaneyslu og til framleiðslu fyrir verslun/vöruskipti. Svipuð búsgögn er að finna meðal bænda enda sömu hættir til geymslu og framleiðslu þegar kom að matvælum. Eigurnar hér sýna hæga þróun efnismenningar hvað varðar mat og framleiðslu á 19. öld. Engin umskipti er að sjá á ofanverðri öldinni hvað varðar samsetningu eða gerð búsgagna. Kaffiáhöld, silfurborðbúnaður og annað sem hefur verið tengt við borgaralega siði er að finna í dánarbúum snemma á öldinni og seint – og allt þar á milli. Það mætti því draga þá ályktun að innreið slíkra áhalda hafi átt sér stað mun fyrr en oft hefur verið látið í veðri vaka þegar fjallað er um einkaneyslu Íslendinga frá þessum tíma.

Rannsókn Hrefnu Róbertsdóttur á munaðarvörum í íslenskum innflutningi í lok 18. aldar gefur slíkt einnig til kynna. Þar kom í ljós að verslunarbók frá árinu 1784 sýndi talsverðan munað hjá Íslendingum í matvöru á þeim tíma, sem er í andstöðu við þau rök að slíkar vörur hafi frekar verið notaðar í lok 19. aldar.⁵⁸⁹ Betri búsgögnin sem finna mátti í dánarbúsuppskrift Catrine Svane í Reykjavík eru til að mynda frá árinu 1811.⁵⁹⁰ Færa mætti rök fyrir að hennar búsgögn hafi ekki verið framleiðslutól eins og raunin var fyrir hinar ekkjurnar. Hennar innkoma kom frá annarri grein en landbúnaði – kaupmennsku sem hinn látni eiginmaður hennar hafði stundað. Búsgögnin voru í langflestum tilfellum þau tól sem fólk notaði til skapa innkomu sína ásamt því að gera því kleift að

⁵⁸⁷ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/4,11: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1852; ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

⁵⁸⁸ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/4,1: 18,3. Fylgiskjöl, dánarbú 1818.

⁵⁸⁹ Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning,“ 70–111. Sjá einnig: Ax, „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar,“ 63–90; *Lbs.–Hbs.* Helga Hlín Bjarnadóttir, „Þarflegir hlutir og þarfilitir“; Lýður Björnsson, „Hvað er það sem óhófinu ofbýður?“ 88–101. Sjá einnig umfjöllun fræðimanna sem benda til að þetta hafi átt sér mun síðar stað: Guðmundur Jónsson, „Hvenær varð neyslubjórðfélagið til?“, 76–78; Halldór Bjarnason, „Utanríkisverslun Íslands á seinni hluta 19. aldar,“ 203–209.

⁵⁹⁰ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

halda lífi (nærast). Þessi gripaflokkur og þeir sem nú koma til umfjöllunar eru sá efnisheimur sem sýnir á skarpari hátt hvernig aðstæður og staða ekknanna rétt fyrir andlát voru misjafnar.

Verkfæri

Þessi gripaflokkur er sá þriðji stærsti hjá ekkjum. Fjölbreytni eða gerð verkfæranna var jafnframt mikil og komu alls 98 tegundir fram, sem var ögn meira en hjá bændum, sem áttu 91 gerð. Handavinnuverkfærum fjölgar hér og eru til að mynda fjögur af 20 algengustu amboðunum af slíkum meiði. Gripir tengdir jarðrækt og umhirðu búfánaðar eru áberandi en afgerandi hlutfall þeirra er ekki eins og hjá bændum. Rétt er að rifja það upp að verkfæraeign vinnuhjúa var allt önnur, bæði að umfangi og gerð hlutanna. Þeirra eign fólst meira í hlutum sem sneru að handa- og smíðavinnu frekar en búskap og veiðum. Í töflunni hér að neðan má sjá algengustu gerðir amboða í eigu ekkna:

Tafla 39. Ekkjur: Algeng verkfæri.

Verkfæri	Fjöldi
Reipi	48
Hrífa	34
Rokkur	28
Orf	28
Meis	28
Ljár	26
Hamar	23
Kambur	22
Kláfur	22
Hnífur	21
Hrip	18
Færigrind/kví	17
Prjónar	16
Ljáspík	15
Laupur	14
Exi	14
Nál	13
Páll	12

Nafar	11
Hornhagldir	11

Í heildina komu 684 verkfæri fram í 294 dálkum í dánarbúsuppskriftum ekkna, sem gerir að meðaltali rúm 20 tól á hverja konu og ca. átta dálka. Sú sem átti flest amboðin var Ólöf Hákonardóttir í Rot efri en hún skildi eftir sig 32 færslur af verkfærum – alls 86. Hennar tól eru að mörgu leyti lík þeim er sáust í fórum bænda en sem dæmi átti hún fjórar rekur, þrjár kvíslar, 14 hestahárs- og bandreipi, færi, sjö tréhrip, börur, ljádengsluhamar og stingsög. Aðeins voru þrjú handavinnuverkfæri virt hjá Ólöfu: þrjú vettlingaprjónar, togkambar og skæri.⁵⁹¹

Verkfæraeign kvennanna er mest meðal þeirra sem miðaldra voru en minnst hjá þeim yngstu. Athyglisvert er að tiltölulega margar ekkjur miðað við heildarfjölda eiga ekki nein amboð, eða sex af 33. Hér er ýmislegt sem spilar inn í og má fyrst og fremst nefna að sumar af elstu ekkjunum voru komnar í þá stöðu að vera á framfæri barna sinna. Eigur þeirra voru því að mörgu leyti líkar þeim sem komu fyrir í dánarbúsuppskrift vinnuhjúa – það er að minna er af verkfærum. Fjórar af elstu ekkjunum áttu engin amboð, ein í miðhópnum og ein í þeim yngsta. Þess ber að geta að virðingarmenn gætu hafa séð önnur verðmæti í dánarbúum þeirra eins og fasteignir og þar af leiðandi sleppt hlutum sem einfaldlega var minna varið í. Yngri ekkjur sem áttu lítið af hlutum í þeim gripaflokkum sem nú fylgja gætu einnig hafa verið á leið í vinnumennsku. Við andlát þeirra hafi þær getað verið á þeim tímapunkti að þurfa að gerast hjú við næstu fardaga og láta búið af hendi. Ennfremur gátu ekkjur verið vinnukonur, eins og Guðrún Hermannsdóttir á Skarðdal en eigur hennar eru fremur fábrotnar og svipar til efnisheims vinnuhjúa – enda gegndi hún þeirri stöðu þótt hún hafi verið skráð sem ekkja.

Maður Guðrúnar hafði dáið árið áður (1846) og börn þeirra tvö voru niðursetningar á Hvanneyrarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.⁵⁹² Samkvæmt manntali árið 1845 var maður hennar, Gísli Þorvaldsson, húsmáður á Kálfsá og hún vinnukona á sama bæ.⁵⁹³ Þar sem Guðrún hafði verið gift húsmanni voru aðstæður hennar frábrugðnar öðrum ekkjum að því leyti að hún tók ekki við hefðbundnu búi eftir fráfall Gísla sem var í skilningi laganna ekki bóndi. Því um húsmenn gildi að þeir gátu staðið fyrir mjög smáu búi með einhvern búpening en algengast var að þeir leigðu eða bjuggu inn á býlum bænda. Þar unnu þeir einhver verk en var frjálst að fara í aðra vinnu eins og í þéttbýli

⁵⁹¹ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,10: 330. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

⁵⁹² ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. B/41,3: 32. Bréf 1847.

⁵⁹³ ÞÍ. Rtk. Húnavatnssýsla–Eyjafjarðarsýsla. AC/4,1,1: 8. Manntalið 1845.

eða hjá öðrum bændum sem oft var sniðin að árstíðum eða þörfum hvers og eins. Húsmenn voru því ekki bundnir sömu kvöðum og vinnuhjú – þeir gátu til að mynda gift sig og ferðast á milli án sérstaks leyfis.⁵⁹⁴ Þá sýna eigur Guðrúnar við hve mikla örbirgð þau hafa búið, ásamt því að yfirvöld höfðu tekið börn hennar af henni við andlát föður þeirra.

Amboðaeign Guðrúnar var heldur ekki mikil, aðeins ullarkambar og skæri örfárna skildinga virði.⁵⁹⁵ Slík eign meðal ekkanna var ekki einsdæmi og er greinilegur munur á verði verkfæra bænda og ekkna. Verðmætustu amboð bænda voru oftast metin á 4 rd., hjá ekkjunum var það hins vegar helmingi lægri tala. Ástæðurnar fyrir þessu snúa ef til vill að samsetningu eða gerð hlutanna hér í þessum flokki. Það er að ekkjurnar áttu í flestum tilfellum frekar búskapar- og handavinnutól eins og hrífu, reipi, rokk, orf og kamb – allt hlutir sem voru ekki ýkja dýrir. Veiðarfæri og smiðjutól virðast hafa verið verðmeiri, eins og „selnótar slitur á 4 rbd.“ í eigu Helgu Eymundsdóttur á Eiði eða „lítill og lítið brúkaður steðji á 3 rbd.“ hjá Ljótunni Einarsdóttur á Hóli.⁵⁹⁶ Verkfærin voru ekki ýkja verðmæt hvert og eitt en þó er eitt amboð hér sem var alltaf metið á nokkra ríkisdali bæði hjá ekkjum og bændum – vefstólar. Þeir virðast hafa verið dýrir og þeir þrír sem komu fram hér voru metnir á 3 og 5 rd. en sá þriðji á 16 kr. Þeim dýrasta var lýst á eftirfarandi hátt: „vefstaður með öllu tilheyrandi“ og var í dánarbúi Sigríðar Vigfúsdóttur á Hvoli.⁵⁹⁷

Af lýsingum vefstólanna eða vefstaðanna er ekki ljóst hvort þar hafi verið á ferðinni gömlu kljásteynavefstaðirnir sem Íslendingar notuðu lengi vel eða „hinir dönsku“ sem heimildir herma að hafi komið til landsins á 18. öld. Komu til dæmis þrír danskir vefstólar að Leirá sem hluti af vefarasmíðju árið 1751. Síðar færðist þessi starfsemi til Reykjavíkur og varð hluti af Innréttungunum þar sem ullarvinnsla var meðal annars rekin í hálfra öld (ca. 1752–1803). Talið er að þessi iðnaður hafi breitt út þekkinguna sem þurfti til að vinna á vefstólum og hafi þannig dreifst um landið á 19. öld með aukinni kunnáttu og vefstólaeign almennings.⁵⁹⁸ Ekki er að sjá að þetta sé mjög útbreiddur

⁵⁹⁴ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 33 og 97; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 61–62; *Lovsamling for Island*, IV: 683–686; *Lovsamling for Island*, XVIII: 549–553; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálftætt fólk?*, 169–177.

⁵⁹⁵ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. B/41,3: 32. Bréf 1847.

⁵⁹⁶ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 20. Fylgiskjöl, dánarbú 1849; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/4,1: 18,3. Fylgiskjöl, dánarbú 1818.

⁵⁹⁷ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/10,1: 516. Fylgiskjöl, dánarbú 1884. Rétt er að benda á að vefstaðurinn var tiltekinn í krónum í búi Sigríðar en á þessum tíma má reikna með að 16 krónur hafi verið 8 rd. virði.

⁵⁹⁸ Sjá meðal annars: Elsa E. Guðjónsson, „Um vefstóla og vefara á Íslandi á 18. og 19. öld,“ 5–50; Lýður Björnsson, „Við vefstól og rokk,“ 179–221.

hlutur í dánarbúsuppskriftunum enda fremur fyrirferðarmikill og hefur því hentað illa í litlum rýmum sem og til flutninga.

Athygli vekur að rætt er um vefstól og vefstað í uppskriftum, en samkvæmt Elsu E. Guðjónsson textílfraeðingi, blandaðist notkun þessara hugtaka saman á 19. og 20. öld. Í grein hennar um vefnað hér á landi á 18. og 19. öld segir hún að yfirleitt hafi lóðrétti vefstóllinn verið kallaður vefstaður. Það er að vefstaður hafi verið sá þar sem notendur hafi staðið við vefnaðinn en setið við vefstóla. Ekkert er þó fast í hendi því til dæmis spilaði mismunandi orðanotkun milli landshluta inn í hvort var rætt um stóla eða staði en svo virðist sem að orðið vefstóll taki yfir þegar líða fór á 19. öldina. Þá orðnotkun má rekja til þeirra vinsælda sem slík gerð naut á þeim tíma enda þóttu þeir afkastameiri og þægilegri en kljásteynavefstaðirnir.⁵⁹⁹

Þrátt fyrir að minna sé um vefstóla í eigu ekknanna fjölgar handavinnutólum á þeirra höndum. Ekki er aðeins um að ræða magn heldur dreifast hlutirnir á hendur fleiri einstaklinga. Sjö ekkjur eiga sem dæmi þrjóna, níu þeirra snældu/snældustóla, fjórar nálarhús og tíu skæri. Til samanburðar voru þrjónar og nálarhús hjá tveimur bændum, þrír/þrjú áttu snældur og aðeins ein skæri voru metin hjá þeim hópi. Ekki var hátt verð á þessum smámunum en af einhverjum ástæðum eru þeir frekar tíndir til virðingar hjá ekkjum og vinnukonum. Oftast var rokkur verðmætasta verkfæri ekknanna, eða níu þeirra, en alls voru 28 rokkar í fórum 20 ekkna. Af þeim 28 verkfærum sem voru í eigu Sólveigar Magnúsdóttur, sem dó fimmtug í Hæðagarði í Skaftafellssýslu árið 1846, var næstdýrasta verkfæri hennar „2 rokkskrifli á 4 m.“⁶⁰⁰ Ögn betri rokkar voru í eigu Sigríðar Vigfúsdóttur á Hvoli en hún átti tvo „rokk[a]“ og einn „hamprokk“, hvor á tæpa 2 rd.⁶⁰¹ Dýrasti rokkurinn var í eigu Ingibjargar Einarsdóttur á Hermundarfelli en þar var „brúnn rokkur nýlegur með 2ur snældustólum á 2 rbd.“, en hann var jafnframt hennar verðmætasta amboð.⁶⁰²

Þó amboð til að stunda handavinnu hafi hlutfallslega aukist í eigu ekknanna er samt sem áður vafalaust að þessir gripir eru vanskráðir í heimildunum. Þær 26 ekkjur sem ekki áttu þrjóna hljóta þrátt fyrir dánarbúsuppskrift sína að hafa búið yfir slíkum kostagripum, sé litið til þess hve þrjónaskapur var mikilvægur á þessum tíma. Ekki var nóg að eiga einn eða tvo þrjóna en til að útbúa sem dæmi vettlinga eða sokka þarf í hið minnsta þrjá í verkið og band- eða hringþrjóna fyrir peysur. „Tvennir vettlingaprjónar“ Þuríðar Eyjólfsdóttur í Valstrýtu má því mögulega túlka sem átta stykki

⁵⁹⁹ Elsa E. Guðjónsson, „Um vefstóla og vefara á Íslandi á 18. og 19. öld,“ 10.

⁶⁰⁰ Þf. Sýsl. Skaftafellssýsla. ED2/4,1: 189. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁶⁰¹ Þf. Sýsl. Árnessýsla. ED2/10,1: 516. Fylgiskjöl, dánarbú 1884.

⁶⁰² Þf. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 37. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

eða aðeins tvo af fleirum álíka á heimilinu sem hún hefur notað til að þrjóna vettlinga.⁶⁰³ Þrennir bandþrjónar í eigu Ingibjargar Lýðsdóttur í Bakkaseli sýna að þar hafi hún og aðrir getað þrjónað sem dæmi þrjár peysur í einu eða annað þrjónles.⁶⁰⁴ Það er því nokkuð á reiki hve margir þrjónar hafi verið til á búum einstaklinganna. Sé litið til klæðaburðar og verslunarvarnings hljóta þeir að hafa verið nokkrir á hverju heimili.

Handavinna var stór hluti daglegra starfa og snerti bæði svið heimilisins, það er framleiðslu og neyslu. Af verkfæraeign í dánarbúsuppskriftum má sjá að fólk vann mikið í höndunum, þar var klæðagerð ekki undanskilin. Konur og karlar unnu sem dæmi ullina frá grunni, þrjónuðu, vefuðu og saumuðu föt á heimilismeðlimi en einnig var þetta iðn að því leyttinu að þetta var hluti af framleiðslu búsinns. Ull var sem dæmi gjaldeyris í formi unninna vara og þar hefur þurft einhver amboð til að búa slík verðmæti til.⁶⁰⁵ Það mætti því gera ráð fyrir að rokkur, kambur, snældur, þrjónar, nálar og skæri hafi verið til á hverjum bæ, sé litið til mikilvægis þessara verkfæra fyrir búið. Það sama mætti segja um heyskaparamboðin, annars hefði enginn heyfengur orðið fyrir skepnur.⁶⁰⁶

Vegna þess hve óveruleg verðmæti voru í smáum handavinnutólum má álykta sem svo að virðingarmenn hafi ekki viljað eyða tíma í að tína svo verðlausa hluti til virðingar. Einnig má velta því fyrir sér hvort þessir gripir hafi verið að miklu leyti einkamál notenda, það er að þeir hafi frekar haft tilfinningalegt gildi fremur en efnislegt. Hver kona og karl höfðu sitt tól til handavinnunnar og höfðu sniðið það eftir sínu verklagi og komið því jafnvel áfram til aðstandenda sinna. Smæð áhaldanna hefur einnig gert fólki auðveldara fyrir að koma þeim undan í virðingargjörð embættismanna.

Einn hlutur er hér í þó nokkru magni miðað við hina hópana, það er færivíargrindur eða færigrindur sem voru 17 talsins í sjö dánarbúsuppskriftum en aðeins í eigu tveggja bænda. Þórunn Rögnvaldsdóttir, sem lést 49 ára á Gilsbakka í Eyjafjarðarsýslu árið 1848, átti mest af þeim eða sex talsins. Athygli vekur að metnar eru fimm grindur án þess að þær séu skoðaðar af virðingarmönnum sjálfum heldur taldar fram á eftirfarandi hátt:

1 færivíargrind

64 sk.

⁶⁰³ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,35: 273. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁶⁰⁴ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,5: 5. Fylgiskjöl, dánarbú 1862.

⁶⁰⁵ Umfjöllun um hvernig ullarvinnsla fór fram fyrir tíma vélvæðingarinnar má sjá í meðal annars Þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins um ullarvinnslu: *Þjms.* 13. Tóvinna og ull. 1066; *Þjms.* 13. Tóvinna og ull. 1241. Sjá um verslunarvarning og verðmætasköpun: Þorlákur Axel Jónsson, „Bændaverslun um miðja 19. öld,“ 29–32; *Hagskinna*, 476–480; Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and Society*.

⁶⁰⁶ Sjá umfjöllun um fóðrun skepna og heyskaparhætti: Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir heyskaparhættir*, 31–46; Bjarni Guðmundsson, *Íslenskir sláttuhættir*; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 9–18 og 123–142.

Sagt er að viðlíka grindir séu geymdar hjá Sæmundi á Akurhreppi sem af svo er virðist á	64 sk.
Sagt var að 3 hálfu minni grindur séu geymdar á sama stað virðist	48 sk. ⁶⁰⁷

Færikvíagrindur þessar voru notaðar til að safna saman sauðfé og halda því innan marka grindanna sem oft voru fjórar eða fleiri og mynduðu ferning eða hyrninga (fór eftir fjölda). Eiginleikar þeirra voru fólgnir í hve auðvelt var að taka þær í sundur og færa að vild. Þannig voru þær notaðar til að þrengja að kindum til mjalta en einnig var markmiðið með þeim að dreifa búfjáraburði markvissara yfir hagann sem þær stóðu í. Segja má að þessi aðferð hafi verið vísir að beitarstjórnun, en passað var að kindurnar gengju ekki of nærri grösom með traðki eða áti.⁶⁰⁸ Í nútímamáli mætti tala um randbeitingu þar sem búfénaði er sleppt í ákveðin hólif sem eru smátt og smátt stækkuð eða færð til eftir þörfum til að stjórna beit skepna og vernda haga.⁶⁰⁹ Aðferð þessi var þekkt í Svíþjóð á 18. öld og var Magnús Ketilsson (1732–1803), útgefandi og sýslumaður, mikill talsmaður notkunar færikvíagrinda til að nýta búfjáraburð betur til ræktunar hér á landi.⁶¹⁰

Hlutir í eigu þeirra ekkna sem komu fyrir voru að nokkru leyti líkir því sem sást hjá bændum: Verkfæri fyrir jarðrækt, búfjárumbirðu, handavinnu, tré- og járnsmíði og veiðar. Þau voru einnig í nokkrum tilfellum lík því sem vinnuhjú áttu og þá sérstaklega því sem sneri að handavinnu og þeirri staðreynd að sumar ekkjur áttu engin amboð. Gripunum fækkar þó hjá ekkjum og til samanburðar áttu bændur að meðaltali 34 stykki en ekkjurnar aðeins 20 talsins. Verðmætin dvína jafnframt en það má rekja til þess að færri vefstólar, smiðjutól og veiðarfæri er að finna í fórum þeirra kvenna sem hér hafa komið fram. Minna verð verkfæra ekknanna má útskýra á þann veg að eign þeirra var

⁶⁰⁷ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/9,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶⁰⁸ Sjá um færikvíar í: Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, IV: 45

⁶⁰⁹ Þessi aðferð er vel þekkt meðal hestamanna hér á landi þar sem nýting beitarhólfa er best yfir sumarið á þennan hátt. Þannig er komið í veg fyrir að hestarnir klári beitina á skömmum tíma og fóðrun þeirra er jafnari yfir sumartímam. Færanlegur rafmagnsstrengur er notaður til að stækka og minnka hólif að vild. Hvað sauðfé varðar er þekkt að skipta um hólif eftir árstíma, nærhagar að vori til (tún eða ríkari hagar), afréttur yfir sumarið (stærra hólif þar sem gróður er fjölbreyttari), að hausti uppræktaðir hagar eða gjöfulir svo sem nýræktuð tún og kál. Lýsing þessi er fengin af eigin reynslu höfundar af fóðrun hesta og sauðfjár.

⁶¹⁰ Sjá meðal annars: Magnús Ketilsson, „Um innilegu búfjár á sumrum,“ 20–32; Þorvaldur Thoroddsen. *Landbúnaður á Íslandi*, 3: 117; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, IV: 45.

meiri á óverðmætum handavinnuáhöldum. Eftir því sem efnislegum gæðum hrakar því nákvæmari verða virðingarmenn í störfum sínum þar sem smáhlutir eins og nálar og skæri eru tekin fram.

Aukin eign kvenna í amboðum til klæðagerðar í samanburði við bændur gæti gefið til kynna að þær hafi í auknum mæli farið í að búa til föt til að drýgja tekjurnar. Eflaust er það raunin í einhverjum tilfellum en líklegast er hér einfaldlega um að ræða eyður í gögnunum – hjá bændum og ekkjum (á stærri búum). Velstæða ekkjan í Reykjavík, Catrine Svane, á sem dæmi ekkert verkfæri en í öðrum flokkum hefur hún átt efnislegar allsnægtir á þeirra tíma mælikvarða.⁶¹¹ Tilfinningalegt gildi þeirra hefur sitt að segja líka. Þá má velta því fyrir sér hvort verkfærin hafi þótt svo sjálfsagður hlutur að það hafi ekki þurft að taka þau fram nema þörf væri á því.

Skilin á milli mismunandi stöðu ekkna skýrast frekar í þessum gripaflokki á eftirfarandi hátt. Þær ekkjur sem áttu engin eða mjög fá amboð voru yfirleitt á framfæri barna sinna eða í vist hjá öðrum. Sá hópur er jafnframt líklegri til að eiga fleiri handavinnutól og minna eða ekkert af öðrum verkfærum. Síðan eru það þær sem eiga frekar gripi sem notaðir voru við útistörf í víðum skilningi (veiði, smíði, búverk), búa frekar yfir fleiri amboðum í heildina en minna af þeim sem notuð voru í klæðagerð. Aðeins er ein dánarbúsuppskrift þar sem rík ekkja á engin verkfæri. Sú staðreynd verður ekki skýrð nema á þann veg að virðingarmenn hafi ekki séð tilgang í að meta smámuni eins og nálar eða prjóna – hún átti einfaldlega meira af öðru verðmætara. Sé litið til samfélagslegrar umræðu var mikið lagt að konum á þessum tíma að stunda handavinnu, og fyrirmyndar húsmóðirin átti meðal annars að geta stoppað í sokka og saumað fallega út.⁶¹² Út frá því mætti gera ráð fyrir að hver kona hafi átt eitthver slík tól – einnig fínar frúr.

Reiðtygi

Í gripaflokknum eru annars vegar reiðver til útreiða og hins vegar til klyfja. Það má benda á að sumir gripir hér skarast inn á bæði sviðin, eins og beisli, gjarðir og skeifur (járn undir hesta). Þar af leiðandi eru slíkir hlutir algengir í þessum flokki. Sjá má á samanburði á algengustu reiðtygjum ekkna og bænda að sambærileg skipting er þar á ferð fyrir utan einn hlut. Hjá ekkjunum eru aðeins uppskrifaðir tveir hnakkar en hjá bændum voru þeir 19 og vinnuhjúum átta. Skýringin á þessu er á ákveðinn hátt einföld; hér voru aðeins dánarbú kvenna sem komu til greina þar sem enginn

⁶¹¹ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

⁶¹² Sjá meðal annars: Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 67–98 og 180–338; Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, 137–177.

eiginmaður/bóndi var til staðar. Þófinn heldur hlutverki sínu sem algengasta reiðtygið til útreiða enda bæði ódýr og einfalt að útbúa slíkan.

Tafla 40. Ekkjur: Algeng reiðtygi.

Reiðtygi	Fjöldi
Reipi	135
Klyfberi	49
Beisli	41
Gjörð	32
Járn undir hesta	27
Þófi	15
Hnappheldur	14
Hringjur	11
Söðull	11
Reiptögl	10
Reiðingur	9
Skeifublöð	8
Áklæði	8
Sessa	5
Ístöð	5
Dýna	4
Poki	3
Virki	3
Taumur	2

Reiðtygi ekknanna voru af 35 gerðum og var að finna 414 gripi í 115 eignafærslum. Að meðaltali átti hver ekkja ríflega 12 stykki. Dágóður hluti kvennanna átti engin reiðtygi eða 13 þeirra, þar af voru sex þeirra í elsta hópnum og fjórar í þeim yngsta. Þó er ekki ýkja mikill munur á eignadálkunum á milli aldurshópa, þær miðaldra skráðar með 42 dálka, elstu með 38 og þær yngstu 35. Skýringin á þessu er að í báðum hópum eru örfáar ekkjur sem eiga mikið af reiðverum eins og þær Ólöf Arngrímsdóttir í Kollugerði og Sigurlaug Ólafsdóttir á Ketilsstöðum.⁶¹³

⁶¹³ Þí. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,8. Fylgiskjöl, dánarbú 1822; Þí. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

Sú síðarnefnda er einmitt sú sem mest á, eða 54 reiðtygi þar sem reipi, klyfberar og beisli eru stór hluti reiðskapar hennar. Mest allt í eigu Sigurlaugar hvað varðar reiðmennsku er yfir ríkisdal í virði og er „söðull með 2 gjörðum og reiða á 4 rd.“ dýrastur. Þó má benda á að ef öll reipin (19 talsins) hefðu verið tekin saman í eina heild væri verð þeirra 12 rd. Í upptalningu virðingarmannsins eru skeifur fyrst taldar upp, síðar koma reiðtygi til útreiðar og að lokum þau sem komu sér vel við bústörf. Reipin eru tiltölulega mörg en hún átti einnig sex af hnappheldum, klyfberum og beislum svo áætla má að hægt hafi verið að nota allt að sex hesta í einu.⁶¹⁴ Með reipunum hefur heyið verið bundið saman í sátur og þaðan upp á klyfbera og hestarnir teymdir þangað sem heyið var geymt yfir veturinn. Hnappheldurnar voru til að hamla því að hestarnir færu frá bæjum eða notendum sínum. Oft voru þetta reipi úr hrosshári með beina- eða tréhögldum til að mynda lykkju og festa á fætur hesta og þar með hefta för þeirra.

Verðmæti söðla hjá þessum hópi var ekki ýkja mikið sé litið til bænda og vinnuhjúa. Söðull Sigurlaugar var sem dæmi „aðeins“ 4 rd. en oft voru þeir metnir á yfir 7 rd. og er til að mynda verðmætasti söðull vinnuhjúa virtur á 12 rd. og hjá bændum á 19 rd.⁶¹⁵ Hjá ekkjunum eru ekki svo há verð fyrir söðlana og í raun aðeins þrjár færslur yfir 7 rd. Þær var að finna hjá Helgu Eymundsdóttur á Eiði og Aðalbjörgu Björgúlfsdóttur, sem lést 46 ára gömul í Viðvík, Skagafirði árið 1854.⁶¹⁶ Í fórum Helgu voru þrír söðlar taldir fram, sem var sjaldgæft þar sem oftast var aðeins einn á hverju heimili með tilliti til annarra dánarbúsuppskrifta sem fram komu. Tveir þeirra voru metnir á 8 rd. hvor: „kvennsöðull með gjörðum, áklæði, sessu, beisli og þófa“ og „þriðji kvennsöðull með gjörðum, áklæði, beisli og sessuveri“.⁶¹⁷ Aðalbjörg Björgúlfsdóttir átti svo „alfær kvennreiðtygi sumpart gamalt og söðulsveif brotin í uppsátrum á 11 rbd.“ sem er jafnframt hennar einu reiðtygi og einnig það verðmætasta hér hjá ekkjunum.⁶¹⁸ Þess má geta að söðlar eru dýrastir reiðvera hjá tíu ekkjum en þó ekki jafn háir í verði og margir hverjir sem voru hjá bændum og vinnukonum.

Hnakkar voru einnig dýrir ef allt tilheyrandi fylgdi þeim. Hjá tveimur ekkjum, þeim Helgu Guðmundsdóttur á Óslandi og Sigurlaugu Ólafsdóttur á Ketilsstöðum, var að finna hnakka sem báðir voru metnir á aðeins 1 rd. hvor. Skráning þeirra var eftirfarandi: „karlmannshnakkur ístaðalaus,

⁶¹⁴ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁶¹⁵ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/2,8: 11. Fylgiskjöl, dánarbú 1844; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1826.

⁶¹⁶ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 20. Fylgiskjöl, dánarbú 1849; ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/15,19: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1854.

⁶¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 20. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

⁶¹⁸ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/15,19: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1854.

yfirklæddur og dýna“ (Helga) og „hnakkur með gjörð“ (Sigurlaug).⁶¹⁹ Hér voru því á ferðinni mjög „lélegir“ hnakkur og ekki jafn veglegir og hjá hinum hópunum þar sem þeir dýrustu voru oft metnir á og um yfir 5 rd. Færri hnakkur geta líka útskýrt lægra verð á „dýrasta reiðtygi“ ekkju, það er að minna var af verðmætum reiðtygjum. Aðrar ástæður gætu verið að umsvif búsins minnkuðu eftir andlát bónda eða blátt áfram verri reiðtygi í eigu þeirra kvenna sem hér voru valdar.

Fjarvera hnakka úr dánarbúum ekkanna verður líklegast útskýrð með fráfalli bónda kvennanna. Við andlát þeirra hafi einhvers konar uppgjör átt sér stað, hvort sem um var að ræða skipti milli erfingja, gjaldprotaskipti, virðingu og uppboð eða jafnvel sölu ekkanna sjálfra á eignum eiginmanna sinna. Því má gera sér í hugarlund að vegleg reiðtygi eins og hnakkur og söðull með öllu tilheyrandi hafi verið stöðutákn á bæjunum.⁶²⁰ Það er að þau reiðtygi hafi verið ætluð húsbónda og húsfreyju en ekki öðrum heimilismeðlimum sem fremur hafa átt að nota þófa eða sín eigin reiðtygi. Þegar annað hvort féll frá hurfu persónuleg reiðtygi af heimilinu eins og sjá má í eignum ekkna. Verð þeirra verður einnig að teljast hátt miðað við marga aðra heimilismuni, sem gæti einnig gefið til kynna að um væri að ræða hluti sem voru vandaðir.

Af lýsingum virðingarmanna er ekki gott að segja til um gerð söðlanna sem þar koma fyrir. Í umfjöllun um þróun og gerð reiðtygja hér á landi segir frá tveimur gerðum á þessum tíma: sveifarsöðla og enska klakksöðla. Talið er að sveifarsöðlar hafi verið algengastir fram eftir 19. öld en þeir voru hálfgerðir stólar, lagðir ofan á þófa og festir með tveimur gjörðum undir kvið hestsins. Breið baksveif var á milli hárra bríka á annarri hliðinni og á hinnari var fótafjöl fyrir báða fætur kvenna. Þær sneru því í sæti sínu út á hlið og höfðu þar af leiðandi litla stjórn á hestinum en úr þessu var bætt þegar enski klakksöðullinn hóf innreið sína.⁶²¹

Þar var söðulsveifin færð neðar og mjókkuð og klætt til dæmis leðri og farið var að ræða um söðulboga. Bríkurnar hurfu og í stað þeirra kom skaut að aftan og söðulboginn var færður á ská í stað þess að vera beint á hliðinni. Söðulþófar hurfu og voru dýnur festar á söðulinn sjálfar líkt og um nútíma hnakk var að ræða. Við söðulnefið (fremst á söðlinum) kom klakkur sem kona gat hvílt annan fótinn á og þannig snúið sér fram á við og stjórnað reiðskjóta sínum betur.⁶²²

⁶¹⁹ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/13,4: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1848; ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁶²⁰ Um möguleika reiðtygja sem stöðutákn: Þórður Tómasson, „Þjóðhaginn frá Hnausum,“ 14.

⁶²¹ Sjá meðal annars: Guðmundur Finnbogason, „Söðlasmíði,“ 7–20; Þórður Tómasson, *Íslensk reiðtygi um aldaradur*, 20–52; Ögmundur Helgason, „Söðlasmíðar,“ 13–70.

⁶²² Sjá meðal annars: Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldaradur*, 28–52; Vef. „Gömul reiðver.“

Veglegir söðlar hafa þótt vera prýði og ákveðið tákni um stöðu viðkomandi. Þannig hefur handverk getað skreytt þá söðla sem konur áttu. Vefnaður, útsaumur og sýtun skinns/leðurs voru því handavinna sem voru mjög tengd reiðtygjagerð. Venja var að leggja áklæði yfir söðulinn til að verja hann sem og konuna fyrir veðrum og óhreinindum. Söðulsessa var svo staðsett í sætinu til að mýkja það enda ekki vænlegt að sitja hest í langan tíma á tréverkinu einu saman. Sessan og áklæðið gátu oft verið fagurlega ofin eða útsaumud og var til að mynda glitvefnaður algengur.⁶²³ Í fórum Sigurlaugar Ólafsdóttur á Ketilsstöðum var til að mynda „glitáklæði á 2 rd.“ og hjá Þórunni Rögnvaldsdóttur á Gilsbakka var „söðulsessa glitofin á 40 sk.“⁶²⁴ Nefna má að gangverð áklæðanna var oft á við helmingsvirði söðulvirkisins svo ljóst er að þau hafi þótt nauðsynleg eða verðmæt viðbót við slík reiðver. Annað dæmi um það verðmat var „áklæði blátt á 1 rd. 32 sk.“ og „kvennsöðull með dýnu á 2 rd. 48 sk.“ sem var einnig í eigu Þórunnar.⁶²⁵

Reiðtygi ekkanna voru að mestu fólgin í reipum og klyfberum enda hluti af búrekstrinum – til áburðardreifingar, heyskapar og vöruflutninga. Hlutfall kvenreiðtygja er mun hærra en hnakka og ætla má að söðull hafi meðal annars verið stöðutákni húsfreyjunnar.⁶²⁶ Með handverki hafa þær getað skreytt reiðtygi sín og aukið þægindi við annars óþægilega líkamsstöðu til útreiða. Óljóst er hvers konar söðla konurnar áttu og í raun aðeins eitt dæmi sem gæti bent til sveifarsöðuls – hin brotna söðulsveif í eigu Aðalbjargar Björgúlfsdóttur í Viðvík.⁶²⁷ Í þessum gripaflokki er þróunin sú að munum fækkar og verðmæti stakra hluta lækkar. Þessi þróun ber merki um efnahagslega stöðu kvenna sem urðu ekkjur á lífsleiðinni. Þær hafa þurft að draga saman seglin tilneyddar, ákveðið uppgjör á búi þeirra hafði átt sér stað við fráfall makans og staða þeirra varð brothættari þegar færri leiðir urðu til daglegs reksturs búsin.

Annað

Fjölbreyni þessa gripaflokks er með mesta móti og eru tilgreindar 111 gerðir eigna. Algengasti hluturinn af „öðru“ í fórum kvennanna er sérstakur gripur að því leytnu að hann er aðeins að finna

⁶²³ Aðferðin var fólgin í að vefa myndir eftir reitamunstri. Sjá meðal annars í: Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldaðir*, 28–52 og 65–73; *Vef. „Gömul reiðver.“*

⁶²⁴ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/9,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶²⁵ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/9,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶²⁶ Þórður Tómasson, „Þjóðhaginn frá Hnausum,“ 14.

⁶²⁷ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/15,19: 16. Fylgiskjöl, dánarbú 1854.

í einni dánarbúsuppskrift. Hjá henni Halldóru Jónsdóttur á Helgastöðum í Reykjavík var á meðal eigna „mór stykki á 60 hesta á 5 rd.“⁶²⁸ Óljóst er hvað nákvæmlega um ræðir, gætu verið reiðtygi/verkfæri til að vinna upp mó eða undirburður (mór) fyrir 60 hesta. Hér var gengið út frá því að þetta tengdist mótekju þar sem um væri að ræða mó sem var 60 hestburðir. Þetta efni var notað til einangrunar í húsum, til upphitunar, til að reykja við eða nota sem undirburð í útihúsum.⁶²⁹ Það er því athyglisvert að hér er eitt af fáum dæmum um mó að ræða í dánarbúsuppskrift. Skýringar á því gætu leynst í landfræðilegri legu bæja og rokkandi vinsældum efniviðarins sem eldsneytis. Aðrir algengir munir í eigu ekkna í gripaflokknum *annað* voru eftirfarandi:

Tafla 41. Ekkjur: Algengt *annað*.

Annað	Fjöldi
Mórstykki	60
Skuldir	35
Rusl	29
Poki	28
Skinn (sauðfé)	24
Lampi	21
Ull	20
Hnyklar af bandi	15
Spegill	12
Vaðmál	11
Hey	10
Sekkur	9
Í peningum	9
Skinn (af nautfé)	8
Smjör	7
Mjöl	7
Mélhálf tunna	6
Pjatla	6
Bót	6

⁶²⁸ Þí. Sýsl. Reykjavík. ED1/6,1: 135. Fylgiskjöl, dánarbú 1870.

⁶²⁹ Sjá meðal annars: Birna Lárusdóttir, *Mannvist*, 269–277; Óskar Bjarnason, *Íslenskur mór*, 88; Þorvaldur Thoroddsen, *Íslenskur landbúnaður*, III: 171–172.

Að frátöldum móstykkjunum í eigu Halldóru voru skuldir algengasta eign ekknanna og þar á eftir ansi órætt efni – rusl. Rusl í stokkum, kistlum, skjóðum og öðru var víða að finna en það sem virðingarmönnum hefur komið fyrir sjónir sem slíkt hefur jafnvel verið verðmæti í augum eiganda. Í dánarbúsuppskrift Kristínar Þorsteinsdóttur, sem dó 73 ára á Uppsölum í Rangárvallasýslu árið 1852, er til að mynda „lár með rusli 24 sk“.⁶³⁰ „Kambar o[g fleira] rusl 8 sk.“ var tiltekið hjá Halldóru Jónsdóttur á Helgastöðum en þar gæti viðhorf virðingarmanna til smærri handavinnutóla eins og nála eða tvinna endurspeglast – þau voru „verðlaust rusl“.⁶³¹

Alls komu fyrir 491 hlutir í 291 færslum, mest mátti finna hjá þeim sem voru miðaldra eða 142 dálka en minnst hjá þeim elstu (56). Að meðaltali átti hver ekkja tæpa 15 hluti sem flokkuðust undir annað og þar átti Ólöf Helgadóttir á Staðarfelli mest, eða 32 muni. Að mestu var eign hennar fólgin í skuldum annarra bænda til hennar og afurðum eins og fataefni, vaðmáli, ull eða mjöli. Umtalsverðar fjárhæðir voru hjá Ólöfu og má benda á að hún skildi eftir sig „í peningum 100 spesíur á 200 rd.“⁶³² Verulega há fjárhæð og til samhengis voru allar eignir hennar metnar á tæpa 360 rd. Örlítið vottar fyrir persónulegum munum Ólafar og er ein hárgreiða þar á meðal og eins er líklegt að hún hafi tekið í nefið en hún á þó nokkuð tengt slíkri iðju:

1 rjól		48 sk.
Járn skeiftur hnífur og tóbaksdósir		28 sk.
Lítill tóbakstönn silfurbúin	1 rbd.	
6 [pund] rjól 3 rbd., 1 [pund] snus 32 sk.	3 rbd.	32 sk. ⁶³³

Rjól er óskorið tóbak og með hnífnum hefur hún getað skorið það niður í neftóbak. Þaðan hefur hún komið því fyrir í dósirnar og litla silfur tóbakstönn til að geyma það í. Ólöf átti meira af innfluttum efnum eins og rúg, mjöl og indigó en þetta hefur komið að gagni í matargerð og jurttalun. Það má benda á tvær færslur í eigu Ólafar sem vísa til þess að hún (og aðrir) hafi litað efni blá; það er „...1 lóð indigó 20 sk.“ og „24 lóð af indigó 3 rd.“⁶³⁴

⁶³⁰ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/6,27: 120. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

⁶³¹ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED1/6,1: 135. Fylgiskjöl, dánarbú 1870.

⁶³² ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

⁶³³ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

⁶³⁴ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

Þetta er innflutt jurt til að kalla fram bláan blæ í jurtalitun en þess má geta að það er engin slík planta hérlendis sem getur gefið varanlegan bláan lit.⁶³⁵ Slíkt er athyglisvert sé litið til þess hve blár fatnaður var algengur í dánarbúsuppskriftunum en lítið af indigó. Þar af leiðandi má ætla að jurtin hafi verið víða aðkeypt en hér verður þó virðingarmönnum ekki alfarið kennt um indigóskortinn í uppskriftunum því, þetta var tímabundin eign. Líkt og mjöl og rúgur var indigó notað til ákveðinna verka, sem þýddi að efnið kláraðist alltaf á vissum tímavörðum. Við andlát einstaklings var því ekki fast í hendi að viðkomandi ætti slík efni þegar virðingarmenn bar að garði. Þetta á við um margt annað eins og matarafurðir sem gátu verið verulega verðmætar bæði efnislega sem og fyrir neyslu heimilisins.

Peningar og skuldir voru annar mikilvægur liður fyrir heimilin og sýna hvernig vinnu- og vöruskipti fóru fram á milli bæja. Ýmist voru peningar í lausu, í formi peningaskulda eða sem innistæða í verslun eða varningi. Æsa Jónsdóttir, sem dó 72 ára í Traðarholti, Árnessýslu árið 1849, átti til að mynda 3 rbd. inni hjá „Jóni bónda á Kilhrauni“ en engin skýring fylgir á skuldinni.⁶³⁶ Hjá Kristínu Þorsteinsdóttur á Uppsölum má sjá að virðingarmenn telja innistandandi skuld frá syni hennar Jóni: „Hjá Jóni á Uppsölum með fyrir kú er hann skar fyrir nokkrum árum 12 rd.“ Með dánarbúsuppskrift Kristínar má einnig sjá að Jón hefur mótmælt þessu þar sem hann gerði kröfu í búið upp á 67 rd. vegna umönnunar á móður sinni sem að hans sögn hafði verið „hálfgerður ómagi“ síðustu fjögur árin.⁶³⁷ Síðan eru það skuldir þar sem bændur hafa fengið vörur að láni frá þeim látnu eins og í tilfalli Ólafar Helgadóttur á Staðarfalli. Hún átti innistandandi hjá nokkrum eins og „Guðmundi á Þúfu“ sem skuldaði hryssuverð (10 rd.), „Ólafur í Köldukinn“ átti eftir að borga 1 spesíu og „Jón á Breiðabólstað“ hafði fengið hálfa tunnu rúg (3 rd. og 48 sk.).⁶³⁸

Verðmætasta færslan var þó ekki skuld eða peningar sem í flestum tilfellum var dýrasta eign ekknanna. Kristín Sveinsdóttir á Egilsstöðum, sem bjó hjá syni sínum (Sveini Þorsteinssyni), átti enn arf eftir mann sinn (Þorstein): „Innistandandi hjá Sveini bónda á Egilsst. andvirði þeirra er ekkjunni sál. móður hans skielet eftir mann hennar sál. Þorsteinn heitinn á Egilsstöðum á 216 rbd.“ Af þessu að dæma hefur Kristín fengið búið (eða hluta af því) í sínar hendur eftir fráfall bónda síns og fengið

⁶³⁵ Guðrún Bjarnadóttir (handverkskona og náttúrufræðingur), viðtal við höfund, 9. ágúst 2017.

⁶³⁶ Þí. Sýsl. Árnessýsla. ED2/4,1: 195. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

⁶³⁷ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/6,27: 120. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

⁶³⁸ Þí. Sýsl. Dalasýsla. ED2/1,8: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1843.

son sinn, Svein til að reka það fyrir sína hönd. Við hennar andlát hefur svo þurft að skipta upp arfinum á milli sex barna Kristínar og Þorsteins þar sem Sveinn var ekki einkasonur þeirra.⁶³⁹

Nefna má nokkra hluti sem metnir voru til verðs en var ekki að finna hjá hinum tveimur hópunum. Fyrst er að nefna „vigtarseðill á 31 rd. og 95 sk.“ í eigu Þórunnar Rögnvaldsdóttur á Gilsbakka.⁶⁴⁰ Það sem er athyglisvert er að seðillinn fylgir með gögnunum og sést þar að undirritaður „B. Thorsteinsson“ slátraði fyrir „dánarbú Þórunnar sál. Rögnvaldsdóttur“ í Eyjafjarðarkaupstað árið 1849. Ennfremur kemur fram að sex fullorðnum sauðum og einum tveggja vetra sauð hafi verið slátrað ásamt þyngd þeirra, verð á kjötinu og upphæðin fyrir gæurnar af þeim.⁶⁴¹ Hér var því um að ræða inneign eða fjárupphæð sem Þórunn átti hjá kaupstaðnum sem keypti gripina af henni/dánarbúinu.

Eins má vekja athygli á færslu í eigu Bjargar Einarsdóttur, sem lést 72 ára á Kirkjubóli í Suður-Múlasýslu árið 1897, og átti „50 kr. hlutabréf í Gránufélagi virt 10 kr.“⁶⁴² Af lýsingunni að dæma er ljóst að verð þess hafði fallið síðan Björg fjárfesti í félaginu sem stofnað var um 1870. Þó sýnir það einnig ákveðna framför í verslunarmálum þar sem fólk fór í meiri mæli að taka þátt í eflingu verslunar í héraði enda mikið hagsmunamál á þessum tíma. Verslunarfélög gátu sparað bændum einhverjar fjárhæðir enda sterkara að vera í félagi saman til að fá betri verð fyrir afurðir en líka til að lækka verð á innfluttri vöru.⁶⁴³ Ekki er víst hvort að Björg hafi keypt þennan hlut eða hvort hún fékk hann í arf frá manni sínum en eitt er víst að hún hefur kosið að eiga hlutabréfið þar til hún andaðist. Það er ef til vill vegna þess að hún trúði að þannig væri rekstri búsinns betur borgið innan Gránufélagsins en utan þess.

Eins og í dánarbúsuppskriftum bænda var lítið af persónulegum eignum miðað við afurðir, fjárupphæðir og aðra hagnýta muni í þessum gripaflokki. Speglar eru þó nokkrir og í fórum átta kvenna hér. Catrine Svane í Reykjavík átti „2 store brunerammede spegler hvoraf det en er brækket á 16 rd.“ og „2 mindre spegle á 12 rd.“⁶⁴⁴ Þetta hafa verið mjög veglegir speglar því aðrir voru ekki

⁶³⁹ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1837.

⁶⁴⁰ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/9,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶⁴¹ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/9,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶⁴² ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/25,1: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1897.

⁶⁴³ Sjá umfjöllun um verslunarfélög í til dæmis: Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þingeyinga og Jón á Gautlöndum*; Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, III: 63–67; Friðrik G. Olgeirsson, „Breytingar á atvinnulífi og búsetu við Eyjafjörð 1850–1910,“ 18–20.

⁶⁴⁴ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

nærri því eins dýrir. Björg Einarsdóttir á Kirkjubóli skildi eftir sig einn spegil að andvirði 2,60 kr. en aðrir speglar meðal ekkanna voru undir ríkisdal að virði.⁶⁴⁵ Dæmi um aðra persónulega muni voru gleraugu en Kristín Gísladóttir í Lúnansholti og Þórunn Rögnvaldsdóttir á Gilsbakka hafa báðar þurft slík hjálpartæki (eða aðrir heimilismeðlimir).⁶⁴⁶

Hagnýta muni eins og lampa var að finna hjá 16 ekkjum, mannbrodna hjá þremur, poka meðal 19 og tvær áttu tjöld. Klukkur voru í eigu Sigurlaugar Ólafsdóttur á Ketilsstöðum og Bjargar Einarsdóttur á Kirkjubóli og mætti líta á sem hagnýtan grip.⁶⁴⁷ Þó má benda á að tímaskyn manna var á annan veg á 19. öld miðað við það sem við þekkjum í vestrænum heimi í dag. Sólarhringurinn fór eftir bústörfum eða náttúrulegum merkjum frekar en klukkustundum. Þegar vinnudagur fór að mælast í tímum í stað þeirra hafa því klukkur komið að gagni en fyrir það hafa þær verið að einhverju leyti frekar til skrauts. Eftir því sem atvinna þróaðist hér á landi til tímakaups hefur myndast þörf fyrir klukku. Í því tilliti má benda á að þær ekkjur sem áttu slíka gripi létust báðar eftir miðbik aldarinnar, þegar líklegra var að klukkustundir hafi gegnt stærra hlutverki en í byrjun tímabilsins.⁶⁴⁸

Fjalla mætti í lengra máli um þennan gripaflokk þar sem úrval hans er gífurlegt og endurspeglar meðal annars þann fjölbreytileika sem var í samfélaginu. Hann sýnir líka á ákveðinn hátt stöðu kvennanna, lifibrauð þeirra og neyslu. Skuldir og peningar sýna hvernig þær hafa komið ár sinni fyrir borð, matvörur gefa til kynna matargerð á þessum tíma og aðrir gripir hagnýtni til daglegra starfa. Töluverð verðmæti voru fólgin í því að eiga inni hjá verslun eða öðrum einstaklingi en þau efni sem voru verðminni sýna einnig aðferðir ekkanna til að takast á við daglegt líf. Efni til fatagerðar eins og bómull, léreft, pjötlur og boldáng gefa til kynna að hvernig hvert snifsi var notað til að útbúa klæðnað eða annað álíka. Rúgur, mjöl, þorskhöfuð, ýsa, skata og fiskar gefa til kynna varning sem bæði var ætlaður til einkaneyslu og til vöruskipta. Meðal persónulegra muna sem lítið

⁶⁴⁵ ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/25,1: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1897.

⁶⁴⁶ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/7,44: 287. Fylgiskjöl, dánarbú 1858; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/9,1: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶⁴⁷ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/25,1: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1897.

⁶⁴⁸ Sjá meðal annars: Davíð Ólafsson, *Frá degi til dags*; Guðmundur L. Friðfinnsson, *Þjóðlíf og þjóðhættir*; Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, 1–130; Sigurður Gylfi Magnússon, „„Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“,“ 309–347; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?,“ 137–177; Thompson, „Time, Work-Discipline and Industrial Capitalism,“ 27–40.

var af en voru gagnlegir má nefna náttpott Katrínar Bjarnadóttur á Höfðaströnd hefur verið þarfaping á heimilinu til að auðvelda salernisferðir heimilismeðlima.⁶⁴⁹

Gripaflokkurinn sýnir veikleika heimildanna, það er að ekki er hægt að ganga út frá því að þær sýni allar veraldlegar eigur einstaklinganna. Neysluvörur eins og indígó, mjöl, salt eða kjöt fóru um hendur heimilismanna í mismiklum mæli en jafnframt á mismunandi tímum. Haustverkin sem fólu í sér meðal annars úrvinnslu kjötafurða eftir slátrun skepna sköpuðu ákveðin efni – mat og gjaldeyri. Ef einstaklingur lést um það leyti eða ef virðing fór þá fram má ætla að í þeim dánarbúum sé meira um slíkar afurðir sem voru til staðar á ákveðnum tímabilum í hringrás búreksturs og árstíða. Á vorin hafa til dæmis matarbirgðirnar verið í lágmarki eftir veturinn en í hámarki eftir slátrun skepna að hausti til.⁶⁵⁰

Annað hjá ekkjum er stærri hlutdeild í dánarbúum þeirra en bænda. Ennfremur eru hlutirnir mun fjölbreyttari, eða 111 gerðir en aðeins 56 hjá bændum. Að einhverju leyti er um svipaðar eignir að ræða hjá báðum hópum í þessari gripakví eins og afurðir, skuldir og peninga. Því má segja að búrekstur með sínum afurðum og svo neysla heimilisins endurspeglar hér í þessum gripaflokki ekknanna. Í því tilliti mætti nefna að algengustu hlutirnir hér voru sambærilegir milli ekkna og bænda sem og þær eyður sem eru í persónulegum munum þeirra eins og til snyrtingar eða tóbaksneyslu. Hlutirnir sýna því jafnframt stigsmuninn á stöðu einstaklings í vinnumennsku og þess sem stóð fyrir búi.

Laus viður/Fasteign

Að eiga jarðnæði á 19. öld var leið einstaklinga til að taka þátt opinberlega í samfélaginu og njóta frekari réttinda umfram aðra. Í umræðu Gísla Ágústssonar og Ólafar Garðarsdóttur um ekkjur segir að þær hafi þótt eftirsóknarverður kvenkostur ef þær áttu jörð.⁶⁵¹ Fyrst og fremst stafaði það af jarðnæðisskortri sem ágerðist eftir því sem leið á 19. öldina en einnig var þetta leið manna til að komast að á jarðir og hefja búskap, sem var markmið allflestra á þessum tíma.⁶⁵² Þannig hafi

⁶⁴⁹ Þí. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,19: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1864.

⁶⁵⁰ Sjá meðal annars: Guðmundur L. Friðfinnsson, *Þjóðlíf og þjóðhættir*; Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“, 309–347; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, 137–177.

⁶⁵¹ Gísli Ágústsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood“, 435–458.

⁶⁵² Sjá umfjöllun um þjóðfélagsþróun á 19. öld í meðal annars: Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, 27–57; Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugarfarsins*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*; Ingi Sigurðsson, „Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á alþýðu“, 217–246.

ekkjur getað notað sér stöðu sína til að velja úr vænlegum vonbiðlum til að tryggja afkomu búsins og þeirra sjálfra. Erfiðara reyndist þetta þó þeim sem voru eldri, sem stafaði af því að fullmyndugir erfingjar gátu frekar gert tilkall til búsins og rekið það í þeirra nafni.⁶⁵³ Að einhverju leyti virðist þetta tilfellið hjá þeim ekkjum sem koma hér fyrir, það er að þær sem eldri eru eiga oftast jarðir en þær sem yngri eru. Í elsta hópnum eiga fimm ekkjur jarðnæði en þess ber að geta að aðeins voru virtar sjö jarðir hjá öllum ekkjum. Í yngsta hópnum á engin jörð fyrir utan Halldóru Jónsdóttur á Helgastöðum, sem átti bæ „með 2ur kálgörðum og tilheyrandi lóð 60 rd.“⁶⁵⁴ Í heildina skildu ekkjurnar eftir sig 413 gripi í 151 færslu sem að meðaltali gerði tæpa 13 hluti. Alls var að finna 52 gerðir af lausum viði og fasteignum í eigu ekknanna.

Tafla 42. Ekkjur: Algengur laus viður og fasteignir.

Laus viður/fasteign	Fjöldi
Fjöl	100
Spýtur	52
Borð (spýtur)	35
Fjánhús	30
Rúmstokkur	23
Stafgólf	14
Skemma	10
Hurð	10
Planki	10
Viður	9
Slá	8
Hilla	8
Jörð	7
Staur	7
Smiðja	7
Þil	7
Brík	5
Kofi	5

⁶⁵³ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum,“ 82; Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestekkna,“ 92–111; Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólóf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,“ 435–458.

⁶⁵⁴ Þí. Sýsl. Reykjavík. ED1/6,1: 135. Fylgiskjöl, dánarbú 1870.

Efniviður til timburvinnslu og smíða, útihús, jarðir, hús/baðstofur, húsgögn voru talin upp í lýsingu á húsakosti eða innréttingum í útihúsum. Þær ekkjur sem áttu engar eigur hér voru fjórar talsins. Sú sem mest átti var Sigurlaug Ólafsdóttir á Ketilsstöðum með 23 færslur og 88 hluti alls. Aðgangur hennar að lausum viði hefur verið góður, sé litið til þess að hún á frekar mikið af honum og getur staðsetning bæjar hennar spilað þar lykilhlutverk. Ketilsstaðir eru staðsettir við botn Hvammsfjarðar í Dölum, sem hefur gert ferð eftir slíkum efniviði styttri en ella. Meðal eigna hennar kennir ýmissa grasa eins og „4 rekaviðardrumbar 4 rd.“, „fjósblaða 7 rd.“, „6 slétt borð“, „rúmgafi“ og „hesthúshlaða 1 rd.“ Enga jörð átti hún en mikil verðmæti voru í hverri færslu og algengt verð var á bilinu 3–5 rd. Dýrustu fasteignir Sigurlaugar voru metnar á 8 rd. hvor: „fjárhús yfir 36 kindur“ og „þiljur í 1 ½ stafgólfi baðstofunnar undir lofti með fjalagólfi læstri hurð rúmi og borði“. Í lýsingum á húsakosti gefst innsýn í hvernig bærinn hefur verið en hjá Sigurlaugu má sjá að baðstofa hennar hefur verið á tveimur hæðum. Fyrst eru það þiljurnar sem voru dýrasta eign hennar og svo er tiltekið „loft í baðstofunni með 5 rúmstokkum þiljum í kring stiga og gluggum 6 rd.“ Töluvert var af útihúsum hjá henni og af stærð þeirra má sjá að þar hafa rúmast 120 kindur í fjórum fjárhúsum en einnig er fjós- og hesthúshlaða metin ásamt smiðjuhúsi.⁶⁵⁵

Hjá öðrum var talsvert minna að finna og oftast var eign kvennanna aðeins falin í nokkrum spýtum eða útihúsum. Innsýn í bæjarkostinn kemur fyrir hjá nokkrum eins og Valgerði Guðmundsdóttur á Geirmundarstöðum en híbýlum hennar er lýst á eftirfarandi hátt:

Pallur í baðstofu af 10 fjölum, 2 slám, 1 rúmstokk og bríkum	2 rd.
Í öðrum baðstofuenda 4 pallfjalir, 2 rúmstokkar með bríkum og 2 slám	2 rd.
Loft í einu stafgólfi af 5 fjölum, 1 rúmstokk með bríkum þar og 3 bút af tréi	54 sk. ⁶⁵⁶

Af þessu að dæma hefur baðstofan á Geirmundarstöðum verið með palli í einum endanum þar sem eitt rúmstæði hefur verið. Í hinum endanum hafa tvö rúmstæði verið og á loftinu, sem má ætla að hafi verið yfir helmingnum af rýminu, sé litið til þeirra fjala sem taldar eru fram (5 og 10), hefur eitt

⁶⁵⁵ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁶⁵⁶ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/8,2: 142. Fylgiskjöl, dánarbú 1811.

rúm verið. Hér sést því þrískipting á rýminu þar sem hægt hefur verið að raða fólki jafnvel eftir stöðu, kyni og aldri heimilismeðlima í svefnpláss. Ekki voru allar með svo veglega uppstokkun innan veggja heimilisins og voru einfaldari hlutir notaðir til að skapa einkarými heimilismeðlima. „Skilrúm í baðstofu 60 sk.“ voru meðal annars í fórum Helgu Guðmundsdóttur á Óslandi, sem hefur verið öllu einfaldari og ódýrari uppsetning heldur en sérstakir pallar eða loft.⁶⁵⁷

Eins og rætt var um í síðasta gripaflokki gátu eigur fólks verið tímabundnar og búið til aðra hluti. Hér eru dæmi um slíka eign, laust timbur eða við sem var ónotað. Í þeim dánarbúsuppskriftum þar sem engar eru fjalirnar má setja þann varnagla á að mjög líklega hefur alltaf verið eitthvert timbur til á bænum, tímabundið eða alltaf til staðar í lífi þeirra látnu. Heimildirnar eru vissulega skyndimyndir af ævi einstaklingsins þar sem þær eru gerðar á mjög dramatískum tíma – við andlát þeirra. Notagildi timbursins var margþætt og var til dæmis notað til að koma sér upp húsaskjól, dytta að hlutum eða búa til aðra gripi. Eini hlutur Ingibjargar Lýðsdóttur í Bakkaseli í þessum flokki er „borð með skúffu 64 sk.“⁶⁵⁸ Þó er mjög líklegt að hún eða sá sem smíðaði það hafi þurft timbur til að búa til slíkt húsgagn. Þetta ber að hafa í huga þegar rætt er um efnismenningu sem er síbreytileg frá einum tíma til annars. Hlutir söfnuðust saman hjá einstaklingum, var komið í annað efnislegt form hjá þeim eða fóru þaðan í annað hvort breyttri mynd eða óbreyttri. Þannig hafa ekkjur getað skapað sér hlunnindi með lausum viði því slíkt var algengur efniviður í marga gripi sem hefur verið fjallað um hér.

Útihús og innréttingar eru ein af birtingarmyndum þess hvernig timbur hefur orðið að öðrum efnislegum hlutum. Líkt og hjá bændum er stærð þeirra á stöku stað lýst eftir fjölda gripa sem hægt var að koma fyrir þar, eða í mælieiningum eins og stafgólfi. „Skemma með 2 stafgólfi, lofti bærilegu. Súð og viður nokkuð fúinn, þil gott og skrá virt á 15 rd.“ var sem dæmi á Höfðaströnd, hjá Katrínu Bjarnadóttur.⁶⁵⁹ Þar sem stærð var tekin fram voru stærstu fjárhúsin yfir 36 kindur en slíkur húsakostur var hjá Sigurlaugu Ólafsdóttur á Ketilsstöðum og Þórunni Sigurðardóttur á Höll.⁶⁶⁰ Óræðar stærðir voru einnig notaðar eins og hjá Þuríði Eyjólfsdóttur á Valstrýtu þar sem finna mátti:

Hesthús fyrir vestan bæ	80 sk.
Hesthús fyrir austan bæ minna	48 sk.

⁶⁵⁷ ÞÍ. Sýsl. Skagafjarðarsýsla. ED2/13,4: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

⁶⁵⁸ ÞÍ. Sýsl. Strandasýsla. ED2/6,5: 5. Fylgiskjöl, dánarbú 1862.

⁶⁵⁹ ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla. ED2/3,19: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1864.

⁶⁶⁰ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

Stærra fjárhús	1 rd.
Minna [fjárhús]	32 sk.
Stærra lambhús	48 sk.
Minna [lambhús]	16 sk. ⁶⁶¹

Sé litið til verðlagningar á húsum þuríðar má álykta sem svo að hér hafi ekki verið um stór hús að ræða þar sem það dýrasta var metið á ríkisdal en til samanburðar voru stór fjárhús Sigurlaugar og Þórunnar á 4–8 rd.

Mestu verðmætin var að finna í jörðum. Dýrasta jörðin var í eigu Ingibjargar Jónsdóttur á Syðrivík en hún átti „9tt í jörðinni Böðvarsdal 450 rd.“ Þess má geta að aðrar eigur hennar voru verulega fábrotnar og gæti mjög dýr jörð hennar hafa dregið úr þörf virðingarmanna til að festa verð á hverja brók, pott eða bók þar sem hlutur hennar í jörðinni var vel yfir skuldum hennar sem voru um 131 rd.⁶⁶² Önnur verðmæt jörð var á Austfjörðum í eigu Bjargar Einarsdóttur á Kirkjubóli en þar var „4undi úr jörðinni Kirkjubóli með tilheyrandi húsum 800 kr.“ (sem hefur verið um 400 rd.).⁶⁶³ Þessi verðmæti hafa getað sett ekkjurnar í vænlegri stöðu en aðrar stallsystur þeirra því þær hafa jafnvel átt öruggara skjól yfir höfði sér. Þær sem ekki áttu jörð voru í viðkvæmari stöðu þar sem búseta þeirra hefur orðið óöruggari fyrir vikið vegna þess að búferlaflutningar voru tíðir á þessum tíma hjá leiguliðum.⁶⁶⁴ Mikill meirihluti ekkna hefur ekki átt jörð eða hús sitt og þar af leiðandi líklegast margar hverjar leiguliðar. Stærra hlutfall bænda hér á undan áttu jarðir sínar, sem sýnir hversu flóktandi hlutskipti ekknanna gat orðið.

Af lausum viði og fasteignum má ráða ýmislegt, meðal annars minna umfang búa hvað varðar jarðeign og fasteignir, í samanburði við bændur. Efni eins og timbur voru þarfapening og jafnframt hlutir sem komu og fóru og því hefur verið misjafnt hvernig virðingarmenn hittu á stöðu timburs á búum eða hvort þeir lögðu áherslu á að virða slíkan munað í störfum sínum. Eins og kom fram hjá bændum virtust virðingarmenn í Rangárvallasýslu hafa haft sérstakan áhuga á lausum viði og fasteignum. Það er þó ekki tilfellið hér, eða er í það minnsta ekki eins áberandi. Aðrar konur, staðsettar víða um landið, áttu einnig sambærilegan efnivið eða húsakost. Þessi flokkur stendur fyrir

⁶⁶¹ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,35: 273. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁶⁶² ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/4,11: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1852.

⁶⁶³ ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/25,1: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1897.

⁶⁶⁴ Sjá um búferlaflutninga og leiguliða í meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 32–34; Guðmundur Jónsson, „Sambúð landsdrottna og leiguliða,“ 63–106; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 18–32.

þá hluti sem hægt var að skapa úr lausum viði eins og borð, þil, stiga eða hús en einnig hve mikil verðmæti voru falin í því að búa yfir fasteignum og jörðum. Sú eign þýddi að viðkomandi stóð fyrir búi, átti heimili og sá fyrir sér og sínum með eigin rekstri eða umsjón annarra eins og barna sinna.

Búfænaður

Eins og áður hefur komið fram var lágmarksstærð búa á 19. öld miðuð við þrjú kúgildi (18 ærgildi) eða jarðnæði.⁶⁶⁵ Ef einstaklingur bjó ekki yfir slíku var skylda að ráða sig í vist en með rýmkun lausamennsku árið 1863 var mönnum gefinn kostur á að kaupa leyfisbréf til að flytja og starfa að eigin vild. Í þeirri sömu tilskipun er að finna ákvæði um ekkjur og ekkla sem gátu keypt sér leyfisbréf ef þau höfðu eitt jarðarhundrað á landsvísu í ársarð af fasteignum eða öðru fé. Þeir sem voru undanþegnir leyfisbréfinu voru þeir sem höfðu 5 hundruð á landsvísu eða meira í ársarð eða höfðu búið í 15 ár.⁶⁶⁶ Eins og sjá mátti af jarðaeign ekknanna voru afar fáar sem áttu jörð eða fasteign – aðeins sjö. Þar af leiðandi hafa þær þurft að eiga einhvern bústofn til að sýna arð til að halda áfram búrekstri sínum. Enda átti stór meirihluti lifandi gripi og aðeins átta þeirra sem bjuggu ekki yfir slíkum verðmætum.

Að meðaltali átti hver ekkja tæpa 18 gripi en í heildina voru 585 hausar virtir í 167 færslum. Þær sem voru miðaldra áttu langtum meira af búfænaði en hinar og voru 268 skepnur í þeirra eigu. Þær sem voru elstar áttu 173 og yngsti hópurinn 145. Rétt er að taka það fram að þær sem áttu engar skepnur voru annað hvort ungar eða aldraðar, eða fjórar í sitthvorum endanum. Sauðfé var áberandi og er algengasta eign ekknanna, eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan sem sýnir 16 hugtök yfir fjórar dýrategundir – sauðfé, nautgripi, hesta og geitur:

Tafla 43. Ekkjur: Algengur búfænaður.

Búfænaður	Fjöldi
Ær/kind	265
Sauður	99
Gemlingur	61
Hestur	26
Kýr	20

⁶⁶⁵ *Hagskinna*, 604–608 og 925.

⁶⁶⁶ Sjá meðal annars: *Lovsamling for Island*, XVIII: 549–553 (ákvæðið um ekkjur og ekkla á 550); Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 64; Guðmundur Jónsson, „Stjórntæki gamla samfélagsins,“ 64–69; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, 170.

Lamb	17
Kvíga	10
Geit	8
Meri/hryssa	7
Hrútur	7
Kálfur	5
Foli	5
Gimbur	4
Færleikur	3
Tryppi	2
Kapall	2

Búfjárstofn á landsvísu í gegnum 19. öldina var fólgin í þessum fjórum dýrategundum. Rétt er að benda á að geitur eru vantaldar í búnaðarskýrslum og koma sem dæmi ekki þar fram fyrr en eftir árið 1853. Líklegasta skýringin á því er að geitfénaður var undanskilinn tíundarskyldu samkvæmt tíundarlögum og þar með talið óþarfi að telja þá gripi inn í skýrsluhaldið.⁶⁶⁷ Hlutfall búfjártegunda á Íslandi var að mestu leyti hið sama út tímabilið. Þar var hlutur sauðfjárræktar fyrirferðarmestur, bæði í afurðum og hausum talið. Í byrjun 19. aldar var sauðfé 85% af búfjárstofni landsmanna og var sem hæst árið 1875 þegar hlutfall þess var 88%.⁶⁶⁸ Til samanburðar var búfjárstofn ekkanna 84% sauðfé en 81% hjá bændum. Nautgripir voru 6% hjá ekkjum en 7% hjá bændum en á landsvísu var hlutfallið hæst árið 1825 þegar þeir voru 6,8% en fór lækkandi og var aðeins 4,4% við aldamótin 1900.⁶⁶⁹

Þær ekkjur sem skildu eftir sig búfénað áttu allar nema ein sauðfé en vissulega var fjöldi þess misjafn eftir dánarbúum. Helga Eymundsdóttir á Eiði átti flestar skepnurnar eða 82 talsins, þar af var sauðfé 79 (ær, sauðir og gemlingar), einn hestur, kýr og nautkálfur. Athyglisvert er að hún á jafnframt langflesta sauðina eða 46 talsins en algengast var að eiga fjóra til sex.⁶⁷⁰ Sigurlaug Ólafsdóttir á Ketilsstöðum átti einnig töluvert af búfénaði eða 80 talsins og þar af voru 73 sauðfé (ær, sauðir og

⁶⁶⁷ *Hagskinna*, 252.

⁶⁶⁸ *Hagskinna*, 277.

⁶⁶⁹ *Hagskinna*, 277.

⁶⁷⁰ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 20. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

hrútar), fimm hross og tvær kýr.⁶⁷¹ Sú sem átti minnst var Kristín Gísladóttir í Lúnansholti en hún átti aðeins „1 ær 2 rd. 48 sk.“ sem hefði ekki verið talin nógu mikil eign til að komast frá vinnuhjúastöðu. Þó má benda á að Kristín átti í jörðinni Lúnansholti. Hún bjó einnig á framfæri fyrrverandi tengdadóttur sinnar og bónda hennar eða eins og stendur í manntali árið 1855, „nítur fornra tengða“.⁶⁷²

Sú sem átti ekkert sauðfé var Helga Guðmundsdóttir á Óslandi en hún átti aðeins kú og færleik (hest). „Rauðhúfótt kýr“ hennar var metin á 22 rd. sem var ósjaldan virði kúa í dánarbúsuppskriftum ekkna. Kvígur/kýr voru þar af leiðandi oftast dýrasti gripur kvennanna eða hjá 13 þeirra þar sem algengt verð var í kringum 20 rd. Dýrasta kýrin og jafnframt skepnan var „kvíga (að 2 kálfi)“ í eigu Sigríðar Vigfúsdóttur á Hvoli sem metin var á 60 kr. (ca. 30 rd.).⁶⁷³ Annar gripur var einnig verulega verðmætur í búi Bjargar Einarsdóttur á Kirkjubóli en hún skildi eftir sig hest sem metinn var á 57 kr. (ca. 28 rd.), en honum er ekki lýst nánar. Það hlýtur þó að hafa verið fararskjóti sem bjó yfir eftirsóknarverðum kostum eins og góðum gangi, hentugum aldri (ekki of ungur né of gamall), óskertur og skapgóður.⁶⁷⁴

Lýsingar búfénaðarins voru æði misjafnar og oftast fremur bundnar af lit, aldri og fangi gripanna. Athugasemdir virðingarmanna voru yfirleitt af neikvæðum toga ef því var að skipta. Í eigu Sigríðar Oddsdóttur, sem dó 46 ára í Dölum, Suður-Múlasýslu árið 1847, var hestur sem lýst var á eftirfarandi hátt: „hestur 16 vetra gamall, haltur og lélegur 8 rd.“⁶⁷⁵ Helga Eymundsdóttir á Eiði átti svo nautkálfi sem var sagður vera „1 árs gamall lítt efnilegur 6 rd.“⁶⁷⁶ Svartskjöldótt kýr Ólafar Hákonardóttur í Rot efri var sögð „mögur“ þrátt fyrir að vera með fangi, sem gæti gefið vísbendingu um að eitthvað hafi amað að henni. Metið verð hennar (20 rd.) var jafnframt 4 rd. minna en annarra tveggja kúa í eigu Ólafar sem þó voru tímalausar (geldar). Þær hefðu þar af leiðandi átt að vera verðminni þar sem kýr með kálfi voru verðmætari.⁶⁷⁷ Jákvæðar lýsingar var samt einnig að finna en sjá mátti til dæmis „13 ær miklar“ í eigu Ingibjargar Einarsdóttur á Hermundarfelli.⁶⁷⁸ Gott verð fyrir hvern grip gat einnig verið vísbending um mikil gæði skepnunnar, sérstaklega ef andvirði viðkomandi

⁶⁷¹ ÞÍ. Sýsl. Dalasýsla. ED2/2,9: 39. Fylgiskjöl, dánarbú 1866.

⁶⁷² Vef. Manntöl, Rangárvallasýsla, 1855.

⁶⁷³ ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla. ED2/10,1: 516. Fylgiskjöl, dánarbú 1884.

⁶⁷⁴ ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/25,1: 3. Fylgiskjöl, dánarbú 1897.

⁶⁷⁵ ÞÍ. Sýsl. Suður-Múlasýsla. ED2/9,1: 7. Fylgiskjöl, dánarbú 1847.

⁶⁷⁶ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 20. Fylgiskjöl, dánarbú 1849.

⁶⁷⁷ ÞÍ. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/2,10: 330. Fylgiskjöl, dánarbú 1819.

⁶⁷⁸ ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 37. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

var yfir gangverði svipaðra skepna.

Samsetning búfjár ekknanna gefur ýmislegt til kynna, eins og hvers konar búskapur var stundaður á viðkomandi bæjum. Nánast allar voru með sauðfé, 14 þeirra voru með mjólkurbúskap og 16 ekkjur áttu hesta. Þannig getur efnismenning litast af skepnuhaldi hvers bæjar þó vissulega hafi dýr getað komið og farið. Þurft hefur fötur til að mjólka kýrnar, meisa og kláfa til að gefa fóður og moka út úr húsum eða beisli til að nota hestana. Þó má benda á að einstaklingur gat vel búið yfir öllum tólum til að umgangast og hirða um mismunandi dýr á sinn hátt. Ingibjörg Einarsdóttir á Hermundarfelli sem átti ekki hest né kú átti samt sem áður reiðtygi, strokk og mjólkurfötur.⁶⁷⁹ Búskapur á bæjum var stór þáttur í daglegum verkum heimilismanna eins og mjaltir þar sem kýr voru, rúning/klipping ullar á kindum eða vöruflutningar með hestum.

Búfénaður í landbúnaðarsamfélagi 19. aldar var grunnur að daglegu lífi Íslendinga og hagkerfi – lifibrauð og framleiðsla. Afurðir dýranna sköpuðu tekjur og neyslu fyrir heimilisfólkið sem lifði og starfaði á bæjunum. Ljóst er að eign ekknanna er meira en helmingi minni en bændanna og þar af leiðandi með mun umsvifaminni bú en þeir. Búfénaður var næststærsti flokkur bænda og þar mátti telja 1379 gripi en aðeins 585 hér og er gripakvíin aðeins sú fjórða stærsta hjá ekkjunum. Einnig má taka fram að allir bændur skildu eftir sig lifandi gripi en hér voru allnokkrar konur sem engar skepnur áttu. Af þessu að dæma má álykta sem svo að þegar konur urðu ekkjur hafi búrekstur og efni þeirra dregist töluvert saman þegar bóndinn féll frá. Vissulega voru ekkjur staddar á misjöfnum stað í samfélaginu eins og Catrine Svane í Reykjavík sem lifði á kaupmennsku (auðæfum látins eiginmanns síns) og Guðrún Hermannsdóttir á Skarðsdal var vinnukona en ennþá með titilinn „ekkja“. Það að eiga minna í þessum gripaflokki var vísbending um að búskapur og sjálfstæðari lífstíll var þverrandi eða enginn. Því er hægt að álykta sem svo að efnahagsleg staða kvenna eftir fráfall bænda sinna beið hnekki enda einn af framfærendum heimilisins fallinn frá. Búfénaður var framfærsla einstaklinga á þessum tíma og gat því verið stór áhrifavaldur í lífi þeirra – til hins betra eða verra.

⁶⁷⁹ Benda má á að ær voru mjólkaðar á þessum tíma svo áhöld til mjólkurvinnslu gætu hafa verið notuð í þeim tilgangi hjá Ingibjörgu. ÞÍ. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/9,7: 37. Fylgiskjöl, dánarbú 1848.

Efnismenning ekkna

Efnismenning þeirra 33 ekkna sem voru skoðaðar í þessari rannsókn gefur til kynna mismunandi aðstæður kvennanna og síbreytilegt samband þeirra við hluti. Yfirbragð efnisheims þeirra er að mörgu leyti litað af bústörfum eins og sjá má í búsgögnum og búfénaði. Þó er sá bragur á dánarbúsuppskriftunum að töluvert sé minna um efni – það er að ekkjurnar eiga færri gripi og verðminni. Í samanburði við bændur voru gripaflokkarnir laus viður/fasteignir og lifandi gripir mun minni í eigu ekknanna. Lifandi gripir, sem var næst stærsti flokkur bænda, var aðeins sá fjórði hjá ekkjunum og laus viður/fasteignir voru sá sjöundi en sá sjötti hjá bændum, þeir flokkar sem á afgerandi hátt skáru úr á milli eigna hjúa og húsbænda. Segja mætti að eigur ekknanna hafi verið nokkurn veginn á millistigi bænda og vinnuhjúa. Ekkjur áttu mun meira en hjú þeirra (fyrir utan fatnað) en þær áttu töluvert minna en bændur.

Þessi vísbending um dvínandi efnahag gefur til kynna að ekkjur hafi smátt og smátt færst yfir á jaðarinn í sömu stöðu og vinnuhjú – enda lá fyrir einhverjum þeirra að enda þar ef þær hefðu lifað lengur. Virðingarmenn voru nákvæmari í virðingu sinni eins og meira magn af óverðmætum handavinnuverkfærum og búsgögnum gefur til kynna. En þó voru ekki allar ekkjur í slæmri stöðu hvað varðar verðmæti eigna og sumar eins og Catrine Svane í Reykjavík áttu fremur veglegt dánarbú miðað við aðrar. Lifibrauð bænda var fengið frá rekstri búa þeirra (landbúnaði) en ekkjur gátu lifað á öðru en bústörfum eins og jarðrækt, vinnu inni á heimilum fólks, arði liðins hjónabands eða á framfæri barna sinna. Sá raunveruleiki blasir við í hlutum þeirra og samsetningu eigna þeirra.

Catrine Svane gekk ekki í íslenskum fatnaði né átti búsgögn sem svipaði til þeirra sem talin voru upp meðal íslenskra kvenna. Aldraðar ekkjur sem bjuggu inni á börnum sínum áttu fremur fábrotnar eigur og svipaði oft til dánarbúsuppskrifta í eigu vinnuhjúa. Þessi fjölbreytileiki endurspeglar ekki aðeins margbreytileikann í samfélaginu heldur einnig mismunandi aðstæður kvennanna til að lifa í ekkjudómi. Sumar stóðu betur að vígi en aðrar en oftast var það þó þannig að þær stóðu höllum fæti eftir fráfall bónda síns. Landbúnaður var áberandi í efnismenningu ekknanna sem langflestar stóðu fyrir búrekstri í lifandi lífi. Dagleg störf snerust um að halda hjólum heimilisins og framleiðslunnar gangandi með öllum þeim tólum sem þær bjuggu yfir, bókstaflega í formi gripa sinna. Efnismenningin sýnir því glögg tákveðna jaðarsetningu á þessum hópi sem endurspeglast í færri hlutum og minni efnum í samanburði við bændur. Staða þeirra var tímabundin og háð nærumhverfi hvernar og einnar þar sem fyrir gat legið staða vinnukonu, annað hjónaband eða ef til vill ellin í skjóli aðstandenda.

Efnismenning dánarbúsuppskrifta

Í umfjöllun um eigur 104 einstaklinga í dánarbúsuppskriftum komu fram 15.287 hlutir sem gáfu sterkt til kynna fjölbreyttan veruleika eigenda sinna. Þær eigur sem fólkið skildi eftir sig við andlátið gáfu innsýn í meðal annars verkin á bæjunum, matargerð, áhuga og sérhæfingu, fagurfræðilegan smekk, klæðaburð, bústofn, framleiðslu búsin, stöðu fólksins, jafnvel aldur og kyn en einnig svo margt meira. Af gripunum sem fólkið lét eftir sig ásamt heimildunum sjálfum mátti greina hversdagslíf einstaklinganna út frá þeirri efnismenningu sem þar var að finna. Í tilfelli vinnuhjúa, bænda og ekkna var raunveruleikinn mismunandi á ákveðinn hátt en sambærilegur á öðrum sviðum. Hið sama má segja um þá einstaklinga sem voru innan hópanna þriggja. Vinnuhjúin 37 lifðu ekki öll við nákvæmlega sömu aðstæður – bændurnir 34 áttu ekki allir sömu gripina né ekkjurnar 33 sem allar voru í ólíkri stöðu.

Margir einstaklingar voru vinnuhjú allt sitt líf eða í hið minnsta stóran hluta ævi sinnar. Vinnumaðurinn Ísak Þorsteinsson, sem fæddist í Heiðarbót í Þingeyjarsýslu árið 1777, var einn af þeim sem aldrei tók við búi heldur gegndi vinnumennsku allt frá unga aldri til æviloka. Yfir ævina var hann í vist á allavega þremur stöðum Saltvík, Sandhólum og Skörðum – allt í sömu sýslu. Á síðastnefnda bænum virðist hann hafa verið lengst, en þar er hann skráður samkvæmt manntölum frá árinu 1835 og þar til hann dó 74 ára gamall árið 1851.⁶⁸⁰ Ísak giftist aldrei og átti hann eina „óekta“ dóttur, Ólöfu, árið 1807 með Sigríði Guðbrandsdóttur. Árið 1816 var hún með föður sínum í vist í Saltvík árið 1816. Eftir það virðist skilja með þeim leiðir og Ólöf fer að Laxamýri og fermist þar árið 1820 með prýðis vitnisburði og gerist síðar húsfreyja að Ytraálandi, Þingeyjarsýslu.⁶⁸¹

Í dánarbúsuppskrift Ísaks voru 72 færslur yfir eigur hans sem metnar voru á rúma 75 rbd. Þar á meðal var töluvert af fatnaði, nokkrar bækur, rúmfatnaður og allmikið af verkfærum aðallega, til trésmíða. Eigur hans bera þess merki að hann hafði skapað sér sitt svið bæði innan stöðu sinnar sem vinnumanns en einnig inni á heimilinu. Hann hefur getað unnið með hluti í höndunum og allar líkur benda til þess að hann hafi getað drýgt tekjur sínar með trésmíðum. Líklegt er að hann hafi farið á milli bæja eða haft aðstöðu á Skörðum til smíðaverka. Safn hans af smíðatólum er með mesta móti

⁶⁸⁰ ÞÍ. Rtk. Eyjafjarðarsýsla - Múlasýslur. AA/6,1,1: 201. Manntalið 1835; ÞÍ. Rtk. Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýsla. AB/7,1,1: 331. Manntalið 1840; ÞÍ. Rtk. Þingeyjarsýsla og Múlasýsla. AC/5,1,1: 195. Manntalið 1845; ÞÍ. Rtk. Þingeyjarsýslur. AA/5,1,1: 63. Manntalið 1850.

⁶⁸¹ ÞÍ. Kirknasafn. Húsavík á Tjörnesi. 0000 BA/2,1,1. Prestþjónustubók 1816–1837; ÞÍ. Rtk. Þingeyjarsýsla og Múlasýsla. AC/5,1,1: 217. Manntalið 1845.

í samanburði við önnur vinnuhjú en hann átti meðal annars dengsluhamar, þrjá hnifagarma, rennijárn, fellihefil, hjólsveif og hnoðhamar ásamt öðru. Alls 20 verkfæri voru í hans eigu auk rokks og tveggja hrífuhöfða.⁶⁸²

Fatnaður Ísaks er að mestu fólgin í daglegum klæðnaði og óverðmætum flíkum, oft lýst sem fornum, slitnum eða ræflum. Þó á hann eina bláa kafeyu „nýlega“ sem var metin á 7 rbd. og var hans dýrasta flík en önnur föt hans voru metin á bilinu 6 sk. til 1 rbd. og 64 sk. Þess ber að geta að fatnaður er í 33 færslum af 72, svo hann er fyrirferðarmikill í eignum hans eins og svo oft var raunin hjá öllu vinnufólkinu sem hér komu til greiningar. Rúmfatnaður og búsgögn Ísaks marka svo persónulegt rými hans innan heimilisins. Maður sem hafði verið svo lengi í vist og drjúgan part á sama stað var ekki aðeins tímabundinn vinnumaður. Hann hafði skapað sér sitt svæði með eignum sínum sem gáfu til kynna hver var þar á ferðinni. Rúmfatnaðurinn í baðstofunni, borðbúnaður hans til að matast, sérhæfing í smíðum, persónulegir munir til líkamlegrar umhirðu og þarfa. Enn frekar átti Ísak gleraugu sem bendir til hrakandi sjónar og voru annað hvort notuð þegar hann smíðaði eða las í þeim bókum sem hann skildi eftir sig.⁶⁸³

Dánarbúsuppskriftir vinnuhjúa – skjalið sjálf – sýndi stöðu fólksins í gegnum verklag matsmanna við gerð skjalanna. Mikið af óverðmætum gripum komu til virðingar, eins og sápumoli, sokkar, rusl í stokkum, þrjónar, nálar og tvinni. Það virðist sem svo að meiri nákvæmni hafi gætt í störfum embættismanna þegar að því kom að taka saman dánarbú vinnuhjúa. Verulegt magn fatnaðar í samanburði við bændur og ekkjur er þar fyrsta vísbendingin sem og meira af munum til líkamlegrar umhirðu. Sokkar eru mun líklegri til að vera í uppskriftum vinnufólksins en húsbændanna (158 sokkar en 71 hjá bændum). Þrátt fyrir að bændur hafi þurft enn fleiri sokka en vinnuhjú þar sem þeir áttu maka og börn ásamt því að þeim var skylt að útvega hjúum sínum klæði. Telja verður líklegt að hér spili margir þættir saman. Í flestum tilfellum hefur verið fljótlegra að meta allar eigur vinnuhjúa en bónda sem átti bú í rekstri og fjölskyldu. Hjúin áttu hreinlega færri gripa og sést það vel á samanburði á fjölda í hverjum gripaflokki fyrir sig. Aðeins fatnaður í eigu vinnufólks var í meira magni en bænda og ekkna. Hinar kvíarnar eru langtum minni í samanburði milli hópanna. Þannig eru búsgögnin 1396 talsins hjá bændum, 922 hjá ekkjum en aðeins 187 hjá hjúunum. Mestu munar í gripaflokknum laus viður/fasteignir þar sem bændur eiga 543 alls, ekkjur 413 en hjúin aðeins 16 muni.

⁶⁸² Þí. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

⁶⁸³ Þí. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

Fleiri óverðmæta gripi í eigu vinnuhjúa eins og sokka eða spæni mætti einnig rekja til betri yfirsýnar virðingarmanna yfir eigurnar eða hreinlega viðleitni þeirra til að tína allt til svo hægt væri að gera búið upp. Við andlátið fylgdi alltaf uppgjör á eignum fólksins og kostnaður eins og vegna útfarar, veikinda viðkomandi eða jafnvel krafna annarra einstaklinga í dánarbúið. Það hefur því verið nauðsynlegt fyrir hið opinbera og erfingja að geta fengið sem mest út úr litlu svo engar skuldir myndu falla á þá aðila. Gerð skjalanna gaf þar af leiðandi til kynna stöðu viðkomandi. Ef í dánarbúsuppskrift voru allir gripaflokkar og töluvert magn af hlutum innan þeirra var oftast hægt að útiloka að þar færi vinnuhjú. Lítið af búfénaði, búsgögnum og fasteignum endurspeglar vel þá staðreynd að þau stóðu ekki fyrir búi.

Bóndinn Guðlaug Ásgrímsdóttir fæddist á Kerhóli árið 1781 í Eyjafirði. Í manntalinu árið 1816 er hún ásamt móður sinni, Margréti Pálsdóttur, húsmóður og ekkju, að Möðruvöllum í sömu sveit, 35 ára að aldri. Árið 1818 giftist hún Stefáni Stefánssyni (1791–1880) á Ánastöðum. Þau eignast síðar drenginn Ólaf árið 1823 á Möðruvöllum þar sem Guðlaug er skráð húskona samkvæmt prestþjónustubók. Á næstu fimm árum hefur fjölskyldan flutt og tekið við Ánastöðum þar sem Guðlaug lést 47 ára gömul úr farsótt árið 1828.⁶⁸⁴ Í dánarbúi hennar eru 192 færslur yfir eigur hennar sem metnar voru á tæpa 468 rd.⁶⁸⁵

Tveir hreppstjórar eru skrifaðir fyrir virðingunni og er annar þeirra bróðir Guðlaugar – Magnús Ásgrímsson á Möðruvöllum. Í lok dánarbúsuppskriftarinnar má sjá að eiginmaður hennar hefur beðið um að rúmfatnaður hans verði gerður undanskilinn uppgjörinu og vísa embættismennirnir því til yfirvaldsins. Matsmennirnir taka sérstaklega fram að Stefán hafi verið „mjög klæðlítill“.⁶⁸⁶ Þessi bón ekkilsins getur bent til þess að allt úr dánarbúum hafi ekki komið fram. Samkomulag við erfingja hafi verið gert fyrirfram, eða eins og í tilfalli Guðlaugar eftir virðingu og úrskurð sýslumanns um slíkar beiðnir. Þessi háttur gæti einnig útskýrt lítið magn af hlutum eins og hversdagsfatnaði, handavinnutólum eða smáum búsgögnum í samanburði við vinnuhjú. Þau hafi frekar haft persónulegt gildi en að vera af verulegum verðmætum – annars konar hlutir í eigu bænda og ekkna voru metnir til verðs. Í því tilliti mætti nefna búfénað og fasteignir sem oft voru bróðurparturinn af andvirði dánarbúa bænda. Þannig var búpeningur Guðlaugar allur metinn á ríflega 286 rbd., sem var meira en helmingur af virði eigna hennar.⁶⁸⁷ Kristín Guðnadóttir í Skálakoti,

⁶⁸⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Grundaping/Laugaland. 000 BA/3,1,1: 17, 26. 124, 277. Prestþjónustubók. 1817–1879.

⁶⁸⁵ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

⁶⁸⁶ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

⁶⁸⁷ ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828.

sem dó árið 1839, átti jörðina sem hún bjó á. Verð hennar var 200 rbd. en allt dánarbúið var metið á 300 rbd.⁶⁸⁸ Það voru því mikil verðmæti að eiga búfénað og fasteignir enda landbúnaður sá rekstur sem var helst stundaður á 19. öld.⁶⁸⁹

Það ber þó ekki að skilja sem svo að bændur hafi aðeins átt verðmæta hluti og virðingarmenn hafi metið af einskærri tilviljun eigur fólks. En það má segja að þeir hafi verið vandlátari á þá muni sem mögulega gætu komið til virðingar hjá einstaklingum sem áttu meira. Þar af leiðandi er samanburðurinn gagnlegur á milli hópanna til að skilja betur efnisheim þessa tíma, fylla upp í eyður sem eru í heimildunum og átta sig á mismunandi stöðu fólksins. Mesti munurinn á milli hjúa og bænda liggur í magni og gerðum gripa og heildarvirði dánarbúanna þar sem bændur áttu meira af flestöllu. Verkfæri Guðlaugar Ásgrímsdóttur voru sem dæmi fjölbreyttari og fleiri en þau sem voru í eigu vinnumannsins Ísaks. Í hennar búi var að finna tól til umhirðu búfénaðar, jarðyrkju, handavinnu og járnsmíða. Ennfremur skildi hún eftir sig 54 búsgögn en Ísak aðeins þrjú.⁶⁹⁰ Sú staðreynd endurspeglar þann raunveruleika að bændur voru í mun skárri stöðu en undirsátar þeirra. Fólk sem stóð fyrir búi hafði bókstaflega fleiri tól til að skapa sér betri afkomu. Eða var það svo einfalt?

Í eignum þeirra 33 ekkna sem skoðaðar voru mátti sjá að staða kvennanna var hvikul. Sjá má að umsvif búreksturs eru minni og mætti í því tilliti benda á að búfénaður er fjórði stærsti gripaflokkur ekkna (585 gripir) en sá næststærsti hjá bændum (1379 gripir). Magn fatnaðar, óverðmætra búsgagna og smærri handavinnutóla eykst í eigu ekkna í líkingu við það sem sjá mátti hjá vinnuhjúum. Þetta má rekja til þess hve mismunandi aðstæður ekknanna voru. Þær gátu enn verið bændur, verið í skjóli ættingja á heimilinu eða haft lifibrauð sitt annars staðar frá.⁶⁹¹

Ekkjan Þórunn Sigurðardóttir fæddist á Smiðjuhóli í Mýrasýslu árið 1811. Þar ólst hún upp og bjó til ársins 1836 þar til hún giftist Runólfi Runólfssyni (1805–1844). Þau fluttu ári síðar að Höll í sömu sýslu og eignuðust soninn Sigurð sem lést aðeins nokkurra vikna gamall. Árið 1838 eignast þau stúlkuna Ingibjörgu (d. 1916) og á eftir komu Pétur (1840–1858) og Magnús (1841–1907).⁶⁹² Þórunn verður ekkja í nóvember árið 1844 þegar Runólfur deyr úr landfarsótt. Hinn 12 júlí 1846 deyr hún úr

⁶⁸⁸ Þí. Sýsl. Rangárvallasýsla. ED2/5,3: 66. Fylgiskjöl, dánarbú 1839.

⁶⁸⁹ Sjá meðal annars: Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugarfarsins*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 238–257.

⁶⁹⁰ Þí. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/5,4: 22. Fylgiskjöl, dánarbú 1828; Þí. Sýsl. Þingeyjarsýsla. ED2/10,3: 36. Fylgiskjöl, dánarbú 1851.

⁶⁹¹ Þær gátu til að mynda verið vinnukonur, húskonur eða erft auðæfi eftir eiginmenn sína líkt og Catrine Svane kaupmannsekkja hefur gert. Sjá umfjöllun um ekkjur í kaflanum hér á undan.

⁶⁹² Þí. Kirknasafn. Stafholt í Stafholtstungum. 0000 BA/4,1,1. Prestþjónustubók 1816–1840.

mislingum og börnunum er komið fyrir á bæi í sömu sveit.⁶⁹³ Hér má sjá konu sem hefur verið ekkja lengur en í ár frá andláti eiginmanns síns sem er á skjön við það sem lög kváðu á um búskap ekkna. Af manntalinu má þó sjá að árið 1845 eru komnir tveir vinnumenn inn á heimilið, en áður hafði ekkert hjú verið hjá fjölskyldunni samkvæmt manntali.⁶⁹⁴

Í dánarbúsuppskrift Þórunnar sést að hún skuldaði einum vinnumanni sínum, Stefáni Ásmundssyni, 12 rd. í „kaup fyrir liðið ár“.⁶⁹⁵ En hann lést einnig úr mislingum rúmum mánuði á eftir húsmóður sinni.⁶⁹⁶ Sú upphæð verður að teljast rífleg miðað við að árslaun hjúa eru talin hafa verið allt að 6 rd. á þessum tíma.⁶⁹⁷ Þá má gera ráð fyrir að hann hafi gegnt fleiri skyldum en „venjulegur“ vinnumaður þar sem hann var titlaður ráðsmaður við andlát sitt. Það verður því að teljast líklegt að hann hafi komið að rekstri búins ásamt Þórunni í gegnum stöðu sína og hennar. Hennar úrræði hafi verið að fá karlmann að búinu til að geta staðið fyrir því lengur – jafnvel freistað þess að einhver þeirra væri efni í eiginmann. Ennfremur má benda á að hún átti þrjú ung börn sem hún þurfti að framfleyta.⁶⁹⁸

Eigur Þórunnar voru metnar á rúma 248 rd. og þar af var búfénaður á ríflega 90 rd. Sjá má að hún hefur fengið mjólkurafurðir úr „rauðhúfóttri“ kú, kjöt og ull af sauðfé sínu sem voru alls 31 hausar, og þeir tveir hestar sem hún átti hafa komið sér vel til að reiða varning til og frá kaupstað. Afurðir eins og fiskur, ull og rúgur í dánarbúi Þórunnar sýna viðskipti hennar að vissu marki, en þó nokkur verðmæti voru í þeim. Þannig eru ca. 31 pund af hvítri og mislitri ull metin á 5 rd. og 30 sk., 1 tunna og rúgur á 9 rd. og 30 sk. og 140 fiskar (þorskur og ýsa) á rúma 5 rd. Með dánarbúsuppskriftinni fylgir verslunarreikningur þar sem úttekt búins er til dæmis rúgur, mjél og kaffi og innleggið var ull, harðfiskur og bleikja.⁶⁹⁹

⁶⁹³ ÞÍ. Kirknasafn. Stafholt í Stafholtstungum. 0000 BA/5,1,1. Prestþjónustubók 1841–1863.

⁶⁹⁴ ÞÍ. Rtk. Mýrasýsla-Dalásýsla. AB/4,1,1: 237. Manntöl 1840; ÞÍ. Rtk. Vesturamt. AC/2,1,1: 218. Manntöl 1845.

⁶⁹⁵ Vert er að nefna það að hún skuldaði honum jafnframt 8 rd. sem hann hafði lánað henni í peningum. ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁶⁹⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Stafholt í Stafholtstungum. 0000 BA/5,1,1. Prestþjónustubók 1841–1863.

⁶⁹⁷ *Hagskinna*, 604–608 og 925. Sjá frekari umræðu um laun vinnuhjúa í: Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 33–48; Hákon Finnsson, „Um hjúahald,“ 79–87.

⁶⁹⁸ Sjá má um þetta úrræði í til dæmis umfjöllun Krístrúnar Höllu að prestekkjans Sigríður Pálsdóttir baslaði í sex ár áður en hún giftist aftur til að bæta stöðu sína: Krístrún Halla Helgadóttir, „Hagir prestekknar,“ 92–111.

Ekkjur hafi einnig verið eftirsóknarverður kvenkostur vegna búins sem þær stóðu í forsvari fyrir, sjá í meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,“ 435–458.

⁶⁹⁹ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

Búsgögn Þórunnar hafa meðal annars verið notuð við notkun og framleiðslu á þessum afurðum: Pottar, ker og fötur til þrifa á ullinni, keröld, tunnur og trog til söltunar og þurrkunar á fisknum, kaffikvörn, kaffiketill og bollapar til kaffigerðar og -drykkju. Auk þess átti hún skyrgrind og síu ásamt mjólkurfötum og trogum sem nýst hafa til vinnslu og neyslu á mjólkurafurðum.⁷⁰⁰ Aðrir hlutir hafa einnig komið að þessum verkum sem og öðrum, eins og vefstaður Þórunnar sem var hennar verðmætasta verkfæri, togkambur, þrír ullarkambur, skæri og önnur handavinnutól. Þess má geta að amboð í eigu ekknanna voru frekar til umhirðu skepna eða handavinnu en svo virðist sem að tólum til smíða hvers konar og sjómennsku fækki. Úrtakið ber vissulega vitni um þetta og sú staðreynd að eldri ekkjur gátu oft átt sambærilegt magn og gerðir gripa og vinnuhjúin, eins og þær Ingibjörg Jónsdóttir í Syðrivík, Kristín Sveinsdóttir á Egilsstöðum og Ljótunn Einarsdóttir á Hóli áttu, sem allar lifðu undir skjóli tengdra aðila.⁷⁰¹ Þar af leiðandi minnkaði magn hluta í ákveðnum gripaflokkum eins og verkfærum, reiðtygjum, búsgögnum og búfenaði sem tilheyrðu hópi ekkna hér.

Í tilfelli Þórunnar var aðallega um að ræða amboð til heyskapar og umhirðu á skepnum ásamt handavinnutólum en afar fá sem tengdust smíðum – aðeins einn steðji, sníðill og sög. Engin tengd veiðum, sem verður að teljast óheppilegt þar sem hún virðist hafa veitt talsvert af fiski líkt og afurðirnar benda til. Einnig er lausan við að finna í dánarbúi hennar, eins og rekaviðsstaur eða fimm grenispýtur sem gefur til kynna að til hafi staðið að vinna meira með þann efnivið. En hann hefur komið að góðum notum við uppbyggingu á þeim útihúsum sem metin voru í eigu Þórunnar.⁷⁰²

Þessar eyður eða minna magn verkfæra og annars sem búast mætti við að finna á búum bænda má einnig útskýra með fráfalli Runólfs, eiginmanns Þórunnar. Við andlát hans fór fram virðing á eignum hans sem nam 303 rd. í lok árs 1844. Síðar um sumarið fara fram skipti, en uppboðið var sameiginlegt með dánarbúi Þórunnar í september, árið 1846.⁷⁰³ Þetta sýnir að búíð hafði rýrnað um 51 rd. á milli ára. Skiptin sem framkvæmd voru eftir andlát Runólfs hafa trúlega haft einhver áhrif en einnig má benda á að hlutum sem hann hefur notað – fatnaði, reiðtygjum og trúlega smíðaverkfærum hefur Þórunn jafnvel komið í verð með öðrum ráðum til að framfleyta sér og

⁷⁰⁰ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846. Sjá um matvælagarð og framleiðslu í meðal annars: Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslenskum torfbæjum*, 18–21; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*.

⁷⁰¹ ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/4,11: 9. Fylgiskjöl, dánarbú 1852; ÞÍ. Sýsl. Norður-Múlasýsla. ED2/1,5: 4. Fylgiskjöl, dánarbú 1837; ÞÍ. Sýsl. Eyjafjarðarsýsla. ED2/4,1: 18,3. Fylgiskjöl, dánarbú 1818.

⁷⁰² ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁷⁰³ ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 181. Fylgiskjöl, dánarbú 1844; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED1/3,1: 18. Skiptabók 1845; ÞÍ. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. BA/9,1:443. Uppboðsbók 1846.

sínum, borga kaup vinnufólks, vörur, skuldir og skatta. Sá möguleiki útskýrir færri hluti í hennar fórum – sem og annarra ekkna.

Að lokum má minnst á fatnað Þórunnar þar sem ljóst er að betri klæði hennar voru talin upp fyrst, sé litið til virðis þeirra. Þarna er finna bláan upphlut og niðurhlut ásamt 12 silfurmillum, silfurreim og silfurhnappi. Flest allt metið á yfir ríkisdal í virði og heildarverðmætin eru 14 rd., þar af er allt silfrið samtals á 5 rd. Síðan hefur eitthvað af rúmfatnaði Þórunnar verið metið og þar á eftir koma flíkur sem mun minna er varið í og jafnvel lýst sem görmum eða fornum.⁷⁰⁴ Þær hafa samt sem áður komið eiganda sínum vel í hinu daglega amstri og varið gegn kulda og óhreindum. Uppskrifaður sængurfatnaður gefur til kynna að þar hafi fimm manns geta sofið, en samkvæmt manntalinu árið 1845 voru sex einstaklingar á bænum – þar af þrjú ung börn.⁷⁰⁵

Allir þeir hlutir sem fram komu í dánarbúsuppskriftunum sýna gleggri mynd af því hvernig fólk lifði á 19. öld. Efnismenningin gefur til kynna landbúnaðarmiðað samfélag þar sem búfénaður, jarðnæði, verkfæri og framleiðslutæki gátu ráðið töluverðu um afkomu fólks. Talsvert var rætt um vöruskipti, efnahag einstaklinga, laun, búrekstur, afurðaframleiðslu sem og neyslu matvæla sem tilheyra opinbera sviðinu. Það var þó ekki aðeins sá raunveruleiki sem blasti við í dánarbúsuppskriftunum heldur einnig þær persónur sem þar voru á ferðinni. Fólk notaði hluti sem hentuðu áhuga þess, smekk, sérhæfingu eða stuðluðu að betri félagslegum tengslum eða stöðu innan samfélagsins. Dæmi um slíkt mátti sjá í betri klæðnaði vinnukvenna eða sérsviðum fólks í gegnum verkfæri, allt til að bæta stöðu og persónulegan hag. Eigurnar og heimildirnar endurspeglu því einstaklingana sjálfa sem og þjóðfélagið.

Samspil manna og hluta kom við sögu á hverjum degi. Há lestrartíðni á Íslandi á 19. öld má til dæmis rekja til þessa sambands þar sem tilfinningar og efnisheimur sköpuðu aðstæður til baðstofulestrar og ýttu undir að Íslendingar lásu í meiri mæli en nágrannaþjóðir.⁷⁰⁶ Jafnvel mætti segja að sú iðja hafi treyst ítök landbúnaðarins á þessum tíma. Lesefnið var mjög miðað að því að skerpa á stöðu fólks innan heimilisins og styrkja húsbóndavaldið með andlegri eflingu. Efnismenning er því áhrifaríkt afl í hversdagslífi manna og þess virði að henni sé gaumur gefinn þegar fjallað er um hið mannlega.

⁷⁰⁴ Þí. Sýsl. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. ED2/3,2: 1. Fylgiskjöl, dánarbú 1846.

⁷⁰⁵ Þí. Rtk. Vesturamt. AC/2,1,1: 218. Manntal 1845.

⁷⁰⁶ Sjá meðal annars: Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmening,“ 195–214; Loftur Guttormsson, „Læsi,“ 117–144; Helgi Þorláksson, „Fræðimenn og fróðleiksfús alþýða,“ 40–43; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*; Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld,“ 57–72.

III. Varðveisla og menningararfur

Þær eigur sem einstaklingarnir skildu eftir sig við virðingu dánarbúanna sýna daglegt líf þeirra sem þar komu fyrir sem og virkni samfélagsins. Breytingar verða þó í gegnum tíð og tíma á sambandi manna og hluta – efnismenningu. Hlutir verða úreltir í notkun, nýir leysa þá af hólmi, þeir skemmast eða eyðast, fá nýja eigendur eða notendur og öðlast jafnvel nýtt hlutverk. Skyrásar á 19. öld var liður í skyrgerð búsins bæði til að framleiða afurðir og einnig til að fæða heimilismeðlimi. Hann var hversdagslegur (e. *mundane*) munur í notkun og auðveldaði fæðuframléiðslu þeirra sem að henni komu. Skyrásir sem varðveittir eru á safni á 21. öld eru ekki notaðir til slíkra verka og eru frekar til marks um matargerð og menningu fyrri tíma eða jafnvel handverk þess sem smíðaði sáinn. Ennfremur eru þeir haldbærar (e. *concrete*) vísbendingar um ákveðna þætti í lífi fólks í fortíðinni og hluti af matarmenningu þjóðarinnar þar sem sumir hverjir eru taldir til menningararfs Íslendinga í varðveislu og á sýningu safna.⁷⁰⁷

Menningararfur hefur verið vinsælt viðfangsefni fræðimanna hin síðari ár og sitt sýnist hverjum hvað í honum felst. Það sem þó er sameiginlegt í áliti fræðimanna er að þetta fyrirbæri, hvort sem það er áþreifanlegt eða óáþreifanlegt, sameinar einstaklinga, hópa eða samfélög.⁷⁰⁸ Laurajane Smith telur fyrirbærið vera ákveðna orðræðu sem notuð er um óáþreifanlega og áþreifanlega hluti. Beiting ákveðinna hugtaka verður til þess að gripir eða siðir fá þá merkingu að vera menningararfur. Að hennar mati snýst orðræðan um *eyðileggingu* og nauðsyn þess að *bjarga* og *varðveita* til að geta *miðlað* til komandi kynslóða.⁷⁰⁹ Menningararfurinn er þar af leiðandi ekki hlutirnir sjálfir heldur frekar fólgin í þeirri merkingu sem þeir fá með ákveðinni umræðu um þá.

Tekið verður undir rök hennar hér í þessari greiningu þar sem fjallað er um varðveislu. Það verður þó að bæta því við að oft er nauðsynlegt að fyrirbærið eða hluturinn sé til staðar svo hægt sé að minnast hans sem menningararfs. Ekki er því nóg að „tala um“ hluti á ákveðinn hátt eins og fornleifafræðingarnir Håkan Karlsson og Anders Gustafsson hafa bent á. Að þeirra mati hafa gripir eða staðir yfir að ráða ákveðnum eiginleikum sem gerir þá „öðruvísi“ sem og efnislegt umhverfi

⁷⁰⁷ Sjá umræðu um hvernig samtíminn setur mark sitt á efnismenningu hvers tíma í: Harrison, *Heritage*; Smith, *Uses of Heritage*; Óútg. Anna Lísá Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“

⁷⁰⁸ Sjá meðal annars: Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur í öðru veldi,“ 19–39; Meskell, *Nature of Heritage*; Smith, *Uses of Heritage*; Harrison, *Heritage*.

⁷⁰⁹ Smith, *Uses of Heritage*, 11.

þeirra.⁷¹⁰ Í því tilliti má benda á að margir safngripir búa yfir sanngildi (e. *authenticity*) en eru einnig í sérstöku umhverfi á borð við munasafn Þjóðminjasafns Íslands og eru skráðir í aðfangabækur og ítarskrár safnsins (til dæmis *Sarp*). Varðveisla safngripanna innan safnsins sem og verndandi umgjörð þeirra gerir samtímanum því auðveldara að festa þá í sessi sem vörður um fortíðina og gefur þeim nýja merkingu – þeir eru menningararfur bæði í orði og á borði.

Hér er horft til hvers konar hlutir það eru sem búa yfir þeim gildum sem hugtakinu menningararfur fylgja. Í rannsókninni er munasafn Þjóðminjasafns Íslands tekið fyrir út frá þeim efnisheimi sem finna mátti í dánarbúsuppskriftunum frá 19. öld. Hvað hefur varðveist af efnislegum gæðum frá heimilum landsmanna á 19. öld og hvers eðlis er sú birtingarmynd Þjóðminjasafnsins sem er að finna í *Sarpi*? Ég minni á að notkun gagnagrunnsins *Sarps* til að nálgast safnkost Þjóðminjasafnsins var í raun eina færa leiðin í jafn viðamikilli rannsókn og hér var gerð. Aðrir möguleikar voru ekki í boði en eins og útskýrt var í inngangskafli fylgja þessari leið bæði kostir og ókostir. Ennfremur er dregið fram í þessum hluta rannsóknarinnar samband manna og hluta, það er hvaða efnismenningu finna má í þessum tveimur mismunandi heimildasöfnum.

⁷¹⁰ Karlsson og Gustafsson, „Authenticity and the Construction of Existential Identity,” 633–653.

Safnkostur frá 19. öld í Þjóðminjasafni Íslands

Í munasafni Þjóðminjasafns Íslands eru varðveittir munir allt frá landnámi en stór hluti safnkostsins er frá 20. öld.⁷¹¹ Þegar tekið er við grip á safninu er hann skráður eftir kúnstarinnar reglum í aðfangabækur sem er grundvöllur fyrir starfsemina. Ákveðnum eiginleikum muna er lýst og eftir því sem skráningin er ítarlegri því meiri upplýsingum er haldið til haga fyrir bæði starfsmenn og utanaðkomandi.⁷¹² Samhengi hluta sem koma til safnsins er einnig mikilvægt og ef meira er vitað um hlutinn eykst varðveislugildi hans. Slíkar upplýsingar auka líkurnar á að hann sé tekinn inn á safn.⁷¹³ Einstaklingar eins og fræðimenn geta svo notfært sér þá vitneskju sem kemur fram í gögnunum í rannsóknum sínum. Dæmi um það er umfjöllun Kristjáns Eldjárns um hagleiksverk Hjálmars Jónssonar (Bólu-Hjálmars) þar sem hann tengir list hans við íslenska útskurðar- og myndlist. Kristján notar þar meðal annars lýsingar úr aðfangabókum safna þegar hann fjallar um verk Hjálmars og tekur fram safnanúmer, ummál og efni þeirra sem og lýsingu á þeim og eigendasögu.⁷¹⁴

Hvað þessa doktorsrannsókn varðar var sá safnkostur sem búinn var til og/eða notaður á 19. öld dreginn fram með því að nota innri vef *Sarps*, sem býr yfir notkunarmöguleikum til að handleika þau gögn sem fylgja hverjum og einum grip innan safnsins.⁷¹⁵ Afmörkun á safnkostinum fór eftir aldri gripanna. Tímaramminn var ákveðinn út frá fæðingarári þeirra einstaklinga sem voru í dánarbúsuppskriftunum.

⁷¹¹ Vef. „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“.

⁷¹² Rétt er að benda á að skráningu muna lýkur aldrei. Það má alltaf bæta við upplýsingum um gripi, sem gerist með til dæmis rannsóknum, leiðréttingum, nýjum upplýsingum og svo framvegis. En frumskráningin er alltaf í aðfangabækur og síðan er bætt við ítarskráningu sem í dag fer fram í *Sarpi*. Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 27. maí 2022.

⁷¹³ Sandra Sif Einarsdóttir (forvörður í Þjóðminjasafni Íslands), viðtal við höfund, 16. júní 2021. Áhersla á samhengi muna fyrir söfn má sjá í söfnunarstefnum Þjóðminjasafnsins sem eru meðal annars inni á heimasíðu þess, undir „Skýrslur“ söfnunarstefnur frá árinu 2010. Umfjöllun um breytingar á söfnunarstefnu í gegnum tíðina í: Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, vii–xxx; Árni Björnsson, ritstj., *Gersemar og þarfaping*, 7–10; Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir, ritstj., *Hlutavelta tímans*, 9–11.

⁷¹⁴ Kristján Eldjárn, *Hagleiksverk Hjálmars í Bólu*.

⁷¹⁵ Ytri vefurinn er ætlaður almenningi fyrst og fremst og þar af leiðandi var fremur stuðst við innri vefinn sem gerði rannsókn þessari kleift að vinna betur úr gögnunum sem þessari greiningu fylgdu. Benda má á að ekki eru öll aðföng sett á ytri vefinn vegna ýmsra ástæðna eins og höfundaréttarlaga, skráning í vinnslu eða upplýsingar ekki nægar eða í endurskoðun. Þá er sá safnkostur sem er eftir að skrá í *Sarp* en hann er þó nokkur, eins og til dæmis margir þeirra gripa sem komu úr Ásbúðarsafni sem fjallað verður um á eftir.

Skráning aldurs muna er misjöfn, sumum fylgir skýrt ártal (oft áletrað eða nákvæm saga fylgir). Aðra er hægt að staðsetja á ákveðin tímabil út frá rannsóknum eða öðrum vísbendingum um gripina. Síðan er aldur ákveðinna gripa skráður á langt tímabil, jafnvel yfir nokkrar aldir þar sem erfitt er að greina nákvæmlega aldur þeirra. Þeir munir eru oft á tíðum forngripir sem þarfnast frekari skoðunar eða þeir sem eru óskráðir hvað þennan hluta varðar.⁷¹⁶ Dæmi um slíka skráningu er brýnisbrot (heinbrýni), *Þjms.* 2019–33, sem fannst nálægt Botnum í Meðallandi í kringum árið 1970. Um er að ræða fjögur brot sem skráð eru með aldursbilið 1100–1900 en nokkuð er ljóst af þessu langa árabili að frekari rannsókna er þörf til að aldursgreina viðkomandi brot betur.⁷¹⁷

Þeir munir sem erfitt er að staðsetja í tíma með einhverri vissu urðu til þess að tímamörkunum 1800–1900 (líkt og var notað í dánarbúsuppskriftunum) var breytt og þau aðlöguð að fæðingarári (æviskeiði) einstaklinganna í dánarbúsuppskriftunum. Þar af leiðandi voru neðri mörkin miðuð við aldur Sigurðar Oddssonar sem fæddist fyrstur af þeim 104 einstaklingum sem komu fyrir í umfjöllun á dánarbúsuppskriftunum. Hann var fæddur árið 1741 svo neðri mörkin voru færð til ársins 1740 enda lifðu sumir einstaklinganna og notuðu eigur sínar á seinni hluta 18. aldar.

Hvað efri mörkin varðar var yngsta dánarbúið frá árinu 1898 svo efri mörkin (1900) féllu vel að afmörkun aðferðarinnar á tímabil safnkostsins. Nálgunin hér á safnkostinn er ekki gallalaus og er það einna helst tengt annmörkum fyrir rannsókna í notkun leitarvélarinnar á innri og ytri vef *Sarps*. Ef farið er á heimasíðu *Sarps* (ytri vef) og leitað eftir munum með ákveðnum skilyrðum eins og þeim sem notuð voru í þessari rannsókn: „Þjóðminjasafn Íslands“, „Munir“ og „1740–1900“, koma fram 6158 gripir. Séu sömu formerki notuð á innri vefnum finnast 2864 munir. Þessi munur er töluverður og rétt að útskýra hvað veldur.

Hvað ytri vefinn varðar koma fleiri gripir í leitinni vegna þess að þar er einnig leitað í „textasvæðum“ gripanna, sem er hluti af skráningu starfsmanna. Þar er gerð grein fyrir sögu gripsins, fyrrum eigendum og öðru sem þykir skapa samhengi munarins. Þannig má sjá í lýsingu á grip *Þjms.* 347, spaðahúfu, inni á *Sarpi* eftirfarandi:

⁷¹⁶ Skráning á aldri gripa er í flestum tilfellum frekar hófstíllt og það frekar látið liggja milli hluta að skrá nákvæmt tímabil. Hún byggir á huglægu mati starfsmanna sem sjá um forvörslu eða skráningu og þar getur skeikað um áratugi og þar af leiðandi fá munir frekar stærra bil aldurs frekar en minna. Ekki hefur gefist möguleiki innan safnsins (og annarra safna) til að greina aldur allra gripa með vísindalegum aðferðum enda slíkt tímafrekt og kostnaðarsamt á svo stórum safnkosti. Þar af leiðandi er tímabilaskráningu í aldursfærslum sleppt en í nánari lýsingu á muninum er líklegum aldri velt upp þar sem það liggur ekki fyrir með haldbærum hætti hve gamall gripurinn er.

⁷¹⁷ *Þjms.* Sarpur. 2019–33.

Spaðahúfa, öll baldíruð að framan með hvítum og gylltum silfurvír, og alla vega litum silkitvinna. Hún er frá Hrappsey, en er gjör af dætrum Skúla Magnússonar landfógeta. Slíkar húfur voru mjög tíðkaðar á stúlkubörnum á síðari hluta átjándu aldar, en þó varla fyrr, því að spaðafaldurinn eða breiði faldurinn, sem þá var kallaður svo, gagnstætt þeim sívala trafafaldi, er áður hafði tíðkast, var eigi þekktur fyr en um 1765, en spaðinn á húfum þessum er auðsjáanlega í líkingu þess falds.⁷¹⁸

Í þessari umfjöllun er ártalið 1765 tekið fram í hugleiðingum skráningaraðila á aldri gripsins og þar af leiðandi kemur húfan fram í leitarniðurstöðunum. Leitin (aldursbilið) tók til greina ártöl í allri skráningu munarins, en ekki aðeins út frá ákveðnum lykklum í aldurskráningu. Spaðahúfan var þegar betur var að gáð skráð á báða vegu. Það er, bæði í formið sem nær yfir aldur og einnig í stuttri lýsingu á henni (textasvæðið). Skráður aldur í aldurskráninguna er „1750–1800“ svo ljóst er að starfsmenn hafa vaðið frekar fyrir neðan sig.⁷¹⁹

Önnur skýring á mismunandi fjölda muna eftir innri og ytri vef er að á ytri vefnum fellir leitarvélina ekki út muni sem skráðir eru með aldur yfir efri mörkin (árið 1900). Þannig komu fram gripir sem voru frá 20. öld í niðurstöður leitarinnar eins og munur Þjms. 2007–2–2, skrifborðsstóll, sem var skráður frá árunum 1900–1920.⁷²⁰ Miklar líkur eru á að sambærileg aldurskráning sé algeng enda er stór hluti munasafnsins frá 20. öld. Þó er ekki hægt að fullyrða slíkt þar sem möguleikar eru ekki til staðar á ytri vefnum til að taka saman og gera nákvæmari greiningu á því. Framkvæmdar voru stikkprufur á 30–50 munum sem gáfu vísbendingar um þessa annmarka. Svipaðir gallar eru á leitarvél innri vefsins en í stað þess að taka fleiri muni inn í leitarniðurstöður er frekar um það að ræða að safngripir falla út – koma ekki fram.

Á innri vefnum sleppir leitarvélina þeim munum sem eru yfir efri mörkum leitarinnar, hér í þessu tilfelli er það árið 1900. Á þann hátt falla þeir gripir sem skráðir eru á bilinu 1870–1910 út á innri vefnum en koma fram á þeim ytri. Dæmi um slíkt er sporjárn, Þjms. 2013–24–12, sem skráð er á aldursbilið 1880–1920. Það kemur í leitarniðurstöðum ytri vefs *Sarps* en ekki á þeim innri.⁷²¹ Sá gripur var sannarlega notaður síðustu tvo áratugi 19. aldar og hefði átt að vera hluti úrtaksins frá árunum 1740–1900. Þessi virkni leitarvélarinnar verður til þess að töluvert af safnkostinum sem

⁷¹⁸ Þjms. Sarpur. 347.

⁷¹⁹ Þjms. Sarpur. 347.

⁷²⁰ Þjms. Sarpur. 2007–2–2.

⁷²¹ Þjms. Sarpur. 2013–24–12.

hefði átt að koma fram í niðurstöðunum er þar ekki og er ástæða til að taka fram að gripirnir eru fleiri en tæplega 3000 frá tímabilinu sem um ræðir.⁷²² Kostir innri vefsins voru þó talsverðir í samanburði við þann ytri. Það er sökum þess að nákvæmari upplýsingar er þar að finna, sem og möguleikinn að geta fært leitarniðurstöðurnar yfir á excel skjal þar sem hægt var að vinna betur úr mengi gripanna.⁷²³

Nauðsynlegt var að flokka safnkostinn sem kom fram í úrtakinu á sambærilegan hátt og gert var í virðingu embættismanna á dánarbúum einstaklinganna sem og taka saman ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um skráningu munanna. Af gögnunum var hægt að greina ýmislegt um safnkost Þjóðminjasafns Íslands frá þessu tímabili eins og hann kom fram í *Sarpi* – skoða munina frá ólíkum hliðum. Í töflunni hér að neðan má til að mynda sjá algengustu munina:

Tafla 44. Algengustu gerðir muna í safnkosti tímabilsins.

Munir frá 19. öld	Fjöldi gripa
Rúmfjöl	152
Milla	137
Kistill	109
Prentmót	81
Stokkur	72
Prjónastokkur	67
Spónn	66
Hökull	59
Matskeið	46
Bók	40
Altaristafla	40

⁷²² Í *Sarpi* var aldur gripa ekki alltaf færður inn í þær lyknanir sem hægt er að fylla út í hvað ártöl varðar. Það er að í rafrænu skráningunni er aldur ekki færður inn, hann ekki metinn eða settur undir aðrar færslur eins og í lýsingu á muninum. Þetta stafar af því að erfitt er að segja með nákvæmni til um aldur ákveðinna muna.

⁷²³ Þær upplýsingar sem eru í skrá Þjóðminjasafnsins – aðfangabækur – er sá texti sem hefur verið settur inn í *Sarp* ásamt öðru sem viðkom skráningu gripa. Höfundur gerir sér grein fyrir því að safnkosturinn er mun stærri þar sem ekki koma allir gripir í munasafni frá 19. öld fram í *Sarpi*. Rannsóknarnálgunin miðaði að því að leita eftir aldri muna. Sú aðferð varð til þess að þeir munir sem ekki eru aldursskráðir eftir þar til gerðri lyknan falla út. Fyrir þessa rannsókn, vegna umfangs upplýsinganna um gripina og þess tíma sem var til ráðstöfunar í verkefnið, var ekki raunhæft nota aðeins handskrifaðar skrár til greiningar. Það verkefni væri þó sannarlega verðugt til framtíðarrannsókna af stórum hópi vísindamanna.

Skúfhólkur	31
Söðuláklæði	30
Trafakefli	30
Mataraskur	26
Beislistöng	24
Innsigli	23
Kvenbelti	22
Askur	22
Handrit	22

Af þessari töflu má sjá að töluvert magn er af millum og rúm fjöllum og eru þeir gripir 10% af safnkosti tímabilsins eins og hann birtist í *Sarpi*.⁷²⁴ Í heildina voru 781 gerð af munum, svo það skýtur í raun skökku við að aðeins tvær tegundir muna taki svo stóran hluta af heildarmyndinni. Ekki er um jafna dreifingu gripa innan úrtaksins að ræða heldur ráðandi stöðu ákveðinna gerða muna sem í raun skekkja þá mynd sem efnisheimur safnsins gefur af 19. öld. Til samanburðar voru millur og rúm fjalar ekki svona stór hluti af eignum fólks í dánarbúsuppskriftunum. Í safnkosti tímabilsins voru gripir sem frekar var að finna inni á stofnunum eins og kirkjum, ljósmyndastofum, prentsmiðjum og sjúkrahúsum eða hjá læknum. Þar af leiðandi var farin sú leið að flokka slíka muni í flokkinn *opinbert*. Í þeirri kví er meðal annars að finna prentmót, hökul og altaristöflu sem eru meðal algengustu safngripa hér.⁷²⁵

Þess má geta að 71 skráningarlykill er notaður í *Sarpi* um hvern og einn grip en misjafnt var hvort allt var fyllt út. Þetta skráningarfyrrikomulag má rekja til virkni gagnagrunnsins – hvernig flokkun safnkosts var háttáð. Allar færslurnar hefjast á auðkennisnúmeri eða „ID“ númeri gripanna sem tengir þá við ytri vef *Sarps* og svo á eftir undirskrá sem var til dæmis „Sérskrá – Ásbúð“, „Munasafn“ eða „Kirkjugripaskrá“, allt til að flokka munina eftir eðli, uppruna eða gefendum þeirra (upprunareglan). Aðrir dálkar innihalda svo upplýsingar um úr hvaða efni þeir voru, hver skráði,

⁷²⁴ Hér á eftir verður rætt um þá tæplegu 3000 muni sem svöruðu skilgreindum leitarskilyrðum á innri vef *Sarps* sem „safnkost tímabilsins“.

⁷²⁵ Sá gripaflokkur mun ekki koma til umfjöllunar hér í þessari ritgerð þar sem hann kom ekki fyrir í dánarbúsuppskriftunum. Þó er nauðsynlegt að vekja athygli á þessum hluta safnkostsins enda sýnir hann meðal annars muninn á milli heimildasafnanna og fjölbreytni safnkostsins.

gefandi, hvaðan af landinu þeir voru, hve gamlir og annað sem nýttist rannsókn þessari til að átta sig á efnismenningu safnkostsins. Hér verður dregið á helstu vörðum skráningarinnar.

Eitt af því fyrsta sem skrá þarf við afhendingu munar er dagsetning og ár. Af skráningu að dæma hefur safnkostur sá sem rannsóknin nær til komið inn í safnið á 155 ára tímabili en dreifist misjafnt yfir árin. Hafður er sá háttur á þegar skráð er í *Sarp* að komuáttal stjórnar safnnúmeri (í B-kerfi), þannig að ef gripur kom til safnsins árið 2007 byrjar númer hans á því ártali.⁷²⁶ Hér að neðan má sjá þau ár sem flestir munirnir sem í þessu úrtaki voru komu inn til Þjóðminjasafnsins:

Tafla 45. Safnkostur tímabilsins: Fjöldi gripa eftir komuári.

Komuár	Fjöldi gripa
1877	129
1868	90
1888	89
1922	83
1930	75
1882	66
1919	62
1915	54
1916	52
2009	52


Þessar upplýsingar gefa til kynna þau ár sem til dæmis stórar gjafir voru í starfstíð Þjóðminjasafnsins, eins og afhending um 200 muna árið 1930 í tengslum við Alþingishátíðina. Í sögu safnsins segir að dönsk yfirvöld hafi gefið safninu stóran safnkost ásamt því að margir listgripir hafi bárust frá Noregi af þessu tilefni.⁷²⁷ Hér að ofan má sjá að 75 munir í úrtakinu eru hluti af þeim gjöfum sem Þjóðminjasafninu barst árið 1930. Árið 1877 er sá tími sem flestir gripir hafa komið inn til safnsins

⁷²⁶ *Sarpur menningarsögulegt gagnasafn. Skráningarhandbók 2.0. Rekstrarfélag Sarps, 2019, 88.*

⁷²⁷ Sjá meðal annars: Lilja Árnadóttir og fleiri, *Yfir hafið og heim. Íslenskir munir frá Svíþjóð*; Þór Magnússon, „Norska gjöfin,“ 146–147; Gripirnir sem komu frá Noregi árið 1930 eru alls 213. *Þjms. Sarpur. Gripanúmer á bilinu: 10638–10851*; Munirnir frá Nationalmuseet í Kaupmannahöfn eru 138 talsins. *Þjms. Sarpur. Gripanúmerin eru á bilinu: 10880–11009.*

en þá gaf Þorsteinn Þorsteinsson 114 millur, sem útskýrir það magn sem þá var veitt viðtaka.⁷²⁸ Í súluritinu að neðan sést fjöldi skráninga eftir tímabilum en af því sést glögglega að söfnun muna frá 19. öld hefur minnkað hvað magn varðar:

Súlurit 1. Fjöldi safngripa frá 19. öld eftir söfnunartímabili.



Langflestir gripanna komu inn á safnið á fyrstu áratugum starfstíðar þess en færri eftir því sem á leið. Ástæðurnar að baki því eru margvíslegar og hér mætti nefna tvær: söfnunarstefna safnsins breyttist og framboð muna í samfélaginu dvínaði. Lögð var minni áhersla á söfnun margra gripa af sömu gerð og meiri áhersla á fjölbreytni og samhengi gripa. Eftir því sem tíminn líður eyðast munir og tynast – notaðir í þaula, endurnýttir eða hent. Kristján Eldjárn segir í bók sinni *Hundrað ár í Þjóðminjasafni* að hversdagstækjum sem sneru að sjávarútvegi og landbúnaði hafi til að byrja með verið safnað seint og illa. Meiri þungi var settur í listræna og listsögulega gripa, meðal annars vegna þess hve nálægt 19. öldin var í tíma fyrir forvera hans.⁷²⁹ Trúlega skipti þarna einnig máli þjóðfrelsisbaráttan og sá þungi sem lagður var í hinni opinberu umræðu að draga fram mikilfengleika þjóðarinnar, að henni væri eftir allt saman treystandi fyrir sjálfstæði sínu. Þessar áherslur koma vissulega fram í vali þeirra gripa sem rötuðu á safnið í árdaga þess.

Í dag koma fleiri aðilar að ákvarðanatöku um söfnun og stefnu safnsins ásamt því að aukin fagleg þekking er til staðar. Þetta hefur leitt til þess að áherslur hafa breyst og hefur til dæmis samtímasöfnun gripa og söfnun daglegra brúkshluta aukist, sem hægt er að tengja við eigendur,

⁷²⁸ Millur voru notaðar til að festa saman upphlut framan á brjósti, úr málmi, hornum eða við. Nánar verður fjallað um gjöf Þorsteins í umfjöllun um *fatnað*.

⁷²⁹ Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, xx–xxi.

sögu eða notkun viðkomandi hluta. Skortur á varðveislurými hefur einnig áhrif á hvað er varðveitt. Við komu gripa þarf að taka tillit til hvort svipaðir munir séu til innan safnsins til að forðast of mikið magn sambærilegra hluta.⁷³⁰ Í því tilliti má vekja athygli á að jafnari dreifing er í söfnun muna eftir miðja 20. öld þar sem ekki er um að ræða afgerandi hlut ákveðinna gerða gripa. Hér að neðan eru algengustu munirnir sem komu fyrir og eftir árið 1950.

Tafla 46. Algengar gerðir muna í safnkosti tímabilsins fyrir og eftir miðja 20. öld.

Gripir fyrir 1950	Fjöldi		Gripir eftir 1950	Fjöldi
Rúmfjöl	141		Matskeið	28
Milla	136		Hökull	18
Kistill	92		Kistill	17
Prentmót	81		Rúmfjöl	11
Stokkur	66		Bók	10
Prjónastokkur	64		Söðuláklæði	10
Spónn	59		Korði	9
Hökull	41		Kista	9
Altaristafla	33		Pottur	9
Skúfhólkur	30		Lyfjaglas	8
Bók	30		Kanna	8

Þessar tvær töflur sýna glögg að mjög hefur dregið úr magni muna frá þessu tímabili, en einnig hvaða gripir hafa verið eftirsóknarverðir frá upphafi, eins og hökull, rúmfjöl og kistill sem eru á báðum listum. En þó má sjá mun á milli tímabilanna hvers konar munum var safnað og er matskeið algengust í seinni tíma. Það dregur úr magni ákveðinna gerða gripa inn á safnið og er sem dæmi aðeins ein milla skráð eftir miðja 20. öld. Hér er þó ekki að sjá þá vendingu sem vísað er í hér á undan um breyttar söfnunaráherslur, en vissulega koma aðrar gerðir muna inn til Þjóðminjasafnsins eftir 1950 en ekki á eins afgerandi hátt og mætti ætla. Þannig mætti benda á að fyrir miðja 20. öld koma 578 gerðir muna en aðeins 336 í seinni tíð. Sá háttur að taka við miklu magni sambærilegra hluta er lagður af og dreifist magn ólíkra muna betur yfir safnkostinn.

Af safnkosti tímabilsins voru 126 gripir gjöf frá Þorsteini Þorsteinssyni smið (1825–1912), frá Upsum í Svarfaðardal. Hann var sá einstaklingur sem gaf mesta magn muna til Þjóðminjasafnsins. Á

⁷³⁰ Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 24. júní 2021; Sandra Sif Einarsdóttir (forvörður) viðtal við höfund, 16. júní 2021.

eftir komu Landsprentsmiðjan með 79 prentmót og Norska Þjóðminjasafnið hefur gefið 46 gripi í gegnum tíðina. Það má því sjá að bæði einstaklingar og önnur söfn eða stofnanir hafa haft mikil áhrif á munasafnið með stórum sem smáum gjöfum. Alls voru 588 manns/stofnanir sem létu af hendi gripi til Þjóðminjasafnsins. Upplýsingar um gefanda liggja fyrir um 51% af safnkostinum eða 1466 muni. Ennfremur er lítill hluti sem hefur verið keyptur, eða 6,5%. Skýringin á þessu felst meðal annars í því að þó nokkur hluti eru kirkjugripir eða forngrípafundir og eru þeir drjúgur partur af safnkostinum. Í þeim tilfellum er gefandi ekki skráður í því skráningarformi sem upplýsingarnar hér voru teknar saman úr. Það er jafnframt ekki litið á þessa muni sem gjöf heldur að um sé að ræða þjóðareign. Aftur á móti er skráð á öðrum stöðum hverjir stjórnðu fornleifauppgreftrinum eða úr hvaða kirkju viðkomandi munur var.⁷³¹

Tafla 47. Algengir gefendur og fjöldi muna frá þeim.

Gefandi	Fjöldi gripa
Þorsteinn Þorsteinsson	126
Landsprentsmiðjan	79
Norska Þjóðminjasafnið	46
Andrés J. Johnson	39
De Heibergske Samlinger	33
Katla Magnúsdóttir	30
Þuríður Jónsdóttir	30

Það sem mest kom á óvart er hve einstaklingar gátu verið stórir gefendur og er til að mynda nokkuð vegleg gjöf frá Kötlu Magnúsdóttur árið 2009. Gaf hún safninu 30 gripi af þeim 52 gripum sem þá komu inn í safnið og voru frá 19. öld. Að mestu er um að ræða safn af vopnum sem Rudolph Craner (1881–1959) hafði eignast aðallega á Jótlandi og Þýskalandi. Sumt af þeim áskotnaðist honum þegar hann var við landmælingar á Íslandi á árunum 1908–1914. Eiginmaður Kötlu, Matthías Ingibergsson, apótekari (1918–2000), hafði keypt safnið af Craner.⁷³²

⁷³¹ Taka skal fram að ekki eru allir kirkjugripir komnir inn til safnsins í gegnum lagaleg ákvæði. Þeir eru til dæmis gefnir safninu af einstaklingum eða öðrum söfnum eða stöku tilfellum aðkeyptir. Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingar í munasafni Þjóðminjasafni Íslands), viðtal við höfund, 16. ágúst, 2021.

⁷³² Alls voru 44 munir í gjöf Kötlu Magnúsdóttur til safnsins árið 2009, ýmist frá 18–19. öld og frá byrjun 20. aldar. *Þjms*. Sarpur. 2009–1– (1– 44).

Til að gripur komi til greina til varðveislu þarf samhengi hans helst að fylgja: Hvaðan kemur hann, hver átti hann, hvernig var hann notaður og svo framvegis. Slíkar upplýsingar gefa muninum gildi innan safnsins sem og þegar þeir eru rannsakaðir sérstaklega.⁷³³ Upplýsingar sem meðal annars gæða hluti samhengi eru til að mynda hvaðan þeir eru af landinu.

Uppruni munanna, hvaðan af landinu þeir voru, er þekktur í tilfalli 1454 gripa (af 2864). Þetta stafar af óvissu um nákvæma staði þar sem munirnir voru í notkun og því í raun betra að sleppa því að staðsetja þá í stað þess að geta sér þess til.⁷³⁴ Vopnasafnið sem Katla Magnúsdóttir eftirlét safninu er til dæmis aðeins skráð eftir landi en ekki sýslu eða bæ. Enda er ekki vitað með vissu hvaðan hver og einn gripur er.⁷³⁵ Að neðan má sjá hvernig sá helmingur safnkostsins sem er með þekktu staðsetningu skiptist á milli sýslna.

Tafla 48. Fjöldi muna eftir sýslum.

Sýslur	Fjöldi gripa
Gullbringusýsla	220
Eyjafjarðarsýsla	164
Suður-Þingeyjarsýsla	143
Norður-Ísafjarðarsýsla	107
Árnessýsla	106
Rangárvallasýsla	105
Dalasýsla	104
Skagafjarðarsýsla	54
Suður-Múlasýsla	49
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	49

Eftirtektarvert er hve mikið af munum er frá Gullbringusýslu sem nær yfir Reykjavíkursvæðið og Reykjanes. Þar á meðal eru 22 gripir frá Bessastöðum, 13 úr Garðakirkju og 14 úr Nesi við Seltjörn

⁷³³ Sandra Sif Einarsdóttir (forvörður) viðtal við höfund, 16. júní 2021. Um þennan hátt safnsins (og safna) má sjá í söfnunarstefnum Þjóðminjasafnsins sem eru meðal annars inni á heimasíðu Þjóðminjasafn Íslands, undir „Skýrslur“ söfnunarstefnur frá árinu 2010. Umfjöllun um breytingar á söfnunarstefnu í gegnum tíðina í; Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, vii–xxx; Árni Björnsson, ritstj., *Gersemar og þarfaping*, 7–10; Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir ritstj., *Hlutavelta tímans*, 9–11.

⁷³⁴ Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 24. júní 2021.

⁷³⁵ *Þjms*. Sarpur. 2009–1– (1–44). Rétt er að benda á að sumir gripanna úr safni Rudolph Craner eru ýmist frá Danmörku, Íslandi, Frakklandi, Belgíu og Þýskalandi og eru þær upplýsingar skráðar hjá hverjum og einum grip.

en langflestir eru einfaldlega skráðir úr Reykjavík eða 85 talsins. Flestir þeirra eru kirkjugripir, sem útskýrir að einhverju leyti fjöldann en mikið af þeim hefur safnið fengið í gegnum gjafir frá einstaklingum og lagalegar skyldur.⁷³⁶ Aðrar hugsanlegar ástæður sem valda þessu er að svæðið er þéttbyggt og síðan eru byggðasöfn um allt land sem taka á móti hlutum úr héraði. Þar af leiðandi eru fleiri í Gullbringusýslu sem hafa gefið Þjóðminjasafni gripi á meðan íbúar annarra byggðarlaga leita frekar til safna nær sér.

Annað sem vekur athygli er að meirihluti þess sem varðveitt er frá Eyjafirði er að mestu leyti frá einum gefanda, áður nefndum Þorsteini Þorsteinssyni. Sjá má af gögnunum að hann hefur gefið 126 muni (af 164 frá Eyjafirði) á seinni hluta 19. aldar. Eins og áður hefur komið fram þá er mikill meirihluti millur eða hnappar úr kopar eða silfri og eru þær enn fleiri, því í einni færslu gátu leynst allt að 15 hnappar.⁷³⁷

Efni gripanna er skráð á nánast öllum safnkostinum og eru 335 munir sem ekki enn hafa fengið fullnægjandi skráningu hvað það varðar. Nokkuð erfitt er að greina nákvæmlega efni allra muna þar sem skráningarfærsla fyrir einn grip getur innihaldið nokkur, eins og til dæmis við, málm, hár eða gler. Klæði geta til dæmis verið úr lérefsti, silki og kopar, sem þýðir að þá fær munurinn öll efni skráð saman á sig í einni færslu. Treyja, Þjms. 2006-10-2, er sem dæmi skráð vera úr: „Textíll – Náttúruleg vefjarefni – Ullarefni - Klæði. Textíll – Gervivefjarefni – Málmþráður. Hár – Ull“.⁷³⁸ Eða í stuttu máli: úr klæði, málmþræði og ull. Taflan hér sýnir hvernig algengasta form skráningar efnis var í safnkostinum:

Tafla 49. Fjöldi safngripa eftir efnivið þeirra.

Efni	Fjöldi gripa
Viður - Fura.	391
„Óskráð“	335
Málmur - Silfur.	282
Viður.	278
Málmur - Kopar.	201

⁷³⁶ Lagaleg skil eru á aflögðum friðuðum kirkjugripum og þar kemur Þjóðminjasafnið til sögunnar varðandi varðveislu þeirra muna. Þetta á einnig við um forngrípafundi. Lilja Árnadóttir (þáverandi sviðstjóri munasafns Þjóðminnasafnsins), viðtal við höfund 4. apríl, 2016.

⁷³⁷ Þjms. Sarpur. 1056 og 1453–1565. Ef betur er að gáð má sjá að Þorsteinn var rausnarlegur við safnið á þessum tíma og hefur gefið rúmlega 700 muni til Þjóðminjasafnsins á árunum 1868–1877. Þetta má sjá í aðföngum tengdum honum í nafnaskrá *Sarps*. Verulega mikill hluti munanna eru hnappar eða millur og ekki allt skráð með aldur.

⁷³⁸ Þjms. Sarpur. 2006–10–2.

Pappír.	96
Málmur - Járn.	91
Málmur - Látún.	84
Hár - Ull.	64
Viður - Beyki.	45
Horn - Nautshorn.	43
Textíll - Náttúruleg vefjarefni - Ullarefni - Klæði.	32
Textíll - Náttúruleg vefjarefni - Silki.	27
Horn.	23
Viður - Eik.	22
Viður - Mahóni.	18
Málmur - Tin.	18
Málmur.	18
Viður - Fura. Viður - Beyki.	17

Af þeim 357 tilbrigðum á efnivið muna sem skráð eru við safnkostinn er viður skráður í 111 þeirra, eða í tilfelli 1018 gripa. Af því má sjá að trésmíði var stór hluti af hversdagslegu lífi Íslendinga á 19. öld enda voru meðal annars hús, húsgögn, búsgögn og reiðtygi gerð úr viði af ólíkum tegundum.⁷³⁹ Á eftir kemur málmur þar sem 989 munir eru úr slíku efni og hægt er að álykta að meirihluti af safnskosti tímabilsins sé úr einhvers konar málmi. En dæmin sýna að undir einu safnnúmeri gátu verið nokkrir gripir, oftast smámunir eins og hnappar, nælur eða millur sem voru úr kopar, silfri eða jafnvel gulli. Alls eru 21 gripur úr gulli eins og hringar, eyrnalokkar, kvenkragar (gullþræðir), úr, belti og signet, svo ekki er mikið af slíkum dýrgripum heldur frekar silfri og stáli. Þriðja algengasta efnið var svo ull en þar voru til að mynda pils, upphlutir, hattar, svuntur, áklæði og sessur svo eitthvað sé nefnt.

Að þekkja efni muna er mikilvægt fyrir Þjóðminjasafnið og forverði þess því það ákvarðar hvernig eigi að standa að vörslu þeirra og þar af leiðandi hvar viðkomandi gripur endar í munasafninu – varðveislurýminu. Á Tjarnarvöllum í Hafnarfirði er varðveisluhúsnæði safnsins en þar er að finna afbragðs aðstæður fyrir stóran hluta munasafnsins. Þar er geymslum skipt eftir forvörsluskilyrðum sem henta viðkomandi efni. Munir úr textíl eru sem dæmi geymdir í sérstöku rými með réttu

⁷³⁹ Þetta má sjá í umfjöllun um dánarbúsuppskriftirnar og einnig: Lilja Árnadóttir, „Útskurður,“ 291–301; Halldóra Arnardóttir, „Innanstokksmunir,“ 121–129.

rakastigi, hitastigi, birtu og eldvörnum við hæfi. Gripir úr málmum eru varðir fyrir tæringu í öðrum hluta húsnæðisins þar sem varðveisluaðstæðum er stjórnað af þeim forsendum sem slíkir munir krefjast.⁷⁴⁰

Það er ekki nóg að skrá inn aðeins upplýsingar sem snúa að safngrip heldur þarf einnig að færa inn hver skráði hann og síðar, þegar samhengi muna er endurskoðað eða frekari upplýsingar berast, bætist við nýr skráningaraðili (ef svo ber undir) eða innsláttaraðili. Matthías Þórðarson sem starfaði sem þjóðminjavörður á árunum 1908–1947, ber höfuð og herðar yfir skráningar á safnkostinum. Sjá má að nokkrir munir sem hann hefur skráð hafa fengið endurskoðun frá seinni tíma starfsmönnum eins og Freyju Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttur, sem er annar ötulasti skráningaraðili muna frá 19. öld.⁷⁴¹ Slíkir gripir geta því haft nokkra skráningaraðila og oft fylgja viðaukar eða athugasemdir í textasvæði munanna um hver viðbótin eða leiðréttingin var. Skráning faldbúnings, Þjms. 2008–5–129, inniheldur til dæmis lýsingu Matthíasar á honum en einnig umsögn og athugasemd Freyju, dagsetta og merкта henni í textasvæði. Þar má sjá að nál sem átti að hafa fylgt búningnum hefur glatast og að ekki eru aðrir eins til í safninu.⁷⁴² Hér að neðan sést betur hverjir það eru sem í flestum tilfellum eru skráningaraðilar safnkostsins.⁷⁴³

Tafla 50. Fjöldi muna eftir skráningaraðilum.

Skráningaraðili	Fjöldi gripa
Matthías Þórðarson	1420
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir	213
Þorkell Grímsson	165
Kristján Eldjárn	147
Sigurður Guðmundsson	124
Jón Jacobson	81

⁷⁴⁰ Sandra Sif Einarsdóttir (forvörður), viðtal við höfund, 16. júní 2021. Sjá einnig: Jacqueminet, ritstj., *Handbók um varðveislu safnkosts*, I; Jacqueminet, ritstj., *Handbók um varðveislu safnkosts*, II.

⁷⁴¹ Þess ber að geta að Freyja Hlíðkvist starfar nú í dag sem sérfræðingur í munasafni og meðal annars við skráningu muna og hefur unnið þar í ríflega 20 ár.

⁷⁴² Þjms. Sarpur. NMs–38808–f.

⁷⁴³ Vekja þarf athygli á að hér er ekki um að ræða kórrétta mynd af skráningaraðilum. Vegna tæknilegra atriða og nákvæmni í tölvuskráningu í *Sarpi* er skekkja á því hver það er sem í raun og veru skráði hvern grip. Þannig er gerður greinarmunur á skráningaraðila og innsláttaraðila. Sá sem skráði var sá sem var að meta gripinn og lýsa honum á meðan innsláttaraðili færði einungis upplýsingarnar inn. Í því tilliti má benda á að Frosti Fífill Jóhannsson vann sem dæmi aldrei við skráningu gripa en sá um innslátt og færslu gagna inn í *Sarp* á sínum tíma.

Friðrik Ásmundsson Brekkan	77
Frosti Fífill Jóhannsson	69
Guðrún Harðardóttir	62
Sigurður Vigfússon	61
Gyða Gunnarsdóttir	60
Guðmundur Guðmundsson	55
Matthías Þórðarson, Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir	54
Lilja Árnadóttir	34
Jón Jacobson, Matthías Þórðarson	33
Óþekktur	24
Þór Magnússon	21
Inga Lára Baldvinsdóttir, Lilja Árnadóttir	20
Sigurborg Hilmarsdóttir	20

Matthías er langtum atkvæðamestur og hefur hann safnað meira en helmingi safnkostsins sem hér er til skoðunar. Athyglisvert er að ekki er vitað um skráningaraðila í 24 tilfellum en slíkt er þó jafnvel hægt að geta sér til um varðandi komuár munarins ef vitað var hver vann við skráningar á hverjum tíma fyrir sig. Upplýsingar um skráningaraðila eiga að sýna hver skráði munina og í sumum tilfellum er tekið fram ef annar starfsmaður hefur bætt við upprunalega skráningu. Eins og hjá 54 gripum þar sem Matthías Þórðarson hefur skráð muni en síðar hefur Freyja Hlíðkvist bætt við skráninguna. Af munum frá tíð Matthíasar má sjá að hann hefur sóst eftir því sem nefna mætti stofuprýði – munum sem voru úr silfri ásamt list- og kirkjugripum. Hið sama má sjá í umfjöllun Önnu Lísu Rúnarsdóttur um söfnun Matthíasar. Í hans tíð kemur mikið af vönduðum silfurgripum (og annarri málmsmíði) eins og kaleikar, patínur, búningaskart og silfurskeiðar. Það er mat hennar að áhersla hans hafi verið á „fallega“ gripa, útskorna eða skreytta að einhverju leyti.⁷⁴⁴

Áhugi eða sérsvið starfsmanna getur því á sinn hátt haft áhrif á bæði skráningu gripa og uppbyggingu munasafnsins. Sérstaklega í tilfelli Matthíasar þar sem hann var þjóðminjavörður sem vann einn.⁷⁴⁵ Hann stjórnaði því hvað það var sem var varðveitt. Eftir hans tíð fer svo starfsmönnum og þeim sem komu að ákvörðunartöku um söfnun að fjölga og þar af leiðandi er minna hægt að

⁷⁴⁴ *Óútg.* Anna Lísa Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“

⁷⁴⁵ Hann fékk stundum annað fólk til liðs við sig tímabundið til að starfa við safnið en að endingu var það hann sem átti lokaorðið í söfnun stofnunarinnar. *Óútg.* Anna Lísa Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“

draga ályktanir um áhuga skráningaraðila. Þeir höfðu minna að segja í seinni tíð um hvaða verkefni í skráningu féllu þeim í skaut, ásamt því að aðrir lögðu línurnar í söfnunarstefnu safnsins.⁷⁴⁶ Ekki er þó hægt að skrifa söfnun og/eða söfnunaráherslur alfarið á starfsmenn safnsins (eða safnið sjálft) því stofnunin reiðir sig vissulega á gjafir frá almenningi og afhendingar frá opinberum stofnunum eins og Minjastofnun.⁷⁴⁷

Hugur almennings og stjórnvalda til þess hvað á að vera til á safni hefur einnig töluverð áhrif. Á þann veg myndast áhugi utan safnveggjanna til að taka ákveðnar gerðir muna inn til varðveislu. Ennfremur getur skortur á ákveðnum gripum skapað eftirspurn eftir þeim. Söfnun safna er því mótuð af gagnkvæmum áhrifum á milli safnamanna, fræðimanna, almennings, stjórnvalda, fjölmiðla og annarra hagsmunaaðila eins og úr ferðaþjónustu.⁷⁴⁸ Safnið hefur þó sannarlega lokaorðið í að móta söfnunaráherslur sínar.

Sjá má í umfjöllun um söfnun Þjóðminjasafnsins að mikill þungi í byrjun starfsemi safnsins hafi verið að fá inn það sem kalla mætti „betri muni“ eins og list- og kirkjugripi, veglega hluti eins og fagurlega skreytt klæði eða borðbúnað. Eftir miðja 20. öldina fara menn að gefa hinu hversdagslega meiri gaum og þar af leiðandi fara munir eins og heyskaparverkfæri, mjólkurfötur eða heymeisar að birtast í safnkosti tímabilsins í meira mæli. Hægt væri að nefna fleiri gripaflokka eins og ljósmyndir, sjó- og tækniminjar, samtímagripi á borð við hluti tengda búsáaldabyltingunni (2009) sem síðar koma á borð Þjóðminjasafnsins.⁷⁴⁹

⁷⁴⁶ Þess má geta að höfundur hefur skoðað aðfangabækurnar sjálfar sem eru grundvöllurinn að þeirri skráningu sem færð er inn í *Sarp*. Af þeim munum sem hér verður vitnað til mátti sjá að mikið af lýsingum þeirra er úr aðfangabókunum. Þegar starfsmenn skráðu muninn inn í *Sarp* var mismunandi hvort þeir voru með gripinn sjálfan fyrir augunum eða færðu beint inn í kerfið það sem fyrir kom í upphaflega skráningarforminu. Þar af leiðandi voru sumir skráningaraðilar sem færðu aðeins inn þær upplýsingar sem í aðfangabókunum eru en aðrir bættu við eftir nánari skoðun gripanna sjálfra. Sá háttur sýnir myndina af áhuga eða sérhæfingu skráningaraðila í seinni tíð ásamt þeirri staðreynd að hugtakið – skráningaraðili – er loðið. Er átt við þann sem skráði gripinn fyrst inn eða eru allir starfsmenn sem skrá eitthvað varðandi muninn líka skráningaraðilar eða innsláttaraðilar? Rétt er að hafa þetta í huga þegar rætt er um þetta síðar. Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 24. júní 2021

⁷⁴⁷ Lilja Árnadóttir (þáverandi sviðstjóri munasafns Þjóðminjasafnsins), viðtal við höfund 4. apríl, 2016.

⁷⁴⁸ Sjá meðal annars umfjöllun fræðimanna um hvað sé menningararfur og hvernig hann myndast: Kirshenblatt-Gimblett, *Destination Culture: Tourism, Museums and Heritage*; Meskell, *Nature of Heritage*; Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, ritstj., *Menningararfur á Íslandi. Greining og gagnrýni*; Smith, *Uses of Heritage*; Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur,“ 313–328.

⁷⁴⁹ Sjá meðal annars: *Óútg.* Anna Lís Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“, Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, vii–xxx; *Vef.* „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“.

Þessa þróun má tengja við það samtal sem stofnunin á við aðra – almenning, fræðimenn, stjórnmalafólk og svo framvegis. Í byrjun aldarinnar stóð íslenska þjóðin í sjálfstæðisbaráttu þar sem mikil áhersla var á að upphefja land og þjóð. Þar með var eftirsóknarverðara að halda upp á fallega muni sem sýndu Ísland vera þjóð meðal þjóða.⁷⁵⁰ Þjóðminjasafnið sker sig í sjálfu sér ekki frá öðrum þjóðminjasöfnum hvað þetta varðar. Í upphafi 20. aldar var markmið flestra evrópskra safna að draga fram menningarleg sérkenni og hafa þannig áhrif á pólitíska þjóðarvitund.⁷⁵¹ Eftir miðja öldina fóru fræðimenn í auknum mæli að fjarlægast þessar línur og áhrif hag- og félagssögu fóru að láta á sér kræla, þar sem sjónum var meðal annars beint að alþýðu, tækni, atvinnugreinum, lágstéttum, einstaklingum og kvenna- og kynjasögu.⁷⁵² Út frá þeim hræringum fóru fjölbreyttari munir að tínast inn til varðveislu og rata í söfnunarstefnu Þjóðminjasafnsins.

Aðrar upplýsingar væri hægt að greina frekar frá *Sarpi* enda fjöldinn allur af lykklunum sem liggja að baki hveirrar skráningar í gagnasafninu. Hér á eftir verður fjallað um safnkost tímabilsins út frá flokkun hans í þær gripakvívar sem embættismenn dánarbúsuppskrifta notuðu við störf sín. Rýnt verður í hvers konar munir eru í flokkunum og hvernig skráningu er háttað innan þeirra kvía. Stuðst verður að einhverju leyti við þær vörður sem lýst hefur verið hér að ofan og þær notaðar í hverjum og einum flokki, eins og gerð hvers hlutar, efni hans, skráningu og hvenær munirnir koma til varðveislu í Þjóðminjasafninu. Í umfjöllun um safnkostinn í hverjum gripaflokki fyrir sig verður rýnt í hvað hefur safnast og hvers konar efnismenningu er að finna á Þjóðminjasafni Íslands eins og hún birtist í gegnum *Sarp*.⁷⁵³

⁷⁵⁰ Sjá meðal annars: Aronsson og Elgenius, *National Museums and Nation-building in Europe 1750–2010. Mobilization and Legitimacy, Continuity and Change*; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*; Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar,“ 119–132; Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*.

⁷⁵¹ Aronsson og Elgenius, *National Museums and Nation-building in Europe 1750–2010; Óútg.* Anna Lía Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“

⁷⁵² Sjá umfjöllun um íslenska sagnfræði á 20. öld: Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Sigurður Ragnarsson, ritstj., *Íslensk sagnfræði á 20. öld*. Sjá einnig: Guðmundur Hálfðanarson, „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar,“ 187–205; Sigurður Gylfi Magnússon, „Íslensk sagnfræði 1980–2005,“ 211–248.

⁷⁵³ Taka skal fram að umfjöllunin í þessum kafla miðar við þá muni sem komu fram í leitarvél innri vefs *Sarps*. Rætt hefur verið um annmarkana sem því fylgir. Höfundi er ljóst að safnkosturinn er í raun mun stærri að umfangi og fjölbreytni en sá sem hér er til umfjöllunar.

Bækur

Gripakvíin bækur inniheldur muni tengda lestri, skriftum og prentun. Ekki er mikið magn muna miðað við heildina en alls eru 117 gripir af 43 gerðum. Safnkosturinn er fremur fábreyttur miðað við aðra gripaflokka en þess ber að geta að í dánarbúsuppskriftunum var nánast aðeins um að ræða bækur en mun minna af ritfærum. Hér má finna margvíslega hluti til stafs og lesturs eins og til dæmis blað, stílabók, ljósmynd og bréf. Hér að neðan má sjá nánar hvað var algengast:

Tafla 51. Safnkostur tímabilsins: Algengar bækur.

Munir á Þjóðminjasafni	Fjöldi
Bók	40
Handrit	22
Sálmabók	5
Bókarkápa	4
Bréf	3
Nótnahandrit	2
Stílabók	2
Ljósmynd	2
Munsturbók	2
Minnisbók	2
Blað	1
Skriffæraumgerð	1
Ritspjald	1
Handrit	1
Forskriftarblað	1
Heillaóskaspjald	1
Prentmynd	1
Kort	1

Þegar betur er rýnt í skráninguna er fljótt ljóst að bókatitlar eru ekki notaðir sem efnisorð í skráningum bókanna heldur aðeins „bók“ eða „handrit“. Því eru nánast engir titlar hér undir *efnisorðum/heiti* nema *Sálmabók*. Undir frekar víðu hugtaki yfir allt það lesefni sem safninu hefur borist leynast þó kunnuglegir titlar eins og *bænakver*, *Vidalínspostilla*, *Grallarinn* og *Stúrmshugvekjur*. Í dánarbúsuppskriftunum var stundum hægt að sjá af lýsingu virðingarmanna

hvaða útgáfa hver bók var. Í fórum vinnumannsins Guðmundar Guðmundssonar á Holtastöðum, var tíunda útgáfan af *Vídalínspostillu* („í lítt góðu standi“).⁷⁵⁴ Þær *Vídalínspostillur* sem eru í varðveislu Þjóðminjasafnsins voru til dæmis sjötta og áttunda útgáfa hennar. Um eina þeirra segir meðal annars:

... Eintakið hreint og ógallað. Innan spjaldsins er rauður pappír með gyltum blómum. Á jaðar hans er letrað: Augsburg. Beg Johan Carl Mumek. Nr. 23. Kápan er með trjespjöldum. Hún er með blásvörtu flaujeli, heil öll. Á báðum spjöldum eru silfurhorn framan og aptan (við kjölinn) og silfurkringla á miðju, 4,2 - 4,5 cm. að þverm. Spensl eru og á, úr silfri, og er á öllu þessu víravirki, smágjört rósaverk, kornsett. Innan á spenslin er stungið: G: O: D: 1769. Á öllu þessu silfursmíði sjer í lagi er ágætt og fallett verk. ...⁷⁵⁵

Nokkuð vegleg bók sem skreytt var með silfri og ekki líklegt að mikið af slíkum hafi verið í umferð. Í hið minnsta var ekki að finna svo fagurlega skreyttar bækur í dánarbúsuppskriftunum hér að framan. Bækur gátu líka verið skráðar nokkrar saman og er til dæmis ein færslan skráð með 56 bækur úr eigu Nicolinu Weywadt, Jóns K. Lúðvíkssonar og Hansínu Björnsdóttur. Ekki er að finna nánari útskýringar á bókunum en tekið fram að 28 þeirra séu fjölfræðibækur á dönsku prentaðar frá því um árið 1820.⁷⁵⁶

Matthías Þórðarson safnaði 56 munum af þeim 117 sem hér í flokknum voru í safnkosti tímabilsins. Í tíð hans komu meðal annars handrit, blekstæði, bréf, tímatal, minnisbók, kort, munsturbók, kver og bækur. Af þessum gripum sem hann skráði má greina áhuga á eignum fólks í áhrifastöðum eða yfirstétt en á meðal notenda voru til dæmis Þóra Melsteð (1823–1919), skólustjóri og Árni Thorsteinson (1828–1907), landfógeti.⁷⁵⁷ Við andlát Þóru árið 1919 gaf sonur hennar, Bogi Th. Melsteð, Þjóðminjasafninu eitthvað af eignum móður sinnar eins og blekstæði Þjms. 7938. Af lýsingum og myndum að dæma er um snotra silfursmíði að ræða:

Blekestæði frú Thoru Melsteð: það er silfraður, ferhyrndur bakki á 4 fótum, st. 18,5 x 11,1 cm. Yfir hann eru festir 3 hringar á 3 fótum hver og er glerbyttu skygð í hverjum hring, h. 5,2,

⁷⁵⁴ ÞÍ. Sýsl. Húnavatnssýsla. ED2/8,38: 121. Fylgiskjöl, dánarbú 1825.

⁷⁵⁵ Þjms. Sarpur. 2759.

⁷⁵⁶ Þjms. Sarpur. Th–1999–99–2. Munir Nicolinu Weywadt eru varðveittir að Teigarhorni þar sem hún bjó og starfaði. Skráning þessi tilheyrir skráningu á innanstokksmunum þar.

⁷⁵⁷ Þjms. Sarpur. 2760.

þverm. 3,9 cm.: ein er sandbyttu með götóttu loki: lok vantar á 1 og er sett eins konar tregt í stað þess. – Líklega frá því um miðja 19. öldina.⁷⁵⁸

Annað sem er athyglisvert við störf Matthíasar er að hann virðist ekki aðeins skrá þá hluti sem hann safnaði. Hann var einnig að endurskrá og/eða bæta skráningu forvera sinna. Þannig er bókin (*Vídalínspostilla*) sem er lýst hér að ofan gefin Þjóðminjasafninu árið 1886 en Matthías er skráningaraðili hennar. Sigurður Vigfússon, sem starfaði á safninu frá 1874 og varð síðar forstöðumaður á árunum 1878–1892, hefur grunnskráð bókina. Matthías hefur síðar bætt við skráningu en óljóst er hvað það er nákvæmlega sem hann tiltók umfram forvera sinn. Bókin er að minnsta kosti með númer, lýsingu á smíði og tengingu við hluti sem Árni Thorsteinson seldi safninu á síðustu áratugum 19. aldar.⁷⁵⁹ Að mati Önnu Lísu Rúnarsdóttur voru starfshættir hans til marks um að meðferð gripanna varð faglegri. Skráning hafi verið bætt og þeim þætti starfsins hafi verið haldið vel til haga eftirleiðis.⁷⁶⁰

Árið 1922 voru 34 bækur gefnar Þjóðminjasafninu. Þar var að mestu um að ræða afhendingu Þuríðar Jónsdóttur á eignum úr dánarbúi bróður síns, Þórarins Jónssonar (1865–1922), bónda á Halldórsstöðum. Þess ber að geta að Þórarinn er ekki tengdur við þau aðföng sem systir hans afhenti safninu í hans nafni í *Sarp*. Í ágrípi úr skýrslu Þjóðminjasafnsins sem finna má í *Morgunblaðinu* frá árinu 1923 sést sú tenging. Þar segir eftirfarandi: „...fjöldi gamalla, íslenskra bóka, útskorinn stokkur og brauðmót og gamlar kotrutöflur, sem Þórarinn Jónsson á Halldórsstöðum í Laxárdal hafði ánaðnað eða Þuríður systir hans gaf;...“⁷⁶¹ Athygli vekur að þeirri bókagjöf er ekkert sérstaklega lýst nema stutt lýsing á titli og jafnvel útgáfuári á hverju handriti. Ekki er eins ítarleg umfjöllun líkt og sjá mátti af *Vídalínspostillum* Árna Thorsteinsonar. Hvort þar spili inn í að bækur Þórarins voru hófstiltari í útliti en bókakostur Árna verður látið liggja milli hluta. Það er samt sem áður athyglisvert að sami skráningaraðili (Matthías) lýsir þeim á svo misjafnan máta, sem vekur upp spurningar um hvort þjóðfélagsstaða mannanna hafi haft sitt að segja – Árni sem landfógeti og Þórarinn sem bóndi?

Komuár munanna innan þessa flokks sýna einnig að söfnunaráhersla á bækur og handrit hefur minnkað eftir því sem fram líða stundir. Eftir aldamótin 2000 koma aðeins sjö munir til

⁷⁵⁸ *Þjms*. Sarpur. 7938.


⁷⁵⁹ Aðrir munir sem Árni Thorsteinson hefur selt safninu eru 40 talsins samkvæmt leitarvél *Sarps* á innri vefnum, ef leitað er eftir Árna sem seljanda. Sjá meðal annars: *Þjms*. Sarpur. 2758, 2759, 2760.

⁷⁶⁰ Óútg. Anna Lísa Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“.

⁷⁶¹ „Frá Þjóðminjasafninu. Ágríp af skýrslu um safnið 1922,“ 3.

varðveislu. Sjónum starfsmanna Þjóðminjasafnsins var/er ekki beint sérstaklega að söfnun bóka og handrita. Það varðveislulutverk er hjá öðrum stofnunum eins og Landsbókasafni-Háskólabókasafni og Þjóðskjalasafni Íslands.⁷⁶² Hér í töflunni má sjá fjölda gripa eftir tímabilum hvað þennan hluta safnkost tímabilsins varðar.

Súlurit 2. Fjöldi bóka og ritfanga eftir söfnunartímabilum.



Fyrir aldamótin 1900 var tekið á móti 13 munum í þessum gripaflokki, 51 á fyrsta fjórðungi 20. aldar og svo einungis 7–13 á hverjum fjórðungi eftir það. Hér má sjá að á fyrstu árum Matthíasar sem þjóðminjavarðar hefur hann safnað drjúgum hluta þeirra muna sem hér koma fyrir, þar á meðal stærstu gjöfinni innan þessarar gripakvía. Uppruni gripanna er sem dæmi að mestu skráð í Suður-Þingeyjarsýslu (32 talsins) vegna bóka Þórarins Jónssonar. Aðrar sýslur koma langt á eftir eins og Gullbringusýsla með fjóra og Árnessýsla með þrjá muni. Meirihluti gripanna eru ótilgreindur með staðsetningu eða 60 talsins.

Meira gildi listrænna eða skreyttra gripa er auðsýnilegt þar sem betur virðist vera vandað til lýsinga. Ákveðinn galli er á flokkun kvíarinnar, það er að aðeins sé stuðst við efnisorðið „bók“. Þannig tynast titlarnir á bókunum í skráningunni og fjöldi þeirra þar sem mörg rit geta verið undir einu aðfanganúmeri. Þetta má rekja til þess að skráningaraðilar flokka ekki bækur eftir titlum líkt og

⁷⁶² Lilja Árnadóttir (þáverandi sviðstjóri munasafns Þjóðminjasafnsins), viðtal við höfund 11. apríl, 2016. Lutverk Þjóðminjasafnsins er ennþá að taka á móti minjum sem þykja hafa áhrif á menningu Íslands en Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn eru einnig opinberar stofnanir sem ber skylda til að taka á móti opinberum gögnum eins og skjölum, bréfum, handritum og bókum. Sjá má inni á heimasíðum allra stofnana lög og reglugerðir um starfsemi þeirra þar sem má lesa meira um markmið og starfsemi þeirra.

embættismenn fyrri tíma gerðu heldur skrá muni eftir þörfum þeirra til varðveisluskilyrða (og samhengis þeirra).⁷⁶³ Heitum bókanna og handritanna eru gerð frekari skil í lýsingum á mununum sjálfum en þar mátti sjá að lesefnið var frekar af trúarlegum meiði. Skráning bókanna sýnir einnig litla áherslu safnsins til söfnunar á þessum munum sem og ákveðna hneigð fyrrum starfsmanna eins og Matthíasar Þórðarsonar að vanda frekar til verks þegar kom að því að skrá gjafir frá fyrirmönnum á borð við Árna Thorsteinson. En hann er sá starfsmaður sem setti afgerandi mark sitt á safnkost tímabilsins eins og má sjá í komandi umfjöllun.

Fatnaður

Fatnaður er stærsti gripaflokkurinn í safnkosti tímabilsins. Það sem er þó villandi er eðli „klæðanna“ sem varðveist hafa frá tímabilinu sem um ræðir. Í töflunni sem birtist hér að neðan má sjá algengustu flíkurnar sem er að finna í safnkosti Þjóðminjasafnsins. Af henni að dæma má greina að það sem varðveist hefur er langmest fylgihlutir. Eins og áður hefur komið fram þá voru millur algengasti safngripurinn frá þessu tímabili. Skúfhólkar, belti og kragar fylgja í þessum gripaflokki þar á eftir en þó í mun minna magni en millurnar:

Tafla 52. Safnkostur tímabilsins: Algengur fatnaður.

Fatnaður	Fjöldi gripa
Milla	137
Skúfhólkur	31
Kvenbelti	22
Kvenkragi	17
Skauttreyja	15
Hnappur	14
Belti	13
Skinnskór	11
Skautkragi	10
Beltispar	10
Upphlutur	10
Samfella	9

⁷⁶³ Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni Þjóðminjasafni Íslands), viðtal við höfund, 24. júní 2021.

Samfelluhnappur	8
Styttuband	7
Skotthúfa	6
Skírnarhúfa	6
Koffur	6
Sokkur	6

Alls eru 500 gripir sem teljast til fatnaðar og eru 116 gerðir klæða skráðar. Ef aðeins þeir fylgihlutir sem eru hér á listanum yfir algengasta fatnaðinn á safninu eru taldir saman er útkoman 264 gripir, sem eru rúm 52% af þeim fatafesti sem voru í úrtakinu hér.⁷⁶⁴ Sú staðreynd verður að teljast óheppileg fyrir varðveislu fatnaðar og það í meira lagi, enda ljóst að eðli safnkostsins er ekki þesslegt að hann varpi ljósi á klæðaburð fólks nema að mjög litlu leyti. Skýringarnar á þessu eru fólgnar að einhverju leyti í hvernig föt voru nýtt (endurunnin) fyrr á tímum og hvernig söfnunaráherslum innan Þjóðminjasafnsins var háttað, sérstaklega á fyrsta skeiði stofnunarinnar.

Á 19. öld var haldið að húsmæðrum að vera hagsýnar og þótti kostur ef þær gátu nýtt allt mögulegt til að spara búinu útgjöld og búa í haginn fyrir heimilisfólk. Þetta átti við um allt innan heimilisins eins og mat eða fatnað sem mikil áhersla var á að nýta vel, eða aftur og aftur.⁷⁶⁵ Stoppað var í gamla sokka, slitin föt urðu að efniviði í aðra hluti eins og ný klæði, rúmfatnað eða poka. Flíkurnar gengu í endurnýjun lífdaga ef svo má að orði komast þar sem þau að lokum þóttu ónothæf sökum aldurs/notkunar. Hversdagsfatnaður fólks hvarf því með nýjum notkunarmöguleikum þar til allt efni var uppurið. Að auki hafði samfélagið og þar með safnafólk ekki áhuga á að halda upp á þessa hluti. Nærbrækur „afa gamla“ hafa eðlilega ekki þótt ýkja merkilegar við hliðina á gljáandi búningaskarti „ömmu“ – fagurfræðilega séð var ólíku saman að jafna. Að auki komu til þjóðernisleg áhrif sem lituðu opinbera orðræðu fram eftir allri 20. öldinni og mörkuðu því um leið söfnunarstefnuna. Kvenfatnaður spilaði þar stórt hlutverk í allri umræðu þar sem fjallkonan stóð sterk – varð táknmynd þjóðar – verndandi og auðmjúk í þjóðbúningi sem menn höfðu hannað á seinni hluta 19. aldar.⁷⁶⁶

⁷⁶⁴ Enn fleiri fylgihlutir eru í safninu en hér var aðeins verið að telja til þá sem eru algengastir.

⁷⁶⁵ Sjá meðal annars: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútíma konan*; Björn Halldórsson, *Arnbjörg*; Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*.

⁷⁶⁶ Sjá meðal annars: Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*; Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 73–116; Þorgerður Þorvaldsdóttir, „Af fegurðardísunum, ástandskonum og fjallkonum,“ 493–506.

Áhrif Sigurðar Guðmundssonar eru ótvíræð á fyrstu áratugum safnsins enda einn af upphafsmönnum þess. Þeir sem síðar fylgdu í fótspor hans, eins og Sigurður Vigfússon gullsmiður, sem bæði var starfsmaður frá árinu 1874 og síðar forstöðumaður safnsins (1878–1892) og hafði áður verið í kynnum við Sigurð málara. Þeir höfðu til dæmis verið í bréfaskiptum í gegnum hönnun skautbúningsins og smíðaði Sigurður skart eftir teikningum nafna síns.⁷⁶⁷ Sá sem safnaði mestu af fatnaði, Matthías Þórðarson, sagði í viðtali árið 1937 að Sigurður hafi verið „faðir“ safnsins.⁷⁶⁸ Ótvíræð áhrif Sigurðar á hvers kyns klæðnað sem var safnað á fyrsta skeiði safnsins má rekja til kunningskappar og aðdáunar starfsmanna á Sigurði og verkum hans. Allt það búningaskart sem safnað var á því tímabili og ber vott af hönnun hans er til marks um slíkt. Af þeim 21 skráningaraðilum sem skráð hafa fatnað má sjá tengsl við Sigurð málara glögggt – bæði í tíma og persónulega:

Tafla 53. Fatnaður eftir skráningaraðilum.

Skráningaraðilar	Fjöldi gripa
Matthías Þórðarson	312
Matthías Þórðarson, Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir	43
Kristján Eldjárn	36
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir	25
Jón Jacobson	18
Sigurður Vigfússon	13
Jón Jacobson, Matthías Þórðarson	10
Sigurður Guðmundsson	8
Frosti Fífill Jóhannsson	8


Eins og sjá má á töflunni yfir skráningaraðila eru aðeins þrír sem skrá eftir miðja 20. öld.⁷⁶⁹ Því er ljóst að mikið af kosti Þjóðminjasafnsins hér er fenginn á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Út frá skráningu klæðanna má einnig benda á að fatnaður hefur borist til safnsins í 89 ár og langmest af þeim hefur komið inn til varðveislu fyrir árið 1950 eða alls 436 talsins af 500. Hér að neðan má betur sjá á hvaða tímabili klæðnaður berst inn til safnsins:

⁷⁶⁷ Þjms. Bréf frá Sigurði Vigfússyni til Sigurðar Guðmundssonar. SG02-169. 31.08.1857. Sjá einnig: Elsa E. Guðjónsson, *Íslenzkir Þjóðbúningar kvenna*, 34–62.

⁷⁶⁸ „Vandamál Þjóðminjasafnsins,“ 9.

⁷⁶⁹ Þau sem koma til starfa eftir 1940 eru Kristján Eldjárn, Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir og Frosti Fífill Jóhannsson (sem starfaði hjá Rekstrarfélagi Sarps og sá um innsláttinn á handskrifuðum skráum inn í *Sarp*).

Súlurit 3. Fjöldi fatnaðar til Þjóðminjasafnsins eftir söfnunartímabili.



Súluritið að ofan sýnir glöggst hversu mikið af fatnaði kom til varðveislu á Þjóðminjasafninu á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. Ætla má því að sá safnkostur sem hér er til umfjöllunar hafi verið undir áhrifum af þjóðernishugmyndum sem lituðu alla opinbera umræðu á Íslandi á þeim tíma.⁷⁷⁰ Fatnaður sem ber vitni um hönnun Sigurðar málara er nokkur og oftast tekið fram í lýsingu á mununum. Á þann hátt kemur hann eða hans verk við sögu í lýsingum á 18 flíkum eins og hjá húfueinkenni, Þjms. 6899, og möttli, Þjms. 7234 sem sagt er frá á eftirfarandi hátt:

Húfueinkenni úr bláu silki, samandregið silkiband í kringlu, þverm. um 1,5 sm., og silfurfálki fljúgandi, gerður eftir fyrirmynd Sigurðar málara Guðmundssonar (sbr. Árb. 1915, 22.-23.) settur framan á, allvel mótaður: h. 1,8 sm.⁷⁷¹

Möttull úr svörtu klæði, fóðraður með stórköflóttum baðmullarvefnaði; ... Möttull þessi og samfellan nr. 7233 eru saumuð eptir uppdrætti eptir Sigurð málara Guðmundsson af Ingibjörgu og Sigurlaugu Gunnarsdætrum í Ási í Hegranesi. [...] Líklega alt gert eptir fyrirsögn Sigurðar málara.⁷⁷²

⁷⁷⁰ Sjá meðal annars: Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*; Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*; Guðmundur Hálfðanarson, „Hver er ég? Þjóðernisleg sjálfsmýndasköpun á tímum Sigurðar málara,“ 29–64; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*; *Óútg.* Anna Lía Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“.

⁷⁷¹ Þjms. Sarpur. 6899. Skáletrun mín.

⁷⁷² Þjms. Sarpur. 7234. Skáletrun mín.

Sjá má í lýsingum á fatnaði Sigurlaugar Gunnarsdóttur í Ási sem komu úr dánarbúi Ingibjargar Guðmundsdóttur frá Steinnesi árið 1916 að þar er ítarleg lýsing á handverkinu. Ennfremur er tekið fram að búningurinn (þar á meðal möttullinn) hennar sé „sá elsti með lagi Sigurðar sem enn er til svo vitað sé“.⁷⁷³ Ekki er aðeins um að ræða hönnun Sigurðar heldur eru sumar flíkurnar bornar saman við hans verk til að staðsetja þær í tíma og þróun handverks klæðanna. Um skauttrejju, Þjms. 8354 segir að baldýringin á henni (útsaumur með gull- og silfursaumi) sé fyrir tíma Sigurðar: „Mun baldýringin vera eptir Sigríði Einarsdóttur, [...]. Uppdrátturinn er eldri en þeir er Sigurður málari gjörði“.⁷⁷⁴ Síðan eru stöku flíkur sem voru gjafir frá Sigurði sjálfum. Hann gaf til safnsins fjögur klæði; fótband, kvenkraga, skarðhúfu og spaðahúfu, árið 1869. Allt frekar vandað og er talið að kvenkragann (Þjms. 693) hafi Ragnheiður Finnsdóttir (1749–1831), biskupsdóttir og móðir Finns Magnússonar, fornfræðings og leyndarskjalavarðar, átt.⁷⁷⁵

Áhrif Sigurðar málara eru þó ekki eina skýringin á samsetningu klæðanna heldur voru stórar gjafir sem valda ákveðinni „skekku“ á safnkosti sem telst til klæðnaðar. Alls eru skráðir 84 gefendur en eins og sést af þeim gjafmildustu hér að neðan var það gjöf Þorsteins Þorsteinssonar sem hafði mikil áhrif á hvað er til af fatnaði innan um safnkost tímabilsins:

Tafla 54. Fjöldi fatnaðar eftir gefendum.

Gefandi	Fjöldi gripa
Þorsteinn Þorsteinsson	114
„Óþekktur“	32
Inga Lára Lárusdóttir	15
Guðrún Eiríksdóttir	8
Á. Thorsteinson	8
Elín Pálmadóttir	5
Sólveig Ingibergsdóttir	5
Matthías Þórðarson	4
Sigurður Guðmundsson	4

⁷⁷³ Þjms. Sarpur. 7234; Elsa E. Guðjónsson, *Gersemar og þarfaping*, 118.

⁷⁷⁴ Þjms. Sarpur. 8354.

⁷⁷⁵ Þjms. Sarpur. 693.

Af þessu má sjá að starfsmenn safnsins gátu verið gefendur þar sem þeir Matthías og Sigurður gáfu fjóra muni. Þorsteinn Þorsteinsson ber höfuð og herðar yfir aðra velgjörðarmenn safnsins. Eins og áður hefur verið nefnt þá gaf hann 114 millur af þeim 137 sem eru til. Flestallar voru þær úr kopar og „prinzmetalli“ eins og sjá má í lýsingum aðfangabókar. Á þann hátt er mun Þjms. 1456 lýst: „Koparmilla með gagnskornu verki, óskýr og illa steipt. L 3 cm.“⁷⁷⁶ Margar hverjar hafa sömu lýsingu enda um að ræða eins millur: „Koparmillur 3, gagnskornar, mjög slitnar: blóm. L. 2,4 cm.“⁷⁷⁷

Annar stærsti gefandinn, Inga Lára Lárusdóttir, kom einnig færandi hendi árið 1940 og gaf safninu 43 látúnsmillur sem skráðar eru í 15 færslur, flokkaðar eftir útliti þeirra.⁷⁷⁸ Smáir fylgihlutir voru því tíðir enda sést að fólk hefur komið með þó nokkurt magn af þeim í hverri gjöf þó millurnar frá Þorsteini skeri sig úr að fjölda. Það hefur einnig verið freistandi að taka aðeins við smámunum eins og búningaskrauti. Slíkt tekur minna rými í geymslu, sem og að málmur varðveitist betur en textílefni. Ástand muna þegar notkun þeirra lauk hefur því einnig áhrif á hið lága hlutfall af raunverulegum flíkum sem hafa varðveist í upprunalegri mynd sinni. Lífræn efni eins og ull eða bómull fengu nýtt hlutverk í endurvinnslu og skemmdust frekar. Þar af leiðandi hefur almenningur ekki komið með slitna sokka, götóttar buxur og þess konar fatnað heldur frekar hirt um það sem var betur farið, sem í mörgum tilfellum var skartið.

Viðkvæmni textílefna sést á nokkrum munum meðal fatnaðar eins og háleistum, Þjms. 11791, sem sagðir eru „afar illa skemmdir eftir möl“.⁷⁷⁹ Í athugasemd Freyju Hlíðkvist um skinnskó, Þjms. NMs–35097–h segir: „Ílepparnir eru heillegir, en lítillaga skemmdir eftir möl eða hambjöllu. Það hefur væntanlega gerst í Nordiska Museet. Annars eru skórnir og ílepparnir í góðu ástandi“.⁷⁸⁰ Varðveisluskilyrðin fyrir textílefni verða því að vera góð svo hægt sé að verja þau fyrir skemmdum eftir því sem aldur þeirra hækkar. Jarðfundinn lífrænn klæðnaður eins og bómull og ull er oft mjög illa farinn á meðan málmkenndar leifar hafa staðist betur tímans tönn. Í leiðbeiningum um sýningu og geymslu textíla á söfnum sem unnin var af Þórdísi Önnu Baldursdóttir segir meðal annars að textílar eru „mjög viðkvæmir fyrir rangri meðhöndlun, uppsetningu og pökkun. Þeir geta skemmst á tiltölulega stuttum tíma til dæmis upplitast, afmyndast varanlega eða rifnað.“⁷⁸¹ Þannig þurfi að

⁷⁷⁶ Þjms. Sarpur. 1456.

⁷⁷⁷ Þjms. Sarpur. 1467, 1468, 1469.

⁷⁷⁸ Þjms. Sarpur. Gripanúmerin eru á bilinu 12827–12842.

⁷⁷⁹ Þjms. Sarpur. 11791.

⁷⁸⁰ Þjms. Sarpur. NMs–35097–h.

⁷⁸¹ Þórdís Anna Baldursdóttir, *Sýning, pökkun og geymsla textíla á söfnum*, 6.

huga að ljósi, hita- og rakastigi, smiti af öðrum munum úr til dæmis kopar og skordýrum sem geta herjað á klæðin.⁷⁸²

Varðveisla eða forvarsla fatnaðar á Þjóðminjasafninu fer eftir efni þeirra og þar er fyrirferðarmestur málmur og þá sérstaklega silfur en 91 gripanna voru úr slíku. Í þessum gripaflokki er að finna 84 samsetningar af efnum í mununum – langflestir úr málm, eða 62% af fatnaðinum. Efni er ekki skráð hjá 77 flíkum svo nokkuð vantar inn en þar ægir saman málm og textíl miðað við lýsingar gripanna. Taflan að neðan sýnir hver algengustu efnin eru í safnkostinum hvað þennan gripaflokk varðar:

Tafla 55. Efni fatnaðar í safnkosti tímabilsins.

Efni	Fjöldi gripa
Málmur - Silfur	91
Málmur - Kopar	88
Málmur - Látún	40
Hár – Ull	32
Textíll – Náttúruleg vefjarefni – Ullarefni - Klæði	26
Textíll – Náttúruleg vefjarefni – Silki	15
Skinn. Hár – Ull	10
Málmur – Prinsmetall	8
Málmur – Silfur. Hár – Ull	7

Algengustu efni í safnkosti tímabilsins sýna hve stór hluti fylgihluta er innan gripaflokksins. Málmur, alls kyns, er oftast skráður sem aðalefni gripa, sem endurspeglar búningaskart, belti, víravirki og því um líkt sem lítið á skylt við raunverulegar flíkur sem fólk klæddist. Þar eru það textílefnin, sem oftast voru úr ull.

Af safnkostinum að dæma má sjá hvernig þjóðernislegar hugmyndir hafa haft áhrif á söfnun fatnaðar í gegnum tíðina, bæði ef horft er á tímabil og eðli klæðanna. Búningaskartið ber vissulega vitnisburð um list- og málmsmíði liðinna alda. Fylgihlutir eru fyrirferðarmiklir en þeir bera lítil merki um hvernig hversdagslegur fatnaður almennings var. Verulega hallar á hlut karlmannsfatnaðar og hefur aðeins lítil hluti hans varðveist. Aðeins eru tiltekna tvönnar buxur, þrjú skinnskór, þrjú vesti, þrjú belgvettingar, tveir vettlingar, tvær peysur, ein treyja, lambhúshetta, belti og húfa sem

⁷⁸² Sjá meðal annars: Þórdís Anna Baldursdóttir, *Sýning, þökkun og geymsla textíla á söfnum*; Jacqueminet, ritstj., *Handbók um varðveislu safnkosts*, I.

tilheyrði körlum. Flíkur kvenna eru í meira magni, eins og þrjú pils, fimm kvenhúfur, 15 skauttreyjur og svo mætti lengi áfram telja af þeim fatnaði sem varðveist hefur. Þjóðbúningur kvenna er því áberandi í safninu þó ljóst þyki að kvenfólk hefur ekki gengið í slíkum búningum dagsdaglega á 19. öld. Skautbúningur Sigurðar málara kemur sem dæmi ekki til sögunnar fyrr en eftir 1860 en er samt sem áður fyrirferðarmikill sem heild eða í pörtum – millur, koffur, skauttreyja eða pils.

Tilgangurinn með því að stofna Forngripasafnið (Þjóðminjasafnið) sést því einna best hér þar sem áhersla er á fagurlegar skreyttar flíkur eða íslenskt handverk. Áhrif Sigurðar málara á sjálfsvitund Íslendinga á seinni hluta 19. aldar skín í gegn í söfnun klæðnaðar þar sem þjóðbúningurinn var meðal annars notaður til að „fegra“ ásýnd kvenna og skapa sérstöðu Íslendinga sem þjóðar.⁷⁸³ Söfnun Matthíasar Þórðarsonar endurspeglast í þeim munum sem hann skráði sem og skrifum hans um forngripi og starfsemi Þjóðminjasafnsins. Megintilgangur safnkostsins var að hans mati að lyfta Íslandi úr lágmenningunni með því að nota forngripi bæði í vísindalegum tilgangi sem og vegna „tilfinninga vorra og heiðurs þjóðarinnar“.⁷⁸⁴ Með íburðarmiklum klæðum var hægt að sviðsetja fortíð þjóðar sem hafði eitt sinn lifað gullöld en orðið fyrir hnignun vegna erlendra áhrifa og var í endurreisn.⁷⁸⁵ Að skapa sérstöðu með efnismenningu var því gulls ígildi fyrir sjálfstæðisbaráttuna og hlutgerði þjóðernislega samkennd þjóðarinnar með fegruðum hætti.⁷⁸⁶

Rúmfatnaður

Gripaflokkur þessi er sá minnsti af safnkosti Þjóðminjasafni Íslands hvað varðar skráða muni frá 1740–1900. Þar er ekki aðeins um að ræða magn gripa heldur einnig fjölbreytni hlutanna. Aðeins eru um 33 munir sem töldust til rúmfatnaðar og aðeins átta gerðir gripa eins og sjá má í listanum:

Tafla 56. Safnkostur tímabilsins: Algengur rúmfatnaður.

Rúmfatnaður	Fjöldi
Ábreiða	15

⁷⁸³ Sjá meðal annars: Guðmundur Hálfðanarson, „Hver er ég?“, 29–64; Karl Aspelund, „Skáldskapur þjóðanna“, 93–136; Sigurjón B. Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins“, 435–458; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*; Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“, 119–132.

⁷⁸⁴ Matthías Þórðarson, „Verndun fornmenja og gamalla kirkjugripa“, 264. Sjá einnig umfjöllun um Matthías: *Óútg.* Anna Lía Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“, *Lbs.-Hbs.* Þorgerður Þórhallsdóttir, „.....vegna tilfinninga vorra og heiðurs þjóðarinnar“.

⁷⁸⁵ Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“, 119–120.

⁷⁸⁶ Sigurjón B. Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins“, 439–456.

Brekán	7
Rúmábreiða	4
Sessuver	2
Sæng	2
Milliverk	1
Bekkjarsessa	1
Dýna	1
Alls	33

Af þessari töflu má sjá að safnkosturinn er allur úr textílefni eða hári og er meirihluti hans úr ull, ofið eða þrjónað. Aðeins eru tveir munir úr fiðri, einn úr bómullargarni og lérefti. Sú staðreynd að rúmfatnaður var úr textílefnum hefur sett sitt mark á það hve lítið er varðveitt af slíkum kosti. Ástæðurnar fyrir þessu eru líkast til svipaðar og voru fyrir takmörkuðum klæðum í safnkostinum – endurvinnsla muna og viðkvæm efni til varðveislu.⁷⁸⁷

Fyllingarefni sængur og kodda sem oft var hálmur eða ull á þessum tíma hefur ekki enst mjög lengi enda var skipt um heyið árlega, bæði til að hafa fyllinguna á þann veg að sem best væri á kosið sem og til að koma í veg fyrir myglu. Ullin (og annað) hefur síðan laðað til sín skordýr sem hafa dregið úr eiginleikum hennar til einangrunar með tíð og tíma.⁷⁸⁸ Fiður virðist hafa frekar staðist tímans tönn en þær sængur sem varðveittar eru á Þjóðminjasafninu eru fylltar með slíku efni. Sjá mátti í dánarbúsuppskriftunum að sængur með fiðri eða dún voru oft verðmætar á þessum tíma og jafnvel dýrasta eign einstaklinga. Þannig má gera sér í hugarlund að fólk hafi frekar gætt að slíkum gripum bæði vegna verðmætis þeirra og/eða betri endingar þeirra. Gömul sængur- og koddaver hafa svo nýst í gerð fatnaðar eða jafnvel gardínur eða poka enda var reynt að nýta hvert snifsi til hins ítrasta. Hið sama má segja um rekkjuvoðir, dýnur og ábreiður – þau hafa einnig endurnýst í annað eða einfaldlega orðið það ónýtt að þeim var hent. Rétt er að benda á að rúmföt hafa verið notuð mikið, daglega til svefns, vinnu og neyslu matvæla. Sameiginlegt rými sem baðstofan var hefur því aukið

⁷⁸⁷ Um varðveislu slíkra efna: Þórdís Anna Baldursdóttir, *Sýning, þökkun og geymsla textíla á söfnum*; Jacqueminet, ritstj., *Handbók um varðveislu safnkosts*, I.

⁷⁸⁸ Þekkt er að þegar hálmur eða hey er tekið og lokað af í einhvern tímamann getur ornað eða hitnað í því sem verður til þess að mygla myndast. Sjá meðal annars: Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, 9–12; *Þjms*. 36. Rúm og sængurfatnaður. 4490/1977-2.

umgang við þessa gerð eigna sem hefur orðið til þess að meira slit hefur verið á þeim kosti heimilisins.⁷⁸⁹

Ekki er að sjá sérstaklega stórar gjafir til safnsins í gripaflokknum og dreifist koma sængurfatnaðar til safnsins yfir aðeins 24 ár og það nokkuð jafnt – það er aðeins einn til þrjú munir á ári. Tæpur helmingur rúmfatnaðar hefur komið fyrir aldamótin 1900 eða 14 talsins. Frá árinu 1950 til dagsins í dag koma aðeins fimm munir til varðveislu svo annað hvort minnkaði áherslan á að fá þessa gerð muna á safnið og/eða þá að almenningi fannst ekki mikið til þessara klæða koma sem menningarverðmæta. Eðli málsins samkvæmt voru því þeir skráningaraðilar sem störfuðu á þessum tíma með flestar skráningarnar, sérstaklega þeir Matthías Þórðarson sem skráði tíu gripi og Jón Jacobsson með fimm.

Af þeim munum sem Matthías hefur skráð upplýsingar um voru níu þeirra ábreiður og brekán sem var algengasti munurinn hér í þessari gripakví. Lýsingar hans á handverki þeirra eru fremur nákvæmar og veltir upp þeirri tilgátu að sá sængurfatnaður sem haldið hefur verið til haga af Þjóðminjasafninu sé vegna handavinnu hefða, fremur en til vitnis um aðbúnað Íslendinga til svefns og hvílu í gegnum tíðina. Um ábreiðu Þjms. NMs–57416 segir eftirfarandi í aðfangabók:

Krossofin. St. 163 x 126 cm. Grunnur dökkblár. Í miðju er 8 cm. breiður, dálítið ljósari bekkur; í honum og innanvið rendur er gul (bleik) krákustígslína. Á hvorum helmingi eru 2 blómker með blómum uppaf, kerin við miðbekkinn. Við endana er á miðju SIS(?)/VID og ANNO/1814. Sbr. nr. í Þjms. Blómin eru með grænum ljósbláum o.fl. litum. Brytt með sirsi o.fl.⁷⁹⁰

Í meistararannsókn Þorgerðar Þórhallsdóttur safnafræðings á söfnun Matthíasar á hannyrðum og búningum mátti sjá hve naskur hann var að skrá og safna handverki kvenna. Kemst hún að þeirri niðurstöðu að áhugi hans hafi mjög snúið að handverkslist kvenna í gegnum til dæmis skrif hans, þeim munum sem hann safnaði og skráði og aðild hans að Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.⁷⁹¹ Taka verður undir slíkar ályktanir enda má sjá sömu hneigð í þeim textílefnum sem komu fyrir. Nákvæmni lýsinga Matthíasar eru ekki einsdæmi og gerir starfsfólk vefnaðargerð, útliti og ástandi á nær öllum munum góð skil. Lilja Árnadóttir skráir sem dæmi eftirfarandi um ábreiðu Þjms. 2006–7:

⁷⁸⁹ Sjá umræðu um húsakost Íslendinga hjá meðal annars: Anna Lía Rúnarsdóttir, *Á tímum torfbæja*, 12–61; Haraldur Helgason, „Bæjarhús á síðari öldum,“ 142–146; Hjörleifur Stefánsson, *Hvílíkt torf – tóm steypa!*

⁷⁹⁰ Þjms. Sarpur. NMs–57416.

⁷⁹¹ *Lbs.–Hbs.* Þorgerður Þórhallsdóttir, „.....vegna tilfinninga vorra og heiðurs þjóðarinnar,“ 58–59.

Útsaumud ábreiða eftir Guðrínu Sveinbjarnardóttur Egilssonar frá 1858-1861. Blómakarfa og vers úr Passíusálmunum eru saumuð í. Sú trú var á ábreiðunni að hún hefði lækningamátt ... Teppið er saumað á árunum 1858 - '59 - '60 og '61. Grunnurinn var upphaflega svartur er sumt af garninu hefur í tímanna rás upplitast og orðið grænt. Sporin eru örsmá en það má greina að það liggur ekki eins í þeim. Nafn og ártöl eru saumuð á teppið og sitt hvoru megin við stóra blómakörfu eru saumaðir textar úr passíusálmum Hallgríms Péturssonar.⁷⁹²

Vefnaðargerðir sem voru einkennandi fyrir íslenskt handverk eins og glitvefnaður, salúnsvefnaður og krossvefnaður komu fyrir í lýsingum 24 muna (af 34) svo ljóst er að áhersla hefur verið á að safna slíku.⁷⁹³ Þess má geta að ekki er aðeins að finna upprunalega muni hér heldur einnig eftirgerðir. Þannig má skilja af skráningu af ábreiðu Þjms. 10906 að þar sé á ferðinni eftirmynd af „gamalli fljettusaumsábreiðu, liðlega hálfri“, sem hafi verið gerð fyrir Parísarsýninguna árið 1900.⁷⁹⁴ Frummyndin, sem nú er glötuð, var á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn. Hún var gerð af Halldóri Einarssyni ritara, frá Eggerti Guðmundssyni gullsmið, í Sólheimatungu árið 1832. Síðar kom eftirmyndin (ábreiðan) til Íslands í gjöf frá dönskum yfirvöldum í tengslum við Alþingishátíðina árið 1930.⁷⁹⁵

Athygli vekur að þeim tveimur sængum og einu dýnuni sem eru í safnkosti tímabilsins er ekki nákvæmlega lýst eins og öðrum sængurfatnaði. Enda miðað við lýsingar fremur látlaus búnaður og við fyrstu sýn mögulega venjubundin rúmföt:

Yfirdýna: (Vatterað teppi), rauð með ljósari rósum, 180 cm. að lengd, 136 að breidd.⁷⁹⁶

Yfirsæng: Dúnsæng, með hvítu, munstruðu veri, 175 cm að lengd, 155 að breidd. Dúnhelt léreft.⁷⁹⁷

Undirsæng: Fiðursæng, með hvítu veri, 185 cm. að lengd, 193 að breidd.⁷⁹⁸

⁷⁹² Þjms. Sarpur. 2006–7.

⁷⁹³ Sjá meðal annars: Elsa E. Guðjónsson, „Listræn textíliðja fyrr á öldum,“ 272–289; Halldóra Bjarnadóttir, *Vefnaður á íslenskum heimilum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar*, 87–93.

⁷⁹⁴ Þjms. Sarpur. 10906.

⁷⁹⁵ Þjms. Sarpur. 10906.

⁷⁹⁶ Þjms. Sarpur. JS-25.

⁷⁹⁷ Þjms. Sarpur. JS-23.

⁷⁹⁸ Þjms. Sarpur. JS-24.

Í ljós kemur að umrædd sængurföt eru í sérskrá sem merkt er Jóni Sigurðssyni. Hægt er að ganga út frá því að hann (og kona hans) hafi verið notendur enda keypt úr dánarbúi þeirra. Þegar munir þeirra hjóna komu inn til safnsins þá tíðkaðist að skrá muni sem voru í eigu eða gjöf frá ákveðnum einstaklingum eins og Tryggva Gunnarsyni bankastjóra og Williard Fiske bókaverði, í sérstaka skrá. Var þetta gert til að halda utan um stórar safnheildir sem afhentar voru safninu.⁷⁹⁹

Rúmfatnaður Jóns Sigurðssonar kemur einmitt sem gjöf sem Þjóðminjasafnið tók við frá Alþingi. Þar áður hafði Tryggvi Gunnarsson bankastjóri keypt ýmsa muni úr dánarbúi Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur til að gefa þjóðinni.⁸⁰⁰ Nú í dag er hins vegar tekið á móti munum eftir samhengi þeirra, eins og hvort sambærilegir munir séu til innan safnsins eða eigendasögu. Sérstakar skrár eru ekki stofnaðar um safnheildir heldur eru gripirnir skráðir í til dæmis almenna munaskrá, ljósmyndasafn eða fundaskrá.⁸⁰¹ Hér má því sjá hversdagslega muni sem voru í eigu þekkt einstaklings sem endurspeglar ekkert endilega eigur úr íslenskri baðstofu, fyrst og fremst þar sem heimili þeirra hjóna Ingibjargar Einarsdóttur og Jóns Sigurðssonar var staðsett í Kaupmannahöfn og hefur þar af leiðandi verið frábrugðið því sem notað var á Íslandi á þessum tíma.

Safnkostur Þjóðminjasafnsins af rúmfatnaði er af skornum skammti og sá sem er varðveittur einkennist af fagurlega skreyttu handverki eða úr eigu þekktara einstaklinga. Ekki ber svo að skilja að ónauðsynlegt hafi verið að safna slíkum munum þar sem gildi þeirra til handverkshefða og listasögunnar er ómetanlegt. Þó er ljóst að hér hafa verið munir sem komu af betri heimilum líkt og frá landfógetanum Árna Thorsteinsyni, Ingibjörgu og Jóni Sigurðssyni. Áherslan var á kvenlegt handverk, sem má rekja til áhuga þeirra starfsmanna sem voru við störf í lok 19. aldar og fram eftir fyrri hluta 20. aldar. Fólk hélt einnig fremur upp á muni þar sem að baki lá fögur vinna eða listsköpun heldur en einfaldan sængurfatnað. Það er því erfitt að sjá fyrir sér hvernig almennir svefníverustaðir voru á þessum tíma í gegnum safnkostinn. Það kemur til af því hve einhæfur hann er, enda eru um 80% ábreiður eða teppi, en einnig hve lítið er af munum.⁸⁰²

⁷⁹⁹ Þetta má rekja til upprunareglunnar sem notuð er á söfnum hér á landi. Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 24. júní 2021. Sjá einnig: *Vef. „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“*.

⁸⁰⁰ *Vef. „Gripur mánaðarins. Glitofinn dúkur af heimili Ingibjargar og Jóns“*.

⁸⁰¹ Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 24. júní 2021. Sjá einnig: *Vef. „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“*.

⁸⁰² Þrjú algengustu rúmfötin voru ábreiða, brekán og rúmábreiða sem eru teppi sem annað hvort voru notuð yfir rúmin og/eða notanda sinn. Allt að megninu til úr ull og ýmist ofið, saumað eða prjónað.

Hirslur

Í umfjöllun um hirslur sem voru tilgreindar í dánarbúsuppskriftunum mátti sjá að þar voru á ferðinni fyrirferðarmiklir hlutir í daglegu lífi fólks. Þær voru notaðar til geymslu undir stóra sem smáa hluti ásamt því að vera brúkaðar til flutninga á til dæmis varningi eða búslóð. Innan Þjóðminjasafnsins er þessi gripaflokkur töluvert stór, eða sá fjórði stærsti og nær yfir allt að 56 gerðir af hirslum og alls 366 muni – stóra sem smáa. Langalgengasti gripurinn er kistill en stærð og gerð þeirra var mjög breytileg, á eftir þeim koma stokkur og prjónastokkur. Magn þessara þriggja er töluvert meira en hinna sem á eftir koma eins og sjá má í töflunni hér að neðan:

Tafla 57. Safnkostur tímabilsins: Algengar hirslur.

Hirslur	Fjöldi
Kistill	109
Stokkur	72
Prjónastokkur	67
Kista	17
Trafaöskjur	9
Pallkistill	7
Parastokkur	6
Saumakassi	4
Skápur	4
Kambstokkur	3
Dragkista	3
Öskjur	3
Fatakista	3
Rúmstokkur	3
Lár	3
Karfa	3
Ferðakoffort	3
Peningapyngja	3

Hér eru ekki aðeins hirslurnar sjálfar heldur eru líka hlutar af hirslum eins og kistillök Þjms. 9046 og skráarlauf Þjms. 2610.⁸⁰³ Að megninu til er um að ræða kistur, kistla og stokka en við þessi hugtök eru notuð töluverð tilbrigði við lýsingu á munum. Sjá má viðskeyti til að lýsa hlutverki hverrar hirslu – það er að heiti þeirra er betur afmarkað í stað þess að nota víðtæk hugtök. Á þann hátt eru tilgreindir peningakistlar, dragkistur, trafaöskjur, beltisparastokkar, vindlahylki, fatakistur, kembuláar, snældustokkar, parastokkar, saumkassi og úrkassi. Allt eru þetta heiti sem gefa sterklega til kynna undir hvað hver hirsla hefur verið notuð.

Af öllum þessum fjölda vekur athygli að efniviður gripanna er nokkuð vel skrásettur, eða hjá öllum nema 31. Þó ber að taka fram að sjá má af öðrum skráningarfærslum safnsins að 28 af hirslunum 31 óskráðu eru gerð úr viði að eitthverju leyti líkt og raunin er hjá 98% hirslanna. Fyrir utan þá sem skráðir eru án efnis þá eru aðeins sjö hirslur sem eru úr öðru en tré, eins og málmur, jurtum (tágum), textílefum og skinni. Safnkosturinn hér er úr ýmsum tegundum af viði og er stór hluti úr furu eða 147 þeirra, 48 gripur er aðeins skráður úr „við“ en svo fylgja 25 sem eru úr beyki. Listinn hér að neðan gefur hugmynd um hvernig skráningu á efniviðnum hefur verið hagað en þar sést að þar er til dæmis trjátegundum blandað saman í gerð munanna:

Tafla 58. Efni hirslna í safnkosti tímabilsins.

Efni	Fjöldi gripa
Viður – Fura	147
Viður	48
„Óskráð“	31
Viður – Beyki	25
Viður – Fura. Viður – Beyki	14
Viður – Eik	10
Viður – Eik. Viður – Beyki	7
Viður – Birki	7
Viður – Fura. Málmur – Járn	6

Þessi mikla áhersla á skráningu efniviðar og tækni við hirslurnar vekur forvitni en sjá má ítarlegar lýsingar á mörgum gripanna. Af þeim 349 sem hafa verið skráð með tækni má sjá að 324 (ca. 93%) þeirra eru annaðhvort með útskurð eða trésmíði (mörg hver með báðar aðferðirnar). Síðan eru útskýringar á útliti munanna oft á tíðum nákvæmar sem og saga þeirra. Þannig er lýsing á kistu Þjms.

⁸⁰³ Þjms. Sarpur. 946; Þjms. Sarpur. 2610.

1965–172 tæp blaðsíða eða 330 orð. Hér er brot af umsögn Þorkels Grímssonar, fyrrverandi starfsmanns, um hana:

Kista, smíðuð úr furu, með kúptu loki og skráarlæsingu, niðurmjó, geirnegld við hornin og fest saman með trénöglum. Er hún 1 m 13,5 cm á lengd, breidd 53,5 cm, og hæð 54,5 cm. Þrjár fjalir langsum í lokinu, sem látið er ná yfir kistugafla, og við endana ein fjöl þversum, en í hliðum öllum ein fjöl og í botni tvær. [...] Skrá úr járnri er við miðja frambrúnina að innan, lauf yfir gati, og tvö hök, samföst spöng, sem er undir frambrúnina að innan, lauf yfir gati, og tvö hök, samföst spöng, sem er undir frambrún loks, falla í hana. [...] Málning hefur eyðst mjög, sjá má óhreinindi á, rispur og skellur, járn ryðgað, hjarir all skemmdar og farnar að losna, skrá og lauf ekki vel föst. Gefandi keypti kistu þessa af Snjólaugu Þorvaldsdóttur, Krossum í Eyjafirði, Snjólaug fædd 29.8.1873, dáin 31.10.1952, en hirslan er upphaflega frá Sökku.⁸⁰⁴

Stór hluti munanna er með ítarlega sögu og lýsingu á handverkinu sem fylgdi smíði hvers og eins. Rétt er þó að taka fram að sannarlega eru munir sem ekki er svo ítarlega lýst eins og þrjónastokkur Þjms. 346 sem lýst er í einni setningu: „Þrjónastokkur með rós á hliðum og ártalinu 1791 – sem er á endunum“.⁸⁰⁵ Einnig fær stokkur Þjms. 5526 stutt ummæli: „Stokkur með renniloki, útskorinn: á lokinu er SE (þ.e Steinunn Einarsd., fyrrum á Syðra-Hóli undir Eyjafjöllum). Ártal á botni: 1844.“⁸⁰⁶

Af þessu má álykta sem svo að skráningaraðilar hafi fremur haft áhuga á íslenskri útskurðarlist en einfaldari hirslum sem voru í umferð á 19. öld. Erfitt er að greina að þetta eigi við um einhvern einn aðila frekar en annan en rétt er að benda á að Matthías Þórðarson hefur skráð 62% af hirslum tímabilsins. Góð skráning fylgir þeim munum – sem og öðrum. Það sem gæti þó útskýrt nákvæmni lýsingar margra ílátanna er að víða er vísað í listsagnfræðinginn Ellen Marie Magerøy sem vann lengi vel að rannsóknum á íslenskri útskurðarlist.⁸⁰⁷

Ellen Marie var í miklu samstarfi við Þjóðminjasafnið í rannsóknum sínum sem hún fékk áhuga fyrir þegar hún dvaldi hér á landi árin 1949–1952. Í minningargrein Lilju Árnadóttur um Magerøy segir að á þeim árum hafi orðið til sterk tengsl við safnið í gegnum bæði áhuga hennar á mununum og starfsfólk þessa tíma. Upp frá því hafi hún meðal annars unnið að rannsóknum á

⁸⁰⁴ Þjms. Sarpur. 1965–172.

⁸⁰⁵ Þjms. Sarpur. 346.

⁸⁰⁶ Þjms. Sarpur. 5526.

⁸⁰⁷ Sjá má að vísað er í lýsingar Ellen Marie á 46 safngripum í skráningu á hirslum.

íslenskri listasögu á ferli sínum og fjallaði síðasta verk hennar um útskurðarlist á íslenskum drykkjarhornum sem kom út aldamótin 2000.⁸⁰⁸ Þannig nýtti Magerøy sér meðal annars þann safnkost sem til var á safninu í rannsóknnum sínum og lagði til aukna þekkingu á sögu og gerð þeirra.⁸⁰⁹ Sjá má að tilvísanir í efni hennar í aðfangabókunum eru úr *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* yfir nokkur ár, hér eru flestar frá árinu 1957.⁸¹⁰ Í þeim hafði hún unnið skrá yfir íslenska útskorna muni sem voru á erlendum söfnum, sem í einhverjum tilfellum skiluðu sér á Þjóðminjasafnið síðar.⁸¹¹

Þær hirslur sem koma fyrir eru ekki allar meðal safnkosts Þjóðminjasafns Íslands heldur eru í hið minnsta 25 þeirra í varðveislu Þjóðminjasafna Danmerkur og Noregs. Skráningaraðili flestra þeirra er Matthías Þórðarson en árið 1922 vann hann að skráningu fjölda gripa í Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn samkvæmt *Sarpi*. Þeir munir eru skráðir í sérskrá (*Nationalmuseet Kbh*) og eru 27 hirslur þar skráðar. Eitthvað af mununum sem voru skráðir erlendis hafa komið hingað til varðveislu í gegnum sérstakar afhendingar eins og við Alþingishátíðina árið 1930. Það ár fékk Þjóðminjasafnið afhendar frá Noregi og Danmörku 18 hirslur, flestar þeirra voru kistlar, þrjónastokkar og stokkar. Kambstokkur Þjms. 10993 var meðal gjafa en um hann segir:

Kambstokkur úr eik, l. 16,5, br. (hæð) um 9 cm., þ.2,1 cm.: negldur saman af 2 smáfjöllum og er um 9 mm. br. bil á milli þeirra, nema að neðan þar falla þær saman svo að botn myndast í stokknum. Á hvorri hlið eru 2 höfðaleturslínur og stendur þar: guðfi - nna ni - kulas - dotter. Á öðrum endanum er skorið ártalið 1788. Gefinn Þjóðminjasafninu í Höfn árið 1846 af sjera Ólafi Pálssyni, sem þá var prestur á Reynivöllum. (9446). Látinn síðar í Folkemuseet. (O. 366).⁸¹²

Eins og sjá má í lýsingunni er skorið út höfðaletur en finna má slíkt í um 110 hirslum. Um þetta letur hefur Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir, sérfræðingur í munasafni Þjóðminjasafns Íslands,

⁸⁰⁸ Magerøy, *Íslensk hornskurd: drikkehorn fra før „brennevinstiden“*.

⁸⁰⁹ Sjá meðal annars: Lilja Árnadóttir, „Dr. Ellen Marie Magerøy. Minningarorð,“ 211–213; Magerøy, *Planteornamentikken i islandsk treskurd: En stilhistorisk studie*.

⁸¹⁰ Magerøy, „Íslenzkur tréskurður í erlendum söfnum. Gripir í Nordiska Museet, Stokkhólmi,“ 5–129.


⁸¹¹ Sjá meðal annars: Magerøy, „Íslenzkur tréskurður í erlendum söfnum,“ 5–129; Magerøy, „Íslenzkur tréskurður í erlendum söfnum. Gripir í Nationalmuseet, Kaupmannarhöfn,“ 88–146.

⁸¹² *Þjms*. Sarpur. 10993.

fjallað og segir að það sé „séríslensk skrautleturgerð sem var fyrst og fremst notuð í tréskurði.“⁸¹³ Leturgerðin hafi verið þjóðarlist og af einhverjum ástæðum virðist hún hafa höfðað til fegurðarskyns Íslendinga enda útbreidd um allt land að sögn Freyju. Með sjálfstæðisbaráttunni hafi þessari hefð verið lyft aftur upp með því sem þótti þjóðlegt og hafi til dæmis Brynjúlfur frá Minna-Núpi og Ríkarður Jónsson tréskurðarmeistari barist ötullega fyrir varðveislu og miðlun á höfðaletrinu á fyrri hluta 20. aldar.⁸¹⁴ Slík umræða hefur eflaust haft áhrif á vaxandi safnkost íslenskra safna á munum sem bera merki letursins.

Það er því ljóst af söfnun Þjóðminjasafnsins á útskornum hirslum að allt frá stofnun þess (sem og annarra norrænna safna) hefur mikill áhugi verið á þeim munum. Komuár hirslna dreifist yfir rúm 95 ár (1848–2018) og var stórum hluta þeirra safnað fyrir aldamótin 1900, eða 148 talsins.⁸¹⁵ Öflug söfnun á sér einnig stað á fyrri helmingi 20. aldar en sjá má að fjöldi hirslna til safnsins hefur minnkað eftir því sem nær dregur í tíma:

Súlurit 4. Fjöldi hirslna eftir söfnunartímabilum.



Hvað skráningaraðila varðar var Matthías Þórðarson með 230 gripi, sem er langtum meira en aðrir skráðu og/eða tóku á móti. Sjö starfsmenn hafa skráð tíu gripi eða meira en alls komu 18 starfsmenn

⁸¹³ Vef. Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, „Hvers konar letur er höfðaletur? Hvað má segja um uppruna þess og notkun í gegnum tíðina?“ Í þessari grein segir Freyja að eina ítarlega rannsóknin á höfðaletri sé doktorsritgerð Gunnlaugs S. E. Briem: Gunnlaugur S. E. Briem, „Höfðaletur: a Study of Icelandic Ornamental lettering from the Sixteenth Century to the Present“.

⁸¹⁴ Sjá meðal annars: Vef. Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, „Hvers konar letur er höfðaletur?“; Brynjúlfur Jónsson, „Um höfðaletur,“ 36–42; Ríkarður Jónsson, „Höfðaletur,“ 393–400.

⁸¹⁵ Stofnun Forngripasafnsins var ekki fyrir en 1863 og því ber að benda á að ártalið 1848 hér á við mun sem gefinn var danska Þjóðminjasafninu árið 1848 og síðar endaði í eigu Þjóðminjasafnsins.

að skráningu. Þorkell Grímsson færði inn 29 hirslur og Freyja Hlíðkvist 18. Sjá má á töflunni hér að neðan þá ötulustu í skráningu hirslna eins og þá Þorkel, Friðrik Ásmundsson Brekkan og Kristján Eldjárn. Allt menn sem störfuðu á svipuðum tíma, saman og sundur, frá fimmta áratug 20. aldar til þess tíunda.⁸¹⁶ Sú vitneskja leiðir aftur hugann að hinni norsku Magerøy en á sama tíma vann hún að rannsóknum sínum bæði með Þjóðminjasafninu hér heima og erlendis. Þessi samvinna starfsmannanna og Magerøy sem og stöðug söfnun útskorinna hirslna gefur því til kynna að hjá þessu fólki hafi ríkt sérstakur hugur til slíkra gripa. Nákvæmni lýsinga þeirra og og endurbætur á umsögnum muna úr tíð Matthíasar sem dæmi hefur leitt til þess að meira er vitað um þessa gerð hluta en annarra og gefur þeim þar af leiðandi meira vægi innan veggja safnsins:

Tafla 59. Hirslur eftir skráningaraðilum

Skráningaraðilar	Fjöldi gripa
Matthías Þórðarson	230
Þorkell Grímsson	29
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir	18
Sigurður Vigfússon	13
Friðrik Ásmundsson Brekkan	13
Jón Jacobson	11
Kristján Eldjárn	10
Sigurður Guðmundsson	7
Guðrún Harðardóttir	7

Það eru ekki aðeins starfsmenn sem hafa áhrif á söfnun heldur einnig gefendur. Hvað hirslur varðar hefur 91 einstaklingur og ýmis söfn gefið Þjóðminjasafninu í gegnum tíðina. Andrés J. Johnson gaf 18 muni, Norska Þjóðminjasafnið 14 og De Heibergske Samlinger (norskt alþýðusafn) sá af 10 munum. Þó ber að taka fram að gefendur eru aðeins skráðir hjá tæplega helmingi hirslanna sem hér komu fyrir en síðan eru seljendur nokkrir.

Það verður ekki hjá því komist að geta þess þegar fjalla á um safnkost 19. aldar í Þjóðminjasafninu að þar hefur einn gefandi haft mikil áhrif. Átt er við þann sem gaf flestar hirslurnar,

⁸¹⁶ Sjá meðal annars minningargreinar um mennina þar sem kemur fram að þeir hafi verið starfsmenn hjá Þjóðminjasafni Íslands: Kristján Eldjárn, „Friðrik Ásmundsson Brekkan,“ 6; *Vef. „Þorkell Grímsson“*. Kristján Eldjárn gegndi stöðu þjóðminjavarðar og má sjá ýmis verk eftir hann um safnkost safnsins og þar á meðal útskornar hirslur. Sjá til dæmis: Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*; Kristján Eldjárn, *Hagleiksverk Hjálmars í Bólu*.

Andrés J. Johnsson sem var einn allra öflugasti forngripasafnarinn hér á landi, sé litið til ummæla Kristjáns Eldjárns um hann.⁸¹⁷ Safnaði hann hvers konar forngripum og munum sem notaðir voru í gamla íslenska bændasamfélaginu úti um allt land. Safn hans var talið um 25000 munir og gengur undir nafninu Ásbúðarsafn – kennt við heimili Andrésar í Hafnarfirði. Gjöf hans sem setti sitt mark á gripaflokk þennan barst safninu árið 1944 þegar samningur var gerður við Alþingi um kaup á safni hans.⁸¹⁸ Meðal muna frá Andrésí það árið voru þrjónastokkar, stokkar, kistur og kistlar. Einn saumakassi var á meðal hirslna en um hann segir:

[...] Saumakassi/Saumakistill/Saumaskrín. Í honum er útskorin pennastöng og útskorinn bréfnífur með ártalinu 1906. Í kassanum er einnig handskrifaður miði með nafni Jakobínu Thomsen Bessastöðum (eiginkonu Gríms Thomsens) og kistillinn því væntanlega úr hennar eigu.⁸¹⁹

Uppruni eða notkunarstaður gripanna er þekktur hjá 144 þeirra og koma flestir frá Norður-Ísafjarðarsýslu eða 29. Á eftir koma Gullbringusýsla með 17 hirslur en rétt á eftir Dalasýsla með 15 talsins. Ástæðan fyrir hve stór hluti kemur frá Norður-Ísafjarðarsýslu er að þar er um að ræða gjöf frá norskum söfnum sem Þjóðminjasafnið fékk árin 1930 og 1935. Þær hirslur sem De Heibergske Samlinger gaf árið 1935 voru keyptar af Norðmönnum Jonas Krohn, skipstjóra, og A. Skaastheim á Ísafirði um aldamótin 1900. Annars virðist safnkosturinn koma frekar jafnt frá öllum landsfjórðungum þó vissulega standi Vesturland eða Vestfirðir ögn frammar vegna þessara gjafa norsku safnanna.

Það sem einkennir safnkost þennan eru þjóðlegar hefðir í útskurðarlist líkt og handverkshefðirnar voru hjá fatnaði og rúmfatnaði. Hér skín jafnframt í gegn mikill áhugi á útskornum munum hjá sumum starfsmönnum safnsins og samstarfsfólki frá stofnun þess og allt til samtímans. Umfang gjafa hafði einnig áhrif og þar eru fyrirferðamestir munir sem komu aftur frá erlendum söfnum eða eru varðveittir erlendis en eru í skrá þjóðminjasafns. Það er því nokkuð ljóst að áhugi almennings og starfsmanna leiddi til þess að útskornar hirslur voru eftirsóknarverðir

⁸¹⁷ Sjá meðal annars: Kristján Eldjárn, „Andrés Johnson minjasafnari. Minning,“ 6 og 31; Kristján Eldjárn, „Andrés Johnson 70 ára,“ 7.

⁸¹⁸ Sjá meðal annars: Kristján Eldjárn, „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1955,“ 129; *Lbs.–Hbs.* Lóa Júlía Antonsdóttir. „Sjónarmið safnarans getur verið furðu ólíkt sjónarmið safnmannsins,“ 33–41.

⁸¹⁹ *Þjms.* Sarpur. Á–10215.

safngripir. Varðveisla þeirra snýr því frekar að handverkinu og mismunandi útskurðir sem bera vitnisburð um íslenska listasögu og handverksmenn eins og Bólu-Hjálmar.⁸²⁰

Þetta mikla magn kistla gefur því mögulega þverskurð af íslenskri útskurðarlist og leturhefðum og var safnað af þeim ástæðum. Dagleg notkun þeirra er þrátt fyrir allt ljós en hér verður ótalið hvort mikið hafi verið af útskornum hirslum í eigu íslenskrar alþýðu á 19. öld. Vafalaust hafa ekki allir einstaklingar á þessum tíma haft færi á að skera út hvern einasta stokk, kistil eða kistu í sinni eigu. Efni hirslanna gaf þó þann möguleika að hægt var að merkja þær á einhvern hátt en það á einnig við um aðrar gerðir eigna fólks frá þessum tíma eins og búsgögn.

Búsgögn

Búsgögn eru annar stærsti gripaflokkurinn í safnkosti tímabilsins og undir hann falla þeir munir sem notaðir voru til afurðavinnslu, matargerðar og neyslu matar. Af algengustu munum Þjóðminjasafnsins hvað þessa kví varðar má sjá að áhersla hefur verið á söfnun muna sem komu frekar að einkasviðinu, það er neyslu og framreiðslu matar. Spæniker eru þar fremstir í flokki og benda má á að „matspónar“ eru fimm talsins og hægt er að bæta þeim við þá 66 spæni sem tróna á toppnum yfir algengustu búsgögn safnsins. Það sama á við um aska en tvö heiti eru notuð yfir slíkan grip („askur“ og „mataraskur“) og ef fjöldi þeirra beggja er lagður saman er alls að finna 48 aska í safninu, sem gerir þá næstalgengasta búsgagn innan þessa gripaflokks:

Tafla 60. Safnkostur tímabilsins: Algeng búsgögn.

Búsgögn	Fjöldi gripa
Spónn	66
Matskeið	46
Mataraskur	26
Askur	22
Kanna	17
Skeið	16
Brauðmót	10
Kaffikanna	9
Pottur	9
Teskeið	8

⁸²⁰ Sjá meðal annars: Kristján Eldjárn, *Hagleiksverk Hjálmars í Bólu*; Lilja Árnadóttir, „Útskurður,“ 290–301.

Súpuskeið	7
Kaffiskeið	6
Silfurskeið	6
Skál	5
Staup	5
Rjómakanna	5
Drykkjarhorn	5
Vínstaup	5
Matspónn	5

Algengustu áhöldin eru af tvennum meiði: Í fyrsta lagi er um að ræða búnað til að nota þegar matar eða drykkjar var neytt – skeiðar, spæni, aska, skálar og drykkjarhorn. Í öðru lagi eru nokkrir munir sem notaðir hafa verið til að framreiða og elda matvæli – könnur, brauðmót og pottar. Fram komu 105 gerðir áhalda sem voru 402 talsins og var skiptingin nokkuð jafnari en hefur tíðkast í þeim gripaflokkum sem fjallað hefur verið um áður. Spæni eru 16% búsgagna, matskeiðar 11% og mataraskar 6% en hlutföllin milli einstakra gerða í öðrum gripakvíum hefur verið töluvert hærra. Dæmi um slíkt eru að kistlar voru þriðjungur hirslna, ábreiður voru 47% rúmfatnaðar og millur 27% meðal fatnaðar.

Skeiðar eru margvíslegar að gerð innan Þjóðminjasafnsins og er nokkrar tegundir þar að finna eins og teskeið, silfurskeið, matskeið, púnsskeið, kaffiskeið og desertskeið. Ef þær eru allar settar undir eitt heiti (skeið) þá má finna 99 slíkar hér í þessu úrtaki. Það þýðir að þær eru algengastar og allt að 25% af búsgögnunum. Hér verður þó flokkun Þjóðminjasafnsins notuð áfram en vert er að hafa þetta í huga hvað varðar samsetningu búsgagna innan safnsins. Fjöldi skeiðanna útskýrir jafnframt að einhverju leyti mikinn fjölda málmgripa í þessari gripakví en algengast var að munir væru úr silfri, eða alls 141 þeirra. Þó er ekki aðeins um að ræða skeiðar heldur eru kaffikönnur, könnur, bikarar og saltkör meðal silfurmunna. Skráning efna hjá safnkostinum er framúrskarandi en aðeins voru 16 munir sem ekki voru tilgreindir eftir efnivið:

Tafla 61. Efni búsgagna í safnkosti tímabilsins.

Efni	Fjöldi gripa
Málmur – Silfur	141
Viður – Fura	49
Horn – Nautshorn	42

Viður	20
Horn	19

Þó málmur sé hér fyrirferðarmikill er viður það einnig. Helstu munir í búsgögnum sem gerðir voru úr viði voru askar, brauðmót, skálar, smjöröskjur og kvarnir, svo eitthver dæmi séu tekin af úrvali viðaráhalda. Skráning efna var listuð á 49 mismunandi vegu og af þeim kom viður fyrir í 21 skipti en málmur 19 sinnum. Það sem vekur þó eftirtekt er efnið *horn* – af dýrum. Í öðrum gripaflokkum er sá efniviður ekki mjög algengur en meðal búsgagna koma 65 slíkir munir fram. Aðallega er um að ræða spæni en einnig er að finna tvö drykkjarhorn og eitt staup. Það má bæta því við að spónn var matskeið fyrri tíma og oftast úr kýr/nautshorni. Þeir spæni sem varðveittir eru á safninu eru sem dæmi flestir úr nautshorni og nokkrir úr silfri og sumir úr búrhvalstönnum.⁸²¹ Af þeim spónum sem eru í varðveislu safnsins eru margir þeirra með áletrun eða skreytingu einhvers konar eins og Þjms. 3522 en um hann segir:

„Silfrspónn“ er vegr 3 lóð, blaðið er krínglót og djúpt, neðan á því miðju er grafinn blaðakrans en engir stafir innaní: skaptið er aptrmjótt og gengr laut aptreptir því öllu, en aptan á því er knapp mikill með verki útúr hliðunum og typpi aptrúr, bæði ofan og neðan á knappnum eru Engilsandlit, orðið slitið: neðan á skaptinu við blaðið eru 2. stimplar og neðan í þeim báðum stendr: 1746. Silfrspónninn hefir verið gyltr en alt slitið af, sest votta fyrir henni niðrí verkinu á knappnum, og aðeins framantil innaní blaðinu.⁸²²

Nokkuð er um áletraða eða útskorna spæni og eru til dæmis 39 þeirra verk Jóns Þorsteinssonar frá Vindási á Landi. Þeir voru í eigu Guðmundar Brynjólfssonar, bónda á Keldum á Rangárvöllum (1833–1883), sem sonur hans Skúli átti síðan. Hann eftirlét syni sínum Guðmundi gripina sem Þjóðminjasafnið keypti af árið 1947.⁸²³ Ljóst er að um frekar vandaða muni er að ræða þar sem í fyrsta lagi þeim er lýst sem „veizluspónn“ og í öðru lagi eru þeir skreyttir fagurlega. Enn frekar má sjá að hlutverk þeirra var misjafnt eftir áletrun en sem dæmi stendur „GRAUTIN“, „RJOMAN“ og „SUPAN“ á spónum sem og skammstöfun Guðmundar (Brynjólfs). Skrautið var oft hið sama á handfanginu og er lýsing á einum þeirra eftirfarandi:

⁸²¹ Sjá meðal annars: Magerøy, *Islandsk Hornskurd*; Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, 84. minjapáttur.

⁸²² Þjms. Sarpur. 3522.

⁸²³ Þjms. Sarpur. 13900.

[...] Spónn (veizluspónn) úr nautshorni. Lengd skaftsins 12.5 sm, br. mest 1.6 sm, lengd blaðsins 6 sm, br. 5.2 sm, dýpt 1.2 sm. Kafaskipting á skafti með venjulegum hætti. Á efsta og neðsta kafla er grafið rúðuskraut, með dökkum rúðum og ljósum á víxl. Áletrun: GBS. Spónn þessi er mislitur, meira ber á ljósa litnum, en dökkar rákir eru neðan á skaftinu og dökkir flekkir og skárendur á blaðinu. Víða er brúnleitir millilitur. Vottar fyrir glærum flekkjum við blaðröndina. Heill og vel útlítandi.⁸²⁴

Kristján Eldjárn hefur ritað um þessa muni og er að finna lýsingar á útskurðarlist Jóns í bókinni *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. Að mati Kristjáns eru gripirnir merki um fyrri spónaútskurðarlist og mikilvæg heimild um þetta handverk fyrri tíma. Minnst hann ennfremur á að það hafi verið ósk Skúla Guðmundssonar að spænirnir „héldu hóp“ og yrðu „til vitnis um þjóðlegan hagleik og fornan veizlusið“.⁸²⁵ Taka má undir skrif Kristjáns hvað varðar varðveislu handverksins en nokkuð hentugt hefur verið að taka svo smáa muni til Þjóðminjasafnsins sem bera merki útskurðar og leturgerðar. Enda má sjá á algengustu búsgögnunum að þar eru frekar litlir gripir sem ekki þurfa mikið rými.


Árið 1947 var það komuár sem flest búsgögnin í safnkosti tímabilsins komu inn til safnsins, eða alls 40 talsins. Munar þar langmest um sölu Guðmundar Skúlasonar á spónum það ár svo ljóst er að aðeins eitt búsgagn kom umfram spænina 39 sem keyptir voru – skýrsár frá Bændaskólanum í Ólafsdal.⁸²⁶ Þetta ár 1947, sem og afhending muna í tengslum við Alþingishátíðina 1930, hefur þau áhrif að á tímabilinu 1926–1950 voru langflest búsgögnin skráð, eða 109 þeirra. Minnst kom af slíkum munum fjórðunginn eftir það (árin 1951–1975) eða aðeins 30:

⁸²⁴ *Þjms*. Sarpur. 13917.

⁸²⁵ Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, 84. minjapáttur.

⁸²⁶ Rétt er að halda því til haga að heildarfjöldi spónanna sem Guðmundur Skúlason seldi Þjóðminjasafninu voru 42 en þrír þeirra eru með óskráðan aldur svo þeir komu ekki til álita hér. Þeir voru eftirlíking veizluspóna, smíðaðir úr hestahófum af Hafliða Sæmundssyni árið 1889 fyrir Skúla Guðmundsson (föður Guðmundar). *Þjms*. Sarpur. 13900 – 13941. Um skýrsáin: *Þjms*. Sarpur. 13774.

Súlurit 5. Fjöldi búsgagna eftir söfnunartímabilum.



Sjá má af töflunni að rúmlega 65% af gripunum voru komnir í vörslu safnsins fyrir miðja 20. öld og dregur smá saman úr innkomu búsgagna eftir árið 1950. Samt sem áður er nokkuð um að slíkir munir hafi borist safninu til dagsins í dag og kom síðasta gjöfin sem dæmi til safnsins árið 2019: hvít keramik kanna, gjöf frá Margræti Júlíu og Sigríði Rafnsdætrum, sem hafði áður verið í eigu ömmu og afa þeirra, Guðmundar Jóhannessonar (1894–1977) og Sigríðar Jóhannesdóttur (1900–1971). Þau höfðu keypt könnuna af „amtmaninum“ en ekki er vitað hver þeirra það var.⁸²⁷

Spænar Guðmundar hafa ekki aðeins áhrif á fjölda gripa skráðra á viðkomandi tímabil heldur einnig skiptingu búsgagnanna á milli landshluta. Þannig eru flestir gripirnir frá Rangárvallasýslu, eða alls 42 og þar af þeir 39 spænar sem komu frá Keldum. Gullbringusýsla er næst á eftir með 26 búsgögn, þar af eru átta munir úr eigu Gríms Thomsen (1820–1896), skálds og þingmanns frá Bessastöðum. Kona hans, Jakobína Jónsdóttir Thomsen (1835–1919), seldi safninu gripina á árunum 1914–1919: sex kaffiskeiðar, silfurkönnu og púnsbolla úr leir.⁸²⁸ Þriðja sýslan var Suður-Þingeyjarsýsla en þaðan komu 21 gripir flest skráðir frá árinu 1999 þó númer þeirra sé frá árinu áður.⁸²⁹ Stór hluti safnkostsins er þó ekki skráður með staðsetningu, eða 192 þeirra, enda ekki ávallt vitað um uppruna allra muna.

⁸²⁷ Þjms. Sarpur. 2019–81–2.

⁸²⁸ Þjms. Sarpur. 6772, 7704, 7789 (a-f).

⁸²⁹ Þjms. Sarpur. 1998 –1–(t.d. 19, 100 og 168–172).

Hvað varðar gefendur búsgagna má sjá að helmingur þeirra á safninu er ekki skráður hvað slíkt varðar, eða 212 gripir. Rétt er að taka fram að fleiri möguleikar eru til staðar hvað varðar afhendingu til Þjóðminjasafnsins eða skráningum hvernig þeir hafa komið til. Skráningaraðili getur hagað skráningu eftir eftirfarandi möguleikum: *Finnandi*, *gefandi*, *afhendandi* og *seljandi*. Síðan eru þeir gripir sem eðli málsins samkvæmt eru ekki skráðir með gefanda, eins og forngripafundir.⁸³⁰ Hvað búsgögn varðar gáfu 113 einstaklingar og stofnanir Þjóðminjasafninu gjafir og þær stærstu voru frá Norska Þjóðminjasafninu (11), Guðrúnu Þorsteinsdóttur (10) og Andrésí J. Johnson (9).

Öll þau búsgögn sem komu frá Norska Þjóðminjasafninu voru afhent árið 1930. Í gjöf Norðmanna voru sex askar, tvær skálar, fat, spónn og soðningarspaði. Athyglisvert er að þau áhöld sem komu frá norsku söfnunum (Norska Þjóðminjasafninu og De Heibergske Samlinger) eru öll skráð frá Ísafjarðarsýslu. Sama staðsetning var einnig hjá hirslunum sem gefnar voru af söfnunum tveim. Eins má sjá að Jonas Krohn sem keypti hirslur um aldamótin 1900 og gaf De Heibergske Samlinger, hefur einnig safnað í hið minnsta fjórum öskum á sömu slóðum sem enduðu í varðveislu Þjóðminjasafnsins árið 1935.⁸³¹ Jonas Krohn, er þó ekki skrifaður fyrir þeim munum sem komu frá Norska Þjóðminjasafninu svo það liggur ekki ljóst fyrir hvernig norsk söfn hafi fengið svo mikið magn búsgagna sérstaklega frá Ísafirði.

Hugsanlegar ástæður fyrir þessu gætu verið að norskir safnarrar hafi farið um Vestfirði í lok 19. aldar og sankað að sér ýmis konar gripum, oft munum sem voru með einhvers konar útskurð í letri og/eða myndefni. Síðan gætu upplýsingarnar með gripunum verið þær að þeir væru allir frá þessum landshluta eða að skráningaraðili hafi ályktað sem svo að líklegt þætti að uppruni þeirra allra væri hinn sami. Það er þó óljóst nema í þeim tilfellum þar sem tekið er fram að einstaklingar hafi keypt eða fengið gripi sérstaklega frá Ísafirði. Að lokum er því ekkert til fyrirstöðu að uppruni þeirra hafi verið vitaður og sé svo sannarlega sá sem er tilgreindur.

Ef gjafir tveggja kvenna eru skoðaðar má sjá dæmi um hvernig Þjóðminjasafnið leitast við að safna munum eftir þekktu handverksmenn, sérstaklega hvað varðar málmsmíði – silfur og gull – í þessum gripaflokki. Guðrún Þorsteinsdóttir (1891–1977) og Helga Aradóttir (1925–2019) gáfu safninu 16 skeiðar. Um er að ræða sósuskeiðar, teskeið, matarskeiðar og einfaldlega „skeiðar“ – allar úr silfri. Þær níu skeiðar sem Guðrún eftirlét safninu voru allar gerðar af gullsmiðnum Sumarliða Sumarliðasyni (1833–1926). Um eina þeirra segir í aðfangabók safnsins:

⁸³⁰ Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 16. ágúst 2021.

⁸³¹ *Þjms*. Sarpur. 11766–1179.

Skeiðin er slétt að öðru leyti en því að á enda skaftsins er munstur, sem einna helst minnir á hörpudisk og snúa "laufin" inn að skeiðarblaðinu. Neðan á skaftið er áletrað: BB. Ennfremur er smíðsstimpill neðan á skaftinu og er hann: 18 (SS) 58. Úr gjöf frá Bjarna Ingimundarsyni bónda á Sveinseyri í Tálknafirði til barna hans.⁸³²

Frá Helgu voru skeiðarnar eftir nokkra: Einar Skúlason (1834–1917), Finn Jónsson (1860–1937), Friðfinn Þorláksson (1821–1878), Hallgrím Kristjánsson (1818–1884), Jósef Grímsson (1825–1866) og Þorgeir Guðmundsson (1830–1890). Allir að norðan: frá Hrutafirði, Sauðárkróki og Akureyri. Ekki segir hvernig gripirnir komust í eigu Helgu en sjá má að Þór Magnússon afhenti þær til safnsins fyrir hönd hennar.⁸³³ Sjá má að ein þeirra hefur farið í viðgerð eins og segir í lýsingu á ástandi og uppruna hennar:

Sósuskeið, lítil úr silfri, eftir Hallgrím Kristjánsson gullsmið á Akureyri (f. 1818, d. 1884), og tvístimpluð með stimpli hans, HK, á bakhlið skaftsins. Að öðru leiti ógrafin og stimpluð. Skaftið er skreytt að framanverðu með tveimur strikum meðfram brúnum og 1,5 cm frá mótum skafts og blaðs gengur lítið hak út úr skaftinu beggja vegna til skrauts. Skeiðin var rifin á mótum skeiðar og blaðs en í nóvember 2009 tók Ívar Björnsson, gullsmiður og leturgrafari í Reykjavík, hana til viðgerðar og kveikti saman. Skeiðin er því í góðu ástandi en sjá má að hún hefur allmikið verið notuð. [...] Þór Magnússon, fyrrum þjóðminjavörður, sóttir þær til hennar og afhenti safninu fyrir hennar hönd.⁸³⁴

Rannsóknir Þórs á silfri og silfursmíði sýna áhuga og sérsvið hans á slíkum gripum og hefur hann skrifað mikið um þvílík viðfangsefni. Helst ber þar að nefna verk hans *Silfur í Þjóðminjasafni* sem kom út árið 1996 og var forveri tveggja binda ritverks hans *Íslensk silfursmíði* sem gefin var út árið 2013.⁸³⁵ Ekki er þó að sjá að hann hafi skráð mikið af gripum hjá safninu en hann er einungis skrifaður fyrir átta færslum með Freyju Hlíðkvist – þar á meðal eru skeiðarnar sem hann afhenti fyrir hönd Helgu. Þór var þjóðminjavörður á árunum 1969–2000 og bar því ábyrgð á söfnun þó annað starfsfólk hafi sinnt skráningunni.⁸³⁶ Hins vegar má sjá fjöldamargar tilvitnanir í verk hans við einstaka gripi

⁸³² *Þjms*. Sarpur. 1976–128.

⁸³³ *Þjms*. Sarpur. 2009–47–(1-7).

⁸³⁴ *Þjms*. Sarpur. 2009–47–1.

⁸³⁵ Þór Magnússon, *Silfur í Þjóðminjasafni*; Þór Magnússon, *Íslensk silfursmíði*, I og II.

⁸³⁶ Hér má vekja athygli á hvernig skráning er skilgreind í *Sarp*. Nokkrir einstaklingar geta komið að skráningu muna en eru ekki endilega tilgreindir sem „skráningaraðili“ þar inni. Skráning safnkostsins er opin og hægt að bæta endalaust

hér (og annars staðar). Í lýsingu á silfurtarínu Þjms. 1979–67 er sem dæmi vitnað í þrjár umfjallanir hans um gripinn, uppruna og eiganda hans og að hans sögn er hér á ferðinni „hinn fallegasti dýrgripur og stærsti silfurgripur í Þjóðminjasafninu“.⁸³⁷

Í þessum umfangsmikla gripaflokki má sjá mikla áherslu á smá áhöld – skeiðar, spæni og aska. Hlutur málmgripa er allverulegur þó svo að búast mætti við að finna töluvert af viðargripum enda voru búsgögn eins og tunnur, ker og fötur úr slíkum efnum. Stór ílát sem notuð voru fyrir til dæmis geymslu matvæla og mjólkurvinnslu eru ekki stór hluti af safnkosti tímabilsins. Aðeins er eitt ker frá þessu tímabili og engin tunna en slíkar eigur hafa vissulega verið notaðar í matargerð Íslendinga á þessum tíma.⁸³⁸ Það má því draga þá ályktun að umræddur safnkostur endurspegli frekar borðsiði þar sem litlir hlutir eru áberandi. Framleiðsluhættir matarafurða hafi því ekki vakið eins mikinn áhuga og borðbúnaður en þó eru stöku gripir sannarlega varðveittir til að halda þeim til haga.⁸³⁹

Rannsóknir og áhugi starfsmanna eða sérfræðinga tengdra Þjóðminjasafninu hafa mikil áhrif á heimildargildi og söfnun. Með meiri vitneskju frá viðkomandi einstaklingum eykst gildi gripanna innan safnsins (og utan) þegar skráning þeirra er ítarleg. Vinna Ellen Marie Magerøy varð til þess að mikið er vitað um íslenska útskurðarlist, sem sést vel í þeim hirslum sem er að finna í safnkosti tímabilsins. Hvað búsgögn varðar hefur þekking og rannsóknir þórs bersýnilega eflt vitneskju og söfnun silfurmuna á safninu sem enn eimir eftir af. Varðveisla málma er jafnframt auðveldari en til að mynda textílefna ásamt því að slíkir dýrgripir – sérstaklega úr silfri – voru oft mjög verðmætir hlutir. Notendur þeirra og eigendur hafa því haldið þeim betur til haga en hugsanlega leku tunnunni sem mátti bæta með viðgerðum – eða blátt áfram smíða nýja. Brotið postulín eða silfur var flókið að laga og dýrt, þar af leiðandi var því síður skipt út og oft aðeins notað á tyllidögum. Viður var efni sem var aðgengilegra á 19. öld en málmar, sem hefur gert slíkan mun dýrari og sjaldgæfari.⁸⁴⁰

við hana eftir því hvort nýjar upplýsingar berist um muni. Þannig getur starfsfólk sem bætir við skráningu verið „innsláttaraðilar“ eða getið í heimildum eða nánari lýsingu á muninum. Þar af leiðandi koma þau ekki alltaf fram í þeim lykli sem *Sarpur* býður upp á fyrir skráningaraðila.

⁸³⁷ Þór Magnússon, „Tarína séra Eggerts á Ballará,“ 244–245. Aðrar heimildir í aðfangabók eru úr riti hans *Silfur í Þjóðminjasafni*, 31; *Á minjaslóð*, 37–43.

⁸³⁸ Sjá meðal annars: Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslenskum torfbæjum*; Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð*.

⁸³⁹ Þessi dræmi áhugi er einnig meðal almennings, þeirra sem gefa til safnsins enda er framboðið eftir því.

⁸⁴⁰ Þetta má meðal annars sjá í verðmati virðingarmanna í dánarbúum einstaklinga frá 19. öld en annars má sjá til dæmis: Þór Magnússon, „Málmsmíðar. Gripir til gagns og prýði,“ 302–311; Þór Magnússon, *Íslensk silfursmíði*, I: 21–30.

Það mætti einnig velta upp þeim áhrifum sem almenningur eða gefendur geta haft á safnkostinn. Sé litið til þess sem hér er um að ræða má álykta sem svo að almenningur og starfsmenn hafi frekar haldið upp á borðbúnað fremur en þau tól sem notuð voru til framleiðslu, matargerðar og geymslu, sem einmitt eru þau sem skortir meðal búsgagna. Þess konar munir voru oft stærri og frekir á pláss, sem gæti einnig haft sitt að segja hvað varðar fjölda þeirra í varðveislurými safnsins. En slík praktísk atriði þurfa safnamenn að hafa í huga við varðveislu í húsnæði sem Þjóðminjasafnið hefur skort frá upphafi.⁸⁴¹

Mikil áhersla hefur verið á að varðveita gripi sem vitað er að bera íslenskum handverkshefðum vitni eins og sjá má af safni þessara tæplegu 100 skeiða og 66 spóna. Þeir hafa greinilega verið sérstaklega eftirsóknarverðir og þar skiptir sköpum vitneskjan um hver smíðaði viðkomandi mun. Í *Sarpi* eru sem dæmi 46 íslenskir og danskir einstaklingar skráðir sem hafa búið til 135 búsgögn innan Þjóðminjasafnsins. Áherslan í gripaflokknum var því á útskurð, leturgerð og handverksmenn. Ríflega þriðjungur áhaldanna ber upplýsingar um þann sem útbjó þá en þetta hlutfall er það hæsta yfir allar gripakvíarnar hvað slíka vitneskju varðar. Þetta mikla magn sýnir einna best hvernig safnið hefur leitast við frá upphafi að varðveita handverkshefðir og list fyrri tíma. Þetta hefur orðið til þess að aðrir munir falla í skuggann af öllum þeim haglega gerðum gripum íslenskra smíða sem mikið hefur verið safnað, bæði af almenningi og safninu.

Verkfæri

Skapari eða framleiðandi (e. *maker*) hluta þurfti ákveðnar gerðir tóla til að útbúa þá muni sem hefur verið fjallað um eins og spæni, millur, ábreiður eða kistla. Auðkenni síðustu fjögurra gripaflokka hefur verið útskurðarlist, hönnun eða vitneskja um smíði gripanna (og vissulega eigendur). Það mætti því ætla að í safnkosti tímabilsins hvað varðar verkfæri væri hægt að sjá fjöldamörg smíðaverkfæri sem notuð voru til tré- og málmsmíða. Sé litið til þess að áherslan hafi verið á að varðveita handverkið hefðu tólin sem notuð voru til að skapa þau átt að vera jafn mikilvæg safninu – það er sú þekking hvernig gripirnir voru gerðir í gegnum áhöldin.

Magn verkfæra í safnkosti tímabilsins eru 206 af 98 tegundum þar sem áhöld fyrir handavinnu eru mest áberandi. Í umfjöllun um verkfæri í dánarbúsuppskriftunum var hægt að flokka tól í fjóra flokka eftir notkun þeirra: Jarðyrkju/landbúnað, tré- og málmsmíði, handavinnu og veiðar. Ef sama flokkun er yfirferð á safnkostinn má sjá að af 19 algengustu áhöldunum voru 14 af þeim

⁸⁴¹ Sjá meðal annars umræðu um húsnæðisskort safnsins í: Þórður Tómasson, „Munir frá Munkapverá,“ 128; Vef. „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“; Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, vii–xxx.

sem tilheyrðu handavinnu (vefnaði, þrjónaskap og saumavinnu). Hvað hina gerð munanna varðar eru þrjú tól tengd landbúnaðarstörfum og tvö verkfæri tengd veiðum:

Tafla 62. Safnkostur tímabilsins: Algeng verkfæri.

Verkfæri	Fjöldi gripa
Nálhús	16
Reisla	15
Snældustóll	11
Rokkur	8
Seilarnál	7
Nálapúði	7
Ljár	5
Ullarkambur	5
Nálaprilla	5
Stólkambur	4
Skæri	4
Saumavél	4
Orf	4
Snælda	3
Halasnælda	3
Sokkatré	3
Vaðsteinn	3
Skotrokkur	3

Í töflunni að ofan má sjá mikið af gripum sem notaðir voru til að geyma saumnálar, algengast er nálhús en síðan eru nokkrir nálapúðar og nálaprillur. Rokkar af mismunandi tagi eru þó nokkrir í safnkostinum og eru alls 13 skráðir undir nokkrum heitum: rokkar, skotrokkur, spunarokkur og spólurokkur. Reislur voru næstalgengasti gripurinn og voru tilteknaðar með verkfærum sem notuð voru við landbúnaðarstörf eins og til að vigta kjöt, smjör, fénað og annað. Þó má benda á að þær hafa vísast til verið notaðar til að vigta ýmislegt annað, eins og vaðmál eða fisk. Kunnugleg jarðyrkjuverkfæri eru svo með algengustu tólum safnsins – ljár og orf. Seilarnálar er það veiðarfæri sem er mest til af í gripaflokknum en svo koma vaðsteinar sem notaðir voru sem sökkur á veiðarfæri. Nálar voru notaðar á árabátum til að þræða fiska upp á seilarólar. Í *Íslenskum sjávarhátum* segir

að margar slíkar nálar hafi fylgt hverjum bát, allt að 32 og fór fjöldinn eftir bátastærð.⁸⁴² Það sem upp úr stendur í 20 algengustu verkfærunum er sú staðreynd að þar eru engin sem notuð voru til trésmíða. Þetta skýtur í raun skökku við þegar svo margir safngripir eru varðveittir vegna þeirra háttá sem viðhafðir voru við smíði þeirra. Enda er óhætt að segja að ef slíkra tóla hefði ekki notið við væru talsvert færri svo haglega útbúnir munir til á safninu.

Samsetning safnkostsins hvað verkfæri varðar er athyglisverð að því leyti að hlutföllin á milli fjölda tóla eru mun jafnari en raunin hefur verið í síðustu gripaflokkum. Hér eru nálhús 8% af áhöldum, reisla 7%, snældustóll 5%, rokkar 4% og allir hinir á bilinu 0,004–3%. Í búsgögnum mátti sjá hærri hlutföll þar sem spænic voru 16% og ef allar skeiðar hefðu verið felldar saman væri hlutur þeirra fjórðungur. Því mætti segja að engin sérstök áhersla hafi verið á eina gerð verkfæra umfram aðra en það sama á jafnvel ekki við um eðli þeirra en þar eru handavinnutólin í mun meira magni en önnur áhöld.

Ef allar 99 gerðir verkfæra eru flokkaðar eftir eðli þeirra má sjá að 35 þeirra eru tól fyrir handavinnu, 25 fyrir jarðrækt/landbúnað, 21 fyrir sjósókn/veiðar og 18 fyrir smíðavinnu. Flest verkfæra eru úr málm (járni) eða 33 þeirra, efniviður hefur ekki verið skráður fyrir 25 tól, sem er óvenjuhátt hlutfall gripa sem ekkert efni er tilgreint hjá. Þau sem eru óskráð eru af ýmsum toga og meðal þeirra eru til dæmis ljár, nálaprilla, snældustóll og öngull, svo ekki er um að ræða sömu gerð verkfæra. Viður er aðalefni 19 áhalda en algengast er að verkfærin hafi verið úr bæði við og málm. Alls eru skráð 60 tilbrigði af samsetningum efna og fara þar fremst viður og málmur en einnig eru gripir úr til dæmis horni, beinum, bergtegundum og textíl.

Flest verkfærin koma árið 1998 eða 18 talsins, en þar eru á ferðinni gripir sem eru frá Grýtubakkahrepp, gamla bænum að Laufási sem er hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins. Í dag hefur Minjasafn Akureyrar umsjón með rekstri bæjarins.⁸⁴³ Í skráningu munanna er greinilegt að verið er að skrá muni upp á nýtt úr gamalli skrá. Rokkur, Þjms. 1998–1–35, er sem dæmi lýst á eftirfarandi hátt:

Var nr. 130 (nr. áfast): "Rokkur og snældustóll, grænmálaður." Rokkur þessi er hins vegar rauðleitur. Virðist annað hvort mattlakkaður eða málaður með mjög þunnri olíumálningu. Þar sem liturinn hefur máðst af vottar hvergi fyrir grænni málningu.⁸⁴⁴


⁸⁴² Um seilarnálar: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir*, IV: 149 og 168. Sjá um bátastærðir: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir*, II: 103–112.

⁸⁴³ Hörður Ágústsson. *Laufás við Eyjafjörð*.

⁸⁴⁴ Þjms. Sarpur. 1998–1–35.

Stundum virðist uppruni muna vera á reiki eða réttara sagt hvort þeir sem skráðir eru úr Grýtubakkahreppi sé að finna í eldri skrá. Dæmi um slíkt er lýsing á heklunál Þjms. 1998–1–90: „Óvíst hvort var í fyrri skrá. Heklunálin sjálf er fingerð og úr einhvers konar koparblöndu. Nálin sjálf gengur inn í viðarskaft“.⁸⁴⁵ Þessar gjafir til safnsins eða skráningar í lok 20. aldar gerðu það að verkum að flest verkfærin sem eru skráð hafa komið til varðveislu á fjórðungnum 1976–2000, eða alls 50 stykki.

Súlurit 6. Fjöldi verkfæra eftir söfnunartímabilum



Í söfnun á verkfærum í gegnum starfstíð Þjóðminjasafnsins er að sjá fremur jafna söfnun. Það sem skilur þennan flokk frá öðrum gripakvím er að flestir munanna koma á síðasta fjórðungi 20. aldar. Hvað varðar annan safnkost 19. aldar var stóru hlutfalli hans safnað fyrir árið 1950. Þó má sjá að afar fá verkfæri hafa verið gefin safninu á 21. öldinni, sem rekja má til minna framboðs af þeim. Þessi jöfnu hlutföll milli tímabila gefa til kynna aukinn áhuga á verkmenningu/tækni í söfnun safnsins.⁸⁴⁶

Það skal einnig tekið fram að mörg verkfæranna voru notuð í byrjun 20. aldar og jafnvel í daglegri brúkun, menn hafi því ekki litið á þau sem safngripi á þeim tíma. Þórður Tómasson, fyrrv. forstöðumaður Skógasafns, skrifar eftirfarandi: „Þjóðminjasafnið var framan af árum öllu fremur safn listiðna en áhaldna. Því réð lítið húsrými og það að vinnutæki gamalla atvinnuhátta voru enn í

⁸⁴⁵ Þjms. Sarpur. 1998–1–90.

⁸⁴⁶ Umfjöllun um breytingar á söfnunarstefnu í gegnum tíðina: Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, vii–xxx; Árni Björnsson, ritstj., *Gersemar og þarfaping*, 7–10; Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir ritstj., *Hlutavelta tímans*, 9–11; *Vef. „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“*

daglegri notkun.”⁸⁴⁷ Sú skýring varpar ljósi á lægra hlutfall skráðra verkfæra sem komu inn til safnsins fyrir miðja 20. öld en í öðrum gripakvíum var hlutfallið 65–89% varðveitt á þeim tíma. Í heildina bárust safninu flest verkfærin fyrir miðja síðustu öld eða um 57% þeirra svo söfnun þeirra er ekki eins afgerandi og raunin var í öðrum gripaflokkum.

Alls gáfu 98 einstaklingar og stofnanir Þjóðminjasafninu verkfæri og þar má sjá að einstaklingar hafa gefið flesta munina en ekki erlend söfn eins og hefur verið í síðustu gripaflokkum. Stefán Jónsson (1866–1943), bóndi á Munkaþverá í Eyjafirði, var einn af tveimur sem gaf flest tólin eða fimm talsins, öll tengd landbúnaði/jarðrækt: Tvo ljái, grasajárn, nautaklafa og taðkvísl. Í umfjöllun Þórðar Tómassonar um grasljái sem Stefán gaf safninu segir að árið 1921 hafi verið haldin búshaldasýning í Reykjavík. Af því tilefni lánaði Stefán Þjóðminjasafninu nokkra muni sem hann síðar gaf safninu. Þeir gripir segir Þórður að hafi verið „eftirlegukindur horfinna búháttanna eða í þann veginn að hverfa úr notkun“.⁸⁴⁸

Árið 1994 komu til safnsins úr dánarbúi Kirsten Valgerðar Briem (1911–1994) tveir snældustólar, halasnælda, rokkur og ullarkambur. Börn hennar afhentu safninu alls 181 grip og ljósmyndir úr hennar eigu sem hún hafði ráðgert sjálf að gefa fyrir andlát sitt. Um hana segir í nafnaskrá *Sarps* að hún hafi verið mikill safnari og haldið vel upp á eigur foreldra og forfeðra sinna. Lýsingar á verkfærunum úr hennar eigu eiga það sammerkt að vera stuttaralegar – ein til tvær setningar. Um halasnælduna segir sem dæmi: „Einföld smíð enginn útskurður“.⁸⁴⁹ Um annan snældustólinn er aðeins tekið fram að honum fylgi tvær snældur.⁸⁵⁰ Af þessum stuttu útlistunum má ætla að um fremur einfalda gripi sé að ræða og því ekki mikið til að lýsa.⁸⁵¹ Ennfremur má sjá að skráningaraðili þeirra er annar en þau sem eiga sameiginlegt að vanda mjög til lýsinga á flóknum sem einföldum munum, eins og Freyja Hlíðkvist og Matthías Þórðarson.

Skýringin á þessu gæti legið í sérsviði, áhuga eða starfsháttum eða aðstæðum skráningaraðila. Skráning muna er mismunandi eftir einstaklingum vegna þessara þriggja þátta –

⁸⁴⁷ Þórður Tómasson, „Munir frá Munkaþverá,“ 128.

⁸⁴⁸ *Þjms. Sarpur*. 8341; Þórður Tómasson, „Munir frá Munkaþverá,“ 128.

⁸⁴⁹ *Þjms. Sarpur*. 1994–291.

⁸⁵⁰ *Þjms. Sarpur*. 1994–256.

⁸⁵¹ Hér má einnig benda á að sumir munanna voru skráðir í fjarvinnslu. Það er að starfsmenn skráðu gripinn inn án þess að hafa hann fyrir framan sig heldur aðeins það sem var í aðfangabókunum. Þar af leiðandi var ekki hægt að lýsa þeim nánar. Rétt er að taka fram að þetta vinnulag er ekki lengur viðhaft á Þjóðminjasafninu. Nú er allt skráð í *Sarp*, með aðfangabækur, gripinn sjálfan og ítarupplýsingar til hliðsjónar. Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund, 29. janúar 2022.

sumir eru ítarlegir aðrir ekki. Þekking eða áhugi starfsmanna er mismunandi ásamt því að vinnulag og aðstæður skráningarinnar krefjast ítarlegri lýsinga eða grundvallarupplýsinga. Þeir 19 starfsmenn sem komu að skráningu verkfæra hafa hver sinn háttinn á skráningu en yfirleitt er um að ræða fremur samræmdar aðferðir og eru fólgnar í því sem söfn leitast við að fá fram með varðveislu muna: upplýsingar um ákveðna eiginleika hluta svo sem útlit, stærð, efni, aldur, uppruna eða sögu þeirra. Mestur er munurinn þegar „lýsing“ er skoðuð en þar er hlutnum lýst, upplýsingar um hann settar inn, jafnvel vísað í heimildir um sama grip eða sambærilega hluti og vitneskja um fyrri eigendur, notendur og gefendur.

Matthías Þórðarson var sá sem skráði flest verkfærin, eða 88 þeirra, og útlistaði þá mjög ítarlega í færslur sem hann skrifaði í aðfangabók safnsins á sínum tíma. Mjög fáar færslur eru aðeins ein setning og eru þær teljandi á fingrum annarrar handar. Hann hafði yfirleitt þann háttinn á að byrja á stærð og efni gripanna og síðan kom lýsing á muninum sjálfum og jafnvel sögu hans. Natni Matthíasar er ef til vill ekkert umfram það sem aðrir skráningaraðilar viðhafa í sinni vinnu. En benda má á að margt af því sem er í lýsingu hans er að finna annars staðar í því viðmóti sem *Sarpur* býður upp á í skráningarformi gagnasafnsins. Þannig mætti setja stærð, efni, gefenda og annað í aðra reiti og aðeins hafa lýsingu á útliti og eiginleikum viðkomandi munar í þeim reit sem kallast „lýsing“. Því skal haldið til haga að aðferðir Matthíasar í skráningu eru til fyrirmyndar og standast vel tímans tönn hvað varðar nákvæmni og aðferð.⁸⁵²

Þau verkfæri sem hann hefur skráð eru mestmegnis tengd handavinnu, eins og 10 nálhús, sex snældustólar og fjórir nálapúðar. Nokkuð er af tólum tengdum smíði, landbúnaði og veiðum, eins og tveir ljáir, tveir sniðlar, fiskisleggja, hvalskurðarjárn, orffleygur, smiðjubelgur og hamar. Áhersla Matthíasar var því talsvert á handverk, þá sérstaklega kvenna eins og verkfærin gefa til kynna og Þorgerður Þórhallsdóttir hefur rætt um.⁸⁵³ Hvað varðar söfnun verkfæra í hans tíð sem þjóðminjavarðar snúa þau einmitt að slíkri iðn sem og handverkslist. Þannig eru nokkur áhöld sem eru úr til dæmis silfri og látúni, skreytt með útskurði eða leturgerð ásamt því að vera að einhverju leyti frá efri stigum samfélagsins, dæmi er nálapúði Þjms. 2949. Þúðinn virðist vera nokkuð vel gerður og skrautlegur en sérstaklega er tekið fram að eigandi hans sé móðir amtmanns. Lýsingin tengir muninn við handavinnulist, handverk og íburði þeirra efnuðu:

Nálapúði eða koddí. Hann er hjartamyndaður. Á hann öðrumegin er saumað með gullvír SB 1782: neðst er rós: orðið fölt. Þennan nálapúða hefir átt og saumað frú Steinunn Bjarnadóttir

⁸⁵² *Óútg.* Anna Lísá Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“

⁸⁵³ *Lbs.–Hbs.* Þorgerður Þórhallsdóttir, „.....vegna tilfinninga vorra og heiðurs þjóðarinnar,“ 31–42.

á Hlíðarenda, móðir Bjarna amtmanns Thórarensens (S.V.). Að ofan er hann klæddur bláu silki, en að neðan eins konar rósofnu, rauðleitu flujeli með bláum blómum í. Á röndinni er rauð silkibrydding umhverfis. Að ofan, í hjartaröndina, er mikið skarð og á báðum hliðum djúp laut í miðju. Mesta br. 7 cm., mesta l. 6,7 cm. og mesta þ. 2,2 cm. Sbr. nr. 1640, sem er með líkri lögun.⁸⁵⁴

Í umfjöllun um safnkost 19. aldar hingað til hefur mátt greina ákveðnar gerðir gripa sem mikið var til af í samanburði við aðra muni í gripaflokkunum. Hvað varðar verkfæri stendur upp úr hve safnkosturinn er dreifður, það er að ekki er ein gerð áhalda sem er afgerandi meðal muna. Ljóst er að handavinnutól standa upp úr og minna er af áhöldum sem notuð voru til annarra verka og segja má að vanti frekar mikið inn í þann kost. Smiðju- og trésmíðaverkfæri eru afar fá og einnig er lítið af veiðarfærum sem frekar eru tengd sjósókn heldur en laxveiði til að mynda. Því má bæta við að engin net eru meðal veiðarfæra, en þau voru notuð til að fanga fiska sem og fugla. Það má því taka að einhverju leyti undir orð Þórðar Tómassonar um að safnkosturinn sé frekar safn listmuna en áhalda, sem á sér eðlilegar skýringar.⁸⁵⁵ Eins og þær að verkfærin voru lengi vel enn í notkun fram eftir 20. öldinni og ekki var lítið á þau sem muni sem bæru sérstakt framlag til menningararfsins. Síðar meir var verkmenningu gert hærra undir höfði. Í umfjöllun um sögu safnsins á vef þess segir að byrjað hafi verið að safna almennum nytjahlutum sem ekki voru jafnframt listgripir eftir árið 1950 í auknum mæli.⁸⁵⁶ Þetta sést einna best á söfnun gripa eftir tímabilum þar sem þó nokkrum hluta verkfæra hafi verið safnað á seinni hluta 20. aldar, annað en raunin var í hinum gripaflokkunum.

Reiðtygi

Reiðtygi í safnkosti tímabilsins eru fjölbreytt en það stafar af því að stakir hlutir (stórir sem smáir) hafa varðveist af þeim. Á þann hátt eru skráð sem dæmi ennislauf, beislistengur, höfuðleður eða mál, sem allt eru brot af beislisbúnaði. Ennfremur eru söðlar skráðir á fjóra mismunandi vegu: kvensöðull, söðull, hellusöðull og klyfsöðull. Af reiðtygjum frá 19. öld má sjá kvenlega áherslu þar sem söðlar og fylgihlutir þeirra eru áberandi. Í töflunni að neðan má sjá frekar hver þeirra voru algengust en alls voru 178 reiðtygi af 48 gerðum í þessum gripaflokki.

⁸⁵⁴ *Þjms.* Sarpur. 2949.

⁸⁵⁵ Þórður Tómasson, „Munir frá Munkapverá,“ 128.

⁸⁵⁶ *Vef.* „Saga safnsins. Frá 19. öld til nútímans“.

Tafla 63. Safnkostur tímabilsins: Algeng reiðtygi.

Reiðtygi	Fjöldi gripa
Söðuláklæði	30
Beislistöng	24
Áklæði	16
Kvensöðull	9
Gjarðarhringja	8
Hellusöðull	6
Eyrnaádráttur	5
Klyfberi	5
Söðulreiði	5
Söðull	4
Reiði	4
Beislishöfuðleður	4
Hnakkur	4
Ennislauf	4
Reiðaskjöldur	3
Svipa	3
Reiðbeisli	3
Hringja	3
Ístað	3
Þynna	3

Söðuláklæði eru algengustu munir þessa gripaflokks ásamt öðrum sem tengdust söðlum. Annars snýr mikill meirihluti reiðtygja að beislistúnaði og má í því tilliti benda á eyrnaádrætti. Þeir voru koparsylgjur sem héldu saman ennisól (undir faxtoppi), höfuðleðrinu (yfir höfuð og niður að munnvikum) og kverkól (frá eyrum og undir kverkina).⁸⁵⁷ Nokkurt magn er ennfremur af beislistöngum og eru þær af ýmsum gerðum og útliti. Þetta eru ekki hefðbundin hringamél heldur

⁸⁵⁷ Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldir*, 91.

eru þær lengri og ná út úr munni hestanna og niður eftir, sem gefur knapa betri stjórn þar sem þau eru þyngri en vanaleg mál og auka átakið í munnvikunum.⁸⁵⁸

Af lýsingum að dæma voru þau gjarnan skreytt á kúlunum og kjálkunum sem stóðu út frá munni hestsins með ljónsmyndum eða blómaskreytingum. Ennfremur var keðja á þeim sem var strengd undir kjálka á milli munnvikanna. Beislistöng Þjms. 8240 er lýst á eftirfarandi hátt:

Beislistengur úr jární með koparkúlum á og er á þeim ljónsandlit. Þær virðast varla eldri en frá síðari hlut 19. aldar og eru fremur venjulegar í laginu. Dálítið útbeygðar. Sigurnaglar úr jární með járnhringjum í. Í stað keðju er spent tvöföld, breið ól undir kjálkana. Auk magla eru stengurnar að l. 16 cm.: milli stanga eru 13 cm. um mjelin.⁸⁵⁹

Þær beislistengur sem eru í safnkosti tímabilsins eru allar skráðar af hendi Matthíasar Þórðarsonar og tvær þeirra af Sigurði Vigfússyni og Jóni Jacobssyni sem þýðir að þær hafi allar verið teknar inn fyrir miðja 20. öld. Árið 1919, þegar Matthías var við störf, keypti safnið nokkur reiðtygi af „koparsmið í Reykjavík“ og þar af sjö beislistengur, beislishöfuðleður, tvær reiðgjarðarhringjur og ístað.⁸⁶⁰ Ekki kemur fram hver sá smiður var né á hvaða upphæð hlutirnir voru keyptir, sem verður að teljast undarlegt þar sem venjan er að nafngreina seljanda eða gefenda, sérstaklega þegar munirnir eru að koma beint inn á Þjóðminjasafn en ekki frá öðrum söfnum. Hugsanleg ástæða gæti verið að þeir hafi verið seldir til safnsins mun fyrr og hafi verið hluti af þeim óskráða safnkosti sem Matthías réðst í að skrá. Þannig hafi ófullnægjandi upplýsingar fylgt gripunum, sem orsaki gloppur í skráningu þeirra.


Þær stangir og önnur reiðver sem skráð voru árið 1919 ollu því að það var það ár sem næstflest reiðtygin voru skrásett, eða átta talsins. Árið 1914 voru skráð níu reiðver frá 19. öld og þar af átta beislistangir og að auki eitt söðuláklæði. Hjá öllum þessum munum er enginn gefandi eða seljandi skráður svo hér gætu verið á ferðinni gripir sem Matthías tók ekki sjálfur við en skráði í fyrsta skipti sem hluta af safnkosti Þjóðminjasafnsins. En mjög stór hluti reiðtygjanna var skráður fyrir 1950 en flest þeirra voru skráð fyrir 1900 eða 67 talsins:

⁸⁵⁸ Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldaradur, 87–97*.

⁸⁵⁹ Þjms. Sarpur. 8240.

⁸⁶⁰ Þjms. Sarpur. 7875–7885. Aldur er ekki alltaf færður inn í lykluðu aldursreitina inn í *Sarpi* hjá öllum reiðtygjunum þar af leiðandi komu þau ekki til greina hér í þessari rannsókn þar sem þeir reitir voru notaðir til að kalla fram mengið – safnkost tímabilsins.

Súlurit 7. Fjöldi reiðtygja eftir söfnunartímabilum.



Í söfnun reiðvera má glögg sjá hve mikið framboðið af þeim dvínan eða áherslan á söfnun þeirra. Minna er um smágripi eins og ennislauf, reiðaskjöld, söðulreiða, þynnur, beisli og annað slíkt. Heldur eru söðuláklæði, svipur, klyfberi og söðull meðal muna sem koma eftir árið 1950. Í stað þess að safna smíðuðum málmgripum sem oft tengdust beislisbúnaði færðist áherslan yfir í textílhandverk eins og glitofin áklæði, samanber Þjms. 1983–36:

Glitofið söðuláklæði eftir Sigríði Eiríksdóttur Sverresen. Á því eru stafirnir SV (Sigríður Sverresen) og ártalið 1851. Marglitt blómamunstur á svörtum grunni. Meðfram báðum langhliðum er saumaður svartur listi.⁸⁶¹

Kvenleg reiðtygi voru frá upphafi áberandi í safnkosti tímabilsins og er nokkra söðla, áklæði og skraut á söðla að finna skráð á upphafsárum Þjóðminjasafnsins. Gripir úr málmum eru samt sem áður fyrirferðarmestir enda var mikið lagt upp úr að varðveita slíka muni í lok 19. aldar og upphafi 20. aldar: skreytt ennislauf og aðrar sylgjur sem notaðar voru til að halda leðri og ólum saman en ennfremur til að fegra búnaðinn og jafnvel notaðar sem stöðutákn.⁸⁶² Enda var oft skreytingum af málmsmíðinni lýst eins og á ennislaufi Þjms. 1602 sem var upphleypt verk með ríkisskjaldarmerki Danmerkur frá fyrri hluta 19. aldar.⁸⁶³ Annað skrautlegt ennislauf sem kom til safnsins árið 1928 og virðist veglegt af útliti þess að dæma:

⁸⁶¹ Þjms. Sarpur. 1983–36.

⁸⁶² Þórður Tómasson, „Þjóðhaginn frá Hnausum,“ 14.

⁸⁶³ Þjms. Sarpur. 1602.

Ennislauf, steyppt úr kopar, með miklu, gagnskornu og skrautlegu verki, lítið eitt virðist nú vanta á það neðst: það er með fuglamyndum og mannsandliti á milli, og vængjum efst. L. 8 og br. 4,9 cm. - E krotað á að aptan. Virðist vera frá ofanverðri 18. öld. Fundið fyrir nokkrum árum hjá húsi frú Guðnýjar Möllers í Reykjavík.⁸⁶⁴

Af þeim 178 munum eru 27 þeirra óskráðir með efni, annars eru flestir gripanna úr kopar (38) og látúni (15). Ennfremur eru 10 hlutir úr ull og aðrir tíu úr járn, önnur efni sem eru algeng eru leður, textílefni og aðrir málmar. Í skífuritinu hér að neðan má sjá hvernig skráning efna dreifðist en alls var samsetning reiðtyggja á 37 vegu svo hér er aðeins stærsti hlutinn tilgreindur með heiti efniviðarins:

Tafla 64. Efni reiðtygja í safnkosti tímabilsins.

Efni	Fjöldi reiðtygja
Málmur – Kopar	38
„Óskráð“	27
Málmur – Látún	15
Hár – Ull	10
Málmur – Járn	10
Málmur – Kopar. Málmur – Járn	8
Skinn – Leður	8

Þessa stóru hlutdeild málmis í safnkostinum má rekja til þeirra smámuna af beislisbúnaði og söðla/hnakkabúnaðar sem fyrstu starfsmenn safnsins söfnuðu í miklu magni. Efnið hefur þó verið algengt í nær flestum reiðtyggjum en söðlar, hnakkar, gjarðir, svipur og annað var oft með eitthvert málmefni en misjafnlega mikið og með öðrum efnum eins og leðri og/eða viði.

Matthías Þórðarson hefur yfirburði í fjölda skráninga reiðtygja en hér er hlutfall muna hans miðað við aðra starfsmenn óvenju hátt eða 67% (118 gripir). Fyrir utan Matthías komu 17 starfsmenn að skráningu reiðvera. Kristján Eldjárn kom næstur á eftir forvera sínum með tíu færslur í safnkostinum og þar á eftir Þorkell Grímsson með átta gripi. Kristján hefur færð inn reiðtygi sem bæði voru komin áður en hann hóf störf sem og muni sem hann sjálfur hafði tekið á móti. Byrjaði hann störf sem safnvörður árið 1945 en það sama ár skráir hann beislisstöng og haft.⁸⁶⁵ Hin reiðverin

⁸⁶⁴ Þjms. Sarpur. 10203.

⁸⁶⁵ Þjms. Sarpur. 13485, 13486.

höfðu komið til safnsins flest á fjórða áratugnum, eins og fjögur söðuláklæði, söðulsessa og reiðaskjöldur, svo ljóst er að hann hefur tekið óskráða muni og fært þá formlega til bókar.

Meirihluti reiðtygjana er ekki skráður með gefendur, eða 106 þeirra (af 178) og allir eru skráðir í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. Ástæðan fyrir þessu gæti verið sú að enn á eftir að færa inn rafrænt frá grunnskráningunni gefendur margra muna. En margir hverjir eru frá tíð Matthíasar í safninu, svo það gæti þýtt að það vanti að klára að fylla inn í alla skráningarreiði *Sarps* eða að gefendur séu tilgreindir í lýsingu munanna. Sumir gripir hafa þó verið keyptir eins og hnakkur (Þjms. 1659) og söðuláklæði (Þjms. 4213).⁸⁶⁶

Minnihluti reiðtygjana eru gjafir frá einstaklingum og erlendum söfnum en alls eru skráðir 51 gefendur að 71 munum, sem eru tæp 40% safnkostsins hér. Norska safnið De Heibergske Samlinger afhenti fjögur glitofin áklæði árið 1935, öll keypt af Jonas Krohn á Ísafirði um aldamótin 1900.⁸⁶⁷ Nokkrir gáfu safninu þrjá muni: Norska Þjóðminjasafnið, Andrés J. Johnson, Þorleifur Jóhannes Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson. Sá síðastnefndi gaf beislisstöng árið 1920 sem fannst á eyrum fyrir framan Húsafell. Ári seinna, við andlát Ástríðar Þorsteinsdóttur (1847–1921), móður hans, gaf hann safninu tvö söðuláklæði. Eitt þeirra hafði tilheyrt móður hans en í lýsingu má sjá til viðbótar að „fjölmörg áklæði voru fyrrum gjörð á Húsafelli“.⁸⁶⁸

Af reiðtygjum í safnkosti tímabilsins að dæma má sjá mikla söfnun muna sem voru til skreytingar á búnaði til reiðar. Lítil áhersla hefur verið á að taka reiðtygi sem notuð voru til flutninga, aðeins eru fimm klyfberar til vitnis um slíkt. Ekki er að finna reipi, bönd, klakka, tauma, gjarðir eða annað sem því tengist. Vissulega skarast reiðtygi á bæði sviðin, það er til útreiða og flutninga, eins og taumur, skeifa eða gjörð sem hafa nýst í allri umgengni og notkun hrossa. Aðeins er einn þófi hér skráður, sem verður að teljast undarlegt sökum þess hve algeng slík reiðtygi voru fram yfir miðja 19. öld.⁸⁶⁹ Einnig er aðeins að finna eina skeifu og eina hóffjöður sem var þarfaping á sínum tíma (og er enn í nútíma reiðmennsku). Því má álykta sem svo að þau reiðver sem eru varðveitt á safninu séu fremur til marks um efnameira fólk – einstaklinga sem höfðu efni á að gera búnað sinn íburðarmeiri. Skreytt höfuðleður, beislisstangir, söðulreiðar, veglegir kvensöðlar og hnakkur auk glitofinna söðuláklæða benda til slíks enda notuð til marks um stöðu viðkomandi.⁸⁷⁰ Megnið af reiðtygjunum

⁸⁶⁶ Þjms. Sarpur. 1659, 4213.

⁸⁶⁷ Þjms. Sarpur. 11754–11757.

⁸⁶⁸ Þjms. Sarpur. 8362. Hitt áklæðið var: Þjms. Sarpur. 8363.

⁸⁶⁹ Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldirarðir*, 75–80.

⁸⁷⁰ Þórður Tómasson, *Reiðtygi á Íslandi um aldirarðir*, 44.

endurspeglar íslenskt handverk – söðla- og málmsmíði ásamt vefnaðarlist. Minna er hugað að notkunargildi búnaðarins hversdagslega, sem sést í þeim gerðum gripa sem hér er að finna. Þarna hefur einnig framboð slíkra muna sitt að segja. Parfaþing eins og skeifur, klyfberar eða reipi hafa verið nýtt upp til agna vegna mikilvægis þeirra í reiðmennsku/vinnu.

Ekki er að sjá að ákveðnir gefendur hafi sett sérstakt mark á safnkostinn og í rauninni er athyglisverðast hve mikið af eyðum eru í þeirri skráningu. Þeir munir sem fengnir voru frá „koparsmiðnum í Reykjavík“ verða til þess að 13 reiðveranna eru frá Gullbringu- og Kjósarsýslu. Notkun reiðtygja var nokkuð ljós – hlutir tengdir hestamennsku á einn eða annan hátt. Safnkostur tímabilsins endurspeglar hlutverk þeirra að vissu leyti en sá halli sem skapast af íburðarmiklum munum leiðir til þess að almenn reiðmennska fellur í skuggann. Áherslan á listgripa er því enn áþreifanleg í gripaflokknum. Það má að einhverju leyti rekja til þeirra fjölda muna sem aflað var fyrir miðja 20. öld en þá var fremur lagt kapp á slíka söfnun í stað nytjamuna.⁸⁷¹

Annað

Gripaflokkur þessi er sá þriðji stærsti í safnkosti tímabilsins enda kennir þar ýmissa grasa líkt og nafn hans gefur til kynna.⁸⁷² Hér er að finna 398 muni af 185 gerðum, sem gerir flokkinn jafnframt þann fjölbreyttasta. Fjölbreytni er aðaleinkenni gripanna og eru vopn, munir tengdir tóbaksnotkun, skriftum, lýsingu og umhirðu fatnaðar/efna helst áberandi. Hlutfall muna er nokkuð jafnt miðað við aðrar gripakvíar en það stafar helst af því hve margvíslegur safnkosturinn er sem og þeim fjölda gripa sem innan hans flokkast. Í töflunni má sjá 20 algengustu gerðir muna. Það ber að taka það fram að þeir munir sem voru fjórir að tölu voru af 11 gerðum en í töflunni eru aðeins fimm þeirra sýndir (sjá neðst í töflu):

Tafla 65. Safnkostur tímabilsins: Algengt annað.

Annað	Fjöldi gripa
Trafakefli	30
Innsigli	23
Teikning	13
Korði	12

⁸⁷¹ Sjá meðal annars: Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*, xvii–xxx; Þórður Tómasson, „Munir frá Munkaþverá,“ 128.

⁸⁷² Rétt er að taka fram að Þjóðminjasafnið flokkar gripa ekki í „annað“ heldur er gripaflokkunin gerð út frá lagi og uppsetningu virðingarmanna sem skrifuðu upp dánarbú á 19. öld.

Skarbítur	7
Skammbýssa	7
Mynd	7
Tóbaksbaukur	6
Ofnplata	6
Leikfang	5
Kertastjaki	5
Lýsislampi	5
Árabátur	5
Málverk	5
Taflmaður	4
Sessa	4
Teningur	4
Klukka	4
Sessuborð	4

Algengasti gripurinn er trafakefli sem var áhald notað til að strauja og slétta þvott (tröf). Um þau hafa fyrrverandi starfsmenn Þjóðminjasafnsins skrifað og þá sérstaklega útskurðinn sem jafnan var á efra keflinu.⁸⁷³ Þannig ritar Lilja Árnadóttir, í ritinu *Hlutavelta tímans* eftirfarandi lýsingu:

Hið efra er jafnan fagurlega skorið á hliðum og að ofan en slétt að neðan. Neðri fleti var ætlað að strjúkast við neðra keflið sem er sléttur sívalningur. Fátt er til af neðri keflum enda hafa þau að mestu verið óskreytt.⁸⁷⁴

Helsta ástæða fyrir þeim fjölda kefla sem til eru á safninu virðist að mestu vera fólgin í að varðveita handverk eða þá list sem þau bera með sér í útliti. Nokkrar aðferðir útskurðar eru tilgreindar í lýsingu þeirra eins og gagnskorið, loftskorið og undirskorið ásamt því að letur og myndir eru notaðar, eins og rósir, mannsandlit, drekahöfuð, höfðaletur og latínuletur. Í lýsingu Sigurðar Guðmundssonar á einum gripnum segir:

⁸⁷³ Kristján Eldjárn hefur skrifað um útskurð trafakefla í meðal annars bókinni *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. Ennfremur hafa erlendir fræðimenn á borð við Ellen Marie Magerøy (*Planteornamentikken i islandsk treskurd*) og Jay Raymond (*Mangle Boards of Northern Europe*) fjallað um gripina.

⁸⁷⁴ Lilja Árnadóttir, „Útskurður,“ 298.

Yfirkefli af trafakefli með knútum, fléttingum og snúningum. Á því er handfang, en ekki tréhalda, sem stundum er. Bæði lag og skurður lýsir óvanalegri fegurðar tilfinning. Helgi fékk keflið eftir móður sína, Guðrúnu Þorkelsdóttur, og hún eftir móður sína, Guðrúnu Þórðardóttur frá Stóra-Kálfalæk.⁸⁷⁵

Aðrir munir sem bera fremur listrænt gildi en annað í þessum gripaflokki eru einnig áberandi, eins og teikningar, myndir, innsigli eða signet, málverk og skartgripir (hringar og eyrnalokkar). Meðal varðveittra gripa eru uppdrættir og skrif Sölva Helgasonar (1820–1895) sem eru „flestir skrautlegir stafir, blóm og mannamyndir, eins konar myndir af honum sjálfum“.⁸⁷⁶ Í samantekt um ævi Sölva segir að hann hafi verið listamaður og heimspekingur sem meðal annars sat í fangelsi fyrir flakk og að falsa reisupassa eða vegabréf og smáþjófnað.⁸⁷⁷

Það mætti því jafnvel álykta sem svo að „annað“ hér sé að megninu til munir sem eru vitnisburður um íslenskt handverk, list eða smíða- eða útskurðartækni og raðast ekki undir hina flokkana sem voru notaðir til greiningar. Persónulegri munir eru áberandi eins og gleraugu, leikföng og skartgripir en einnig gripir sem sýna samfélagsgerðina og tíðaranda í gegnum til dæmis listaverk, tímamælingu, tóbaksneyslu og lýsingu. Vopn eru fyrirferðarmikil í gripakvinni, sem er að mörgu leyti framandi, vegna þess að á Íslandi voru þau afar fátíð ef marka má skrif Jóns Sigurðssonar um litlar varnir Íslendinga á 19. öld í *Nýjum félagsritum*.⁸⁷⁸ Mikið af þeim munum koma árið 2009 þegar Katla Magnúsdóttir gaf vopnasafn Rudolph Crane til Þjóðminjasafnsins og áður hefur verið fjallað um.⁸⁷⁹

Efniviður þessara muna er eins fjölbreyttur og gripaflokkurinn sjálfur. Efni þeirra er skráð á 126 vegu en í 53 gripum er það óskráð. Algengast er viður sem tilgreindur er í 35 tilfellum eins og hjá Þjms. 2009–34–5: „Fremur stór tóbaksfjöl úr þykkum viðarbút og með brúnum eru negldir grannir listar sem ná upp fyrir fjölinu og mynda þannig brík svo tóbakið renni ekki út af fjölinni.“⁸⁸⁰ Á eftir viðarmunum koma málmgripir úr kopar (28) og járn (26), þar á meðal voru skarbítar, skreyttar

⁸⁷⁵ Þjms. Sarpur. 25.

⁸⁷⁶ Til dæmis þessar fjórar teikningar: Þjms. Sarpur. 8839–(1–4).

⁸⁷⁷ Pétur Jökull Pétursson: „Æviágrip Sölva Helgasonar Guðmundsen,“ 28–36. Verk Sölva hafa birst á nokkrum vettvöngum. Listasafn Reykjavíkur sýndi verk hans árið 2019 og sjá má nokkur verk hans inni á *Sarpi* (ytri vef). Einnig eru nokkrar teikningar í bókinni, *Dagbók Elku. Alþýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu*.

⁸⁷⁸ Jón Sigurðsson, „Um verzlun á Íslandi,“ 112–127.

⁸⁷⁹ Sjá í kaflanum „Safnkostur frá 19. öld í Þjóðminjasafni Íslands“.

⁸⁸⁰ Þjms. Sarpur. 2009–34–5.

járnplötur, signet/innsigli og ofnplötur. Pappír var aðalefni 17 gripa og þar eru þær teikningar, útsaumsmyndir og annað sem varðveitt er meðal safnkostsins hér. Þeir munir þar sem ekki var tilgreint um efnivið voru af ýmsum toga svo ekki er að sjá að ákveðna gerð eða jafnvel gjöf hafi átt að skrá betur síðar. En þar ægði saman trafakeflum, málarapenslum, gasljósi, dúkkuvagni, brúðum og fána, svo eitthvað sé nefnt af munum þar sem efni hafði ekki verið skráð.

Athygli vekur að fremur hátt hlutfall gripa er frá Gullbringusýslu, eða 51 þeirra, en vert að taka það fram að uppruni er ekki skráður hjá rúmum helmingi þeirra eða 236 talsins. Ekki er að finna stórar gjafir frá einhverjum einum einstaklingi eða stofnun sem skýrir þetta háa hlutfall. Stærsta afhendingin eru fjórar brúður. Þær komu frá Sigríði Magnúsdóttur Kjaran (1919–2011) sem gaf safninu árið 2001 nokkrar brúður sem hún hafði útbúið. Dúkkurnar eru í búningum fyrri tíma við ýmis störf tengd íslensku þjóðlífi. Eins og glöggir taka eftir þá eru gripirnir ekki gerðir né notaðir á 19. öld, svo hér er um mistök eða misskilning við skráningu að ræða. Í stað þess að færa inn raunverulegan aldur gripanna (frá tíunda áratug 20. aldar) hafa þau tímabil verið færð inn sem eiga við útlit brúðanna – fatastíl og uppstillingu þeirra.⁸⁸¹

Það má því taka þær fjórar brúður til hliðar þó hér verði þeim haldið til haga til að sýna hvernig safnkostur er skráður – bæði rétt og rangt.⁸⁸² Því má bæta við að þeir gripir sem komu frá höfuðborgarsvæðinu eru oft tengdir fyrirmennum sem lifðu á 19. öld, menn á borð við landfógetana Skúla Magnússon (1711–1794) og Árna Thorsteinson, Jón Þorkelsson (1859–1923) þjóðskjalavörð, og Grím Thomsen. Persónulegir munir eins og innsigli, spil, gleraugu og kristalljósakróna eru þar meðal gripa.⁸⁸³ Þetta á þó ekki eingöngu við Gullbringusýslu en nokkrir gripir frá Eyjafjarðasýslu komu úr eigu Bjarna Thorarensen (1786–1841), amtmanns og skálds á Möðruvöllum. Uppruni muna var skráður á 27 staði og að neðan er yfirlit yfir fimm algengustu sýslurnar:

Tafla 66. Annað eftir sýslum.

Sýslur	Fjöldi muna
Gullbringusýsla	51
Eyjafjarðarsýsla	13
Norður-Ísafjarðarsýsla	12

⁸⁸¹ Ein þeirrar er sem dæmi að strokka smjör og önnur að hespa upp eða þrifa lyppur. *Þjms*. Sarpur. 2001–25–6 og 2001–25–10.

⁸⁸² Rétt er að taka fram að nú þegar hefur þessi villa í aldurskráningu verið leiðrétt af starfsmanni Þjóðminjasafnsins eftir ábendingu hér. Þetta sýnir því hve lifandi skráning safnkostsins er og lýkur í raun aldrei fyrir fullt og allt.

⁸⁸³ Talið eftir sömu röð og eigendur þeirra á undan: *Þjms*. Sarpur. 1998–8, 2154, 9048 og 10440.

Suður-Þingeyjarsýsla	12
Rangárvallasýsla	11

Þriðjungur gripa frá Norður-Ísafjarðarsýslu eru frá De Heibergske Samlinger og er þar um að ræða þrjá muni sem Jonas Krohn á að hafa keypt á Ísafirði um aldamótin 1900, eins og svo marga aðra sem komið hafa til Þjóðminjasafnsins í gegnum afhendingar norska safnsins. Í lýsingu á trafakefli sem þaðan kemur Þjms. 11799 má sjá efasemdir um að það sé í raun og veru frá Íslandi.

Talið er að Kapt. Jonas Krohn hafi keypt keflið á Ísafirði og má það vel vera, en það er ekki íslenskt. Það sýnir bæði gerð þess og skreyting. Þar á móti er það að öllu leyti líkt sumum þeim [t]rafakeflum sem hér eru í Norskasafninu og bendir því allt til að það sé norskt að uppruna.⁸⁸⁴

Af þessari lýsingu má vekja athygli á nokkrum atriðum: Í fyrsta lagi hefur greinilega verið sérsafn, Norska safnið, innan Þjóðminjasafnsins sem hélt utan um norska muni. Í öðru lagi gæti skráning trafakeflisins hafa misfarist; það sé skráð ranglega frá Íslandi eða enn líklegra að við afhendingu muna Jonasar Krohn til De Heibergske Samlinger hafi vitlausar upplýsingar fylgt með. Í þriðja lagi getur svo vel verið að Jonas Krohn hafi keypt norsk trafakefli á Ísafirði og allt sé satt og rétt sem fylgir skráningunni. Það er einfaldlega ekki vitað hvort keflið var smíðað úti í Noregi, þaðan borist til Íslands sem gjöf eða keypt vara. Annar möguleiki er að það hafi verið gert á Íslandi með þeim aðferðum sem tíðkuðust í Noregi fremur en að nota íslenskar útskurðaraðferðir.


Þetta sýnir fyrst og fremst hversu flókið getur verið að skrá og meta hluti þegar þeir koma á borð starfsmanna safna. Hefði átt að skila trafakeflinu af því það var norskt að uppruna og stíl? Er betra að varðveita það til að sýna fram á að mögulegt getur verið að útskurðarlist hafi verið fjölbreyttari en aðeins íslenskar aðferðir á þessum tíma? Eða vegur mest að geta skrásett og sagt frá sögu, gerð og handverki muna, sama hvaðan þeir koma? Þessu verður ekki svarað á einfaldan hátt en ljóst er að veigameira þótti að veita trafakeflinu viðtöku fremur en að hafna því.

Afhending De Heibergske Samlinger var ekki það stór að komuár muna hafi staðið fram úr öðrum en árið 1935 komu sjö munir til Þjóðminjasafnsins. Stærsta afhendingarárið í þessum gripaflokki var aftur á móti árið 2009 en þá komu 33 munir og þar munaði mest um gjöf Kötlu Magnúsdóttur sem taldi 30 gripi innan þessa gripaflokks. Að mestu er safnkosturinn kominn til

⁸⁸⁴ Þjms. Sarpur. 11799.

safnsins á fyrsta fjórðungi 20. aldar eða 107 þeirra. Af þeim 380 sem skráð voru með komuár má sjá hér að neðan hvernig fjöldi gripa dreifðist yfir komutímabil:

Súluvit 8. Fjöldi "annarra" gripa eftir söfnunartímabilum.



Stór komuár eru á fyrsta fjórðungnum eins og árin 1914 og 1922, þegar 11 munir voru skráðir og síðar 18. Næststærsta komuárið var einmitt árið 1922 þegar 18 munir voru gefnir safninu af hendi nokkurra einstaklinga. Það árið eftirlét Þorvaldur Thoroddsen (1855–1921), kennari og náttúrufræðingur, sem þá hafði nýlega fallið frá, Þjóðminjasafninu sjö muni frá sér og konu sinni heitinni, Þóru Pétursdóttur (1848–1917).⁸⁸⁵ Hann var annar stærsti gefandinn á eftir Kötlu Magnúsdóttur sem gaf umtalsvert fleiri hluti til safnsins. Þess ber að geta að rúmlega 1300 aðföng í *Sarpi* eru tengd honum, bæði munir og ljósmyndir sem hann gaf, átti eða kemur fyrir á. Á eigum Þorvaldar og Þóru sem hér komu til skoðunar má sjá að þær eru skráðar í sérskrá: Safn Þóru og Þorvaldar Thoroddsen og á innri vef *Sarps* má sjá ríflega þúsund aðfanga tilgreinda í sömu skrá.⁸⁸⁶ Þetta er svipað og safn Jóns Sigurðssonar og mörg dæmi um svipaða skráningu sem áður tíðkaðist í vinnulagi Þjóðminjasafnsins.

Annað er nokkuð órætt hugtak en hér þýðir það að um sé að ræða muni sem falla ekki innan þeirra gripaflokka sem áður hefur verið fjallað um. Efnisveruleiki safnkostsins var verulega fjölbreyttur og sá þriðji stærsti með tilliti til fjölda aðfanga. Mikið var af persónulegum gripum, sem

⁸⁸⁵ Um hjónin hafa aðrir fjallað um enda liggur mikið eftir þau í verki: Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands*, I–IV bindi; Sigrún Pálsdóttir, *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar 1847–1917*. Sjá einnig: *Þjms*. Sarpur. Þ_ÞTh. 16, 43, 308 og 332.

⁸⁸⁶ Upplýsingar fengnar úr nafnaskrá á innri vef *Sarps*, undir „tengd aðföng“ í nafnaskrá. *Þjms*. Sarpur. Þ_ÞTh (Sérskrá – Þóra og Þorvaldur Thoroddsen_Safn (Þ_ÞTh)).

oft voru í eigu eða voru gefnar af einstaklingum sem eru kunnuglegir úr Íslandssögunni eins og Skúla Magnússyni, Jóni Sigurðssyni og Bjarna Thorarensen. Hagnýtir hlutir voru líka meðal muna hér eins og lampar, kertastjakar, mannbroddar, þrúgur, árabátar og trafakefli. Keflin eru þó ansi stór hluti af margbrotnum gripaflokki. Segja má að mikið sé til af einhverju en upp úr standa vopn, trafakefli, áhöld til tóbaksneyslu og lýsingar, teikningar eða myndir og persónulegir munir, afar stór flokkur sem að miklu leyti var safnað í upphafi 20. aldar. Skráning munanna sýnir ennfremur hve flókið er að veða og meta hvaða gripi eigi að varðveita. Eitt af stóru álitamálunum við að koma niður upplýsingum um munina er til dæmis aldur þeirra, enda eftir því sem lengra líður frá notkun gripa týnist vitneskjan um aldur eða eigendur. Sumir hlutir breytast lítið í gegnum aldirnar eins og beislistengur og því erfitt að leggja huglægt mat á aldursbil sambærilegra gripa frá ólíkum tímum.⁸⁸⁷

Laus viður/fasteign

Í dánarbúsuppskriftunum í þessum gripaflokki var talinn fram allur sá viður sem til féll á heimilinu. Virðingarmenn voru vissulega misvandlátir og gat verið að þeir tilgreindu aðeins nokkrar spýtur að því virtist af handahófi. Þeir gátu einnig verið með ítarlega lýsingu á öllum þeim lausa við sem til féll: rekaviður, staurar, hillur, borð, húsgögn og jötur. Síðan voru það þær fasteignir sem á jörðinni voru eins og kofar, baðstofuloft, fjárhús eða hesthús. Hér er aðeins sá safnkostur sem er til húsa í munasafni Þjóðminjasafnsins og þar af leiðandi eru fasteignir ekki teknar með í þessari greiningu. Það er þó nauðsynlegt að benda á að sérstök eining er innan safnsins, húsasafn, sem sér um varðveislu fasteigna víða á landinu þar sem torfbæir og annar húsakostur eru varðveittur og viðhaldið. Ennfremur er húsaviður þar innanstokks sem ekki kemur fram í þessari doktorsritgerð.⁸⁸⁸

Laus viður á safninu er nánast að öllu leyti fólgin í rúmfjöllum og öðrum munum úr við eins og húsgögn og hlutar af húsbyggingum. Alls komu 212 munir fram hér af 31 gerðum sem gerir þessa gripakví þá næstfábrotustu meðal safnkosts frá 19. öld. Í töflunni að neðan má sjá þá muni sem voru í einhverju magni:

Tafla 67. Safnkostur tímabilsins: Algengur laus viður.

Viður	Fjöldi gripa
Rúmfjöl	152
Stóll	7

⁸⁸⁷ Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir (sérfræðingur í munasafni), viðtal við höfund 29. janúar 2022.

⁸⁸⁸ Vef. „Húsasafn“. Meðal húsakosts Þjóðminjasafnsins má nefna klukknaport, kirkjur, vindmyllu, útihús, sæluhús og pakkhús svo eitthvað sé nefnt.

Fjöl	7
Skatthol	6
Borð	4
Rúmstokkur	3
Hurð	3
Rúmstæði	2
Skáphurð	2
Hægindastóll	2
Vinnuborð	2
Kommóða	2
Rúmbrík	2
Teikniborð	1
Smjörfjöl	1
Púlt	1
Ritstóll	1
Stólbrík	1
Bitafjöl	1

Aðrir gripir en þeir sem eru nefndir hér að ofan voru flestir húsgögn eða hluti af þeim eins og spilaborð, púlt, stólbrík, kjaftastóll og púkkborð. Einnig voru hlutar af byggingum eins og vindskeið, bitafjöl, dyrabrick og þiljubrot. Það má því segja að í þessum gripaflokki séu húsgögn og hlutar af innréttingu eða uppbyggingu húsa. Eins og nafnið gefur til kynna er yfirgnæfandi meirihluti efna hér viður af ýmissi gerð. Þar er fura langalgengust en slíkur efniviður er skráður hjá 129 munum og í raun eru allir gripir úr viði nema einn. Um ræðir stól úr búi Indriða Einarssonar (1851–1939), skálds og hagfræðings, úr tági og galloni. Stól Indriða er lýst á eftirfarandi hátt:

Tágarstóllinn er klæddur bláu gallonefni. Hann kemur upphaflega úr búi Indriða Einarssonar (1851–1939) skálds. Stóllinn hefur verið um 90 ár í eigu fjölskyldunnar á Miklubraut 50. Hann var ævinlega kallaður exelensinn. Indriði sat með ritsmíðar á hnjánum á þessum stól. Stóllinn er í sæmilegu ástandi en gallonsefnið var sett á hann fyrir um tuttugu árum. Áður var á honum tauefni.⁸⁸⁹

⁸⁸⁹ *Þjms*. Sarpur. 1995–34.

Hér er lýsing sem snýr meira að sögu gripsins fremur en gerð hans, sem bendir til þess að tilefni til varðveislu hafi frekar verið falið í notkun og eiganda hans en útliti eða hönnun. Þarna er stóll sem var í eigu skálds sem hafði þó nokkur áhrif á íslenska leikritagerð seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20.⁸⁹⁰ Í lýsingunni er meira að segja tekið fram að það sé vitað til þess að Indriði hafi notað hann þegar hann sat við ritsmíðar svo þar er tenging stólsins við „framlag“ hans til íslensks menningarlífs og sögu.

Mikið magn rúmfjala er áberandi og er hlutdeild þeirra í gripaflokknum langtum meiri en annarra stakra muna í öðrum flokkum eða rúm 71%. Allar eru fjalirnar útskornar eða með einhvers konar áletrunum eins og ártali, nafni eða einhvers konar blessun eða bæn. Á þann hátt er til dæmis rúmfjöl Þjms. 10649 lýst:

Rúmfjöl úr furu, ómáluð: útskorin á framhlið, eptir miðju 12 cm. br. bekkur með óreglulegum böndum, er mynda rúður: nær úti við endana eru galdrastafirnar (ekki hægt að lýsa hér, AEG). Við rendurnar er sín höfðaleturslínar hvoru megin: wertuifirogaltuim (sic:)Kringmedelfri (sic) blaessan (sic)þinnisitiguu - uds (sic :)eiglar (sic) smann (sic)ikringsænginniifir-minnigBsa.⁸⁹¹

Ennfremur er sagt að þetta kvöldvers hafi verið algengt á rúmfjöllum frá 19. öld og galdrastafirnar hafi átt að vernda eigandann fyrir illri ásókn.⁸⁹² Annað dæmi er rúmfjöl sem barst safninu árið 2010 en á henni virðist hafa verið skrautútskurður og ártal:

Rúmfjöl, öll útskorin á framhlið jurtateinungum og öðrum skrautútskurði. Útskurðurinn er að miklu leyti samhverfur beggja vegna miðjunnar. Í miðju er skorið með latínuletri: ANNO 1847 (N í ANNO bundið). Nokkuð vel er skorið þó útskurðurinn sé fremur grófgerður. Framhliðin er lökkuð. Á bakhlið eru ristir stafirnir ME. Fjölin er í mjög góðu ástandi. Nokkuð er um rispur á bakhlið, fjölin gæti því hafa verið notuð sem skerborð. Í bakhliðina voru skrúfaðar tvær lykkjur og tvær skrúfur til upphengingar, enda hékk rúmfjölin á vegg á heimili gefanda. Þetta var nú fjarlæggt.⁸⁹³

⁸⁹⁰ Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist*, I og II; Indriði Einarsson, *Séð og lifað. Endurminningar*.

⁸⁹¹ Þjms. Sarpur. 10649.


⁸⁹² Þjms. Sarpur. 10649; Þór Magnússon, „Norska gjöfin,“ 146–147.

⁸⁹³ Þjms. Sarpur. 2010–74–2.

Af þessu að dæma hefur fjölin gegnt í hið minnsta þrenns konar hlutverki áður en hún var gefin safninu úr dánarbúi Dóru Theodórs Sigurjónsdóttur (1920–2010). Í fyrsta lagi var hún notuð í rúmi fyrrum eiganda sinna jafnvel frá árinu 1847, bæði til að bæta brag rúmstæðisins og einnig hafði hún hagnýtt gildi. Á næturnar voru rúmfjalir hafðar í rúmum fyrir framan fólk og rúmföt til að gæta þess að rúmfötin rynnu ekki úr fletinu en á daginn voru þær hafðar upp við þil eða á hnjám eigenda/notenda sinna til að borða af eða vinna á.⁸⁹⁴ Í öðru lagi var rúmfjölin notuð sem skrautmunur á heimili gefanda þar sem hún hefur verið bætt með lakki og skrúfaðar í hana lykkjur og skrúfur til þess að geta haft hana hangandi á vegg. Það er ekki víst að það hafi verið gert þegar hún var í eigu Dóru eða annarra sem áttu hana.⁸⁹⁵ Þriðja hlutverkinu gegnir rúmfjölin nú sem safngripur og varða um liðna tíð á Þjóðminjasafninu í varðveislurými þess á Tjarnarvöllum.

Komuár viðarmunanna eru flest í lok 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. Stærsta afhending gripa hér í þessum flokki var árið 1930 þegar skráðar voru 15 fjalir. Þar af var ein rúmfjöl frá Nationalmuseet Kaupmannahöfn og 13 aðrar frá Norska Þjóðminjasafninu auk fjalar sem „virðist“ hafa verið af kistilgaflí.⁸⁹⁶ Ef rýnt er í fjölda muna hvað þennan safnkost tímabilsins varðar eftir tíma má sjá að söfnun eða framboð þeirra til safnsins fer hratt minnkandi eftir miðja 20. öld:

Súlurit 9. Fjöldi lausra viðar eftir söfnunartímabilum.



Mestu er safnað á 19. öld og er þar aðallega um að ræða rúmfjalir. Sjá má að norrænu söfnin sem gefið hafa Þjóðminjasafninu í gegnum tíðina íslenska gripa eða hafa sjálf yfir að ráða slíkum munum hafa einnig haft sérstakan áhuga á fjölnum. Ef litið er til þeirra sérskráa þar sem norrænu söfnin

⁸⁹⁴ Sjá meðal annars: Lilja Árnadóttir, „Útskurður,“ 297; Vef. „Rúmfjöl frá Bólu-Hjálmarí.“

⁸⁹⁵ Þjms. Sarpur. 2010–74–2.

⁸⁹⁶ Þjms. Sarpur. 10638–10651, 10835 og 10995.

eru tengd er í raun aðeins um að ræða rúmfalir og ekkert annað í þeirra söfnun hvað þennan gripaflokk varðar. Rétt er að benda á að raunverulegt komuár 13 gripa frá Nordiska museet til Þjóðminjasafnsins er ekki frá 19. öld heldur árið 2008. En komuárið til Norræna safnsins var vissulega fyrir aldamótin 1900 og er það skráð sem slíkt enda rúmfalirnar búnar að vera safngripir síðan þá. Það var svo árið 2008, þegar samningar tókust á milli Þjóðminjasafnsins og þess Norræna, að dágóður fjöldi íslenskra gripa kom aftur til Íslands.⁸⁹⁷

Uppruni lausra viðarmuna var aðeins skráður í tilfelli 35% þeirra og voru flestir frá Norður-Ísafjarðarsýslu eða 19 þeirra. Þar á eftir komu Suður-Þingeyjarsýsla og Gullbringusýsla með sitthvora níu gripina. Vestfirsku munirnir voru langflestir gjöf frá Norska Þjóðminjasafninu árið 1930 en um þá segir að allar rúmfalirnar hafi komið til norska safnsins árið 1910. Þær voru frá hvalveiðistjóranum, Peter Herlofson sem átti heima nokkur ár í Álftafirði og safnaði þessum gripum (sem og öðrum) þá en síðan ánafnaði hann norska safninu munina.⁸⁹⁸

Þessi gjöf frá Norska Þjóðminjasafninu varð einnig til þess að það safn var stærsti gefandi á þessum safnkosti tímabilsins. Alls voru 56 einstaklingar eða söfn tilgreind sem gefendur í tilfelli 88 gripa svo ljóst er að þær upplýsingar lágu aðeins fyrir hjá rúmlega 41% munanna. Það hlutfall er ögn minna en í öðrum gripaflokkum en oftast var það í kringum helming muna í hverri kví. Á eftir koma kunnugleg nöfn eins og Andrés J. Johnson, sem gaf sex muni líkt og enski fiskkaupmaðurinn, Pike Ward (1856–1937). Um Ward segir að hann hafi dvalið á Íslandi í tíu ár frá árinu 1896 í tengslum við viðskipti tengd fisksölu, meðal annars á Vestfjörðum og í Hafnarfirði. Á þeim tíma safnaði hann talsverðu af íslenskum gripum sem hann flutti út til Englands og varðveitti í einkasafni á heimili sínu í Teignmouth. Við andlát hans var safnið afhent The Royal Albert Memorial Museum í Exeter árið 1935 samkvæmt erfðaskrá hans. Enska safnið gerði ekkert með gripina og svo fór að sr. Jón Auðuns dómkirkjuprestur, sem var staddur í Englandi árið 1948, gerði skrá yfir safn Ward að ósk Kristjáns Eldjárns. Tveimur árum síðar með milligöngu forstöðumanns safnsins í Exeter voru gripirnir gefnir Þjóðminjasafninu.⁸⁹⁹

Í tengslum við sýningu Þjóðminjasafnsins á munum og ljósmyndum Pike Ward árið 2019 hélt Freyja Hlíðkvist fyrirlestur um gripasöfnun hans. Að hennar mati var tilgangur söfnunar hans að minna hann á Ísland og Íslendinga en einnig til að fegra heimili sitt þar sem hann hagræddi gripunum

⁸⁹⁷ Sjá meðal annars: Margrét Hallgrímsdóttir, „Yfir hafið og heim,“ 251–254; Lilja Árnadóttir og fleiri, *Yfir hafið og heim*.

⁸⁹⁸ *Þjms*. Sarpur. 1930–45. Sjá einnig Þór Magnússon, „Norska gjöfin,“ 246–247.

⁸⁹⁹ Fengið úr nafnaskrá *Sarps*. Sjá einnig: „Þjóðminjasafnið fær að gjöf frá Englandi stórt safn íslenskra gripa,“ 8; Findlay, ritstj., *The Icelandic Adventures of Pike Ward*.

til að láta þá fara betur meðal innanstokksmuna. Þeir voru sem dæmi sumir bæsaðir, teknir í sundur til þess að leyfa báðum hliðum að njóta sín eða bætt við þá til dæmis skrúfum og lykkjum til að hengja þá upp. Meginástæða söfnunar hans var því ekki að vera ákveðið stöðutákn fyrir Ward sem hluta af yfirstétt né það að safna framandi (e. *exotic*) gripum, sem var vinsælt á þessum tíma.⁹⁰⁰

Hvað varðar lausan við voru það aðeins rúmfjalir sem komu frá Pike Ward. Rétt er að taka fram að líkt og í tilfelli Andrésar í Ásbúðarsafni komu þeir báðir við sögu sem gefendur í öðrum safnkosti frá 19. öld. „Rúmbríkur tvær úr furu, strikheflaðar og útskornar með ýmiskonar skrautverki“ eru sem dæmi úr safni Ward.⁹⁰¹ Frá Andrésí voru einnig aðeins rúmfjalir auk skáphurðar sem er lýst nokkuð nákvæmlega af Freyju Hlíðkvist í aðfangabók:

Hurð, skápshurð, "Anno 1764". Hurðin er máluð í rauðum og bláum lit og sjá má að yfir rauða litinn hefur í það minnsta einu sinni verið málað aftur. Fyrir miðri skáphurðinni er útskorinn hringur og innan hans skorið fangamark, speglað og samofið: GHS. Ofan og neðan við hringinn er skorið Anno 1764. Efst á hurðarspjaldinu má sjá, undir ysta lagi málningarinnar, stafina H og IS, málaða í hornin með hvítum. Fyrir neðan þessa upphafsstafi eru einhverjir aðrir málaðir stafir sem erfitt er að greina. Ég tel nokkuð öruggt að hurðin sé skorin og máluð af Hallgrími Jónssyni, útskurðarmeistara (f. 1717, d. 1785). Skurðurinn er listilega vel gerður og litur málningarinnar samræmist mjög litum á öðrum þekktum máluðum gripum eftir Hallgrím. Máluðu upphafsstafirnir, HIS, styrkja ennfremur þá kenningu.⁹⁰²

Af þessari lýsingu má sjá hvernig starfsmenn rökstyðja kenningar sínar (eða annarra) um uppruna gripa eða eðli þeirra. Hvað skáphurðina varðar sést að hún hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga með því að vera máluð aftur. Upphafsstafir sem eru málaðar á hana gefa til kynna notanda eða smið til dæmis og ártalið setur gripinn í samhengi tíma. Í samanburði við aðra muni sem í þessu tilfelli voru eftir Hallgrím Jónsson útskurðarmeistara eru einnig líkindi sem styrkir rökin fyrir kenningu Freyju. Þetta dæmi endurspeglar því vel sérsvið viðkomandi skráningaraðila ásamt því að

⁹⁰⁰ Freyja Hlíðkvist Sesselju- og Ómarsdóttir, „Hvað gekk manningum til? Gripasöfnun Pike Ward á Íslandi“; Findlay, ritstj., *The Icelandic Adventures of Pike Ward*.

⁹⁰¹ *Þjms*. Sarpur. 14504.

⁹⁰² *Þjms*. Sarpur. Á–8560.

varpa ljósi á hvers konar rannsóknir eða athuganir sem hafa verið gerðar á öðrum sambærilegum hlutum og komið að gagni við skráningu skáphurðarinnar.⁹⁰³

Alls hafa 17 starfsmenn fært inn upplýsingar um lausan við og þar var Matthías Þórðarson sá aðili sem færði mest inn, eða rúman helminginn – 118 muni af 212. Vitanlega voru rúmfjalir stór hluti af söfnun Matthíasar. Aðrir gripir sem hann skráði voru til dæmis hurð, teikniborð, ritstóll, kommóða og skatthol. Næst á eftir Matthíasi voru Þorkell Grímsson með 14 muni og Kristján Eldjárn með 12 talsins, starfsmenn sem ljóst er að hafa haft mikinn áhuga á útskurðarlist og alþýðlegu handverki, en einnig starfað samhliða fólki sem rannsakaði slíka gripi og voru sérfræðingar í þeim efnum. Þannig hefur til dæmis Ellen Marie Magerøy haft áhrif á gæði skráninga Þorkels og Kristjáns – fyrir utan að þeir voru sjálfir vel að sér í þessum efnum.⁹⁰⁴

Laus viður á Þjóðminjasafni er að mestu falinn í rúmfjöllum, án þess að hallað sé mikið á aðra muni, útskornum, uppgerðum, máluðum og viðbættum fjöllum sem verður ekki annað séð en að standi fyrir útskurðarlist. Ennfremur sýna gripirnir þann áhuga sem meðal annars erlendir menn (og seinna söfn) höfðu. Ward og Herlofson eru þar dæmigerðir fulltrúar erlendra áhugamanna.⁹⁰⁵ Mikið af þeim lausa viði sem hér var fjallað um var safnað af Þjóðminjasafninu (og öðrum erlendum söfnum) í lok 19. aldar og sýnist sem svo að framboð á þessum munum hafi fremur dregist saman í seinni tíð. Húsgögn og brot af innréttingum og húsum er í miklum minnihluta í safnkosti tímabilsins þar sem nokkrir stólar, skatthol, hurðir og borð koma fyrir.

Hér sést líka hvernig munir gátu verið tengdir einstaklingum og jafnvel fremur verið lýst í samræmi við eiganda/notanda sinn frekar en útlit. Saga munanna er einnig mikilvæg, gefur þeim samhengi og meira vægi í skráningu ef hún er til staðar. Sjá mátti í lýsingu stóls Indriða Einarssonar að hann var beintengdur ritsmíðum hans og rúmfjalirnar frá Dóru Theodórs leiddi í ljós hvernig hlutverk gripa breytist í tímanna rás, frá því að vera skapað úr ómótuðum viði, yfir í fullmótaða rúmfjöl eftir málum rúmstæðis og þannig verið notuð sem slík í ákveðinn tíma, bæði til að matast og lífga upp á baðstofuna. Sumar hafa svo gengið mann fram af manni, annað hvort í gegnum kaup og sölu eða sem erfðagripur eða gjöf. Rúmfjalirnar urðu úreltar þegar aðrir gripir leystu þær af hólmi eða umgengni og híbýli manna breyttust; þá urðu þær að stofustássi ef þær voru fagurlega skreyttar

⁹⁰³ Hér mætti benda á að mikið magn af munum hafa komið á borð safnamanna í gegnum tíðina sem hafa einkenni íslenskrar útskurðarlistar (og erlendri), leturgerð og öðrum handverksaðferðum. Nærtækast er að benda á rannsóknir og umfjallanir Ellen Marie Magerøy, Þórs Magnússonar, Kristjáns Eldjárns og Lilju Árnadóttur.

⁹⁰⁴ Kristján Eldjárn hefur til dæmis skrifað um útskurðarlist Bólu-Hjálmars: Kristján Eldjárn, *Hagleiksverk Hjálmars í Bólu*.

⁹⁰⁵ Þór Magnússon, „Norska gjöfin,“ 146.

eða gerðar. Þær sem fengu nýtt líf sem skrautmunir hafa svo jafnvel verið bæsaðar eða málaðar til að fríska upp á útlit þeirra eða halda frá skordýrum. Jafnvel var bætt við festingum og öðru til að geta stillt þeim upp. Notkun hluta er því margs konar og mikilvægt að skrásetja sögu þeirra til að vita meira um viðkomandi gripi og hvað sá ferill getur sagt til um samfélagið þá og nú.

Efnismenning munasafnsins

Í umfjöllun Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar og Eddu Björnsdóttur um hugmyndafræði Sigurðar Guðmundssonar við stofnun Forngripasafnsins segir meðal annars að áhugi hans á efnislegum minjum hafi verið nýlunda í framsetningu á sögu Íslendinga. Með uppstillingu þeirra á sýningu safnsins á Dómkirkjuloftinu hafi hann gert menningarsögu landsins „sýnilega“ og sett gripina fram sem sannverðugar heimildir um fortíðina. Sigurjón og Edda komast að þeirri niðurstöðu að söfnun Sigurðar hafi ekki aðeins verið þjóðernisleg heldur einnig fræðileg. Starf hans var ekki aðeins liður í þjóðlegum tilgangi Forngripasafnsins heldur einnig fræðilegum með því að nýta nýjar heimildir á gagnrýninn hátt.⁹⁰⁶

Sýn Sigurðar hafði áhrif á eftirmenn hans og með ónotuðum heimildum sem sýndu á nýjan hátt sögu landsins var einnig hægt að móta söguna á annan hátt en áður, að gera Ísland þjóð meðal þjóða með því að nota efnisheim sem stóðst vel samanburð við aðra. Þetta vald stofnunarinnar notfærðu starfsmenn safnsins sér í upphafi starfseminnar og vel fram á 20. öld. Þeim safnkosti, sem hér var skoðaður, var að miklu leyti safnað á þessu tímabili og endurspeglar söguna á fremur listrænan hátt þar sem lítið rými er fyrir hversdagslega muni. Alþýðlegt handverk, listmunir, gripir úr fórum nafntogaðra og oft efnaðra einstaklinga ásamt hugmyndum um þjóðerni Íslendinga í fyrri tíð eru vitnisburður um fegraða mynd af fortíðinni.⁹⁰⁷

Þetta hefur leitt til þess að ákveðnar gerðir muna eins og rúmfjalir, millur, kistlar, prentmót og trafakefli bera mikið vægi meðal gripa frá 19. öld. Allt frekar til marks um annað hvort handverk eða list Íslendinga frekar en daglegt líf. Inni á Þjóðminjasafninu er því ekki að finna gripi eins og rekaviðardrumba eða staura nema að maðurinn hafi mótað þá að einhverju leyti – sett sitt mark á með notkun eða smíði sinni. Hlutir eru því ekki varðveittir hlutarins vegna heldur mannsins vegna. Gripir sem innihalda upplýsingar um hvernig þeir voru notaðir og gerðir, um list og handverksaðferðir fyrri tíma, hefðir og sögu viðkomandi muna í tengslum við eigendur og tilgang

⁹⁰⁶ Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins,“ 435–458.

⁹⁰⁷ Hér er sérstaklega átt við hugmyndir manna um hvernig nota mátti þjóðbúninga til að skapa sérstöðu, eigur manna sem stóðu í sjálfstæðisbaráttunni eins og Jóns Sigurðssonar ásamt áherslunni á það sem þótti vera „rammíslenskt“ eins og handverk íslenskra silfur- og/eða trésmíða. Sjá um þjóðernislega orðræðu almennt og hvað varðar safnið: Guðmundur Hálfðanarson, „Hver er ég?,“ 29–64; Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*; Karl Aspelund, „Breytileg merking menningararfs,“ 73–116; Karl Aspelund, „„Þekki ég nú börn mín aftur...“ 340–349; Páll Björnsson, *Jón forseti allur?*; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*; Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*.

eða mikilvægi þeirra fyrir þá og menninguna eru þeir sem hafa ratað inn í geymslur Þjóðminjasafns Íslands.

Þeir gripaflokkar sem voru notaðir til að aðgreina safnkost tímabilsins (1740–1900) komu frá verklagi virðingarmanna sem skrifuðu upp dánarbú á 19.öld. Þegar rýnt var í hvað var þar innanborðs var af ýmsu að taka. *Fatnaður* innihélt mikinn fjölda fylgihluta klæða og mikið af þeim úr málmi eins og silfri eða kopar. Kvenfatnaður var jafnframt áberandi og hlutur karlmanna var afar takmarkaður. *Búsgögn* sem var næst stærsti flokkurinn í safnkosti tímabilsins var mikið til gerður úr málmi og viði sem rekja má til allra þeirra skeiða, potta, aska og spóna sem skráð voru. Innan kvíarinnar mátti sjá að borðbúnaður var í meirihluta á kostnað þeirra áhalda sem notuð voru við framleiðslu og eldamennsku. Fjölbreytnin var mest í floknum *annað* þar sem fyrir komu 185 gerðir muna sem komu víða að úr efnisheimi 19. aldar. Þar ber hlut persónulegra muna, vopna og listaverka hæst ásamt tengingu gripanna við fyrirmenni eða listamenn. Þá tengingu var einnig víða að finna í öllum gripaflokkunum. *Laus viður* var afar einsleitur flokkur í safnkosti tímabilsins þar sem fáar gerðir muna komu fram og afar hátt hlutfall rúmfjala í samanburði við aðra gripi. Þar mátti sjá áherslu á útskurðarlist og leturgerð sem ennfremur kom fram í *búsgögn* og *hirslur*. *Bækur*, *reiðtygi* og *rúmfatnaður* voru minnstu gripaflokkarnir. Þar voru áberandi munir sem voru fagurlega skreyttir eða báru vitni um handverk fyrri tíma eins og glitvefnað. Ennfremur mátti sjá að ending hluta og varðveisluhlutverk Þjóðminjasafnsins voru þess valdandi að hlutur sérstaklega bóka og rúmfatnaðar var minni en ella.⁹⁰⁸

Efnismenning safnkosts tímabilsins var skoðuð í gegnum skráningu hans. Þar mátti sjá margbrotin sambönd gripa og manna á mismunandi stigum: einstaklinga sem smíðuðu hlutina, eigendur, notendur og gefendur þeirra, skráningu starfsmanna safnsins, rannsóknir eða umfjallanir fræðimanna um þá. Allt þetta gaf gripunum aukið vægi innan safnsins og jók áhuga utan þess á þeim í gegnum heimsóknir eða gjafir almennings og fjölmiðlaumfjöllun. Hér mætti nefna til dæmis hvernig stórar afhendingar gripa til Þjóðminjasafnsins breyttu samsetningu safnkostsins sem hér var undir í rannsókninni. Ennfremur mátti sjá að áhugi og sérsvið einstaklinga eins og starfsmanna og safnara ýttu undir að vissum gerðum gripa var safnað. Þekking og sérhæfing kom fram í gegnum ítarlegar lýsingar á útliti gripanna, kenningum um tilurð eða gerð, aldursgreiningu eða sögu viðkomandi muna.

⁹⁰⁸ Í umfjöllun *fatnaðar* og *rúmfatnaðar* var rætt um viðkvæmni textílefna til varðveislu. Umræða um *bækur* sýndi að söfnun bóka og handrita var/er ekki hluti af söfnunarstefnu Þjóðminjasafnsins. Þrátt fyrir það er samt sem áður að finna þess konar gripi á safninu.

Söfnun Matthíasar Þórðarsonar er besta dæmið um slík áhrif enda sá sem skráði yfir helming aðfanga frá 19. öld. Í hans tíð kom mikið magn af gripum sem hann sjálfur hafði áhuga á og lagði áherslu á að safna. Hann starfaði einn og hafði þar af leiðandi mun meira vald en til að mynda það starfsfólk sem kemur að skráningu safnkostsins í dag. Söfnunaráherslur og stjórnskipulag safnsins hafa sannarlega breyst síðan þá. Mætti í því tilliti benda á fjölgun og sérhæfingu mannauðs Þjóðminjasafnsins en einnig meiri fjölbreytni muna sem koma til safnsins eftir miðja 20. öld.⁹⁰⁹ Sá mikli fjöldi gripa sem Matthías safnaði mótaði mjög sögulega umfjöllun Þjóðminjasafnsins og enn eimir eftir af áhrifum hans eins og sést í safnkosti tímabilsins.⁹¹⁰

Í skráningu á þeim tæplega 3000 munum sem hér komu fram má sjá hvernig gripir gegna mismunandi hlutverkum í gegnum tímans rás. Frá því að vera þarfaping fór fólk að nota þá til að prýða heimili sín óbreytta eða lagfærða eftir þörfum. Sumir enduðu í geymslu en það sem allir þeir munir sem hér komu við sögu eiga sameiginlegt er að þeir enduðu allir í varðveislu hjá Þjóðminjasafni Íslands. Þar innanborðs fengu þeir enn eitt hlutverkið – sem menningararfur Íslendinga og áhrifamikill vitnisburður um liðna tíð.

⁹⁰⁹ Alls eru 706 gripir skráðir eftir 1950 en fyrir þann tíma komu 2155 munir inn til varðveislu.

⁹¹⁰ Það má benda á að hlutfallslega stór hluti gripa sem eru á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins – Þjóð verður til – er frá tíð Matthíasar. Sjá til dæmis: *Óútg.* Anna Lía Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“. Einnig má nota leitarvél á innri vef *Sarps* þar sem kemur fram að meirihluta þeirra muna sem eru staðsettir á grunnsýningu var safnað af Matthíasi Þórðarsyni.

IV. Eigur fólks og safngripir

Þær eigur sem birtust í dánarbúsuppskriftum vinnuhjúa, bænda og ekkna eru til marks um þann efnisheim sem einstaklingarnir lifðu og hrærðust í öldum saman. Reynsla þeirra sem mörkuð var af efnisheiminum gaf til kynna hversdagslíf og stöðu þeirra í samfélaginu. Á þann hátt gaf til dæmis lítið af búsgögnum til kynna að viðkomandi stóð ekki fyrir búi (hjú), reytur úr öllum gripaflokkum sem og hærra verðmæti dánarbúa benti til þess að um bónda væri að ræða en misjafn efnisheimur ekkna sýndi svo á hinn bóginn mismunandi stöðu þeirra. Efnismenningin endurspeglar hversdagslíf alþýðufólks sem lifði á 19. öld. Sú sem varðveitt er í dag á 21. öld veitir aðra mynd og gefur fyrst og fremst til kynna sýn samtímans á hverjum tíma fyrir sig á fortíðina. Safnkostur Þjóðminjasafns Íslands felur í sér efnismenningu sem sprottin er af öðrum hagsmunum en þeim sem hafa verið hjúum, bændum og ekkjum ofarlega í huga, eða virðingarmönnum dánarbúa þeirra. Safnkostur tímabilsins er helst til marks um handverk eða list af ýmsum toga sem og einstaklinga úr hærri lögum samfélagsins. Því má segja að efnismenningin beri frekar vitni um afmarkaðan hóp samfélagsins sem átti lítið skylt við daglegt líf alþýðunnar. Ennfremur sýnir hún hvernig þekking verður til innan safnsins þar sem skráning er lykilatriði við að miðla þeim upplýsingum sem taldar eru skipta máli.

Gott er að gera sér grein fyrir því áður en þessi tvö heimildasöfn eru borin saman að tilgangur, markmið og hagsmunir þeirra eru ólík.⁹¹¹ Þær eigur sem fólk viðaði að sér kom því að gagni í daglegu lífi, allt eftir efnahagsstöðu, áhuga, hæfni og smekk viðkomandi. Safngripirnir á Þjóðminjasafninu eru þangað komnir til að skapa sögu og ímynd þjóðar sem í byrjun 20. aldar var mjög í mótun þegar meirihluta safnkosts tímabilsins var safnað.⁹¹² Áhugi almennings, fræðimanna, opinberra aðila og stofnana og starfsfólk safnsins mótuðu mjög hvað „ætti heima á safni“ og eru nöfn safnsins fyrsta vísbending – „forngripir“ og „þjóðminjar“.⁹¹³

⁹¹¹ Sjá umfjöllun um eðli og gerð heimilda, hvernig þær verða til og við hvaða aðstæður það gerist: Lucas, *Writing the Past*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Archive, Slow Ideology and Egodocuments as Microhistorical Autobiography*.

⁹¹² Sjá meðal annars: Aronsson og Elgenius, *National Museums and Nation-building in Europe 1750–2010*; Óútg. Anna Lísá Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“, Guðmundur Hálfðanarsson, „Hver er ég?“, 29-64; Katla Kjartansdóttir, „Þjóðminjasöfn og mótun þjóðernismyndar“, 168–174; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins“, 435-458.


⁹¹³ Við stofnun safnsins árið 1863 gekk það undir heitinu Forngripasafn Íslands og í byrjun 20. aldar var því breytt í Þjóðminjasafn Íslands.

Saga eða samhengi gripanna er nauðsynleg fyrir varðveislu og því var/er eftirsóknarverðara að safna munum sem vitnuðu um gerð, notkun, eigendur og smíði þeirra. Þetta leiddi til þess að fólk kom frekar með gripi sem voru gæddir sérstökum eiginleikum frekar en hagnýtum kostum, eins og tilgangur meirihluta eignanna í dánarbúsuppskriftunum hefur frekar verið. Augljósi munurinn er því að safn hluta í dánarbúsuppskriftum er vegna þess að þar er um að ræða einstaklinga að viðá að sér munum fyrir sig (heimili sitt og rekstur) en Þjóðminjasafn Íslands er opinber stofnun sem lýtur ákveðnum skyldum og áhrifum úr mörgum áttum.

Söfnin – dánarbúsuppskriftir og safnkostur tímabilsins

Þegar magn gripa í báðum heimildunum, dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins, er skoðað er athyglisvert að rannsaka hvert hlutfall gripaflokkanna er á milli þessara tveggja safna (e. *archives*). Í súluritinu hér að neðan má sjá að skiptingin er svipuð á milli þeirra. Tveir stærstu flokkarnir eru þeir sömu hjá báðum heimildasöfnum – *fatnaður* og *búsgögn*. En síðan skilja leiðir hvað varðar aðra skiptingu kvía eins og *verkfæri*, *annað* og *hirslur*. Það verður að taka fram að magn munanna í sömu gripaflokkum á milli heimildasafnanna er ekki samasemmerki á milli þess að sama efnisheim sé að finna innan hvers flokks.

Súlurit 10. Hlutfall gripaflokka á milli heimildasafnanna.



Þrátt fyrir að skiptingin sé ekki til marks um hvers konar hlutir eru innan gripaflokkanna er hægt að sjá mismunandi áherslur hvers heimildasafns. *Búfénaður* og *verkfæri* eru á eftir *fatnaði* og

búsgögnum í dánarbúsuppskriftunum sem gefur til kynna mikilvægi reksturs og lifibrauðs einstaklinganna. Athygli vekur að *verkfærin* eru ekki með meiri hlutdeild í safnkosti tímabilsins þrátt fyrir efnislega eiginleika þeirra til varðveislu og mikilvægi þeirra fyrir dagleg störf. *Opinbert, annað* og *hirslur* eru stærri partur af safnkostinum, en raunin var í dánarbúsuppskriftunum sem sýnir ólík eðli heimildanna. Kirkjugripir eða lækningatól voru ekki í einstaklingseigu á 19. öld og því ekki þar að finna, sem sýnir mikilvægi Þjóðminjasafnsins við að varðveita þá gerð muna og upplýsingar um þá. Minna var af „öðrum“ gripum í dánarbúunum, sem mætti útskýra út frá samfélagsgerðinni eða tíðarandanum sem ríkti á 19. öld. Þar var að finna hluti sem ekki var hægt að flokka í mótaðar kvíar í uppskriftunum. Ef til vill einhvers konar afgangsstærð í augum virðingarmanna.

Hirslur voru algeng eign einstaklinganna í dánarbúsuppskriftunum en athygli vekur að þær eru ekki í mjög miklu magni hlutfallslega miðað við hina gripaflokkana. Enda gegndu þær mikilvægu hlutverki til flutninga og geymslu á öðrum eigum. Á Þjóðminjasafninu eru hirslur 13% af safnkostinum en aðeins 4% í dánarbúsuppskriftunum. Aftur er komið að þeirri staðreynd að magn hlutanna segir ekki alla söguna. Á Þjóðminjasafninu hefur hirslum verið gert hærra undir höfði hvað varðar magn, en útlit og hlutverk þeirra er líkast til frábrugðið frá þeim hversdagslegu húsgögnum sem fólk notaði á 19. öld.

Skipting gripaflokkanna í dánarbúsuppskriftunum og í skráðum munum í *Sarpi* segja þó ekki alla söguna en eins og sjá má í þeim köflum sem á undan voru birtir þá eru heimildasöfnin talsvert frábrugðin hvort öðru. Þetta sést einna best á hvaða gripir voru algengastir í báðum heimildum:

Tafla 68. Algengir hlutir úr dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.

Eigur úr dánarbúsuppskriftum	Fjöldi gripa	Gripir í safnkosti tímabilsins	Fjöldi gripa
Ær/kind	993	Rúmfjöl	152
Trog	422	Milla	137
Klútur	349	Kistill	109
Sokkar	286	Prentmót	81
Reipi	265	Stokkur	72
Reipi á hesta	255	Prjónastokkur	67
Kista	246	Spónn	66
Skyrta	219	Hökull	59
Fata	201	Matskeið	46
Askur	200	Bók	40
Sauður	191	Altaristafla	40

Eins og sjá má er ekki um sömu hluti að ræða í samanburðinum nema þó einna helst ef hægt væri að leggja kistu og kistla að jöfnu – sem ekki verður gert. Meðal algengustu eigna fólks voru klútar, sokkar og skyrtur sem eigendur og notendur hafa klæðst jafnvel á hverjum degi. Í safnkosti tímabilsins eru hins vegar algengust milla og hökull sem óhætt er að segja að gefi takmarkaða mynd af klæðaburði alþýðufólks. Hér að neðan má sjá hve ólíka mynd heimildasöfnin gefa af fatnaði frá 19. öld:

Tafla 69. Algengur fatnaður í dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.

Dánarbúsuppskriftir	Fjöldi	Safnkostur tímabilsins	Fjöldi
Klútur	349	Milla	137
Sokkar	286	Skúfhólkur	31
Skyrta	219	Kvenbelti	22
Pils	156	Kvenkragi	17
Treyja	145	Skauttreyja	15

Ástæðurnar fyrir þessu hafa verið raktar í umfjöllun um bæði eigur fólksins og safnkost tímabilsins. Einstaklingarnir í dánarbúsuppskriftum viðúðu að sér hlutum í öðrum tilgangi en söfnun þjóðminjasafnsins gegnir. Fatnaður gegndi mikilvægu hlutverki í að klæða notendur sína og til dæmis verja þá fyrir kulda, bleytu, óhreinindum, skýla nekt sinni eða skapa sér sess innan samfélagsins. Klæðnaður í safnkosti tímabilsins er tilkominn meðal annars vegna betri endingar á málmhlutum eins og millum eða skúfhólkum, framboði og áhuga almennings og starfsmanna safnsins á betri fatnaði tengdum þjóðbúningum kvenna.⁹¹⁴

Reiðtygi var sá flokkur sem var svipaður hvað varðaði samanburð á hlutföllum gripakvíanna – í dánarbúsuppskriftunum var hann 8% en í safnkosti tímabilsins 6%. Hér má þó sjá ólíka mynd milli þeirra tveggja. Í dánarbúum voru afar hagnýtir hlutir sem hafa komið að notum bæði til útreiða sem og klyfja eða ferðalaga. Hvað varðar algengustu reiðtygin í safnkosti tímabilsins má frekar álykta sem svo að þar hafi handverki eða skreyttum kvenreiðverum frekar verið safnað:

Tafla 70. Algeng reiðtygi í dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.

Dánarbúsuppskriftir	Fjöldi	Safnkostur tímabilsins	Fjöldi
Reipi á hesta	255	Söðuláklæði	30

⁹¹⁴ Sjá betur um hlutverk fatnaðar í umfjöllun um þann gripaflokk í bæði dánarbúsuppskriftum og safnkosti tímabilsins.

Klyfberi	173
Beisli	116
Þófi	48
Járn undir hesta	48

Beislistöng	24
Áklæði	16
Kvensöðull	9
Gjarðarhringja	8

Fjöldi og hlutfall muna og gripaflokka segja þó ekki alla söguna og mætti hér gera frekari samanburð í gegnum tölfræði. Það er þó ekki tilgangur rannsóknarinnar heldur frekar að fjalla um eiginleika þessara heimilda til að hægt sé að varpa upp fjölbreyttri mynd af fortíðinni í gegnum efnismenningu bæði í fortíð og nútíð. Þegar þessi heimildasöfn eru borin saman má sjá nokkur einkenni sem eru þeim sameiginleg. Sérstaklega er um að ræða fjögur atriði: *Stigveldi gripa, íslenska list og handverk, hversdagslega muni og einstaklingana í gripunum.*

Stigveldi gripa varðar þann greinarmun sem gerður er á hlutum þar sem verðmæti þeirra er metið út frá efnum, gerð og uppruna. Í safnkosti tímabilsins varð vart við áherslu á íslenska og listræna gripi bæði í magni og ítarlegum lýsingum þeirra. Í dánarbúsuppskriftunum mátti frekar greina hagnýtt og efnahagslegt gildi eignanna. Ástæðan fyrir þessu er að ákveðnar gerðir hluta verða ofar í „goggunarröðuninni“. Þeir virðast hafa vakið meiri áhuga/virðingu þeirra sem þá handleika. Fyrir virðingarmennina var það verðgildi eignanna sem skipti máli til að ná upp í skuldir hinna látnu eða deila eignum á erfingja. Fyrir safnamenn höfðu gripir ef til vill fyrst og fremst fagurfræðilegt gildi í þjóðernislegum tilgangi í byrjun 20. aldar. Almennigur leit á gripi sem hann viðaði að sér út frá notagildi þeirra og í einstaka tilfellum höfðu þeir persónulegt gildi. Þessi sjónarhorn endurspeglast í söfnunum tveimur svo um munar.

Í dag verður ennþá vart við stigveldi gripa í söfnun á munum frá samtímanum. Þannig er íslenskum hönnunarfötum safnað en ekki fjöldaframleiddum klæðnaði úr H&M eða Lindex sem þorri þjóðarinnar klæðist nú til dags.⁹¹⁵ Kaffibollar úr IKEA eða Rúmfatalagernum eru ólíklegir safngripir í augum sérfræðinga á söfnum (og almennings) á meðan sumir myndu líta á leirbolla eftir íslenskan listamann sem verðugri fulltrúa íslenskrar hönnunar. Það er því enn þannig að fólk flokkar hluti í ákveðna röð eftir gildi þeirra fyrir viðkomandi og samfélagið. Söfn eru þar ekki undanskilin og í raun er þess krafist af þeim á einn eða annan hátt að þau geri upp á milli gripa. Þannig er þeim skylt að vera með lista af munum sem yrðu í forgangi björgunar ef vá bæri að garði eins og eldur eða

⁹¹⁵ Ekki er mikið skráð af fatnaði frá 21. öld en þar eru til dæmis einkennisbúningar og klæðnaður eftir íslenska fatahönnuði. Sjá til dæmis: *Þjms.* Sarpur. 2013–84; *Þjms.* Sarpur. 2011–76–2.

vatnstjón.⁹¹⁶ Stigveldi gripa hefur leitt til þess að ákveðin gerð muna hefur varðveist betur en aðrar. Í dánarbúsuppskriftunum kom fram hvernig hlutir höfðu mismunandi efnahagslegt gildi en einnig hvaða efni það voru sem vöktu áhuga virðingarmanna. Í báðum heimildunum mátti sjá að kvenfatnaður var mikils metinn en uppruni hans skipti þó máli. Erlendar flíkur líkt og þær sem ekkjan Catrine Svane átti höfðu mikið verðgildi í augum virðingarmanna en minna innan Þjóðminjasafnsins.⁹¹⁷ Á sambærilegan hátt var „dönsk“ kista verðmætari í virðingu embættismanna en fyrir Þjóðminjasafnið þætti meiri fengur í íslenskri hirslu.

Íslensk list og handverk er annað einkenni heimildasafnanna sem birtist á afar ólíkan hátt. Safnkostur tímabilsins er mjög markaður af söfnun Matthíasar Þórðarsonar enda er um helmingi hans safnað á fyrri hluta 20. aldar. Áherslur hans voru meðal annars á kvenlegt handverk og vandaða muni sem óhætt er að segja að hafi ekki verið á allra færi.⁹¹⁸ Efnisheimur alþýðunnar í dánarbúsuppskriftunum gaf í hið minnsta slíkt ekki til kynna. Handverk kemur sannarlega fram í fórum einstaklinganna en ekki á eins veglegan máta og sjá má í skráningu safnkosts tímabilsins. Rúmfatnaður, búsgögn, fatnaður og aðrir hlutir sem voru manngerðir vitna um handverk fyrri tíma en á annan hátt. Yfirleitt voru lýsingar virðingarmanna einfaldar á eigum fólksins sem veldur því að erfitt er að lesa í hvers konar handverk var á ferðinni. Afar lítið var af útskornum munum eða aðeins í fimm dánarbúsuppskriftum. Á sama hátt var vefnaði gerð lítil skil en stundum gátu lýsingar á fatnaði gefið til kynna gerð þeirra. Þrjónaðar flíkur, útsaumur eða munstur, úr ull eða lérefiti og þar fram eftir götunum.

Hlutur listmuna í dánarbúsuppskriftunum er afar takmarkaður ef einhver og sýnir þær eyður sem geta orðið til í heimildum. Í safnkosti tímabilsins var talsvert af gripum sem telja mætti sem slík verðmæti: útskorna muni til marks um alþýðulist, silfurmuni sem vörður um silfuriðn hér á landi og listfengi eigenda sinna. Teikningar, ofnar ábreiður, handrit, málverk, munsturblöð og nótnablöð, svo eitthvað sé nefnt, sýnir blómlega list meðal Íslendinga á þessum tíma. Þetta ójafnvægi á milli listmuna í heimildasöfnunum verður til þess að velta þarf fyrir sér á hvorri þeirra sé mark takandi? Ekki verður hægt að svara því en hægt er að benda á að þarna geta þær vegið hvor aðra upp.

⁹¹⁶ Í Farskóla íslenskra safna og safnamanna árið 2021 var yfirskriftin *Áföll og ábyrgð. Raddir framtíðarsýnar* þar sem umræður snerust um hvernig söfn geta brugðist við vá og fyrirbyggt skemmdir: Fyrirlestur stjórnarmanns Bláa skjaldarins í Hollandi fjallaði um slíkt: Angela Dellebeke, „How to identify risks within/around your institution.“

⁹¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. ED2/2,11. Fylgiskjöl, dánarbú 1811; ÞÍ. Sýsl. Reykjavík. EC1/2,1: 181v. Fylgiskjöl, uppsboðsbók 1811.

⁹¹⁸ Sjá meðal annars: *Lbs.-Hsb.* Þorgerður Þórhallsdóttir, „vegna tilfinninga vorra og heiðurs þjóðarinnar“, 31–32 og 58–59; *Óútg.* Anna Lís Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“

Eyðurnar í uppskriftunum eru áþreifanlegar á þessu sviði en þarna hefur safnkosturinn sýnt fram á annað. Það verður þó að teljast líklegt að heimili alþýðunnar hafi ekki verið full af listmunum en þau hafa ekki verið gjör sneydd af þeim heldur. Munsturblöð eða teikningar hafa jafnvel þótt óþarfa „rusl“ sem hafði lágt/ekkert virði í augum virðingarmanna en persónulegt gildi fyrir aðstandendur.

Hversdagslegir munir eru þeir sem fólk hætti að taka eftir í daglegu lífi en ef þá skorti kom það sannarlega niður á daglegum athöfnum og þörfum viðkomandi.⁹¹⁹ Ef hugsað er til efnismenningar 19. aldar væri hægt að benda á mikilvægi búsgagna eða fatnaðar. Rétt er þó að halda því til haga að það sem þótti hluti af daglegu lífi hjá einum var það ekki endilega hjá öðrum. Þannig hefur matargerð og notkun potta, panna og sleifa frekar komið við sögu í dagsverkum kvenna. Hjá karlmönnum hafa smíðaverkfæri verið þeim kunnuglegri. Fátækir einstaklingar hafa búið með færri hluti á meðan efnað fólk átti meira og jafnvel af betri efnum. Allir þeir smáu hlutir sem voru fólki hagnýtir í leik og starfi og gátu skorið úr um framfærslu og framleiðslu einstaklinga og búa. Þessi veruleiki kemur glöggt fram í dánarbúsuppskriftunum. Í því tilliti mætti benda á verkfæri til landbúnaðarstarfa, fatnað og rúmfatnað til skjóls og búsgögn til framleiðslu og matargerðar.

Í safnkosti tímabilsins voru öðruvísi munir sem vitna til um hversdagslíf fyrri tíma. Lítið er af verkfærum og rúmfatnaður samanstóð aðallega af ábreiðum.⁹²⁰ Algeng búsgögn sem teljast mættu til hversdagslegra gripa voru fólgin í borðbúnaði eins og aski, spæni og skeið. Þó er listrænt útlit afar áberandi í þessum munum og eru askarnir og spæninir margir hverjir útskornir eða skreyttir og skeiðarnar flestar úr silfri. Á Þjóðminjasafninu í gegnum *Sarp* er því fremur fegruð útgáfa af daglegu lífi Íslendinga varðveitt og þar eru þeir munir varðveittir sem oft voru aðeins á færi efnaðra hópa að búa yfir. Gildi hversdagslegra hluta var meira fyrir einstaklinga sem lifðu og hrærðust í öllum daglegra starfa á þessum tíma. Það er því ekki að undra að þá sé að finna í dánarbúsuppskriftunum – heimild sem gerð var í samtíma þeirra. Gripirnir höfðu hagnýtt gildi sem var nauðsynlegt fyrir fólk í daglegri framgöngu. Safnkosturinn sem finna má skráðan í *Sarp* og sem var upprunalega safnað í þjóðernislegum tilgangi gegndi ekki svo afdrifaríku hlutverki í lífi fólks. Hann tilheyrði aftur á móti frekar mótun þjóðar. Innan þeirrar umræðu var hversdagsleikinn í algleymingi sem síðar vakti athygli almennings, safna og fræðimanna þegar nær dró 21. öldinni.

⁹¹⁹ Lemonnier, *Mundane Objects*, 13. Sjá einnig: Attfield, *Wild Things*; Hamling og Richardson, ritstj., *Everyday Objects*.

⁹²⁰ Í dánarbúsuppskriftunum var rúmfatnaður fjölbreyttari. Hlutir eins og sæng, ábreiða, rúmfeldur, gæruskinn, koddur, lök, sængurver og margt annað sem farið hefur verið yfir í umfjöllun um rúmfatnað bænda, ekkna og vinnuhjúa.

Einstaklingarnir í gripunum koma sterkt fram í skráningu muna í *Sarp* og dánarbúsuppskriftunum og endurspeglar samband manna og hluta.⁹²¹ Sannarlega kemur þetta fram á mismunandi hátt enda ólíkar heimildir og þar munar mestu á hvernig munirnir hafa safnast saman – á safn eða í eigu einstaklinga. Þjóðminjasafnið varðveitir gripi og samhengi þeirra í gegnum skráningu þeirra til þess að miðla þeim til annarra. Í dánarbúsuppskriftunum má fremur sjá hvernig hlutir hafa komið saman á ólíka lund eftir eigendum sínum á praktískan hátt, allt eftir stöðu, kyni, búsetu, fjölskyldustærð og tíma viðkomandi. Ennfremur skiptir sviðsetning muna miklu máli fyrir Þjóðminjasafnið sem leitast við að segja sögu samfélags og hefur þar af leiðandi mótandi áhrif á söguskoðun almennings. Fyrir einstakling sem lifði á 19. öld höfðu eigurnar hagnýtt gildi sem kom að góðum notum í daglegum störfum. Eigurnar hafa þó einnig haft áhrif á sjálfsmynd fólksins og gátu á þann veg verið sviðsetning á þeim gildum sem hann/hún vildi endurspegla. Í því tilliti má nefna hvernig betri fatnaður var til marks um góða stöðu eða vilja til að bæta hana. Á sama hátt gátu bækur endurspeglad fyrirmyndir eða siðferðisleg gildi heimilis og hjúa. Sérhæfing og áhugi hefur einnig verið nefnt til sögunnar eins og sást í verkfæraeign fólksins.

Eyðurnar í heimildasöfnunum eru einnig forvitnilegar og draga fram einstaklinga á mismunandi hátt. Þannig geta þær gefið vísbendingar um stöðu eða aldur viðkomandi í dánarbúsuppskriftunum. Á safninu liggur hún í því sem aldrei rataði á safnið og sýnir hvernig samtímafólk og starfsmenn hafa litið á þá muni. Hversdagslega gripi eins og rúmfatnað, verkfæri og karlmannsfatnað má nefna sem dæmi um slíkt. Eyður í eigu fólksins í dánarbúsuppskriftunum voru merki um bága stöðu viðkomandi og gat þar verið um að ræða heilu gripaflokkana. Lítil bókaeign í dánarbúi gat bent til aldurs fólks en því eldri sem þau voru því minni líkur var á að finna bækur eða skriffæri meðal eigna. Fá eða engin handavinnutól í fórum bænda endurspeglu ekki aðeins eigendann heldur einnig vinnulag embættismanna – hvernig hið opinbera leit á almenning og meðhöndlaði í störfum sínum.

Í safnkosti tímabilsins fer ekki á milli mála að það er einn einstaklingur sem rækilega hefur sett sitt mark á safnkostinn innan Þjóðminjasafnsins, Matthías Þórðarson. Fagurfræðileg áhersla hans á listmuni, handverk og veglega gripi hefur dregið fram kost sem þröngur hópur samfélagsins hafði aðgengi að á 19. öld. Einstaklingar af betri efnum eins og amtmenn, kaupmenn, prestar, prófessorar og sýslumenn voru áberandi í skráningunni, hvort heldur sem eigendur, gefendur,

⁹²¹ Sjá meðal annars: Appadurai, ritstj., *The Social Life of Things*; Gerritsen og Riello, ritstj., *Writing Material Culture History*; Miller, ritstj., *Materiality*; Miller og Tilley, „Editorial,“ 5–14; Olsen, *In Defense of Things*; Schouwenburg, „Back to the Future?,“ 59–72.

notendur eða sem önnur tenging við grip. Þetta gefur til kynna að yfirstéttinni sé hampað á kostnað alþýðunnar.

Af þessum heimildasöfnum má því sjá að þau eru afar ólík en bæði „fullkomlega ófullkomin“. Dánarbúsuppskriftirnar eru fullkomnar sem upptalning á munum án nánari lýsingar og án nokkurrar virðingar á gerð og eðli hlutanna sem þar eru taldir upp. Safnkostur tímabilsins í Þjóðminjasafni býr yfir kostum sem snúa að eiginleikum gripanna og samhengi þeirra sem nýtist á fjölbreyttan hátt. En báðar heimildirnar eru líka ófullkomnar á þann hátt sem þær eru takmarkaðar eins og rætt hefur verið um með tilliti til annmarka við notkun þeirra og síðar í samanburði þeirra.

Rétt er að halda því til haga að um 33.000 dánarbúsuppskriftir eru varðveittar á Þjóðskjalasafni. Rannsóknin náði til 104 þeirra sem valdir voru til þess að gefa ákveðið sýnishorn af efnisheimi 19. aldar. Í eigu þeirra bænda, ekkna og vinnuhjúa sem fram komu voru 15.287 hlutir sem þau skildu eftir sig við andlát sitt. Í *Sarpi* koma fram 2864 munir svo ljóst er að þarna er aðeins brotabrot efnisheimsins sem hefur varðveist og birtist okkur í gegnum skráningu Þjóðminjasafnsins.⁹²² Nauðsynlegt að gera sér grein fyrir veikleikum og styrkleikum þeirra beggja til að skilja fortíðina betur sem og sýn samtímans á henni. Það er því ekki að undra að þegar eðli gripanna var skoðað betur í báðum söfnum kom ýmislegt í ljós sem gefur dýpri skilning á mismunandi eiginleikum þessara heimilda. Það er því ekki nóg að skoða aðeins magn muna og hlutfall þeirra í heimildunum heldur þarf einnig að rýna í hvers konar efnismenningu er þar að finna. En það hefur einmitt verið umfjöllunarefni þessarar doktorsritgerðar – síbreytilegt samband manna og hluta.

⁹²² Því skal haldið til haga að safnkosturinn frá 19. öld er stærri en 2864 safngripir, í hið minnsta tvöfalt meiri sbr. umfjöllun um kosti og galla leitarvéla *Sarps* á bæði innri og ytri vef. Það verður þó að viðurkennast að samt sem áður er það einnig afar lítill hluti af efnisheim þessa tíma.

V. Niðurstöður – Fortíðin í heimildunum

Á 19. öld og fram til þeirrar 21. urðu þau heimildasöfn til, sem hér hafa verið notuð til að fjalla um efnismenningu og myndun menningararfs. Áhersla var lögð á að draga fram eiginleika safnanna tveggja og varpa ljósi á síbreytilegt samband manna og hluta í fortíð og nútíð – frá eigum fólks til safngripa. Aðalmarkmið doktorsrannsóknarinnar var að nota efnismenningu til „frásagnar“ um liðna tíð með því að færa þunga greiningarinnar yfir á eiginleika heimildanna og þá hluti sem þær innihalda. Meginhugsunin var að bera þær saman og varpa þannig fram ólíkri sýn á fortíðina með notkun dánarbúsuppskrifta og safnkosts Þjóðminjasafns Íslands frá þeim tíma sem rannsóknin nær til. Óhætt er að segja að þar fari tvö mismunandi heimildasöfn, sem veita sitthvort sjónarhornið á 19. öldina enda hlutverk þeirra frábrugðið hvort öðru. Það er því mikilvægt þegar unnið er með heimildir að átta sig á eðli, styrkleikum og veikleikum, hagsmunum þeim tengdum og tilurð þeirra til þess að geta metið þau tækifæri sem þau veita til greiningar á liðinni tíð. Það hefur einmitt verið eitt helsta ætlunarverk ritgerðarinnar að draga skýrt fram stöðu þessarar heimildasafna og ólíka notkunarmöguleika þeirra.

Hafa verður í huga að eitt af þeim markmiðum sem lagt var upp með í þessari doktorsrannsókn var einmitt að vinna með vannýtt heimildasöfn í sagnfræði með það í huga að fá fram ákveðna og „lifandi“ mynd af íslensku samfélagi á 19. öld í gegnum efnismenningu. Óhætt er að segja að hvar sem borið hefur verið niður hafi blasað við margvísleg efni sem endurspegluðu fjölbreyttan veruleika fólks á 19. öld en einnig sýn samtímans á fortíðina. Áhrif efnismenningar á söguritun/söguskoðun á sannarlega rætur sínar að rekja til stofnun Forngripasafnsins á 19. öld, sem nefnist Þjóðminjasafn Íslands í dag. Safnið er vettvangur áhrifamikillar miðlunar um liðna tíð, ef til vill sá allra öflugasti í samtímanum. Það var því mikilvægt að kanna þann grundvöll sem safnið er byggt á og um leið að fá tækifæri til að bera hann saman við vannýtt heimildasöfn – dánarbúsuppskriftirnar – sem veitir nýja sýn á efnisheim fólks á 19. öld.

Dánarbúsuppskriftirnar sem segja má að hafi verið grundvöllur rannsóknarinnar og mótuðu mjög aðferðafræði hennar, birta margþætta reynslu 104 einstaklinga sem uppi voru á 19. öld. Samfélagið snerist um landbúnaðarstörf þar sem bændur nutu betri stöðu í lífinu en ekkjur og vinnuhjú en þetta voru þeir þrír hópar sem teknir voru sérstaklega fyrir. Sú ályktun kemur heim og

saman við umfjöllun annarra sagnfræðinga um tímabilið.⁹²³ Það sem er óvænt í þessari rannsókn er hvað hlutveruleikinn veitti sláandi vitnisburð um daglegt líf einstaklinganna og þær fjölbreyttu aðstæður sem birtust í eignum þeirra. Daglegt amstur, staða, aldur, áhugi og tilraunir fólksins til að skapa sér betri afkomu eða horfur í lífinu má allt greina í þeim gripum sem tilheyrðu dánarbúunum. Raunveruleiki hverdagslífsins var harður og oft óvæginn og það mátti lítið út af bregða svo að illa færi. Náttúruöflin réðu þar miklu enda landbúnaður háður þeim hvað uppskeru og afkomu varðar. Einnig má sjá að taktur samfélagsins var hægur þar sem öll vinna var unnin í hendi: jarðyrkja, fatagerð, smíði búsgagna eða húsa svo eitthvað sé nefnt. Hestar eða tveir jafnfljótir voru nýttir til samgangna, vinnustundir langar á búinu og takmarkaðar leiðir einstaklinga til metorða. Þann veruleika er nauðsynlegt að skilja til að greina betur virkni og þróun þjóðfélagsins. Efnisheimurinn undirstrikar ekki einungis þessa stöðu þjóðfélagsins heldur gefur hann dýpri skilning á aðstæðum fólks en flestar aðrar heimildir bjóða upp á. Fábrotin efni alþýðumanna er oft nístandi og dregur fram hvernig fólk vann í kringum takmörkuð veraldleg gæði að framgangi síns lífs. Efnisheimurinn er þó ekki frábreyttur heldur eru hlutirnir fyrst og fremst þeir munir sem nýta þurfti til að draga fram lífið frá degi til dags.

Hafa verður í huga takmörkun dánarbúsuppskriftanna hvað varðar efnismenningu en þær sýna ekki gripina nema í ákveðnu ljósi – í formi texta. Það sem meira er að þeim er ekki ávallt lýst nákvæmlega, svo erfitt er að gera sér grein fyrir útliti og eiginleikum hlutanna: askar, spænis, keröld, kistur, pils, buxur eða hnakkar eru öll kunnugleg hugtök yfir gripi en ná ekki yfir nákvæmt útlit eða notkun þeirra. Hér er ekki hægt að sjá til dæmis mælingar, lýsingar af rispum, broti eða áletrun, notandasögu eða uppruna þeirra. Þessi efnisheimur er sem sagt aðeins orð á blaði. Kostur heimildarinnar er þó yfirsýnin yfir heildar eign fólksins – vinnuhjúa, bænda og ekkna. Við fáum sterka sýn á efnisheim þeirra sem voru í dánarbúsuppskriftunum, sem veitir vissulega möguleika á að greina daglega tilveru fólks með öðrum hætti en aðrar heimildir bjóða upp á. Þar liggur hundurinn grafinn. Í gegnum gripina fæst fyllri skilningur á hvað dreif á daga þessa fólks, hvaða tækifæri í lífinu beið þeirra og hversu erfið staða margra einstaklinga var sem lifðu og hrærðust á 19. öld.

⁹²³ Sjá meðal annars: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*; Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Transition into Widowhood,” 435–458; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,” 27–57; Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, ritstj., *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990*; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*; Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, ritstj., *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*; Sólveig Ólafsdóttir, *Vald og vanmáttur*; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálftætt fólk?*

Í safnkosti tímabilsins á Þjóðminjasafni Íslands kemur fram allt önnur mynd, birtingarmynd sem frekar má kenna við fegraða sýn á efnisheim 19. aldar. Sá heimur átti á mjög takmarkaðan hátt við veruleika íslenskrar alþýðu. Þar má frekar finna hluti sem tilheyrðu efnaðri einstaklingum, sem nutu þeirra gæða að hafa í kringum sig list- og skrautmuni. Upprunalegt hlutverk Þjóðminjasafnsins var að móta og upphefja sjálfsmynd þjóðar og því voru þessar söfnunaráherslur skiljanlegar.⁹²⁴ Sú söfnun leiddi af sér meirihluta þeirra gripa sem tilheyrðu 19. öldinni og varðveittir eru á safninu.

Söfnunin tók vissulega breytingum eftir því sem leið á 20. öldina, en gangur tímans eyddi smám saman munum frá tímabilinu þannig að erfitt var að draga í hús hverdagsgripi frá 19. öld þegar slíkar áherslur komust á dagskrá í fræðum og almennri umræðu. Með öðrum orðum: þegar áhugi almennings og safnsins færðist að öðrum kimum samfélagsins var orðið of seint og erfiðara að afla þeirrar „arfleifðar“ – hún hafði lent í glatkistu tímans.⁹²⁵ Við blasir sú staðreynd að þegar Þjóðminjasafnið leitast við að miðla sögu 19. aldar þá nær hún aðeins yfir þröngan hóp samfélagsins, sem á takmarkaðan hátt endurspeglar meirihluta þjóðarinnar. Í þessari doktorsritgerð hefur þessi sýn á safnkostinn verið dregin fram sem verður að teljast mikilvæg fyrir framtíðarnálgun Þjóðminjasafnsins við miðlun liðinnar tíðar.

Styrkleikar safnkosts Þjóðminjasafnsins liggja í því að það býr yfir *raunverulegum* gripum úr fortíðinni sem dánarbúsuppskriftirnar gera ekki. Skoðun og rannsóknir á efni, tækni og gerð, hlutverki eða tilgangi og samhengi þeirra gefa upplýsingar um virkni hlutanna. Með þessu er hægt að varðveita og miðla þekkingunni sem liggur að baki þeim. Handverkshefðir eins og silfursmíði, vefnaðargerðir og útskurðarlist (í tré, járn og horn) væru glataðar ef slíkir munir hefðu ekki varðveist – og verið rannsakaðir. Nótnablöð, langspil, flautur, teikningar, skáktöfl og spil sem voru meðal skráðra muna fylla upp í þær eyður sem dánarbúsuppskriftirnar skilja eftir sig. En hvað þýðir þetta allt saman fyrir þá fræðilegu umfjöllun, sem hér hefur verið nýtt til greiningar á samfélagi 19. aldar?

Í fyrsta lagi mætti benda á að í þessari doktorsritgerð hefur verið dregið fram mikilvægi þess að efnismenning fái meiri sess í sagnfræðirannsóknum. Hún er samt sem áður ekki ný af nálinni og á sér langar rætur að rekja. Á 19. öld nýtti til dæmis Sigurður málari Guðmundsson hluti til að miðla fortíðinni með stofnun Forngripasafnsins og hönnun skautbúningsins. Á sama hátt hefur

⁹²⁴ Sjá meðal annars: Aronsson og Elgenius, *National Museums and Nation-building in Europe 1750–2010*; Óútg. Anna Lísá Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“; Guðmundur Hálfðanarsson, „Hver er ég?“, 29-64; Katla Kjartansdóttir, „Þjóðminjasöfn og mótun þjóðernismyndar“, 168–174; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins“, 435-458.

⁹²⁵ Rétt er að taka fram að virkni *Sarps* hafði áhrif á hvaða safnkostur kom fram í leit þar innan. Það er því ekki útilokað að Þjóðminjasafnið búi yfir „alþýðlegri“ aðföngum sem endurspeglar reynslu almennings betur.

Þjóðminjasafnið með safnkosti sínum haft áhrif á söguritun og skoðun hér á landi í valdi stöðu sinnar sem opinber stofnun.⁹²⁶ En þrátt fyrir allt þá er þessi efnismenningarnálgun takmörkuð vegna þeirra gripa sem safnast hafa. Möguleikar sagnfræðirannsókna framtíðarinnar felast í víðari nálgun á efnisheiminn. Sú efnismenning sem endurspeglast í dánarbúsuppskriftunum breyta þar áherslum. Þar er annað sjónarhorn að finna, sem sýnir breiðari hópa þjóðfélagsins að verki – allt frá ómögum til stórefnaðra embættismanna. Með notkun efnismenningar í rannsóknum á afmarkaða hópa eða í stóru samhengi má dýpka skilning og auðga sagnfræðilega umfjöllun á fjölbreyttan hátt.

Í öðru lagi má nefna hvernig þessi rannsókn dróg fram eiginleika heimildasafnanna og annmarka þeirra, hvernig unnið var með hugmyndina um safnið (e. *archive*) í sögulegu ljósi. Í þessu sambandi er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim takmörkunum, sem eru á til dæmis safnkosti tímabilsins í Þjóðminjasafninu og fjalla opinskátt um þær. Þar verður að gera grein fyrir veikleikum og vinna þannig með það sem er til í safninu án þess að fela götin í þeirri þekkingu sem safnið býr yfir.⁹²⁷ Sá háttur gæti leitt til fjölbreyttari miðlunarleiða þar sem óhikað væri fjallað um það sem er ekki til og varast alhæfingar um fortíðina út frá þeim brotum sem hafa varðveist. Þannig væri hægt að ímynda sér að með til dæmis samanburðarrannsóknum við önnur söfn eða heimildir lægju tækifæri til að skerpa þá mynd, sem Þjóðminjasafn Íslands mun væntanlega miðla komandi kynslóðum. Hér hefur verið lögð áhersla á að draga fram götin í þekkingafræðilegri stöðu safnana tveggja, að hika ekki við að benda á þá möguleika sem þau geta veitt fræðaheiminum við greiningu og umfjöllun um fortíðina.

Sá samanburður sem hér var gerður í doktorsrannsókninni gaf þetta glöggt til kynna. Dánarbúsuppskriftirnar bjóða upp á margvíslegar nálganir í sambandi við fólk sem voru fátæktasti hluti landsmanna – eitthvað sem Þjóðminjasafninu skortir. Auðvitað hefur mikið verið fjallað um þennan hóp í sagnfræði enda myndaði hann kjarnann í íslenskri þjóð en tækifærið til að skoða veraldlegar eigur þeirra opnar nýja sýn á hversdagslíf.⁹²⁸ Að setja einstaklinga og hluti í brennidepil

⁹²⁶ Sjá meðal annars: Aronsson og Elgenius, *National Museums and Nation-building in Europe 1750–2010; Óútg.* Anna Lína Rúnarsdóttir, „Hver er heiður þjóðarinnar?“, Guðmundur Hálfðanarsson, „Hver er ég?“, 29-64; Katla Kjartansdóttir, „Þjóðminjasöfn og mótun þjóðernismyndar“, 168–174; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins“, 435-458.

⁹²⁷ Sá háttur á einnig við um nálgun á dánarbúsuppskriftir eða önnur heimildasöfn.

⁹²⁸ Sjá meðal annars: Anna Heiða Baldursdóttir, Atli Þór Kristinsson, Daníel G. Daníelsson o.fl., *Þættir af sérkennilegu fólki*; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*; Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon. *Fátækt og fúlga. Þurfalíngarnir 1902*; Sólveig Ólafsdóttir, *Vald og vanmáttur*; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*.

með því að sýna sambandið þeirra á milli, staldra við og átta sig á hvaða þýðingu það hefur, gefur nýja möguleika til greiningar á íslensku 19. aldar samfélagi. Hvað aðhafðist fólk í daglegu lífi og hvernig vann það úr kostum sínum? Allt eru þetta nálganir sem færa fram nýjan skilning á hinu liðna og bæta við þá vitneskju sem er nú þegar er til staðar. Þar skipta götin í kunnáttu okkar ekki síður miklu máli en hinn þekkti þekkingarrámmi.

Í þriðja lagi þá krafðist nálgunin á dánarbúsuppskriftirnar og safnkost Þjóðminjasafn Íslands þess að önnur svið hug- og félagsvísinda væru undir. Rannsóknin leitaði fanga víða eins og í fornleifafræði, safnafræði og menningarfræði, allt fræðigreinar sem hafa langa reynslu á að nota efnismenningu og söfn til greiningar. Athygli rannsóknarinnar hverfðist ef til vill mest um einsöguna eða öllu heldur einvæðingu sögunnar ásamt efnismenningu, stöðu menningararfs, safna og efnisheimsins. Þessi þverfaglega nálgun styrkti efnistöð verksins og útkoman var margbrotið viðfangsefni, sem tengdist efnimenningu 19. aldar. Þessi aðferðafræðilega nálgun var ekki auðveld þar sem hver maður á fullt í fangi með að tileinka sér sitt eigið fræðasvið hvað þá að grípa til aðferða ýmissa annara greina. Í þessu verki var það hins vegar óhjákvæmilegt og auðgaði fræðilega nálgun verksins.

Í fjórða lagi var leitað í smiðju einsögunnar og gerð tilraun með nýja nálgun á einvæðingu sögunnar. Í þeirri hugmyndafræði er áhersla á að gera veruleika ákveðinna einstaklinga eða atburða hátt undir höfði án tengingar við stærri heildir (e. *contextualization*). Hvatt var til að einblína nær eingöngu á sjálft viðfangsefnið án þess að fylgja því eftir í stærra samhengi eins og títt er að gera í sagnfræðirannsóknunum. Rannsóknarmódel einvæðingar sögunnar var nýtt hér í þessari doktorsritgerð en þó þannig að einstaklingarnir, sem komu til skoðunar voru bornir saman með það í huga að öðlast ákveðna heildarsýn yfir hópana sem um var fjallað. Með þessu móti náðist að taka einvæðingu sögunnar inn á nýtt svið, sem getur skipt sköpum fyrir samskonar rannsóknir í framtíðinni. Í stað þess að einblína á afmörkuð og einangruð viðfangsefni var hverri einingu í þessari rannsókn (þær voru 104) stillt upp til samanburðar en þó þannig að gengið var eins langt og hægt var í greiningu á hverri og einni þeirra um leið og samanburðurinn var gerður. Með þessari leið fékkst gleggri sýn á veraldlegar eigur þessara hópa sem komu til álita í rannsókninni.

Segja má að einsögunálgunin hafi einnig verið beitt á söfnin sjálf, það er þegar rætt var um eðli þeirra og stöðu. Sá þáttur rannsóknarinnar er stór og því brýnt að benda á að einsagan og einvæðing sögunnar komu að mikilvægum aðferðafræðilegum notum í öllu verkinu. Þar má einna helst nefna þá nálgun hennar að gera sér mat úr götum í þekkingu okkar og eyðum í sögu og heimildum.

Í fimmta lagi má halda því fram að aðferðafræði verksins byggði á ákveðinni viðleitni til að vinna skipulega úr stórum gagnagrunni yfir dánarbúsuppskriftir, eða um 33.000 manns. Hér voru rúmlega 100 einstaklingar skoðaðir og um leið sýnt fram á leið til að nálgast efnisheim valins hóp fólks. Rannsóknaraðferðin sem farin var til að mynda rannsóknarmengið er á margan hátt flókin, þar sem smátt og smátt var þeim möguleikum sem komu til greina fækkað þar til að 37 vinnuhjú, 34 bændur og 33 ekkjur stóðu eftir. Fyrst voru stærri heildir eins og stöðuhópar valdir til afmörkunar en einstaklingarnir innan þeirra skiptu enn þúsundum. Eftir það var aldur notaður til að ná fram ákveðnum tímabilum í lífsferli fólks á þessum tíma. Að lokum voru meðaltal verðmæta eigna dánarbúanna nýtt og gætt að dreifingu í tíma og landfræðilega. Með þessu móti varð til sá 104 manna hópur, sem unnið var með í rannsókninni.

Ekki fer á milli mála að aðferðafræðina mætti útfæra á annan hátt og taka til dæmis fyrir í rannsóknum á efnismenningu og efnisheim vissar gerðir gripa, ákveðinna landssvæða eða aldurshópa, verktækni og svo mætti lengi áfram telja. Leiðin sem farin var í þessari doktorsritgerð er í þeim skilningi fær til að gefa rannsakendum skýra sýn á efnismenningu valinna viðfangsefna – kunnuglegra eða nýrra og óþekktra. Aðferð þessi er þó ekki án anmarka og krefst þekkingar sem tilheyrir ekki sagnfræði og er fremur á borði fornleifafræði eða safnafræði.

Í sjötta lagi má fullyrða að ofangreind nálgun – rannsóknarmódelið sem unnið var með í rannsókninni – gefi færi á þverfaglegu samtali sem til dæmis nýja efnishyggjan hefur kallað eftir og veitir óvænt sjónarhorn á viðfangsefnið.⁹²⁹ Umfjöllunarefni rannsóknarinnar snerti því ekki aðeins á hinu liðna heldur þýðingu þess í samtímanum í gegnum varðveislu og menningararf. Þannig hefur í ritgerðinni verið stuðst við rökræðuhefðir innan sagnfræði, safnafræði, menningafræði, fornleifafræði og jafnvel þjóð- og þjóðháttufræði – allt fræðigreinar sem búa yfir mikilvægri þekkingu á rannsóknarsviðinu sem hér hefur verið í deiglu. Hér hefur skipt miklu máli að doktorsrannsóknin var unnin í samhengi öndvegisverkefnisins – *Heimsins hnoss* – þar sem ég fékk tækifæri til að móta hugmyndir mínar í samræðu við fræðimenn úr þessum greinum, bæði innlenda og erlenda fræðimenn.

Í sjöunda lagi er hægt að halda því fram að með því að nota svipaða greiningartækni og beitt var á dánarbúsuppskriftirnar til að nálgast safnkost þjóðminjasafnsins varð til svigrúm til að velta fyrir sér stöðu og tilurð hins svonefnda menningararfs. Við túlkun gagnanna tel ég að rannsóknin hafi á vissan hátt grafið undan þessu hugtaki eins og því hefur verið flaggað á Íslandi í almennri

⁹²⁹ Sjá umfjöllun um hana í meðal annars: Schouwenburg, „Back to the Future“; Dolphijn og Van der Tuin, *New Materialism*.

umræðu. Þessi rannsókn skipar sér því í flokk með þeim fræðimönnum sem hafa gagnrýnt notkun hugtaksins í almennri og faglegri umræðu.⁹³⁰ Ég tel því brýnt að endurskoða notkun á hugtakinu og veita um leið svigrúm til að hefja skipulega og gagnrýna umfjöllun um notkun þess og beitingu við faglega greiningu.

Af umfjöllun um safnkost tímabilsins mátti sjá að varðveisla er ein af mikilvægustu forsendum fyrir myndun og mótun menningararfs.⁹³¹ Sjá má að varðveisla safnkosts tímabilsins er takmörkunum háð, eiginlega nokkuð tilviljunarkennd bæði með tilliti til söfnunarinnar sjálfrar og skráningu gripanna. Þetta má rekja til þeirra mörgu þátta sem hafa þar áhrif, eins og framboð muna, söfnunaráherslur frá einum tíma til annars og áhugi innan sem utan Þjóðminjasafnsins. Í því tilliti má nefna endingu og notkun hluta en margir hafa glatast í tímann rás. Áhugi og þekking almennings, safnafólks, fræðimanna og opinberra aðila spilar einnig inn í hvað hefur skilað sér úr fortíðinni. Breytilegar söfnunaráherslur eru dæmi um þau áhrif.⁹³²

